Hæstaréttardómar 1984 - 2. bindi

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Skrifað inn á bls. 1348 á prenteintaki.
Meiriháttar gallar á bls. 715, 755, 769, 958, 1030, og 1105 á prenteintaki.
Minnihattar gallar á bls. 761, 766, 1037, 1438 á prenteintaki.
Á milli bls. 970 og 971 er einnar bls. uppdráttur ekki í blaðsíðuröðinni.
Á milli bls. 992 og 993 er einnar bls. uppdráttur ekki í blaðsíðuröðinni.
Á milli bls. 1296 og 1297 er einnar bls. uppdráttur ekki í blaðsíðuröðinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1984

Efnisskrá til bráðabirgða

2. hefti

Bls.

Aðflutningsgjöld 1406, 1422
Aðild 1215
Afréttir 886
Afsal 760
Alm. hegningarlög, brot gegn 125. gr. 855
Alm. hegningarlög, sýknað af broti gegn 209. gr. 1303
Alþjóðlegur einkamálaréttur 1444
Atvinnuleyfi 943, 1126
Áfengislög 1303
Áfengissala 1167
Áfrýjun 955, 1047, 1085, 1117, 1452
Ákæra 669, 681
Ávana- og fíkniefni 669, 1107, 1268
Bann við hundahaldi 821, 824, 828, 832
Bifreiðaárekstur 917
Bifreiðar:
a) einkamál 808, 917, 1047
b) opinber mál 641, 681, 753, 1207, 1249, 1259, 1356, 1359, ... 1363, 1366, 1385
Brot á reglum um veiði göngusilungs 1136, 1142, 1148
Brot gegn lögum um prentrétt 855
Dómkröfur 1063, 1173
Dýralæknar 1326
Eftirlaun aldraðra 875
Eignardómsmál 1391
Eignarupptaka 855, 1107
Erfðafjárskattur 712
Erfðamál 1311
Fasteign 845
Fasteignagjöld 1273
Fasteignakaup 760, 1197
Fasteignaviðskipti 1030
Félag 1373
Félagsdómur 648, 1281
Fiskveiðibrot 716, 723
Fjárnám 765, 1085, 1215, 1441, 1454, 1458

Bls.
Fjársvik 1341
Fjölbýlishús 1215
Forgangskrafa 657, 663
Forsendur 1096
Framkrafa 1373
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 871, 1063, 1068, 1069, 1117, 1173, 1215, 1323
b) frá Hæstarétti 955, 1019, 1085, 1212, 1272
Fuglafriðunarlög 1341
Gallar 1197
Gjafsóknarlaun 906
Gjalddagi 783
Gjaldþrotaskipti 657, 663, 735
Greiðsla vaxta af áhvílandi skuld 1197
Greiðsluskylda 875
Gæsluvarðhald 669
Hafning máls 1266, 1267
Handtaka 775, 1017
Hefð 1391
Heimvísun 834, 1082, 1452
Hilming 1041
Hjón 838, 1085
Hundahald 821, 824, 828, 832
Innflutningur skipa 1096
Ítrekun 1249, 1259, 1356, 1366
Jarðalög 906
Kaupgjaldsmál 1057, 1241
Kaupkrafa 657, 663
Kaupréttur 906
Klám 855
Kærumál:
1) Áfrýjun 1117
2) Áskorunarmál 1068
3) Dómkröfur 1063, 1173
4) Farbann 781
5) Ferðabann fellt úr gildi 1081
6) Félagsdómur 648, 1281
7) Frávísun:
a) frá héraðsdómi 871, 1063, 1068, 1069, 1117, 1173, 1323
b) frá Hæstarétti 1019, 1212, 1272
c) kröfu um frávísun máls hafnað 648, 1281
8) Fyrirsvar í dómsmáli 1301
9) Gæsluvarðhald 678, 802, 915, 1006, 1008, 1010, 1012, 1015,
..... 1020, 1023, 1027, 1028, 1179, 1255, 1257, 1319, 1321

Bls.
10) Hafnað kröfu um áminningu á hendur fógeta 1212
11) Handtaka 1017
12) Húsleit 654, 1017, 1019
13) Kvaðning skiptaráðanda á matsmönnum 712
14) Kröfu um að dómari víki sæti hrundið 1263
15) Kæruheimild 1272
16) Lögbann 1212
17) Málshöfðunarfrestur 1117
18) Málskostnaður 1117
19) Opinber skipti 1069, 1311
20) Stefna 1173
21) Stefnuhættir 871
22) Vitni 1301
Landamerkjamál 955, 983, 1290
Laun í slysaforföllum 1057
Lax- og silungsveiði 1136, 1142, 1148
Leigubifreiðar 943, 1126
Lifeyrissjóðir 875
Líkamsárás 1222, 1227
Líkamsmeiðingar 753, 1154
Líkamstjón 917
Lögbann 1212
Löghald 735
Lögreglusamþykkt 1303
Lögskilnaður 1085
Lögskráning 1462
Lögtak 1043, 1273
Manndráp 688
Manndráp af gáleysi 753
Málshöfðunarfrestur 1117
Málskostnaður 1117, 1266, 1267
Meðdómsmenn 742
Nauðgun 1181
Nauðungaruppboð 709
Nytjastuldur 1359
Opinber skipti 1311
Ógilding stjórnarathafnar 1444
Ólöglegur innflutningur áfengis og sala 1167
Ómaksbætur 774, 1196
Ómerking 712, 834, 1082, 1215, 1441, 1452
Prentréttur 855
Reglur um veiði göngusilungs 1136, 1142, 1148
Réttaráhrif gjaldþrotaskipta 735
Réttarfarsvítur 669, 1181, 1341

Bls.
Samningar 1096, 1373
Samþykki maka 1454, 1458
Sératkvæði 657, 663, 678, 709, 712, 716, 723, 742, 767, 783, 808, 834, 838, 906, 955, 1047, 1085, 1096, 1107, 1181, 1190, 1273, 1341, ... 1391, 1406, 1422, 1444
Sératkvæði í héraði 1281
Sjómannalög 1241, 1369
Sjóveðréttur 1241, 1462
Skaðabætur 775, 808, 917, 1047, 1096, 1154, 1197, 1227
Skilnaðarsamningur 1085
Skipti 1391
Skuldajöfnuður 760, 790, 1197
Skuldamál 742, 790
Slysaforföll 1057
Staðfesting laga 824, 828
Stefnubirting 1215
Stefnuhættir 871
Stjórnarskrá 875, 906
Stjórnsýsla 775, 943, 1136, 1142, 1148, 1326
Söluþóknun 1030
Tekjuskattur 1043
Tilraun 1341
Tryggingarbréf 709
Umboð 1030
Umboðslaun 790
Umferðarlög 641, 681, 753, 1207, 1249, 1259, 1356, 1359, 1363, 1366, 1385
Umferðarréttur 845, 886
Umsögn um leyfisumsókn 1326
Uppboðsheimild 709
Uppsagnarfrestur 1190
Upptaka 1341
Útgáfa afsals 760
Útivistardómur 774, 1039, 1040, 1196, 1197, 1341
Valdmörk stjórnvalda 775
Vanhæfi stjórnvalds 1126
Verksamningur 735, 838
Vinnusamningur 1190, 1369, 1462
Víxilmál 767, 783, 804
Þinglýsing 1432
Þjófnaður 1377, 1380
Ættleiðing 1444
Ölvun við akstur 641, 1207, 1249, 1259, 1356, 1363, 1366, 1385
Örorka 917

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXV. árgangur. 2. hefti. 1984

Föstudaginn 4. maí 1984.

Nr. 18/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Rósinkrans Kristjánssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 13. desember 1983. Er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 29.mars 1984.

Verjandi krefst aðallega sýknu, en til vara lægri viðurlaga en í héraðsdómi.

Í héraðsdómi greinir í reifun á framburði vitnisins Eiríks Hreins Helgasonar, að vitnið hafi mætt bifreið ákærða í Kömbum um kl. 1900 28. apríl 1982, en í framburðinum segir, að þetta hafi gerst „líklega upp úr sex."

Eigi verður tekið mark á afturköllun ákærða á framburði hans fyrir lögreglu, enda renna viðbrögð hans og eiginkonu hans á vettvangi og svo vætti Þráins Guðmundssonar og lögreglumannanna, sem tóku skýrslu af ákærða á árekstrarstað, mjög stoðum undir, að sá framburður sé réttur. Við sakarmat skiptir eigi máli, að ákærði var leigubifreiðarstjóri, svo sem vikið er að í héraðsdómi. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóm, þó svo, að vararefsing sektar verði 20 daga varðhald og frestur til greiðslu sektar verði fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 6.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vararefsing sektar verði 20 daga varðhald og greiðslufrestur 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Rósinkrans Kristjánsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns 6.500.00 krónur.

Dómur sakadóms Ólafsfjarðar 30. september 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. september sl. er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dags. 22. júní 1983, á hendur Rósinkrans Kristjánssyni, Bylgjubyggð 7, Ólafsfirði, fæddum í Reykjavík 31. janúar 1933, fyrir að aka miðvikudaginn 28. apríl 1982 undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-4952 úr Grímsnesi í Árnessýslu áleiðis til Reykjavíkur og aka á röngum vegarhelmingi á Suðurlandsvegi við Baldurshaga með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli bifreiðar ákærða og bifreiðarinnar X-3886, sem ekið var austur Suðurlandsveg.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 45. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu, en til vara, að honum verði aðeins gerð vægasta refsing, er lög heimila, og þá eingöngu fésekt og verði þá höfð hliðsjón af heimild í lögum um skilorðsbindingu eða frestun á ákvörðun refsingar. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Málavextir eru þeir, að miðvikudaginn 28. apríl 1982 kl. 18.41 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um árekstur bifreiðanna R-4952 og X-3886 á Suðurlandsvegi við Baldurshaga.

Þarna hafði orðið allharður árekstur með bifreiðunum R-4952, sem var ekið vestur Suðurlandsveg, og X-3886, sem var ekið austur sama veg. Ökumaður bifreiðarinnar R-4952 kvaðst hafa ekið vestur Suðurlandsveg á ca 50 km hraða á klst. Hann kvaðst ekki geta sagt til um það, hvað olli því,

að bifreið hans fór yfir á öfugan vegarhelming, en kvaðst telja, að hann hafi litið augnablik af veginum framundan, þar sem hann hafi verið að ræða við eiginkonu sína, sem var farþegi í bifreiðinni.

Þegar hann hafi svo litið aftur fram, sagðist hann hafa séð bifreiðina X-3886 koma á móti og hafi hann þá strax ætlað að reyna að sveigja bifreið sinni til suðurs út af veginum og koma þannig í veg fyrir árekstur, en það ekki heppnast.

Ökumaður bifreiðarinnar X-3886 kvaðst hafa ekið austur Suðurlandsveg á ca 50 - 60 km hraða á klst. Þegar hann hafi verið að koma að Baldurshaga, hafi hann veitt bifreiðinni R-4952 athygli, þar sem hún hafi komið á móti honum á öfugum vegarhelmingi. Þar sem honum hafi sýnst ökumaður bifreiðarinnar R-4952 reyna að sveigja bifreið sinni til suðurs, kvaðst hann hafa ákveðið að beygja undan til norðurs í von um að komast hjá árekstri, en það ekki tekist.

Sérstaklega aðspurður um það, hvort ákærði hafi ekið bifreiðinni R-4952, þegar áreksturinn varð, sagðist ökumaður X-3886 geta fullyrt, að svo var. Hann sagði, að strax eftir áreksturinn hafi hann farið út úr bifreið sinni og hafi þá ákærði verið kominn út úr bifreiðinni R-4952, og kvaðst hann þá muna það greinilega, að ökumannssæti bifreiðarinnar R-4952 hafi verið autt, en í hægra framsæti hennar hafi setið kvenmaður. Hann sagði einnig, að strax hafi ákærði farið þess á leit við hann að fá að gera tjónið upp sjálfur og að ekki yrði kölluð lögregla á staðinn.

Báðar bifreiðarnar voru óökufærar. Í lögregluskýrslu segir: „Þegar við ræddum við ökumann bifreiðarinnar R-4952, Rósinkrans Kristjánsson, fundum við talsverðan áfengisþef leggja frá vitum hans. Tekin var öndunarprufa og sýndi hún III. stig."

Var ákærði síðan færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu 113 og þar var fyrir Rúnar Guðmundsson aðalvarðstjóra, sem tók skýrslu varðstjóra. Hjá varðstjóra kvaðst ákærði hafa drukkið eitt glas af hvítvíni á veitingahúsinu Rán um kl. 12.00 þá fyrr um daginn, en ekkert eftir það. Hann kvaðst síðan hafa fengið sér far með öðrum aðilja austur í Grímsnes til að ná þangað í bifreið sína, R-4952, og eiginkonu. Frá Grímsnesi haf hann lagt af stað um kl. 18.00 og þá ekki fundið til neinna áfengisáhrifa og hafi ferðinni verið heitið heim til hans. Síðan var tekið blóðsýni úr ákærða, og reyndist alkóhólmagn í blóði hans vera 1.54‰. Samkvæmt skýrslu varðstjóra var útlit og önnur einkenni ákærða sem hér segir:

Áfengisþefur af andardrætti var talsverður. Andlit var rjótt. Fatnaður var snyrtilegur. Framkoma var kurteis. Augu voru vot. Jafnvægi var stöðugt. Málfar var skýrt og framburður greinargóður.

Vitnið Eiríkur Hreinn Helgason lögreglumaður, sem átti heima í íbúð fyrir neðan íbúð þá, sem ákærði bjó í að Engihjalla 19 í Kópavogi, gaf

sig fram og kvaðst hafa þurft að kalla á lögreglu þriðjudagskvöldið 27. apríl 1982 vegna hávaða frá íbúð ákærða, og kvað hann þá ákærða hafa verið greinilega undir áhrifum áfengis. Daginn eftir, seinni part dags um kl. 19.00, kvaðst vitnið hafa verið á leið austur í embættiserindum og mætt á Kambabrún bifreiðinni R-4952 og þekkti ökumann bifreiðarinnar sem ákærða í máli þessu.

Með bréfi, dagsettu 30. apríl 1982, óskar Jón Oddsson hrl. fyrir hönd ákærða eftir því, að skýrslum lögreglunnar í Reykjavík verði breytt og hafi ákærði tjáð sér, að eiginkona sín hafi ekið bifreiðinni R-4952 úr Grímsnesinu og til Reykjavíkur þann 28. apríl 1982 og lent í árekstri við Baldurshaga á Suðurlandsvegi við bifreiðina X-3886 um kl. 18.00 þann dag.

Er lögreglan kom á staðinn, hafi eiginkona ákærða verið undir stýri í bifreiðinni, en ákærði við bifreiðina. Hafi honum brugðið mjög við árekstur inn og verið auk þess mjög miður sín. Síðan segir í bréfi hæstaréttarlögmannsins:

„...hann telur að vegna þessa ástands síns muni hann sennilega við skýrslutöku hjá lögreglu skýrt svo frá, að hann hafi ekið umræddri bifreið." Síðan segir í bréfinu:

„Hinsvegar hringdi eiginkona umbjóðanda míns til varðstjóra og síðan til hr. Rúnars Guðmundssonar, varðstjóra og í þeim samtölum skýrt frá málavöxtum, er umbjóðandi minn var hjá lögreglunni við skýrslutöku. Lögreglan mun hins vegar ekki hafa séð ástæðu til að taka skýrslu af eiginkonu umbjóðanda míns."

Þann 15. júní 1982 gaf ákærði skýrslu hjá lögreglunni í Kópavogi og kvaðst þá ekki hafa ekið bifreiðinni R-4952 í greint sinn, heldur hafi kona hans ekið bifreiðinni. Hann kvaðst hafa sofið í framsæti bifreiðarinnar, er árekstur inn varð. Þá segir ákærði í skýrslunni: „Um þá skýrslu, sem ég gaf lögreglunni á vettvangi, vil ég segja að hún sé tómt bull. Ég „sjokkeraðist" á vettvangi og vissi ekkert hvað ég sagði eða gerði. Eftir áreksturinn geng ég út úr bifreiðinni, ekki man ég eftir að hafa átt orðaskipti við ökumann bifreiðarinnar X-3886 né konan mín, ég held að hún hafi ekki farið út úr bifreiðinni."

Ákærði kvað Hilmar Karlsson, sem ók honum í Grímsnesið, hafa verið með þeim í samfloti til baka og ætti hann að vita, hver var ökumaður í umrætt sinn.

Vitnið Hilmar Karlsson gaf skýrslu hjá lögreglu í Kópavogi 2. júlí 1982. Hann segist hafa farið á undan ákærða og konu hans úr sumarbústað í Grímsnesi, þá segist hann hafa veitt því athygli í baksýnisspegli bifreiðar sinnar, G-17312, að kona ákærða fór að hurð bifreiðar þeirrar bifreiðarstjóramegin og ákærði farþegamegin. Hann kveðst svo hafa veitt því athygli í baksýnisspegli, að árekstur hafði orðið á móts við Baldurshaga á

Suðurlandsvegi, og snéri við bifreið sinni til að forvitnast um það og sá þá, að um bifreið ákærða var að ræða. Kvað hann hafa liðið í mesta lagi tvær til þrjár mínútur frá því árekstur varð og þar til hann kom á staðinn og hafi þá eiginkona ákærða setið undir stýri, en ákærði á gangi fyrir utan að skoða tjónið. Hann segist hafa lagt sinni bifreið hinum megin vegarins og fylgst með úr henni. Hann var spurður að því, hver hefði ekið bifreiðinni R-4952 í umrætt sinn. Kvaðst hann ekki hafa hugmynd um það, en talið víst, að það væri eiginkona ákærða.

Þann 16. júlí 1982 kom eiginkona ákærða til lögreglunnar í Kópavogi til skýrslutöku. Þá kvaðst hún ekki vilja tjá sig neitt um málið strax, þar sem lögfræðingur ákærða væri í sumarleyfi. Hjá lögreglunni í Ólafsfirði gaf eiginkona ákærða svo skýrslu 13. desember 1982 og kvaðst þá hafa ekið bifreiðinni R-4952 úr Grímsnesinu til Reykjavíkur í umrætt sinn, þar til árekstur varð við Baldurshaga, en þá hafi eiginmaður sinn, ákærði í málinu, sofnað á öxl sér og hún hafi litið af veginum um stund, á meðan hún var að hagræða honum, en þá hafi bifreiðin leitað inn á öfugan vegarhelming.

Lögreglumenn þeir, sem komu á vettvang, svo og varðstjóri hafa staðfest skýrslur sínar fyrir dómi.

Vitnið Þráinn Guðmundsson, ökumaður bifreiðarinnar X-3886, hefur staðfest skýrslu þá, sem hann gaf hjá lögreglu fyrir dómi, en hann telur sig hafa séð, að ökumannssæti R-4952 var autt eftir árekstur inn og kona í framsæti farþegamegin, en ákærði hafi komið til sín. Hann segist hafa sagt þarna við ákærða, „hvort hann væri ekki klár á því, hvar hann ætti að vera á veginum, en ákærði þá sagt, að það væri ekki það, hann hlyti að hafa sofnað." Kvaðst hann vera fullviss um, að ákærði hefði ekið í umrætt sinn miðað við háttalag ákærða og orðaskipti, sem hann átti við ákærða, svo og tal samfylgdarmanna ákærða, sem voru í öðrum bíl.

Vitnið Svanhvít Kjartansdóttir, sem var farþegi í bifreiðinni X-3886, kveðst hafa fengið taugaáfall við áreksturinn og því ekki geta sagt um, hver var ökumaður R-4952 í umrætt sinn.

En maður, sem var í þeirri bifreið, hafi komið til þeirra og beðið eiginmann sinn að koma og tala við sig, og fóru þeir síðan afsíðis og ræddu saman.

Því er haldið fram af hálfu ákærða, að sýkna beri hann af öllum kröfum, þar sem hann hafi ekki ekið bifreiðinni R-4952 í umrætt sinn. Þá er bent á það, að lögreglumennirnir, sem unnu að rannsókn málsins á vettvangi og gáfu skýrslu fyrir dómi rösku ári síðar, beri ekki saman um það, hver sat undir stýri bifreiðarinnar R-4952, er þeir komu á vettvang. Enn fremur að ökumaður bifreiðarinnar X-3886 og eiginkona hans, sem var farþegi í

bifreiðinni, sáu heldur ekki, hver var ökumaður bifreiðarinnar R-4952, er áreksturinn varð í umrætt sinn.

Hins vegar eru teknar af ákærða skýrslur á vettvangi og hjá varðstjóra sem ökumanni bifreiðarinnar R-4952, og kemur ekkert fram um það, að ákærði hafi verið í sjokki eða svo miður sín, að ekki væri mark takandi á því, sem hann segði, enda ekki áberandi undir áhrifum áfengis samkvæmt framburðum vitna og skýrslu varðstjóra.

Varðstjóraskýrslurnar hefur ákærði undirritað, en þar svarar hann játandi spurningum um, að hann hafi verið að aka bifreiðinni R-4952 austan úr Grímsnesi og til Reykjavíkur, en ekki fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Hafa bæði varðstjóri og vottur staðfest skýrslu þessa og urðu ekki varir við neitt óeðlilegt, sbr. lýsingu varðstjóra um útlit og önnur einkenni ákærða. Þá ber að hafa í huga, að ákærði var þarna leigubifreiðarstjóri, sbr. og sakavottorð ákærða.

Verður því að hafna sýknukröfu ákærða og varakröfu og telja sannað með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, varðstjóra og lögregluskýrslum, að hann hafi gerst sekur um brot þau, sem honum eru gefin að sök í ákæruskjali og eru þar réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Ákærði hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1949 18/8 í Reykjavík: Kærður fyrir fjársvik. Saksókn féll niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 18/8. 1949, en háður eftirliti barnaverndarnefndar til 20 ára aldurs.
1953 24/8 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
1956 28/1 í Reykjavík: Dómur: 1.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuð, fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.
1957 13/3 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1957 30/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna færi.
1958 6/5 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólögl. bifr. stæði.
1965 1/7 í Kópavogi: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 4. og 5. gr. umferðarlaga.
1965 25/10 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umfl.
1966 8/12 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 2. gr. laga nr. 73, 1952.
1967 14/3 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 50. gr. umfl.
1967 27/6 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umfl.
1969 17/10 í Reykjavík: Sátt, 6.000 kr. sekt fyrir brot á 18., 19., 39. og 42. gr. áfengislaga.
1969 8/12 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga.

1972 6/1 í Reykjavík: Sátt, 154.000 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. og 19. gr. áfengislaga.

1977 4/10 í Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi, skb. í 2 ár, fyrir brot gegn 247. gr. hgl.

Með hliðsjón af sakavottorði ákærða, sbr. 80 gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög 54, 1976, telst hæfilegt að dæma ákærða til að greiða 15.000.- króna sekt í ríkissjóð innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja, ella komi til varðhald í 25 daga.

Þá ber að dæma ákærða í 16 mánaða ökuréttindasviptingu frá dómsbirtingu að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 6.000.-.

Dóm þenna kvað upp Barði Þórhallsson bæjarfógeti.

Dómsorð:

Ákærði, Rósinkrans Kristjánsson, greiði kr. 15.000.- í sekt til ríkissjóðs inna 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 25 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 16 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 6.000.-.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. maí 1984.

Nr. 75/1984. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Kennarasambands Íslands**
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunarkröfu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru, er afhent var forseta Félagsdóms 13. apríl sl., en barst Hæstarétti 18. s.m. Krefst hann þess, að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður og málskostnaður fyrir Félagsdómi.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður Félagsdóms 6. apríl 1984.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið er höfðað fyrir Félagsdómi með stefndu, birtri 29. febrúar 1984, af fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f.h. Kennarasambands Íslands og eru stefnukröfur þær, „að viðurkennt verði með dómi, að kennurum í grunnskólum sé skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum skv. löglegum fyrirmælum yfirmanna sinna og í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur

starfsmanna ríkisins. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins."

Í greinargerð, sem er dagsett 19. mars 1984, hefur stefndi gert eftirfarandi dómkröfur: *Aðallega,* að málinu verði vísað frá Félagsdómi. *Til vara,* að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins í báðum tilvikum.

Munnlegur málflutningur fór fram um hina framkomnu frávísunarkröfu 28. f.m., og var málið því næst tekið til dóms eða úrskurðar.

Í þessum þætti málsins gerir stefndi þær kröfur, að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað.

Stefnandi krefst þess í þessum þætti málsins *aðallega,* að hinni framkomnu frávísunarkröfu verði hrundið og að stefnanda verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi stefnda, en *til vara,* að málskostnaður verði felldur niður.

I.

Tildrög málsins kveður stefnandi vera þau, að kennarar í Vesturbæjarskóla hafi sammælst á fundi 6. september 1983 um að sinna ekki gæslu nemenda í kaffihléum sínum. Hafi kennarar borið við samningsbundnum rétti til kaffitíma. Málið hafi verið sent fræðsluráði Reykjavíkur, sem hafi vísað því til menntamálaráðuneytisins 21. september 1983. Niðurstaða ráðuneytisins hafi hinn 7. október 1983 verið sú, að störf þessi væru hluti af vinnuskyldu kennara, sbr. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 38/1954 um skyldu starfsmanna til að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Ennfremur hafi ráðuneytið vísað til 8. gr. erindisbréfs fyrir kennara í grunnskóla og gr. 6.7. í sérkjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra frá 3. september 1982.

Kennarar Vesturbæjarskóla tilkynntu í bréfi, dagsettu 21. október 1983, að þeir hafi áður tekið skýrt fram, „að við munum ekki taka að okkur gæslu í kaffitímum okkar." Vísuðu kennarar til aðalkjarasamnings fjármálaráðherra og B.S.R.B., sem gilt hefur frá 1. ágúst 1982, og töldu, að þeir gætu hafnað gæslu í kaffitímum með stoð í greinum 3.1.3. og 3.1.6. aðalkjarasamningsins, en þar segir, að heimilt sé að lengja, stytta eða fella niður kaffitíma „með samkomulagi fyrirsvarsmanna stofnunar og einfalds meirihluta þeirra starfsmanna, sem málið varðar."

Málið var tekið fyrir á fundi samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og fjármálaráðuneytisins hinn 21. október 1983 og hinn 24. sama mánaðar ritaði fjármálaráðuneytið Kennarasambandinu bréf, en þar stendur m.a. svo:

„Kjarasamningar, bæði aðalkjarasamningur B.S.R.B. og sérkjara-

samningur Kennarasambands Íslands, gera ráð fyrir að störf sem unnin eru í kaffitíma séu greidd með yfirvinnukaupi. Ekki er að finna í þessum samningum nein þau ákvæði er séu því til hindrunar að unnið sé í kaffitíma. Þvert á móti eru samningsákvæðin all rúm að því er varðar heimildir til breytinga eða niðurfellinga á kaffitímum svo og til greiðslu á yfirvinnu sé kaffitíminn unninn.

Ótvírætt er, að samningsákvæði fá ekki breytt lögum. Ótvíræð er skylda starfsmanns til að vinna yfirvinnu sbr. 31. grein laganna um réttindi og skyldur en þar segir svo: „Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem yfirboðarar telja nauðsynlega." Ennfremur skal bent á 28. grein og 29. grein sömu laga þar sem fjallað er um skyldur starfsmanns til að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna og að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt."

Í stefnunni kveður stefnandi lagarök fyrir kröfum sínum vera þau, að skv. 31. grein, sbr. 1. mgr. 29. gr. grein laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sé starfsmanni skylt að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega, og hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

Fyrir liggi, að kennarar í Vesturbæjarskóla hafi fengið fyrirmæli um að sinna gæslustörfum í kaffihléum. Engin ákvæði kjarasamninga leysi starfsmenn undan þeim skyldum, sem á þá séu lagðar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954.

Skv. 8. gr. erindisbréfs fyrir kennara í grunnskóla nr. 198/1976 beri kennara að hafa umsjón og eftirlit í frímínútum eftir þörfum skólans, enda sé stundaskrá þannig samin, að kennarar fái eðlileg stundahlé og kaffitíma.

Kjarasamningur milli Bandalags ríkis og bæja og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og sérkjarasamningur Kennarasambands Íslands geri ráð fyrir, að störf unnin í kaffitíma starfsmanns greiðist með yfirvinnukaupi. Engin ákvæði þeirra samninga veiti starfsmönnum rétt til að neita að vinna í kaffitíma, enda ótvírætt, að samningsákvæði, jafnvel þó til staðar væru, fái ekki breytt lögum.

Ákvæði kjarasamninga um kaffitíma séu allrúm að því er varðar heimildir til að lengja, stytta eða fella niður matar- og kaffitíma á vinnustöðum með samkomulagi fyrirsvarsmanna stofnunar og einfalds meirihluta starfsmanna þeirra, er málið varðar. Þá ráðgeri kjarasamningar, að vinna unnin í matar- og kaffitímum greiðist sem yfirvinna.

Af öllu framangreindu telur stefnandi ljóst, að fjarstætt sé, að kjarasamningar eða lög veiti kennurum rétt til að neita að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum. Stefnandi telji því öll rök til að dómurinn staðfesti skilning hans á lögum nr. 38/1954 og kjarasamningum við stefnda að þessu leyti og taki stefnukröfur hans til greina.

II.

Stefndi styður frávísunarkröfu sína þeim rökum, að Félagsdómur sé sérdómstóll. Af því leiði, að í lögum séu tæmandi talin þau álitaefni, sem lögð verði undir dómsvald hans. Beri að skýra þær heimildir þröngt skv. almennum reglum um lögskýringar.

Heimild sína til þess að leggja þetta mál fyrir Félagsdóm telji stefnandi sig sækja í 34. gr. laga nr. 29/1976 um Kjarasamninga opinberra starfsmanna. Greinin hljóði svo: „Félagsdómur dæmir í málum sem rísa á milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi ríkisstarfsmanna, kjörskrárdeilur og hverjir falli undir akvæði 29. gr. l. nr. 38/1954." Önnur ágreiningsatriði samningsaðilja verði ljóslega ekki borin undir úrskurð Félagsdóms.

Í máli þessu telji stefnandi stefnda brjóta gegn 31. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 1. mgr. 29. gr. sömu laga.

Ágreiningur um skilning eða túlkun á þessum lögum eigi undir almennu dómstólana, en ekki Félagsdóm nema hvað sérstaklega sé heimilað, að Félagsdómur ákvarði hverjir komi undir 29. gr. laganna. Ljóst sé, að óþarfi væri að nefna í 34. gr. laga 29/1976 heimild Félagsdóms til þess að dæma um tiltekin atriði í 29. grein laga 38/1954, ef ágreiningur um lögin í heild sinni ættu undir Félagsdóm.

34. gr. laga 29/1976 sé mun þrengri en 44. gr. laganna um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Þar sé m.a. heimilað að leggja fyrir Félagsdóm ágreining, er varðar brot á vinnusamningi þeirra aðilja, er lögin taka til. Samsvarandi heimild sé ekki að finna í lögum 29/1976. Bent skuli á, að breyting hafi orðið á lögunum um kjarasamninga B.S.R.B., að þessu leyti árið 1976. Komi fram í greinargerðinni með lögunum, að ekki verði önnur mál samningsaðilja lögð fyrir Félagsdóm en talin eru í 34. gr. laganna. Í þessu sambandi sé rétt að benda á, að 25. gr. laga 55/1962 og laga 46/1973 hafi verið með öðru orðalagi en 34. gr. núgildandi laga. Til stuðnings framangreindum sjónarmiðum vísar stefndi til frávísunardóms Félagsdóms frá 15. maí 1979, en sá dómur hafi síðar hlotið staðfestingu Hæstaréttar.

Stefndi leggur áherslu á, að ekki sé ágreiningur um, hvað standi í kjarasamningum. Ágreiningurinn sé fyrst og fremst um það, hvort yfirmenn hafi boðunarvald yfir kennurum, sem byggist á 31. gr. laga nr. 38/1954.

III.

Stefnandi vísar því alfarið á bug, að sakarefni málsins sé utan dómsvalds Félagsdóms.

Kjarni málsins sé mismunandi skilningur aðilja á ákvæðum aðalkjarasamnings B.S.R.B. og fjármálaráðherra á dómskjali nr. 21, sérkjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra um grunnskóla á dóm-

skjali nr. 22 og samkomulagi um vinnutíma og kennsluskyldu grunnskólakennara á dómskjali nr. 23.

Deilt sé um, hvort kennarar eigi rétt á kaffitímum samkvæmt kjarasamningum eða hvort þeim sé skylt að vinna þá sem yfirvinnu samkvæmt 31. gr. laga nr. 38/1954 inna þeirra marka, sem yfirvinnuskylda hvílir á starfsmönnum ríkisins.

Í 31. gr. sé ákvæði þess efnis, að öllum ríkisstarfsmönnum sé skylt að vinna yfirvinnu, sem nemi allt að þriðjungi af vikulegri vinnuskyldu. Í greininni sé ekkert afmarkað, hvað margar klukkustundir á viku vinnuskylda sé né hvað teljist yfirvinna. Hvort tveggja hafi verið atriði, sem ákveðin séu í kjarasamningum, frá því ríkisstarfsmenn fengu samningsrétt um kaup og kjör með lögum nr. 55/1962.

Í 3. grein aðalkjarasamnings sé fjallað um matar- og kaffitíma.

Í gr. 3.1.5. sé sérákvæði varðandi kaffitíma kennara, sem skuli vera 20 mínútur árdegis alla daga vikunnar og 15 mínútur síðdegis í þeim skólum, sem starfa a.m.k. þrjár heilar kennslustundir eftir kl. 13:00.

Í gr. 3.1.6. segi, að kaffitíma megi lengja, stytta eða fella niður með sama hætti og matartíma „með samkomulagi fyrirsvarsmanna stofnunar og einfalds meirihluta þeirra, sem málið varðar", sbr. gr. 3.1.2.

Varðandi kennara sé beint ákvæði í sérkjarasamningi, gr. 6.7, en þar segi, að „í skólum þar sem nauðsyn er á gæslu nemenda í frímínútum eða kaffihléum skal greiða gæslutímann með yfirvinnukaupi. Þau kennsluhlé, sem framangreint nær til og fjöldi kennara, sem við störf þessi er hverju sinni, skulu háð samþykki fræðslustjóra."

Um ofangreind ávkæði kjarasamninga aðilja sé deilt og skilning á því, hvernig þau tengist yfirvinnuskyldu samkvæmt 31. gr. starfsmannalaganna.

Enginn vafi sé á, að hér sé um ágreining um skilning á kjarasamningi slíkum sem dómsvald Félagsdóms taki til samkvæmt 34. gr. laga nr. 29/1976, þó nauðsynlegt sé að taka afstöðu til 31. gr. þeirra laga í því sambandi.

Stefnukrafan sé sett fram og mótuð með það í huga, að ágreiningsefnið sé ekki lengur einskorðað við að vera milli kennara Vesturbæjarskóla og stefnanda, heldur er upp kominn almennur ágreiningur milli Kennarasambandsins og fjármálaráðuneytisins um rétt grunnskólakennara til að neita að sinna gæslustörfum og taka kaffihlé með stoð í ákvæðum kjarasamnings.

Stefnandi vitnar máli sínu til stuðnings til dóms Félagsdóms 15. mars 1967 í máli fjármálaráðherra gegn B.S.R.B. f.h. Póstmannafélags Íslands. Þar sé ótvírætt fordæmi fyrir því, að Félagsdómur hafi vald til að dæma í þeim ágreiningsmálum, sem lúta að skilningi á kjarasamningum aðilja og hversu ákvæði 31. gr. laga 38/1954 horfa við gagnvart ákvæðum þeirra.

Ef sú röksemd stefnda, að dómsvald Félagsdóms næði ekki til þeirra ágreiningsmála um skilning á kjarasamningum, þar sem nauðsynlegt væri að túlka ákvæði laga í samhengi við túlkun kjarasamnings, væri dómsvald Félagsdóms að því er tekur til úrlausnar um skilning á efni kjarasamninga þrengt langt umfram það, sem eðlilegt megi teljast og gilt hafi, sbr. áðurnefndan dóm Félagsdóms. Beri því að hrinda hinni framkomnu frávísunarkröfu.

IV.

Álit dómsins.

Svo sem að framan greinir, er dómkrafa stefnanda í máli þessu sú, að viðurkennt verði með dómi, að kennurum í grunnskólum sé skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum skv. löglegum fyrirmælum yfirmanna sinna og í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Á gildandi kjarasamning er ekki minnst í kröfunni. Í greinargerð segir stefnandi hins vegar, að um það sé deilt í máli þessu, hvort kennarar í grunnskólum eigi rétt til á grundvelli ákvæða kjarasamninga, að neita að sinna gæslustörfunum, og hið sama kom fram í málflutningi hans. Vísaði hann til ákvæða aðalkjarasamnings fjármálaráðherra og B.S.R.B., sérkjarasamnings Kennarasambands Íslands og fjármálráðherra f.h. ríkissjóðs, samkomulags um kennsluskyldu grunnskólakennara og 31. gr. laga nr. 38/1954 í þessu sambandi.

Þrátt fyrir annmarka í kröfugerð stefnanda verður að líta svo á, að ætlun stefnanda hafi verið samkvæmt framansögðu, að Félagsdómur skæri úr um framangreint deiluefni á grundvelli kjarasamninga, enda var málið þannig reifað við hinn munnlega flutning um frávísunarkröfuna. Slíkt ágreiningsefni fellur undir úrskurðarvald Félagsdóms, sbr. 34. gr. laga nr. 29/1976.

Að svo vöxnu máli þykir ekki vera næg ástæða til að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Úrskurðarorð:

Hin framkomna frávísunarkrafa er ekki tekin til greina.
Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. maí 1984.

Nr. 68/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

Guðrúnu Jónu Halldórsdóttur

Kærumál. Húsleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Klemenz Eggertsson, fulltrúi sýslumanns í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 6. apríl 1984, er barst Hæstarétti 11. s.m., í því skyni, að hann verði úr gildi felldur.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Staðfesta ber þá niðurstöðu hins kærða úrskurðar, að heimil hafi verið leit að varnaraðilja í húsakynnum hennar í því skyni að handtaka hana, með því að hún, svo sem gögn máls bera með sér, sinnti ekki kvaðningu um að koma fyrir sakadóm, sbr. 49. og 59. gr. laga nr. 74/1974, 18. gr. laga nr. 21/1957, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968 og 7. gr. laga nr. 75/1982. Þá ber einnig að staðfesta þau málalok, sbr. 48. gr., 1. mgr., laga nr. 74/1974, sbr. og 18. gr. laga nr. 21/1957, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968 og 7. gr. laga nr. 75/1982, að heimil hafi verið leit að alifuglum í húsakynnum þeim á bæ varnaraðilja, er greinir í úrskurðinum, í því skyni að leggja hald á þá, en eigi er dæmt í máli þessu um eftirfarandi lögregluaðgerðir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður um leit að varnaraðilja í því skyni að handtaka hana og um leit að alifuglum, er þar greinir, í því skyni að leggja hald á þá.

Úrskurður sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 6. apríl 1984.

Í kröfu lögreglustjóra Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um húsleit í húsakynnum á bænum Barðastöðum, Staðarsveit, og handtöku á Guðrúnu Halldórsdóttur segir svo:

„Hinn 17. janúar sl. fór Rúnar Gíslason, héraðsdýralæknir að bænum Barðastöðum, Staðarsveit, til að líta eftir aðbúnaði alifugla á bænum, að beiðni Jónannesar Árnasonar, sýslumanns."

Í skýrslu héraðsdýralæknis, dags. 15. mars sl. segir svo:

„Öll aðkoma á bænum var hroðaleg. Bóndinn, Ellert Guðmundsson hafði m.a. ætlað að koma upp alifuglabúi. Í því skyni keypti hann útungunarvél og er kominn með talsverðan fjölda af fuglum (öndum, hænum, kalkúnum og gæsum). Elstu fuglarnir voru án húsaskjóls, en gátu að hluta hímt undir þaki fjárhúsrústa.

Saman gengu mjög misstórir fulgar (fullorðnar gæsir með stálpuðum hænu- og andarungum). Fóður var bersýnilega naumt skammtað og dýrin mjög misgengin. Mikill hluti þeirra var afar illa haldinn, grindhoraður, blautur og skjálfandi úr kulda.

Inni í íbúðarhúsi voru ungar og yngri fuglar ásamt 5 kalkúnum og fáeinum kanínum. Einnig þar var aðbúnaði mjög ábótavant, auk þess sem íbúðarhús er engan veginn rétti staðurinn til fuglauppeldis, bæði hvað varðar almennt hreinlæti og sóttvarnir. Loftræsting var alls staðar afar léleg og hvorki hafði verið borið undir fuglana, né hreinsað frá þeim. Kalkúnarnir voru sér í litlu og loftlausu herbergi á efri hæð. Á þeirri hæð voru einnig stálpaðir hænuungar við mikil þrengsli og geysilegan sóðaskap. Á neðri hæð voru ungar í einu herbergi (mest andarungar). Einnig þar voru þrengsli og sóðaskapur mjög mikill og loftræsting sáralítil. Á gólfi á gangi efri hæðar voru nokkrar kanínur í búrum.

Ellerti var gefinn einnar viku frestur til að koma fullorðnu fuglunum í hús og bæta hirðingu og fóðrun allra dýra sinn, þannig að viðunandi mætti teljast. Átti hann að nota þann hluta af fjárhúsum staðarins sem Narfi Kristjánsson bóndi að Hoftúnum hafði hjálpað honum að einangra. Áður var nauðsynlegt að tína lauslegt rusl út úr húsinu og bera moð eða annað á gólfið ofan á klaka, sem þar var."

Síðan hefur héraðsdýralæknir farið af og til að Barðastöðum til skoðunar á fuglunum, síðast hinn 28. mars sl., ásamt Jóhannesi Árnasyni sýslumanni, Ingólfi Ingvarssyni yfirlögregluþjóni og Gunnari Bjarnasyni hreppstjóra.

Hafði þá ekkert verið gert til að bæta aðbúnað og hirðingu fuglanna að öðru leyti en því, að fjárhúsið, sem að framan greinir, hafði verið tekið í notkun.

Hefur héraðsdýralæknir lýst sig samþykkan förgun alls kvikfénaðar á bænum.

Sendir voru fuglar til krufningar að rannsóknastöðinni að Keldum. Niðurstaða krufningarskýrslu yfirdýralæknis segir, að hor hafi orðið fugl-

unum að aldurtila, að því er virtist af vanfóðrun, þar sem ekki fundust einkenni um sjúklegar breytingar við krufningu.

Hinn 15. mars sl. fór Kristófer Þorleifsson héraðslæknir að Barðastöðum að tilmælum sýslumanns varðandi óþrifnað og sóðaskap á bænum.

Þann 23. mars sl. var hafin við embætti sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu opinber rannsókn vegna ætlaðs brots Ellerts Guðmundssonar, f. 1/6 1927, til heimilis að Barðastöðum, á lögum um dýravernd.

Í yfirheyrslum fyrir lögreglu og fyrir sakadómi þann dag kvaðst kærði Ellert vera vinnumaður á bænum, en bóndinn væri Guðrún Halldórsdóttir.

Kærða Guðrún hefur verið boðuð fyrir sakadóm, en hefur ekki sinnt kvaðningu, sbr. lögregluskýrslu, dags. 2. þ.m.

Þykja fram komnar sterkar grunsemdir, að kærðu, Ellert Guðmundsson og Guðrún Halldórsdóttir, hafi gerst brotleg um stórfellt og ítrekuð brot á 1. og 2. gr. laga um dýravernd nr. 21. 1957.

Tekið skal fram, að kærðu hafa fengið frest frá því í janúar sl. til úrbóta varðandi húsakost og allan aðbúnað og hirðingu fuglanna, er gæti samrýmst ákvæðum dýraverndunarlaga.

Allri hirðingu og aðbúnaði fuglanna á bænum er stórkostlega áfátt og brýn nauðsyn til aðgerða, svo komið verði í veg fyrir frekara kvalræði fuglanna.

Í gærdag neituðu kærðu fulltrúa lögreglustjóra og héraðsdýralækninum í Dalasýslu um aðgang að útihúsum til skoðunar á alifuglunum.

Ekki var annað að sjá en endurnar á bænum hefðu verið fluttar þaðan, en hænurnar voru þar enn. Stóðu dyr að hænsnahúsinu opnar, og var hroðalegt þar inn að líta.

Aðspurð neituðu kærðu að gefa upplýsingar um, hvar endurnar væru niður komnar.

Er komið var að bænum í dag, stóð kærði, Ellert í miðri heimreiðinni að bænum.

Aðspurður sagði hann kærðu, Guðrúnu Halldórsdóttur, bónda, ekki heima og væri hún flutt að Bakkavöllum, Hvolshreppi, Rangárvallasýslu, og bæri að senda málið til sýslumanns þar.

Síðan gerði kærði Ellert tilraun til að hindra fulltrúa lögreglustjóra í að fara heim að bænum, og var hann þá handtekinn.

Enginn kom til dyra, er knúið var ítrekað dyra að íbúðarhúsinu að Barðastöðum.

Sterkur grunur er um, að kærða Guðrún sé innan dyra í bænum.

Með skírskotun til þess, sem að ofan greinir, og með vísan til 49. og 59. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka ofangreinda kröfu lögreglustjórans í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu til greina og heimila leit í húskynnum að bænum Barðastöðum í Staðarsveit og handtekin verði Guðrún Halldórs-

dóttir, sem þar er talin vera. Jafnframt heimilast með vísan til 48. gr. laga nr. 74/1974 leit í húsakynnum, þ.m.t. útihúsum á bænum, að alifuglum, sem þar kunna að finnast, og leggja hald á.

Úrskurðarorð:

Leit skal fara fram í húsakynnum, þar með töldum útihúsum, á bænum Barðastöðum, Staðarsveit, og handtaka þar Guðrún Halldórsdóttur.

Ennfremur má leit fram fara á sama stað að alifuglum, sem þar eru, og hald leggja á.

Þriðjudaginn 15. maí 1984.

Nr. 129/1982. **Sigurjón Ari Sigurjónsson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Eiríki Tómassyni skiptastjóra
f.h. þrotabús Þryms h/f
og Ragnari Halldóri Hall skiptaráðanda
í Reykjavík
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Kaupkrafa. Forgangskrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 30. apríl 1981. Með dómi Hæstaréttar 6. júní 1983 var málinu vísað frá Hæstarétti. Því var áfrýjað að nýju með stefnu 28. júní 1983 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst áfrýjandi þess, að krafa sín að fjárhæð 27.058.50 krónur, verði viðurkennd sem forgangskrafa í

þrotabú Þryms h/f. Hann krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Um það virðist ekki vera ágreiningur, að áfrýjandi var starfsmaður Þryms h/f, er hlutafélagið hætti starfsemi sinni 30. apríl 1980, og eigi heldur um það, að áfrýjandi hafi mátt líta svo á, að með því hefði Þrymur h/f slitið vinnusamningi þeirra frá greindum tíma talið.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður starfssamningur milli áfrýjanda og Þryms h/f, dags. 2. nóvember 1979, og kjarasamningur Verslunarmannafélags Reykjavíkur, sem vitnað er til í starfssamningnum. Sýna þau gögn, að á þeim tíma, er hér skiptir máli, átti áfrýjandi rétt á 3 mánaða uppsagnarfresti hjá Þrymi h/f.

Eins og í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, nam sú krafa áfrýjanda, sem ágreiningur er um, 27.058.50 krónum. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti urðu aðiljar ásáttir um, að tölulega rétt væri krafan 24.643.20 krónur og væru það þau laun, er áfrýjandi hefði átt að njóta hjá Þrymi h/f í maí - júlí 1980, en að frádregnum launum, sem hann fékk á þeim tíma frá Rafiðjunni h/f.

Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður, nú hæstaréttarlögmaður, var kosinn skiptastjóri þrotabús Þryms h/f á skiptafundi 10. febrúar 1981. Áður hafði skiptaráðandi ráðið hann bústjóra til bráðabirgða, sbr. 86. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hann fór því með bústjórn í þrotabúinu samkvæmt XIII. kafla laganna og átti að taka afstöðu til lýstra krafna, sbr. 108. gr. laganna. Hvorki hann né nokkur þeirra kröfuhafa, er skiptafund höfðu sótt, véfengdi réttmæti kröfu þeirrar, er áfrýjandi lýsti í búið. Eigi báru þeir heldur brigður á, að áfrýjandi hefði átt rétt til þess uppsagnarfrests, sem miðað var við í kröfulýsingunni, eða að krafa áfrýjanda væri rétt reiknuð. Sjálfur lagði áfrýjandi fram launaseðla frá Þrymi h/f, er sýndu launagreiðslur Þryms h/f til hans, og gerði grein fyrir launahækkunum, sem hann hefði eftir það átt að njóta vegna hækkana á kaupgjaldsvísitölu.

Samkvæmt framansögðu voru ekki efni til þess, að skiptaráðandi hafnaði kröfu áfrýjanda í þrotabúið með úrskurði sínum, svo sem hann gerði, sbr. og 2. mgr. 122. gr. gjaldþrotalaga. Skal í því sam-

bandi sérstaklega tekið fram, að 105. gr. gjaldþrotalaganna veitti skiptaráðanda ekki sérstakt tilefni til úrskurðar þessa, eins og hér stóð á.

Með vísan til þess, sem rakið hefur verið, ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og viðurkenna framangreinda kröfu áfrýjanda að fjárhæð 24.643.20 krónur sem forgangskröfu í þrotabú Þryms h/f samkvæmt 2. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, og 122. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Rétt er, að stefndi þrotabú Þryms h/f greiði áfrýjanda 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er krafa áfrýjanda, Sigurjóns Ara Sigurjónssonar, að fjárhæð 24.643.20 viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú Þryms h/f samkvæmt framangreindum lagaákvæðum.

Stefndi þrotabú Þryms h/f greiði áfrýjanda 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttardómara.

Af gögnum málsins kemur fram, að Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður, nú hæstaréttarlögmaður, var kosinn skiptastjóri hins stefnda þrotabús á fyrsta skiptafundi eftir lok kröfulýsingarfrests 10. febrúar 1981, sbr. 1. mgr. 90. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hann hafði áður verið ráðinn bústjóri til bráðabirgða, sbr. 86. gr. laganna. Fundi þessum var frestað til 27. febrúar 1981. Lagði skiptaráðandi þá fram skrá og álitsgerð um lýstar kröfur, svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaganna. Er skráin undirrituð af skiptaráðandanum 20. sama mánaðar. Á skrána var rituð athugasemd um, að kröfu áfrýjanda, sem ágreiningur er um í máli þessu, væri hafnað vegna vanreifunar. Umboðsmaður áfrýjanda krafðist þess á skiptafundinum, að krafan yrði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabúið og „tekin til greina með úrskurði." Hvorki skiptastjóri, sem var á fundinum, né neinn af kröfuhöfum andmælti kröfu áfrýjanda. Ekki gaf skiptaráðandi áfrýjanda né

skiptastjóra, sbr. 1. mgr. 91. gr. gjaldþrotalaga, kost á að reifa málið frekar, sbr. 135. gr. laganna, og ekki boðaði hann til annars skiptafundar, sbr. 2. mgr. 110. gr. gjaldþrotalaga. Á dómþingi skiptaréttar 20. mars 1981 tók skiptaráðandi kröfu áfrýjanda til úrskurðar og kvað síðan upp hinn áfrýjaða úrskurð. Málsmeðferð þessi brýtur gegn þeirri grundvallarreglu réttarfars, að dómari skuli gefa aðiljum máls kost á að tala máli sínu, áður en dómur eða úrskurður er kveðinn upp. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins frá og með þinghaldi 27. febrúar 1981 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Það athugast, að rétt hefði verið, að skiptastjóri gerði skrá þá og álitsgerð um lýstar kröfur, sem lögð var fram á skiptafundi 27. febrúar, sbr. 1. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaga.

Þar sem meirihluti dómara Hæstaréttar er ekki sammála þessari úrlausn, mun ég samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni máls.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum fyrir atkvæði meiri hluta dómara, er ég samþykkur dómsorði þeirra.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. mars 1981.

Mál þetta var tekið til úrskurðar fyrr í dag.

Með úrskurði, uppkveðnum 13. október 1980, var bú Þryms h.f., Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til skuldheimtumanna birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 5. nóvember 1980.

Sóknaraðili máls þessa, Sigurjón Ari Sigurjónsson, Stuðlaseli 8, Reykjavík, hefur með bréfi, dagsettu 25. nóvember 1980, lýst kröfu í búið. Segir m.a. í kröfulýsingu hans:

„Krafan grundvallast á dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 5929/1980 Sigurjón Ari Sigurjónsson gegn Vélsmiðjunni Þrym h/f, en mál þetta var höfðað til staðfestingar á löghaldi, sem fram fór þann 22. apríl sl. til tryggingar kröfu þessari. Dómsorðið hljóðar svo:

„Framangreint löghald er staðfest fyrir dómkröfu.

Stefndi Vélsmiðjan Þrymur h/f greiði stefnanda Sigurjóni Ara Sigurjónssyni kr. 1.645.616.- með 31% ársvöxtum frá 1. maí 1980 til greiðsludags og kr. 221.200 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.“

Til viðbótar dómkröfu þeirri, sem hér er lýst, er krafist launa vegna uppsagnarfrests, en réttur Sigurjóns er til launa í uppsagnarfresti í 3 mánuði.

Hér er gerð krafa um laun í uppsagnarfresti tímabilið frá 30. apríl 1980 er hann hættir störfum og til 24. júní 1980 er hann byrjar starf annars staðar og nemur sú krafa kr. 2.616.950.-.

Einnig er gerð krafa um greiðslu mismunar á launum þeim er Sigurjón hafði hjá Vélsmiðjunni Þrym h/f og þeirra launa er hann hafði í hinu nýja starfi, en þau laun voru verulega lægri. Er sú krafa fyrir tímabilið frá 25. júní 1980 til loka uppsagnarfrestsins þ.e. 1. ágúst 1980 og nemur sú krafa kr. 688.900.-. Kröfum þessum er nánar lýst í meðfylgjandi bréfi Sigurjóns Ara Sigurjónssonar.

Gerð er krafa til vaxtagreiðslu eins og í bréfinu er lýst.

Auk þess er hér með krafist greiðslu á málskostnaði kr. 221.200.-, innheimtukostnaðar vegna síðari hluta kröfu kr. 278.942 og vegna móts í skiptarétti kr. 19.000.-, allt samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Launakröfu þessari er lýst í gjaldþrotabúið sem forgangskröfu."

Skiptaráðandi ritaði sóknaraðilja bréf 9. febrúar 1981, þar sem tilkynnt er, að skiptaráðandi hafi tekið þá afstöðu til kröfunnar, að hafna beri viðurkenningu að því er varðar kr. 6.000.00, og að hafna beri að svo stöddu viðurkenningu að því er varðar kr. 27.058.50. Jafnframt er í bréfi þessu tekið fram, að til þess að vaxtakrafa komi til álita á kröfuskrá, þurfi að greina fjárhæð hennar á upphafsdegi skipta. Var sóknaraðilja gefinn frestur til að bæta úr eða rökstyðja kröfur sínar frekar til 20. sama mánaðar. Áður, eða með bréfi, dags. 4. febrúar 1981, hafði sóknaraðilja verið tilkynnt, að endanleg afstaða til lýstra krafna yrði tekin á skiptafundi 27. sama mánaðar.

Hinn 10. febrúar 1981 barst frá sóknaraðilja bréf vegna vaxtakröfu hans. Þar segir m.a.:

„Hér með sendast yður upplýsingar um upphæð vaxtakrafna hinn 13. október við upphaf skipta í þrotabúi Vélsmiðjunnar Þryms h.f. hjá eftirgreindum kröfuhöfum. ... Sigurjón Ari Sigurjónsson, vextir gkr. 434.773.-, lögh. kostn. gkr. 7.028.-.."

Önnur gögn bárust skiptaráðanda ekki fyrir 20. febrúar 1981 varðandi kröfu sóknaraðilja.

Skrá yfir lýstar kröfur, gerð samkvæmt 108. gr. gjaldþrotalga nr. 6, 1978, var lögð fram á skiptafundi 27. febrúar 1981. Var framangreind afstaða skiptaráðanda til kröfugerðar sóknaraðilja þar tilgreind óbreytt frá því, sem sóknaraðilja hafði verið áður tilkynnt um. Voru þá af hálfu sóknaraðilja lögð fram ný gögn varðandi þann þátt kröfugerðar hans, sem skiptaráðandi hafði að svo stöddu ekki fallist á, að tekinn skyldi til greina, og þess um leið krafist, að margnefnd krafa um, að laun sóknaraðilja í uppsagnarfresti verði með úrskurði tekin til greina sem forgangskrafa. Af hálfu annarra kröfuhafa, sem mættir voru á fundinum, var kröfugerð

sóknaraðilja ekki andmælt, og eru engar kröfur gerðar í máli þessu af hálfu varnaraðilja.

Leggja verður úrskurð á mál þetta samkvæmt 118. gr. laga nr. 85, 1936 samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum og málsútlistun sóknaraðilja.

Með upphaflegri kröfulýsingu sóknaraðilja fylgdi skýrsla hans sjálfs, þar sem fram kemur, hvernig umræddar fjárhæðir eru reiknaðar. Segir þar m.a.:

„Frá 29. apríl 1980, er ber mér með réttu 3ja mánaða laun þar sem mér hafði ekki verið sagt upp störfum. Hins vegar réðst ég til starfa til Rafiðjunnar hf. sem framkvæmdastjóri hinn 26. júní, og tel mig þar af leiðandi eiga rétt til launa til þess tíma, ásamt mismun þeirra laun, sem ég fæ hjá Rafiðjunni frá 26. júní 1980 til 1. ágúst 1980, þar sem þau laun sem ég fæ nú eru lægri, en ég hafði hjá vélsmiðjunni Þrymur h.f. Launakröfur mínar eru því eftirfarandi:

Laun fyrir vikunar:

30. apríl til 6. maí 1980	Kr.	241.522	
7. maí til 13. maí 1980	—	241.522	
14. maí til 20. maí 1980	—	241.522	
21. maí til 27. maí 1980	—	241.522	
28. maí til 3. júní 1980	—	241.522	

(Hinn 1. júní verður 11,7% hækkun launa).

4. júní til 10. júní 1980	Kr.	269.780	
11. júní til 17. júní 1980	—	269.780	
18. júní til 24. júní 1980	—	269.780	Kr. 2.016.950.

Mismunur launa frá 25. júní til 1. ágúst 1980, 5 vikur á 269.780 — 1.348.900, að frádregnum launum mínum hjá Rafiðjunni h.f. frá 26. júní til 1. ágúst 1980, kr. 660.00 Kr. 688.000

... Reykjavík, 26. nóvember 1980 ...“

Auk skýrslu þessarar fylgdi kröfulýsingunni vottorð Rafiðjunnar h/f um, að sóknaraðili hafi byrjað störf hjá því félagi, 26. júní 1980.

Þau gögn, sem af hálfu sóknaraðila voru lögð fram á skiptafundinum eru, auk gagna sem áður höfðu komið fram, ljósrit af launaseðlum merktum sóknaraðilja, bæði frá Rafiðjunni h/f og Þrym h/f, svo og „yfirlit yfir hækkanir, sem orðið hafa á kaupi frá samningnum 22. 6. 1977.“

Samkvæmt launaseðlum frá Þrym h/f hefur sóknaraðili fengið — eða átt að fá — greidd laun vikulega. Ekki kemur þar fram, hvernig fjárhæð launa er fundin, heldur er þar einungis greint nafn launþegans og fjárhæð vikukaupsins.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu um, hver launakjör sóknaraðilja voru, meðan hann starfaði hjá Þrym h/f, hvorki kjarasamningur, ráðnignarsamningur né neitt annað, er styður einhliða fyllyrðingu hans um, að honum beri laun fyrir uppsagnarfrest af eignum búsins. Er af þeirri ástæðu eigi unnt að fallast á kröfugerð hans í máli þessu.

Ragnar Halldór Hall, borgarfógeti, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðilja, Sigurjóns Ara Sigurjónssonar, er hafnað.

Þriðjudaginn 15. maí 1984.

Nr. 130/1983. **Valur Vilhjálmsson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Eiríki Tómassyni skiptastjóra
f.h. þrotabús Þryms h/f
og Ragnari Halldóri Hall, skiptaráðanda
í Reykjavík
(Jón Steinar Gunnlagusson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Kaupkrafa. Forgangskrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 30. apríl 1981. Með dómi Hæstaréttar 6. júní 1983 var málinu vísað frá Hæstarétti. Því var áfrýjað að nýju með stefnu 28. júní 1983 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst áfrýjandi þess, að krafa sín að fjárhæð 14.380.20 krónur verði viðurkennd sem forgangskrafa í

þrotabú Þryms h/f. Hann krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Um það virðist ekki vera ágreiningur, að áfrýjandi var starfsmaður Þryms h/f, er hlutafélagið hætti starfsemi sinni 30. apríl 1980, og eigi heldur um það, að áfrýjandi hafi mátt líta svo á, að með því hefði Þrymur h/f slitið vinnusamningi þeirra frá greindum tíma talið.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn, sem sýna, að áfrýjandi hafði verið í fullu starfi hjá Þrymi h/f frá 1. janúar 1971. Átti hann rétt á 3 mánaða uppsagnarfresti samkvæmt kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur, sem gilti um starfssamning hans.

Eins og í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, nam sú krafa áfrýjanda, sem ágreiningur er um, 14.380.20 krónum. Er ekki deilt um, að það séu þau laun, er áfrýjandi hefði átt að njóta hjá Þrymi h/f í maí - júlí 1980 að meðtöldu orlofsfé fyrir sama tíma.

Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður, nú hæstaréttarlögmaður, var kosinn skiptastjóri þrotabús Þryms h/f á skiptafundi 10. febrúar 1981. Áður hafði skiptaráðandi ráðið hann bústjóra til bráðabirgða, sbr. 86. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hann fór því með bústjórn í þrotabúinu samkvæmt XIII. kafla laganna og átti að taka afstöðu til lýstra krafna, sbr. 108. gr. laganna. Hvorki hann né nokkur þeirra kröfuhafa, er skiptafund höfðu sótt, véfengdi réttmæti kröfu þeirrar, er áfrýjandi lýsti í búið. Eigi báru þeir heldur brigður á, að áfrýjandi hefði átt rétt til þess uppsagnarfrests, sem miðað var við í kröfulýsingunni, eða að krafa áfrýjanda væri rétt reiknuð. Sjálfur lagði áfrýjandi fram launaseðla frá Þrymi h/f, er sýndu launagreiðslur Þryms h/f til hans, og gerði grein fyrir launahækkunum, sem hann hefði eftir það átt að njóta vegna hækkana á kaupgjaldsvísitölu.

Samkvæmt framansögðu voru ekki efni til þess, að skiptaráðandi hafnaði kröfu áfrýjanda í þrotabúið með úrskurði sínum, svo sem hann gerði, sbr. og 2. mgr. 122. gr. gjaldþrotalaga. Skal í því sambandi sérstaklega tekið fram, að 105. gr. gjaldþrotalaganna veitti skiptaráðanda ekki sérstakt tilefni til úrskurðar þessa, eins og hér stóð á.

Með vísan til þess, sem rakið hefur verið, ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og viðurkenna framangreinda kröfu áfrýjanda að fjárhæð 14.380.20 krónur sem forgangskröfu í þrotabú Þryms h/f samkvæmt 2. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, og 122. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Rétt er, að stefndi þrotabú Þryms h/f greiði áfrýjanda 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er krafa áfrýjanda, Vals Vilhjálmssonar, að fjárhæð 14.380.20 krónur viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú Þryms h/f, samkvæmt framangreindum lagaákvæðum.

Stefndi þrotabú Þryms h/f greiði áfrýjanda 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttardómara.

Af gögnum málsins kemur fram, að Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður, nú hæstaréttarlögmaður, var kosinn skiptastjóri hins stefnda þrotabús á fyrsta skiptafundi eftir lok kröfulýsingarfrests 10. febrúar 1981, sbr. 1. mgr. 90. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hann hafði áður verið ráðinn bústjóri til bráðabirgða, sbr. 86. gr. laganna. Fundi þessum var frestað til 27. febrúar 1981. Lagði skiptaráðandi þá fram skrá og álitsgerð um lýstar kröfur, svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaganna. Er skráin undirrituð af skiptaráðandanum 20. sama mánaðar. Á skrána var rituð athugasemd um, að kröfu áfrýjanda, sem ágreiningur er um í máli þessu, væri hafnað vegna vanreifunar. Umboðsmaður áfrýjanda krafðist þess á skiptafundinum, að krafan yrði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabúið og „tekin til greina með úrskurði." Hvorki skiptastjóri, sem var á fundinum, né neinn af kröfuhöfum andmælti kröfu áfrýjanda. Ekki gaf skiptaráðandi áfrýjanda né skiptastjóra, sbr. 1. mgr. 91. gr. gjaldþrotalaga, kost á að reifa málið frekar, sbr. 135. gr. laganna, og ekki boðaði hann til annars skiptafundar, sbr. 2. mgr. 110. gr. gjaldþrotalaga. Á dómþingi

skiptaréttar 20. mars 1981 tók skiptaráðandi kröfu áfrýjanda til úrskurðar og kvað síðan upp hinn áfrýjaða úrskurð. Málsmeðferð þessi brýtur gegn þeirri grundvallarreglu réttarfars, að dómari skuli gefa aðiljum máls kost á að tala máli sínu, áður en dómur eða úrskurður er kveðinn upp. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins frá og með þinghaldi 27. febrúar 1981 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Það athugast, að rétt hefði verið, að skiptastjóri gerði skrá þá og álitsgerð um lýstar kröfur, sem lögð var fram á skiptafundi 27. febrúar, sbr. 1. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaga.

Þar sem meirihluti dómara Hæstaréttar er ekki sammála þessari úrlausn, mun ég samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni máls.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum fyrir atkvæði meiri hluta dómara, er ég samþykkur dómsorði þeirra.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. mars 1981.

Mál þetta var tekið til úrskurðar fyrr í dag.

Með úrskurði, uppkveðnum 13. október 1980, var bú Þryms h.f., Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til skuldheimtumanna birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 5. nóvember sama ár.

Sóknaraðili, Valur Vilhjálmsson, Barmahlíð 56, Reykjavík, hefur með bréfi, dagsettu 25. nóvember 1980, lýst kröfu í búið. Segir m.a. í kröfulýsingu hans:

„Krafan grundvallast á dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 5945/1980 Valur Vilhjálmsson gegn Vélsmiðjunni Þrym h.f., en mál þetta var höfðað til staðfestingar á löghaldi, sem fram fór þann 22. apríl sl. til tryggingar kröfu þessari.

Dómsorðið hljóðar svo:

„Framangreint löghald er staðfest fyrir dómkröfu.

Stefndi Vélsmiðjan Þrymur h.f., greiði stefnanda Vali Vilhjálmssyni kr. 450.032.- með 31% ársvöxtum frá 1. maí 1980 til greiðsludags, og kr. 101.000.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.“

Til viðbótar dómkröfu þeirri, sem hér er lýst er krafist launa vegna uppsagnarfrests, en réttur Vals er til launa í uppsagnarfresti í 3 mánuði. Hér er gerð krafa um laun í uppsagnarfresti tímabilið frá 30. apríl 1980 er hann

hættir störfum og til 31. júlí 1980 og nemur sú krafa kr. 1.888.054.-. Kröfu þessari er nánar lýst í meðfylgjandi bréfi Vals Vilhjálmssonar.

Gerð er krafa til vaxtagreiðslu eins og í bréfinu er lýst.

Auk þess er hér með krafist greiðslu á málskostnaði kr. 101.000.- innheimtukostnaði vegna síðari hluta kröfu kr. 208.052.- og vegna móts í skiptarétti kr. 19.000.-, allt samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Launakröfu þessari er lýst í gjaldþrotabúið sem forgangskröfu . . .“

Skiptaráðandi ritaði sóknaraðilja bréf hinn 9. febrúar 1981, þar sem honum er tilkynnt, að skiptaráðandi hafi tekið þá afstöðu til kröfunnar, að hafna beri viðurkenningu kröfunnar vegna kr. 4.500.35 og að hafna beri viðurkenningu hennar að svo stöddu hvað varðar kr. 14.380.20. Jafnframt er í bréfi þessu tekið fram, að til þess að vaxtakrafa komi til álita á kröfuskrá, þurfi að greina fjárhæð hennar á upphafsdegi skipta. Var sóknaraðilja gefinn frestur til að bæta úr eða rökstyðja frekar kröfur sínar til 20. sama mánaðar. Áður, eða með bréfi, dagsettu 4. febrúar 1981, hafði sóknaraðilja verið tilkynnt, að á skiptafundi 27. sama mánaðar yrði tekin endanleg afstaða til lýstra krafna.

Hinn 10. febrúar barst frá lögmanni sóknaraðilja bréf varðandi vaxtakröfur umbjóðenda hans, þar segir m.a.: „Hér með sendast yður upplýsingar um upphæð vaxtakrafana hinn 13. október við upphaf skipta í þrotabúi Vélsmiðjunnar Þryms h. f. hjá eftirgreindum kröfuhöfum . . . Valur Vilhjálmsson, vextir gkr. 181.202, löghaldskostn. gkr. 7.028 . . . .“

Önnur gögn bárust skiptaráðanda ekki fyrir 20. febrúar 1981 varðandi kröfu sóknaraðilja.

Skrá yfir lýstar kröfur, gerð samkvæmt 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6, 1978, var lögð fram á skiptafundi 27. febrúar 1981. Var framangreind afstaða skiptaráðanda til kröfugerðar sóknaraðilja þar tilgreind óbreytt frá því, sem sóknaraðilja hafði verið áður tilkynnt um. Voru þá af hálfu sóknaraðilja lögð fram ný gögn varðandi þann þátt kröfugerðar hans, sem skiptaráðandi hafði að svo stöddu ekki fallist á, að tekinn skyldi til greina, og þess um leið krafist, að margnefnd krafa um, að laun sóknaraðilja í uppsagnarfresti verði með úrskurði tekin til greina sem forgangskrafa. Af hálfu annarra kröfuhafa, sem mættir voru á fundinum, var kröfugerð sóknaraðilja ekki andmælt, og eru engar kröfur gerðar í málinu af hálfu varnaraðilja.

Leggja verður úrskurð á mál þetta samkvæmt 118. gr. laga nr. 85, 1936 eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og málsútlistun sóknaraðilja.

Með upphaflegri kröfulýsingu sóknaraðilja fylgdi skýrsla hans sjálfs, þar sem fram kemur, hvernig umræddar fjárhæðir eru reiknaðar. Segir þar um kröfu þá, sem hér er til úrlausnar:

„Launakröfur mínar eru því eftirfarandi:

Laun fyrir vikurnar:

30. apríl til 6. maí 1980	Kr.	93.750	
7. maí til 13. maí 1980.....	—	93.750	
14. maí til 20. maí 1980	—	93.750	
21. maí til 27. maí 1980	—	93.750	
28. maí til 3. júní 1980	—	93.750	
(hinn 1. júní verður 11,7% hækkun launa).			
4. júní til 10. júní 1980.....	Kr.	104.719	
11. júní til 17. júní 1980	—	104.719	
18. júní til 24. júní 1980	—	104.719	
25. júní til 1. júlí 1980	—	104.719	
2. júlí til 8. júlí 1980.....	—	104.719	
9. júlí til 15. júlí 1980.....	—	104.719	
16. júlí til 22. júlí 1980	—	104.719	
23. júlí til 29. júlí 1980	—	104.719	
30. júlí til 31. júlí 1980	—	20.944	Kr. 1.327.446
Orlof frá 01-05-80 til 31. júlí 1980			— 110.576

Auk þess geri ég til þess kröfu að ég fái vexti á laun mín frá gjalddaga hverrar viku til þess dags er mér verður greitt að fullu inneign launa.“

Auk skýrslu þessarar fylgdi kröfulýsingunni vottorð Tæknimiðstöðvarinnar h.f. þess efnis, að sóknaraðili hafi byrjað þar störf 1. ágúst 1980.

Þau gögn, sem af hálfu sóknaraðilja voru lögð fram á skiptafundinum 27. febrúar, eru ljósrit launaseðla til sóknaraðilja frá Þrym h.f.

Samkvæmt launaseðlunum frá Þrym h.f. hefur sóknaraðili fengið — eða átt að fá — greidd laun vikulega. Ekki kemur þar fram, hvernig fjáhæð launa er fundin, heldur er þar einungis greint nafn launþegans og fjárhæð vikukaupsins.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu um, hver launakjör sóknaraðilja voru, meðan hann starfaði hjá Þrym h.f., hvorki kjarasamningur, ráðningarsamningur né neitt annað, er styður einhliða fullyrðingu hans um, að honum beri laun fyrir uppsagnarfrest af eignum búsins. Er af þeirri ástæðu eigi unnt að fallast á kröfugerð hans í máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðilja, Vals Vilhjálmssonar, í máli þessu er hafnað.

Þriðjudaginn 15. maí 1984.

Nr. 188/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jakob Má Böðvarssyni
og
Gunnari Ragnari Gunnarssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum 65/1974. Ákæra. Gæsluvarðhald. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. september 1983 að því er varðar ákærðu Jakob Má Böðvarsson og Gunnar Ragnar Gunnarsson og samkvæmt ósk þeirra. Málinu er af hálfu ákæruvalds áfrýjað til þyngingar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 23. mars sl.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæða. Enn fremur þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, þó svo, að vararefsing hvorrar sektar sé 12 daga fangelsi og greiðslufrestur 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Gæsluvarðhaldsvist ákærðu stóð á sjötta sólarhring, og ber því að draga 6 daga frá refsivist hvors hinna ákærðu.

Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um upptöku að því er varðar ákærðu. Það athugast, að rétt hefði verið að tilgreina í ákæruskjali nákvæmlega magn þeirra fíkniefna, sem upptöku er krafist á, í stað þess að krefjast upptöku á þeim efnum, „sem hald var lagt á," en eigi þykir þó, eins og hér stendur á, ástæða til þess að vísa kröfunni frá vegna þessarar ónákvæmni.

Dæma ber ákærðu Jakob Má og Gunnar Ragnar til þess að greiða skipuðum verjanda sínum í héraði in solidum 4.000.00 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun. Í dómsorði héraðsdóms segir, að ákærðu skuli allir greiða málskostnað, en eigi er þar tilgreind

þóknun verjanda né hvernig ábyrgð ákærðu á greiðslu sakarkostnaðar skuli háttað, heldur er aðeins rætt um þetta í forsendum dómsins. Er málskostnaðarúrlausn þessi ófullkomin og eigi í samræmi við 1. mgr. 142. gr., 1. mgr. 143. gr. og niðurlagsákvæði 2. mgr. 166. gr. laga nr. 74/1974.

Þá ber að dæma ákærðu til þess að greiða in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar svo sem greinir í dómsorði.

Héraðsdómari tók mál þetta til dóms hinn 11. maí 1983, er skrifleg vörn hafði verið lögð fram. Leið svo fram til 5. ágúst. Þá hélt héraðsdómari dómþing og lagði fram ný gögn, m.a. skýrslur Rannsóknastofu í lyfjafræði um rannsókn á sýnum af efnum. Að svo búnu kvað dómarinn upp dóm í málinu. Dómaranum bar, er hann hafði lagt fram ný gögn, að kynna verjandanum þau og gefa honum kost á að flytja framhaldsvörn og að því búnu taka málið til dóms á ný. Þar sem það hefur komið fram við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að verjandinn hafi átt kost á að kynna sér gögnin, áður en hann skilaði vörn, þykir þetta þó ekki varða ómerkingu héraðsdóms en framangreind aðferð héraðsdómara og dráttur á dómsuppsögu eru aðfinnsluverð.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærðu eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að 6 daga gæsluvarðhaldsvist skal draga frá refsivist hvors hinna ákærðu, og fyrir hvora sekt skal koma 12 daga fangelsi, ef þær verða ekki greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku er staðfest að því er ákærðu varðar.

Ákærðu greiði in solidum 4.000.00 krónur í málsvarnar- og réttargæslulaun til skipaðs verjanda síns í héraði, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Ákærðu greiði in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 7.500.00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 5. ágúst 1983.

Ár 1983, föstudaginn 5. ágúst, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins af Guðmundi Benediktssyni ftr. við undirritaða votta og þá uppkveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 103/1983: Ákæruvaldið gegn Jakob Má Böðvarssyni, A, Gunnari Ragnari Gunnarssyni og B.

Málið, sem dómtekið var 11. maí 1983, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, dags. 7. febrúar 1983 á hendur:

1. Jakob Má Böðvarssyni, nema, Æsufelli 4, Reykjavík, fæddum þar í borg 21. febrúar 1961,
2. A...,
3. Gunnari Ragnari Gunnarssyni nema, Neðstabergi 7, Reykjavík, fæddum þar í borg 18. maí 1961, og
4. B...,

fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, framin á árinu 1982:

„I. — — —

II.

Öllum ákærðu er gefið að sök að hafa sameiginlega staðið að smygli á hassi hingað til lands í júlí: Ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar lögðu fram fé til kaupa á efninu, kr. 10.000 hvor, og ákærðu B og A skipulögðu för A til Amsterdam þar sem hann keypti 280 gr af efninu, flutti falið í gítar til Reykjavíkur og afhenti ákærða B þar um 210 gr, en mismunurinn taldist eign A. Hlutur ákærða B taldist 105 gr og ákærðu Jakobs Más og Gunnars Ragnars rúm 50 gr hvors og seldi Jakob Már samtals um 45 gr af sínum skammti á kr. 215 hvert gramm og Gunnar Ragnar megnið af sínum efnishlut á kr. 220 hvert gramm.

III.

Ákærðu Jakob Má og Gunnari Ragnari er gefið að sök að hafa síðsumars haft til meðferðar og eigin nota um 112 gr af marihuana, en 7. september lagði lögreglan hald á 61 gr efnisins á heimili Gunnars Ragnars og 7 gr á heimili Jakobs Más.

IV.

Ákærðu Jakob Má, Gunnari Ragnari og A er gefið að sök að hafa í lok ágúst sammælst um og lagt fé til kaupa og innflutnings á hassi, Jakob Már lagði til kr. 19.000, Gunnar Ragnar kr. 11.000 og A kr. 10.000.

Ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar keyptu um 1 kg efnisins í Amsterdam fyrir 4500 - 5000 gyllini og sendu 242 gr í pósti hingað til lands 29.

ágúst frá Brüssel, en er sendingin barst til Keflavíkurflugvallar 3. september lagði lögreglan hald á efnið. Eftirstöðvarnar földu ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar í gítar, sem ákærði A hafði útbúið í þessu skyni og flutti þannig hingað til lands 3. september.

Þessu hasskílói sem hér um ræðir hugðust ákærðu Jakob Már, Gunnar Ragnar og A skipta með sér og hafði Jakob Már selt samtals um 30 gr á kr. 200 hvert gramm, er lögreglan hafði afskipti af ákærðu og lagði hald á um 389 gr efnisins á heimili Gunnars Ragnars 7. september og 262 gr á heimili A 9. s.m."

Í ákæruskjali er ofangreind háttsemi talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og ákærðu Jakob Már, Gunnar Ragnar og A til að sæta upptöku samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laganna um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar hver um sig á sínum hluta þeirra fíkniefna, sem lagt var hald á, og ákærði A ennfremur á tveimur gíturum, sem notaðir voru við fíkniefnasmygl.

Verjandi gerir þær dómkröfur, að ákærðu hljóti þá vægustu refsingu, sem lög leyfa, að gæsluvarðhaldsvist komi að fullu til frádráttar refsingu hjá Jakob Má og Gunnari Ragnari og að honum verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Ákærðu eru allir sakhæfir og hafa sætt eftirtöldum refsingum:

— — —

Ákærði Jakob Már Böðvarsson:

1981 4/12 í Reykjavík, Sátt, 2.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 27/5 '81.

Ákærði Gunnar Ragnar Gunnarsson:

1978 í Reykjavík. Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 6/3 1978.

— — —

Í yfirheyrslum voru framburðir ákærðu Jakobs Más og Gunnars Ragnars í fyrstu ónákvæmir og ósamhljóða, en samræmi náðist í lok rannsóknar. Þeir sættu hvor um sig 5 daga gæsluvarðhaldi, meðan á rannsókninni stóð. Breytilegir framburðir þeirra verða ekki raktir, aðeins játningar þeirra, þegar málið var upplýst orðið.

Málsatvikum er lýst sjálfstætt í sömu röð og þau koma fyrir í ákæruskjali.

I. ákæruliður.

— — —

II. ákæruliður.

Í þessum ákærulið er öllum ákærðu gefið að sök að hafa staðið sameiginlega að hasssmygli hingað til lands í júlí 1982.

Ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar játuðu við yfirheyrslu hjá lögreglu 13. septemer sl., að hafa afhent meðákærða B 10.000 kr. hvor til kaupa á fíkniefnum, og kváðust þeir hafa fengið í byrjun júlí rúm 50 gr af hassi hvor frá meðákærða B fyrir þessi peningaframlög. Báðir kváðust þeir hafa selt megnið af því hassi, sem í þeirra hlut kom, Jakob Már á kr. 215 hvert gramm og Gunnar Ragnar á kr. 220 hvert gramm, en afgangsins kváðust þeir hafa neytt sjálfir.

Ákærði B staðfesti það í yfirheyrslum að hafa í júlí 1982 móttekið frá þeim meðákærðu Jakob Má og Gunnari Ragnari samtals 20.000 kr. og afhent þeim svo nokkru seinna 105 gr af hassi fyrir þá upphæð. Þessar 20.000 kr. kvaðst ákærði B hafa látið ákærða A fá.

Eftir undirbúning þeirra beggja fór ákærði A að sögn ákærða B til Amsterdam til kaupa á hassi, sem hann flutti inn í landið, falið í gítar, sérstaklega útbúnum til þeirra nota. Kvaðst sá síðarnefndi hafa móttekið 210 gr af hassi við heimkomu A. Hann kvaðst hafa neytt helmings þess efnis sjálfur, en eins og fram hefur komið, kvað hann meðákærðu Jakob Má og Gunnar Ragnar hafa fengið 105 gr af efninu.

Ákærði A kvað þá B hafa sammælst um, að hann færi til Amsterdam til kaupa á hassi, og kvað hann B hafa afhent sér 20.000 kr. af því tilefni, en sjálfur kvaðst hann ekkert fé hafa lagt fram til kaupanna. Hann kvaðst hafa keypt 280 gr af hassi í Amsterdam í júlí 1982 og smyglað því hingað til lands í gítar, sem var útbúinn með geymsluhólfi til þessara nota. Þennan gítar kvaðst ákærði A hafa smíðað sjálfur. Þegar til Íslands kom, kvaðst hann hafa afhent ákærða B meginhluta hassefnisins. Sjálfur kvaðst hann hafa fengið rúm 10% af efninu.

Við ákærubirtingu kváðu allir ákærðu atvikalýsingu vera rétta um sakarefni það, sem hér hefur verið lýst og þá varðar. A kvaðst þó ekki hafa vitað um þátt Jakobs Más og Gunnars Ragnars í málinu.

Lögreglan lagði hald á nefndan gítar við rannsókn málsins.

III. ákæruliður.

Í þessum ákærulið er ákærðu Jakob Má og Gunnari Ragnari gefið að sök að hafa síðsumars haft til meðferðar og eigin nota um 112 gr af mari-

huana, en 7. september lagði lögreglan hald á 61 gr efnisins á heimili Gunnars Ragnars og 7 gr á heimili Jakobs Más.

Ákærði Jakob Már skýrði lögreglu þann 10. 9. frá kaupum sínum á 4 úsnum af marihuana í apríl 1982 í Bandaríkjunum, en á þeim tíma var hann skipverji á millilandaskipi. Þetta marihuanaefni kvað hann meðákærða Gunnar Ragnar hafa geymt og hafi þeir verið búnir að reykja um helming efnisins, þegar lögreglan lagði hald á afgang efnisins. Kvað hann hvorugan hafa selt neitt af þessu efni.

Ákærði Gunnar Ragnar viðurkenndi að hafa tekið við marihuanaefni til geymslu fyrir meðákærða Jakob Má í júní eða júlí 1982, og taldi hann það hafa verið um 80 gr að þyngd. Sagði hann þá hafa verið búna að reykja af efni þessu í nokkur skipti, þegar lögreglan lagði hald á efni þetta.

Lögreglan lagði hald á 61 gr af marihuanablöðum, stönglum og fræjum við húsleit 7. september 1982 á heimili Gunnars Ragnars og 7 gr af þessu efni við húsleit hjá Jakobi Má sama dag.

IV. ákæruliður.

Þann 3. september sl. fannst við leit að fíkniefnum í pósti pakki, sem innihélt 242 gr af hassi. Pakki þessi var merktur Jakob Böðvarssyni, Æsufelli 4, Reykjavík.

Við rannsókn kom í ljós, að nefndur Jakob, ákærði í máli þessu, var þá nýkominn úr ferð til Hollands ásamt meðákærða Gunnari Ragnari.

Þeir játuðu fljótlega í yfirheyrslum að hafa keypt hassefni í Hollandsferðinni, en framburðir voru að öðru leyti ónákvæmir og breytilegir í fyrstu. Sættu þeir báðir fimm daga gæsluvarðhaldi, meðan á rannsókn þessa máls stóð í heild, eins og fram hefur komið.

Samhljóða játuðu þeir að lokum að hafa ásamt ákærða A í lok ágúst 1982 skipulagt ferð til Hollands til kaupa og innflutnings á hassi. Kváðust þeir hafa keypt 1 kg af hassi í Amsterdam fyrir um 4.500 gyllini og falið meginhluta efnisins í gítar, sem að þeirra sögn A hafði útbúið í þessu skyni. Fluttu þeir svo efnið á þennan hátt hingað til lands 3. september sl. Áður sögðust þeir hafa sent nefnd 242 gr í pósti til landsins 29. ágúst sl. frá Brüssel, en það voru eftirstöðvar hasskílósins, sem þeir kváðust ekki hafa getað komið fyrir í umræddum gítar.

Jakob Már kvaðst hafa lagt 19.000 kr. til þessara kaupa, Gunnar Ragnar 11.000 kr. og A kváðu þeir hafa lagt fram 10.000 kr.

Lögreglan lagði hald á samtals 893 gr af þessu hasskílói, 389 gr á heimili Gunnars Ragnars, 262 gr á heimili A og póstpakkann, sem hafði að geyma 242 gr.

Jakob Már kvaðst hafa selt samtals 30 gr á 200 kr. hvert gramm af þessu efni nafngreindun aðiljum, og að sögn hans reyktu þeir Gunnar Ragnar

eitthvað af þessu efni, og þá fór eitthvað til spillis við pakkningu þessa hassefnis í Hollandi.

Einnig var lagt hald á ofangreindan gítar, sem notaður var við hasssmyglið.

Ákærði A kvað við yfirheyrslu vera rétt, að þeir Jakob Már hafi skipulagt ferð til fíkniefnakaupa og hafi hann lagt fram kr. 10.000 og gítar með geymsluhólfi í þessum tilgangi. Hann kvað svo Jakob Má hafa komið til sín 4. september sl. eftir utanlandsferð með hass falið í gítarnum. Hafi hann fengið af því 265 gr, en alls hafi hann átt að fá 350 gr af þessu hasskílói. Hann sagðist hafa ætlað að selja mestan hluta efnisins.

Allir 3 ákærðu kváðu ofangreinda málsatvikalýsingu, sem fram kemur í IV. lið ákæruskjals, vera rétta hvað varðar þeirra hlut að henni og höfðu engar athugasemdir fram að færa, þegar þeim var birt ákæran.

Þrjú sýni úr þessu umtalað hasskílói voru send Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands, en lögreglan lagði hald á hassið á þrem stöðum, eins og fram hefur komið. Með þrem bréfum, dagsettum 17. 12. 1982, var staðfest, að sýnin væru kannabis og magn tetrahýdrókannabínóls í þeim var 5.4 mg/g, 9.5 mg/g og 9.7 mg/g.

Niðurstaða

Ákærðu hafa allir viðurkennt við rannsókn málsins þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir í IV liðum. Samkvæmt þeim játningum og gögnum málsins telst því sannað, að allir ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi, er í ákæruskjali greinir, . . . og að allir ákærðu hafi sameiginlega staðið að smygli á hassi hingað til lands í júlí:

Ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar lögðu fram fé til kaupa á efninu, kr. 10.000 hvor, og ákærðu B og A skipulögðu för A til Amsterdam, þar sem hann keypti 280 gr af efninu, flutti falið í gítar til Reykjavíkur og afhenti ákærða B þar um 210 gr, en mismunurinn taldist eign A. Hlutur ákærða B taldist 105 gr og ákærðu Jakobs Más og Gunnars Ragnars rúm 50 gr hvors, og seldi Jakob Már samtals um 45 gr af sínum skammti á kr. 215 hvert gramm og Gunnar Ragnar megnið af sínum efnishlut á kr. 220 hvert gramm.

Einnig að ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar hafi síðsumars haft til meðferðar og eigin nota um 112 gr af marihuana, en 7. september lagði lögreglan hald á 61 gr efnisins á heimili Gunnars Ragnars og 7 gr á heimili Jakobs Más.

Að lokum, að ákærðu Jakob Már, Gunnar Ragnar og B hafi í lok ágúst sammælst um og lagt fé til kaupa og innflutnings á hassi, Jakob Már lagði til kr. 19.000, Gunnar Ragnar kr. 11.000 og A kr. 10.000.

Ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar keyptu um 1 kg efnisins í Amsterdam fyrir 4.500 - 5.000 gyllini og sendu 242 gr í pósti hingað til lands 29. ágúst frá Brüssel, en er sendingin barst til Keflavíkurflugvallar 3. september, lagði lögreglan hald á efnið. Eftirstöðvarnar földu ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar í gítar, sem ákærði A hafði útbúið í þessu skyni, og fluttu þannig hingað til lands 3. september.

Þessu hasskílói, sem hér um ræðir, hugðust ákærðu Jakob Már, Gunnar Ragnar og A skipta með sér, og hafði Jakob Már selt samtals um 30 gr á kr. 200 hvert gramm, er lögreglan hafði afskipti af ákærðu og lagði hald á um 389 gr efnisins á heimili Gunnars Ragnars 7. september og 262 gr á heimili A 9. s.m.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Hafa ákærðu samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar, sem ber að tiltaka með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Þá er refsing allra ákærðu metin með hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Refsing ákærða Gunnars Ragnars þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en jafnframt með vísan til 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976, sbr. 1. gr. laga nr. 75, 1982, fésekt að upphæð kr. 10.000, er renni í ríkissjóð. Komi 20 daga fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir rétt með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga að ofangreindri refsivist til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða við rannsókn máls þessa, eða 5 dagar.

Refsing ákærða Jakobs Más þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði og að auki 10.000 kr. sekt til viðbótar fangelsisivist, er renni í ríkissjóð, sbr. 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976 sbr. 1. gr. laga nr. 75, 1982 er afplánist með 20 daga fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Rétt þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga að til frádráttar refsivist komi 5 daga gæsluvarðhald ákærða.

— — —

Upptæk til eyðingar dæmast þau fíkniefni, er hald var lagt á við rannsókn málsins, sbr. 5. og 6. gr. laganna um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar, samtals 961 gr af kannabisefnum. Þá skal og gera upptæka tvo gítara, sem notaðir voru við fíkniefnasmygl.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 4.000 in solidum í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hrl.

Þá ber ákærða Jakob Má að greiða kr. 2.000 fyrir réttarsæsluþóknun og ákærða Gunnari Ragnari einnig, sbr. 1. mgr. 142 gr. laga nr. 74, 1974.

Ákærðu Jakob Már, Gunnar Ragnar og A eru dæmdir in solidum til greiðslu greiningarkostnaðar á hassefnum, samtals kr. 5.865, sbr. 2. mgr. 142. gr. laga nr. 75, 1974.

Dómsorð:

— — —

Ákærði Gunnar Ragnar Gunnarsson, fæddur 18. maí 1961, sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði kr. 10.000 í fésekt til ríkissjóðs. Refsivist til frá dráttar komi 5 daga gæsluvarðhaldsvist, en 20 daga fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jakob Már Böðvarsson, fæddur 21. febrúar 1961, sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði kr. 10.000 í sekt til ríkissjóðs, en í sektar stað komi 20 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Refsivist til frádráttar komi 5 daga gæsluvarðhaldsvist.

— — —

Ákærðu greiði allan málskostnað.

Upptæk til eyðingar dæmast þau 961 gr af kannabisefnum, sem lögreglan lagði hald á í máli þessu, og ennfremur tveir gítarar, sem notaðir voru við fíkniefnasmygl.

Fimmtudaginn 17. maí 1984.

Nr. 91/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Reyni Lútherssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur með kæru 14. maí 1984, er barst Hæstarétti 15. s.m., skotið málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Krefst hann þess, „*aðallega*, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi fram til miðvikudagsins 13. júní 1984, kl. 17:00, og að niðurstaða sakadómsins um að kærði skuli sæta geðrannsókn verði staðfest, en *til vara*, að úrskurðurinn verði ómerktur að því er gæsluvarðhaldskröfuna varðar og málinu vísað á ný heim í hérað."

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í greinargerð ríkissaksóknara segir svo m.a.:

„Brot kærða kunna að varða hann refsingu samkvæmt 1. mgr. 194. gr. og 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en að því er varðar lagagrundvöll krafnanna að öðru leyti vísast til 1., 4., 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr., d-lið 2. tl. 2. mgr. 75. gr. og 185. gr. laga nr. 74, 1974."

Ríkissaksóknari hefur heimild til kæru máls þessa samkvæmt framangreindu ákvæði laga nr. 74/1974.

Í hinum kærða úrskurði eru rakin rannsóknargögn þau, sem við naut, þegar úrskurðurinn var kveðinn upp. Eftir uppsögu hans hefur rannsókn málsins verið haldið áfram, og hafa fimm lögreglumenn, er afskipti höfðu af varnaraðilja vegna brota þeirra, sem hann er sakaður um og í málinu greinir, gefið skýrslur fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins.

Varnaraðili hefur að vísu bæði fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi gengist við þeim brotum, sem rannsóknin á hendur honum beinist að. Þótt rannsókn málsins sé komin nokkuð áleiðis, er ýmislegt ókannað eða þarf frekari rannsóknar við. Þar á meðal

þarf til að koma sakbending, sérstaklega vegna brotsins, sem talið var framið við Hverfisgötu 102 A og 104, samprófa þarf varnaraðilja við vitni, og kanna þarf feril hans næstu klukkustundir, áður en hann framdi brot þau, sem hann hefur játað á sig. Rannsóknin er þess eðlis, að héraðsdómari hefði átt að hneppa varnaraðilja í gæsluvarðhald samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Á það er að líta, að varnaraðili var leystur úr haldi þegar eftir uppsögu hins kærða úrskurðar. Gæsluvarðhaldsvist nú kæmi því eigi að sama gagni eins og gæsluvarðhaldsvist, sem héraðsdómari hefði dæmt varnaraðilja til að sæta. Allt um það þykir bera að dæma varnaraðilja að kröfu ákæruvalds til að sæta gæsluvarðhaldsvist allt til miðvikudags 13. júní nk., kl. 17.00.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um, að varnaraðili sæti geðheilbrigðisrannsókn, á að vera óraskað.

Dómsorð:

Varnaraðili, Reynir Lúthersson, sæti gæsluvarðhaldi allt til Miðvikudagsins 13. júní 1984, kl. 17.00.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um rannsókn á geðheilbrigði varnaraðilja skal óraskað.

Sératkvæði
Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að fallast beri á þá niðurstöðu héraðsdómara, að krafa um gæsluvarðhald verði eigi tekin til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, þar sem ekki verði séð, að varnaraðili hafi möguleika á að torvelda rannsókn málsins. Þá tel ég eigi fært að ráða í það nú, hvaða refsing varnaraðilja kann að verða dæmd, ef til kemur, þannig að gæsluvarðhald verði dæmt samkvæmt 4. tl. 1. mgr. nefndrar greinar, er mælir svo, að gæsluvarðhaldi skuli beita, ef ætla megi, að brot varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi. Aðrir töluliðir 67. gr. eiga hér heldur ekki við.

Samkvæmt þessu tel ég, að staðfesta beri hinn kærða úrskurð.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1984.

Ár 1984, mánudaginn 14. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur,

sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að Reynir Lúthersson pípulagningamaður, fæddur 03.02.1948, Laugavegi 76, Reykjavík, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. júní 1984, kl. 17:00, og að honum verði á gæsluvarðahaldstímanum gert að sæta rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi.

Kærði er grunaður um brot gegn 1. mgr. 217. gr., 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr., og 194. gr. alm. hegningarlaga. Í greinargerð með kröfu RLR er vísað til 1. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. og 2. tl. d-liðar 754. gr. laga nr. 74, 1974.

Málavextir.

Kærði er grunaður um að hafa um kl. 03:20 sl. nótt ráðist á stúlku, sem var á gangi á Hverfisgötu, tekið hana hálstaki og dröslað henni inn húsasund á milli hús 102 A og 104 og reynt að hafa við hana samfarir gegn vilja hennar. Tveir íbúar í nærliggjandi húsum komu stúlkunni til aðstoðar, en sokkabuxur og nærbuxur hennar höfðu þá verið færðar niður að hnjám. Maðurinn, sem veist hafði að henni, hljóp á brott.

Stúlkan hefur m.a. borið, að hún hafi átt erfitt með andardrátt, og taldi sig hafa misst meðvitund nokkra stund, þegar maðurinn hélt á henni hálstaki.

Kærði hefur kannast við að hafa veist að stúlkunni í því skyni að hafa við hana samfarir. Hann kveðst muna eftir að hafa verið í átökum við stúlkuna, en að öðru leyti er framburður hans óljós. Hann kveðst hafa verið mikið ölvaður og ber við minnisleysi.

Kærði er einnig grunaður um að hafa veist að annarri stúlku um kl. 04:00 sl. nótt við Hverfisgötu 18, tekið hana hálstaki aftanfrá og fært hana í húsaport við Hverfisgötu 18 og haft þar við hana samfarir gegn vilja hennar. Áður en samförunum lauk, kom lögreglan á vettvang. Kærði tók þá til fótanna, en var handtekinn skömmu síðar.

Kærði hefur við yfirheyrslur játað þennan verknað, en framburður hans er um margt óljós, og ber hann við minnisleysi.

Báðar framangreindar stúlkur voru færðar til læknisskoðunar sl. nótt, og næsta dag voru teknar af þeim framburðarskýrslur hjá RLR. Einnig voru teknar skýrslur af þeim vitnum, að undanskildum lögreglumönnum, sem talið er að borið geti um framangreinda atburði. Loks hefur farið fram rannsókn á þeim fatnaði, sem kærði og stúlkurnar tvær voru í sl. nótt, svo og vettvangsrannsókn á báðum stöðunum. Er rannsókn beggja málanna vel á veg komin.

Ekki þykir verða séð, að kærði geti torveldað rannsókn þessara mála

með þeim hætti, að gæsluvarðhaldi verði beitt á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 194. gr. alm. hegningarlaga, og er lágmarksrefsing samkvæmt þeirri grein 1 árs fangelsi. Enda þótt kærði sé þannig grunaður um mjög alvarleg brot, þykir óvarlegt að ætla, að þau varði in concreto minnst 2 ára fangelsi. Samkvæmt því þykir heldur ekki unnt að beita gæsluvarðhaldi í máli þessu á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Verður kröfu RLR um gæsluvarðhald kærða því synjað.

Kærði hefur lýst sig fúsan til þess að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sínu, en af hálfu RLR er þó haldið fast við kröfu þar að lútandi. Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til d-liðar 2. tl. 2. mgr. 75. gr. laga 74, 1974, sbr. 1. 107, 1976, þykir rétt að ákveða, að kærði skuli gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.

Úrskurðarorð:

Kærði, Reynir Lúthersson, skal sæta geðheilbrigðisrannsókn.
Kröfu RLR um gæsluvarðhald kærða er synjað.

Mánudaginn 21. maí 1984.

Nr. 28/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jakob Kristjánssyni
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

Bifreiðar. Sýknað af ákæru fyrir of hraðan akstur samkv. 3. og 4. mgr. 40. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var af ákæruvaldsins hálfu skotið til Hæstaréttar með stefndu 13. janúar 1984. Er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og hann dæmdur til refsingar, ökuleyfissviptingar og greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði svo og að hann

verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð.

Af ákærða hálfu er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds í málinu og að allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti verði lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun, en til vara, að refsing ákærða verði látin falla niður og sakarkostnaður allur greiddur úr ríkissjóði.

Ágrip barst Hæstarétti 11. apríl 1984.

Svo sem í héraðsdómi greinir, er það rangt í ákæruskjali, að hin síðari hraðamæling, sem ákæra er reist á, hafi verið gerð á Miklubraut, heldur er vegarkafli sá, sem um ræðir, á Vesturlandsvegi í Reykjavík. Með skírskotun til raka þeirra, sem í héraðsdómi greinir, þykja mistök þessi ekki koma að sök, og má una við niðurstöðu héraðsdóms um þetta atriði. Þá er ljóst, að ákæruskjal er einnig rangt að því leyti, að hin fyrri mæling, sem ákæra er á reist, var gerð á Kleppsvegi í Reykjavík á móts við Laugarásbíó en ekki á Elliðavogi, svo sem í ákæru greinir. Þá er ákæra ófullkomin að því leyti, að ekki er getið um, hvenær sólarhrings atburðir þeir áttu að hafa skeð, sem ákært er út af, heldur aðeins tilgreind dagsetning. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti tók verjandi ákærða fram, að eigi yrði um villst, hvar og hvenær atburðir þeir, sem ákært er út af, hefðu skeð, og stendur ónákvæmni þessi ekki því í vegi, að efnisdómur verði lagður á málið, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Með þessum leiðréttingum eru málavextir skýrir, eins og þeim er lýst í héraðsdómi, og leggja verður til grundvallar frásögn ákærða sjálfs um hraða á Vesturlandsvegi, svo sem í héraðsdómi er gert.

Fallast ber á það mat héraðsdómara, að ákærði hafi verið á ferð á brunastað samkvæmt ósk slökkviliðs og að hann hafi mátt gera ráð fyrir því, að hann gæti orðið að liði í sambandi við slökkvistarf. Hefði honum því borið að hraða för sinni. Samkvæmt 3. og 4. mgr. 40. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er, þegar þannig stendur á, heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um hámarkshraða, enda sé þá, ef um einkabifreið er að ræða, notuð hvít veifa til auðkenningar ökutækinu. Ákærði auðkenndi ökutæki sitt ekki með þessum hætti við akstur þann, sem mál þetta er risið út af.

Sérreglur 1. - 4. mgr. 40. gr. umferðarlaga eru settar í samræmi við neyðarréttarsjónarmið. Ber að túlka þær með hliðsjón af því.

Er litið er til hagsmuna þeirra, sem í húfi gátu verið, ástands og gerðar vega þeirra, sem um var ekið, og þess, að atburðir þessir skeðu að næturþeli, er umferð var mjög lítil, verður skortur á réttri merkingu bifreiðarinnar eigi svo þungur á metum, að undanþáguákvæði 3. og 4. mgr. 40. gr. umferðarlaga taki eigi til háttsemi ákærða, eins og hér stóð á. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, en þau þykja hæfilega ákveðin 8.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. nóvember 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 2. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 479/1983: Ákæruvaldið gegn Jakob Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 21. október sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 15. júlí 1983, gegn ákærða, Jakob Kristjánssyni deildarstjóra, Snorrabraut 22, Reykjavík, fæddum þar í borg 12. febrúar 1960, „fyrir að hafa, föstudaginn 25. febrúar 1983, ekið bifreiðinni R-33333 með 92 kílómetra hraða miðað við klukkustund austur Elliðavog í Reykjavík á móts við Laugarásbíó og með 105 kílómetra hraða miðað við klukkustund austur Miklubraut (sic) frá Esso, Ártúnsbrekku, að Höfðabakka.

Telst þetta varða við 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, sbr. samþykkt nr. 318, 1977 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2, 1930.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Aðfaranótt föstudagsins 25. febrúar 1983, skömmu eftir miðnætti, fékk ákærði, Jakob Kristjánsson, boð frá fjarskiptamiðstöð fyrirtækisins Securitas sf., en ákærði er deildarstjóri hjá því fyrirtæki, um að koma að Höfðabakka 9 í Reykjavík, þar sem eldur var laus. Slökkviliðið í Reykjavík hafði óskað þess, að maður frá Securitas kæmi á vettvang. Á leið sinni að Höfðabakka 9 ók ákærði bifreið sinni, R-33333, austur Elliðavog og síðan austur Vesturlandsveg. Á Elliðavogi á móts við Laugarásbíó voru lögreglumenn við hraðamælingar með ratsjá, og samkvæmt skýrslu lögreglunnar, sem er tímasett kl. 00:40 aðfaranótt 25. febrúar, og framburði lögrelgumannanna Jakobs Þórarinssonar, Ellerts Vigfússonar og Sigurðar Snorrasonar, sem hraðamælingarnar önnuðust, mældist hraði bifreiðar ákærða á Elliðavogi 92 km/klst. Lögreglumennirnir veittu bifreið ákærða því eftirför og höfðu tal af ákærða við gatnamót Vesturlandsvegar og Höfðabakka.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 26. apríl sl. taldi ákærði sig hafa ekið á um 85 - 90 km hraða á Elliðavogi, en er hann kom fyrir dóminn, kvaðst hann ekki vefengja hraðamælingu lögreglunnar, þ.e. að hann hafi ekið á 92 km hraða, er hann var á móts við Laugarásbíó.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var hraði bifreiðar ákærða einnig mældur ,,á vegarkaflanum frá Esso Ártúnsbrekku og að Höfðabakka, á Miklubraut.“ Var það gert með því að halda jöfnu bili á milli bifreiðar ákærða og lögreglubifreiðarinnar, og sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar þá 105 km/klst. Þá segir, að ákærði hafi ,,á mældri leið“ ekið fram úr bifreið frá slökkviliðinu, sem var með rauð aðvörunarljós. Myrkur hafi verið, er þetta gerðist, lítil umferð og þurrt.

Ákærði hefur skýrt svo frá við yfirheyrslur hjá lögreglu og í dómi, að hann hafi ekið austur Ártúnsbrekku á um 95 km hraða og frá Esso við Ártúnsbrekku að Höfðabakka á um 95 - 100 km hraða, en að hann hafi aldrei ekið hraðar en 100 km/klst. Hann hafi ekið eftir vinstri akrein upp Ártúnsbrekku og fram úr körfubíl slökkviliðsins, sem var komin um þriðjung upp brekkuna og ók á um 45 km hraða. Ákærði kvaðst hafa séð kyrrstæða lögreglubifreið, þegar hann ók austur Elliðavog, en ekki orðið var við, að honum væri veitt eftirför, fyrr en skömmu áður en hann kom að gatnamótum Vesturlandsvegar og Höfðabakka, en þar hafi hann orðið að stöðva, þar sem rautt ljós logaði á götuvita. Ákærði kvaðst hafa séð, hvar lögreglubifreiðin kom upp fyrir brún Ártúnsbrekku, skömmu áður en hann stöðvaði, og hafi hann enn verið við gatnamótin, er lögreglan kom þar að. Hann vefengdi því hraðamælingu lögreglunnar á Vesturlandsvegi.

Ákærði kvaðst hafa verið á leið að Höfðabakka 9 að beiðni slökkviliðsins, en boð um það hafi hann fengið frá fjarskiptastöð Securitas. Elds hafði orðið vart í Höfðabakka 9, og þar sem honum var kunnugt um, að í húsinu

voru ýmis eldfim og hættuleg efni og hann þekkti vel aðstæður í húsinu og hafði skrá um staðsetningu fyrrnefndra efna, hafi hann flýtt sér á vettvang án þess þó að stofna sjálfum sér eða öðrum í hættu. Honum hafi ekki verið ljóst, hvar í húsinu eldurinn var né hve mikill hann var. Ákærði kvað fyrirtækið Securitas annast öryggisgæslu 7 fyrirtækja í Höfðabakka 9.

Vitnin Jakob Þórarinsson, Ellert Vigfússon og Sigurður Snorrason lögreglumenn voru yfirheyrð hjá lögreglu og báru þá um hraðamælinguna á Vesturlandsvegi á sama hátt. Kváðust vitnin hafa veitt bifreið ákærða eftirför eftir að hafa mælt hraða hennar á Elliðavogi 92 km/klst og að hafa einnig mælt hraða hennar „á vegarkaflanum frá Esso, Ártúnsbrekku og að Höfðabakka" með því að halda jöfnu bili á milli bifreiðanna. Hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt 105 km/klst. Þeir hafi „náð" að stöðva akstur ákærða við gatnamót Höfðabakka og Vesturlandsvegar og hafi ákærði skýrt þeim frá því, að hann væri starfsmaður Securitas og væri á leið í Höfðabakka 9 vegna atvinnu sinnar.

Er vitnið Jakob Þórarinsson kom fyrir dóminn, kvað það ákærða hafa ekið fram úr slökkviliðsbifreið í Ártúnsbrekku á móts við syðri Essostöðina, en er lögreglubifreiðin var á móts við stöðina, hafi hraðamælingin hafist með því að halda jöfnu bili á milli bifreiðanna. Taldi vitnið bilið á milli þeirra hafa verið um 300 - 500 m. Það mundi ekki, á hve löngum kafla mælingin fór fram, en henni hafi verið lokið áður en ákærði dró úr hraðanum, er hann nálgaðist Höfðabakka. Vitnið kvað hafa verið myrkur, en það hafi þó séð, að bilið á milli bifreiðanna hélst stöðugt.

Vitnið Ellert Vigfússon skýrði svo frá fyrir dómi, að bifreið ákærða hafi verið veitt eftirför, eftir að hraði hennar hafði verið mældur á Elliðavogi. Ekki mundi það, hvort þeir lögreglumennirnir misstu sjónar á bifreiðinni í fyrstu, en er lögreglubifreiðin var á móts við hús bifreiðaeftirlitsins við Dugguvog, hafi það séð bifreið ákærða ekið inn á afrennslið af Elliðavogi inn á Vesturlandsveg. Á móts við kartöflugeymslurnar við Ártúnsbrekku eða nokkru neðar í brekkunni hafi ákærði ekið fram úr slökkviliðsbifreið, en er lögreglubifreiðin var komin ofarlega í brekkunar, hafi hraði ákærða verið mældur frá þeim stað og langleiðina að Höfðabakka með því að halda jöfnu bili á milli bifreiðanna. Vitnið gat ekki sagt um, hve langt bil var á milli bifreiðanna, en kvað framburð ákærða þar um vera rangan. Minnti það, að bilið hafi verið orðið svo stutt, að bifreið ákærða hafi ekki farið í hvarf, eftir að hún var komin upp Ártúnsbrekku.

Vitnið kvaðst hafa setið í aftursæti lögreglubifreiðarinnar og fylgst þaðan með ratsjárskermi, sem sýndi hraða lögreglubifreiðarinnar, og jafnframt því, að bilið á milli bifreiðanna hélst stöðugt.

Vitnið Sigurður Snorrason skýrði svo frá fyrir dómi, að ákærði hafi ekið fram úr slökkviliðsbifreið neðarlega í Ártúnsbrekku skömmu á undan lög-

reglubifreiðinni. Frá stað u.þ.b. við Nesti og austur undir Höfðabakka hafi hraði bifreiðar ákærða verið mældur með því að halda jöfnu bili milli bifreiðanna, en ekki vissi vitnið, hve langt bilið var né hve langan tíma mælingin varði. Það kvaðst hafa fylgst með hraðamæli lögreglubifreiðarinnar og ratsjá, sem hvort tveggja sýndi 105 km/klst, og jafnframt séð, að bilið á milli bifreiðanna hélst jafnt.

Lagt hefur verið fram í máli þessu bréf Hrólfs Jónssonar, varaslökkviliðsstjóra í Reykjavík, dags. 25. apríl sl., svohljóðandi: „Í febrúar var tilkynnt um eld í Höfðabakka 9. Fór slökkviliðið á staðinn. Að beiðni þess kom maður frá fyrirtækinu Securitas þangað. Hafði hann undir höndum lykla að húsinu og gangmerkar upplýsingar um húsakynni og fleira. Hefði tvímælalaust skipt máli að hafa þetta undir höndum ef um verulegan eld hefði verið að ræða.

Í þessu tilfelli var þó um lítinn eld að ræða sem betur fer. Var þó ekki hægt að vita það fyrir víst eftir tilkynningunni."

Hrólfur Jónsson hefur staðfest framangreint bréf fyrir dómi og jafnframt skýrt svo frá, að vaktmaður hjá slökkviliðinu hafi óskað eftir því, að maður frá fyrirtækinu Securitas, sem hefði lykla að Höfðabakka 9 og upplýsingar um húsakynni, kæmi þangað slökkviliðinu til aðstoðar. Hann taldi, að ekki hafi verið óskað sérstaklega eftir, að ákærði kæmi á staðinn, og efaðist um, að sérstaklega hafi verið óskað eftir, að hann hraðaði sér.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var henni tilkynnt um eld í Höfðabakka 9 aðfaranótt 25. febrúar, kl. 00:35. Slökkviliðsmenn, sem komu á vettvang á undan lögreglu, höfðu brotið rúðu í verksmiðjusal fyrirtækisins Glit h/f og slökkt á svipstundu eld, sem logaði þar í trékassa. Litlar skemmdur urðu af eldi.

Niðurstöður.

Í ákæruskjali er ákærði sagður hafa ekið austur Miklubraut frá Esso, Ártúnsbrekku, að Höfðabakka. Vegarkafli sá, sem hér er átt við, heitir Vesturlandsvegur. Athygli ákærða var vakin á þessu og vörn hefur ekki orðið áfátt af þessum sökum. Þykja því mistök þessi ekki koma að sök, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974.

Telja verður sannað með framburði lögreglumannanna þriggja, sem ákærði hefur ekki vefengt, að hraði bifreiðar ákærða á Elliðavogi á móts við Laugarásbíó hafi verið 92 km/klst.

Samkvæmt framburði ákærða ók hann með 95 - 100 km hraða á Vesturlandsvegi á vegarkaflanum frá Essostöðinni að Höfðabakka, þar sem hann varð að stöðva vegna umferðarljósa. Skömmu áður en hann nam staðar, sá hann lögreglubifreiðina koma upp fyrir brún Ártúnsbrekku. Lögreglumennirnir þrír hafa á hinn bóginn borið, að með því að halda jöfnu

bili á milli bifreiðanna, hafi þeir mælt hraða bifreiðar ákærða 105 km/klst. Aðeins einn lögreglumannanna hefur þó getað tjáð sig um bilið, sem var á milli bifreiðanna.

Draga verður í efa, að unnt sé að mæla hraða bifreiðar á þann hátt, sem hér var gert, með svo mikilli nákvæmni, að ekki geti skeikað 5 til 10 km/klst, þegar litið er til þess, að skuggsýnt var, bilið á milli bifreiðanna 300 til 500 m samkvæmt framburði vitnisins Jakobs Þórarinssonar og ekki mælt á lengri leið en frá Ártúnsbrekku eða Esso-stöðinni og þar til bifreið ákærða, sem samkvæmt framansögðu var 300 - 500 m á undan lögreglubifreiðinni, átti skammt ófarið að Höfðabakka. Þegar þessa er gætt, þykir verða að leggja til grundvallar framburð ákærða um hraða bifreiðar hans á Vesturlandsvegi á vegarkaflanaum frá Esso við Ártúnsbrekku að Höfðabakka.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu á grundvelli 13. gr. alm. hegningarlaga og 4. mgr. 40. gr. umferðarlaga.

Upplýst er, að ákærði var sem starfsmaður fyrirtækisins Securitas sf. á leið í Höfðabakka 9 að beiðni slökkviliðsins því til aðstoðar. Honum var kunnugt um, að þar var eldur uppi, en hvorki hann né slökkviliðið vissi, hve mikill hann var né hvar í húsinu. Ákærði, sem bjó yfir vitneskju, sem hann mátti gera ráð fyrir, að gæti orðið slökkviliðinu að gagni við slökkvistarf, hlaut því að ætla, að honum bæri að hraða sér á vettvang, þar sem verulegir hagsmunir væru í húfi.

Samkvæmt skýrslum lögreglunnar ók ákærði um Elliðavog við Laugarásbíó 5 mínútum eftir að lögreglunni var tilkynnt um brunann. Mældist hraði hans þá 92 km/klst. Svo sem fyrr segir, þykir verða að leggja til grundvallar, að ákærði hafi ekið með 95 til 100 km hraða á Vesturlandsvegi. Samkvæmt skýrslu lögreglu og framburði ákærða var lítil umferð og þurrt veður, en dimmt.

Samkvæmt 3. og 4. mgr. 40. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 eru ökutæki, sem notuð er í þjónustu slökkviliðs, undanþegin ákvæðum laganna um hámarkshraða, þegar brýna nauðsyn ber til, enda skulu þau auðkennd greinilega með hvítri veifu. Heimilaður hámarkshraði á Elliðavogi við Laugarásbíó er 50 km/klst, en á Vesturlandsvegi vestan Höfðabakka 60 km/klst, sbr. samþykkt nr. 318/1977 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2/1930. Bifreið ákærða var ekki auðkennd með hvítri veifu, en telja verður, að hagsmunir þeir, sem ákærði hlaut að telja vera í hættu í Höfðabakka 9, hafi verið að miklum mun meiri en þeir hagsmunir, sem kunna að hafa verið skertir með akstri hans, einkum þegar litið er til þess, að umferð um Elliðavog og Vesturlandsveg var mjög lítil, tvær akreinar eru fyrir hvora akurstefnu á þessum götum og hraði bifreiðar ákærða ekki

yfir 100 km/klst. Samkvæmt grundvallarreglu 13. gr. alm. hegingarlaga nr. 19, 1940 þykir því akstur ákærða umrætt sinn eiga að vera refsilaus. Samkvæmt því ber að sýkna hann af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Svo sem lyktir máls þessa hafa orðið, ber samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74, 1974 að leggja allan kostnað vegna máls þessa á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hafsteins Baldvinssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 6.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jakob Kristjánsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hafsteins Baldvinssonar hrl., 6.000 krónur.

Mánudaginn 21. maí 1984.

Nr. 168/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Þóri Jóhanni Eyþórssyni
(Sveinn Snorrason hrl.)

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu eftir 175. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 74/1974 með stefnu 27. júlí 1983. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms, þó svo, að refsing verði þyngd. Verjandi krefst þess aðallega, að brot ákærða verði virt til viðurlaga eftir 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ágrip málsins barst Hæstarétti 8. febrúar sl.

Eftir uppsögu héraðsdóms beiddist ríkissaksóknari álits Læknaráðs um niðurstöður álitsgerðar Hannesar Pétursson yfirlæknis um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða. Ráðið féllst á niðurstöður hans 12. janúar 1984.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi samfleytt síðan 1. janúar 1983.

Skýrslur ákærða fyrir sakadómi og rannsóknarlögreglu og gögn máls að öðru leyti veita ekki ástæðu til að ætla, að Óskar Árni Blomsterberg hafi átt upptök að átökum í íbúðinni á Kleppsvegi 42 með því að gera sig líklegan til atlögu að ákærða.

Ummæli ákærða í eldhúsinu á Kleppsvegi 42 í áheyrn vitnanna Hafsteins Viðars Jenssonar og Sigurbjörns Gísla Aðalsteinssonar um, að hann ætlaði að drepa Óskar Árna Blomsterberg, taka hans á eldhúshnífnum og sú sérstaka launung, sem ákærði hefur játað að hafa viðhaft til að dylja handhöfn sína á honum, er hann fór úr eldhúsinu inn í stofuna til Óskars Árna, veita eindregna vísbendingu um, að þá hafi sú fyrirætlun búið með ákærða að vega Óskar Árna.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að refsing ákærða verði fangelsi í 14 ár. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi refsingu til frádráttar með fullri dagatölu.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 25.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Jóhann Eyþórsson, sæti fangelsi 14 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 1. janúar 1983 komi refsingu hans til frádráttar. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 25.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. júní 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 30. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birgi Þormar sakadómara kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 267/1983: Ákæruvaldið gegn Þórði Jóhanni Eyþórssyni, sem tekið var til dóms 16. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 13. maí sl., á hendur „Þórði Jóhanni Eyþórssyni, bifreiðarstjóra, Njörvasundi 40 í Reykjavík, fæddum þar í borg 20. ágúst 1957, fyrir að hafa aðfaranótt 1. janúar 1983, svipt Óskar Árna Blomsterberg, til heimilis að Selásbletti 11 A, Reykjavík, lífi þar sem þeir voru gestkomandi í stofu íbúðar á 4. hæð í fjölbýlishúsinu Kleppsvegi 42 í Reykjavík, með því að stinga hann með eldhúshníf fjórum stungum í bakið, þar af gengu þrjár á hol, og ein þeirra á kaf í hægra lungað, sem leiddi Óskar Árna á skammri stundu til dauða.

Verknaður ákærða telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

I.

Samkvæmt dagbók fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar í Reykjavík var beðið símleiðis um lögregluaðstoð að Kleppsvegi 42 í Reykjavík klukkan 5.25 hinn 1. janúar 1983. Kona, sem ekki sagði til nafns síns, bað um lögregluaðstoðina.

Lögregluþjónarnir Sigurður Gunnar Gunnarsson, Ásgarði 40, og Björn Jónsson, Geitlandi 12, voru staddir í lögreglubifreið á Reykjanesbraut við Álfabakka, er tilkynnt var til lögreglubifreiða, að maður hefði orðið fyrir hnífsstungu í íbúð að Kleppsvegi 42. Lögreglumennirnir tveir hröðuðu sér á vettvang. Skömmu síðar var þeim tilkynnt, að sjúkrabifreið væri á leiðinni á staðinn.

Þegar lögreglumennirnir komu í anddyri hússins að Kleppsvegi 42, hittu þeir Hafstein Viðar Jensson, Meistaravöllum 35, og Helgu Móeiði Arnardóttur, Vorsabæ 3. Þau sögðu, að í íbúð á 4. hæð til vinstri lægi maður í blóði sínu. Lögreglumennirnir flýttu sér í íbúðina. Á leiðinni hittu þeir stúlku, sem kom hlaupandi á móti þeim. Stúlka þessi, Bryndís Snorradóttir, Breiðagerði 29, vísaði þeim á Óskar Árna Blomsterberg, þar sem hann lá á bakinu í herbergi, sem er á vinstri hönd, þegar komið er inn úr forstofugangi íbúðarinnar. Óskar Árni lá að mestu á bakinu og að nokkru leyti á hægri hlið. Hægri hönd vísaði upp frá höfðinu, og hvíldi það að nokkru á hendinni. Hægri fótur var boginn um hné út frá hægri hlið líkamans,

en vinstri fótur beinn frá líkamanum. Höfuðið var fast að vegg á norðurhlið íbúðarinnar og fætur snéru í áttina að stofu. Óskar Árni var alblóðugur um vitin og mjög fölur í andliti. Hann var klæddur í frakka utan yfir annan fatnað. Björn Jónsson laut niður að honum og tók undir höfuð hans í þeim tilgangi að hagræða honum betur, en þá kom blóðgusa út úr munni hans. Kallaði Björn þá til Sigurðar Gunnars Gunnarssonar og bað hann að fara út í lögreglubifreiðina og kalla í talstöð, að sjúkralið hraðaði sér á vettvang. Rétt á eftir sá Björn út um glugga, að sjúkrabifreið kom að húsinu. Þráinn Skúlason slökkviliðsmaður, Krummahólum 6, mætti Sigurði Gunnari í anddyri hússins og bað hann að aðstoða Stefán Steingrímsson slökkviliðsmann, Engihjalla 1 í Kópavogi, við að bera sjúkrakörfu. Strax og Þráinn kom á vettvang, athugaði hann, hvort lífsmark væri með Óskari Árna. Hann fann engan púls og greindi ekki neinn andardrátt. Stefán, sem kom örstuttu síðar, greindi heldur ekkert lífsmark með Óskari Árna. Þegar lögreglumönnunum og slökkviliðsmönnunum var ljóst orðið, að Óskar Árni væri látinn, var hringt á vakthafandi lækni á Slysadeild Borgarspítalans og lýst fyrir honum, hvernig ástatt væri. Læknirinn óskaði eftir, að haft yrði samband við næturlækni. Var það gert. Skömmu síðar kom næturlæknir, og úrskurðaði hann Óskar Árna látinn.

Er lögreglumennirnir komu í íbúðina sat, ákærði í stól skammt frá arni og byrgði andlitið í höndum sér. Um það leyti sem slökkviliðsmenn komu á vettvang, sat Bryndís Snorradóttir hjá honum og hélt utan um hann. Ákærði bar merki ölvunar. Hann var æstur og hló ýmist eða grét. Kristjana A. Jensdóttir, Kleppsvegi 42, sat þá í fatahengi íbúðarinnar. Hún var mjög áberandi ölvuð og óviðræðuhæf.

Hafsteinn Viðar Jensson skýrði Birni Jónssyni frá því, að hann hefði orðið vitni að því, er ákærði stakk Óskar Árna.

Eftir komu slökkviliðsmanna snéru lögreglumenn sér að því að vernda vettvang og taka niður nöfn á fólki. Jafnframt var óskað eftir frekari aðstoð lögreglumanna og að rannsóknarlögreglumenn yrðu kallaðir á staðinn.

Auk ákærða og þess fólks, sem nafngreint hefur verið, voru þau Elín Óladóttir, Sæviðarsundi 9, og Sigurbjörn Gísli Aðalsteinsson, Urðarbakka 20, í íbúðinni, þegar Óskar Árni var veginn.

Benedikt Helgi Benediktsson lögreglumaður, Kársnesbraut 109 í Kópavogi, var í hópi lögreglumanna, sem komu til aðstoðar þeim, sem fyrstir urðu á vettvang. Hann spurði fólkið þar um morðvopnið, en enginn kvaðst vita, hvar það væri.

Þórður Kristinn Kormáksson lögreglumaður, Rauðalæk 26, sat við hliðina á ákærða á leiðinni á lögreglustöðina. Ákærði hafði orð á því, að þessi atburður hefði átt langan aðdraganda og væri um gamla óvild að ræða. Hann þráspurði, hvort maðurinn væri látinn, en fékk ekkert svar við því.

Hann grét á leiðinni á lögreglustöðina.

Allt það fólk, sem verið hafði í íbúðinni, þegar ákærði stakk Óskar Árna, var flutt í fangageymslu lögreglunnar. Það fékk að fara frjálst ferða sinna að loknum yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglu ríkisins síðar um daginn.

Jón Magnús Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður reyndi að tala við ákærða nokkru eftir komu hans á lögreglustöðina. Það tókst ekki sökum ölvunar ákærða. Jón Magnús og Smári Sigurðsson rannsóknarlögreglumenn fluttu ákærða til yfirheyrslu í fangelsið að Síðumúla klukkan 16.20. Hann var í uppnámi, en kurteis. Á leiðinni spurði hann, hvernig manninum liði. Þegar hann frétti hið sanna í málinu, varð honum mjög brugðið, og sat hann hljóður eftir það á leiðinni í fangelsið. Við skoðun á líkama ákærða í fangelsinu sáust engir áverkar eða marblettir. Ekkert blóð var að sjá á fötum hans.

Ofangreind frásögn er byggð á skýrslum þeirra lögreglumanna, slökkviliðsmanna og rannsóknarlögreglumanna, sem nafngreindir hafa verið, og allir hafa borið vitni fyrir dómi.

Jóhann Þórður Eyþórsson var að kvöldi hins 1. janúar úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt fram til 9. mars 1983. Hann hafði þá afdráttarlaust viðurkennt brot sitt bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi. Gæsluvarðhaldsvist hans var síðar framlengd allt fram til föstudagsins 1. júlí 1983.

II.

Prófessor Ólafur Bjarnason, dr. med., framkvæmdi hinn 3. janúar 1983 réttarkrufningu á líki Óskars Árna Blomsterberg.

Í skýrslu hans segir m.a.:

— — —

„Ályktun:

Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því sem fannst við krufninguna er ljóst að manninum hefir verið ráðinn bani með því að stinga hann þrem hnífstungum í bakið og á hol. Fjórða hnífstungan hefir stöðvast á rifi. Efri stungan hægra megin hefir gengið á kaf í lungað og valdið mikilli blæðingu í brjósthol (1700 ml) og hefir sú stunga orðið manninum að bana. Hann mun einnig hafa hóstað upp og kyngt einhverju magni af blóði sem komið hefir frá þessari stungu. Neðri stungan hægra megin hefir gengið í gegnum þind og lifur og valdið lítilsháttar blæðingu í kviðarhol. Önnur stungan vinstra megin hefir gengið á hol og sært lítillega brúnina á neðri lappa lungans og valdið lítilsháttar blæðingum þeim megin í brjósthol (10 ml).

Maðurinn hefir verið mjög ölvaður er hann lést.“

Smári Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður gerði vettvangsskýrslu. Verða nú rakin meginatriði skýrslunnar:

— — —

Svo sem fram kom í vettvangsskýrslu, fannst blóðugur brauðhnífur í skúffu með eldhúsáhöldum í eldhúsi íbúðarinnar. Lengd hnífsins er 29.2 cm, lengd hnífsblaðsins 14.9 cm, en breidd hnífsblaðs um miðju 1.5 cm. Hnífsskaftið er gróft og viðurinn ólakkaður. Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumaður gerði sérfræðilega rannsókn á hnífnum. Ekki urðu greind fingraför á honum.

Haraldur Árnason tók myndir af vettvangi og af líki Óskars Árna þar að morgni hins 1. janúar 1983.

Ragnar Vignir, aðstoðaryfirlögregluþjónn í rannsóknarlögreglu ríkisins, tók myndir af fatnaði Óskars Árna og ritaði skýringar með myndunum. Þar kemur m.a. fram, að á skyrtu og jakka voru fjögur stungugöt að aftan. Á frakka voru sjö göt. Þrjú þeirra voru á baki hans. Eitt var undir vinstri ermi og annað framan og neðan við vinstri öxl. Gat var neðan við næstneðstu tölu vinstra megin og annað neðan við neðstu tölu. Öll götin, að því síðastnefnda undanskildu, gengu inn úr fóðri.

Haraldur Árnason fékk uppdrátt af útveggjum íbúðarinnar hjá skrifstofu borgarverkfræðings í Reykjavík. Inn á hana teiknaði hann innréttingar, húsgögn og annað það, sem varðaði sakarefnið.

Loks tók Haraldur Árnason myndir í íbúðinni að Kleppsvegi, þar sem sviðsett var víg Óskars Árna eftir fyrirsögn ákærða.

Allir framangreindir rannsóknarlögreglumenn hafa komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar, myndir og uppdrátt.

Ákærða var tekið blóð til rannsóknar klukkan 7.45. Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, dagsettu 3. janúar 1983, reyndust vera 2.83‰ alkóhóls í blóðinu.

III.

Verður nú rakin frásögn ákærða um aðdragandann að atviki því, sem hann er nú ákærður fyrir. Jafnframt verður greint frá framburði vitna.

Fyrstu kynni ákærða og Óskars Árna Blomsterberg voru í slagsmálum við veitingahúsið Þórscafé, þegar ákærði var 16 ára gamall. Þeim ákærða varð sundurorða vegna stúlku þar á staðnum og ruku saman, og hafði ákærði að skella Óskari í gólfið. Nokkrir vinir Óskars komu aðvífandi og réðust að ákærða. Ásamt Óskari spörkuðu þeir síðan í hann í nokkrar mínútur, þar sem hann lá á gólfinu, fyrst í nefið, síðan í bringspalirnar, þannig að hann náði ekki andanum, og um allt kviðarhol. Dyravörður stöðvaði strákana og tók ákærða fram í eldhús og þreif hann í framan. Ákærði segir þetta hafa verið hið lúalegasta, sem hann hafi lent í, þ.e. að Óskar

hafi með fulltingi þriggja vina sinna barið á honum, þar sem hann lá í gólfinu og þeir síðan hlegið að honum á eftir.

Ákærði hefur ekki getað nefnt nein vitni að atburði þessum.

Faðir ákærða, Jan Eyþór Benediktsson, Njörvasundi 40, hefur verið spurður um þetta atriði fyrir dómi. Hann rámaði í það, að þegar ákærði var 16 ára, að því er hann taldi, heyrði hann eftir móður ákærða sögu um, að hann hefði lent í átökum í Þórscafé, en þar hafði hann lent í deilum við mann út af notkun á sæti. Deilurnar leiddu til þess, að ákærði lagði mann þennan. Þá komu kunningjar mannsins og spörkuðu í ákærða. Vitnið minnti, að ákærði hefði ekki viljað kæra þennan atburð til lögreglu vegna ótta um eftirköst, sem af því kynnu að hljótast. Vitnið kannaðist ekki við að hafa heyrt nafn Óskars Árna fyrr en um áramótin.

Á næstu árum eftir atburð þennan rakst ákærði einstaka sinnum á Óskar Árna af tilviljun á dansleikjum. Hann hafði fyrst um sinn fullan hug á að jafna málið með slagsmálum, en hugsaði síðan ekki meir um það. Eitt sinn er ákærði var í veitingahúsinu Klúbbnum með stúlku, sem hafði þekkt Óskar, rákust þau á Óskar af tilviljum. Stúlkan heilsaði Óskari, en ákærði mun hafa sagt: „Hvað ertu að þvælast með þessum asna?“

Ákærði rakst síðan ekki aftur á Óskar Árna í nokkur ár, þar til þeir hittust af tilviljun í desembermánuði sl. Ákærði hafði verið fenginn til þess að aka kjöti frá versluninni Víði til fyrirtækisins Kjöts og áleggs við Smiðjustíg, en eigandi þess er Marius Blomsterberg, faðir Óskars Árna. Óskar Árni tók á móti kjötinu og gekk í fyrstu vel að losa bílinn og yrtu þeir ekki á hvor annan. Er hins vegar kom að því að hreinsa bílinn, þá taldi ákærði að pappi, sem verið hafði til hlífðar kjötinu, ætti að fylgja kjötsendingunni, en Óskar Árni neitaði því og krafðist þess, að ákærði færi á brott með pappann. Af þessu spannst rifrildi milli þeirra. Ákærða fannst Óskar Árni „vera að spila sig stóran“ og gera ákærða fyrirlitlegan í augum samstarfsmanns. Á eftir fóru þeir inn á skrifstofuna, og að sögn ákærða neitaði Óskar Árni í fyrstu að greiða akstursreikninginn og dró í efa, að upphæðin væri rétt, en greiddi þó reikninginn að lokum. Ákærða fannst hann hafa verið niðurlægður og ákvað að aka ekki aftur fyrir þetta fyrirtæki.

Guðbjörg Erla Ingólfsdóttir skrifstofumaður til heimilis að Háagerði 53, fædd 15. apríl 1957 í Reykjavík, var gift ákærða frá 29. desember 1978, þar til þau fengu lögskilnað í mars 1982. Fyrir dómi hefur hún skýrt svo frá, að hún hafi kannast við Óskar Árna frá 13 ára aldri, en þó vart verið málkunnug honum. Hún kannast við að hafa heyrt ákærða segja frá því, að eitt sinn hefði Óskar Árni látið menn berja hann fyrir utan skemmtistað, en sjálfur staðið hjá og hlegið. Hún sagði, að þau ákærði hefðu af og til séð Óskar Árna á veitingahúsum, en þó ekki mjög oft. Hún heyrði þá aldrei

munnhöggvast. Ákærði vildi ekki, að hún væri að heilsa Óskari Árna eða hafa nein samskipti við hann. Hún taldi ekki, að ákærði hefði borið hatur shug til Óskars Árna, en sagði, að hann hefði ekki talað við fólk, sem honum geðjaðist ekki að.

Gunnar Hólm Karlsson hreingerningamaður, Dalalandi 7, fæddur 21. maí 1955, hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi orðið áhorfandi að því á Þorlákssmessu 1979, að ákærði og Óskar Árni, sem hann þekkti báða, áttu orðaskipti á veitingastaðnum Hollywood. Meira vissi vitnið ekki um samskipti þeirra.

Ingunn Sigurgeirsdóttir nemi, Laugavegi 147, fædd 25. desember 1957, hefur skýrt frá því fyrir dómi, að um áramótin 1978 - 1979 hafi hún verið með Óskari Árna í veitingahúsinu Hollywood. Var þetta sennilega um jólaleytið. Með þeim tveimur var kunningi Óskars Árna, Gunnar Hólm. Hún mundi, að í veitingahúsinu þreif maður í Óskar Árna, og þeir deildu eitthvað. Hún þekkti ekki mann þennan. Hún mundi, að Gunnar Hólm spurði Óskar, hvort hann þekkti manninn. Hann kvaðst kannast við manninn, en ekki þekkja hann.

Marius Blomsterberg kjötiðnaðarmaður, til heimilis að Lambastekk 2, fæddur 15 janúar 1927, hefur mætt fyrir dómi vegna máls þessa. Hann var faðir Óskars Árna. Hann kvaðst hafa undir höndum nótu frá Nýju Sendibílastöðinni, dagsetta 7. desember 1982. Þar er kvittað fyrir móttöku ökugjalds með nafnnúmeri, sem hann síðar sannreyndi, að var nafnnúmer ákærða. Reikningurinn var fyrir akstur á kjötvörum, sem sendar voru til fyrirtækis hans frá versluninni Víði. Hann fól þeim Óskari Árna og Ómari Kristvinssyni að hjálpa til að losa vörurnar úr sendibifreiðinni. Hann fylgdist álengdar með því verki og einnig með ágreiningi, sem kom upp eftir losun bifreiðarinnar. Þá heyrðist háreysti og Óskar Árni kallaði til hans og spurði, hvort hann ætti að taka við rusli úr bifreiðinni. Hann svaraði, að það kæmi ekki til greina. Í framhaldi af þessu og eftir að hafa fengið greiðslu fyrir aksturinn skellti bifreiðastjórinn tvisvar hurðum, svo glumdi í. Vitnið vissi ekki til þess, að Óskar Árni þekkti bifreiðastjórann.

Ómar Kristvinsson verslunarmaður, Breiðvangi 4 í Hafnarfirði, fæddur 9. maí 1950, hefur gefið skýrslu fyrir dómi. Hann var mágur Óskars Árna. Hann minntist þess, að í fyrri hluta desember 1982 kom sendiferðabifreið frá Nýju Sendibílastöðinni með vörur frá versluninni Víði að Kjöti og áleggi, þar sem hann vann. Bifreiðinni var ekið að vörumóttöku, og hjálpuðu þeir Óskar Árni bifreiðastjóranum að losa kjötvörur úr bifreiðinni. Ekkert benti til þess, að bifreiðastjórinn og Óskar Árni þekktust. Þegar losun var lokið, óskaði bifreiðastjórinn eftir að fá að setja pappa undan kjötvörunni inn í kjötvinnsluna. Þá kastaðist í kekki milli mannsins og Óskars Árna. Óskar Árni vildi ekki taka við pappanum. Hann sagði mat-

vörur vera í vinnslunni og þar allt yfirfullt. Ómari fannst bifreiðastjórinn vera fljótur að reiðast. Hann taldi deilur þessar vera barnalegar og fór á brott. Meira vissi hann ekki um samskipti bifreiðastjórans og Óskars Árna.

Ákærði þekkti Óskar Árna ekki með nafni fyrr en eftir atburði nýársnætur. Hann kannaðist við hann undir viðurnefninu Skari. Ómar Kristvinsson hefur upplýst, að Óskar Árni hafi gengið undir þessu nafni meðal kunningja.

IV.

Neðangreind frásögn er byggð á skýrslu ákærða fyrir dómi hinn 3. júní 1983.

Ákærði stundaði atvinnu sína sem sendibifreiðastjóri á milli jóla og nýárs og fram eftir degi fimmtudaginn 30. desember. Um kvöldið þann dag fór hann ásamt kunningja sínum, Páli Imsland, á heimili Kristjönu Rögnu Jensdóttur að Kleppsvegi 42. Á 4. hæð þar til vinstri hafði Kristjana íbúð á leigu ásamt annarri konu, sem ekki var í borginni um áramótin. Auk Kristjönu var þar stödd Bryndís Snorradóttir. Ákærði hafði þá þekkt Bryndísi í um það bil eitt og hálft ár. Kynni þeirra voru náin síðustu mánuðina, en þau höfðu þó ekki búið saman. Ákærði hafði þekkt Kristjönu í jafnlangan tíma og komið nokkrum sinnum á heimili hennar. Ákærði neytti áfengis, eftir að hann kom í íbúðina. Nálægt miðnætti fóru þau fjögur í veitingahúsið Klúbbinn. Þar neytti ákærði einnig áfengis. Á milli klukkan 4.00 og 4.30 kom ákærði heim til sín. Hann bjó þá á Njálsgötu 79, en var skráður til lögheimilis að Njörvasundi 49. Ákærði var orðinn mjög drukkinn, þegar hann kom heim. Hann vaknaði milli klukkan 10.00 og 11.00 næsta dag og var þá enn drukkinn. Skömmu síðar fór hann heim til Páls Imsland að Snorrabraut 48. Hann var þar til um klukkan 15.00 og voru þeir Páll við áfengisdrykkju. Frá Páli fór ákærði heim til sín og reyndi að sofna, en gat það ekki. Um klukkan 19.00 fór hann aftur heim til Páls, en þangað var hann boðinn í mat. Þar hélt hann áfram áfengisneyslu. Um klukkan 21.00 fór hann til annars kunningja síns á Grettisgötu og hélt þar enn áfram drykkju. Nokkru fyrir miðnætti fór hann enn heim til Páls, en hafði þar stutta dvöl. Þaðan fór hann heim til sín og sótti þangað peninga. Eftir það fór hann á heimili bróður síns, Benedikts, að Grettisgötu 67. Hann telur, að þangað hafi hann komið rétt eftir miðnætti. Benedikt var ekki heima, en stúlka var þar að gæta barna. Hjá henni fékk hann að vita, að Benedikt væri staddur hjá Inga Valgeirssyni að Laugarnesvegi 88. Eftir að hafa talað við bróður sinn í síma fór ákærði í leigubifreið að Laugarnesvegi 88. Ákærði var með geneverbrúsa meðferðis og drakk úr flöskunni á heimili Inga. Eftir nokkra veru þarna, eða um klukkan 2.00 að því er ákærði telur, fór annað fólk, sem statt var þar á dansleik. Ákærði

hafði enga löngun til að verða því samferða. Varð það úr, að hann ákvað að fara að Kleppsvegi 42, en ákærða hafði verið boðið að koma þangað á nýársnótt, og stutt var að fara þangað.

Er ákærði kom á Kleppsveg 42, hafði hann meðferðis geneverbrúsann, en lítið var orðið eftir í honum. Ákærði telur, að klukkan hafi verið rúmlega 2.00, þegar hann kom á Kleppsveginn. Hann man, að þá voru þar fyrir Kristjana Jensdóttir og Bryndís Snorradóttir. Um þetta leyti var ákærði orðinn mjög drukkinn, þreyttur og svefnvana. Hann á erfitt með að tímasetja, hvenær aðrir komu í samkvæmið. Ákærði man, að í samkvæminu var Hafsteinn Viðar, bróðir Kristjönu, tvær stúlkur og annar piltur. Ákærði getur ekki fullyrt neitt um það, hvort þetta fólk var komið á undan honum.

Þegar ákærði kom á Kleppsveg, settist hann í þriggja sæta sófa, sem var undir glugga við suðurvegg stofunnar. Bryndís sat í sófanum honum til vinstri handar, en Kristjana í tveggja sæta sófa við vesturvegg stofunnar. Gegnt þriggja sæta sófanum var stóll, og á milli sófans og stólsins var ílangt ferkantað sófaborð.

Ákærði man, að einhver maður og stúlka litu við í íbúðinni, en veit ekki, hver þau voru.

Ákærði man, að hann hélt áfram drykkju, eftir að hann kom á Kleppsveginn. Hann minnir, að hann hafi klárað það áfengi, sem hann kom með, og fengið meira áfengi hjá öðrum. Ákærði man, að von var á tveimur varnarliðsmönnum í samkvæmið. Þegar dyrabjöllunni var hringt, bjóst hann við, að það væru þeir, og varð mjög undrandi, þegar hann sá, að þar var kominn Óskar Árni Blomsterberg. Ákærði vissi ekki til þess, að Óskar Árni þekkti þarna nokkra manneskju. Ákærði man, að Óskar Árni talaði fyrst við Kristjönu, eftir að hann kom. Síðan settist hann í stólinn, sem stóð andspænis sófanum, sem ákærði sat í. Ákærði man, að þeir Óskar Árni byrjuðu fljótt að karpa út af fyrri samskiptum, bæði í Þórscafé og hjá fyrirtækinu Kjöti og áleggi í desember sl. Ákærði kveðst telja, að hann hafi átt upphafið að þessu karpi, en Óskar Árni hafi ekki þóst muna eftir fyrri samskiptum þeirra. Ákærði kveðst ekki muna eftir neinum orðaskiptum milli Bryndísar og Óskars Árna. Ákærði man, að þegar Óskar Árni kom, sagði hann við Bryndísi: „Hvað er þetta fífl að gera hérna?“ Einnig man ákærði, að Bryndís bað Kristjönu að koma Óskari Árna burt, því hann væri bara til leiðinda.

Minni ákærða um atburði næturinnar er mjög slitrótt, og segir hann það vera algengt hjá sér eftir mikla drykkju.

Ákærði kveðst muna, að Hafsteinn bað hann um að koma fram í eldhús. Hann minnir, að pilturinn, sem kom með Hafsteini, hafi einnig verið þar inni. Ákærði telur, að Hafsteinn hafi kallað sig fram í eldhús vegna deilna

þeirra Óskars Árna. Ákærði fullyrðir, að aðeins hafi verið talað um almenn mál þarna í eldhúsinu. Hann minnist þess ekki að hafa talað um Óskar Árna né haft þau ummæli þar, að hann ætlaði að drepa Óskar Árna.

Ákærði tók eldhúshníf í eldhúsinu. Ekki man hann, hvar hann tók hnífinn í eldhúsinu né heldur hvort einhver sá hann gera það. Ákærði segir, að þegar hann tók hnífinn, hafi hann gert það til að geta hrætt Óskar Árna með hnífnum, ef til átaka kæmi milli þeirra, en ákærði vissi, að hann var enginn maður til að standa í slagsmálum sökum ölvunar. Hann kveðst aldrei hafa ætlað að drepa Óskar Árna með hnífnum. Ákærði telur, að hann hafi leynt hnífnum í klæðum sínum eða skóm, þegar hann fór úr eldhúsinu inn í stofuna. Hann getur ekkert fullyrt um það, á hvern hátt hann leyndi hnífnum. Hann man ekki, hvaða manneskjur voru í stofunni, þegar hann kom þar aftur inn. Ákærði kveðst hafa sest í sófann, þar sem hann sat áður, og héldu þeir Óskar Árni áfram að rífast. Ákærða minnir, að Óskar Árni hafi staðið upp úr stólnum og hann sjálfur strax á eftir. Eftir það tókust þeir fangbrögðum, og gerðist það á svæði, sem afmarkaðist af austurenda sófaborðsins og sjónvarpstæki. Þegar þeir tókust á, var ákærði með hnífinn í hægri hendi. Ákærði ætlaði að rífa sig lausan með því að berja Óskar Árna með hnífsskaftinu á milli herðablaðanna, en áður en til þess kom í átökunum, hafði ákærði barið Óskar Árna með hnúum hægri handar, þar sem hann hélt einnig á hnífnum. Ákærði gerði sér ekki grein fyrir, hvernig hnífurinn snéri í hendi hans, fyrr en þeir tveir hrukku sundur, en þá varð honum litið á hægri hönd sína og sá þá, hvernig hnífurinn snéri, eða öfugt við það, sem hann hafði ætlað, þ.e. hnífsblaðið stóð upp úr greip hægri handar, en snéri ekki niður, eins og ákærði hafði haldið. Ákærði heyrði kurra í Óskari Árna og sá einnig á látbragði hans, að hann hafði slasast.

Ákærði telur, að átökum þeirra tveggja hafi lokið bak við stólinn, sem Óskar Árni hafði áður setið í. Ákærði minnist þess að hafa séð Óskar ganga frá þessu svæði í átt að svaladyrum. Næst minnist hann þess að hafa séð Óskar Árna á gólfinu við arininn, en þá fyrst sá hann blóðbletti á gólfinu. Ákærði man, að hann bað einhvern um að hringja á sjúkrabifreið og ítrekaði hann þá ósk. Hann man, að hann sá Óskar Árna halda áfram að skríða eftir gólfinu í stofunni. Hann man, að þau Bryndís sátu saman í sófa og biðu komu lögreglunnar. Ákærða rámar í að hafa stungið hnífnum niður í sófaborð, eftir að verknaðurinn var framinn. Ákærði kveðst hafa sett hnífinn þar, til þess að lögreglan gæti gengið beint að honum. Hann rámar í, að Kristjana hafi ætlað að fjarlægja hnífinn af borðinu. Hann minnist þess ekki að hafa stungið hnífnum nema einu sinni í borðið. Hann kannast ekki við að hafa stungið í frakka Óskars Árna að framanverðu.

Í þinghaldi hinn 16. júní var að ósk verjanda borin undir ákærða sú

staðhæfing hans hjá geðlækni, að Óskar Árni hefði að öllum líkindum verið með plastpoka með áfengisflösku í hendinni, og að hann hefði talið, að Óskar ætlaði e.t.v. að slá sig með flöskunni. Ákærði kannaðist við að hafa sagt lækninum þetta og jafnframt sagt, að hann myndi óljóst eftir atburðum. Hann óskaði að taka fram, að hann hefði talið þetta vera rétt, þegar hann sagði lækninum það.

Verður nú rakinn framburður vitna fyrir dómi.

Kristjana Ragna Jensdóttir, ráðskona að Setbergi í Nesjahreppi í Hornafirði, fædd 27. júní 1955, áður búsett að Kleppsvegi 42, kvaðst hafa boðið Bryndísi Snorradóttur og ákærða heim til sín á nýársnótt. Gerðist þetta á milli jóla og nýárs. Einnig bauð vitnið bróður sínum, Hafsteini Viðari, vinkonu hans, Helgu Móeiði Arnardóttur, og loks kunningjafólki sínu, Björgu Ólafsdóttur og Sigurði Arnórssyni. Vitnið var á heimili foreldra sinna á gamlárskvöld. Stuttu eftir miðnætti sótti Bryndís vitnið, og fóru þær á Kleppsveginn. Þegar hér var komið sögu, hafði vitnið aðeins drukkið úr 2-3 glösum af rauðvíni. Vitnið átti óátekna flösku af genever heima hjá sér. Eftir að þangað var komið, byrjaði vitnið að neyta áfengis í ríkum mæli. Vitnið kvaðst hafa átt vanda til þess í seinni tíð að muna ekki eftir atburðum, sem gerðust á þeim tíma, er það neytti verulegs magns áfengis.

Vitnið taldi, að fyrstu gestirnir, sem komu á eftir þeim Bryndísi, hafi verið Hafsteinn Viðar, Helga Móeiður Arnardóttir, Elín Óladóttir og Sigurbjörn Gísli Aðalsteinsson. Ekki treysti vitnið sér til að staðhæfa neitt um tímasetningar varðandi komu gesta. Vitnið minnti, að ákærði hefði komið á eftir fyrrgreindu fólki og taldi, að hann hefði ekki verið ölvaðri en aðrir. Vitnið mundi, að spilað var á hljómplötur, fólk spjallaði saman og myndir voru teknar. Vitnið mundi, að Sigurður Arnórsson og Björg Ólafsdóttir komu, en höfðu stutta viðdvöl.

Vitnið mundi, að Óskar Árni hringdi og boðaði komu sína. Annað hvort þegar hann hringdi eða eftir að hann kom sagði hann vitninu, að hann væri á leið heim til sín og myndi aðeins hafa stutta viðdvöl. Vitnið hafði þekkt Óskar Árna í 11-12 ár. Samgangur þeirra var lítill seinustu árin. Vitnið minnti, að um áramótin hafi verið liðinn um það bil mánuður frá því það hitti Óskar Árna á dansstað. Vitnið kunni enga skýringu á því, að Óskar Árni fór ekki úr frakkanum. Vitnið er þó þeirrar skoðunar, að það hafi verið vegna þess, að hann ætlaði ekki að dveljast lengi þar á heimilinu. Ekki vissi vitnið til þess, að þeir ákærði og Óskar Árni þekktust.

Vitnið sagðist muna atburðarásina mjög óglöggt eftir komu Óskars Árna. Vitnið minnti, að Óskar Árni hefði sest í stól á móti þriggja sæta sófanum, en gat ekki sagt, hver eða hverjir sátu á móti honum. Ekki minntist vitnið þess að hafa heyrt þá ákærða og Óskar Árna rífast, en mundi þó, að þeir voru að tala saman. Vitnið mundi, að það sagði við þá, að ef þeir þyrftu

að slást, skyldu þeir gera það úti. Vitnið sagði, að þetta hefði átt að vera gamanmál og hefði það ekki skynjað, að alvara væri í tali þeirra. Vitnið mundi, að það var að sýna Óskari Árna myndir, þar sem hann sat í stólnum. Hið næsta, sem vitnið mundi, var, að það vaknaði í þriggja sæta sófanum. Vitnið sat þá í sófanum miðjum, en Óskar Árni var því til hægri handar með annað hnéð á gólfinu. Vitnið leit á það sem sjálfgefið, að hann væri drukkinn. Vitnið mundi, að það fór fram á salerni og hafði orð á því á leiðinni þangað við Óskar Árna, að hann mætti fá að sofa í sófanum og skyldi vitnið láta hann fá teppi. Ekki minntist vitnið þess að hafa tekið eftir öðrum manneskjum á leið inn á salernið.

Vitnið mundi, að þegar það kom til baka, sá það Óskar Árna vera að skríða á gólfinu nálægt spegli sunnan við fatahengi. Hann skreið í átt að símanum og kom blóð út úr honum. Eftir þetta hringdi vitnið á lögreglu. Vitnið mundi, að það og Bryndís reyndu að hlúa að Óskari Árna, þar sem hann lá.

Vitninu var í dómi sýndur hnífur sá, sem rannsóknarlögregla ríkisins tók í íbúðinni að Kleppsvegi á nýársdagsmorgun. Vitnið kvaðst ekki eiga hnífinn. Vitnið sagði ýmis eldhúsáhöld hafa fylgt íbúðinni og hafi hnífur, sem leit eins eða svipað út, verið í íbúðinni og þá í eigu meðleigjanda vitnisins eða íbúðareiganda. Vitnið sagði, að það og Bryndís Snorradóttir hefðu verið við matseld í eldhúsinu á gamlársdag, en fullyrti, að það hefði ekki notað hníf þennan. Ekki gat vitnið sagt um það, í hvaða skúffu hnífurinn var geymdur, en sagði eldhúshnífa hafa verið í 2-3 skúffum í eldhúsinu. Vitnið kvaðst enga minningu hafa um hníf þennan í sambandi við málið.

Bryndís Snorradóttir starfsstúlka, til heimilis að Breiðagerði 29, fædd 28. febrúar 1954, kvaðst hafa komið ásamt Kristjönu á Kleppsveg 42 á milli klukkan tólf og hálf eitt á nýársnótt. Nokkru síðar kom Hafsteinn Viðar ásamt öðrum pilti og tveimur stúlkum. Ákærði kom um klukkan tvö, en ákveðið hafði verið, þegar hann var þarna í íbúðinni um það bil viku áður, að hann kæmi á nýársnótt. Um þetta leyti var fólk orðið all ölvað. Þetta átti þó ekki við um stúlkurnar tvær, sem komu með Hafsteini Viðari. Vitnið neytti ekki áfengis fyrr en eftir miðnætti. Það var orðið þó nokkuð ölvað, þegar ákærði kom, og hélt áfram drykkju eftir það. Vitnið mundi, að eftir komu ofangreindra gesta hringdi síminn. Vitnið svaraði. Karlmaður var í símanum. Hann kynnti sig, og var það Óskar Árni. Nokkru síðar kom hann. Vitnið kannaðist ekki við manninn. Vitnið minnti, að maðurinn hefði komið með áfengi í poka. Ekki gat vitnið upplýst, hvers vegna hann fór ekki úr frakkanum. Hann settist í stól gegnt þriggja sæta sófanum, en í sófanum sat ákærði og vitnið. Vitnið mundi, að ákærði sagði við Óskar, að hann væri ekki búinn að gleyma honum, en Óskar lét eins og hann vissi ekki, hver ákærði væri. Þeir héldu áfram að karpa. Ekki mundi

vitnið efnislega, hvað fór á milli þeirra. Þetta karp varð til þess, jafnframt því að vitnið var orðið syfjað, að það fór inn í svefnherbergið á norðurhliðinni og lagðist þar til svefns. Vitnið kveðst engin orðaskipti hafa átt við Óskar Árna, en kannaðist við að hafa haft orð á því við Kristjönu, að maður þessi væri til leiðinda og ætti að láta hann fara. Þegar vitnið fór inn í svefnherbergið, bað það ákærða að koma með sér, og sagðist hann myndi koma fljótlega. Ekki kvaðst vitnið minnast þess, að þeir Hafsteinn og pilturinn, sem kom með honum, hafi lagt leið sína inn í svefnherbergið, eftir að það kom þangað. Hið næsta, sem vitnið kvaðst muna, var, að ákærði kom inn í svefnherbergið og vakti það. Hann sagði vitninu, að hann hefði stungið mann. Vitnið trúði honum ekki og sagði honum að koma að sofa. Ákærði fór þá á brott, en kom eftir smástund og endurtók staðhæfinguna. Vitnið fór þá fram og sá Óskar Árna liggjandi við símann. Vitnið hringdi þá á sjúkrabifreið. Blóð gekk úr munni Óskars Árna, og sótti vitnið skál til að hann gæti hrækt í hana.

Vitninu var sýndur hnífurinn, sem fannst blóðugur í eldhússkúffu að Kleppsvegi 42. Vitnið kannaðist við að hafa séð hnífinn í eldhússkúffu, en kannaðist ekki við að hafa notað hann við matseld á gamlársdag. Vitnið var spurt, hvort það hefði sett hnífinn í eldhússkúffuna, eftir að Óskar Árni var veginn. Vitnið kvaðst ekki hafa gert það. Eftir komu lögreglunnar sat vitnið hjá ákærða á stól við hringborð í arinstofu. Vitnið fullyrti, að þegar það stóð upp úr stólnum, hafi það séð brauðhníf á sófaborðinu við þriggja sæta sófann. Þetta var um það leyti sem lögreglan fór á brott með ákærða.

Helga Móeiður Arnardóttir nemi, til heimilis að Vorsabæ 3, fædd 6. nóvember 1964, kvaðst hafa komið að Kleppsvegi 42 um klukkan tvö. Áður en þangað kom, hafði vitnið drukkið einn eða tvo sopa af áfengisblöndu. Vitnið drakk ekki meira áfengi um nóttina og fann ekki til neinna áfengisáhrifa. Vitnið var málkunnugt ákærða og þekkti hann sem kærasta Bryndísar. Vitnið sagði, að þegar það og Elín voru í stofunni, virtist sem ákærði hefði ekki áhuga á að tala við þær og sýndist hann jafnvel vera í vondu skapi. Þetta álit vitnisins byggðist einnig á því, að það sá ákærða þjóta upp úr stól inn á salerni og skella á eftir sér. Þetta gerðist áður en Óskar Árni kom.

Vitninu og Elínu leiddist í samkvæminu. Af þeim sökum fóru þær tvær inn í svefnherbergi í suðurenda íbúðarinnar og spjölluðu þar saman, en áður höfðu þær talað við þá Hafstein og Sigurbjörn í eldhúsinu og óskað eftir, að þau færu heim. Þegar vitnið og Elín fóru inn í svefnherbergið, var Bryndís komin inn í hitt svefnherbergið. Önnur þeirra spurði hana, hvort hún væri líka að fara að sofa, og svaraði hún því játandi.

Nokkru eftir að vitnið og Elín fóru inn í svefnherbergið, tók vitnið eftir

mannaferðum. Var þetta sennilega um klukkan 4. Vitnið leit fram og sá, að þar var kominn maður, sem vitnið kannaðist ekki við, og sá vitnið Kristjönu hlaupa í fangið á honum. Stuttu eftir komu mannsins, sem var Óskar Árni, kom hann í dyragættina hjá vitninu. Skiptust þau á nokkrum orðum, og urðu samskipti þeirra ekki meiri. Næst var vitninu minnisstætt, að Hafsteinn kom inn í herbergið og hafði orð á því, að ákærði og ókunni maðurinn væru að rífast. Nokkru eftir þetta heyrði vitnið brothljóð. Vitnið og Elín fóru þá fram í stofu. Þá sá vitnið Óskar Árna í þriggja sæta sófanum. Hann lá þar á hliðinni með fæturna á gólfinu, en Kristjana var honum til vinstri handar. Kristjana virtist vera ofurölvi, en vitnið sá hana þó ýta við Óskari Árna. Ákærði stóð þá hinum megin við sófaborðið. Vitnið sá hann henda hníf í borðið og stóð hnífurinn þar fastur. Þeir Hafsteinn og Sigurbjörn voru þá staddir á svæðinu milli tveggja sæta sófans og sófaborðsins. Þeir skipuðu vitninu og Elínu að fara aftur inn í herbergið, sem þær og gerðu. Vitnið minntist þess ekki að hafa heyrt ákærða segja neitt. Ekki tók vitnið eftir blóði neins staðar. Rétt eftir að vitnið og Elín fóru inn í herbergið, komu þeir Sigurbjörn og Hafsteinn æðandi þangað. Þeir sögðu ákærða hafa stungið mann. Ruku þau þá öll út úr íbúðinni. Vitnið tók ekki eftir neinu á leiðinni út, heldur einblíndi það á útidyrahurðina.

Vitnið heyrði Hafstein Viðar segja frá því, sennilega meðan þau biðu úti eftir lögreglu, að ákærði hefði sagst ætla að drepa manninn og væri ástæðan sú, að maður þessi hefði fyrir nokkrum árum ásamt öðrum barið hann.

Elín Óladóttir nemi, til heimilis að Sæviðarsundi 9, fædd 30. ágúst 1965, kvaðst hafa drukkið lítið áfengi á gamlárskvöld og nýársnótt og ekki orðið ölvuð. Vitnið þekkti ekki annað fólk í samkvæminu en þau Hafstein, Sigurbjörn og Helgu. Vitnið minnti, að ákærði hefði verið í íbúðinni, þegar það kom þangað. Vitnið minntist þess, að það og Helga fóru inn í eldhús, eftir að Óskar Árni var kominn. Þá voru þeir Hafsteinn og Sigurbjörn að tala við ákærða þar. Vitnið hlustaði ekkert á samtal þeirra og fór skömmu síðar með Helgu inn í svefnherbergi.

Vitnið vissi, að ákærði og Óskar Árni höfðu verið að deila, en gat ekki gert grein fyrir því, á hvern hátt það skynjaði þetta.

Þegar vitnið og Helga voru staddar í svefnherberginu, heyrðist hávaði frammi. Þær fóru þá inn í stofu. Vitnið sá þá Óskar liggja á brúninni á sófa þar. Kristjana var einnig í sófanum, en vitnið tók ekki nánar eftir henni. Ákærði stóð við endann á sófaborðinu. Hann var með hníf í hendi og kastaði honum nokkrum sinnum í sófaborðið. Hann sagði eitthvað á þá leið, að ef einhver ætlaði að taka hnífinn, myndi hann kála honum. Ekki sá vitnið blóð neins staðar. Þeir Hafsteinn og Sigurbjörn drifu stúlkurnar strax inn í svefnherbergi, en komu örstuttu síðar og sögðu, að maður

hefði verið stunginn með hníf. Þau ruku þá öll út. Á leiðinni tók vitnið ekki eftir neinu í stofunni. Nokkru eftir að lögreglan var komin, sagði Hafsteinn vitninu og Helgu, að hann hefði heyrt ákærða segja við sig og Sigurbjörn inni í eldhúsi, að hann ætlaði að drepa Óskar, því hann hefði ásamt þrem öðrum lamið sig fyrir nokkrum árum.

Hafsteinn Viðar Jensson nemi, til heimilis að Meistaravöllum 35, fæddur 7. mars 1961, kvaðst hafa komið að Kleppsvegi um klukkan tvö. Þá hafði vitnið meðferðis Bacardi flösku. Áður hafði vitnið fengið sér tvær eða þrjár vínblöndur úr flöskunni. Vitnið taldi ekki ósennilegt, að það hefði síðar drukkið sjálft mest allt það áfengi, sem var í flöskunni, og kvaðst það hafa verið orðið all ölvað, þegar á nóttina leið.

Vitnið kannaðist við ákærða vegna kunningsskapar hans við Kristjönu og hafði áður séð hann þar á heimilinu. Að mati vitnisins var ákærði drukkinn, en ekkert ólíkur því, sem vitnið hafði séð hann áður undir svipuðum kringumstæðum. Vitnið og Sigurbjörn héldu sig mest í eldhúsinu og ræddu sín mál. Átti þetta einkum við um síðari hluta nætur.

Það fyrsta, sem vitnið sá til Óskars, var, að hann kíkti inn í eldhúsið. Vitnið mundi ekki, hvort skipst var á orðum. Vitnið þekkti manninn ekki. Ekki mundi vitnið örugglega eftir því að hafa heyrt rifrildi í stofunni, en tók þó fram, að það og Sigurbjörn hafi verið við áfengisneyslu og haft lítinn áhuga fyrir hinum. Vitnið mundi, að þær Helga og Elín komu inn í eldhúsið og vildu fara að komast á brott. Einnig mundi vitnið eftir því, að ákærði kom inn í eldhúsið. Vitnið minnti, að þá hafi stúlkurnar ekki verið þar inni. Vitnið mundi, að ákærði hafði orð á því, að Óskar Árni hefði ráðist að honum fyrir nokkrum árum og farið illa með hann, þannig að þurft hefði að sauma sár. Vitnið mundi, að ákærði hafði orð á því, að hann ætlaði að drepa Óskar Árna. Vitnið tók ekki mark á þessu tali, en fór þó inn í svefnherbergið, þar sem Bryndís var, til að reyna að koma í veg fyrir rifrildi. Bað það hana að fara inn í stofu. Hún var sofnuð og sinnti ekki þessum tilmælum. Á þessum tíma grunaði vitnið ekki, að neitt slíkt væri í aðsigi, sem síðar varð. Hið næsta, sem vitnið mundi, var, að það stóð nálagt arninum, að því er það minnti, og sá þaðan úr nokkurri fjarlægð til ákærða og Óskars Árna. Vitnið taldi sennilegt, að það hefði þá áður heyrt hávaða. Óskar Árni snéri baki í vitnið og stóð við enda sófans. Ákærði hélt undir hendur hans og utan um hann með kreppta hnefa við bak hans. Vitnið gat ekki fullyrt, hvort það hafi séð hníf í hendi ákærða. Ekki gat það heldur sagt, hvar Óskar Árni hafði handleggina. Þetta mundi vitnið sem augnabliksmynd og jafnframt að það fékk á tilfinninguna, að eitthvað væri að gerast. Næst mundi vitnið, að það sá Óskar Árna liggjandi í sófanum. Þar var Kristjana einnig, annað hvort sofandi eða ofurölvi. Vitnið mundi, að ákærði henti hníf oftar en einu sinni í sófa-

borðið. Það mundi, að Sigurbjörn ætlaði að taka hnífinn, en ákærði sagði honum að snerta hann ekki. Vitnið bað Sigurbjörn einnig að láta hnífinn vera. Um þetta leyti skildi vitnið, að eitthvað voðalegt hafði gerst. Ekki gat vitnið útskýrt, hvernig það fékk þennan skilning, en það rauk inn til stúlknanna og dreif þær út úr íbúðinni. Á leiðinni út sá vitnið Óskar Árna vera að skríða á gólfinu og spýttist blóð upp úr honum.

Vitnið sá ákærða aldrei vera með hníf fyrir átökin.

Sigurbjörn Gísli Aðalsteinsson nemi, til heimilis að Urðarbakka 20, fæddur 25. september 1963, kvaðst hafa komið heim til Hafsteins Viðars nokkru eftir miðnætti. Eftir það gat vitnið ekki fullyrt með neinni nákvæmni um tímasetningar. Vitnið var verulega undir áhrifum áfengis, þegar það kom á Kleppsveginn, og hélt það þar áfram drykkju. Fyrst eftir komuna, var vitnið inni í stofu og spjallaði þar við annað fólk, en þegar leið á nóttina, hélt vitnið sig mikið með Hafsteini inni í eldhúsi, þar sem þeir spjölluðu um sín mál. Vitnið mundi ekkert eftir komu Óskars Árna, sem það þekkti ekki, en mundi þó, að það sá hann, eftir að hann var kominn inn í stofu. Ekki minntist vitnið þess að hafa vitað af neinu rifrildi í stofunni á þessum tíma. Nokkru eftir komu Óskars Árna birtist ákærði í eldhúsinu. Þá var vitnið þar ásamt Hafsteini Viðari. Vitnið mundi ekki sérstaklega eftir öðrum mannaferðum í eldhúsinu, meðan ákærði var þar. Fyrst í stað töluðu þeir þrír um daginn og veginn, en síðan barst talið að Óskari, sem ákærði sagði, að hefði stuðlað að því, að hann hefði verið barinn og hefði andlit hans farið illa út úr því. Hann hafði orð á því, að hann ætlaði að drepa Óskar Árna. Vitnið tók þetta ekki alvarlega, en bað þó ákærða að vera ekki að stofna til neinna illinda. Vitnið sá ákærða ekki með hníf í eldhúsinu. Vitnið kvaðst hafa skynjað, að þeir ákærði og Óskar Árni voru að rífast. Ekki mundi vitnið eftir neinum orðum þeirra. Vitnið mundi heldur ekki eftir því, hvort þeir sátu þá eða stóðu. Vitnið ætlaði að hafa afskipti af deilum þeirra, en Hafsteinn Viðar taldi það af því. Vitnið skynjaði ekki, að alvarlegir atburðir væru í aðsigi. Vitnið leitaði að herbergi því, sem Elín og Helga voru í, og sá þá Bryndísi í gegnum opnar dyr í öðru herbergi. Vitnið bað hana þá að skilja þá að, ákærða og Óskar Árna. Hún var hálfsofandi, og var svar hennar neikvætt. Nokkru síðar, en vitnið getur ekki sagt til um tímalengdina, fór vitnið inn í stofu að tveggja sæta sófanum. Þegar vitnið kom inn í stofuna, eða þegar vitnið var komið að tveggja sæta sófanum, en vitnið mundi ekki glöggt, hvort heldur var, sagði Hafsteinn við vitnið: „Sástu þetta? Hann stakk hann.“ Vitnið sá Óskar Árna sitja í sófa og kúra sig saman. Vitnið minnti, að þá hefði Kristjana einnig verið í sófanum. Vitnið sá, að ákærði stóð hjá stólnum við sófaborðið. Vitnið sá hníf á sófaborðinu og tók hann, en ákærði þreif hann af vitninu, stakk honum í borðið og sagði, að þessi hnífur yrði ekki snertur meir.

Einnig sagði hann: „Þetta er búið. Kallið á lögguna." Ekki minntist vitnið þess, að ákærði segði neitt meira. Næsta, sem vitnið mundi, var, að Hafsteinn Viðar þreif í það. Þeir ruku inn til stúlknanna og drifu þær út úr íbúðinni. Á leiðinni komst vitnið að raun um, að Kristjana átti í einhverjum vandræðum með símann. Varð þetta til þess, að vitnið og Hafsteinn báðu leigubifreiðastjóra, sem þeir hittu fyrir utan húsið, að hafa samband við lögreglu og sjúkrabifreið, en á þessum tíma vissi vitnið, að alvarlegur atburður hafði orðið. Ekki gat vitnið fullyrt um það, hvort það sá til Óskars Árna, er það fór út úr íbúðinni.

Vitnið mundi, að Bryndís beindi þeim tilmælum til þeirra, sem þarna voru, að þau segðu lögreglunni ekki frá því, hver hefði stungið manninn.

Þórdís Sigfúsdóttir skrifstofumaður, Selásbletti 11 A, fædd 3. júní 1964, sambýliskona Óskars Árna, taldi, að klukkan hafi verið um 2.30-3.30, þegar vitnið og Óskar Árni komu að Selásbletti 11 á nýársnótt. Húsið að Selásbletti 11 gengur undir nafninu Hátún og snýr að Norðlingabraut. Skömmu eftir að þau komu heim, heyrði vitnið, að Óskar Árni hringdi í fleiri en einn aðilja, m.a. til eins kunningja síns. Loks hringdi hann á leigubifreið. Hann sagði vitninu, að hann ætlaði að heimsækja foreldra sína og ættmenn í næsta húsi við þá. Fyrr um nóttina hafði Óskar Árni reynt að fá gesti heim til sín, en þeir treystu sér ekki þangað vegna ófærðar. All löngu eftir að hringt var á leigubifreið, var hringt frá stöðinni og sagt, að bifreiðin kæmist ekki á áfangastað vegna ófærðar. Af þessum sökum ók vitnið Óskari Árna í jeppabifreið á Suðurlandsveg, þar sem leigubifreiðin beið. Að mati vitnisins var Óskar Árni alls ekki ölvaður, þegar hann fór að heiman.

Vitnið sagði, að í bifreið þeirra hafi verið ferköntuð vodkaflasa í bréfpoka. Poki þessi var í plastpoka ásamt gosdrykkjarflöskum. Vitnið sagði, að vera kynni, að Óskar Árni hefði tekið poka þennan með sér.

Vitnið fullyrti, að ekki hefðu verið göt á framhlið frakka Óskars Árna. Frakkinn var nýlega kominn úr hreinsun. Vitnið taldi fullvíst, að Óskar hefði ekki notað frakkann, ef göt hefðu verið á honum.

Vitnið Heiðar Margeirsson strætisvagnabílstjóri, til heimilis að Rjúpufelli 40, fæddur 1. maí 1945, skýrði frá því, að það hefði ekið að Hátúni við Norðlingabraut á nýársnótt, en þá var vitnið í leiguakstri. Þangað sótti vitnið einn farþega. Farþeginn var Óskar Árni. Þetta vissi vitnið, því það kannaðist við mynd af Óskari Árna, sem fylgdi eftirmælum um hann. Vitnið ók fyrst um það bil 300-400 metra inn á Norðlingabraut, en hún reyndist ófær. Eftir talstöðvarviðskipti við bifreiðastöðina var vitninu tjáð, að farþeginn kæmi í jeppa til móts við vitnið. Nokkru síðar kom farþeginn. Honum var ekið rakleiðis að Kleppsvegi 42, en hann tók það fram, að þangað ætlaði hann til að byrja með. Þegar komið var á Kleppsveginn,

bað hann vitnið að bíða. Mjög fljótlega kom hann aftur út og gerði upp reikninginn við vitnið. Hann tók þá með sér plastpoka, sem hann hafði verið með. Vitnið sá, að í pokanum var óátekin eins lítra coca-cola flaska og átekin vodkaflaska.

Farþeginn kom vitninu mjög vel fyrir sjónir. Hann var kurteis og ræðinn. Vitnið sagði, að ef það hefði ekki séð hann hafa áfengisflösku meðferðis, hefði það fullyrt, að maðurinn hefði verið ódrukkinn.

Vitnið kannaði dagbók bifreiðastöðvarinnar Bæjarleiða varðandi akstur leigubifreiða á nýársnótt. Tímasetning er í upphafi hverrar opnu í dagbókinni, en ekki við hvert útkall. Sú opna, sem kallið að Hátúni er ritað á, hefst með tímasetningunni 3.15. Það er mat vitnisins, að kallið hafi komið um kl. 3.30. Vitnið var þá statt í Árbæjarhverfi. Vitnið taldi sennilegt, þegar tekið er tillit til færðar og biðarinnar á Norðlingabraut, að a.m.k. hálf klukkustund hafi liðið frá útkallinu, þar til farþeginn fór út við Kleppsveg.

V.

Ákærði er sem fyrr segir fæddur í Reykjavík hinn 20. ágúst 1957. Hann var alinn upp hjá foreldrum sínum og næstelstur af 4 alsystkinum. Ekki er vitað um ættgenga sjúkdóma í ætt hans, sérstaklega ekki geðveiki. Hann kveðst hafa verið meðalnemandi, en ekki haft áhuga á náminu. Hann mun hafa verið 11 eða 12 ára gamall, þegar lögreglan hafði fyrst afskipti af honum vegna minni háttar afbrota. Að hans sögn voru kunningjar hans gjarnan eldri en hann sjálfur, og fór hann fljótlega að hanga með þeim fyrir utan skemmtistaði, sem aftur leiddi til vaxandi áfengisneyslu og slagsmála.

Ákærði hóf að starfa sem verkamaður á sumrin 14 ára. Eftir að skyldunámi lauk, stundaði hann mestmegnis sjómennsku fram að tvítugs aldri og var þá ýmist á farskipum, togurum eða fiskibátum. Eftir það vann hann í um það bil þrjú og hálft ár hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Síðan vann hann á loftpressu í hálft ár. Hann var eftir það á einni vertíð í Grundarfirði, en starfaði sem vörubifreiðastjóri eftir það, fyrst í atvinnu hjá öðrum en í janúar 1982 keypti hann sér sendiferðabifreið og hóf sjálfstæðan atvinnurekstur. Hann lenti í umtalsverðum fjárhagserfiðleikum, eftir að hann skildi við eiginkonu sína og keypti sér íbúð að Njálsgötu 79.

Ákærði gekk í hjónaband í desember 1978. Þau hjónin fengu lögskilnað í mars 1982. Saman eiga þau dóttur, sem fædd er 1978. Að sögn fyrrverandi eiginkonu hans sinnti hann barninu eðlilega eftir skilnaðinn og þá einkum síðustu mánuði ársins 1982, er hann hafði barnið nánast um hverja helgi.

Ákærði kveðst fyrst hafa neytt áfengis 12 ára gamall. Hélt hann síðan áfram að fikta við áfengi fram til 14 eða 15 ára aldurs, þegar hann drakk

sig fyrst meðvitundarlausan. Hann drakk helst á skólaböllum, sennilega vegna feimni. Eitt sinn drakk hann svo ótæpilega, að hann varð veikur, og varð faðir hans að sækja hann á skólaball. Hann tók fyrst eftir minnisleysi 15 eða 16 ára gamall, og um það leyti fór hann einnig að drekka áfengi í meira en einn dag í senn. Hann varð var við aukið áfengisþol um tvítugt, og það kom fyrir, að hann drakk 3 daga í röð, og þá yfirleitt um helgar og nánast aldrei á virkum dögum. Hann hefur lengst drukkið samfellt í 3 daga, en þó drakk hann eitt sinn meira og minna í 3 vikur, þegar hann var á sjónum. Fyrir einu til einu og hálfu ári fór að bera á morgunskjálfta og miklum svita og svefntruflunum, en hann hefur aldrei fengið delerium tremens eða flog. Hann kveðst hafa prófað cannabis tvisvar eða þrisvar og ennfremur prófað ýmis róandi lyf, en ekki neytt slíkra efna eða lyfja að staðaldri. Hann kveðst aldrei hafa neytt örvandi lyfja eða ofskynjunarlyfja.

Ákærði hefur fjórum sinnum lent í fangageymslu lögreglunnar vegna ölvunar, þar af tvisvar á árinu 1982.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt refsingum, svo sem hér segir:

1974 21/11 Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga.

1976 30/1 Reykjavík: Sátt, 6.000 kr. sekt fyrir brot gegn 259 gr. hegningarlaga og 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

1976 19/4 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

1976 8/7 Reykjavík: Sátt, 45.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 1 ár frá 25/11 1975.

Að tilhlutan rannsóknarlögreglu ríkisins rannsakaði Hannes Pétursson yfirlæknir geðheilbrigði ákærða, og er meðal gagna málsins rækileg skýrsla um rannsókn þessa. Verður hér tekinn upp síðasti hluti skýrslu þessarar, þar á meðal niðurstöðukafli:

— — —

„Ég tel að Þórður Jóhann Eyþórsson sé ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) og sýni ekki einkenni um meiri háttar taugaveiklunarviðbrögð (neurosis). Né heldur er Þórður haldinn greindarskorti. Hins vegar tel ég hann haldinn vægum persónuleikatruflunum (personality disorder), sem m. a. hafi komið fram sem kvíði og síðar atferlistruflanir í bernsku og einkum á unglingsárum. Af þeim tilfinningasamböndum, sem Þórður hefur myndað, má helst ráða að tilfinningalíf hans sé fremur yfirborðskennt og sjálfmiðað. Tíð skipti á atvinnu benda einnig til nokkurs rótleysis, og ennfremur er ljóst að Þórður Jóhann hefur misnotað áfengi um nokkurra ára bil, og að skapgerðarbresta hans virðist helst verða vart undir áhrifum áfengis.

Í sambandi við aðdragandann að því atviki sem Þórður Jóhann er kærður fyrir, þá er ljóst að hann var ofurölvi þegar atburðurinn átti sér stað, hafði enda verið við áfengisdrykkju á annan sólarhring með litlum hvíldum. Þó líklegt megi teljast að ölvun hans hafi sljógvað dómgreind hans og sjálfstjórn þegar atburðurinn átti sér stað, þá tel ég raunveruleikamat og dómgreind Þórðar Jóhanns Eyþórssonar sé annars óskert og hann teljist því fyllilega sakhæfur."

VI.

Sannað er með játningu ákærða, framburði vitna og öðrum gögnum málsins, að ákærði réð Óskari Árna Blomsterberg bana hinn 1. janúar 1983. Sannað er með framburði vitna, að ákærði hafði viðhaft þau orð skömmu áður, að hann ætlaði að drepa Óskar Árna. Sjálfur kveðst hann hafa tekið hníf í eldhúsi til þess að geta hrætt Óskar Árna með honum, ef til átaka kæmi á milli þeirra, en hann kvaðst hafa vitað, að hann væri enginn maður til að standa í slagsmálum sökum ölvunar. Þrátt fyrir ummæli ákærða verður ekki talið fullsannað, að hann hafi sótt hníf í eldhúsið í þeim tilgangi að vega Óskar Árna. Hins vegar er ljóst, að ákærði hlaut að gera sér grein fyrir, hvaða afleiðingar það kynni að hafa þegar hann keyrði hníf fjórum sinnum í bak Óskars Árna. Verður því að reikna honum verknað þennan til ásetnings.

Ákærði hefur þannig unnið til refsingar samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar þykja refsilækkunarástæður ekki vera fyrir hendi. Refsing ákærða verður ákveðin fangelsi í 13 ár.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi refsingunni til frádráttar, en ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 1. janúar 1983 og hefur setið í því síðan.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 74, 1974 ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur, og ennfremur málssóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, en sækjandi af hálfu ákæruvaldsins var Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari.

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Jóhann Eyþórsson, sæti fangelsi í 13 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 1. janúar 1983 til 30. júní 1983.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 25.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.

Þriðjudaginn 22. maí 1984.

Nr. 145/1982. **Guðrún Bjarnadóttir og**
Helga Bjarnadóttir
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Jóni Ingólfssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Nauðungaruppboð. Tryggingarbréf. Uppboðsheimild. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með áfrýjunarstefnu 12. júlí 1982 skutu áfrýjendur til Hæstaréttar úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur 15. júní það ár í máli Jóns Ingólfssonar gegn þeim, en úrskurður þessi var án forsendna. Áfrýjendur krefjast þess, að synjað verði um framkvæmd nauðungaruppboðs á íbúð þeirra á Hrísateigi 3, Reykjavík. Þær krefjast einnig málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Með kaupsamningi 16. maí 1980 keyptu áfrýjendur íbúð á Hrísateigi 3 af Jensínu Árnadóttur. Afsal var gefið út 20. maí 1981 og afhent til þinglýsingar 4. júní s.á. Þegar kaupsamningur var gerður, hvíldi á eigninni veð eftir tryggingarbréfi frá 16. janúar 1980. Með því var hún veðsett með 8. veðrétti og uppfærslurétti til tryggingar skuld samkvæmt víxli að fjárhæð 3.000.000 gkr., samþykktum af Jensínu Árnadóttur með gjalddaga 15. mars 1980. Í bréfinu segir, að veðsetningin nái „á sama hátt til endurnýjunarvíxla fyrir skuldinni...“ Þá segir í tryggingarbréfinu, að skuldin skuli öll falla í gjalddaga, ef eignin er sett á uppboð „...og má þá eins og alltaf þegar skuldin er í gjalddaga fallin selja veðið án dóms eða sáttar skv. lögum 1. nóvember 1887 um veð, 3. gr., eða lögum 16. desember

1885, 15. gr., eða 39. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði og 1. gr. laga 57/1949 um nauðungaruppboð".

Seljandi íbúðarinnar lofaði að láta aflýsa þessu veðbandi af eigninni, en af því varð ekki.

Með bréfi til uppboðsréttar Reykjavíkur 16. september 1981 beiddist stefndi, Jón Ingólfsson héraðsdómslögmaður, þess, að fram færi nauðungaruppboð til lúkningar víxli að fjárhæð 30.000, sem Jensína Árnadóttir hafði samþykkt. Segir í bréfi lögmannsins, að til tryggingar greiðslu víxilsins sé tryggingarbréf það, sem fyrr er lýst.

II.

Áfrýjendur styðja kröfur sínar í fyrsta lagi þeim rökum, að tryggingarbréfið og víxill, sem stefndi byggir á, séu ekki fullnægjandi uppboðsheimild skv. 1. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949. Til að svo mætti vera, þyrfti að vera um veðskuldabréf að ræða, sbr. 3. gr. veðlaga nr. 18/1887, 39. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 og 15. gr. lögtakslaga nr. 29/1885, sem raunar heimili ekki uppboð, heldur aðför. Bréf það, sem Jensína Árnadóttir gaf út 16. janúar 1980, sé einungis veðbréf, en ekki jafnframt skuldabréf. Þá byggja áfrýjendur á því, að í texta bréfsins sé heimilað að selja veðið án dóms eða sáttar, en ekki sé tekið fram, að það megi gera án aðfarar, og beri að túlka bréfið eftir orðum sínum að þessu leyti. Loks er því mótmælt, að víxill sá, sem fyrir uppboðshaldara var lagður, sé tryggður með tryggingarbréfinu, enda sé hann ekki hinn sami og þar er tilgreindur og ósannað, að hann sé til framlengingar þeim víxli, sem í bréfinu sé nefndur.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að tryggingarbréfið sé fullgild uppboðsheimild, enda þar vitnað til laga, sem heimili nauðungaruppboð án dóms, sáttar eða aðfarar, og vísað til víxils, sem samkvæmt áralangri venju sé fullnægjandi. Þá er því haldið fram, að ljóst sé af áritun á hinn framlagða víxil, að hann sé framlengingarvíxill. Það svo og sú staðreynd, að samþykkjandi sé sá sami og tilgreindur er í tryggingarbréfinu, veiti nægilega sönnun þess, að víxilskuldin sé tryggð með því.

III.

Í tryggingabréfi því, sem fyrr er lýst, er sagt, að veðsetningin sé til tryggingar víxli, sem Jensína Árnadóttir hafi samþykkt, falli í

gjalddaga 15. mars 1980 og sé 3 milljónir króna að fjárhæð svo og til tryggingar endurnýjunar víxlum. Hér er lýst tiltekinni skuld, og verður því að telja bréfið gilda uppboðsheimild að öðrum skilyrðum laga uppfylltum.

Í tryggingabréfinu er þess ekki getið, að hina veðsettu eign megi selja án aðfarar, svo sem þó er tíðkanlegt í slíkum bréfum. Þar er að sönnu vísað til 3. gr. veðlaga og 39. gr. lögræðislaga, sem heimila uppboðssölu án aðfarar, ef ákvæði þar að lútandi eru sett í veðskuldabréf. Skýra verður þessi ákvæði þröngt, þar sem hér er um sérstakt réttarfarsákvæði að ræða, sem er skuldurum mjög óhagkvæmt, þegar til beitingar þess dregur. Verður því að synja um hið umbeðna nauðungaruppboð af þessari ástæðu.

Lýsing þeirrar skuldar, sem tryggja átti, er ekki svo nákvæm sem skyldi, en með þeim rökum, sem fram eru færð af hálfu stefnda, þykir þó vera nægilega fram komið, að víxillinn, sem hann hefur lagt fram, sé tryggður með bréfinu frá 16. janúar 1980.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður stefnda gert að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er felldur úr gildi og synjað um umbeðið uppboð.

Stefndi, Jón Ingólfsson, greiði áfrýjendum, Guðrúnu Bjarnadóttur og Helgu Bjarnadóttur, samtals 12.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Í veðbréfinu, sem um er fjallað í málinu, er víxli þeim, er veðið á að tryggja, ekki rækilega lýst. Framlengingarvíxill sá, sem fram hefur verið lagður, ber það ekki með sér, svo að óyggjandi sé, að hann sé framlengingarvíxill vegna veðtryggða víxilsins. Áfrýjendur

hafa mótmælt, að svo sé, og hefur þeim mótmælum ekki verið hnekkt. Í veðbréfinu eru ekki skýr ákvæði um, að selja megi veðið á nauðungaruppboði án undangenginnar aðfarar. Þegar af þessum ástæðum erum við samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda um að fella beri hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hins umbeðna nauðungaruppboðs. Þá erum við einnig samþykkir málskostnaðarákvæði dóms þeirra.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 15. júní 1982.

Umbeðið nauðungaruppboð nær fram að ganga til lúkningar kr. 30.000.- ásamt 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 15.6.1981 til og með 20.4.1982, en 4% dráttarvöxtum frá og með 21.4.1982 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði til greiðsludags, kr. 3.000.- í innheimtulaun, kr. 215.- fyrir ritun uppboðsbeiðnar auk kostnaðar við uppboðið.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 22. maí 1984.

Nr. 41/1984. **Lögerfingjar Önnu Sigurbjargar Aradóttur**
gegn
Ragnari Halldóri Hall,
skiptaráðanda í Reykjavík

Kærumál. Kvaðning skiptaráðanda á matsmönnum til ákvörðunar á verðmæti dánarbús í tengslum við erfðafjárskatt. Ómerking. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðiljar hafa með heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 22. febrúar 1984, er barst Hæstarétti 27. s.m. Dómkröfur þeirra eru þær að

hinn kærði úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur frá 8. febrúar 1984 verði úr gildi felldur og skiptaráðandanum í Reykjavík gert að greiða kærumálskostnað.

Skiptaráðandinn, Ragnar Halldór Hall, borgarfógeti í Reykjavík, er kvað upp hinn kærða úrskurð hefur sent Hæstarétti athugasemdir samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973. Telur hann, að vísa beri kærumálskostnaðarkröfunni frá Hæstarétti, því að hún sé ekki nægjanlega tilgreind, þar eð skiptaráðendur séu fleiri en einn í Reykjavík. Verði eigi fallist á frávísunarkröfu þessa, krefst hann sýknu af málskostnaðarkröfunni.

Hinn 8. febrúar 1984 setti Ragnar Halldór Hall borgarfógeti skiptarétt Reykjavíkur að Reykjanesbraut 6 og bókaði eftirfarandi:

„Fyrir var tekið: Skiptameðferð á dánarbúi Önnu Sigurbjargar Aradóttur og Stefáns Jónssonar.

Áður framlögð skjöl og endurrit fyrri þinghalda liggja frammi.

Skiptaráðandi leggur fram:

Nr. 16 Staðfest endurrit dóms Hæstaréttar uppkveðins 19. desember 1983 í málinu nr. 220/1983.

Með dómi Hæstaréttar, sem að framan er greindur, var úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðinn 10. nóvember 1983, sem varðar skiptameðferð dánarbús þessa, felldur úr gildi. Hefur þar með verið hrundið þeirri ákvörðun skiptaráðanda, sem erfingjum og umboðsmönnum erfingja var tilkynnt með bréfi dags. 5. maí 1983, að framreikna með tiltekinni vísitölu verðmæti innanstokksmuna, bóka og höfundaréttinda, er metin voru við upphaf skiptameðferðar búsins.

Þar sem sýnt þykir, að verðmæti þessara eigna dánarbúsins muni nú vera að krónutölu annað en það var, er þær voru upphaflega metnar, er óhjákvæmilegt með vísan til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 30, 1921, sbr. 6. gr. laga nr. 50, 1972, að kveðja til óvilhalla menn til að meta þessi verðmæti að nýju. Er því í réttinum ex officio uppkveðinn svohljóðandi

Úrskurður:

Skiptaráðandi skal útnefna óvilhalla menn til að meta til peninga, innanstokksmuni, bækur og höfundaréttindi dánarbús Önnu Sigurbjargar Aradóttur og Stefáns Jónssonar".

Skiptaráðandinn, Ragnar Halldór Hall, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð ex officio án þess að boða til skiptafundar og án þess að gefa erfingjum kost á að tjá sig um hinar fyrirhuguðu aðgerðir sínar. Þetta brýtur gegn þeirri grundvallarreglu réttarfarsins, að dómari skuli gefa aðiljum kost á að tala máli sínu, áður en dómur eða úrskurður er upp kveðinn. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Björns Sveinbjörnssonar, en geri eftirfarandi athugasemd um málskostnað:

Ég tel ekki vera grundvöll til að dæma kærumálskostnað úr hendi skiptaráðandans persónulega, svo sem felst í kröfugerð sóknaraðilja, en tel koma til álita, að kærumálskostnaður ætti að greiðast úr ríkisjóði samkvæmt síðari hluta ákvæða 176. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973. Ákvörðun kærumálskostnaðar með þessum hætti hefur ekki stuðning meiri hluta dómara. Ég tel því, að kærumálskostnaður eigi að falla niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Sigurgeirs Jónsonar.

Við erum sammála dómsatkvæði hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Björns Sveinbjörnssonar að öðru leyti en um málskostnað af ástæðum þeim, sem hér greinir. Þetta er í annað sinn sem skiptaráðendur taka upp hjá sjálfum sér að kveða upp úrskurð varðandi verðmæti búsmuna í dánarbúi þessu, sem hrundið er í Hæstarétti.

Telja verður, að í máli þessu hafi skiptaráðandi ekki einungis

komið fram sem dómari, heldur hafi hann og með aðgerðum sínum verið að gæta hagsmuna erfðafjársjóðs sem viðtakanda erfðafjárskatts samkvæmt 11. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 30/1921, sbr. breyting á þeim lögum nr. 50/1972 og nr. 46/1978. Erfðafjársjóður, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1952, er eigi réttarfarslegur aðili að máli þessu. Verður því eigi hjá því komist að dæma skiptaráðandann, Ragnar Halldór Hall, til að greiða sóknaraðiljum kærumálskostnað, er ákveðst 3.000.00 krónur, enda fer það ekki á milli mála, að kröfu þessari er beint gegn honum, þar sem hann sem skiptaráðandi felldi hinn kærða úrskurð.

Við teljum því, að dómsorð ætti að vera svohljóðandi:

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Ragnar Halldór Hall, skiptaráðandi í Reykjavík, greiði sóknaraðiljum, lögerfingjum Önnu Sigurbjargar Aradóttur, 3.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 8. febrúar 1984.

Fimmtudaginn 24. maí 1984.

Nr. 2/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Jónssyni
(Benedikt Blöndal hrl.)

Fiskveiðibrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða með stefnu 20. desember 1983. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 23. mars 1984.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal ljósmyndir teknar í vélarrúmi m/s Hafarnar, GK 90, hinn 10. maí 1984 af aðalvél skipsins. Þeirra á meðal er mynd af framleiðslunúmersplötu, sem skrúfuð er á aðalvélina, en á plötunni stendur m.a.: „B.H.P. 1200 CONTINOUS RATING 1000 R.P.M."

Þá hafa verið lögð fyrir Hæstarétt staðfest ljósrit úr aðalskipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins varðandi skráningu m/s Hafarnar og ljósrit af afsali (Bill of Sale) fyrir nefndu skipi til Útgarðs h/f. Á þessum skjölum er aðalvél skipsins skráð 1200 hestöfl.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000.00 krónur, og málskostnaðarlaun skipaðs verjanda síns, 15.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðmundur Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000.00

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, 15.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Þórs Vilhjálmssonar.

Með vottorði frá skipaskráningu Lloyds, dagsettu 12. maí 1982, teljum við sannað, að nýtanleg afköst aðalvélar Hafarnarins, GK 90, hafi vorið 1982 verið færð niður í 889 bremsuhestöfl hjá Mirrlees Blackstone (Stockport) Limited í Englandi. Með því fylgdist starfsmaður Siglingamálstofnunar ríkisins.

Í alþjóðamælibréfi fyrir skipið, útg. 4. maí 1982 af Siglingamálastofnun ríkisins, er stærðar aðalvélar hvergi getið, en í sams konar bréfi sama aðilja, útg. 18. október 1982, er stærð aðalvélar skráð „1200 HÖ". Mæling hafði þó ekki farið fram á aðalvélinni á vegum Siglingamálastofnunar á þessu tímabili, enda hafði stofnunin ekki tækjakost til slíkra mælinga.

Af hálfu ákæruvalds er því heldur ekki mótmælt, að nýtanlegt afl aðalvélar skipsins sé 889 bremsuhestöfl eftir framkvæmdar breytingar á vélinni.

Það hvílir á ákæruvaldinu að sanna sekt ákærða, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974, og allan vafa ber að túlka honum í hag.

Við túlkun á 3. mgr. 3. gr.laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands teljum við því, að leggja beri til grundvallar hið nýtanlega afl vélarinnar eins og það var í raun, en ekki eins og það er skráð af Siglingamálastofnun ríksins, enda er í téðu lagaákvæði hvorki minnst á það, að miða skuli við skráningu stofnunarinnar á vélarafli né á það, að miða skuli við ástimplað vélarafl, og fær bréf samgönguráðuneytis 16. desember 1975, sem vitnað er til í héraðsdómi, ekki breytt þessari niðurstöðu.

Við teljum því, að ákærði, Guðmundur Jónsson, eigi að vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Allan kostnað sakarinnar teljum við, að eigi að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Staðfesta ber

ákvæði héraðsdóms um málsvarnarlaun, en málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti teljum við hæfilega ákveðin 15.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Gullbringusýslu 1. október 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru ríkissaksóknara, sem útgefin er í dag, höfðað á hendur Guðmundi Jónssyni, Vesturengi 13, Hafnarfirði, fyrir fiskveiðibrot. Ákærða er gefið að sök, að hafa sem skipstjóri „á skuttogaranum Haferni GK-90 verið á botnvörpuveiðum, síðdegis fimmtudaginn 29. september 1983, vestur af Garðskaga, á svæði innan fiskveiðilandhelginnar, þar sem botnvörpuveiðar eru því skipi, sem er 296 brúttórúmlestir og 35.88 lengdarmetrar, með öllu óheimilar vegna stærðar aðalvélar, sem þrátt fyrir breytingar er komið hefur verið fyrir af framleiðanda vélarinnar með stillingu olíugjafar og innsigli, telst óbreytt að stærð, 1200 bremsuhestöfl (BHP).

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr., lið E3, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81, 1976, og 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299, 1975, sbr. lög nr. 44, 1948, og lög um breytingu á þeim lögum nr. 45, 1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. nefndra laga nr. 81, 1976, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum togarans, þarmeð töldum öllum dragstrengjum, svo og öllum afla innanborðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er sakhæfur, fæddur 31. október 1945 í Hafnarfirði. Hann hefur samkvæmt sakarvottorði hlotið kr. 5.000.- sekt þ. 1. 4. 1974 fyrir brot á 3., sbr. 7. gr. rgl. 214/1966, sbr. rgl. 160/1970, sbr. lög nr. 56/1979 og 14/1960. Þar að auki hefur hann á árunum frá 1962 til 1972 gerst brotlegur við áfengis- og umferðarlög og hlotið sektir fyrir.

Málavextir.

Samkvæmt kæruskýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi, dagsettri 29. september 1983, eru tildrög málsins þessi.

„Fimmtudaginn 29. sept. 1983 stóð varðskipið m/s Haförn GK-90 að meintum ólöglegum veiðum í Faxaflóa. Nánari atvik voru sem hér segir.

Kl. 12.18 var komið að m/s Haferni GK-90 er togaði í S - læga stefnu. Staður samkvæmt loran C var þá 64° 12 '02 N og 23° 28 '61 V og samtímis miðaðist Stapafell r/v 351° 5, fjarl. 34,5 sml. Þetta gefur stað GK-90 um 9,0 sml. innan leyfðra marka fyrir skuttogara „með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri."

Haft var samband við GK-90 á VHF og honum tjáð að við óskuðum

eftir að fá að sjá skipspappírana. Hífði þá skipstjóri vörpuna og var síðan sóttur í léttbát varðskipsins.

Þegar skipstjórinn, Guðmundur Jónsson, f. 31.10. 1945, til heimilis Vesturengi 13, Hafnarfirði kom um borð sýndi hann meðal annars:

a) Alþjóðamælibréf dags. 4. maí 1982 með ótilgreindri vélarstærð.
b) Alþjóðamælibréf dags. 18. okt. 1982 með tilgreindri vélarstærð 1200 HÖ.
c) Bréf frá vélarframleiðanda, og
d) Skírteini (certificate) frá Lloyd's skoðunarmanni í Hull sem staðfesta að olíugjöf hafi verið breytt og innsigluð þannig að nothæf orka vélarinnar sé 889 B.H.P.

Innsigli á vél var skoðað af 3. vélstjóra og 2. stýrimanni varðskipsins og sáu þeir ekki að hreyft hefði verið við því.

Þar sem nokkur vafi lék á um B.H.P. (bremsuhestöfl) þessarar vélar var GK-90 leyft að halda áfram veiðum um sinn en stjórnstöð Landhelgisgæslu tilkynnt um málavexti. Kl. 16.14 komu fyrirmæli frá stjórnstöð Landhelgisgæslunnar um að vísa bátnum til hafnar og að hann yrði kærður fyrir meint landhelgisbrot.

Skipstjóri GK-90 sagðist halda til Sandgerðis.

Við staðsetningu voru notaðir C loranar, Sperry MK-16 radar og gyro kompás. Staðsetningar votta skipherra, 1. stýrimaður og 2. stýrimaður.

Veður A - 4, skýjað, gott skyggni."

Þröstur Sigtryggsson, skipherra á v.s. Ægi, hefur staðfest skýrsluna fyrir dómi.

Meðal gagna, er lögð hafa verið fram í dóminu, eru ljósrit 2ja alþjóðamælibréfa fyrir Haförn, GK-90, útgefin af Siglingamálstofnun ríkisins. Annað er útg. 4. maí 1982, þar sem skipið er skráð „fiskiskip" og tegund aðalvélar skráð án hestaflatölu (dskj. 8). Hið síðara er dags. 18. október 1982, þar sem skipið er skráð „skuttogari" með aðalvél „1200 HÖ" (dskj. nr. 3).

Þá liggur frammi sem dskj. nr. 6 ljósrit frá Lloyd's Register and Shipping, dags. 12.5. 1982, þar sem staðfest er breyting á afli aðalvélar skipsins, sem framkvæmd var þá í Hull. Í bréfinu segir m.a. „The M. E. fuel pump rack stop lever was adjusted to 15.5 mm by the Manufactures representative and sealed. It was stated that this adjustment will restrict the main engine output to 889 B. H. P."

Þá liggur frammi bréf Samgönguráðuneytis til Siglingamálastofnunar ríkisins, dags. 16. des. 1975. Þar er svarað beiðni Siglingamálastofnunar

um „úrskurð ráðuneytisins um ákvörðun skráðs afls vélar í skipum.“ Í niðurlagi þessa segir m. a.:

„Þegar skráð er afl aðalvéla skipa á aðalskipaskrá, mælibréf o.fl., skal farið eftir upplýsingum framleiðenda um stærð vélarinnar í bremsuhestöflum (BHP) við ákveðinn snúningshraða miðað við mesta stöðuga álag (maximum continous rating) sem vélin er gerð fyrir.

Skulu þessar upplýsingar vera letraðar á skilti, sem fest er á vélina.

Breytingar á snúningshraða vélarinnar með stillingu olíugjafar (innsigli) hefur ekki áhrif á skráð afl hennar.“

Ákærði Guðmundur Jónsson, skipstjóri á Haferni GK-90, Vesturengi 13, Hafnarfirði, hefur komið fyrir dóminn. Kvað hann kæruskýrsluna efnislega rétta. Hann staðfesti, að dskj. nr. 3, sem er alþjóðamælibréf, dagsett 18. október 1982, væri ljósrit þess mælibréfs, sem um borð í skipinu væri.

Það kom fram í framburði hans, að hann taldi, að þær breytingar, sem gerðar voru til að minnka afl vélarinnar, hefðu verið unnar undir eftirliti Siglingamálastofnunar.

Hið sama sjónarmið kom fram hjá Páli Jónssyni Egilssyni, vélstjóra Hafarnar GK-90, fyrir dóminum.

Guðmundur R. Ingvarsson, útgerðarmaður skipsins, Drangagötu 1, Hafnarfirði, skýrði svo frá fyrir dóminum, að við kaup á umræddu skipi hefðu verið framkvæmdar á því mjög viðamiklar breytingar. Breytingar þessar hefðu nánast allar verið framkvæmdar samkvæmt beiðni Siglingamálstofnunar ríkisins varðandi mannaíbúðir, vinnsludekk og sitthvað fleira. Þær breytingar, er framkvæmdar voru á vélinni, hefðu verið unnar undir eftirliti Magnúsar Kristjánssonar, starfsmanns Siglingamálastofnunar, og framkvæmdar af framleiðanda vélarinnar. Hann kvað Magnús Kristjánsson hafa afhent skipstjóra mælibréf fyrir skipið úti í Englandi. Ekki kveðst hann vita ástæðu fyrir því, að nýtt mælibréf, dags. 18. okt. 1982, hafi verið gefið út fyrir skipið. Hann upplýsti, að ekki hefðu verið gerðar neinar formlegar athugasemdir við Siglingamálstofnun varðandi þær breytingar, er fram komu í síðara mælibréfinu, en taldi, að Siglingamálstofnun hefði verið fullkunnugt um það vélarafl, sem vélin skilaði eftir þær breytingar, er fram höfðu farið.

Páll Guðmundsson, yfirmaður skipaskoðunar hjá Siglingamálastofnun ríkisins, kom fyrir dóminn sem vitni. Hann upplýsti, að samkvæmt reglum Siglingamálastofnunar væri aðalvél Hafarnar, GK-90, sögð 1200 hestöfl. Hann kvaðst ekki hafa séð bréf þau, er frammi liggja í réttinum þess efnis, að afl vélarinnar hafi verið minnkað niður í 889 hestöfl. Hann hafi hins vegar vitað til þess, að þegar þau þrjú skip, sem keypt voru um svipað leyti, hefðu komið til landsins, þá hefði verið farið fram á að „fá vélina færða niður.“ Hann sagði, að samkvæmt bréfi, dagsettu 16. desember

1975, frá Samgönguráðuneytinu og birt er í Siglingamálum nr. 5 í mars 1976 væri ákveðið að miða við alþjóðastaðal „dín" 6270A, þar sem mæld sé öll sú orka, sem vélin geti framleitt undir jöfnu og stöðugu álagi. Hann upplýsti, að Siglingamálstofnun hefði ekki tæki til að mæla hestaflatölu við ákveðið mark við innsigli, en sagði, að hvar sem innsigli væri sett, þá væri talið, að vélin væri það, sem að hún gæti gefið við mesta jafna álag. Hann sagði, að þrátt fyrir þetta innsigli hjá Lloyd's á olíuverki vélarinnar muni Lloyd's ekki hafa breytt sínum mælingum á stærð vélarinnar og sé hún ennþá skráð með upphaflegri stærð þar. Hann upplýsti, að Magnús Kristjánsson hefði verið starfsmaður Siglingamálastofnunar þar til í byrjun þessa árs. Hann sagði, að minnkaðar hefðu verið vélar í skipum á þann hátt, að teknir hefðu verið af vélunum ákveðnir hlutar, svo að vélin hefði ekki getað eftir það orkað meiru undir stöðugu jöfnu álagi. Það hefði verið gert með því að fjarlægja forþjöppu eða kæli. Hann kvað það ekki hafa farið á neinn hátt í gegnum Siglingamálstofnun, hvernig umrædd vél, er hér er deilt um, hafi verið færð niður. Hann hvorki staðfesti né neitaði því, að nýtanlegt afl vélar Hafarnar, GK-90, væri 889 hestöfl eftir breytinguna, þar sem að stofnunin hefði ekki mælt vélina, enda hefðu þeir ekki til þess nein tæki. Þó taldi hann það engu breyta um skráningu vélarinnar á aðalskipaskrá, hvort sú tala fengist staðfest, vegna þeirra sjónarmiða, er fram hafa komið hér að framan. Við munnlegan málflutning var bókuð þessi málflutningsyfirlýsing: „Að hálfu ákæruvaldsins er því ekki mótmælt að nýtanlegt afl aðalvélar Hafarnar GK-90 sé nú 889 bremsuhestöfl eftir framkvæmdar breytingar á vélinni."

Að hálfu ákæruvaldsins er því haldið fram, að hinn opinberi skráningaraðili, Siglingamálstofnun ríkisins, hafi gefið út hið síðara alþjóðamælibréf með 1200 bremsuhestöflum og þannig skorið úr um það ágreiningsefni, hvernig skrá skyldi vélarstærð skipsins. Sú aðferð, að skerða afl vélar til að breyta afli hennar, hefði aldrei verið viðurkennd og hafi aldrei verið á því fráhvarf hjá Siglingamálstofnun ríkisins. Siglingamálastofnun hafi leitað úrskurðar ráðuneytis um starfsaðferðir sínar og starfað eftir þeim reglum. Af hálfu ákærða var því haldið fram, að túlka beri 3. mgr. 3. gr. l. nr. 81/1976 þannig, að átt sé við raunveruleg afköst vélar, en ekki annað. Viðurkennt hafi verið, að afköstin séu 889 hestöfl, og beri því að sýkna ákærða.

Álit dómsins.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa sem skipstjóri á skuttogaranum Haferni, GK-90, verið á botnvörpuveiðum á þeim stað og á þeim tíma, er í kæru Landhelgisgæslu Íslands greinir. Staðarákvörðun varðskipsins Ægis mælir togarann um 9 sjómílur innan leyfðra fiskveiðimarka fyrir

skuttogara „*með aðalvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri,*" sbr. ákvæði 3. mgr. 3. gr. l. nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Samkvæmt skipaskrá er aðalvél togarans skráð 1200 bremsuhestöfl, og er sú tala tilgreind á alþjóðamælibréfi skipsins, sem útgefið er af Siglingamálastofnun ríkisins þann 18. október 1982 og ákærði framvísaði við töku skipsins þann 29. þ.m. Með breytingum, sem framkvæmdar voru á aðalvél skipsins í maí 1982, var orka vélar raunar færð niður í 889 bremsuhestöfl með stillingu á olíugjöf og hún innsigluð. Af hálfu ákæruvaldsins er því ekki mótmælt, að nothæf orka aðalvélar skipsins sé aðeins 889 bremsuhestöfl eftir þessar breytingar. Siglingamálastofnun ríkisins viðurkennir hins vegar ekki, að þessi aðferð hafi þá breytingu í för með sér, að vélin verði skráð á skipaskrá með breyttri hestaflatölu.

Í 2. gr. laga nr. 51/1970 um Siglingamálastofnun ríkisins er henni meðal annars ætlað það hlutverk að annast framkvæmd laga og reglna um mælingar og skráningu skipa svo og að gefa árlega út skipaskrá.

Skv. 14. gr. l. nr. 53/1970 um skráningu skipa ber eiganda skips að tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins, verði breyting á einhverju þeirra atriða, er fram koma í aðalskipaskrá varðandi skipið. Með útgáfu alþjóðamælibréfs um skipið frá 18. október 1982 er misræmi milli skráðrar hestaflatölu aðalvélar Hafarnar, GK-90, og þeirrar hestaflatölu, er eigandi taldi eiga að gilda um skipið. Átti eigandi þá kost þeirra úrræða er 2. mgr. 18. gr. l. nr. 53/1970 getur, teldi hann rétti sínum hallað í þessu efni. Hér fyrir sakadómi hefur ekkert komið fram, sem bendir til þess, að Siglingamálastofnun ríkisins hafi beitt ólögmætum sjónarmiðum við skráningu vélarstærðar skipsins.

Í 1. mgr. 2. gr. l. nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands er veitt undanþága til fiskveiða með botnvörpu innan fiskveiðilandhelginar á ákveðnum svæðum og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Koma þau fram í 3. mgr. 3. gr. og lúta að lengd skips og stærð aðalvélar. Að mati dómsins kemur fram í greininni vilji löggjafans til að hafa stjórn á sókn veiðiskipa á veiðisvæði innan fiskveiðilögsögunnar. Með hliðsjón af framanrituðu þykir rétt að skýra 3. mgr. 3. gr. l. nr. 81/1976 með hliðsjón af 2. gr. l. nr. 51/1970 um hlutverk Siglingamálastofnunar ríkisins og leggja skráningu stofnunarinnar til grundvallar við túlkun á greininni.

Það þykir því sannað, að ákærði hafi með framferði sínu, sem lýst er í ákæruskjali, gerst brotlegur við öll þau lagaákvæði, er í ákæru greinir.

Við mat á refsingu ákærða þykir hins vegar mega líta til þess, að með dómi sakadóms Vestmannaeyja frá 9. mars 1983 og dómi sakadóms Hafnarfjarðar frá maí 1983 voru ákærðu sýknaðir af ákæru um hliðstæð brot og hér er lagður áfellisdómur á. Þykir það benda til þess, að ákvæði laga um þessi atriði séu ekki nægjanlega skýr. Með hliðsjón af því þykir mega

fallast á, að ákærði hafi álitið, að verknaður hans væri ekki réttarbrot. Skal því ekki dæma honum refsingu með heimild í 3. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. l. nr. 81/1976 skulu gerð upptæk til Landhelgissjóðs Íslands allur afli og veiðarfæri Hafarnar, GK-90, er um borð voru í skipinu þ. 29. þ.m.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.-, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndal hrl., kr. 28.000.-.

Dóm þennan kváðu upp Valtýr Sigurðsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Óskari Jónssyni vélstjóra og Ingólfi Falssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Guðmundar Jónssonar, skal niður falla. Allur afli og veiðarfæri m.s. Hafarnar, GK-90, þ.m.t. dragstrengir, sem voru um borð í skipinu þ. 29. september sl., skulu gerð upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.-, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Benedikts Blöndal hrl., kr. 28.000.-.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. maí 1984.

Nr. 3/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Oddi Gíslasyni
(Benedikt Blöndal hrl.)

Fiskveiðibrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu með stefnu 20. desember 1983. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 23. mars 1984.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Meðal þeirra er bréf tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands 15. desember 1983 til Heimaskaga h/f, sem er eigandi m/s Skipaskaga, AK 102, og skýrsla um aflnýtnimælingar í skipinu, er gerðar voru 3.-4. október 1983.

Í skýrslu þessari segir m.a. svo:

„Aðalvél. Mirrlees Blackstone EZSL 8 M
Afköst 1250 hö við 1000 sn/mín..."

Í bréfinu segir m.a.: „Mesta orka sem unnt reyndist að ná út úr aflkerfi skipsins með skrúfuálagi mældist á siglingu um 677 hö og með skipið bundið við bryggju um 832 hö."

Þá hafa verið lögð fyrir Hæstarétt staðfest ljósrit úr aðalskipaskrá Siglingamálstofnunar ríkisins varðandi skráningu m/s Skipaskaga og ljósrit af afsali (Bill of Sale) fyrir nefndu skipi til Heimaskaga h/f. Á þessum skjölum er aðalvél skipsins skráð 1200 hestöfl.

Að ósk ríkissaksóknara fór fram framhaldsdómrannsókn í máli þessu eftir uppkvaðningu héraðsdóms. Kom m.a. fram við rannsókn þessa, að skjöldur hafði verið settur á aðalvél m/s Skipaskaga, AK 192, þegar breytingar voru gerðar á stillingu olíukerfis á aðalvélinni. Á skildi þessum stendur: „THIS ENGINE DERATED TO 875 B.H.P. FUEL PUMP SETTING 15. M/M."

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 15.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Oddur Gíslason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000.00

krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, 15.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Þórs Vilhjálmssonar.

Með vottorði frá skipaskráningu Lloyds, dagsettu 30 apríl 1982, sbr. síðari leiðréttingar í telexskeytum 6. og 7. maí s.á., teljum við sannað, að nýtanleg afköst aðalvélar Skipaskaga AK 102 hafi verið færð niður í 889 bremsuhestöfl.

Með því fylgdist starfsmaður Siglingamálastofnunar ríkisins.

Í alþjóðamælibréfi fyrir skipið, útg. 21. apríl 1982, af Siglingamálastofnun ríkisins er stærðar aðalvélar hvergi getið, en í sams konar bréfi frá sama aðilja,, útg. 21. september 1982, er stærð aðalvélar skráð ,,1200 HÖ". Mæling hafði þó ekki farið fram á aðalvélinni á vegum Siglingamálastofnunar á þessu tímabili, enda hafði stofnunin ekki tækjakost til slíkra mælinga.

Er Skipaskagi, AK 102, var staðinn að meintum ólöglegum veiðum 29. september 1983, fór Baldur Gylfason, III. vélstjóri á varðskipinu Ægi, um borð í Skipaskaga og skoðaði aðalvél hans. Við yfirheyrslu í sakadómi Akraneskaupstaðar 30. s.m. bar hann m.a., að aðalvél Skipaskaga hefði í þáverandi ásigkomulagi ekki getað náð 1000 bremsuhestöflum.

Samkvæmt aflnýtingarmælingum, er fram fóru á aðalvél skipsins 3.-4. október 1983 á vegum tæknideildar Fiskifélags Íslands, kemur m.a. eftirfarandi fram í skýrslu, dags. 15. desember 1983:

,,Mesta orka sem unnt reyndist að ná út úr aflkerfi skipsins með skrúfuálagi mældist á siglingu um 677 hö og með skipið bundið við bryggju um 832 hö."

Af hálfu ákæruvaldsins hefur engin tilraun verið gerð til að sanna það, að nýtanlegt afl aðalvélar Skipaskaga, AK 102, hafi náð 1000 bremsuhestöflum, er skipið var staðið að meintum ólöglegum veiðum 29. september 1983.

Það hvílir á ákæruvaldinu að sanna sekt ákærða, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974, og allan vafa ber að túlka honum í hag.

Við túlkun á 3. mgr. 3. gr. laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiði-

landhelgi Íslands teljum við því, að leggja beri til grundvallar hið nýtanlega afl vélarinnar eins og það var í raun, en ekki eins og það er skráð af Siglingamálstofnun ríkisins, enda er í téðu lagaákvæði hvorki minnst á það, að miða skuli við skráningu stofnunarinnar á vélarafli né á það, að miða skuli við ástimplað vélarafl, og fær bréf samgönguráðuneytisins 16. desember 1975, sem vitnað er til í héraðsdómi, ekki breytt þessari niðurstöðu.

Við teljum því, að ákærði, Oddur Gíslason, eigi að vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar teljum við, að eigi að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málsvarnarlaun, en málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti teljum við hæfilega ákveðinn 15.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Akraness 3. október 1983.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu nú í dag, höfðað á hendur Oddi Gíslasyni, Hjarðarholti 7, Akranesi, fæddum þar í bæ 5. júlí 1942, fyrir fiskveiðbrot. Ákærða er gefið að sök „að hafa sem skipstjóri á skuttogaranum Skipaskaga Ak - 102, sem samkvæmt aðalskipaskrá er 297 brúttórúmlestir, 35.87 lengdarmetrar og búinn 1200 bremsuhestafla aðalvél, verið á botnvörpuveiðum á skipinu, síðdegis fimmtudaginn 29. september 1983, vestur af Garðskaga, á svæði innan fiskveiðilandhelginnar þar sem botnvörpuveiðar eru þessu skipi með öllu óheimilar vegna stærðar aðalvélar, sem þrátt fyrir breytingar er kann að hafa verið komið fyrir með stillingu olíugjafar og innsigli, telst óbreytt að stærð, 1200 bremsuhestöfl (BHP).

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr., lið E3, og 3. mgr. 3. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, og 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, og 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299, 1975, sbr. lög nr. 44, 1948 og lög um breytingu á þeim lögum nr. 45/1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. nefndra laga nr. 81, 1976, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum togarans, þar með töldum öllum dragstrengjum, svo og öllum afla innanborðs og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir verða nú raktir samkvæmt framburði vitna, framburði ákærða og öðrum gögnum þessa máls.

Síðdegis þann 29. sept. sl. barst bæjarfógetaembættinu á Akranesi símskeyti frá Jóni Magnússyni hrl. f.h. Landhelgisgæslu Íslands, þar sem fram kemur, að varðskipið Ægir hafi staðið togarann Skipaskaga að meintum ólöglegum veiðum 20 sjómílur vestnorðvestur af Garðskaga.

Skipstjóri Skipaskaga, AK - 102, Oddur Gíslason, ákærði í máli þessu var kærður fyrir landhelgisbrot.

Föstudaginn 30. sept. kom skipherra varðskipsins, Þröstur Sigtryggsson, fyrir rétt og lagði þar m.a. fram skýrslu, undirritaða af honum sjálfum, um meintar ólöglegar togveiðar Skipaskaga, Ak - 102. Skipherra kannaðist við undirskrift sína og staðfesti skýrsluna sem rétta. Skipherra upplýsti, að ákærði hefði ekki mótmælt staðarákvörðun varðskipsmanna, þ.e. að Skipaskagi, Ak - 102, hefði verið að veiðum innan 12 mílna markanna.

Nánari atvik eru sem hér segir: Í skýrslu skipherra kemur fram, að kl. 12.35 þann 29. sept. sl. hafi miðast skuttogari 8.4 sml. innan leyfðra marka fyrir skuttogara „með aflvél 1000 bremsuhestöflum eða stærri." Um kl. 13.38 hafi verið haldið að togaranum, sem hafi reynst vera Skipaskagi, Ak - 102. Var togarinn þá 6.8 sml. innan leyfðra marka fyrir togara með áðurgreindri vélarstærð og togaði í suðlæga stefnu. Haft var samband við skipstjóra togarans og hann beðinn um að láta hífa inn vörpuna og koma að því búnu um borð í varðskipið með skjöl skipsins. Ákærði, Oddur Gíslason, framvísaði um borð í varðskipinu alþjóðamælibréfi, dags. 21. apríl 1982, þar sem ekki var getið um vélarstærð Skipaskaga, Ak - 102. Einnig framvísaði ákærði alþjóðamælibréfi, dags. 21. sept. 1982, þar sem skráð var, að vélarstærð skipsins væri 1200 hestöfl, og loks framvísaði ákærði telexskeyti, en í því stóð, að orku aðalvélar hefði verið breytt og væri hún nú sögð 889 bremsuhestöfl og hefði verið innsigluð við þá stærð (output), nafn W. Armstrongs eftirlitsmanns Lloyd's er á skeyti þessu.

Þriðji vélstjóri varðskipsins fór yfir í Skipaskaga ásamt Baldri Baldurssyni háseta, en ekki fundu þeir nein merki um, að aðalvél togarans hefði verið innsigluð. Stoppskrúfur fyrir olíugjöf voru við hvern „sylinder," en ekki eins stilltar. Fyrirmæli komu síðan frá stjórnstöð Landhelgisgæslunar kl. 16.14 um að vísa togaranum til hafnar og að kæra ætti skipstjórann fyrir meint landhelgisbrot.

Föstudaginn 30. sept. sl. kom III. vélstjóri á Ægi, Baldur Gylfason, fyrir dóminn. Mætti kvað, að við athugun á eldsneytisdælum aðalvélar Skipaskaga hefði komið í ljós, að þar voru engin innsigli að finna. Mætti kvað I. vélstjóra Skipaskaga hafa verið með sér við þessa athugun og hafi vélstjórinn tjáð mætta, þegar þessari athugun var lokið, að sér væri ekki kunnugt um, að nein innsigli væru við eldneytisdælur aðalvélar. Í yfir-

heyrslu þessari kom m.a. fram, að mætti hafi mælt stoppskrúfur við eldsneytisdælur nr. 4, 5 og 6. Í þessu sambandi skal þess getið, að í telexskeyti því, er skipstjóri Skipaskaga, Ak - 102, framvísaði, stendur m.a., að fullyrt hafi verið við fulltrúa Lloyd's af fulltrúa vélarframleiðanda, að ef áðurgreindar stoppskrúfur við eldsneytisdælur væru stilltar á 15.5 mm og þær innsiglaðar miðað við þá stillingu, en það virðist hafa verið gert samkv. þessu telexskeyti, þá ætti vélin ekki að geta gefið frá sér meiri orku en 889 bremsuhestöfl.

Mætti var inntur eftir því, hver hefði verið niðurstaðan af þessum mælingum hans. Mætti var tregur til að svara því, þar sem aðstæður hefðu verið slæmar við þessar mælingar og hann hefði notað tommustokk við þær. Hann upplýsti þó, ítrekað aðspurður, að skrúfur þessar hefðu ekki verið eins stilltar, og gaf upp ákveðinn millimetramál í því sambandi. Mætti var inntur eftir því, að ef gengið væri út frá þeirri forsendu, að mælingar hans hafi reynst réttar, hvort aðalvélar skipsins hefðu þá getað náð 1000 bremsuhestöflum. Þessari spurningu svaraði mætti neitandi, miðað við þær upplýsingar, sem hann hefði. Mætti upplýsti, að „lítið mál" væri að breyta stillingum á stoppskrúfum við eldsneytisdælur, og taldi hann sig geta fullyrt, að það tæki innan við klukkutíma að breyta stillingum á öllum stoppskrúfunum við eldsneytisdælurnar.

Næstur kom fyrir dóminn þennan sama dag, Hinrik Hinriksson, I. vélstjóri á Skipaskaga, Ak - 102, staðfesti hann í flestu framburð Baldurs Gylfasonar, III. vélstjóra varðskipsins, varðandi mælingar Baldurs og aðferðina, er notuð var við þær mælingar. Mætti upplýsti, að hann hefði haldið, að eldsneytisdælur skipsins væru innsiglaðar, en hann hefði þó aldrei athugað, hvort svo væri. Hann hefði ávallt talið vélina 889 bremsuhestöfl, þar sem hann hefði m.a. séð telexskeytið frá fulltrúa Lloyd's, sem getið er um hér að framan, og trúað því, sem þar stæði. Mætti upplýsti, að hann hefði verið vélstjóri á skipinu frá komu þess til landsins 1. maí 1982, en hann hefði ekki verið viðstaddur, er breytingar voru gerðar á skipinu og vél þess í Hull í Englandi í byrjun ársins 1982. Mætti kvaðst aðspurður aldrei hafa vitað til þess, að átt hefði verið við títtnefndar stoppskrúfur. Mætti kvaðst aðspurður ekkert geta sagt til um, hvort staðarákvarðanir varðskipsmanna væru réttar, þar sem hann hefði verið á frívakt, er Skipaskagi, AK - 102, var staðinn að meintum ólöglegum veiðum innan 12 mílna markanna vestnorðvestur af Garðskaga.

Þá mætti í réttinum ákærði í máli þessu, Oddur Gíslason, skipstjóri á Skipaskaga, Ak - 102. Skýrsla skipherra Ægis, Þrastar Sigtryggssonar, var borin undir ákærða, og kvaðst hann geta staðfest hana sem rétta, þ.á m. að hann rengdi ekki staðarákvarðanir varðskipsmanna. Ákærði upplýsti, að sér hefði verið kunnugt um, að vél skipsins hefði verið innsigluð, þannig

að hún gæfi aðeins frá sér 889 bremsuhestöfl. Ákærði upplýsti, að sér væri ekki kunnugt um, að nokkurn tíma hefði verið átt við stoppskrúfur við eldsneytisdælur aðalvélar.

Laugardaginn 1. okt. 1983, kl. 10.00, kom fyrir réttinn Valdimar Indriðason, framkvæmdastjóri og útgerðarmaður Skipaskaga, Ak - 102.

Mætti gat ekki upplýst, hvort legið hafi fyrir samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins, er ákveðið var að breyta aðalvél úr skráðum 1200 bremsuhestöflum niður í 889 nýtanleg hestöfl, en vísaði í því sambandi til Bárðar Hafsteinssonar hjá fyrirtækinu Skipatækni h/f, en Bárði hefði verið falin öll undirbúningsvinna vegna þeirra breytinga, sem gerðar voru á búnaði og vél skipsins.

Mætti upplýsti, að Magnús Kristjánsson hafi verið eftirlitsmaður Siglingamálastofnunar ríkisins vegna áðurgreindra breytinga og hafi „tekið út" Skipaskaga, Ak - 102, áður en skipið kom til landsins.

Mætti kvað aðspurður, að Magnúsi hefði verið kunnugt um þessar breytingar á aðalvél skipsins, sem hafi verið framkvæmdar af framleiðendum vélarinnar og undir eftirliti fulltrúa Lloyd's Register of shipping og með samþykki Magnúsar.

Mætti kvað aðspurður, að útgerðin hefði ekki hlutast til um, að Siglingamálstofnunin skráði aðalvél skipsins í aðalskipaskrá 1983 með sagðri nýtanlegri hestaflaorku vélar að breytingu lokinni, vegna þess að útgerðin hefði fengið útgefið alþjóðlegt mælibréf, undirritað í Hull í Englandi 21. apríl 1982 af Magnúsi Kristjánssyni, þar sem ekkert hefði verið getið um vélarstærð. Mætti upplýsti, að hann hefði sagt skipstjóra og I. vélstjóra, að vélarstærð aðalvélar skipsins hafi verið færð niður í 889 bremsuhestöfl, og sýnt þeim vottorð þar að lútandi frá Lloyd's Register of shipping.

Rétt þykir að geta þess, að ógjörningur reyndist að fá Magnús Kristjánsson fyrir réttinn, þar sem hann var staddur í Póllandi, ekki reyndist heldur unnt að ná skeytasambandi við hann.

Mánudaginn 3. okt. 1983, kl. 11.00, kom ákærði aftur fyrir dóminn, og var hann þá spurður, hvenær hann hefði fengið alþjóðamælibréfið, dags. 21.09. 1982, í sínar hendur, en þar er vélarorka skipsins sögð 1200 hestöfl. Ákærði svaraði því til, að það myndi hann ekki glögglega, en taldi, að það hefði verið nokkrum dögum eftir dagsetningu alþjóðamælibréfsins. Í svari ákærða við þeirri spurningu dómsins, hvort hann hefði oft verið að veiðum innan 12 mílna landhelgismarkanna, þar sem skip með 1000 bremsuhestafla vél eða minni mega einungis veiða, eftir setningu laga nr. 81/1976, kemur fram, að ákærði viðurkennir að hafa oft verið á veiðum á slíkum svæðum, en hann hefði þó aldrei talið sig vera að brjóta gegn neinum lögum, þar sem hann telji nýtanlega vélarorku skipsins aðeins 889 bremsuhestöfl, eins og fyrr greinir. Þessi skoðun sín hefði styrkst við það,

að Magnús Kristjánsson, sem var fulltrúi Siglingamálstofnunar ríkisins vorið 1982, hafi „tekið skipið út" og fylgst með öllum breytingum á því. Einnig hafi það verið forsenda fyrir innflutningi skipsins, að skráð eða raunveruleg vélarorka skipsins hefði verið færð niður í 889 nýtanleg bremsuhestöfl. Ákærði kvaðst þó ekki hafa verið í Hull í Englandi, er breytingar voru gerðar á Skipaskaga fyrir heimkomu skipsins.

Ákærði var spurður, hvort honum hefði ekki fundist undarlegt, þegar hann fékk mælibréfið dags. 21. sept. 1982 í hendur, að þar væri vélarorka skipsins skráð 1200 bremsuhestöfl og þá hvort hann hefði gert nokkuð til þess að fá þetta leiðrétt. Ákærði svaraði því til, að hann hefði ekkert gert í málinu, þar sem hann hafi talið, að fyrra alþjóðlega mælibréfið, dagsett 21. apríl 1982, hafi ekki fallið úr gildi við útgáfu síðara mælibréfsins, sem dagsett er 21. september 1982. Það kom einnig fram í framburði ákærða, að hann hafi talið mælibréfið dags. 21. sept. 1982 „einskis nýtt plagg."

Ákærði kvað aðspurður, að hann hefði ekki verið krafinn af Siglingamálastofnun um mælibréfið dagsett 21. 04. 82, þegar mælibréfið dags. 21. 09. 82 var gefið út, og ekki hefði farið fram nein skoðun á skipinu eða vél þess af hálfu Siglingamálastofnunar eftir heimkomu skipsins. Aðspurður kvað ákærði, að Landhelgisgæslan hefði aðeins einu sinni haft afskipti af sér innan 12 mílna landhelgismarkanna, en þá hefði hann verið á siglingu og hafi það verið sama daginn og togarinn Sjóli var staðinn að meintum ólöglegum veiðum innan 12 mílna markanna. Skipherra varðskipsins hefði þá beðið hann um að sigla út fyrir 12 mílna mörkin, á meðan á rannsókn „Sjóla málsins" stæði. Eftir úrslit þessa máls hefði ákærði talið, að hann mætti veiða innan 12 mílna markanna. Eins hefðu varðskip og flugvélar Landhelgisgæslunnar séð hann á veiðum innan 12 mílnanna eftir þetta, en látið hann afskiptalausan.

Vitnið Bárður Hafsteinsson kom nú fyrir réttinn og staðfesti, að honum og fyrirtæki hans hefði verið falið að annast alla tæknilega vinnu og undirbúning fyrir komu skipsins Skipaskaga frá Englandi. Mætti upplýsti, að haustið 1981 hefði hann ásamt fulltrúum frá væntanlegum kaupendum togskipanna Baldurs, Hafarnar og Skipaskaga farið á fund siglingamálastjóra og rætt um atriði varðandi vélarstærð skipanna. Bárður kvaðst ásamt væntanlegum eigendum hafa skýrt siglingamálstjóra frá tillögum framleiðanda vélanna í áðurgreindum skipum um það, hvernig unnt væri að minnka raunverulega eða skráða vélarstærð niður fyrir 900 hestöfl. Þessi mál hafi verið rædd fram og til baka, en engin niðurstaða hefði orðið af fundinum.

Mætti kveður, að hann og eigendur skipanna hafi síðan ákveðið að ráðast í þessar breytingar á vélunum, en þá hafi Siglingamálastofnun ekki verið búin að samþykkja títtnefndar breytingar. Bárður skýrir frá þætti Magnúsar Kristjánssonar varðandi breytingar á vélarstærð skipanna á sama veg

og aðrir í þessu máli. Magnúsi hafi m.a. verið kynntar tillögur vélaframleiðanda og hafi Magnús verið viðstaddur þær breytingar, sem fram fóru á vél Baldurs. Magnús hefði síðan komið með aðrar tillögur en framleiðandi vélanna lagði til um það hvernig haga skyldi breytingum á vélum Skipaskaga og Hafarnar. Mætti kvað Magnús hafa verið viðstaddan þessar breytingar og hann samþykkt þær.

Þá mætti í réttinum Páll Guðmundsson, starfsmaður Siglingamálastofnunar ríkisins, en hann sér m.a. um gerð aðalskipaskrár fyrir hönd stofnunarinnar.

Mætti staðfesti, að Magnús hafi verið starfsmaður Siglingamálastofnunar ríkisins vorið 1982 og sagði, að verksvið Magnúsar hefði verið fólgið í stöðu skipamælingamanns, en það verksvið nái ekki til þess að hafa eftirlit með vélum né heimila breytingar á þeim. Mætti var spurður að því, hvaða umboð Magnús Kristjánsson hafi haft frá Siglingamálastofnun ríkisins til þess að heimila að skráð eða raunveruleg vélarstærð Skipaskaga yrði færð úr 1200 bremsuhestöflum niður fyrir 900 hestöfl, hafi Magnús yfirhöfuð heimilað þessar breytingar. Mætti svaraði því til, að honum væri ekki kunnugt um, að greindur Magnús hafi haft neitt umboð né heimild frá Siglingamálastofnunni til þess að láta þessar breytingar á vél Skipaskaga fara fram. Mætti sagði einnig, að í skýrslu Magnúsar um aðalskoðun á vél Skipaskaga, dags. 23.04. 82 í Hull í Englandi, komi fram, að Magnús hefur skráð vélarstærð Skipaskaga, AK - 102, með þeirri vélarstærð, sem áður hafði komið fram, að væri í skipinu, þ.e. 1200 hestöfl. Mætti var spurður að því, hvort Siglingamálastofnun færi eftir einhverjum staðli eða reglum, þegar hún heimilaði niðurfærslu á skráðri vélarorku skipa, eins og vélarframleiðendur hafa gefið hana upp. Hann svaraði því til, að stofnunin samþykkti einungis, að fjarlægðir væru ákveðnir hlutar úr vel, svo sem forþjappa, þannig að ógjörningur á að vera að breyta aftur með lítilli fyrirhöfn vélarstærð. Stofnunin samþykkir ekki, að innsigli sé sett á olíugjöf til þess að minnka skráða vélarorku, þannig að þær aðferðir, sem notaðar voru í Hull í Englandi, eru ekki samþykktar af stofnuninni, og vísaði mætti í því sambandi til bréfs Samgönguráðuneytisins, dags. 16.12.1975. Mætti kvað aðspurður, að skipið hefði ekki verið skoðað við komu þess til landsins, þar sem skipið hefði fengið útgefið haffærisskírteini, þar sem tryggt var, að öllum öryggisútbúnaði um borð hafði verið fullnægt. Mætti svaraði því til aðspurður, að alþjóðlega mælibréfið, sem Magnús hefði gefið út og dags. er 24.04. 1982, hafi aðeins verið bráðabirgðaskírteini. Venjan sé sú að gefa út nýtt mælibréf, þegar eftir komu skips til landsins, enda sé þá búið að ganga frá eignarheimildum og skrá skipið inná aðalskipaskrá.

Er hér var komið í rannsókn málsins lagði Haraldur Blöndal hrl., verjandi ákærða, fram alþjóðamælibréf, dags. 5. maí 1982, þar sem ekkert

er getið um vélarstærð Skipaskaga. Ekki gat mætti upplýst, hvernig á því stæði, en upplýst var í réttinum, að skipið hefði komið til landsins 1. maí 1982.

Mætti sagði, að eigendum Skipaskaga eða skipstjóra hefði ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um alþjóðlega mælibréfið, dags. 21.09. 1982, áður en það var gefið út. Mætti svaraði því til, að mælibréfið, dags. 21.09. 82, hefði verið gefið út, er skipið var sett á aðalskipaskrá, eftir að eigandi skipsins hefði gengið frá sínum gögnum til Siglingamálstofnunar ríkisins. Fram kom hjá mætta, að Siglingamálastofnun ríkisins hafði ekki óskað eftir því, að fram færi rannsókn á vélarstærð Skipaskaga, AK - 102, enda ekki talin þörf á því.

Þess skal að lokum getið að rétturinn fór og athugaði vél Skipaskaga. Ekkert innsigli var sjáanlegt við eldsneytisdælur skipsins.

Álit dómsins.

Mál þetta snýst að meginefni um túlkun á 3. mgr. 3. gr. laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Í áðurgreindri lagagrein segir m.a.: „Þar sem í lögum er rætt um skip 39 metra að lengd og minni, eru undanskildir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri." Nú vaknar sú spurning, hvort hér sé talað um nýtanleg bremsuhestöfl, eftir að raunverulegri vélarorku skips hefur verið breytt, eða hvort hér sé átt við þau hestöfl, sem Siglingamálstofnun skráir í aðalskipaskrá.

Við þá skráningu mun stofnunin styðjast við upplýsingar framleiðanda um stærð aðalvélar í bremsuhestöflum við ákveðinn snúningshraða miðað við mesta stöðuga álag, sem vélin er gerð fyrir. Í 2. mgr. 3. gr. sömu laga segir: „Þar sem í lögum þessum er rætt um lengd skipa, er miðað við mestu lengd samkvæmt mælingum Siglingamálastofnunar ríkisins." Einnig má í þessu samhengi benda á lokaákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 2/1983 um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1983, en þar segir: „Þegar í grein þessari er rætt um aflvél og mestu lengd skipa er miðað við mælingar Siglingamálastofnunar ríkisins." Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í 2. gr., 2. tölulið, laga nr. 52/1970 um Siglingamálstofnun ríkisins segir, að hlutverk Siglingamálastofnunar ríksins sé að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og annað almennt eftirlit skipa samkvæmt lögum um eftirlit með skipum.

Í 4. gr. l. nr. 53/1970 um skráningu skipa segir, að Siglingamálastofnun ríkisins skuli halda aðalskipaskrá. Í 9. tölulið sömu greinar segir, að skrá skuli gerð og stærð aðalvélar í aðalskipaskrá. Það verður að teljast eðlileg lagatúlkun með hliðsjón af framangreindum lögum og lagaákvæðum, að

farið sé eftir þeim opinberu gögnum, sem sú stofnun gefur út, sem annast skal um skráningu og annað eftirlit með skipum skv. íslenskum lögum.

Það er það eina, sem rétturinn getur byggt niðurstöðu sína á. Sú stofnun verður einnig innan ramma laga og reglugerða, og hefur tvímælalaust heimild til, að segja fyrir um, hvernig allar breytingar á vélum eða skipum skuli framkvæmdar, leyfi greind stofnun yfirhöfuð slíkar breytingar.

Tilgangur laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands verður að teljast að úthluta skipum veiðisvæðum eftir stærð skipa og vélarorku þeirra.

Ef dómurinn samþykkti, að mönnum væri heimilt að minnka raunverulega eða skráða orku aðalvéla í skipum án samráðs eða samþykkis Siglingamálastofnunar ríkisins eða án þess að viðhafðar væru þær aðferðir, sem stofnunin mælir með, væri komið í algjört óefni. Þá væri tilgangi laga um veiðar í fiskiveiðilandhelgi Íslands stefnt í voða. Einhvers staðar verður að setja mörkin, og sú stofnun, sem löggjafinn hefur sett til þess er Siglingamálastofnun ríkisins.

Í máli þessu liggur fyrir, að í aðalskipaskrá fyrir árið 1983 er togarinn Skipaskagi, Ak - 102, skráður með 1200 hestafla vél. Einnig er ljóst, að þann 21. sept. 1982 gaf Siglingamálastofnun ríkisins út alþjóðamælibréf, sem ákærði, Oddur Gíslason skipstjóri, móttók stuttu síðar, þar sem fram kemur, að Skipaskagi, Ak - 102, er skráður með 1200 hestafla vél. Allt frá því í lok september 1982, er alþjóðamælibréfið var gefið út, og til 29. september 1983 er togarinn Skipaskagi, Ak - 102, var staðinn að meintum ólöglegum veiðum um 20 sjómílur vestnorðvestur af Garðskaga, reyndi hvorki ákærði né útgerð skipsins að hlutast til um það við Siglingamálstofnun, að hún skráði aðalvél skipsins í aðalskipaskrá 1983 með nýtanlegri hestaflaorku vélar, eins og ákærði heldur fram, að hún sé, eftir að gerðar voru á henni breytingar í Hull í Englandi.

Ákærða mátti þó vera það ljóst, að þetta gæti valdið honum erfiðleikum, þar sem það er þessi skrá, sem Landhelgisgæslan fer eftir í löggæslustörfum sínum á hafinu.

Það telst sannað í máli þessu, að vélarstærð Skipaskaga, Ak - 102, hefur aldrei í gögnum Siglingamálastofnunar ríkisins verið skráð önnur en 1200 hestöfl. Ekki er unnt að fallast á þá skoðun ákærða, að líta beri á alþjóðamælibréfið, dagsett 21. sept. 1982, sem „einskis nýtt plagg." Opinberum gögnum verður að treysta. Gera verður og þá kröfu til aðilja, sem telja á hlut sinn gengið í þessum gögnum eða bréfum Siglingamálastofnunar, að þeir noti þau úrræði, sem lög heimila til þess að leiðrétta hlut sinn. Í 2. mgr. 18. gr. l. nr. 53/1973 er kveðið á um, að eigandi skips eða annar aðili, er réttar hefur að gæta, en telur rétti sínum hallað með úrlausn siglingamálastjóra eða ráðherra, geti borið mál sitt undir úrlausn dómstóla.

Svipað ákvæði er að finna í lögum nr. 52/1970, sbr. 21. gr. þeirra laga.

Dómurinn getur ekki fallist á, að unnt sé að öðlast réttindi með því að láta hlutina reka á reiðanum í rúmlega ár og grípa svo til þeirra skýringar, þegar í óefni er komið, að ofangreint alþjóðamælibréf sé „einskis nýtt plagg."

Ákærði hefur haldið því fram undir rekstri málsins, og vitni hafa einnig borið um það, að Magnús Kristjánsson, starfsmaður Siglingamálastofnunar, hafi samþykkt áðurgreindar breytingar á vél skipsins, en tilgangurinn með þeim var að minnka vélarstærð úr 1200 hestöflum niður fyrir 900 hestöfl. Ljóst er, að Siglingamálastofnun ríkisins viðurkennir ekki þá aðferð, sem notuð var, þ.e. að setja innsigli á olíugjöf aðalvélar, sbr. framburð Páls Guðmundssonar, starfsmanns Siglingamálastofnunar, sem rakinn hefur verið í málavaxtalýsingu, og bréf Samgöngumálaráðuneytisins, dags. 16. desember 1975, sbr. dómskjal nr. 5, þar sem segir m.a., að þegar skrá skuli afl aðalvéla skipa á skipaskrá skuli fara eftir upplýsingum framleiðanda um stærð vélar í bremsuhestöflum og að breytingar á snúningshraða aðalvélar með stillingu olíugjafar (innsigli) hafi ekki áhrif á skráð afl hennar. Einnig má benda á dómskjal nr. 20 þessu til stuðnings.

Einnig liggur frammi í málinu skýrsla Magnúsar Kristjánssonar, sbr. dómskjal nr. 15, um aðalskoðun vélar, dagsett 23. apríl 1982 í Hull í Englandi, þar sem fram kemur, að Magnús skráir stærð aðalvélar 1200 hestöfl, þrátt fyrir að títtnefndar breytingar á aðalvél áttu þá að hafa verið um garð gengnar.

Niðurstaða.

Ekki verður fram hjá því gengið, að ákærða, Oddi Gíslasyni, var ljóst eða mátti vera það ljóst, að Siglingamálstofnun ríksins skráði aðalvél Skipaskaga, Ak - 102, 1200 bremsuhestöfl í aðalskipaskrá og alþjóðamælibréfi, dags. 21. sept. 1982, sem hann framvísaði sjálfur, er hann var staðinn að meintum ólöglegum veiðum þann 29. september sl.

Það telst því sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem í ákæruskjali greinir og þar er rétt fært til refsiákvæða. Ákærði telst því hafa brotið gegn 2. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr., lið E3, og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 81/1976 og 1. gr. reglugerðar nr. 299/1975.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 30. sept. 1983, hefur hann ekki sætt refsingum, svo kunnugt sé.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 1. tölulið 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 81/1976.

Hafa ber þó í huga við ákvörðun refsingar, að ákærði hefur haldið fast við þá skoðun sína, að hann hafi ávallt talið vél Skipaskaga, Ak - 102, 889 bremsuhestöfl, afskiptaleysi Landhelgisgæslunnar af veiðum ákærða

innan 12 mílna fiskveiðimarkanna og að fallið hafa tveir sýknudómar í héraði í málum, sem svipar til þessa máls.

Framangreind atriði geta hafa orðið þess valdandi, að ákærði hafi litið svo á, að verknaður sinn væri eigi réttarbrot, og þykir því rétt samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940 að ákveða, að refsing hans skuli niður falla, þó hann sé sakfelldur fyrir brot það, sem hann er ákærður fyrir.

Allur afli og veiðarfæri Skipaskaga, Ak - 102, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk og eign Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Haralds Blöndal hrl., kr. 30.000.-, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.-.

Dómsorð:

Ákærða, Oddi Gíslasyni, skipstjóra, verður eigi dæmd refsing.

Allur afli og veiðarfæri Skipaskaga, Ak - 102, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk og eign Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Haralds Blöndal hrl., kr. 30.000.-, og sakasóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.-.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. maí 1984.

Nr. 35/1983. **Pétur Sverrir Gunnarsson**
og
Margrét Ísaksen
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Þór Snorrasyni h/f
(Helgi V. Jónsson hrl.)

Verksamningur. Löghald. Réttaráhrif gjaldþrotaskipta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1983. Krefjast þeir þess, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda

og honum dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

1. *Um fjárkröfu stefnda á hendur áfrýjandanum Pétri Sverri.*

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um greiðsluskyldu áfrýjandans Péturs Sverris gagnvart stefnda á tildæmdri fjárhæð, 92.676.91 krónur, og fer um vexti af þeirri fjárhæð svo sem segir í dómsorði.

2. *Um löghald 23. febrúar 1981 í íbúð þeirri, er í málinu greinir, að Hraunbæ 70.*

Af hálfu áfrýjenda var því haldið fram í flutningi máls fyrir Hæstarétti, að á löghaldsgerðinni væru nokkrir annmarkar, sem girtu fyrir, að hún yrði staðfest. Eigi verður séð af gögnum máls, að þessari málsástæðu hafi verið hreyft í héraði, og verður hún þegar af þeirri ástæðu eigi tekin til greina. Staðfestingarmáli út af löghaldsgerðinni hefur verið réttilega haldið til laga. Ber samkvæmt því að fallast á ákvæði héraðsdóms um staðfestingu löghaldsgerðarinnar.

3. *Málsástæða áfrýjenda, er lýtur að 24. gr., 3. mgr., laga nr. 6/1978.*

Svo sem greinir í héraðsdómi, krefjast áfrýjendur þess, að dæmt verði, að réttaráhrif löghaldsgerðarinnar hafi fallið niður, þegar áfrýjandinn Pétur var lýstur gjaldþrota, sbr. 24. gr., 3. mgr., laga nr. 6/1978.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn frá skiptarétti Reykjavíkur um skiptalok í búi Péturs Sverris hinn 25. maí 1983. Samkvæmt þeim gögnum var íbúð sú, sem málið varðar, eigi dregin undir skiptin. Kröfum stefnda, þeim sem hér ræðir um, var og eigi lýst í búið. Íbúð þessi kom í hlut áfrýjandans Margrétar við fjárskipti þeirra áfrýjenda vegna hjónaskilnaðar. Var yfirlýsingu þessa efnis, dags. 22. apríl 1981, þinglýst hinn 27. apríl s.á., en þess er að geta, að byggingasamvinnufélagið Framtak er þinglýstur eigandi hússins Hraunbæjar 70. Framangreint löghald var gert í íbúðinni hinn 23. febrúar 1981 og þinglýst 10. mars s.á., en bú Péturs var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 24. júní 1982.

Fjárskiptagerningi áfrýjendanna út af íbúðinni var ekki riftað af hálfu bús Péturs Sverris. Ákvæði 3. mgr. 24. gr. laga nr. 6/1978 er sett til hagsbóta fyrir bú gjaldþrota, en búið hefur ekki freistað þess að draga eignina inn í búið. Löghaldið hefur því eigi fallið niður, svo sem hér stendur á. Verður áfrýjandinn Margrét að hlíta löghaldinu, sbr. 18. gr. laga nr. 18/1949.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að réttaráhrif framangreindrar löghaldsgerðar séu ekki fallin niður skv. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 6/1978.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað. Rétt þykir, að áfrýjandinn Pétur Sverrir greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem er hæfilega ákveðinn 22.000.00 krónur, en málskostnaður að því er varðar áfrýjandann Margréti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að ársvextir skulu vera 35% af 14.411.53 krónum frá 15. október til 8. nóvember 1980, af 40.461.23 krónum frá þeim degi til 29. nóvember s.á., af 57.488.95 krónum frá þeim degi til 12. desember s.á., af 80.792.91 krónu frá þeim degi til 19. desember 1980, af 92.676.91 krónu frá þeim degi til 4. mars 1981, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi Pétur Sverrir Gunnarsson greiði stefnda, Þór Snorrasyni h/f, 22.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður fellur niður að því er varðar áfrýjanda Margréti Ísaksen.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. janúar 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 4. mars 1981, af Þór Snorrasyni h.f., Hyrjarhöfða 5, Reykjavík, gegn Pétri Sverri Gunnarssyni, Hraunbæ 70, Reykjavík, og 5. nóvember 1982 gegn Margréti Ísaksen kennara, nnr. 6370-5454, Hraunbæ 70, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndi Pétur verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 92.676.91 með 46% ársvöxtum af kr. 14.411.53 frá 15. október 1980 til 8. nóvember s.á., af kr. 40.461.23 frá þeim degi til 29. nóvember s.á., af kr. 57.488.95 frá þeim degi til 12. desember s.á., af kr. 80.792.91 frá þeim degi til 19. desember s.á., af kr. 92.676.91 frá þeim degi til birtingardags stefnu í máli þessu og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

2. Að staðfest verði löghald, sem gert var í fasteigninni, 1. hæð til vinstri í húseigninni nr. 70 við Hraunbæ í Reykjavík þann 23. febrúar 1981, þáverandi eign stefnda Péturs, en nú þinglýstri eign stefndua Margrétar, til tryggingar skuldinni.

3. Að stefndi Pétur verði dæmdur til að greiða stefnanda lögfræði- og fógetakostnað við framkvæmd löghaldsins og málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

4. Að stefnda Margrét verði dæmd til að greiða málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda Péturs eru þær *aðallega*, að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu, en *til vara,* að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefnda Margrét krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Stefnandi, sem tekur að sér frágang lóða, var undirverktaki hjá stefnda Pétri, sem hafði tekið að sér að byggja íþróttahús Hlíðaskóla hér í borg. Stefnandi annast skrúðgarðaþjónustu, og gerðu aðiljar með sér verksamning í apríl 1980, þar sem stefnandi tók að sér lóðarlögun í kringum íþróttahúsið. Stefnandi kveður sig hafa lokið við frágang lóðarinnar og fengið meginhluta greiðslu fyrir verkið frá stefnda Pétri, en ógreiddir hafi þó verið nokkrir reikningar, sem hann hafi framvísað í desember 1980, og nemi þeir samtals stefnufjárhæðinni. Stefnandi hafi ekki fengið greitt inn á skuld stefnda við sig síðan 15. desember 1980 og hafi hann óttast um greiðsluvilja og greiðslugetu stefnda Péturs. Hafi hann því fengið lagt löghald á íbúð stefnda Péturs fyrir skuldunum hinn 23. febrúar 1981. Þá hafi stefndu verið í hjúskap og hafi stefndi Pétur sjálfur mætt við löghaldsgerðina og bent á íbúðina til tryggingar skuldinni skv. löghaldsbeiðninni. Stefndu hafi skilið að borði og sæng í apríl 1981 og hafi stefndi Margrét fengið íbúðina í sinn hlut samkvæmt skilnaðarsamkomulagi þeirra í milli og hafi íbúðin verið þinglýst eign stefndu Margrétar. Vegna þessarar breytingar á eignaraðild íbúðarinnar hafi stefnanda borið nauðsyn til að höfða sakaukamál á hendur stefndu Margréti til staðfestingar á löghaldinu og hafi málin verið sameinuð.

Stefnandi byggir kröfur sínar á framlögðum reikningum, sem séu fyrir unnið verk í þágu stefnda Péturs og í samræmi við samning þeirra. Stefnda Pétri hafi borið að greiða reikningana tveimur dögum eftir að greiðsla hafi verið innt af hendi af hálfu borgarsjóðs, en þangað hafi stefndi Pétur sent reikningana sjálfur. Borgarsjóður hafi greitt reikningana til stefnda Péturs, fljótlega eftir að þeir hafi verið lagðir inn, þ.e. um áramót 1980-1981, en stefndi Pétur hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Stefnandi styður kröfu sína um staðfestingu löghalds sérstaklega með því að benda á, að 3. tl. 24. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 beri að skýra í samræmi við og með hliðsjón af 1. og 2. töluliðum sömu greinar laganna. Í 24. gr. sé átt við eignir þrotamanns, og 3. töluliður eigi á sama hátt við eignir þrotamanns, þótt þess sé ekki sérstaklega getið í orðalagi hans. 3. tl. 24. gr. gjaldþrotalaga eigi því ekki við í þessu máli, þar sem löghaldið hafi hvílt á eign stefnda Margrétar, en ekki á eign stefnda Péturs, þegar úrskurður um að taka bú hans til gjaldþrotaskipta hafi verið kveðinn upp hinn 24. júní 1982.

Stefndi Pétur styður kröfur sínar þeim rökum, að hann hafi þegar greitt stefnanda að fullu og meira til það verkkaup, sem stefnanda hafi borið fyrir umrætt verk. Lokauppgjör hans við Reykjavíkurborg vegna byggingar íþróttahússins hafi verið gert 10. apríl 1981. Í því hafi stefndi orðið að sæta verulegum frádrætti vegna ólokinna og niðurfelldra verka og telji stefndi, að stefnandi verði að sæta samsvarandi frádrætti á tilboðsverki sínu. Reykjavíkurborg hafi skert verðbætur á greiðslur til stefnda frá 1. október 1980 vegna dráttar, sem á verkið var kominn, og mat stefnda sé, að stefnandi verði einnig að þola skerðingu á verðbótum, þar sem dráttur-inn hafi að nokkru verið stefnanda að kenna. Með lokauppgjöri þessu hafi greiðslur fyrst komið frá borgarsjóði á reikningum stefnanda á hendur stefnda og hafi gjalddagi reikninganna því ekki verið fyrr en 12. apríl, tveimur dögum seinna. Löghaldið hafi því verið gert fyrir kröfunni, áður en reikningarnir voru fallnir í gjalddaga, og hafi þá aldrei reynt á sjálfstæð-an greiðsluvilja stefnda Péturs og hafi löghaldið verið að ófyrirsynju og beri stefnanda að greiða málskostnað skv. 1. og 4. tl. 177. gr. einkamála-laga. Stefndi bendir einnig á, að skv. dskj. nr. 16 segir stefnandi, að hann hafi þegar fengið greitt úr hendi stefnda gkr. 43.506.284, og telji stefndi, að þessi greiðsla sé meira en nægjanleg efnd á skyldum skv. verksamningi aðilja.

Málsrök stefndu fyrir sýknu af staðfestingu löghaldsins séu þau, að löghaldið sé eo ipso fallið niður skv. skýrum ákvæðum 3. tl. 24. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Þar segir, að kyrrsetning gerð fyrir upphaf gjaldþrotaskipta falli brott. Bú stefnda Péturs hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, uppkveðnum 24. júní 1982, og hljóti því kyrrsetningin að

vera fallin brott. Þetta ákvæði sé ekkert nýmæli í lögum, enda alþekkt, og stefndi andmæli alfarið túlkun lögmanns stefnanda á þessu ákvæði. Stefnandi eigi ekki að öðlast betri rétt við það, að hin kyrrsetta eign fari á hönd 3ja manns, sakaukastefndu Margrétar.

Stefnda Margrét tekur sérstaklega fram, að dómkröfur stefnanda í máli þessu séu henni með öllu óviðkomandi. Sérstakt ákvæði hafi verið í skilnaðarskilmálum hennar og stefnda Péturs, að löghald þetta væri henni óviðkomandi, og hafi stefndi Pétur skuldbundið sig til þess að aflétta kvöðinni af íbúðinni við fyrstu hentugleika. Skv. afdráttarlausu ákvæði 3. tl. 24. gr. laga 6/1978 hafi kyrrsetningin fallið brott, þegar bú stefnda Péturs hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, og þess sé krafist, að það verði staðfest með dómi þessum.

Niðurstaða.

Upplýst er og óumdeilt í máli þessu, að stefnandi krefur stefnda Pétur eingöngu um greiðslu reikninga fyrir verk, sem unnin hafa verið. Skv. verksamningi aðilja skyldi samningsverð verðbætt í samræmi við hækkun byggingarvísitölu. Ósannað er af stefnda hálfu, að dráttur sá, sem á verki varð, hafi verið stefnanda að kenna. Stefnandi var ekki aðili að samningi við Reykjavíkurborg, heldur við stefnda. Stefndi hefur því ekki á þennan hátt sýnt fram á, að stefnandi eigi að sæta skerðingu á verðbótum og að reikningar hans í máli þessu séu því of háir. Stefndi hefur ekki á annan hátt sýnt fram á, að reikningar stefnanda séu rangir og ekki heldur, að stefnandi hafi fengið þá eða hluta þeirra greiddan. Ber stefnda því að greiða þá, enda er viðurkennt af hans hálfu, að hann hafi fengið greiðslu þeirra frá Reykjavíkurborg.

Ósannað er af stefnda hálfu, að greiðsla reikninga þeirra, sem stefnandi byggir á, hafi ekki komið frá Reykjavíkurborg fyrr en við uppgjör 10. apríl 1981, og hefur stefndi því ekki sýnt fram á, að löghald það, sem gert var í íbúð hans að Hraunbæ 70 hinn 23. febrúar 1981 fyrir skuld þessari, hafi verið að ófyrirsynju.

Skýra ber 3. tl. 24. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 þannig, að ákvæðið eigi aðeins við um kyrrsetningu, gerða í eignum þrotamanns, sem heyra þrotabúinu til og renna til búsins. Íbúðin, sem löghaldið hafði verið gert í, varð eign stefndu Margrétar við skilnað stefndu að borði og sæng í apríl 1981 og var stefndu Margréti fullkunnugt um löghaldið, sem hvíldi áfram á íbúðinni. Íbúð þessi rann ekki til þrotabús stefnda Péturs, þar sem hún var ekki eign hans, og á 3. tl. 24. gr. gjaldþrotalaga því ekki við um löghald þetta. Löghaldið verður því staðfest.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda Pétur einnig til að greiða

stefnanda málskostnað, sem ákveðast kr. 20.000.00. Málskostnaður fellur niður gagnavart stefndu Margréti.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Stefndi Pétur Sverrir Gunnarsson greiði stefnanda, Þór Snorrasyni h.f., kr. 92.676.91 með 46% ársvöxtum af kr. 14.411.53 frá 15. október 1980 til 8. nóvember s.á. af kr. 40.461.23 frá þeim degi til 29. nóvember s.á., af kr. 57.488.95 frá þeim degi til 12. desember s.á., af kr. 80.792.91 frá þeim degi til 19. desember s.á., af kr. 92.676.91 frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags, og kr. 20.000.00 í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður gagnvart stefndu Margréti Ísaksen.

Löghaldsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 23. febrúar 1981.

Ár 1981, mánudaginn 23. febrúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Hraunbæ 70 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið C-11/1981 Þór Snorrason h.f. gegn Pétri Sv. Gunnarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2-8 reikninga og nr. 9, löghaldstryggingu. *Nr. 1-8* fylgir með í ljósriti. *Nr. 9,* fylgir með í afriti svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Brynjólfur Eyvindsson v/Helga V. Jónssonar, hrl. og krefst löghalds fyrir kr. 92.676.91 með 46% ársv. af kr. 14.411.53 frá 15. okt. 1980 til 8. nóv. 1980, af kr. 40.461.23 frá þ.d. til 29. nóv. 1980, af kr. 57.488.95 frá þ.d. til 12. des. 1980, af kr. 80.792.91 frá þ.d. til 15. des. 1980, af kr. 75.792.91 frá þ.d. til 19. des. 1980 og af kr. 92.676.91 frá þ.d. til greiðsludags.

Gerðarþoli býr hér/starfar hér og er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir löghaldi í eignarhluta gerðarþola 1. hæð til vinstri í húseigninni nr. 70 við Hraunbæ.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 25. maí 1984.

Nr. 184/1981. **Hörður h/f**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Sigurði Ágústssyni h/f
og gagnsök
(Ólafur Axelsson hrl.)

Skuldamál. Meðdómsmenn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 31. ágúst 1981. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðalkrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi og gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

2. varakrafa: Að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

3. varakrafa: Að kröfur gagnáfrýjanda verði stórlega lækkaðar, en málskostnaður látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. október 1981. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðalkrafa aðaláfrýjanda um frávísun málsins frá héraðsdómi vegna ófullkomins málatilbúnaðar var ekki höfð uppi í héraði og er ekki nægum rökum studd.

Aðaláfrýjandi reisir fyrstu varakröfu sína á því, að meðdómsmaðurinn Garðar Garðarsson hafi verið vanhæfur til að gegna meðdómandastarfi í málinu, sbr. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, þar sem hann hafi á sama tíma sem lögmaður haft til innheimtu fjár-

kröfur á aðaláfrýjanda. Fyrir héraðsdómi hreyfði aðaláfrýjandi engum athugasemdum við dómsetu meðdómandans af þessari ástæðu. Þykir þetta atriði ekki valda því, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur.

Þá hefur aðaláfrýjandi ennfremur skírskotað til þess ómerkingarkröfunni til stuðnings, að nefndur meðdómsmaður hafi ekki unnið heit samkvæmt 1. mgr. 203. gr. laga nr. 85/1936. Það er að vísu aðfinnsluvert, að ekki er skráð í þingbók, að hinir tilkvöddu meðdómsmenn hafi unnið heit samkvæmt framangreindu ákvæði, en ekki þykir þó alveg næg ástæða til að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað þess vegna.

Reikningsskil aðaláfrýjanda við gagnáfrýjanda voru ekki með þeim hætti, að fullnægjandi grundvöllur hafi verið til heimtu dómkröfunnar í víxilmáli því, sem í héraðsdómi greinir.

Dráttarvaxta af hinum svonefnda tryggingarvíxli, er í málinu greinir, gat aðaláfrýjandi ekki krafist fyrr en víxillinn hafði verið sýndur til greiðslu, sbr. 34. gr. og 48. gr. laga nr. 93/1933.

Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Dæma ber aðaláfrýjandi til að greiða gagnáfrýjanda 24.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Hörður h/f, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Ágústsyni h.f., 24.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Það er ekki fram komið, að meðdómsmaðurinn Garðar Garðarsson hafi undirritað heit samkvæmt 1. mgr. 203. gr. laga nr. 85/1936 við meðferð máls þessa, og ekki er upplýst, að hann hafi áður starfað sem meðdómsmaður og þá unnið slíkt heit. Ég tel því ekki í

ljós leitt, að Garðar Garðarsson hafi fullnægt þessu skilyrði laganna til meðdómsstarfa í máli þessu og því beri að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Þessi niðurstaða hefur ekki stuðning meiri hluta dómara, og greiði ég því atkvæði um efni málsins.

Með vísan til atkvæðis meiri hluta dómara er ég samþykkur niðurstöðu málsins, er þar greinir.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 23. júlí 1981.

1.0

1.1 Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 28. maí 1980. Munnlegur málflutningur fór fram 1. júlí sl., og var málið dómtekið að honum loknum.

Stefnandi málsins er Sigurður Ágústsson h.f., Stykkishólmi.

Stefndi er Hörður h.f., Sandgerði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 10.820.822 með 31% ársvöxtum frá 1. maí 1980 til stefnubirtingardags og dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Í stefnu nam stefnufjárhæðin kr. 10.991.562, en við munnlegan flutning lækkaði stefnandi kröfuna um kr. 170.740. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og þess, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í. eða skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Leitað hefur verið sátta í málinu, en án árangurs.

2.0

2.1. Málavextir eru þeir, að þann 16. júní 1978 undirrituðu stefndi og Marz h.f., Snæfellsnesi, verksamning, þar sem stefndi tók að sér viðgerðir og breytingar á m.b. Hamrasvani, SH - 201, sem var í eigu Marz h.f. Stefnandi, er sá um útgerð bátsins á þessum tíma, eignaðist hann síðar á árinu og tók að sér greiðsluskyldur þær, er hvíldu á Marz h. f., vegna samningsins. Umsömdum breytingum og viðgerðum á bátnum skyldi ljúka 1. september 1978 að viðlögðum dagsektum. Heildar samningsupphæðin var kr. 81.000.000 auk sérstakrar greiðslu fyrir svokallaðar „tjónsviðgerðir".

Þann 14. desember 1978 gerðu sömu aðiljar með sér viðbótarsamning, er nefndur var „Samningur um uppgjör milli skipasmiðjunnar Harðar hf., sem verksala og Mars hf., sem verkkaupa vegna verkssamnings sem dagsettur er í Ytri-Njarðvík þ. 16. 6. 1978."

Þykir rétt að taka upp nokkrar greinar samningsins er til álita koma í máli þessu.

1. gr.

„Aðilar eru sammála um uppgjör ofannefnds verksamnings, aukaverka við hann og viðbótarverka, sem beðið hefur verið um til þessa dags. Frátaldar eru tjónsviðgerðir, sem verið er að framkvæma og er áætlaður viðgerðarkostnaður þeirra á fylgiskjali nr. 1, með samningi þessum samtals kr. 8.930.443.-.

2.gr.

„Báðir aðilar lýsa því yfir, að eiga hvorugur kröfu á hinn vegna verksamningsins frá 16.06. 1978 að öðruleyti en samningur þessi segir til um."

6. gr.

„Miðað er við að endanlegt verð samningsins verði kr. 90.000.000.- sem sundurliðast þannig:

Verkþættir skv. samningi pr. 16.06. 1978	Kr.	66.800.000
Tæki skv. samningi pr. 16.06. 1978	—	14.300.000
Hækkanir v/gengisbreytinga á tækjum til 04.12. 1978	—	3.360.000
Hækkanir vegna umsamdra viðbóta skv. samkomulagi þessu	—	5.540.000
Samtals	Kr.	90.000.000

Verkið greiðist á eftirfarandi hátt:

A. Þegar er greitt:

1. Innborganir verkkaupa og Tryggingamiðstöðvarinnar h.f.	—	20.500.000
2. Reikningur frá verkkaupa fyrir rafal	—	1.200.000
Samtals	Kr.	21.700.000

B. eftirstöðvar verða því	Kr.	68.300.000
Áætlað er að greiða þær þannig:		
1. Áætluð lánsfjárhæð Fiskveiðasjóðs	—	48.000.000
2. Með víxli pr. 26.01. 1979 vegna kaupa á dýptarmæli	—	1.100.000

3.	Með peningum áður en samningur þessi er undirritaður	— 5.500.000
4.	Með peningum, þegar vottorð Fjárhæðanefndar fiskiskipa liggur fyrir um verklok og endanleg lánsfjárhæð Fiskveiðasjóðs er ljós — áætlað	— 4.700.000
5.	Greitt með peningum fyrir afhendingu skips	— 9.000.000
	Samtals	Kr. 68.300.000

7. gr.

„Vexti og kostnað af víxlum, sem samþykktir eru við uppgjör þetta greiðir verkkaupi. Einnig greiðir verkkaupi vexti af þeim greiðslum sem kunna að dragast eftir úttekt á samningsverki, þ.e. ef Fiskveiðasjóður dregur greiðslur samkv. 6. grein hér á undan og einnig ef verkkaupi dregur lokagreiðslu. Húsnæðis- og fæðiskostnaður starfsmanna verkkaupa hjá verksala greiðist samkvæmt árituðum reikningum. Akstur á aðalvél frá Reykjavík í Njarðvík greiðir verkkaupi og einnig viðgerð á brúarhurðum."

Samkvæmt 9. gr. viðbótarsamningsins skyldi skipið nú afhent 15. janúar 1979, en var í raun ekki afhent fyrr en 6. febrúar 1979.

Við afhendingu skipsins hafði Fiskveiðasjóður Íslands ekki afgreitt lán, sem verkkaupa hafði verið heitið vegna breytinganna og ganga skyldi til verksala skv. sérstakri ávísun á lánsfé. Samþykkti stefnandi þá víxil að fjárhæð kr. 48.000.000, sem var áætluð lánsfjárhæð frá Fiskveiðasjóði. Gjalddagi víxilisins var „við sýningu," og var hann afhentur stefnda.

2.2 Með bréfi, dags. 30. janúar 1980, krafði Logi Guðbrandsson hrl. stefnanda um eftirstöðvar skuldar við stefnda samtals að fjárhæð kr. 16.171.968 auk 4.5% mánaðarvaxta frá 1. 1. 1980. Í bréfi lögmannsins segir m.a. „Umbjóðandi minn hefur samþykkt að ekki verði krafist innheimtulauna af skuldinni ef hún verður greidd fyrir 6. febrúar n.k., en að þeim tíma liðnum verður höfðað mál til innheimtu kröfunnar á grundvelli tryggingarvíxils sem Sigurður Ágústsson h.f. Stykkishólmi hefur samþykkt."

Bréfi þessu svaraði stefnandi með bréfi, dags. 10. febrúar 1980, og kvaðst þar vera skuldlaus við stefnda. Benti stefnandi á, að samkvæmt viðbótarsamningi frá 14. desember 1978 hafi eftirstöðvar samningsupphæðarinnar numið kr. 68.300.000. Hafi sú skuld verið greidd þannig:

„Af Fiskveiðasjóði Íslands 17. 08. 1978 01. 12. 1978	Kr. 30.000.000
Af okkur 15. 12. 1978	— 5.500.000
Af okkur 15. 12. 1978 með víxli	— 1.100.000
Af okkur 06. 02. 1979	— 13.700.000

Af Fiskveiðasjóði Íslands 10. 09. 1979 ..... — 10.967.370
Af okkur 30. 11. 1979 ..... — 7.032.630

Samtals Kr. 68.300.000"

Þá sagði stefnandi í bréfinu, að hann hafi vaxtareiknað skuldina með tilvísun til 7. gr. samningsins.

Vaxtagreiðslu, kr. 2.666.732, ásamt greiðslu á eftirstöðvum samningsfjárhæðarinnar, kr. 7.032.630, hafi hann depónerað í Útvegsbanka Íslands í Keflavík og væri depóneringarféð kræft stefnda gegn afhendingu tryggingavíxilsins samhliða greiðsluávísuninni á lánið úr Fiskveiðasjóði.

2.3 Með stefnu, útgefinni 21. 01. 1980, höfðaði Logi Guðbrandsson hrl. mál til innheimtu „á eftirstöðvum skv. verksamningnum," eins og segir í stefnu hans, og var stefnufjárhæðin kr. 16.171.968. Var það mál rekið sem víxilmál á grundvelli tryggingarvísilsins. Varnarástæða stefnanda þess efnis, að skuldin væri greidd, komst ekki að í víxilmálinu. Var stefnandi þar dæmdur til að greiða Loga Guðbrandssyni hrl. kr. 16.171.968 auk vaxta og kostnaðar. Var dómkrafa þessi greidd Loga Guðbrandssyni hrl. 19. apríl 1980, og nam hún þá með áföllnum kostnaði kr. 20.455.924.

2.4 Stefnukrafa máls þessa er endurkrafa á því, er stefnandi telur sig hafa ofgreitt stefnda ásamt þeim kostnaði sem víxilmálið bakaði honum. Umrætt víxilmál var höfðað í nafni Loga Guðbrandssonar hrl., en í þágu stefnda, eins og í stefnu segir. Hefur stefndi samþykkt aðild sína að málinu.

2.5 Málavextir eru vart nægilega skýrðir í stefnu og greinargerðum. Stefnandi hefur borið við erfiðleikum á að fá framvísað viðhlítandi gögnum frá stefnda. Nokkuð hefur verið bætt úr því undir rekstri málsins og við munnlegan flutning, og verður það ekki látið varða frávísun málsins.

2.6 Ágreiningsatriði þessa dómsmáls eru tvíþætt.

Í fyrsta lagi er ágreiningur um eftirstöðvar skulda stefnanda við stefnda við afhendingu m.b. Hamrasvans þann 6. febrúar 1979. Í víxilmálinu gekk stefndi út frá því, að eftirstöðvar samningsupphæðarinnar að viðbættum reikningum vegna aukaverka næmi kr. 8.655.820 auk vaxta. Hafði þá inngreiðsla Fiskveiðasjóðs þann 10. september 1979 verið færð stefnanda til tekna. Stefnandi taldi hins vegar skuldina nema kr. 7.032.630 og depóneraði þeirri upphæð.

Í öðru lagi er ágreiningur um það, hvaða vaxtafót hafi átt að nota við vaxtareikning skuldarinnar. Þannig reiknaði stefndi vanskilavexti (dráttarvexti) á alla skuldina frá afhendingu bátsins, en stefnandi gerði á hinn bóginn ráð fyrir hæstu löglegu innlánsvöxtum hvers tíma og depóneraði vaxtafjárhæð þannig reiknaðri með höfuðstólsskuldinni.

Málinu var ítrekað frestað, á meðan lögmenn kynntu sér bókhaldsgögn

beggja aðilja. Í þinghaldi þann 14. apríl sl., lýstu lögmenn yfir því, að það væri stefna þeirra að finna út, í hverju mismunur á eftirstöðvum væri fólginn og jafna þann ágreining utan réttar, en beina málflutningi að ágreiningi um vaxtafót. Það tókst ekki, og í þinghaldi 1. júlí sl. lýstu lögmenn gagnaöflun lokið, og var málið munnlega flutt. Var bókað, að lögmenn teldu ekki þörf á aðiljaskýrslum.

3.0

3.1 Í samningi aðilja var ráð fyrir því gert, að verkkaupi — stefnandi — greiddi kostnað af nokkrum verkþáttum svo og þann kostnað af „tjón viðgerðum," sem tryggingarfélag skipsins mundi ekki greiða. Ennfremur fæði og húsnæði starfsmanna sinna hjá verksala svo og vexti, sem í 7. gr. viðbótarsamningsins greinir. Skyldi þetta greitt umfram samningsupphæðina.

3.2 Lagt hefur verið fram ljósrit af vélfærðu viðskiptamannaspjaldi, sem stefndi kveður hafa að geyma yfirlit yfir viðskipti þeirra stefnanda vegna verksins. Sé stefnandi þar skuldfærður fyrir þeim reikningum, sem honum beri að greiða að mati stefnda, en innborgarnir færðar stefnanda til tekna.

Í málinu liggja frammi nokkrir reikningar, er stefndi telur, að stefnandi hafi ekki greitt og séu því til viðbótar samningsfjárhæðinni.

Reikningarnir eru þessir:

I.	Þrír reikningar stefnda (dskj. nr. 20), dagsettir 6.2. 1979. Umsamin viðbótarverk til 6.2. 1979 skv. samkomulagi	Kr.	990.000
	og tveir reikningar vegna fæðis og húsnæðis	—	980.740
	Samtals	Kr.	1.970.740
	Reikningar þessir eru með árituðu samþykki starfsmanna stefnanda.		
II.	Reikningur stefnda (dskj. nr. 24) dagsett 26.1. 1979 (Misritaður '78). „Samkvæmt meðfylgjandi sundurliðun"	—	837.089
	Sundurliðunin er upptalning á meintum viðbótarverkum til 26.1. '79.		
III.	Ljósrit reiknings stefnda (dskj. nr. 25), dagsett 25.1. 1979. „Samkvæmt meðfylgjandi sundurliðun"	—	1.450.443

Reikningurinn er vegna tjónaviðgerðar.

IV. Ljósrit reiknings stefnda (dskj. nr. 26 og 32) dagsett 25.1. 1979.
„Samkvæmt meðfylgjandi sundurliðun“ ..... — 2.218.737
Reikningurinn er vegna tjónaviðgerðar.

V. Reikningur stefnda (dskj. nr. 27), dagsettur 11.1. 1979.
„Forvextir og kostnaður af víxli kr. 1.100.000.- pr. 26.1. 1979“ ..... — 34.125
og reikningur, dagsettur 10.10. 1978. Vextir og kostnaður af víxlum pr. 1. 9. pr. 10.9. pr. 20.9.Samtals — 116.800

Stefnandi hefur lagt fram sem dskj. nr. 28 ljósrit af tveimur ávísunum, samtals að fjárhæð kr. 1.800.000. Kveður hann þessar ávísanir vera til greiðslu á áðurgreindum reikningum í lið I a.o., en þeir reikningar eru samtals að fjárhæð kr. 1.970.740. Mismuninn, kr. 170.740, taldi hann að vísu greiddan með skuldajöfnuði, en viðurkenndi hann sem skuld vegna skorts á sönnunargögnum. Lækkaði stefnandi stefnufjárhæð sína um þessa fjárhæð við munnlegan málflutning. Stefndi hefur viðurkennt móttöku á ofangreindum kr. 1.800.000, þó hann hafi ekki fært stefnanda það til tekna á viðskiptareikningi.

Stefnandi hefur mótmælt reikningi að fjárhæð kr. 837.089, sbr. II a.o. Kveður hann þarna vera um „millireikning“ að ræða vegna umsaminna aukaverka. Fjárhæð þessa reiknings sé innifalin í reikningi vegna aukaverka að fjárhæð kr. 990.000, sbr. I a.o., en sá reikningur hafi verið saminn — og samþykktur — við afhendingu skipsins og hafi verið lokauppgjör vegna allra umsaminna aukaverka. Af þessum sökum hafi reikningurinn ekki verið samþykktur af trúnaðarmanni verkkaupa, svo sem sjá megi á reikningnum.

Dómurinn fellst á þessa málsástæðu stefnanda.

Reikninga í liðum III og IV kveður stefnandi Tryggingamiðstöðina h.f. hafa greitt, enda sé þar um „tjónsviðgerðir“ að ræða. Lagði stefnandi fram þann 1.6. sl. bréf Tryggingamiðstöðvarinnar hf., sem ber yfirskriftina „Yfirlit yfir tjón á skrúfuás m/b Hamarsvans SH-201.“ Eru þar taldir upp reikningar, er Tryggingamiðstöðin greiddi beint til viðkomandi aðilja vegna bátsins.

Meðal þeirra reikninga eru:

„3. Reikningur Harðar h.f. ..... Kr. 2.128.773.-
4. Reikningur Harðar h.f. ..... — 1.450.443.-
5. Reikningur Óðins h.f. ..... — 89.964.-“

Við munnlegan málflutning mótmælti stefndi því, að þessar greiðslur hafi verið inntar af hendi „með þessum hætti," en mótmælti ekki bréfinu efnislega.

Af framlögðum gögnum má ætla, að stefndi hafi móttekið þær greiðslur, sem Tryggingamiðstöðin h.f. telur sig hafa greitt honum. Hins vegar eru ógreiddar kr. 89.964 af reikningi, sem upphaflega var að fjárhæð kr. 2.218.737. Lagt hefur verið fram ljósrit af umræddum reikningi með áritun starfsmanns Tryggingamiðstöðvarinnar h.f. um, að reikningsfjárhæðin hafi verið lækkuð um kr. 89.964, þar sem reikningur Óðins h.f. hafi verið innifalinn í heildarreikningnum. Engin frekari gögn hafa verið lögð fram er greina tengsl milli þessa reiknings Óðins h.f., og heildarreiknings stefnda. Dómurinn telur því, að stefndi hafi ekki fengið greiddan reikninginn að fullu, og ber stefndanda að greiða mismuninn, eða kr. 89.964.

Stefnandi hefur mótmælt því, að honum beri að greiða vexti af víxlum, sem hann er skuldfærður fyrir skv. lið V a.o. Telur stefnandi með vísan til 2. gr. viðbótarsamningsins, að þessar fjárhæðir hafi verið innifaldar í hinni föstu samningsfjárhæð.

Dómurinn telur, að fallast megi á þessa málsástæðu stefnanda með hliðsjón af orðalagi 2. gr. viðbótarsamningsins hvað varðar vexti af fjárhæð kr. 116.888, enda hafi sá reikningur verið gjaldfærður á viðskiptayfirlit stefnanda, áður en viðbótarsamingurinn var gerður.

Hins vegar ber stefnanda að greiða stefnda vexti að fjárhæð kr. 34.125 skv. upphafsákvæðum 7. gr. viðbótarsamningsins. En þar er um að ræða vexti af víxli samkv. 6. gr. viðbótarsamningsins.

4.0

4.1 Stefnandi byggir kröfugerð sína á því, að víxilmál á hendur honum hafi verið höfðað algjörlega að tilefnislausu. Þegar m.b. Hamrasvanur hafi verið afhentur þann 6. febrúar 1979, hafi skuld hans við stefnda numið kr. 18.000.000. Sú upphæð hafi verið að fullu greidd annars vegar með greiðslu frá Fiskveiðasjóði Íslands þann 10. september 1979 og hins vegar með því að depónera eftirstöðum höfuðstóls ásamt fullum vöxtum, þ.e. almennum innlánsvöxtum. Depónering lokagreiðslu hafi verið nauðsynleg, þar sem stefndi hafi reynst ófáanlegur til að afhenda tryggingarvíxilinn gegn lokagreiðslunni. Við munnlegan málflutning byggði stefnandi á því, að ágreiningslaust væri, að samningsupphæðin væri greidd, og þar sem stefnda hefði ekki tekist að sýna fram á, að enn væru ógreiddir reikningar frá stefnda vegna viðbótarverka, hefði hann verið skuldlaus við stefnda eftir depóneringuna.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir stefnukröfunni.

Skuld hans við stefnda þann 6.2. 1979	Kr.	18.000.000
+ vextir af þeirri upphæð frá 6.2. til 10.9. 1979 ...	—	2.239.500
+ vextir af 7.032.630 frá 10.9 til 31.12. 1979	—	427.232
Samtals	Kr.	20.666.732
÷ greiðsla Fiskveiðasjóðs þann 10.9. 1979	—	10.967.370
Mismunur	Kr.	9.699.362

er sú fjárhæð, er stefnandi depóneraði.

Stefnandi greiddi stefnda kr. 20.455.924 samkvæmt víxildómi auk kr. 235.000, er hann greiddi til lögmanns síns, eða samtals kr. 20.690.924. Mismunur á því, er hann greiddi, og depóneringarupphæðinni er kr. *10.991. 561,* sem er hin upphaflega stefnufjárhæð.

4.2. Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að skv. niðurstöðu á viðskiptamannareikningi, er lagður hafi verið fram í málinu, hafi skuld stefnanda við stefnda numið kr. 19.623.190 þann 6. febrúar 1979. Næsta innborgun á skuldina hafi komið í september 1979, kr. 10.967.730, frá Fiskveiðasjóði Íslands. Þar sem greiðslur höfðu dregist svo lengi, hafi stefndi reiknað sér dráttarvexti á skuldina fyrir tímabilið 7. febrúar 1979 til 10. september 1979, eða samtals kr. 5.592.100. Hafi skuldin þá numið samtals kr. 14.248.430. Stefndi hafi síðan dráttarvaxtareiknað eftirstöðvarnar til 31.12. 1979 og hafi skuldin um áramót numið kr. 16.171.968. Sú fjárhæð hafi verið innheimt af Loga Guðbrandssyni hrl. með dómi. Skuld stefnanda hafi verið eindöguð þann 6. febrúar 1979, þegar m.b. Hamrasvanur var afhentur honum, og hafði honum því borið að greiða skuldina ásamt fullum vöxtum og dráttarvöxtum frá þeim degi. Stefnandi hafi gengist við því að greiða dráttarvexti af skuldinni með því að setja fram tryggingarvíxil, enda hafi stefnda verið heimilt að sýna tryggingarvíxilinn þá þegar þann dag. Hefði sá víxill borið dráttarvexti.

Á viðskiptareikningi á dskj. nr. 17 komi fram, að skuldin hafi numið kr. 19.623.190, en ekki 18.000.000 eins og fram kom hjá stefnanda. Ástæða fyrir þessum mismun liggi m.a. í því, að stefnandi hafi ekki tekið með í útreikning á skuld sinni við stefnda ýmsa reikninga, er honum bar að greiða stefnda vegna húsnæðis- og fæðiskostnaðar starfsmanna stefnanda. Starfsmenn stefnanda hafi tekið skipið í febrúarmánuði án þess að undirrita eðlilega reikninga. Hann taldi, að mismunur á uppgjöri hafi verið sannaður með framlögðum reikningum.

5.0

5.1. Niðurstaða. Því er ómótmælt í málinu, enda stutt gögnum, að eftirstöðvar samningsfjárhæðarinnar frá 14. desember 1978 hafi numið þeirri fjárhæð, er stefnandi depóneraði á sínum tíma. Dómurinn telur því,

að sönnunarbyrðin um frekari skuld stefnanda hvíli á stefnda. Hefur dómurinn hér að framan tekið afstöðu til viðbótarreiknings stefnda. Í ljós hefur komið, að ekki eru öll viðskipti aðilja færð á viðskiptareikning þann, er stefndi hefur lagt fram og byggir kröfugerð sína á. Verður viðskiptareikningurinn því ekki lagður til grundvallar um skuldastöðu stefnanda.

Samkvæmt framansögðu nam skuld stefnanda við stefnda, er hann depóneraði eftirstöðvum höfuðstólsins, kr. 294.892 (170.740 + 89.964 + 34.125) umfram þá fjárhæð, er hann depóneraði.

Málshöfðun stefnda á stefnanda með víxilmálinu verður þó ekki réttlætt með þessari skuld, enda byggist hún á atriðum, er stefnandi gat ekki tekið afstöðu til á þeim tíma.

5.2 Aðiljar deila um það, hver sé réttur vaxtafótur við útreikning vaxta á eftirstöðvum skuldar stefnanda eftir 6. febrúar 1979. Byggir stefndi á því, að stefnandi hafi undirgengist að greiða eftirstöðvarnar með vanskilavöxtum með því að gefa út sýningarvíxil við afhendingu skipsins þann dag, er sýna hefði mátt þá þegar.

Í gögnum málsins kemur fram, að víxill þessi var sýndur til greiðslu og afsagður samdægurs í Útvegsbankanum í Keflavík þann 22. nóvember 1979.

Samkvæmt 34. gr., sbr. 2. mgr. 47. gr. l. nr. 93/1933 er sýning slíks víxils forsenda þess, að hafa megi uppi kröfu um vanskilavexti, byggða á honum.

Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á það með stefnda, að honum hafi verið heimilt að reikna vanskilavexti (dráttarvexti) á eftirstöðvar skuldarinnar, svo sem hann gerði.

Vaxtaútreikningur stefnanda var byggður á hæstu almennum innlánsvöxtum á hverjum tíma (19% frá 6.2. '79 - 1.6. '79, 22% frá þ.d. til 1.9. s.á., 27% frá þ.d. til 1.12. s.á., og 31% frá þ.d. til 5.12. s.á.), og ber að fallast á þá vaxtaútreikninga með stefnanda.

Niðurstaða málsins er því sú, að dómurinn fellst á með stefnanda, að víxilmál stefnda á hendur honum hafi verið tilefnislaust og beri stefnda því að endurgreiða stefnanda þær fjárhæðir, er ofgreiddar voru, auk kostnaðar, er af málarekstrinum leiddi. Ber því stefnda að greiða stefnanda kr. 10.696.733 (kr. 10.991.562 - 294.829) ásamt 31% ársvöxtum frá 1.5. 1980 til 1.6. s.á., en 46% ársvöxtum frá þ.d. til 1.3. 1981, 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1.6. s.á., 39% ársvöxtum frá þ.d. til uppsögu dómsins og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem hæfilegur þykir kr. 1.800.000. Allar tölur í dóminum eru í gömlum krónum að undanskildum tölum í dómsorði.

Dóm þennan kvað upp Valtýr Sigurðsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Friðbirni Björnssyni, löggiltum endurskoðanda, og Garðari Garðarssyni lögmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður h.f., greiði stefnanda, Sigurði Ágústssyni h.f., kr. 106.967.35 ásamt 31% ársvöxtum frá 1.5. 1980 til 1.6. s.á., en 46% ársvöxtum frá þ.d. til 1.3. 1981, 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1.6. s.á., en 39% ársvöxtum frá þ.d. til uppsögu dómsins, og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þ.d. til greiðsludags.

Stefndi, Hörður h.f., greiði stefnanda kr. 18.000.- í málskostnað, allt innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. maí 1984.

Nr. 184/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ólafi Ingva Kristjánssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Bifreiðar. Manndráp af gáleysi. Líkamsmeiðingar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 24. ágúst 1983. Af hálfu ákæruvalds var krafist þyngingar refsingar og ökuleyfissviptingar.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa, er atburður sá varð, sem ákært er út af, ekið með um 60 km hraða. Af framburði hans, sem studd-

ur er öðrum gögnum, er ljóst, að mikil hálka var á akbrautinni. Miðað við þær aðstæður, sem voru á árekstrarstað, var 60 km hraði á klukkustund fyrir ofan þau mörk, sem byggt er á í hinum tilvitnuðu ákvæðum 49. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, þrátt fyrir góðan búnað bifreiðar ákærða. Verður hann því sakfelldur fyrir brot gegn þeim ákvæðum, svo sem þau eru greind í ákæru.

Um aðra óvarkárni ákærða er fjallað í héraðsdómi, og má fallast á sakarmat héraðsdómara um það ákæruatriði og heimfærslu til 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga.

Ekki verður í efa dregið, að stjórnleysi ákærða á bifreið sinni, sem stafaði af framangreindum umferðarlagabrotum hans, hafi verið frumorsök árekstrarar þess, sem ákært er út af, en í honum hlaut Alfreð Sigurjónsson líkamsáverka og Svanur Laurence Herbertsson meiðsli, sem leiddu hann brátt til bana.

Telja verður framangreint mannslát og líkamsáverka beinar afleiðingar af umferðarlagabrotum þeim, sem ákærði er sakfelldur fyrir. Líkamsáverka þá, sem Alfreð Sigurjónsson hlaut, verður að telja þeirrar tegundar, sem fjallað er um í 1. mgr. 218. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Ber því að sakfella ákærða fyrir brot gegn 215. gr. og 219. gr. alm. hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10.000.00 króna sekt í ríkissjóð, sem afplánast með 12 daga varðhaldi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 8.000.00 krónur.

Dráttur á uppsögu dóms í héraði í 3½ mánuð frá dómtöku er vítaverður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að fjárhæð sektar verði 10.000.00 krónur og vararefsing 12 daga varðhald, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 14. apríl 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 14. apríl er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík af Guðmundi Kristjánssyni ftr., kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1736/1982: Ákæruvaldið gegn Ólafi Ingva Kristjánssyni.

Mál þetta, sem þingfest var 20. október sl. og dómtekið 30. desember sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dags. 29. september sl., á hendur Ólafi Ingva Kristjánssyni, vélvirkja, Vesturgötu 36, Keflavík, fæddum 3. júní 1933 í Ytri-Njarðvík, fyrir að hafa, „fimmtudaginn 7. janúar 1982, ekið bifreiðinni Ö-430, í myrkri og hálku suður Reykjanesbraut án nægjanlegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður, með þeim afleiðingum, að ákærði missti stjórn á bifreiðinni og hún rakst framan á bifreiðina R-17385, sem á móti kom. Farþegi í þeirri bifreið, Svanur Laurence Herbertsson, fæddur 27. nóvember 1950, hlaut þann áverka, að megin hryggæð rifnaði og blóð fossaði inn í brjósthol hans og hann lést nær samstundis. Alfreð Sigurjónsson, ökumaður bifreiðarinnar, fæddur 24. september 1955 hlaut opið brot á hnéskel.

Telst þetta varða við 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og b- og i-liði 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði hefur samkv. sakavottorði ekki sætt neinum þeim refsingum, sem hér geta skipt máli.

Málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 7. janúar 1982, kl. 19.00, varð árekstur með bifreiðunum Ö-430 og R-17385 á Reykjanesbraut móts við Álverið í Straumsvík. Beið annar farþeganna í R-17385, Svanur Laurence Herbertsson, f. 27. 11. 1950, bana við áreksturinn og ökumaður hennar, Alfreð Sigurjónsson, hlaut opið brot á h-hnéskel. Í lögregluskýrslu segir, að mjög mikil hálka hafi verið á brautinni.

Samkvæmt gögnum málsins var staða bifreiðanna eftir áreksturinn þannig, að Ö-430 var á öfugum vegarhelmingi miðað við aksturstefnu og lá jaðar steyptu brautarinnar undir miðri bifreiðinni endilangri. R-17385

sneri svo til þvert á brautinni á réttum vegarhelmingi miðað við aksturs-stefnu. Stutt tildregið far eftir h-afturhjól Ö-430, sýnir, að bifreiðin hefur við árekstur ýst afturábak og á ská í átt að vegarbrúninni.

Ákærði var ökumaður bifreiðarinnar Ö-430, Saab 900 GLs, árgerð 1981. Í lögregluskýrslu er haft eftir honum, að hann hafi verið á suðurleið og móts við Álverið, misst bifreið sína út af steyptu akbrautinni og niður á malarkantinn, en um 10 cm. hæðarmismunur hafi verið þarna á milli. Við tilraun til að ná bifreiðinni inn á brautina aftur, hafi hún snúist inn á veginn og í veg fyrir hina bifreiðina, sem var af Lada gerð og kom að sunnan. Eftir ökumanni R-17385, Alfreð Sigurjónssyni, er haft, að hann hafi séð, hvað verða vildi. Hafi hann ætlað að færa bifreið sína yfir á v-vegarhelming og hemlað, en rétt í því hafi orðið hörkuárekstur.

Báðar bifreiðarnar skemmdust mjög mikið og urðu óakturshæfar. Við skoðun á þeim kom ekkert fram um, að þeim hefði verið áfátt í einhverju fyrir árekturinn. Báðar voru þær á negldum snjóhjólbörðum.

Í réttarkrufningarskýrslu segir, að meginhryggæð Svans heitins hafi verið rifin um þvert og blóð fossað inn í brjósthol með þeim afleiðingum, að hann muni hafa látist nær samstundis.

Í lögregluskýrslu segir ákærði, að hann hafi ekið á eðlilegum umferðarhraða. Móts við Álverið hafi hann einhverra hluta vegna misst bifreiðina út af steyptu brautinni á malarkantinn. Hafi hann sveigt bifreiðinni til vinstri og náð henni inn á veginn aftur. Jafnframt sá hann, að mótkomandi bifreið nálgaðist mikið og hefði hún farið að snúast inn á veginn eins og henni væri hemlað. Var hans bifreið þá aðeins á ská inn á veginn, þar sem hann var ekki búinn að rétta hana af. Hugsaði hann sér í fyrstu að reyna að sveigja henni út af hægra megin, en sá að það var ekki tímabært og ætlaði að reyna að sveigja henni út af vinstra megin en í því hafi árekturinn orðið. Kvað hann árekturinn sennilega hafa orðið á miðri akbrautinni. Eftir hann kvað hann ökumann hinnar bifreiðarinnar hafa sagt sér að hann hefði hemlað bifreiðinni og hún þá farið að snúast og líklega hefði hann ekki átt að gera það.

Í lok lögregluskýrslunnar kvaðst ákærði vilja taka það fram, að hann geti ekki fullyrt neitt um staðsetningu bifreiðanna, þegar árekturinn varð, en taldi líklegt, að hann hefði orðið frekar á vegarhelmingi mótaðila síns en sínum.

Fyrir dómi sagði ákærði, að h-afturhjól bifreiðarinnar hefði farið út í brún steyptu brautarinnar og einhvern veginn kraflað utan í hana. Við það hefði bifreiðin skyndilega skotist inn á brautina og yfir á öfugan vegarhelming. Hann hafi verið kominn yfir á sinn vegarhelming aftur með v-hjól bifreiðarinnar við miðlínu brautarinnar, þegar hann kom, að hann taldi inn í sjónsvið ökumanns hinnar bifreiðarinnar. Hafi sá ökumaður beygt yfir

á öfugan vegarhelming og kveðst ákærði þá hafa gripið til þess ráðs að aka einnig yfir á öfugan vegarhelming. Þá hafi ökumaður hinnar bifreiðarinnar ekið yfir á sinn rétta vegarhelming og áreksturinn orðið. Eftir árekstur inn hefði ökumaðurinn haft uppi þau ummæli, sem ákærði nefnir í lögregluskýrslunni.

Ákærði kvaðst ekki hafa misst bifreið sína út af steyptu akbrautinni, þ.e. h-hjól hennar og því hafi ekki verið um það að ræða, að hann hefði verið að ná bifreiðinni inn á brautina aftur. Atvik hefðu hins vegar orðið eins og hann hefði hér lýst og ítrekaði hann, að bifreið sín hefði skotist inn á veginn eins og hendi væri veifað. Akbrautin hefði verið fljúgandi hál í umrætt sinn.

Ákærði kvaðst hafa verið vel fyrirkallaður og hafi ekkert truflað sig við aksturinn.

Ökumaður bifreiðarinnar R-17385, Alfreð Sigurjónsson, kvaðst hafa séð bifreið ákærða koma á móti sér, er hann var rétt kominn framhjá afleggjaranum að Álverinu. Hafi hún snúið u.þ.b. 45° á ská á akbrautinni með framendann inn á hans vegarhelming. Kvaðst hann hafa ætlað að forða árekstri með því að hemla og hugsanlega reynt að sveigja yfir á öfugan vegarhelming, en í sömu mund hafi áreksturinn orðið. Ekki hafi bifreið sín þá verið á öfugum vegarhelmingi.

Alfreð kvaðst hafa haldið í fyrstu, að Ö-430 væri lengra í burtu en raun varð á. Hann sagðist hafa ekið á 60-70 km/klst. hraða í umrætt sinn. Hann kvað þá Svan hvorugan hafa verið með spennt öryggisbelti.

Vitnið Kristinn Sigurjónsson var farþegi í R-17385 og sat í aftursæti hennar. Hann kvaðst ekki hafa fylgst neitt sérstaklega með akstrinum, en sá, er bifreiðin Ö-430 kom á móti þeim, á ská á veginum, og í því hefði áreksturinn orðið.

Vitnið Hörður Kristinsson var að koma frá Álverinu og ók út á Reykjanesbrautina, þegar R-17385 hafði farið framhjá. Hann kvaðst hafa séð Saab bifreiðina koma á móti, snúast inn á brautina yfir á öfugan vegarhelming og bifreiðarnar skella saman. Vitnið kvaðst hafa verið í 30-40 metra fjarlægð frá R-17385. Hann kvaðst hafa ekið upp að bifreiðunum og strax séð, að maður var meðvitundarlaus í framsæti R-17385.

Vitnið Brynjar Sigurðsson fór á slysstað á sjúkrabifreið Álversins samkvæmt beiðni þar um. Hann kvað, að í framsæti bifreiðarinnar R-17385 hefði setið maður og verið greinilega látinn. Ekki hefði hann verið með spennt öryggisbelti. Hann kvað brautina hafa verið mjög hála í umrætt sinn. Í sama streng tók vitnið Hjörtur Ingólfsson, sem ók sjúkrabifreiðinni í umrætt sinn.

Verjandi ákærða gerir þær kröfur, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins og allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði. Telur hann

ósannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni án nægilegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður í umrætt sinn. Bendir hann á, að ákærði hafi ekið stöðugri og vel búinni bifreið og sé 60 km/klst. hraði hvorki óeðlilegur né óhæfilegur á Reykjanesbraut, jafnvel þótt myrkur sé og hálka. Telur hann viðbrögð ákærða eftir að bifreið hans hafði farið út í brún steyptu akbrautarinnar varla aðfinnsluverð.

Verjandi ákærða segir og, að verði ákærði talinn hafa sýnt af sér refsivert gáleysi, telji hann engu að síður skylt að sýkna hann af hegningarlagabrotunum, vegna þess hversu fjarlæg afleiðing þau eru af akstri ákærða. Ekki hafi það verið aksturslag ákærða, sem olli bana Svans og meiðslum Alfreðs, heldur vanræksla þeirra sjálfra á að nota öryggisbelti R-17385, svo sem lögskylt sé. Telur hann nær öruggt, að hefðu þeir notað öryggisbelti, myndu þeir hafa sloppið lítið meiddir. Hafi þeir þarna ekki gert eðlilegar varúðarráðstafanir og sé varla tækt að láta ákærða gjalda fyrir það.

Engin örugg vísbending er komin fram um, hvar bifreiðarnar voru staðsettar á veginum, er árekstur inn varð. Áður raktir framburðir benda þó til þess, að bifreiðin Ö-430 hafi þá verið á öfugum vegarhelmingi, a.m.k. að einhverju leyti, og er þetta stutt af ljósmyndum og vettvangsuppdrætti. Hvað sem þessu líður þykir hins vegar ljóst, að orsaka árekstursins er að finna í aksturslagi ákærða. Hvort sem bifreið hans fór út í brautarjaðarinn eða út af honum, varð það til þess, að hann missti stjórn á henni í flughálku og var ekki búinn að ná henni að fullu aftur, þegar árekstur inn varð. Stjórnleysi bifreiðarinnar Ö-430 sem rekja verður til óvarkárni ákærða, hefur komið ökumanni R-17385 í opna skjöldu og breyta viðbrögð hans í engu sök ákærða.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærði er sekur um þá háttsemi, sem greinir í ákæru og varðar hún við 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 37. gr. 1., 2. og b- og i-liði 3. mgr. 49. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Ekki breytir það neinu um refsiverða háttsemi ákærða, þó að ökumaður R-17385 og hinn látni hafi hvorugur verið með spennt öryggisbelti, svo sem lögskylt er.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 18.000.- króna sekt í ríkissjóð, sem afplánist með 30 daga varðhaldi verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði þykir hafa unnið til ökuleyfissviptingar samkv. 81. gr. umferðarlaga og telst hún hæfilega ákveðin í 6 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar þ.m.t. laun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Vilhjálmssonar hdl., kr. 5.500.-.

Dómsuppsagan hefur dregist vegna starfsanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði Ólafur Ingvi Kristjánsson greiði 18.000.- króna sekt í ríkissjóð, sem afplánist með 30 daga varðhaldi verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar þ.m.t. laun skipaðs verjanda síns, Vilhálms Vilhjálmssonar hdl., kr. 5. 500.-.

Miðvikudaginn 30. maí 1984.

Nr. 245/1982. **Kjartan Einarsson**
og
Katrín Ingólfsdóttir
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Bjarna Má Ragnarssyni
og gagnsök
(Guðjón Steingrímsson hrl.)

Fasteignakaup. Útgáfa afsals. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 17. desember 1982. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að þeir verði sýknaðir að svo stöddu af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara, „að kröfur gagnáfrýjanda verði einvörðungu teknar til greina að óverulegu leyti og málskostnaður falli þá niður."

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 13. apríl 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. apríl 1983. Krefst hann þess, að aðalsökinni verði vísað frá Hæstarétti og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þ.á.m. skýrslur, sem rannsóknarlögregla ríkisins tók af nokkrum mönnum, m.a. að ósk aðaláfrýjenda, um atriði, sem þeir töldu tengjast málsefni því, er hér er til úrlausnar.

I. *Krafa gagnáfrýjanda um frávísun máls frá Hæstarétti.*

Þessi krafa er á því reist, að kröfur aðaláfrýjenda séu ekki dómhæfar, „en þær ganga m.a. út á að umbj. eigi ekki rétt á að fá afsal fyrir eigninni, en engu getið skilyrða, sem umbj. m. bæri að fullnægja til þess að afsal yrði gefið út. — Þeir krefjast heldur ekki riftunar."

Aðalkrafa og varakrafa aðaláfrýjenda um sýknu eru dómhæfar, en þrautavarakrafa þeirra er svo óákveðin, að vísa ber henni sjálfkrafa frá Hæstarétti, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981, sbr. enn fremur 58. gr. laga nr. 75/1973

II. *Kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjendum um efni máls.*

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda óskipt 25.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Kjartan Einarsson og Katrín Ingólfsdóttir, greiði gagnáfrýjanda, Bjarna Má Ragnarssyni, óskipt 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 3. desember 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 2. desember 1982, hefur Bjarni Már Ragnarsson, nnr. 1128-6325, tæknifræðingur, Álagranda 12, Reykjavík (lögm. Guðjón Steingrímsson hrl.) höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 20. október 1982 á hendur Kjartani Einarssyni, nnr. 5600-2324, húsgagnabólstrara, Sunnubraut 51, Kópavogi, og Katrínu Ingólfsdóttur, húsfrú, nnr. 5564-6354, sama stað (lögm. Jón Oddsson hrl.).

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmt skylt að gefa út afsal til stefnanda fyrir 3-4 herb. íbúð á 1. hæð til vinstri í húseigninni nr. 14 við Miðvang í Hafnarfirði ásamt hlutdeild í sameign, lóðarréttindum og öðru, sem fylgir, talið vera 16.66% af allri húseigninni, og að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða kr. 1.190.00 með 34% ársvöxtum frá 15. des. 1981 til þingfestingardags þessa dómsmáls, en með hæstu innlánsvöxtum (dómvöxtum), frá þeim degi til greiðsludags, og að stefndu verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefndu er þess aðallega krafist, að þau verði alfarið sýknuð af kröfum stefnanda í máli þessu og stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. að mati réttarins, en til vara, að stefndu verði sýknuð að svo stöddu af kröfum stefnanda

og honum gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í. að mati réttarins, en til þrautavara, að kröfur stefnanda verði aðeins teknar til greina að óverulegu leyti og málskostnaður falli þá niður.

II.

Í máli þessu er deilt um uppgjör vegna fasteignakaupa. Með kaupsamningi, dags. 20. nóvember 1980, seldu stefndu Kjartan og kona hans Katrín stefnanda Bjarna íbúð í fjölbýlishúsinu nr. 14 við Miðvang í Hafnarfirði. Umsamið kaupverð var gamlar kr. 36.000.000 og greiðsluskilmálar þannig:

1.	Við undirritun kaupsamnings	kr.	4.000.000.00
2.	Hinn 31. jan. 1981	—	3.000.000.00
3.	Hinn 30. marz 1981	—	1.500.000.00
4.	Hinn 30. maí 1981	—	4.000.000.00
5.	Hinn 30. júlí 1981	—	4.000.000.00
6.	Hinn 30. ágúst 1981	—	2.000.000.00
7.	Hinn 30. okt. 1981	—	2.500.000.00
8.	Hinn 15. des. 1981	—	5.000.000.00

Þá lofaði kaupandi að taka að sér að greiða þessar veðskuldir:

Veðdeild Landsbanka Íslands á 1. veð.	kr.	479.836.00	
Byggingarsj. ríkisins á 4. veð. ..	—	565.927.00	
Handhafabréf á 5. veð.	—	3.587.513.00	— 4.633.276.00
Ennfremur lofaði stefnandi að gefa út skuldabréf til 5 ára með 18% ársvöxtum og í gjalddaga 15. des. ár hvert í fyrsta skipti 15. des. 1981			— 5.366.724.00
		Kaupverð alls	gkr. 36.000.000.00

III.

Sýknukrafa stefndu er studd þeim rökum, að stefnandi hafi ekki staðið skil á greiðslum samkvæmt kaupsamningi og eigi því ekki rétt á afsali. Stefnandi hafi greitt lögmanni sínum kr. 6.000.- vegna lögfræðiaðstoðar og vilji nú skuldajafna þeim reikningi við kaupverð. Þessi reikningur sé stefndu í fyrsta lagi með öllu óviðkomandi og í öðru lagi ekki hæfur til skuldajafnaðar við kröfu stefndu um greiðslu kaupverðs samkvæmt kaupsamningi. Það, að reikningurinn sé stefndu óviðkomandi, rökstyðja stefndu með því, að það hafi engin nauðsyn knúið stefnanda til að viðhafa þá að-

ferð við uppgjör, sem hann beitti, aðferð, sem hann hafi valið án nokkurs samþykkis eða heimildar stefndu. Þegar stefnandi leitaði til lögmannsins Guðjóns, hafi stefndu með aðstoð fasteignasalans verið búin að ná samkomulagi við uppboðsbeiðendur (alla nema einn, Árna Guðjónsson hrl.) um að taka víxla, samþykkta af stefnanda, til greiðslu á uppboðskröfum, en gjalddagar víxlanna og fjárhæðir hafi átt að falla saman við umsamdar greiðslur samkvæmt kaupsamningi. Þessari lausn, sem ekki hefði leitt af sér neinn lögmannskostnað, hafi stefnandi hafnað. Stefnandi hafi þannig sjálfur og að tilefnislausu bakað sér þau útgjöld, sem af umræddum lögmannsstörfum leiddu. Þar að auki hafa stefndu mótmælt reikningi lögmannsins sem ósundurliðuðum og alltof háum.

Uppgjöri stefnanda vegna uppboðskrafna hafa stefndu mótmælt vegna skorts á sundurliðunum og fylgiskjölum, en þó viðurkennt að hafa í sinni vörslu umrædd fylgiskjöl.

Loks hefur af hálfu stefndu verið á það bent, að stefnandi höfðaði mál á hendur fasteignasalanum, Pétri Gunnlaugssyni, til greiðslu á tryggingarvíxli þeim, sýningarvíxli, að fjárhæð kr. 40.000, er áður greinir, og var fasteignasalinn dæmdur hinn 27.5. 1981 til þess að greiða víxilfjárhæðina ásamt 4.75% mánaðarvöxtum frá sýningardegi hinn 13.3. 1981 og málskostnaði, kr. 4.753. Telja stefndu, að það hafi verið óréttlætanlegt og jafnvel ólöglegt af stefnandan að hefja innheimtuaðgerðir á víxlinum, eins og á stóð.

Meðan stefnandi hafði dóm fyrir þessum tryggingarvíxli í höndum og geti ranglega innheimt dómsskuldina og þar með skapað fasteignasalanum kröfu á hendur stefndu, sé skuldaskilum aðilja þessa máls ekki lokið og á meðan eigi stefnandi þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á afsali og því síður rétt á greiðslu fjárkröfu í stefnu.

IV.

Álit réttarins.

Eftir kaup málsaðilja héldu fjárnám áfram að hlaðast á hina seldu eign og uppboðssala vofði yfir. Stefndu stóðu ekki við skuldbindingar sínar í kaupsamningi um afléttingu veðskulda. Stefnanda var ekki skylt að samþykkja víxla fyrir umsömdum greiðslum fram að afsali. Svo sem hér stóð á, verður því að telja, að stefnanda hafi verið rétt að fara þá leið, sem hann valdi. Því verður að líta á þann lögmannskostnað sem af því leiddi sem eðlileg útgjöld, er stefnandi hafi orðið fyrir vegna vanefnda stefndu, útgjöld, sem stefnandi eigi rétt á að fá endurgreidd úr þeirra hendi.

Dómarinn telur, að umræddum lögmannsreikningi sé í hóf stillt miðað við umfang starfa lögmannsins, svo og það, að ekki er annað fram komið en að þau hafi verið óaðfinnanlega af hendi leyst, þar á meðal skilagreinar

til stefndu, en þær voru glöggar og þeim fylgdu allar kvittanir og fylgiskjöl, sem nú eru í vörslu stefndu, án þess að stefndu hafi séð ástæðu til að leggja fylgiskjölin fram eða benda á einstaka annmarka á umræddu uppgjöri.

Þá mótbáru stefndu, að skuldajöfnuður hafi hér ekki verið heimill, skortir stoð í réttarreglum um skuldajöfnuð, og verður henni því ekki sinnt.

Einn uppboðsbeiðenda gleymdi að krefja um hluta uppboðskröfu sinnar, þ.e. þinglýsingargjald að fjárhæð kr. 1.190.- við uppgjör. Uppgjörsaðili greiddi þessa viðbótarkröfu, svo sem rétt var og í samræmi við góða viðskiptahætti, þegar fram á það var farið. Stefnandi hefur þannig leyst umrædda kröfu á hendur stefndu til sín, og ekkert er því til fyrirstöðu, að hann hafi hana uppi í máli þessu, enda hefur kröfunni ekki verið hnekkt.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að fallist er á kröfur stefnanda.

Málskostnaður ákveðst kr. 8.000.-.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kjartani Einarssyni og Katrínu Ingólfsdóttur, ber að gefa út afsal til stefnanda, Bjarna Más Ragnarssonar, fyrir íbúð á 1. hæð til vinstri í húseigninni að Miðvangi 14, Hafnarfirði, sem þinglýst er á nafn þeirra.

Stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 1.190.- ásamt 37% ársvöxtum frá 15. desember 1981 til 26.10. 1982, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 3. desember 1982, en með dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 8.000.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. maí 1984.

Nr. 74/1983. **Pétur Gunnlaugsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Bjarna Má Ragnarssyni
og gagnsök
(Guðjón Steingrímsson hrl.)

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. apríl 1983. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 13. apríl 1983. Krefst hann staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Gagnáfrýjandi gaf út hinn 21. apríl 1981 áskorunarstefnu á hendur aðaláfrýjanda vegna víxilkröfu. Með áritun dómara á stefnuna hinn 27. maí s.á. var stefnukrafan og tildæmdur málskostnaður lýst aðfararhæf. Þessari dómsathöfn var ekki skotið til Hæstaréttar, heldur tekur áfrýjun í máli þessu aðeins til fjárnáms, sem gert var hinn 2. febrúar 1983 á grundvelli dómsathafnarinnar. Málsástæður, sem snerta efnislega niðurstöðu í áskorunarmálinu koma því ekki hér til greina.

Aðaláfrýjandi hefur eingöngu vefengt gildi fjárnámsgerðarinnar með vísan til þess, að fógetagerðin hafi átt að fara fram á eign þeirri, sem fjárnámi var lýst í, en eigi á embættisskrifstofu fógetans. Lögmaður aðaláfrýjanda var viðstaddur gerðina og hreyfði eigi þessari athugasemd við framgangi hennar. Verður henni þegar af þeirri ástæðu ekki sinnt.

Enginn annmarki er á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, er valdi því, að hún verði felld sjálfkrafa úr gildi, og ber að staðfesta hana.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð á að vera óröskuð.

Aðaláfrýjandi, Pétur Gunnlaugsson, greiði gagnáfrýjanda, Bjarna Má Ragnarssyni 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 2. febrúar 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 2. febrúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Reykjanesbraut 6 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið: A-348/1983: Bjarni Már Ragnarsson gegn Pétri Gunnlaugssyni, Stigahlíð 53.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 áskorunarstefnu, nr. 3 greiðsluáskorun, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hrl. v/Guðjóns Steingrímssonar hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 40.000.- með 4.75% mánaðarv. frá 13. mars 1982 til 1. júní 1982, með 4.5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 24. apríl 1982, með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1. nóv. 1982, en 5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, birtingarkostnað, kr. 164.-, kr. 390.- í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 4.753.- í málskostnað samkv. gjaldskrá L.M.F.Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda,

Gerðarþoli er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Jón Oddsson hrl. kveðst hann ekki geta greitt. Hann óskar, að bókuð séu mótmæli sín með tilvísun í dómskjöl í bæjarþingsmálinu nr. 537/1982, sbr. Hrd. í málinu nr. 245/1982.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, 2. hæð í norðurhluta húseignarinnar nr. 18 við Skólavörðustíg. Umboðsmaður gerðarþola kveðst munu áfrýja málinu, ef gerðarbeiðandi fáist ekki til að leiðrétta kröfu sína.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu/löghaldinu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 30. maí 1984.

Nr. 179/1983. **Guðni Stefánsson**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Gunnlaugi Óskarssyni
(Jóhann Þórðarson hdl.)

Víxilmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1983. Hann krefst sýknu af dómkröfum stefnda og að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að niðurstöðu til og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur eigi hnekkt þeirri frásögn stefnda, að gjalddagi víxla þeirra, sem um ræðir í málinu, hafi fyrir mistök verið skráður „12/6 1980" og að honum hafi þegar í stað verið breytt í „12/9 1980." Stefnda var rétt að skrá útgáfudag og gjalddaga á víxlana, sbr. 10. gr. laga nr. 93/1933. Eru víxlarnir gildir að formi og afsagðir innan lögmæltra fresta. Ber því að staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til, en um vexti eftir uppsögu héraðsdóms fer svo sem segir í dómsorði.

Í máli þessu er verulegur vafi, og þykir rétt með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936 að kveða svo á, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, en vextir frá uppsögu héraðsdóms 26. júlí 1983 skulu vera 4.75% á mánuði til 21. nóvember 1983, 4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3.25% frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 2.5% frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Svo sem í héraðsdómi greinir, er ósannað, að stefndi hafi haft heimild áfrýjanda til þess að rita orðin: „Án afsagnar" á víxlana, en hann hefur viðurkennt að hafa ritað þessi orð á báða víxlana. Stefndi kveðst hafa ritað útgáfudag á víxlana um áramót 1979/1980, en gjalddaga og framangreinda áritun um afsögn í ágúst 1980. Hafi hann þá fyrst fyrir mistök ritað 12/6 1980 á báða víxlana, en breytt dagsetningunni 12/6 í 12/9 samstundis, er hann áttaði sig á mistökunum.

Í skýrslu, sem stefndi gaf í bæjarþingi Seltjarnarness hinn 25. febrúar 1981, kvaðst hann hafa í maí 1980 fengið ávísun frá samþykkjanda víxlanna með gjalddaga, að því er hann minnti, 20. júní 1980, en ávísun þessi reyndist honum gagnslaus vegna þess, að ekki var innstæða fyrir henni á bankareikningi útgefanda ávísunarinnar.

Fallast ber á þá niðurstöðu í héraðsdómi, að samþykkjandi víxlanna, Kristján Ólafsson, hafi afhent stefnda báða víxlana án skráðra útgáfudaga og gjalddaga og að stefnda hafi verið heimilt að skrá þá á víxlana. Það er viðurkennt af stefnda, að hann hafi ritað gjalddagann 12. júní 1980 á báða víxlana, en það var honum heimilt, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933. Óumdeilt er í málinu, að stefndi breytti þeirri dagsetningu í 12. september. Með því að færa gjalddagann 12. júní inn á víxlana notfærði stefndi sér heimild þá eða umboð, sem hann hafði til þess að ákveða gjalddaga. Leggja verður sönnunarbyrði á hann um það, að breyting sú, sem síðan var gerð á skráðum gjalddögum víxlanna, hafi verið gerð samstundis til leiðréttingar á misritun, en ekki síðar til þess að afla möguleika til þess að fá gildar afsagnargerðir, er honum var ljóst, að orðin „án afsagnar" mundu ekki duga honum til þess að halda víxilrétti á hendur áfrýjanda. Við mat á því á hvor málsaðilja eigi að bera sönnunarbyrði um þetta atriði, þykir verða að hafa í huga eftirgreind atriði:

1. Ávísun sú, sem stefndi tók við sem greiðslu frá samþykkjanda víxlanna, átti að greiðast í júnímánuði.
2. Áritun stefnda „án afsagnar" á víxlana.
3. Að gjalddaginn 12. júní, sem stefndi taldi misritun, var settur

á báða víxlana og misritunin því tvöföld, en þetta átti að hafa skeð í ágústmánuði, þ.e. á öðrum mánuði eftir þá dagsetningu, sem sett átti að hafa verið fyrir mistök.

Stefnda hefur ekki tekist að sanna, að breyting sú, sem hann hefur viðurkennt að hafa gert á gjalddaga víxlana úr 12. júní í 12. september, hafi verið gerð af þeim ástæðum og með þeim hætti, sem hann greinir, og verður því að leggja til grundvallar dómi í máli þessu, að gjalddagi beggja víxlanna hafi verið 12. júní 1980. Afsögn hinn 15. september 1980 var því of seint gerð og ógild.

Samkvæmt því á stefndi ekki víxilrétt á hendur áfrýjanda, og ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnda í málinu.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður með þeim rökum, sem í dómi greinir.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 26. júlí 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. júní sl., hefur Gunnlaugur Óskarsson rafvirkjameistari, Safamýri 45, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 29. september 1980, á hendur Kristjáni Ólafssyni verslunarmanni, Látraströnd 5, Seltjarnarnesi, og Guðna Stefánssyni járnsmíðameistara, Hrauntungu 79, Kópavogi, til greiðslu in solidum á kr. 104.500,- með 4.75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 12. september 1980 til greiðsludags, kr. 105.60 í afsagnarkostnað, kr. 1809.- í stimilgjald og málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi Guðni krefst þess, að verða algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda, og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi Kristján hefur ekki tekið til varna í málinu, en stefnan var honum löglega birt hinn 11. október 1980.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á tveimur víxlum, sem báðir eru útgefnir og framseldir af stefnda Guðna og samþykktir af stefnda Kristjáni til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Kópavogi. Annar víxillinn er að fjárhæð kr. 50.000.-, en hinn að fjárhæð kr. 54.500.-. Útgáfudagur beggja víxlanna er 4. janúar 1980 og gjalddagi 12. september 1980. Víxlarnir voru afsagðir sökum greiðslufalls 15. september 1980.

Fyrir ofan nafnritun útgefanda á víxlunum er skráð: „Án afsagnar."

Í tilefni af kæru, er stefndi Guðni setti fram hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna víxlanna, fór fram opinber rannsókn, sem leiddi til útgáfu ákæru hinn 6. apríl 1982 á hendur stefnanda, Gunnlaugi Óskarssyni. Mál, sem höfðað var á grundvelli þeirrar ákæru, var dæmt í sakadómi Reykja-

víkur hinn 23. febrúar 1983. Endurrit þess dóms hefur verið lagt fram í málinu.

Með ákærunni var stefnanda gefið að sök „skjalafals, með því að hafa sem víxilhafi tveggja víxla, sem útgefnir voru og ábektir af Guðna Stefánssyni, Hrauntungu 78, Kópavogi, en samþykktir af Kristjáni Ólafssyni, Látraströnd 5, Seltjarnarneskaupstað, til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Kópavogi, og voru að fjárhæðum kr. 5.000.000.00 og kr. 5.450.000.00, breytt efni þeirra þannig að fyrir ofan nafnritun útgefanda ritaði ákærði á víxlana áritanirnar „Án afsagnar" og ofan í áritaða gjalddaga þeirra, sem verið hafði 12/6 1980, ritaði ákærði gjalddagana 12/9 1980, og þannig afhent víxlana í fyrrihluta september 1980 Jóhanni Þórðarsyni, héraðsdómslögmanni, Reykjavík, sem samkvæmt efni þeirra og að undangengnum afsögnum er fram fóru þann 15. september 1980 hóf innheimtuaðgerðir og málssókn gegn útgefanda víxlanna sem víxilskuldara ásamt samþykkjanda.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Í niðurstöðum dóms sakadóms Reykjavíkur segir: „Ákærði hefur borið, svo sem hefur verið rakið, að hann hafi ritað dagsetninguna 12.9. ofan í 12.6. sem hann hafi fyrst sett á víxlana sem misritun. Einnig hafi hann sett á víxlana áritunina „Án afsagnar" með samþykki Guðna Stefánssonar.

Þegar litið er á framanrakta framburði Guðna Stefánssonar og Kristjáns Ólafssonar eru ekki efni til að hafna þeim framburði ákærða að hann hafi tekið við umræddum víxlum ódagsettum. Framburðir Guðna og Kristjáns um umtalaðan gjalddaga eru og ósamhljóða og á reiki. Verður því ekki séð að neitt liggi fyrir í málinu er hreki óyggjandi framburð ákærða um hvernig það atvikaðist að hann ritaði töluna 9 ofan í töluna 6. Verður hann því ekki talinn sannur að sök um skjalafals með þessari breytingu.

Að því er varðar áritunina „Án afsagnar" á víxlana ber að hafa í huga að víxlarnir voru engu að síður afsagðir. Ákærði notaði þessa áritun því ekki eða beitti henni fyrir sig í sambandi við innheimtu víxlanna. Hér gæti því ekki verið um fullframið skjalafalsbrot að ræða og verður ákærði þegar af þeirri ástæðu sýknaður af ákærunni að þessu leyti.

Samkvæmt framansögðu er ákærði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu."

Samkvæmt gögnum málsins afhenti stefndi Kristján stefnanda umrædda víxla í ársbyrjun 1980.

Í skýrslum sínum hér fyrir dóminum og hjá rannsóknarlögreglu ríksins héldu stefndu því í fyrstu fram, að víxlarnir hefðu þá verið útfylltir að

öllu leyti og með gjalddaga 12.4. 1980. Þeim gjalddaga hefði verið breytt í 12.9. 1980.

Stefnandi hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi bæði ritað útgáfudag og gjalddaga á víxlana, gjalddagann 12.9. 1980 hafi hann fært á víxlana seinast í ágúst það ár. Hann hafi fyrst skrifað 12.6., en leiðrétt það strax í 12.9. Hann kveðst hafa misritað 12.6., þar sem þessar tölur hefðu snúist í kollinum á sér. Við sama tækifæri kveðst stefnandi hafa skrifað á víxlana „Án afsagnar" í beinu framhaldi af símtali, sem hann hafi átt við stefnda Guðna. Stefnandi kveðst síðan hafa farið með víxlana til Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, sem hafi spurt, hvort einhver ábyrgð væri fyrir því, að útgefandi félli frá afsögn. Svo hafi ekki verið og víxlarnir því verið afsagðir.

Í dómi sakadóms Reykjavíkur kemur fram, að samkvæmt athugun tæknideildar rannsóknarlögreglu ríksins á umræddum víxlum megi sjá greinilega á stækkaðri ljósmynd, að talan 9, sem táknar mánuð gjalddaga víxlanna, hafi verið skrifuð ofan í tölustafinn 6.

Í þeim dómi kemur einnig fram, að Atli Heimir Sveinsson tónskáld, Kleppsvegi 118, Reykjavík, hafi skýrt svo frá, að hann hafi séð umrædda víxla heima hjá stefnanda í ágústmánuði 1980, og minnti hann, að víxlarnir hefðu þá verið ódagsettir og það borist í tal milli sín og stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa mátt setja útgáfudag og gjalddaga á víxlana að eigin vild. Hann kveður stefnda Guðna hafa samþykkt, að hann setti orðin „Án afsagnar" á víxlana og það hafi átt að vera til að firra stefnda Guðna óþægindum.

Stefndu kveðast aldrei hafa heimilað stefnanda að breyta víxlunum eða fylla út í þá.

Stefnandi byggir kröfur sínar á umræddum víxlum og heldur því fram, að þeir séu fullgildir að formi og efni skv. 1. gr. laga nr. 93/1933. Stefnandi hafi fengið víxlana afhenta án útgáfudags og gjalddaga og nýtt sér heimild 10. gr. sömu laga til að fylla út þær eyður. Þeim dagsetningum hafi stefnandi getað ráðið að eigin vild. Sú athöfn að afhenda víxlana án útgáfudags og gjalddaga hafi veitt umboð til þess.

Þá heldur stefnandi því fram í samræmi við niðurstöðu dóms sakadóms Reykjavíkur, að víxlarnir séu ófalsaðir. Samkvæmt þeim dómi hafi efni víxlanna ekki verið breytt.

Kröfum sínum til stuðnings vitnar stefnandi loks til 28., 43., 48. og 49. gr. laga nr. 93/1933.

Af hálfu stefnda Guðna er því haldið fram, að umræddir víxlar séu ógildir gagnvart honum og því beri að sýkna hann. Hann hefur uppi varnir samkvæmt e-lið 1. gr. og 2. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Hann heldur því fram, að innihald víxlanna sé falsað, og ennfremur að form þeirra hafi

verið með þeim hætti, að víxilrétturinn hafi í öllum tilfellum verið ógildur gagnvart honum. Í fyrsta lagi er því haldið fram, að stefnandi hafi breytt gjalddaga víxlanna og ritað á þá orðin „Án afsagnar" fyrir ofan nafn hans án samþykkis.

Í greinargerð sinni hélt stefndi Guðni helst, að upprunalegur gjalddagi víxlanna hafi verið 12.4. 1980, sem stefnandi hefði breytt í 12.9. 1980, er hann hafi gert sér grein fyrir því, að víxlarnir voru óafsagðir og því ógildir gagnvart sér. Hann hafi aldrei gefið stefnanda heimild til að breyta dagsetningu skjala þessara né heimilað honum eða einhverjum á hans vegum að rita á víxlana „Án afsagnar."

Við munnlegan flutning málsins var hins vegar á því byggt af hálfu stefnda Guðna, að stefnandi hefði, eins og hann hefði sjálfur skýrt frá, breytt gjalddaga víxlanna í 12.9. 1980 eftir að hafa skráð á þá gjalddagann 12.6. 1980. Með því hafi stefnandi breytt efni víxlanna og kalla megi það fölsun eða eitthvað annað, sem þó hefði ekki verið talið refsivert í nefndum dómi sakadóms Reykjavíkur. Í öðru lagi er því haldið fram af hálfu stefnda Guðna, að þrátt fyrir fölsunina geti stefnandi ekki borið fyrir sig víxilrétt gagnvart honum og byggir á því, að stefnandi hafi sagt honum, að víxlarnir hafi verið ódagsettir, þ.e. án greiðsludags, og samkvæmt samkomulagi við samþykkjanda víxlanna, stefnda Kristján, haft heimild til að dagsetja þá að eigin vild. Stefndi Guðni hafi aldrei samþykkt það fyrirkomulag, sem fullnægi heldur ekki formskilyrðum 33. gr. víxillaga, sbr. 1. gr. 4. lið um gjalddaga víxils né 1. gr. 7. lið og 2. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda Guðna er því loks mótmælt, að með því að stefnandi fékk víxlana afhenta án útgáfudags og gjalddaga hafi honum með stoð í 10. gr. víxillaga verið heimilt að fylla út í þær eyður eða breyta þeim gjalddaga, sem hann hafði skráð.

Álit dómsins.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja verður að leggja til grundvallar þá frásögn stefnanda, að stefndi Kristján hafi afhent honum umrædd skjöl og þau þá skort útgáfudag og gjalddaga til að öðlast víxilgildi. Einnig verður að leggja til grundvallar þá staðhæfingu stefnanda, að hann hafi í ágústmánuði árið 1980 vegna mistaka skráð á skjölin gjalddagann 12.6. 1980, en breytt því strax í 12.9. 1980. Gagnvart stefndu verður það eigi talin fölsun, þar sem ekki var um breytingu að ræða á þeim texta, sem skráður hafði verið á skjölin, er stefndu rituðu nöfn sín á þau, stefndi Guðni sem útgefandi og framseljandi og stefndi Kristján sem samþykkjandi.

Með því að stefndu létu skjölin frá sér án útgáfudags og gjalddaga, veitti það stefnanda heimild til að fylla út í þær eyður, sbr. 10. gr. laga nr.

93/1933. Eigi hefur verið sýnt fram á, að stefnandi hafi farið út fyrir þá heimild og áritun stefnanda á athugasemdinni „Án afsagnar," sem hann byggir engan rétt á, þykir engin áhrif hafa á víxilréttinn og bera að meta sem óskráða.

Með vísan til framanritaðs verða umræddir víxlar taldir fullgildir að formi og efni, eins og þeir liggja fyrir í sinni endanlegu mynd og afsagðir sökum greiðslufalls lögum samkvæmt. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina að öðru leyti en því, að afsagnarkostnaður dæmist 68.- krónur í samræmi við framlagðar afsagnargerðir, og dráttarvextir ákvarðast 4.75% á mánuði frá 12. september 1980 til 1. júní 1981, 4.5% á mánuði frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 4.75% á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 23.000.- krónur.

Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Vegna anna dómarans við önnur embættisverk og síðan fjarveru hefur uppkvaðning dómsins dregist.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján Ólafsson og Guðni Stefánsson, greiði stefnanda, Gunnlaugi Óskarssyni, in solidum 104.500.- krónur með 4.75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 12. september 1980 til 1. júní 1981, 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 4.75% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 68.- krónur í afsagnarkostnað, 180.- krónur í stimipilgjald og 23.000.- krónur í málskostnað allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. júní 1984.

Nr. 35/1984. **Byggingafélagið Reynir h/f**
gegn
Sveinbirni Runólfssyni

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Byggingafélagið Reynir h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Sveinbirni Runólfssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 3.300.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. júní 1984.

Nr. 76/1984. **Rakel Viggósdóttir**
gegn
Saumastofunni Vöku,
Sauðárkróki

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Rakel Viggósdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hún stefnda, Saumastofunni Vöku, Sauðárkróki, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 1.200.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. júní 1984.

Nr. 88/1982. **Ríkissaksóknari og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Pálínu Magnúsdóttur
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Handtaka. Skaðabætur. Valdmörk stjórnvalda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1982. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Reglugerð nr. 128 frá 19. október 1954 um útgáfu og notkun vegabréfa á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli var sett af utanríkisráðherra með skírskotun til heimildar í lögum nr. 10/1942 um notkun vegabréfa innanlands, sem voru almenn lög um málefni, er dómsmálaráðherra fór með að öllu leyti, uns lög nr. 106 frá 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. tóku gildi. En hvað sem líður gildi reglugerðar þessarar í öndverðu, hafði hún ekki lagastoð, eftir að áðurgreind lög nr. 10/1942 voru afnumin með lögum nr. 25/1965 um útgáfu og notkun nafnskírteina. Verður ekki litið svo á, að eftir afnám laganna hafi reglugerð þessi sótt lagastoð að því er tók til flugvalla almennt eða til Keflavíkurflugvallar sérstaklega, til þeirrar heimildar, sem flugmálaráðherra hefur samkvæmt 4. gr. laga nr. 119/1950 um stjórn flugmála og 77. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir, til að setja reglur um aðgang að flugvöllum og umferð um þá og eigi heldur til nefndra laga nr. 25/1965 eða laga nr. 18/1953 um íslensk vegabréf. Samkvæmt þessu

brast skilyrði til þess, að lögreglumenn færðu stefndu á lögreglustöð vegna þess, að hún gat ekki framvísað svonefndu gestavegabréfi. Ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um, að stefnda eigi rétt til fébóta samkvæmt 151. gr. laga nr. 74/1974 af þeirri ástæðu.

Fyrir Hæstarétti eru engar athugasemdir gerðar við fjárhæð skaðabótakröfu stefndu eða um upphafstíma vaxtakröfunnar. Verður héraðsdómur samkvæmt þessu staðfestur.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974, þar með talin laun talsmanns hennar, 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu, Pálínu Magnúsdóttur, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hennar, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. mars 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 25. febrúar sl., hefur Pálína Magnúsdóttir, Hjaltabakka 30, Reykjavík, höfðað með stefnu, framlagðri í dóm 6. október 1981, á hendur fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f.h. ríkissjóðs til greiðslu á bótum að fjárhæð kr. 15.000.00 með 16% ársvöxtum frá 1.12. 1977 til 21.2. 1978, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31.5. 1979, en með 22% vöxtum frá þeim degi til 31.8. 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30.11. 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 31.5. 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 31.5. 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 6.10. 1981, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, sbr. 3. tl. 154. gr. l. 74/1974.

Af hálfu stefndu hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar, að þeir verði að fullu sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnufjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna og málskostnaður þá látinn niður falla.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum án árangurs.

Málsatvik eru þau, að laugardaginn 12. nóvember árið 1977, um kl. 20:00 að sögn stefnanda, en laust fyrir kl. 22:00 skv. bókum lögreglunnar á Kefla-

víkurflugvelli var stefnandi í svokölluðum „CPO Club" á Keflavíkurflugvelli. Hún hafði fyrr um daginn verið við vinnu sína á Keflavíkurflugvelli, en verið boðið í klúbbinn eftir vinnu. Stefnandi hringdi úr klúbbnum í leigubifreið og kom bifreiðin Ö-44. Ökumaður hennar var Halldór Alfreðsson. Stefnandi fór út kápulaus að tala við ökumanninn. Segist hún hafa ætlað að biðja hann að kalla upp annan bifreiðarstjóra og biðja hann síðan að aka bifreið hennar, sem var við vinnustað, að Baugsholti 7 í Keflavík. Ástæða þessa var sú, að stefnandi hafði bragðað áfengi. Þegar stefnandi var að tala við leigubifreiðarstjórann, bar að tvo lögreglumenn, og báðu þeir stefnanda um passa. Hún sýndi þeim starfsmannapassa sinn, sem útgefinn var af lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli þann 5. maí 1977, en passi þessi gildir í tvö ár. Lögreglan bað þá stefnanda um gestapassa, en slíkan passa hafði hún ekki. Þegar stefnandi hafði ekki svokallaðan gestapassa, kröfðust lögreglumennirnir þess, að hún kæmi með þeim á lögreglustöðina á Keflavíkurflugvelli. Stefnandi kveðst hafa óskað skýringa en engar fengið. Hún hafi síðan verið handtekin með svo miklum harðræðum, að hún hafi brákast á þumalfingri hægrihandar og marist á báðum handleggjum. Leigubifreiðastjórinn á Ö-44 hafi bent lögreglunni á að fara varlega með stefnanda, þar sem hún gengi ekki heil til skógar, því hún hafi átt við sjúkdóma að stríða. Stefnandi heldur því fram, að þetta hafi engin áhrif haft á lögregluna. Hún var síðan færð á lögreglustöðina. Hún segir, að þar hafi engar sakagiftir verið bornar á hendur sér og engin skýrsla verið af henni tekin. Á það hefði þó verið minnst, að hún hefði ekki svonefndan gestapassa. Henni hefði síðan verið haldið á lögreglustöðinni í eina til tvær klukkustundir frá handtöku, en þá látin laus án skýringa. Hótað hafi verið að setja hana á gæslu, en sú hótun hafi einnig verið án skýringa.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á því, að lögmælt skilyrði til handtöku hennar þann 12. nóvember 1977 hafi ekki verið fyrir hendi. Þar að auki hafi lögregluþjónarnir, sem stóðu að þessari handtöku, beitt hana verulegu harðræði, sem hafi leitt til þess, að hún varð fyrir líkamstjóni. Í 61. gr. laga 74/1974 um meðferð opinberra mála séu talin upp almenn skilyrði, sem fullnægja þurfi, svo lögreglumönnum sé heimilt og stundum skylt að handtaka mann. Lögregluþjónarnir hafi krafið stefnanda um vegabréf, en skv. reglugerð nr. 28/1954, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 193/1959, sé öðrum en þeim, sem hafi vegabréf, útgefið af lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli, óheimil umferð um lögsagnarumdæmið. Stefnandi hafi afhent lögregluþjónunum umsvifalaust vegabréf sitt, svo sem henni hafi verið skylt. Þar sem vegabréf hennar hafi verið í gildi og hún starfandi í lögsagnarumdæminu, hafi hún haft heimild, sbr. 1. gr. reglugerðar 128/1954, til að dveljast þar. Þar af leiðandi hafi hún hvorki verið staðin að refsiverðri hegðun, sem sæti opinberri ákæru, né öðru því, sem heimilað gæti lögreglu-

þjónunum tveimur að handtaka hana. Í stað þess að sætta sig við framvísun hennar á vegabréfinu hafi lögregluþjónarnir krafist gestapassa, en hann muni vera gefinn út fyrir þá, sem ekki hafi vegabréf, þegar sérstaklega standi á, slíkt gestavegabréf sé aðeins gefið út til skammrar dvalar. Hún hafi að sjálfsögðu ekki haft gestavegabréf, enda hafi hún þegar framvísað vegabréfi, sem veitti henni heimild til dvalar á Keflavíkurflugvelli. Lögregluþjónarnir hafi þá handtekið hana og beitt hana slíku harðræði, að þumalfingur hægri handar skaddaðist, er bein flísaðist upp úr honum, auk þess sem hún hafi marist víða og bólgnað. Með því að handtaka hana og veita henni áverka hafi lögregluþjónarnir brotið gegn lögum nr. 74/1974 og sé ríkissjóður þannig bótaskyldur skv. 151. gr., sbr. 150. gr. sömu laga. Ennfremur beri að vísa til 152. gr., 3. mgr. þar sem stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni við frelsisskerðinguna. Þótt sú grein eigi í raun aðeins við gæsluvarðhaldsvist, verði að taka mið af sömu sjónarmiðum og þar komi fram, þegar meta eigi fjárhæð bóta til stefnanda. Harkaleg aðgerð lögreglunnar hafi í þessu tilviki farið langt út fyrir eðlilega og leyfilega starfshætti hennar, og þar sem hún varð fyrir líkamstjóni, bendi framangreind atriði til þess, að ekki eigi að skerða fjárhæð bóta. Þá er því sérstaklega mótmælt af hálfu stefnanda, að hún hafi misnotað vegabréf sitt, og einnig að hún hafi verið greinilega ölvuð, sitt sé hvað að neyta áfengis og vera ölvaður.

Af hálfu stefndu er á því byggt í málinu, að skv. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 128/1954 um útgáfu og notkun vegabréfs á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli sé öllum mönnum, konum og körlum 12 ára og eldri, óheimil umferð eða dvöl á varnarsvæðunum, nema þeir hafi til þess vegabréf, sem lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli gefur út. Í 2. gr. sé nánar mælt fyrir um slíka vegabréfaútgáfu lögreglustjóra. Þar sé honum m.a. heimilað að gefa út vegabréf til starfsmanna varnaraliðsins. Slíkt vegabréf hafi stefnandi haft, en hún hafi starfað hjá Innkaupadeild varnarliðsins. Vegabréf hennar hafi verið útgefið 5. maí 1977 og gilti til jafnlengdar ársins 1979. Því er haldið fram, að næsta eðlilegt sé að skýra ákvæði reglugerðarinnar um starfsmannabréf svo, að þau gildi einungis á vinnutíma og eðlilegri leið starfsmannsins til og frá vinnu sinni á varnarsvæðunum. Þannig hafi þessi ákvæði jafnan verið framkvæmd frá gildistöku reglugerðarinnar. Starfsmannavegabréf hafi aldrei verið talin fela í sér heimild fyrir starfsmenn til umferðar eða dvalar á varnarsvæðunum utan venjulegs vinnutíma nema til komu og brottfarar. Skv. 6. og 7. gr. megi lögreglustjóri hins vegar veita undanþágu frá ákvæðum reglugerðarinnar um dvalarleyfi á varnarsvæðunum, þegar sérstaklega standi á og þá aðeins til stuttra dvalar. Þegar slíkar undanþágur séu veittar, skuli lögreglustjóri gefa út sérstakt gestavegabréf. Á slíkum vegabréfum þurfi m.a. þeir að halda, er þyggi boð varnarliðsmanna um dvöl á veitingastöðum varnarliðsins, eins og stefnandi máls

þessa hafi gert. Þar sem stefnandi hafi hvorki haft svonefnt gestavegabréf né aðrar heimildir til dvalar á varnarsvæðinu mörgum klukkustundum eftir að vinnu hennar hjá varnarliðinu lauk, hafi lögreglumönnunum verið bæði rétt og skylt að vísa henni burtu. Þeim hafi ennfremur verið rétt að fjarlægja hana sjálfir og beita til þess valdi, þar sem hún vildi ekki hlíta boðum þeirra umyrðalaust og fara sjálfviljug með þeim hætti, er þeir mæltu fyrir um. Stefnandi hafi hins vegar veitt lögreglumönnunum ákafa mótspyrnu, enda hafi hún verið í miklum hugaræsingi og nokkuð ölvuð. Það verði með engu móti séð, að lögreglumennirnir hafi beitt hana meira harðræði en brýn nauðsyn bar á og hún sjálf gaf þeim tilefni til. Þvert á móti hafi þeir reynt að fara eins mjúkum höndum um hana og kostur var, enda hafi þeim báðum verið kunnugt um sjúkleika hennar eftir varnaðarorð leigubifreiðarstjórans. Stefndu halda því fram, að 61. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála standi því ekki í vegi, að lögreglumennirnir hafi mátt grípa til þeirra aðgerða gagnvart stefnanda, sem þeir gerðu. Í fyrsta lagi hafi með brottvísun hennar af varnarsvæðinu engan veginn verið stefnt að handtöku hennar í skilningi laganna um meðferð opinberra mála, heldur hafi lögregluþjónarnir einungis verið að framfylgja þeirri réttarskipan, sem eigi rætur að rekja til laga 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liða Bandaríkjanna og eignir þess. Þá er því haldið fram, að á lögreglustöðinni hafi hún verið færð fyrir varðstjóra og henni gerð grein fyrir því, að vista yrði hana í fangaklefa, féllist hún ekki á að fara út af varnarsvæðinu, en hún hefði áður neitað því. Í öðru lagi halda stefndu því fram, að með heimildarlausri dvöl sinni á varnarsvæðunum hafi stefnandi gerst brotleg við ákvæði reglugerðar nr. 128/1954, en brot gegn henni varði sektum, sbr. 9. gr. Reglugerðin sé sett skv. lögum nr. 10/1942 um notkun vegabréfa innanlands, sbr. nú lög nr. 25/1965 um útgáfu og notkun nafnskírteina og lög nr. 18/1953 um íslensk vegabréf, en með brot gegn þeim lögum skuli fara að hætti opinberra mála. Það sé því ótvírætt, að þessar aðgerðir lögreglunnar gagnvart stefnanda brjóti hvorki í bága við 61. gr. laga nr. 74/1974 né aðrar réttarreglur um starfskyldu lögreglumanna og takmörk löggæslu. Því er þannig skv. framansögðu algjörlega vísað á bug af hálfu stefndu, að lögmælt skilyrði hafi brostið til aðgerða lögreglunnar gagnvart stefnanda á Keflavíkurflugelli 12. nóvember 1977. Hún eigi því ekki nokkurn minnsta rétt til bóta úr ríkissjóði skv. 151. gr. laga nr. 74/1974 né öðrum ákvæðum 18. kafla laganna. Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að verði ekki á sýknukröfur þeirra fallist, þá verði stefnufjárhæðin lækkuð til mikilla muna og málskostnaður látinn niður falla. Rök stefndu fyrir því eru, að hér sé eingöngu um miskabótakröfu að ræða, þar sem stefnandi krefjist hvorki bóta vegna beinna

fjárútláta né tekjumissis. Kröfufjárhæðin sé þannig allt of há og ekki í nokkru samræmi við dómvenjur.

Álit dómsins.

Stefndu bera fyrir sig, að aðgerðir lögreglu gegn stefnanda hafi byggst á reglugerð nr. 128/1954 um útgáfu og notkun vegabréfa á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli, sbr. og reglug. nr. 193/1959 um breytingu á þeirri reglugerð. Reglugerð þessi og breyting hennar er sett með heimild í l. nr. 10/1942 um notkun vegabréfa innanlands. Lög þessi eru nú fyrir löngu afnumin, og var það gert með lögum nr. 25/1965 um útgáfu og notkun nafnskírteina. Þau lög láta ómælt um gildi reglugerða, sem settar voru með heimild í l. nr. 10/1942. Lög nr. 25/1965 eru almenn lög um útgáfu og notkun nafnskírteina og vísa í 2. gr., til þess að með nafnskírteini megi sanna aldur sinn og deili á sér að öðru leyti, þegar svo er ákveðið í lögum, reglugerðum, lögreglusamþykkt eða eftir því sem henta þykir í skiptum manna á milli og á opinberum vettvangi. Lögin segja hins vegar ekkert um útgáfu sérstakra vegabréfa, sem heimila umferð um ákveðin landsvæði og ákveða viðurlög, ef útaf er brugðið, enda er í greinargerð með lögunum gert ráð fyrir, að ákvæði um hagnýtingu nafnskírteina á einstökum sviðum verði í sérstökum lögum, reglugerðum og lögreglusamþykktum. Þegar hér greind atriði eru virt, verður ekki séð, að reglugerð nr. 128/1954 með áorðnum breytingum hafi stoð í 1. nr. 25/1965. Önnur lög hafa heldur ekki að geyma heimildir fyrir þessari reglugerð. Telja verður því, að hún hafi ekki lengur lagastoð og sé þannig niður fallin. Lögreglumennirnir gátu þannig ekki stuðst við reglugerð þessa varðandi aðgerðir sínar gegn stefnanda laugardaginn 12. nóvember 1977, og stefndu hafa heldur ekki sýnt fram á önnur atriði, sem helgað gátu handtöku stefnanda. Þá voru aðgerðir lögreglunnar ekki í nokkru samræmi við tilefnið, svo sem sjá má af læknisvottorði, dómskj. 20. Stefnandi kærði lögreglumennina til ríkissaksóknara innan 6 mánaða frá handtöku hennar og gerði áskilnað um bætur. Ósannað er, að hún hafi vitað um niðurfellingu rannsóknar þeirrar kæru 6 mánuðum fyrir höfðun máls þessa, enda mótmæla stefndu ekki kröfum hennar á grundvelli 157. gr. l. nr. 74/1974.

Af ofangreindum sjónarmiðum athuguðum ber að dæma stefnanda bætur úr ríkissjóði samkv. 151. gr., sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974. Þykja bæturnar hæfilega ákveðnar í samræmi við málavexti kr. 5.000.- með vöxtum eins og greinir í kröfugerð stefnanda.

Stefndu ber skv. 3. tl. 54. gr. l. 74/1974 að greiða allan kostnað við málshöfðun stefnanda, þar með talið kr. 4.000.- í málflutningslaun til talsmanns stefnanda.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Pálínu Magnúsdóttur, kr. 5.000.- með 16% ársvöxtum frá 1.12. 1977 til 21.02. 1978, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31.05. 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31.08. 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30.11. 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 31.05. 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 31.05. 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 06.10. 1981, en með dómvöxtum, sbr. l. nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir bæjarþingi Reykjavíkur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns stefnanda, Ragnars Aðalsteinssonar, kr. 4.000.-. Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá birtingu hans lögum samkvæmt.

Föstudaginn 1 júní 1984.

Nr. 102/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

Miroslav Peter Baly

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 172. gr. laga nr. 74/1974 með kæru 24. maí 1984, og barst hún Hæstarétti 25. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdómara, að nauðsyn beri til að kveða svo á, sbr. 1. mgr. 72. gr. laga nr. 74/1974 og með hliðsjón af þeim lagasjónarmiðum, er liggja til grundvallar 3. tl. 1. mgr. 67. gr. sömu laga, að varnaraðila verði meinuð för úr landi, uns dómur Hæstaréttar í máli ákæruvaldsins gegn honum, sem dæmt var í

sakadómi Reykjavíkur 23. f.m., verður upp kveðinn, þó eigi lengur en til 5. júlí 1984, kl. 17.00.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Dómsorð:

Varnaraðilja, Miroslav Peter Baly, er óheimil för úr landi, uns dómur Hæstaréttar í máli ákæruvaldsins gegn honum, sem dæmt var í sakadómi Reykjavíkur 23. f.m., verður kveðinn upp, þó eigi lengur en til 5. júlí 1984, kl. 17.00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 24. maí 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 24. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendsyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Á dómþingi Reykjavíkur í gærdag var kveðinn upp dómur í máli ákæruvaldins gegn Miroslav Peter Baly og Gabriele Uth-Baly, vesturþýskum ríkisborgurum.

Eftir dómsuppsögn var því lýst yfir af hálfu ákæruvaldsins, að málinu yrði ekki áfrýjað, en jafnframt gerð krafa um það, að dómþolum yrði meinuð brottför úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, en dómþolar höfðu þá fengið frest til að taka ákvörðun um áfrýjun.

Dómþolar fengu frest til dagsins í dag til að taka afstöðu til kröfu ríkissaksóknara um farbannið, en verjendur þeirra töldu, að þá yrði komin afstaða dómþola um það, hvort unað yrði dómi.

Á dómþingi síðar í gærdag lýsti dómþoli Gabriele Uth-Baly því yfir, að hún óskaði ekki áfrýjunar dómsins að sínu leyti. Og eftir að fulltrúi ríkissaksóknara, Pétur Guðgeirsson, hafði gengið úr skugga um það, að dómþoli hafði sett fullnægjandi tryggingu fyrir sekt sinni og málskostnaði, lýsti hann því yfir, að af hálfu ákæruvaldsins væri fallið frá kröfu um farbann á hendur þeim dómþola.

Verjandi dómþola Miroslav Peter Baly, Örn Clausen hrl., lýsti því yfir á dómþinginu, að óskað væri áfrýjunar fyrir sinn skjólstæðing.

Fulltrúi ríkissaksóknara setti þá fram þá kröfu ákæruvaldsins, að dómþola Miroslav Peter Baly yrði bönnuð för úr landinu, þar til fullnaðardómur gengi í málinu.

Kröfu ríkissaksóknara var mótmælt af verjanda dómþola og færð fram þau rök fyrir mótmælunum, að maðurinn sé hér algerlega umkomulaus og

févana. Hann hafði enga möguleika á að sjá fyrir sér, þar sem hann hafi ekki atvinnuleyfi. Fjárhagsástæður hans í Þýskalandi séu með þeim hætti, að hann hafi enga möguleika á að setja tryggingu fyrir sekt og málskostnaði, sem dæmt var í héraði. Fyrirsjáanlegt sé því, að hann verði hér á kostnað íslenska ríkisins, þar til dómur gengur í Hæstarétti.

Niðurstöður.

Miroslav Peter Baly, vesturþýskur ríkisborgari, var í gær dæmdur í 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, og til greiðslu sektar, kr. 300.000. Hann var þar að auki dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 20.000.-, og annan kostnað málsins óskipt með dómþola Gabriele Uth-Baly.

Af hálfu dómþola hefur verið lýst yfir ósk um áfrýjun. Máli hans hér á landi fyrir dómstólum er því ekki lokið.

Með vísan til 72. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 þykir því rétt að verða við kröfu ríkissaksóknara og leggja farbann á dómþola Miroslav Peter Baly, vesturþýskan ríkisborgara. Honum verður því meinuð för af landi brott, þar til fullnaðardómur í máli hans gengur í Hæstarétti Íslands.

Úrskurðarorð:

Dómþola Miroslav Peter Baly er meinuð för af landi brott, þar til endanlegur dómur í máli hans gengur í Hæstarétti Íslands.

Mánudaginn 4. júní 1984.

Nr. 213/1982. **Ágúst Líndal**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Víxilmál. Gjalddagi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Stefndu í héraði, Ágúst Líndal og Helgi Sigurðsson, skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. október 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. október s.á. Með bréfi, sem lagt var fyrir Hæstarétt, lýsti áfrýjandinn Helgi Sigurðsson yfir því, að hann hyrfi frá áfrýjun málsins. Af hálfu áfrýjandans Ágústs Líndal eru þær kröfur hafðar uppi, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, hefur eigi uppi kröfur á hendur Helga Sigurðssyni hér fyrir dómi. Kröfur stefnda á hendur áfrýjandanum Ágúst Líndal eru þær, „að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, með þeirri breytingu þó, að tildæmd fjárhæð beri 5% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði frá 1/11 1982 - 21/10 1983, 4.75% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði frá 21/10 1983 - 21/11 1983, 4% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði frá 21/11 1983 - 21/12 1983, 3.25% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði frá 21/12 1983 - 21/1 1984, en 2.5% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði frá 21/1 1984 til greiðsludags." Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að áfrýjandi beri ábyrgð að víxilrétti gagnvart stefnda á hinni umstefndu skuld, en enginn tölulegur ágreiningur er í málinu. Að því er vexti varðar er á það að líta, að gjalddagi víxilsins var skráður af hálfu stefnda á víxilinn, en eigi er sannað, að áfrýjanda hafi borist tilkynning um greiðslu víxilskuldarinnar samkvæmt þessum gjalddaga. Þykir því rétt að miða upphaf vaxtagreiðslna við 15. apríl 1982, er málið var þingfest, en um vexti fer að öðru leyti svo sem segir í dómsorði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað. Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 21.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ágúst Líndal, greiði stefnda, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 85.382.98 krónur ásamt 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 15.-21. apríl 1982, 4% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 4.75% frá þeim degi til 21. nóvember 1983,

4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3.25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, og 2.5% frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð. Áfrýjandi greiði stefnda 21.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Aðalskuldari víxilsins, Hreinn Líndal, skýrði frá því í yfirheyrslu á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 5. nóvember 1982, þ.e. eftir uppkvaðningu héraðsdóms, að hinn umdeildi víxill hafi verið sýningarvíxill. Hafi hann hvorki fyrr né síðar heimilað stefnda að setja áritun um ákveðinn gjalddaga á víxilinn. Hann kveðst aldrei mundu hafa veitt slíkt samþykki nema í samráði við ábyrgðarmenn, en til þess hafi aldrei komið.

Í bréfum stefnda, dags. 9. desember 1981 og 20. janúar 1982, er fram tekið, að tryggingarvíxill sá, sem um er deilt í máli þessu, sé með gjalddaga „við sýningu."

Stefndu hefur ekki tekist að sanna gegn mótmælum áfrýjanda og framangreindum framburði Hreins Líndal, að honum hafi með samningi verið heimilað að færa ákveðinn gjalddaga inn á víxilinn í samræmi við ákvæði 10. gr. víxillaga nr. 93/1933, enda styður það, sem fram kemur í bréfum stefnda sjálfs, sem að framan greinir, þá staðhæfingu áfrýjanda, að umsaminn gjalddagi víxilsins væri við sýningu.

Gagnvart stefnda, sem var víxilhafi frá upphafi, gildir því ákvæði 2. mgr. 2. gr. víxillaga um gjalddaga víxilsins. Sérhver áritun á víxilinn um annan gjalddaga er því óskuldbindandi fyrir áfrýjanda samkvæmt niðurlagsákvæði 10. gr. víxillaga. Verður því að leggja til grundvallar við úrlausn þessa máls, að um sýningarvíxil hafi verið að ræða.

Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. víxillaga ber að sýna sýningarvíxil innan eins árs frá útgáfudegi. Ósannað er, að víxill þessi hafi verið sýndur fyrr en við þingfestingu málsins í héraði 15. apríl 1982. Þá

var liðið meira en eitt ár frá útgáfudegi víxilsins 1. apríl 1981 og því fallinn niður víxilréttur stefnda á hendur áfrýjanda, sbr. 53. gr. víxillaga.

Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda og dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda 40.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ágúst Líndal, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í málinu.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 40.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. maí sl., höfðaði Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11, Reykjavík, gegn Ágústi Líndal, nnr. 0130-1128, Ránargötu 7A, Reykjavík, og Helga Sigurðssyni, nnr. 3981-6059, Hlyngerði 4, Reykjavík, með stefnu, birtri 29. og 30. mars sl.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 90.282.98 með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 1. október 1981 til 21. apríl 1982, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., allt að frádregnum kr. 4.900.00, sem greiddar hafa verið inn á skuldina.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu:

„Skuldin er samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 100.000.00 útgefnum í Reykjavík þ. 1. apríl 1981 af Hreini Líndal, Skólavörðustíg 3, Reykjavík, en samþykktum af sama f.h. H. Líndal Heildverslun til greiðslu í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis þ. 1. október 1981. Víxillinn er framseldur af útgefanda og ábektur af Ágústi Líndal og Helga Sigurðssyni. Innheimtutilraunir hafa reynst árangurslausar að undanskilinni Kr. 4.900.00 innborgun. Einungis er krafist greiðslu á Kr. 90.282.98. Bæði útgefandi og ábekingur lýstu því yfir að afsögn víxilsins væri óþörf."

Á framangreindan víxil er skráð: „Tryggingarv. v/kvóta."

Stefndu gáfu skýrslu fyrir dóminum 26. maí sl. svo og Bent Bjarnason, aðstoðarsparisjóðsstjóri stefnanda, og Skúli Hafsteinn Gíslason, deildarstjóri víxildeildar stefnanda.

Bent skýrði frá því, að Hreinn Líndal, sem rak verslunina H. Líndal heildverslun sem einkafyrirtæki sitt, hefði óskað eftir viðskiptum við stefnanda um svipað leyti og hann hóf verslunarreksturinn. Bent kvaðst hafa gert samkomulag við Hrein að fengnu samþykki sparisjóðsstjórnar um, að hann fengi að opna hlaupareikning með yfirdráttarheimild og ennfremur að selja viðskiptavíxla í sparisjóðnum. Hreinn hefði ekki getað sett veð í fasteign til tryggingar greiðslu skulda sinna við sparisjóðinn og því hefði orðið samkomulag um, að hann legði fram tryggingarvíxla með góðum ábyrgðarmönnum og „opnum" gjalddaga, þ.e. óskráðum gjalddaga. Hinn umstefndi víxill hefði verið lagður inn í sparisjóðinn samkvæmt þessu samkomulagi. Ástæða þess, að ekki var skráður gjalddagi á víxilinn, hafi verið sú, að ekki hefði í upphafi verið vitað, hversu lengi þessi viðskipti stæðu. Talið hafi verið, að þau myndu standa lengur en í eitt ár og af þeim ástæðum hafi gjalddaginn verið opinn.

Skúli Hafsteinn Gíslason greindi frá því, að Bent hefði skýrt sér frá samkomulagi sparisjóðsins við Hrein Líndal. Hann hefði ekki getið sérstaklega um gjalddaga tryggingarvíxlanna, en Hreinn hefði lagt samtals þrjá tryggingarvíxla inn í sparisjóðinn. Vitnið kvaðst heldur ekki hafa spurt um það, hvernig gjalddögum yrði háttað, en tryggingarvíxlar séu yfirleitt með „opnum" gjalddögum, nema þegar skráður sé gjalddagi við sýningu. Orðalagið „við sýningu" sé notað í bankakerfinu jafnt um víxla, sem séu með „opnum" gjalddaga, og þá, sem séu með gjalddaga við sýningu og sé það ástæðan fyrir því, að í bréfum bankans, þar sem þessa víxils sé getið, sé gjalddaginn sagður við sýningu.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að varnir stefndu, sem síðar verður lýst, komist að í máli þessu samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, en verði það heimilað, sé á því byggt af hálfu stefnanda, að um gjalddaga víxilsins hafi farið samkvæmt því samkomulagi, sem Bent Bjarnason aðstoðarsparisjóðssstjóri hafi lýst, að gert hafi verið á milli Hreins Líndal og stefnanda. Viðurkennt sé og óumdeilt, að ekki hafi verið skráður gjalddagi á víxilinn, þegar stefnandi tók við honum, en gjalddaginn 1. október 1981 hafi verið skráður á víxilinn af þeirri ástæðu, að þá hafi verið gjaldfallnar skuldir Hreins Líndal við stefnanda að fjárhæð kr. 90.282.98, sem víxillinn átti að tryggja greiðslu á, og ekki séð fram á, að þær yrðu greiddar, sem hafi orðið raunin, fyrir utan það að Hreinn Líndal hafi greitt kr. 4.900.00 6. nóvember 1981. Samkomulag af þessu tagi sé heimilt skv. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933. Ekki liggi fyrir, um hvað Hreinn Líndal hafi samið við ábyrgðarmennina, enda stefnanda óviðkomandi. Meðan ekki liggi annað fyrir,

verði að byggja á því, að Hreinn Líndal hafi skýrt stefndu frá því samkomulagi, sem hann hafi gert við stefnanda. Í öllu falli bindi þetta samkomulag stefnda. Sönnunarbyrðin hvíli á stefndu um það, að talað hafi verið um, að víxillinn ætti að vera með gjalddaga við sýningu, og sú sönnun hafi þeim ekki tekist.

Stefndi Ágúst Líndal skýrði frá því, að hann hefði unnið hjá H. Líndal heildverslun. Bróðir sinn, Hreinn Líndal, hefði beðið sig að gerast ábyrgðarmaður á víxlinum, sem hann hefði sagt sér, að ætti að vera til tryggingar viðskiptum í banka, óvíst hversu lengi. Ágúst kvaðst ekki þora að segja, að nokkuð hefði komið til umræðu á milli þeirra, hvort um væri að ræða sýningarvíxil eða víxil með „opnum" gjalddaga. Ágúst kvaðst hafa nokkra þekkingu á víxlaviðskiptum og þekkja reglur þær, sem giltu um sýningarvíxla. Hann hafi talið, að líta beri á víxil, sem ekki hafi skráðan gjalddaga, sem sýningarvíxil.

Stefndi Helgi skýrði svo frá, að hann hefði gerst ábyrgðarmaður á víxlinum í aprílmánuði 1981 og hafi það verið í því skyni að liðka til fyrir Hreini Líndal, sem leigt hafi húsnæði hjá sér. Hann hafi vitað, að víxillinn ætti að vera til tryggingar viðskiptum Hreins við stefnanda um óákveðinn tíma, á meðan hann væri að eignast eigin tryggingu. Þeir hafi ekkert rætt um gjalddaga víxilisins, og kvaðst Helgi ekki viss um, að hann hefði nokkuð hugleitt gjalddagann. Hann kvaðst vera vanur víxlaviðskiptum og hafa gert sér grein fyrir því, að sýna yrði víxilinn til greiðslu. Hann kvaðst kannast við víxla með „opnum" gjalddaga.

Stefndu byggja kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að form víxilsins beri það með sér, að víxillinn hafi átt að vera á hendur öðrum manni. Hreinn Líndal hafi gefið víxilinn út og framselt og sem einkaeigandi H. Líndal heildverslun hafi hann ritað nafn sitt sem greiðandi og samþykkjandi. Þarna sé um sama aðiljann að ræða og megi því segja, að víxillinn sé ógútgefinn og því ekki víxill að lögum.

Í öðru lagi byggja stefndu á því, að samkvæmt 2. gr. víxillaga nr. 93/1933 sé um að ræða sýnignarvíxil, þar sem enginn gjalddagi hafi verið skráður á hann, þegar hann var gefinn út og ábektur. Víxillinn hafi aldrei verið sýndur til greiðslu og hafi því ekki verið fullnægt ákvæðum 34. gr. víxillaga um sýningu innan árs frá útgáfudegi. Víxilrétturinn sé því fallinn niður á hendur víxilskuldurunum. Stefndu hafi enga heimild gefið til þess, að skráður yrði gjalddagi á víxilinn, né heldur Hreinn Líndal og séu þeir því ekki skuldbundnir til að greiða víxilinn samkvæmt 69. gr. víxillaga, þótt nú hafi verið skráður gjalddagi á víxilinn.

Í skjölum málsins komi fram, að stefnandi hafi talið víxilinn vera sýningarvíxil, þar sem rætt sé um, að gjalddagi víxilsins sé við sýningu. Því sé

alfarið mótmælt, að Hreinn Líndal hafi gert samning við stefnanda um, að honum væri heimilt að rita ákveðinn gjalddaga á víxilinn.

Af hálfu stefnanda er því hafnað, að víxilinn sé ekki gildur að lögum, vegna þess að útgefandi og greiðandi sé sami aðilinn. Greiðandi sé einkafirma Hreins Líndal, sem sé önnur lögpersóna en Hreinn Líndal sjálfur. Í þessu tilviki eigi 69. gr. víxillaga ekki við, þar sem engin breyting hafi verið gerð á víxlinum, heldur hafi hann einungis verið útfylltur samkvæmt samkomulagi Hreins Líndal við stefnanda.

Ef svo yrði litið á, að um sýningarvíxil væri að ræða, beri þess að gæta, að ritað sé á víxilinn við nafn útgefanda, að afsögn hans sé óþörf og gildi sú yfirlýsing einnig um, að ekki sé þörf á að sýna hann til greiðslu með afsagnargerð. Nægilegt sé að sýna hann á greiðslustað til greiðslu og hafi stefndu sönnunarbyrðina fyrir því, að það hafi ekki verið gert.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi byggir kröfur sínar á víxli, sem stefndu hafa ábekt. Því er um að ræða víxilmál, sem stefnandi rekur samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936. Samkvæmt 2. mgr. 208. gr. áðurnefndra laga komast þær varnir, sem stefndu færa fram, að í málinu, og verða því mótmæli stefnanda í því efni ekki tekin til greina.

Víxillinn er samkvæmt texta sínum gefinn út til ráðstöfunar útgefanda sjálfs, sem er er Hreinn Líndal. Víxilinum ráðstafaði hann með þeim hætti að afhenda stefnanda hann til tryggingar á greiðslu skulda sinna við stefnanda. Víxillinn er samþykktur af Hreini Líndal f.h. H. Líndal heildverslun, sem er einkafyrirtæki Hreins, en bú Hreins var tekið til gjaldþrotaskipta 27. febrúar sl. Þetta þykir ekki leiða til þess, að víxillinn fullnægi ekki formskilyrði 8. tl. 1. gr. laga nr. 93/1933, eins og stefndu halda fram.

Óumdeilt er, að ekki var skráður gjalddagi á víxilinn, þegar stefndu ábektu hann. Þeir hafa báðir lýst því fyrir dóminum, að gjalddagi víxilsins hafi ekki komið sérstaklega til tals á milli þeirra og Hreins Líndal, sem bað þá að ábekja hann. Á víxilinn er ekki skráð, að gjalddagi hans sé við sýningu. Þeir máttu því báðir gera ráð fyrir, að síðar yrði tekin ákvörðun um, hver gjalddagi víxilsins skyldi vera, ef þörf yrði á að nota víxilinn sem tryggingu fyrir greiðslu skulda Hreins við stefnanda, en stefndu var báðum ljóst, að víxillinn hafði verið gefinn út í því skyni.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að samið hafi verið um það við Hrein Líndal, að starfsmönnum stefnanda skyldi heimilt að skrá gjalddaga á víxilinn, svo sem heimilt sé samkvæmt 10. gr. laga nr. 93/1933.

Eins og málið liggur fyrir dóminum, þykir verða að byggja á því, að stefnandi hafi haft heimilt til þess að skrá gjalddagann 1. okt. 1981 á víxilinn, en stefndu hafa engar líkur leitt að því, að svo hafi ekki verið.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfur stefnanda til greina. Þó þykir rétt að, stefndu greiði aðeins vexti af kr. 85.382.98 frá 6. nóvember 1981, en þann dag voru greiddar kr. 4.900.00 af skuld þeirri. sem víxillinn átti að tryggja greiðslu á.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda in soldium, þykir hæfilega ákveðinn kr. 16.000.00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ágúst Lindal og Helgi Sigurðsson, greiði in solidum stefnanda, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, kr. 90.282.98 með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 1. október 1981 til 6. nóvember s.á., af kr. 85.382.98 frá þeim degi til 21. apríl 1982, með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 16.000.00 í málskostnað, allt að frádregnum kr. 4.900.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. júní 1984.

Nr. 98/1982. **Nonni h/f**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Rækjunesi h/f
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Skuldamál. Skuldajöfnuður. Umboðslaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. apríl 1982. að fengnu áfrýjunarleyfi 6. apríl 1982. Hann krefst sýknu af kröfu stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að vextir eftir 1. júní 1981 verði eins og í dómsorði segir.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 17.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að frá 1. júní 1981 greiðist 37% ársvextir af dæmdri fjárhæð til 21. október 1983, 36% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvextir frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvextir frá þeim degi til 21 janúar 1984 og 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Nonni h/f, greiði stefnda, Rækjunesi h/f, 17.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 9. nóvember 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ.m., er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 9. desember 1980.

Stefnandi málsins er Rækjunes h/f, Stykkishólmi.

Stefndi er Nonni h/f, Grandagarði 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 48.773.93 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 18. júlí 1978 til 31. maí 1979, 4% frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 4.5% frá þeim degi til 1. júní 1980 og 4.75% frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta ásamt meðdómendunum Gunnari Hafsteinssyni útgerðarmanni og Jóni Ingvarssyni forstjóra.

II.

Málavextir eru þeir, að stefndi sendi stefnanda uppgjör yfir söluandvirði á hraðfrystum hörpudiski, sem stefnandi annaðist sölu á.

Skjalið er svohljóðandi:

„Rækjunes h.f.,
18. júlí 1978
Stykkishólmi.

AFREIKNINGUR

yfir sölu á 94.956 lbs. hraðfrystum hörpudiski, fluttum út til Bandaríkjanna með m/s „Hofsjökull" frá Reykjavík, 2. júní 1978.

Pr:	Söluverðmæti $ 180,289.20 c.i.f.		46.798.569.00
An:	Útflutningsgjald:		
	a) ávísað tollstj. á Útvegsb.	2.133.576.00	
	b) greitt tollstj.	533.394.00	
—	Bankakostnaður	50.889.00	
—	Flutningskostnaður Eimskip	2.189.981.00	
—	Vátrygging Sjóvá	231.588.00	
—	Geymslugjald Hvalur h.f.	396.136.00	
—	Akstur Hafnarfj.-Sundahöfn	47.400.00	
—	Umboðslaun	1.169.964.00	
—	Mismunur	40.045.641.00	
		Kr. 46.798.569.00	46.798.569.00

Pr:	Inneign		40.045.641.00
An:	Greitt 9/6/78	kr. 2.000.000.00	
—	Greitt 13/6/78	— 21.240.081.00	
18/7/78	Mismunur	— 16.805.560.00	
		Kr. 40.045.641.00	40.045.641.00"

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnandi sé réttur aðili að söluviðskiptum á þessum hörpudiski, en hins vegar er því haldið fram af hálfu stefnanda, að reikningsuppgjör aðiljanna sé rétt reiknað þannig:

„1	An:	Söluverðmæti		
	pr:	Útflutningagjald:	gkr. 46.798.569.-	
2	—	a) ávísað tollstj. í Útvegsb.	gkr.	2.133.576.-
3	—	b) greitt tollstj.	—	533.394.-
4	—	Bankakostnaður	—	50.889.-
5	—	Flutningskostn. Eimskip	—	2.189.981.-
6	—	Vátrygging Sjóvá	—	231.588.-

7 —	Geymslugjald Hvalur h.f.		—	396.136.-
8 —	Akstur Hafnarfj.-Sundahöfn		—	47.400.-
9 —	Reikningur nr. 3680		—	582.683.-
10 —	Gr. 9.6.'78		—	2.000.000.-
11 —	Gr. 13.6.'78		—	21.240.081.-
12 —	Gr. Búnaðarb. skv. dómskj. 3		—	11.579.477.-
		gkr. 46.798.569.-		40.985.205.-
13 —	2% umboðslaun	—		935.971.-
	Mismunur, skuld	—	—	4.877.393.-
		gkr. 46.798.569.-		46.798.569.-"

Samkvæmt framansögðu er því haldið fram af stefnanda hálfu að stefndi skuldi stefnanda gkr. 4.877.393, og kemur það heim við kröfugerð stefnanda, eins og hún er nú, nýkr. 48.773.93.

Af hálfu stefnda er því hinsvegar haldið fram, að stefndi skuldi stefnanda ekki neitt.

Við hinn munnlega málflutning, sem fram fór 6. þ.m., var því lýst yfir, að ekki væri nú deilt um fyrstu tólf liðina í reikningsuppgjöri stefnanda hér að framan. Ber því að leggja þessa tólf liði uppgjörsins til grundvallar í málinu.

Í næstu tveimur köflum verður fjallað um þau atriði, sem aðiljar deila nú um í reikningsuppgjöri sínu.

III.

Um umboðslaun.

Svo sem fram kemur í kafla II hér að framan, reiknar stefndi sér gkr. 1.169.964 í umboðslaun, eða 2.5%. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnda hafi verið heimilt að taka allt að 4% í umboðslaun, enda þótt stefndi hafi aðeins tekið 2.5%. Á þetta hefur stefnandi ekki viljað fallast. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi hafi ekki átt rétt á að taka nema 2% í umboðslaun.

Þorsteinn Sigurbjörn Jónsson, framkvæmdastjóri stefnda, hefur hér fyrir dómi 7.9.1981 skýrt svo frá, að það hafi alltaf verið samkomulag milli hans og þeirra aðilja, sem hann hafi selt fyrir, um umboðslaunin. „Það hefur verið samið um þetta hverju sinni, allt upp í 3%, allt niður í 1.5%, 2%, 2.5%. Í þessu tilfelli var samið um 2.5%." Ekki hafi verið gerður um þetta skriflegur samningur, en hann hafi samið um þetta við framkvæmdastjóra stefnanda, Sigurjón Helgason. „Það var á skrifstofunni hjá mér. Hann var þar alltaf með annan fótinn. Við höfðum geysimikil viðskipti saman, alveg fram að þessu." Aðspurður, hvort vitni hafi verið að þessu samtali þeirra,

svaraði hann: „Ég held að það hafi verið. Ég þori þó ekki að fullyrða það, og þó vafalaust hafa mínir skrifstofumenn verið við.“ Aðspurður, hvort venjulegt sé að taka önnur umboðslaun en 2%, svaraði hann: „Ég hygg, að þetta sé ákaflega mikið samningsatriði hverju sinni. Ég hef t.d. flutt út fyrir marga aðra, þ. á m. Dalvíkinga og þar hefur það verið yfirleitt 3%, stundum farið neðar. Skýringin er sú, þegar við fáum hærri umboðslaun, þá höfum við náð óvenju góðum samningi og þá hafa þeir verið það ánægðir, að þeir hafa látið okkur hafa meira fyrir okkar snúð.“ Í þessu sambandi var hann að því spurður, hvort samið hafi verið um 2.5% sölulaunin í málinu, eftir að búið var að ganga frá sölusamningi, og hann svaraði: „Jú strax og þetta var. Við vorum búnir að fá tilboðið fyrir þetta mikið magn og á afar hagstæðu verði og greiðslur um hæl. Þá var um þetta rætt og við myndum fara í þetta núna í þetta sinn og um það talað. Og ég hefði ekki sett þetta þarna, ef það hefði ekki verið um það rætt sérstaklega.“

Vitnið Sigurþór Þorgilsson hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá: „Ég skrifstofumaður hjá Nonna h/f frá 1. september 1975 til 1. september 1977. Ég heyrði aldrei þá Sigurjón Helgason og Þorstein Jónsson ræða um umboðslaun.“

Vitnið Þorsteinn Jakob þorsteinsson hefur skýrt svo frá hér fyrir dómi: „Ég er sonur Þorsteins Jónssonar og starfa á skrifstofu Nonna h.f. og hefi verið þar í fastri vinnu í um það bil fjögur til fimm ár. Ég heyrði ekki þá Sigurjón og Þorstein föður minn semja um 2½% þóknun. Ég vann mikið með Þóri Hall sem var aðalskrifstofumaður hjá Nonna h.f. Við Þórir ræddum um það oftar en einu sinni hvaða þóknun ætti að greiðast fyrir þessa sendingu og var ávallt talað um 2½% sérstaklega vegna þess að þetta var mjög gott verð og góðir greiðsluskilmálar. Þorsteinn faðir minn og Þórir Hall tóku endanlega ákvörðun um hver sölulaunin skyldu verða og við Þórir töluðum alltaf um það að það væri með fullu samþykki Sigurjóns, enda hefði Þórir Hall aldrei sett þetta inn í afreikninginn nema að þetta væri að fullu frá gengið við Sigurjón. Við höfum flutt út bæði lax, hörpudisk og fleira og tekið allt upp í 4% í sölulaun af laxi. Nonni h/f hafði áður selt hörpudisk fyrir Sigurjón og þá minnir mig að sölukostnaðurinn hafi verið 2%.“

Þórir Hall er látinn.

Ólafur Jónsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Sjávarafurðadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga, hefur í vottorði, dagsettu 9.4. 1981 skýrt svo frá:

„Ég undirritaður staðfesti að Sjávarafurðadeild Sambandsins tekur 2% umboðslaun af frystum afurðum, þar með töldum hörpudiski. Þessi umboðslaun hafa verið óbreytt á undanförnum árum. Ef breyting yrði, þá

færu fram viðræður við framleiðendur, áður en varan yrði tekin til sölumeðferðar."

Bjarni V. Magnússon, forstjóri íslensku Umboðssölunnar h/f, hefur í vottorði, dagsettu 9.4. 1981 skýrt svo frá, að það sé almenn venja (verslunartíska), að útflytjandi frosins hörpudisks taki 2% í umboðslaun af framleiðanda.

Sigurjón Helgason, framkvæmdastjóri stefnanda, hefur hér fyrir dómi 16.10. 1981 skýrt svo frá: „Það er ekki rétt, að svo hafi verið um samið við stefnda, að stefnandi greiddi 2,5% í umboðslaun svo sem í afreikningi stefnda og skýrslu Þorsteins Jónssonar greinir."

Sigurjón og Þorsteinn voru samprófaðir en samræmi náðist ekki í framburðum þeirra.

Á dómskjali nr. 10, sem er reikningur stefnda 5.13. 1977 fyrir umboðslaun vegna sölu á hörpudiski frá „Rækjunes/Björgvin h/f." reiknar stefndi sér 2% í umboðslaun.

Á dómskjali nr. 30 hefur stefndi einnig reiknað sér 2% umboðslaun af andvirði hörpudisks frá „Rækjunes/Björgvin h/f." Þessi reikningur er dagsettur 29.11. 1977.

Á afreikningi stefnda, dagsettum 7.7. 1978 vegna sölu á hörpudiski fyrir stefnanda hefur stefndi reiknað sér umboðslaun 4%.

Á afreikningi stefnda, dagsettum 10. ágúst 1978, hefur stefndi reiknað sér 2.5% í sölulaun af andvirði hörpudisks, sem stefndi seldi fyrir stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að samkomulag hafi orðið um, að stefndi mætti taka 2.5% í sölulaun. Geti stefndi því ekki á því byggt, að um slíkt samkomulag hafi verið að ræða. Þá sé það venja og verslunartíska, að útflutningsfyrirtæki taki 2% í umboðslaun af frystum sjávarafurðum. Beri því að hafna kröfu stefnda um 2.5% umboðslaun, en það hafi verið í lok viðskipta aðiljanna, sem stefndi fór að taka hærri umboðslaun en 2% í heimildarleysi og þar hafi verið um lágar fjárhæðir að ræða.

Gegn andmælum stefnanda hefur stefndi ekki sannað, að um það hafi verið samið, að stefndi fengi 2.5% í umboðslaun af andvirði þess hörpudisks, sem málið fjallar um. Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að það sé föst venja, að útflutningsfyrirtæki taki 2% í umboðslaun af frystum sjávarafurðum. Að svo vöxnu máli þykir stefndi ekki hafa sannað, að hann eigi rétt á hærri umboðslaunum en 2% andvirði hins selda, enda þykir ekki máli skipta í því sambandi, þó að stefndi hafi reiknað sér hærri þóknun í tvö skipti, þar sem þar var um lágar fjárhæðir að ræða, í öðru tilfellinu gkr. 12.404, en hinu gkr. 9.017.

Samkvæmt framansögðu verður krafa stefnda um 2.5% umboðslaun

ekki tekin til greina. Við reikningsuppgjör verður lagt til grundavallar í málinu, að umboðslaun stefnda skuli vera 2%, eða gkr. 935.971.

IV.

A. Um gkr. 4.500.000, sem stefndi hefur haldið eftir.

Í bréfi stefnda, dagsettu 19. júlí 1978, til Sigurjóns Helgasonar útgerðarmanns, Stykkishólmi, er tekið fram:

„Nú hefir það því miður skeð, að okkur hefir verið gert að setja tryggingu að upphæð kr. 4.500.000.00 vegna pöntunar og innflutnings á tveimur gírum frá Noregi sem ætlaðir voru fyrir SAMOFA vélar þær, er þér gerðuð kaupsamning um við okkur fyrir bátana „Björgvin" og „Smára". Svo sem yður er kunnugt, þá hefir ekki á nokkurn hátt verið staðið við þennan kaupsamning, þrátt fyrir það að láns-loforð Fiskveiðasjóðs hefði getað verið fyrir hendi. Ennfremur er yður kunnugt um það, að lögfræðingur norska fyrirtækisins hefir verið með málssókn á hendur okkur, vegna vanefnda á greiðslum gíranna, en þeir voru sér-smíðaðir fyrir umræddar vélar og báta. Í gegnum lögfræðing okkar höfum við orðið að setja tryggingu að fjárhæð kr. 4.500.000.- og höfum við af þeim sökum neyðst til þess að halda þeirri upphæð eftir af þeirri greiðslu er þér nú áttuð að fá, þannig að við höfum aðeins sent kr. 11.579.477.00 til Búnaðarbankans í Stykkishólmi. Það skal tekið fram, að ekki er enn útséð um hvernig þetta mál kann að fara, en á einhvern hátt verður það að leysast, svo sem og þér hafið í samtölum okkar fullyrt að myndi verða gert."

Upplýst er í málinu, að Sigurjón Helgason, framkvæmdastjóri stefnda, er einnig framkvæmdastjóri Björgvins h/f í Stykkishólmi. Því er ómótmælt, að Björgvin h/f sé eigandi bátanna „Björgvins" og „Smára" í Stykkishólmi.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi hafi tekið að sér á sínum tíma að selja hörpudisk í umboðssölu. Ekki hafi á þeim tíma verið rætt um það við hvaða aðilja nákvæmlega annan en Sigurjón verið væri að selja áðurgreinda vöru í umboðssölu (sic). Þar sem stefndi hafi vitað, að Sigurjón hafði með tvö fyrirtæki að gera, sem rekin hafa verið sem hlutafélög, annars vegar Rækjunes h/f og hins vegar Björgvin h/f, hafi stefndi skrifað umræddar vörur á nafn þessara fyrirtækja og beri skoðunarvottorð, dskj. nr. 5, og fleiri gögn í málinu þessu glöggt vitni. Áður en til endanlegs uppgjörs kom á milli aðilja, hafi verið höfðað mál á hendur stefnda vegna fyrirhugaðra kaupa Sigurjóns Helgasonar f. h. Björgvins h/f á tveim niðurfærslu-gírum frá fyrirtækinu Nordgear A/S í Noregi. Gírar þessir hafi átt að fara í skipin m/b Smára, SH-221, og m/b Björgvin, SH-21, Stykkishólmi. Gírarnir hafi komið til landsins, en ekki hafi verið gerður reki að

því að leysa þá út af eigendum nefndra skipa og svo hafi farið, að stefndi hafi verið dæmdur til að greiða niðurfærslu-gírana, þar sem pöntunin á þeim hafi farið í gegnum skrifstofu stefnda og umræddur Sigurjón Helgason hefði fengið að nota telex stefnda vegna fyrirhugaðra viðskipta við fyrirtækið Nordgear. Stefnda hafi verið gert að greiða vegna þessa n.kr. 54.180.00 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1.2. 1977 til greiðsludags svo og málskostnað. Stefndi hafi því haldið eftir af andvirði vörusendingarinnar, sem hér um ræðir gkr. 4.500.000 til greiðslu umræddrar skuldar við Nordgear og hafi haft um það samband og samráð við Sigurjón Helgason, útgerðarmann í Stykkishólmi, og hafi Sigurjón þá ekkert haft við þessa málsmeðferð að athuga.

Í máli þessu er því haldið fram af hálfu stefnda, að stefndi hafi þurft að greiða fyrir stefnanda nefndar n. kr. 54.180 ásamt vöxtum og málskostnaði vegna pöntunar á niðurfærslugírum frá norska fyrirtækinu Nordgear. Þá fjárhæð hafi seljanda umræddrs hörpudisks borið að greiða. Því hafi einfaldlega verið um skuldajöfnuð að ræða milli aðilja, sem forráðamaður fyrirtækjanna Rækjunes h/f og Björgvins h/f, Sigurjón Helgason Stykkishólmi, hafi samþykkt.

Þorsteinn Sigurbjörn Jónsson, framkvæmdastjóri stefnda, hefur hér fyrir dómi 7.9. 1981 m.a. skýrt svo frá, að Sigurjón Helgason hafi pantað gírana.

Þá skýrir hann svo frá: „síðan skeður það, að hann spyr mig eftir því, hvort ég hafi ekki góðan mann, hann vilji nú ekkert láta klikka í þessu, til þessa að rannsaka hvernig þægilegast væri að setja þessar vélar í bátana, Björgvin og Smára. Ég benti honum á mjög færan tæknifræðing á Akureyri, Karl Þorleifsson. Hann fór beint til Stykkishólms og þeir réðu þar ráðum sínum. Ég var ekkert við það riðinn. Þeir komu síðan báðir til Reykjavíkur og þá eru þeir búnir að ákveða það, að láta sérsmíða þessa gíra framan við vélarnar. Ekki að hafa beinar kúplingar eins og áður var ákveðið, og fengu að nota okkar telex til þess að staðfesta þessa pöntun og fá tilboð frá Nordgear. Þessi pöntun kom, eða þessir gírar komu báðir og voru ekki sendir til okkar, heldur Slippstöðvarinar á Akureyri. Við áttum oft tal um þetta við Sigurjón. Já, já, ég borga þetta, sagði hann, „en takið það ekki af þessari sendingu, heldur næstu sendingu, ég þarf að nota þessa peninga núna." Og þangað til var þetta dregið, að á okkur er ráðist og heimtuð greiðsla frá okkur. Ég hef ekki vitað fyrr en að þessi stefna kom, að þetta væri ekki sama fyrirtækið. Sigurjón talaði aldrei um annað, enda öll vara merkt Rækjunes/Björgvin. Öll útflutningsleyfi frá yfirvöldum og matinu voru stíluð á Rækjunes/Björgvin. Allir okkar afreikningar nema sá seinasti, sem eru hreinleg mistök, að Rækjunes/Björgvin stóð ekki á honum, heldur bara Rækjunes, það eru hrein mistök hjá mínum skrifstofumanni og hrein mistök hjá viðkomandi gjaldeyrisbanka,

því hann hafði ekki leyfi til að láta þessa pappíra fara út á Rækjunes, heldur Rækjunes/Björgvin, því að leyfið var stílað á það.“

Sigþór Þorgilsson hefur fyrir dóminum m.a. skýrt svo frá: „Sem skrifstofumaður hjá Nonna h.f. hafði ég afskipti af vörusölu, umboðssölu á vörum, sem Sigurjón Helgason hafði með að gera og hans fyrirtæki. Fyrirtækið hét Rækjunes/Björgvin, á meðan ég starfaði þarna. Ég skráði þetta fyrirtæki aldrei öðruvísi, á meðan ég var þarna. Eftir að ég hætti störfum hjá Nonna h.f. þá heyrði ég það, að þetta séu tvö fyrirtæki. Það heyri ég fyrst og fremst frá Sigurjóni, sem segir mér, að þetta séu tvö fyrirtæki. Ég hefði að sjálfsögðu skráð á nafn annars fyrirtækisins, ef það hefði verið á dagskrá. Ég hef kennararpróf frá Kennaraskólanum og framhaldsmenntun frá Kennaraháskólanum í Stokkhólmi. Verslunarrétt hef ég hins vegar ekki lesið. Á meðan ég vann hjá Nonna fór fram umræður um, að Sigurjón keypti vélar í tvo báta, og ég taldi, að vélarnar keypti Sigurjón fyrir fyrirtækið Rækjunes/Björgvin. Ég sendi telexskeyti til fyrirtækja þessu viðkomandi, og ég skráði kaupandann í þeim Rækjunes/Björgvin, en nefndi jafnframt nafn Sigurjóns í því sambandi. Ég sendi meðal annars skeyti til Nordgear en þau skeyti sendi ég bókstaflega eins og Karl Þorleifsson skráði þau. Ég minnist þess ekki að Sigurjón hafi haft afskipti af síðastgreindum skeytasendingum.“

Þorsteinn Jakob Þorsteinsson hefur skýrt svo frá: „Ég hafði lítil afskipti af umræðum um vélakaup á vegum Sigurjóns, og ég var ekki aðili að samningum um pöntun eða kaup á niðurfærslugírum frá Nordgear.“

Sigurjón Helgason hefur hér fyrir dóminum m.a. skýrt svo frá: „Ég er framkvæmdastjóri stefnanda og Björgvins h.f. Stefnandi var seljandi þess hraðfrysta hörpudisks, sem málið fjallar um. Afreikningur stefnda á dskj. nr. 2 er því rétt stílaður á stefnanda sem seljanda vörunnar. Ég neita því alfarið, að Björgvin h.f. hafi verið seljandi þeirra hraðfrystu fiskafurða, sem hér skipta máli. Þar er stefnandi einn seljandi. Björgvin h.f. hefur selt afla sinna skipa upp úr sjó til fiskvinnslufyrirtækja, en það fyrirtæki hefur ekki selt vöru beint til útlanda og hefur ekki haft með höndum fiskvinnslu. Hluthafar eru ekki allir þeir sömu í hlutafélögunum Rækjunesi h.f. og Björgvini h.f. Skrifstofa hlutafélaganna er sameiginleg. Og starfsmenn á skrifstofu þeir sömu. Allar vörur sem Rækjunes hefur selt hafa verð auðkenndar með merkinu Rækjunes/Björgvin, enda þótt seljandi varanna væri stefnandi einn. Það lá alveg á hreinu hjá starfsmönnum stefnda, að stefnandi væri seljandi þeirra sjávarafurða, sem mál þetta fjallar um. Varðandi dskj. nr. 10 vil ég taka fram, að ég sagði Sigurþóri Þorgilssyni, að það væri stefnandi, sem væri seljandi varanna en ekki Björgvin h.f. Aldrei stóð til, að stefnandi keypti niðurfærslugíra, sem rætt er um í bréfinu á dskj. nr. 3. Ég mótmæli því alfarið að stefnda sé heimilt að halda eftir g.kr.

4.500.000.00 vegna pöntunar og innflutnings á þessum niðurfærslugírum. Til stóð á sínum tíma, að Björgvin h.f. keypti vélar af stefnda í bátana Björgvin og Smára. Ég skrifaði undir einhverja pappíra fyrir hönd Björgvins h.f. í þessu sambandi. Af þessum kaupum varð aldrei. Þorsteinn minntist oft á þessa gíra án þess að mér væri nokkurn tíma ljóst, hvað um væri að ræða hjá honum í því sambandi. Ég fékk enga reikninga eða pappíra varðandi þessa niðurfærslugíra. Ég neita því einnig að Björgvin h.f. skuldi stefnanda nokkurt fé í sambandi við umrædda niðurfærslugíra. Það er rétt, að Karl Þorleifsson frá Akureyri kom vestur í Stykkishólm í sambandi við umræður um hvernig best væri að koma fyrir vélum og gírum í tvo báta sem Björgvin h.f. átti. Karl kom ekki að neinu leyti á vegum Rækjuness h.f. Mig minnir, að ég hafi verið búinn að undirrita tilboðin á dskj. nr. 45 og 47, áður en Karl kom vestur. Karl kom á vegum Nonna h.f. til þess að kanna hvernig ætti að standa að vélaskiptunum sbr. pantanir á dskj. nr. 45 og 47. Ég minnist þess ekki að Karl hafi komið með nýjar tillögur varðandi gíra og vélar aðrar en Þorsteinn hafði bent á áður. Ég kannast ekki við, að pantaðir hafi verið á mínum vegum tveir niðurfærslugírar frá fyrirtækinu Nordgear A/S. Fyrirgreiðsla fékkst ekki hjá Fiskveiðasjóði varðandi tilboðin á dskj. nr. 45 og 47. Varð því ekkert úr þessum kaupum. Ég sótti aftur um fyrirgreiðslu og var fyrirgreiðslan samþykkt með bréfinu á dskj. nr. 46, en þá var hætt við að kaupa nýjar vélar í bátana."

Vitnið Karl Garðar Þorleifsson hefur m.a. skýrt svo frá fyrir dómi, að vitnið hafi ávallt gengið út frá því við Sigurjón Helgason, að gírarnir ættu að fara í bátana Björgvin og Smára í Stykkishólmi. Sigurjón hafi aldrei rætt um það við vitnið, hver væri eigandi bátanna, en hann hafi ávallt talað um bátana sem sína.

Í málinu liggur frammi endurrit dóms í málinu Nordgear A/S gegn Nonna h/f, en dómur þessi var kveðinn upp í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur 10. júlí 1979. Dómi þessum var ekki áfrýjað. Í niðurlagi dómsins segir m.a. svo:

„Af hálfu stefnda er á því byggt, að Karl G. Þorleifsson hafi starfað að pöntuninni á hinum umdeildu vörum fyrir Sigurjón Helgason útgerðarmann. Hann hafi gengið frá texta þeirra skeyta, sem send hafi verið með telex stefnda, en hann hafi fengið aðgang að telexinum. Af yfirheyrslum í málinu sé ljóst, að það sé ekki stefndi, sem panti vöruna heldur Sigurjón Helgason og sé því krafa stefnanda stefnda óviðkomandi. Karl G. Þorleifsson hafi ekkert söluumboð haft frá stefnda og hafi aldrei verið veitt nein heimild til þess að panta vörur í hans nafni. Stefndi hafi aldrei tekið að sér neitt verkefni í sambandi við niðurfærslugírana og ekki pantað né látið panta þá. Pöntunin sé ekki á neinn hátt í þágu stefnda og hafi stefndi ekki

átt að fá neina greiðslu fyrir þá milligöngu, sem hann hafi annast. Þá hafi stefnanda mátt vera ljóst, að stefndi hafi ekki getað veitt neinar upplýsingar um þetta mál án aðstoðar Karls. Stefndi hafi aldrei lofað greiðslu vörunnar. Ljóst sé að það sé útgerðarmaðurinn Sigurjón Helgason sem eigi að greiða vöruna en ekki stefndi.

Líta verður svo á að með telexskeyti því sem stefnandi fær sent 10. september 1976 undirritað af stefnda hafi stefndi sjálfur gert pöntun á þeim hlutum sem um getur í skeytinu. Ekki er leitt í ljós að sú pöntun hafi verið afturkölluð. Í skeyti þessu er ekki að finna neinar þær upplýsingar eða fyrirvara sem bent gætu til þess að annar en stefndi sé að panta vöruna. Stefnandi þykir því hafa mátt byggja á að stefndi væri kaupandi vörunnar og þess vegna greiðsluskyldur, enda ósannað að stefnanda hafi á nokkurn hátt verið kunnugt um aðdraganda pöntunarinnar eða annað en þeir sem skeytið sendu hefðu til þess fulla heimild stefnda.

Þar við bætist að stefandi fær telexskeyti frá Karli G. Þorleifssyni dags. 9. febrúar 1977 þar sem sérstaklega er tekið fram að varan sé pöntuð af stefnda og öll skjöl henni viðkomandi eigi að senda til hans en leitt er í ljós að svo var gert eftir að telexskeyti þetta var sent. Þá kemur hvergi fram í þeim telexskeytum sem stefndi sendir stefnanda eftir að stefnandi tekur að krefja hann um greiðslu vörunnar að stefndi telji sig ekki greiðsluskyldan eða málið sér óviðkomandi.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda teknar til greina að fullu og ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda norskar krónur 54.180.- með 1% dráttarvöxtum af n.kr. 52.530.- frá 1. febrúar 1977 til greiðsludags."

Niðurstaða í þessum þætti málsins.

Svo sem fyrr er lýst, er reikningsyfirlit (afreikningur) stefnda yfir þá sölu á hörpudiski, sem málið fjallar um, stílaður á stefnanda. Af hálfu stefnanda er staðhæft, að stefnandi hafi verið seljandi vörusendingarinnar. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af gögnum málsins að öðru leyti og þeim sönnurnarreglum, sem hér eiga við, verður lagt til grundvallar í máli þessu, að seljandi varanna hafi verið Rækjunes h/f í Stykkishólmi.

Eigi er um það deilt, að Björgvin h/f, Stykkishólmi, hafi verið eigandi bátanna m/b Björgvins og m/b Smára í Stykkishólmi.

Gegn andmælum stefnanda hefur stefndi ekki sannað, að samkomulag hafi orðið um það, að stefnda væri heimilt að draga ofangreinda fjárhæð, gkr. 4.500.000, frá söluandvirði þess hörpudisks, sem um er fjallað í málinu.

Stefndi hefur heldur ekki sannað, að stefnandi sé réttur aðili að kröfu þessari.

Krafa stefnda um, að gkr. 4.500.000 verði dregnar frá söluandvirði hörpudisksins verður því ekki tekin til greina.

B. Um reikning að fjárhæð gkr. 143.400

Á dómskjali nr. 9 er reikningur stefnda, sem stílaður er á Sigurjón Helgason, útgerðarmann í Stykkishólmi. Reikningurinn er dagsettur 18. júlí 1978 og er að fjárhæð gkr. 143.400. „Tæknivinna vegna fyrirhugaðra kaupa á SAMOFA dieselvélum í m/b „Björgvin" SH-21 og m/b „Smára" SH-221."

Þorsteinn Sigurbjörn Jónsson hefur skýrt svo frá hér fyrir dóminum, að reikningur þessi sé þóknun, sem stefndi hafi greitt Karli Þorleifssyni fyrir þá tæknivinnu, sem hann innti af hendi. „Bað Sigurjón okkur að greiða manninum þessa peninga eins og við gerðum svo oft fyrir hann, þegar þannig stóð á og hann hringdi í okkur og bað okkur að greiða þennan og þennan reikninginn, hvort sem hann átti peninga inni eða ekki." Eitt sinn hafði stefndi t.d. sent gkr. 2.000.000. Í það sinn hafi Sigurjón ekki haft peninga til að greiða laun, „og þá sendi ég honum þessa peninga og þá átti hann ekkert inni, en það var væntanleg sala í gangi." Hann segir, að Karl hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, ekki verið starfsmaður stefnda, heldur Slippstöðvarinnar á Akureyri.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að þessi reikningur verði einnig dreginn frá söluandvirði á þeim hörpudiski, sem málið fjallar um.

Stefnandi mótmælir reikningi þessum sem algerlega óviðkomandi stefnanda, sem ekkert hafi með umrædda báta að gera. Bátar þessir séu eign hlutafélagsins Björgvins og útgerð þeirra sé með öllu óviðkomandi stefnanda og söluandvirði hörpudisks þess, sem í málinu greinir.

Með vísan til þeirra raka, sem fram koma í kafla A hér að framan, verður krafa stefnda um skuldajöfnuð á þessum lið ekki tekin til greina.

V.

Niðurstaða málsins verður þá sú, að reikningsuppgjör stefnanda, sem lýst er í kafla II hér að framan, verður lagt til grundvallar uppgjöri á söluandvirði á hörpudiski þeim, sem hér er um fjallað.

Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 48.773.93.

Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu stefnanda sem of hárri. Vaxtakrafa stefnanda verður tekin til greina, svo sem í dómsorði greinir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Nonni h/f, greiði stefnanda, Rækjunesi h/f, kr. 48.773.93 með 22% ársvöxtum frá 18. júlí 1979 til 1. september 1979, 27% árs-

vöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní 1981 og 37% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 5. júní 1984.

Nr. 112/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Steinari Guðmundssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 30. maí 1984, er barst Hæstarétti 1. júní, og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldið verði stytt. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að taka til greina kröfu þá, sem gerð var af ákæruvaldsins hálfu fyrir sakadómi Reykjavíkur 29. maí, að varnaraðili skuli sæta gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli því, sem höfðað var sama dag gegn honum, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. október 1984, kl. 17.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Steinar Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í ofangreindu máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. október 1984, kl. 17.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. maí 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 30. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að gæsluvarðhald það, sem ákærða, Steinari Guðmundssyni, f. 4. apríl 1947, til heimilis að Njálsgötu 48 A hér í borg, var gert að sæta 4. apríl sl. og rennur út kl. 17 í dag, verði með vísan til 1. mgr. 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 framlengt allt til 3. okt. nk., kl. 17, á meðan á meðferð málsins stendur fyrir dómi og fram til dómsuppsögu. Ákærði hefur mótmælt kröfunni.

Ríkissaksóknari hefur hinn 29. þ.m. gefið út ákæru á hendur ákærða. Er ákærða gefið að sök að hafa svipt Guðmundu Gísladóttur lífi í húsinu Njálsgötu 48 A hér í borg þriðjudaginn 31. jan. sl. og þar með orðið brotlegur gegn 211. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940.

Ákærði hefur viðurkennt, að Guðmunda hafi beðið bana í átökum við hann framangreint sinn. Hefur ákærði skýrt frá því, að tildrög átakanna hafi verið þau, að Guðmunda hafi ætlað að fara brott frá honum. Hann hafi viljað hindra það og kippt í trefil, sem hún var með vafinn um hálsinn. Kveðst ákærði hafa togað í trefilinn, en Guðmunda streist á móti. Hafi hann dregið hana niður og togað í trefilinn, uns Guðmunda hætti að veita mótspyrnu. Ákærði hélt, að liðið hefði yfir hana, en kveður sér fljótlega hafa orðið ljóst, að hún var látin.

Lík Guðmundu var krufið, og segir í krufningarskýrslu, að samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því, er fannst við krufninguna, virðist ljóst, að Guðmunda hafi verið kyrkt og köfnun hafi verið dánarorsök.

Hannes Pétursson, yfirlæknir framkvæmdi rannsókn á geðheilbrigði ákærða. Er ákærði sakhæfur að áliti læknisins.

Ákærði er sakaður um brot gegn 211. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Samkvæmt því þykir rétt með tilvísun til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 að taka kröfu ákæruvaldsins til greina um, að ákærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til 3. okt. nk., kl. 17.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Steinar Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til 3. október 1984, kl. 17.

Mánudaginn 18. júní 1984.

Nr. 30/1983. **Jón Bjarnason**
(sjálfur)
gegn
Ólafi Baldurssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 1. febrúar 1983. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 15.000.00 krónur með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, aðallega frá 15. desember 1981, en til vara frá 21. desember 1981 til 21. nóvember 1983, 4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3.25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 2.5% frá þeim degi til greiðsludags, 38.00 krónur í stimpilkostnað og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt skýrslu stefnda, sem eigi hefur verið hnekkt, bauð hann þáverandi eiganda víxilsins, Svövu Þórðardóttur, greiðslu á víxlinum á heimili hennar hinn 21. desember 1981, en hún synjaði um viðtöku nema með því skilyrði, að stefndi greiddi dráttarvexti. Sama dag greiddi stefndi víxilfjárhæðina inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands, og var það fullnægjandi greiðsla, sbr. 42. gr. laga nr. 93/1933, þar sem víxilhafi átti þá eigi rétt á dráttarvöxtum. Samkvæmt þessu og þar sem málinu hefur eigi verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta héraðsdóm og dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Bjarnason, greiði stefnda, Ólafi Baldurssyni,

11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. maí 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. apríl sl., hefur Jón Bjarnason hrl., Bergstaðastræti 44 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 5. febrúar sl., gegn Ólafi Baldurssyni, nnr. 6743-4870, Rjúpufelli 27 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 15.000.00 með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. desember 1981 til greiðsludags, kr. 38.00 í stimpilkostnað og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, framlögðum reikningi eða ákvörðun dómara. Til vara krefst stefnandi þess, að stefnda verði gert að greiða vexti af kr. 15.000.00 frá 21. desember 1981 til greiðsludags, en að öðru leyti eins og fram komi í aðalkröfu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, að öðru leyti en því, að hann býður fram greiðslu á kr. 675.00 í dráttarvexti og kr. 38.00 í stimpilkostnað. Ennfremur krefst stefndi málskostnaðar að mati dómsins.

Á bæjarþingi Reykjavíkur þann 11. febrúar sl. var máli þessu vikið til almennrar málsmeðferðar.

Sættir hafa árangurslaust verið reyndar.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera skv. víxli, útgefnum 15. október 1981 af sér, að fjárhæð kr. 15.000.00. Víxill þessi sé samþykktur af stefnda til greiðslu í Landsbanka Íslands í Reykjavík 15. desember 1981.

Stefnandi tekur sérstaklega fram, að mál þetta sé víxilmál og ekki komist aðrar varnir að í málinu en greini í 208. gr. laga 85/1936.

Stefnandi kveðst hafa fengið framangreindan víxil í hendur þann 21. desember 1981 frá Svövu Þórðardóttur og hafi hann ritað stefnda kröfubréf næsta dag. Síðan hafi hann ekki heyrt frá stefnda fyrr en snemma á árinu 1982, en þá hafi stefndi tjáð sér, að hann hefði greitt höfuðstól skuldarinnar inn á geymslureikning.

Stefnandi kveðst ekki halda því fram, að framangreindur víxill hafi verið sýndur til greiðslu á greiðslustað. Skv. 53. gr. víxillaga nr. 93/1933 hafi skortur á sýningu ekki áhrif á greiðsluskyldu samþykkjanda víxils og hafi stefnda því verið óheimilt að greiða víxilfjárhæðina á geymslureikning. Ennfremur hafi skuldareiganda ekki borist nein tilkynning um greiðslu þessa. Framangreind greiðsla stefnda á geymslureikning hafi því ekki réttaráhrif, þar sem skilyrðum laga um geymslufé hafi ekki verið fullnægt.

Stefndi hafi því kallað yfir sig þann kostnað, sem af þessu leiddi.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að samkomulag hafi orðið með skuldareiganda og stefnda um að greiða hina umstefndu víxilskuld þann 21. desember 1981 að Vesturbergi 78 í Reykjavík. Skv. grundvallarreglu 27. gr. víxillaga hafi verið heimilt að semja um greiðslustað víxilsins og hafi stefnda verið sýndur víxillinn til greiðslu á umsömdum stað og tíma. Hafi stefnda borið að greiða a.m.k. höfuðstól víxilsins við þetta tækifæri, sbr. 2. mgr. 39. gr. víxillaga.

Stefndi býður stefnanda greiðslu á kr. 675.00 í dráttarvexti og kr. 38.00 í stimpilkostnað. Við munnlegan málflutning lýsti stefndi yfir því, að hann teldi sig ekki skyldan til að inna greiðslur þessar af hendi, en þrátt fyrir það krefjist hann sýknu gegn greiðslu framangreindrar fjárhæðar.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að víxill sá, er mál þetta sé af sprottið, hafi eigi verið sýndur til greiðslu á greiðslustað á tilskyldum tíma, sbr. 38. gr. laga nr. 93/1933, og hafi honum því verið heimilt að koma víxilfjárhæðinni í geymslu í Landsbanka Íslands, sbr. 42. gr. laga nr. 93/1933 og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar frá 1964, bls. 197.

Stefndi kveðst hafa boðið fram greiðslu víxilisins í Landsbanka Íslands á gjalddaga, en þar sem víxillinn hafi ekki verið til staðar í bankanum, hafi honum reynst ómögulegt að greiða víxilinn á greiðslustað hans. Eftir að þetta hafi komið í ljós, hafi orðið samkomulag með sér og víxileiganda, Svövu Þórðardóttur, um, að víxillinn yrði greiddur án vaxta að Vesturbergi 78 þann 21. desember 1981. Stefndi kveðst þar og þá hafa boðið fram greiðslu höfuðstóls víxilsins gegn afhendingu hans, en þá hafi víxileigandi krafist greiðslu á kr. 800.00 í vexti auk höfuðstóls. Ekki hafi víxileigandi sýnt sér víxilinn til greiðslu. Stefndi kveðst hafa talið sér óskylt að greiða víxilinn, er svo hafi verið komið, og greitt höfuðstól hans á geymslureikning í Landsbanka Íslands samdægurs og hafi hann sent víxilhafa, þ.e. Svövu Þórðardóttur, tilkynningu um fyrrnefnda greiðslu þann sama dag í almennu bréfi.

Stefnandi hefur lagt fram víxil, sem er lögformlegur, sbr. I. kafla laga nr. 93/1933. Stefnandi hefur sérstaklega lýst því yfir, að mál þetta sé víxilmál og eigi komist aðrar varnir að í málinu en þær, er greini í 208. gr.laga nr. 85/1936. Varnir stefnda eru þess eðlis, að þær falla undir fyrrnefnda 208. gr., og fá því komist að í máli þessu.

Svo sem heimilt er skv. 4. gr. laga nr. 93/1933, er skráð á hinn framlagða víxil, að hann skuli greiða í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Ágreiningslaust er, að víxill þessi var ekki sýndur til greiðslu í Landsbanka Íslands dagana 15., 16. eða 17. desember, svo sem 38. gr., sbr. 4. gr. víxillaga býður. Greiðslufall víxilsins hefur ekki verið sannað með afsagnargerð dagana 16. eða 17. s.m., sbr. 3. mgr. 44. gr. og 91. gr. i.f. sömu laga. Ekki

verður heldur talið sannað gegn andmælum stefnda, að víxill þessi hafi verið sýndur honum til greiðslu í annan tíma. Var stefnda því rétt að koma víxilfjárhæðinni til geymslu á kostnað og ábyrgð víxilhafa, sbr. 42. gr. víxillaga, sbr. og 7. gr. laga nr. 9/1978. Fjárhæð víxilsins lagði stefndi hinn 21. desember 1981 inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Telja verður ósannað gegn andmælum stefnanda, að honum hafi borist tilkynning um greiðslu þessa. Vanræksla stefnda á að senda á tryggilegan hátt tilkynningu um margnefnda greiðslu haggar þó ekki gildi innborgunarinnar á geymslureikninginn sem slíkrar.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, hafa eigi orðið vanskil á greiðslu víxilfjárhæðarinnar, og hefur krafa, sem byggð er á þeim vanskilum, því ekki lagastoð.

Niðurstaða máls þessa er því sú, að stefnda ber einungis að greiða stefnanda fjárhæð þá, sem hann hefur fram boðið, það er krónur 713.00. Að öðru leyti skal stefndi vera sýkn af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Mál þetta dæmir Drífa Pálsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna mikilla embættisanna fulltrúans.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Baldursson, greiði stefnanda, Jóni Bjarnasyni, kr. 713.00, að öðru leyti skal stefndi vera sýkn af kröfum stefnanda í málinu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 19. júní 1984.

Nr. 185/1982. **Sigurbjörn Þ. Guðmundsson og Tryggingamiðstöðin h/f**
(Valgarð Briem hrl.)
gegn
Haraldi Magnússyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 21. september 1982. Þeir gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði einungis dæmdir til þess að greiða stefnda 14.000.00 krónur auk vaxta eins og dæmdir voru í héraði. Til vara krefjast áfrýjendur þess, að þeir verði dæmdir „til að greiða hærri fjárhæð að mati Hæstaréttar, þó ekki fullar bætur." Í báðum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði verði látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Ólafur Jóhannesson, flokkstjóri í lögreglunni í Borgarnesi, kom á vettvang eftir árekturinn. Í skýrslu hans um atburðinn segir m.a. svo:

„Er ég kom var búið að draga E 479 rúmlega átta metra til suðurs frá M 848. Þarna var margt manna við hjálparstörf, var búið að ganga öll vegsummerki af í og við brúna, voru því engin hemlaför eða slíkt sjáanlegt.

Eftir að hafa tekið myndir á vettvangi og mælt hann var farið í að fjarlægja bifreiðarnar og opna veginn fyrir umferð.

Bifreiðarnar voru báðar mikið skemmdar ef ekki ónýtar eftir árekturinn.

Við athugun á vettvangi virtist líklegt að árekturinn hefði átt sér stað um 4,50 metra frá norðurstöpli brúnarinnar."

Ólafur fór ásamt Þórði Sigurðssyni lögregluvarðstjóra á vettvang daginn eftir til að athuga nánar ummerki eftir árekturinn. Í skýrslu hans um þá athugun segir m.a. svo:

„Við athugun kom í ljós hjólfar, eftir hjólbarða, á suðurstöpli utanverðum var nokkuð hreint munstur á stöplinum eftir barðann, á hægra framhjólbarða M 848 var gul málning eins og stöpullinn er málaður með, dekkið er með samskonar munstri og farið á stöplinum, einnig var perlugler úr M 848 sunnan við brúna á og utan vegar, virðist því af framangreindum ummerkjum að M 848 hafi verið kominn suður fyrir brúarstöpulinn að minnsta kosti með framhjólin er árekstur varð.

Eftir athugun á staðnum var farið á Akranes þar var E 479 skoðaður."

Af ljósmyndum, sem lagðar hafa verið fram í málinu, kemur fram, að miklar skemmdir urðu á bifreiðinni M 848. Vinstra framhorn og hús bifreiðarinnar hefur gengið úr skorðum, grindin skekkst, þakið undist og framrúðan mölbrotnað. Vinstra framhjól hefur gengið aftur að palli bifreiðarinnar, en hægra framhjólið losnað frá.

Á E 479 má sjá, að vinstra framhorn hefur beyglast, rúðan sprungið og ljósker brotnað.

Að ósk lögreglunnar á Akranesi skoðuðu bifreiðaeftirlitsmennirnir Trausti Bjarnason og Guðmundur Sigurðsson bifreiðina M 848 hinn 7. ágúst 1981 til að kanna, ef unnt væri, hvort hægra framhjól M 848 hefði losnað fram eða aftur af festingum sínum. Í skýrslu um þá skoðun, undirritaðri af Guðmundi, segir svo:

„Undirritaður fór ásamt Trausta Bjarnasyni bifreiðaeftirlitsmanni frá Borgarnesi og skoðaði umrædda bifreið. Við treystum okkur ekki til að fullyrða með hvaða hætti frambiti bifreiðarinnar hefur farið undan, en teljum þó líklegra að hann hafi farið við að stöðvast á brúarstólpanum en ekki við sjálft höggið við árekturinn."

II.

Brúin á Urriðaá er aðeins 6,50 m á lengd, en of mjó til að bifreiðarnar M 848 og E 479 gætu mæst á henni. Ekki liggja fyrir upplýsingar um breidd vegarins við brúna. Þó má ráða af glöggum ljós-

myndum og öðru, sem fram er komið í málinu, að bifreiðarnar hefðu getað mæst hvorum megin brúarinnar sem var. Ekki verður annað séð en ökumenn bifreiða, sem koma að Urriðaárbrú úr hvorri átt sem er, eigi við eðlilegar aðstæður að sjá vel til umferðar úr gagnstæðri átt, er þeir nálgast brúna. Báðir þekktu ökumenn bifreiðanna E 479 og M 848 vel til við Urriðaárbrú. Voru þeim því ljósar þær aðstæður, sem hér er lýst.

Ökumenn bifreiðanna greinir á um, hvar bifreiðar þeirra skullu saman. Telur ökumaður E 479 það hafa gerst á sjálfri brúnni, en ökumaður M 848, að það hafi gerst, er framendi M 848 var kominn 2-3 m suður fyrir syðri brúarstólpa, en bifreiðin var að öllu leyti enn á brúnni. Ýmis ummerki á vettvangi veita töluverðar líkur fyrir staðhæfingum ökumanns M 848 um þetta atriði, svo sem glerbrot við suðurenda brúarinnar, far á syðri brúarstólpa, litur á hægri framhjólbarða M 848 og skemmdir á bifreiðinni, en ekki verður þetta þó talið fullvíst. En hvor svo sem árekstursstaðurinn hefur verið nákvæmlega tiltekið á brúnni eða við brúarendann, verður að fallast á röksemdir héraðsdóms fyrir því, að ökumaður E 479 hafi ekið of hratt eftir aðstæðum, er hann nálgaðist brúna, þar sem hann að sjálfs síns sögn sá ekki til ferða M 848 fyrir rykmekki, fyrr en hann átti aðeins ófarna um það bil eina bíllengd að brúnni, og árekstur varð ekki umflúinn. Braut hann með þessu aksturslagi gegn þeim ákvæðum umferðarlaga, sem í héraðsdómi greinir, og átti þannig sök á árekstri bifreiðanna.

Er ökumaður M 848 nálgaðist Urriðaárbrú úr norðri, kom á móti honum lítt slitin röð bifreiða, sem í voru að því er virðist fimm vörubifreiðar, steypubifreið og ef til vill fólksbifreið. Hann sá til umferðarinnar á móti sér, er hann kom á vegamót Vesturlandsvegar og Akranesvegar, og hann hafði mætt tveimur vörubifreiðanna, líklega fólksbifreið, svo og steypubifreiðinni, er hann kom að Urriðaárbrú. Hann dró að vísu úr ferð, er hann mætti bifreiðum þessum, en taldi sig „vera nokkurn veginn á fríum sjó", er þær höfðu farið fram hjá, og ók rakleitt út á brúna án þess að gera sér grein fyrir vörubifreiðunum þremur, sem á móti komu. Veitti hann E 479 ekki athygli að eigin sögn, fyrr en framendi bifreiðar hans var kominn yfir brúna og samkvæmt því ekki fyrr en alveg um leið og hann telur bifreiðarnar hafa skollið saman. Þykir þetta

sýna, að ökumaður M 848 hafi ekki fylgst nægilega vel með þeirri umferð, sem á móti kom, og ekki viðhaft næga aðgæslu, er hann ók yfir brúna. Á hann því einnig nokkra sök á árekstrinum.

Þegar litið er til þess, sem að framan segir, svo og þess, að skýrslur ökumannanna um, að þeir hafi ekið með tendruðum ljósum, sem verið hefði eðlileg varúðarráðstöfun, eins og á stóð, fá ekki stoð í skýrslum þeirra ökumanna, er sáu til ferða bifreiðanna í umrætt sinn, þykir rétt samkvæmt 68. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968 að skipta tjóni af árekstrinum þannig, að áfrýjendur bæti stefnda tjón hans að ⅔ hlutum, en sjálfur beri hann það að ⅓ hluta. Samkvæmt þessu og kröfugerð aðilja að öðru leyti ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt 18.666.67 krónur með vöxtum svo sem krafist er svo og 18.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Sigurbjörn Þ. Guðmundsson og Tryggingamiðstöðin h/f, greiði stefnda, Haraldi Magnússyni, óskipt 18.666.67 krónur með 34% ársvöxtum frá 4. júní 1981 til 22. október 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 6. júlí 1982, en með hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og samtals 18.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna
Guðmundar Jónssonar og Magnúsar Thoroddsen.

Í hinum áfrýjaða dómi eru raktir framburðir ökumanna bifreiðanna um akstursbraða þeirra. Við teljum framburð áfrýjandans Sigurbjörns styðja frásögn ökumanns M 848 um, að hann hafi ekið að brúnni á hóflegum hraða, eftir að hann hafði mætt nokkrum bifreiðum. Við teljum ljóst af skýrslu Sigurbjörns um hraða bifreiðar hans svo og af skemmdum þeim, sem urðu á bifreiðinni M 848, að hann hafi ekið að brúnni á óhóflegum hraða eins og öllum aðstæðum var háttað. Það veitti Sigurbirni ekki rétt til að aka að brúnni með þessum hætti, þótt hann teldi sig aka í bifreiðalest. Er ekki ástæða til að ætla annað en ökumennirnir hafi haft svipaða aðstöðu til að sjá hvor til annars.

Við teljum gögn málsins styðja frásögn ökumanns M 848 um, að framendi bifreiðar hans hafi verið kominn suður af brúnni, er áreksturinn varð.

Þótt á það hafi skort, að ökumaður M 848 sýndi fyllstu aðgæslu með því að aka ekki með ljós bifreiðarinnar tendruð, þá teljum við gáleysi áfrýjandans Sigurbjörns vera svo mikið, að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júlí 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Haraldi Magnússyni, Belgsholti, Leirár- og Melahreppi, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, gegn Sigurbirni Þ. Guðmundssyni, Merkigerði 6, Akranesi og Tryggingamiðstöðinni h.f., Aðalstræti 6, Reykjavík, með stefnu, birtri 20. október 1981.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda in solidum skaðabætur að fjárhæð kr. 28.000.00 með 34% ársvöxtum frá 4. júní 1981 til 22. október s.á., en með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda í máli þessu, en til vara, að sök verði skipt. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að síðdegis fimmtudaginn 4. júní 1981 varð bifreiðaárekstur milli vörubifreiðanna M-848 og E-479 við Urriðaá í Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu. Atvik að árekstrinum voru þau, að bifreiðinni M-848, sem er af gerðinni Bedford, árgerð 1963, var ekið áleiðis til Akraness, og var hún með sandfarm á palli. Bifreiðinni E-479, sem er af gerðinni Mercedes Benz, árgerð 1972, var ekið á leiðinni frá Akranesi, og flutti hún harpað vegagerðarefni á palli sínum. Á eða við brúna á Urriðaá varð mjög harður árekstur með greindum vörubifreiðum, sem stórskemmdust báðar, og ökumaður M-848 varð fyrir verulegum meiðslum. Bifreiðin M-848 er skráð eign stefnanda, en ökumaður hennar umrætt sinn var Þorvarður Magnússon. Stefndi Sigurbjörn Þ. Guðmundsson er skráður eigandi bifreiðarinnar E-479, og var hann ökumaður hennar tiltekið sinn. Bifreiðin E-479 er tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Trygg-

ingamiðstöðinni h.f. Í máli þessu er deilt um sök og bótaábyrgð vegna árekstur þessa.

III.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndi Sigurbjörn hafi valdið umræddum bifreiðaárekstri og eigi einn sök á honum með ógætilegum og hættulegum akstri við aðstæður, þar sem þörf hafi verið á ýtrustu aðgæslu og varkárni. Í fyrsta lagi hafi M-848 verið ekið mun fyrr að brúnni en E-479 og hafi hún verið komin að nokkru leyti yfir brúna, er árekstur inn varð. Þetta megi glöggt ráða af ummerkjum af árekstursstaðnum; glerbrotum úr framrúðu M-848, sem dreifð voru á vestari vegbrún sunnan brúarinnar, fari eftir hægri framhjólbarða M-848 á brúarstöplinum og gulri málningu af brúarstöplinum, sem fannst á hjólbarðanum, og loks sandslóð á brúnni eftir hlassið á palli M-848. Um þessi atriði vísist til uppdráttar lögreglu og ljósmynda, sem teknar voru á vettvangi og lagðar hafi verið fram í málinu. Þegar þetta sé haft í huga og þess jafnframt gætt, að ógerningur hafi verið fyrir svo breiðar bifreiðar að mætast á brúnni eða við hana, þá sé auðsætt, að stefnda Sigurbirni bar að haga svo akstri sínum, að bifreiðarnar gætu mæst af öryggi sunnan megin brúarinnar, enda sé útskot á veginum þeim megin brúarinnar til þess ætlað. Ljóst sé, að stefndi Sigurbjörn vanrækti skyldur sínar í þessu efni og ók að brúnni án þess að skeyta um M-848. Í öðru lagi hafi E-479 verið ekið óhæfilega hratt, er bifreiðin nálgaðist brúna og miklum mun hraðar en aðstæður og aksturskilyrði leyfðu, en þau voru mjög slæm, þar sem vegaryk hamlaði útsýn. Hinn óhæfilega mikli ökuhraði E-479 ræðst m.a. af þeim staðreyndum málsins, að E-479 ýtti M-848 á undan sér 8-12 metra þrátt fyrir hemlun, þrátt fyrir að M-848 væri allt að 13 tonnum að þyngd og á ferð áfram og þrátt fyrir að hjólabúnaður að framan á M-848 ýmist losnaði, brotnaði eða snerist, þannig að bifreiðin lá niðri á grindinni að framan. Enn sé það til merkis um óhæfilegan ökuhraða E-479, hversu mikið M-848 skemmdist við árekstur inn, sbr. ljósmyndir, sem fram hafi verið lagðar. Þá sé þess að gæta í þessu sambandi, að ekill M-848 hafi stórslasast. Í þriðja lagi hafi E-479 ekið of innarlega á veginum, er árekstur inn varð. Af hálfu stefnanda sé lögð áhersla á það, að eigi séu efni til að sakast um árekstur inn við ekil M-848 umrætt sinn. Hann hafi komið fyrr að brúnni og eigi sé annað fram komið en M-848 hafi verið ekið mjög hægt við brúna og yst til hægri. Bifreiðarstjóra M-848 hafi því verið rétt að aka áleiðis yfir brúna, enda sé ekki útskot á veginum norðan megin brúarinnar, sem aftur á móti sé sunnan hennar. Bifreiðarstjóri M-848 mátti treysta því, að ökutæki, er á móti kom að brúnni, virti forgangsrétt hans að brúnni, eins og aðstæðum var háttað. Sáralitlu virðist hafa munað, að bifreiðarstjóri M-848 kæmist áfallalaust leiðar sinnar. Þar hafi vart munað nema sekúndubrotum og

engin hætta hefði orðið á árekstri, ef stefndi Sigurbjörn hefði dregið úr ferð, áður en hann nálgaðist um of brúna, og sýnt skylda tillitsemi og aðgát. Stefandi leggur á það áherslu, að það geti eigi orðið neinn grundvöllur að sök ökumanns M-848, að hann hafi haldið ferð sinni áfram yfir brúna, þótt rykkóf væri yfir veginum. Það liggi í augum uppi, að ökutæki verði að komast leiðar sinnar, þrátt fyrir slíkt. Það sé ekki um það að ræða að stöðva og bíða þess að lát verði á vegarrykinu, sem heldur áfram að þyrlast upp og grúfa yfir. Sérstök athygli sé vakin á því, að stefndi Sigurbjörn viðurkenni hæga ferð M-848, þótt honum skjátlist í því, að bifreiðin hafi verið stöðvuð norðan brúarinnar. Það hafi verið rangt mat hans á aðstæðum, sem leiddi til þess, að hann að ófyrirsynju ók að brúnni í veg fyrir M-848, er sú bifreið var á hægri ferð yfir brúna.

Stefnandi telur, að stefndi Sigurbjörn hafi brotið m.a. gegn eftirtöldum ákvæðum umferðarlaga með akstri sínum umrætt sinn, 47. gr., 1. og 2. mgr., 49. gr. 1. og 2. mgr. og 3. mgr. f. og h. Um bótaábyrgð og aðild stefndu vísar stefnandi til 68. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 69. gr. pr. analogia, 70. gr., 1. og 2. mgr., og 74. gr., 2. mgr., sömu laga.

Ágreiningslaust sé, að tjónið á M-848 af völdum árekstursins hafi numið kr. 20.000.00. Þá hafi orðið samkomulag með aðiljum um það, að annar þáttur í kröfugerð stefnanda vegna afnotamissis yrði metinn á kr. 8.000.00 og því sé samkomulag um fjárhæð stefnukröfu samtals kr. 28.000.00.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að þarna hafi verið um yfirgnæfandi sök ökumanns M-848 að ræða og hann hafi með aksturslagi sínu valdið því, að svona fór. Ökumaður M-848 hafi mætt þarna röð bíla á leið norður og er hann hafi átt örstutt eftir að brúnni, hafi hann mætt bifreiðinni E-992, en E-479 hafi komið þar næst á eftir. Ökumaður M-848, sem þarna sé kunnugur staðháttum, hafi stöðvað eða a.m.k. dregið mjög úr ferð norðanmegin brúarinnar. Augljóst hafi mátt vera fyrir honum, að bíll eða bílar kæmu í kjölfar E-992 vegna mikils ryks, sem af þeim stafaði, og því ástæða til ýtrustu varkárni við brúna. Svo hafi þó ekki farið og hafi E-479 verið komin alveg að brúnni, er M-848 hafi aukið ferðina og ekið inn á brúna, þrátt fyrir það að með því að draga svo mjög úr ferð eða stöðva, hafi hann gefið þeim, sem á móti kom, tilefni til að ætla, að óhætt hafi verið að aka óhikað áfram, og þannig hafi ökumaður E-479 metið aðstæður. Þegar svo M-848 hafi þarna skyndilega ekið inn á brúna, hafi ökumaður E-479 ekki náð að stöðva bifreið sína, enda hafi hann ekið á nokkurri ferð, bifreið hans stór og fullhlaðin, þá var og ekið á malarvegi og viðnám vegna hemlunar því minna en ella. Þá sé og rétt að geta þess, að fullvíst sé, að M-848 hafi verið ljóslaus í umrætt sinn þrátt fyrir lélegt skyggni vegna ryksins og af þessu beri hann hallann. Því sé hins vegar haldið fram, að E-479 hafi ekið með ljósum, enda staðfesti ökumaður M-848

það í framburði sínum hjá lögreglu. Það sé því ljóst, að ökumaður M-848 hafði öll tök á því að koma í veg fyrir óhapp þetta, hann átti miklu hægara um vik að forða óhappinu (sic), þar sem hann hafði hægt ferð sína mjög skammt norðan brúarinnar. Þá hafi hann og rétt áður mætt öðrum bíl úr bílalestinni og með eðlilegri aðgæslu hefði hann getað séð þó ekki væri nema vegna rykmökksins, að aðrir bílar voru skammt undan, og því hafi verið ákaflega óvarlegt af honum að aka inn á brúna, eins og á stóð. Og það sé í sjálfu sé jafn alvarlegt brot, hvort sem ástæðan var sú, að hann hafi alls ekki séð E-479 og því ekið í blindni inn á brúna eða það, að mat hans á fjarlægð E-479 frá brúnni hafi brugðist svo hrapallega. Þá sé og rétt að geta þess, að ekill M-848 virðist ekki hafa hemlað bifreið sinni, þegar hann loksins hafi séð, hvað verða vildi, og því séu viðbrögð hans röng, en hemlun hefði a.m.k. átt að geta minnkað það tjón, er þarna varð, þó það hefði líklegast ekki komið í veg fyrir tjónið úr því sem komið var. Samkvæmt þessu sé því fyrst og fremst við ökumann M-848 að sakast um, hvernig fór og því verði stefnandi að bera tjón sitt sjálfur, þar sem hann leiðir rétt sinn frá honum.

Stefndu byggja varakröfu sína á því, að ef framangreind atriði nægi ekki til að sýkna stefndu, þá hljóti þau að leiða a.m.k. til skiptingar sakar í málinu og þá með meginsök á ökumanni M-848. Þótt fallist yrði á, að M-848 hefði verið komin með framhjól sín eitthvað suður fyrir brúarenda, er árekstur varð, sé engu að síður fráleitt að leggja alla sök á árekstri þessum á stefndu. Í því sambandi megi benda á, að brú sú, er hér um ræðir, sé skv. uppdrætti lögreglunnar 6.5 metrar á lengd og til samanburðar sé rétt að athuga, að lengd M-848 á uppdrætti lögreglu sé um 8 metrar, brúin sé því tæplega billengd. Það séu því sekúndubrot, sem þarna ráða um hugsanlegan árekstursstað, og því sé afar óeðlilegt, ef það ráði úrslitum við sakarmat í máli þessu, að M-848 hafi verið komin að hluta til yfir brúna, er árekstur hafi orðið, og bent sé á, að hefði stefndi ekki hægt ferð sína eins og hann gat, þegar hann sá, hvað verða vildi, þá hefði árekstursstaður tvímælalaust orðið inni á brúnni. Rétt sé og að geta þess hér, að ekki virðist M-848 hafa hemlað og það hafi þarna einnig áhrif. Ítrekað sé áður fram komið, að annað hvort aki ökumaður M-848 í blindni inn á brúna eða það, að hann meti aðstæður alrangt og því ljóti hann a.m.k. að vera meðvaldur að því tjóni, er þarna varð í umrætt sinn, og hefur hann m.a. gerst brotlegur við eftirtaldar greinar umferðarlaga nr. 40/1968, 47. gr., 2. mgr., og 49. gr., 1. og 2. mgr., svo og 3. mgr. sömu gr., lið f. og h.

Rétt þyki að koma að nokkrum athugasemdum varðandi málsástæður stefnanda. Í fyrsta lagi sé því mótmælt, að sannað sé, að M-848 hafi verið komin að hluta til yfir brúna, er óhappið varð, og í því sambandi bent á eftirfarandi atriði. Í frumskýrslu, sem lögreglan byggir á vettvangsathug-

un á árekstursstað þann 4. júní 1981, komast löggæslumenn að þeirri niðurstöðu, að líklegur árekstursstaður sé um 4.5 metra frá norðurenda brúarinnar, þ.e. inn á brúnni sjálfri, því að hún er um 6.5 metrar á lengd. Nú sé það svo í svona málum, að oftast sé frumathugun réttust, enda ökutækin og eða brak úr þeim ennþá á staðnum og því auðveldara að gera sér grein fyrir málinu en ella og því ætti rétt niðurstaða að fást og sé því haldið fram, að því hafi ekki verið hnekkt í máli þessu. Þau atriði, sem stefnandi telji sanna árekstursstaðinn, séu í fyrsta lagi glerbrot úr M-848, sem hafi verið dreifð á vestari vegarbrún sunnan brúarinnar. Í gögnum málsins komi fram, að glerbrotum og öðru drasli úr bílnum, sem dreifð voru á brúnni sjálfri, hafi verið hent eftir árekstur inn á staðinn, sem merktur er C á uppdrætti lögreglu, þannig að það sanni ekkert um árekstursstaðinn. Í öðru lagi sé það farið á brúarstólpanum og núningur og málning á hægra framhjóli M-848. Þessu taki enginn eftir fyrr en næsta dag, þrátt fyrir að margir menn hafi komið þarna að og tekið þátt í að ná bílnum í sundur og hafi gefið skýrslur í málinu. Það sé ekki fyrr en daginn eftir, að lögreglumenn fari aftur á vettvang og menn sjái þetta hjólfar og heldur sé sú fullyrðing vafasöm, að á stöplinum sé nokkuð hreint munstur eftir barðann á hægra framhjóli M-848. Þarna sjáist að vísu far á stöplinum, en að það sé eftir M-848 sé ósannað. Munstur það, sem sjáist á myndum, sem frammi liggi í málinu, sé mjög venjulegt og gæti því verið eftir hvaða farartæki sem er. Það sé heldur ekki nægilega greinilegt, til að það taki af öll tvímæli í þessu tilviki. Að því er varði farið á dekkinu sjálfu gæti það alveg eins hafa verið komið fyrir óhappið og sama gildi um málninguna. Þá komi og fram hjá a.m.k. einu vitni, að það telur umrætt far hafa verið á stöplinum nokkurn tíma fyrir óhappið.

Sandslóðin á brúnni styðji frekar þá skoðun stefnda, að árekstur inn hafi orðið á brúnni sjálfri, heldur en hið gagnstæða. Við það mikla högg, sem hafi orðið við árekstur inn, hafi sandur inn þeyst í allar áttir, en eitthvað hljóti þó að fara framyfir eða frammeð M-848, enda sé sú bifreið að sjálfsögðu á ferð áfram, er árekstur inn verður, og sandur inn á palli bifreiðarinnar hljóti að hreyfast áfram líka, a.m.k. nokkur andartök eftir höggið, og þó M-848 hafi fljótlega byrjað að hreyfast í gagnstæða átt, nægja þessi andartök til þess, að sandur ætti að hendast frammeð M-848. Enginn sandur hafi verið sunnanmegin brúarinnar, heldur einungis dreifður á brúnni sjálfri, og getur því sandslóðin gefið vísbendingu um, að árekstur inn hafi orðið á brúnni sjálfri, en ekki sunnan hennar, eins og haldið sé fram af stefnanda.

Varðandi hraða E-479 sé bent á, að ökumaður segist hafa ekið á um 50 km hraða, er hann nálgaðist brúna, þ.e. undir löglegum hámarkshraða, sem þarna sé 70 km á klukkustund. Ekkert liggi fyrir í gögnum málsins,

sem bendi til annars en þetta sé rétt. Sú staðreynd, að M-848 berst eitthvað undan E-479, sé skiljanleg, þegar litið sé til þess, að mikill munur er á þyngd og stærð bifreiðanna, skv. upplýsingum Bifreiðaeftirlits ríkisins vegur E-479 allt að 22.000 kg með hlassi, en M-848 allt að 12.700 kg, sömuleiðis með hlassi. Vissulega sé það rétt, að miklar skemmdir hafi orðið á M-848, en sama máli gegni um E-479 og M-848 sé 10 árum eldri og hafi því þolað höggið lakara en ella, svo ekki verður hraði E-479 byggður á ofangreindum atriðum með neinni vissu. Þá sé því haldið fram, að E-479 hafi í umrætt sinn ekið of innarlega á akbrautinni, því sé til að svara, að um nákvæma staðsetningu bifreiðanna, er árekstur varð, sé ekkert vitað og því vafasamt að halda slíku fram, enda ljóst, að ef árekstursstaður hefur ekki verið á sjálfri brúnni, þá sé hann mjög skammt sunnan hennar og akbrautin það mjó þarna, að mæting sé útilokuð og því líku saman að jafna varðandi staðsetningu bifreiðanna fyrir óhappið.

IV.

Ökumenn beggja bifreiðanna gáfu skýrslu bæði fyrir lögreglu og dómi, og teknar voru lögregluskýrslur af ýmsum aðiljum, er á vettvang komu. Þá komu nokkur vitni og fyrir dóminn, þ. á m. Þórður Sigurðsson, lögreglumaður, sem gerði sérstakar athuganir á vettvangi.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af ökumanni M-848, Þorvarði Magnússyni, 1. júlí 1981, segir svo m.a., að í umrætt sinn hafi hann ekið bifreiðinni M-848 suður veginn í átt að Akranesi. Sandhlass hafi verið á palli bifreiðarinnar. Er komið hafi verið að Urriðaá, hafi hann dregið úr ferð bifreiðarinnar, þar sem tvær vörubifreiðar hafi verið á norðurleið. Síðan hafi líklega komið fólksbifreið og loks hafi ekið norður yfir brúna steypubifreið. Þorvarður kvaðst aldrei hafa stöðvað bifreiðina, heldur aðeins dregið úr ferð hennar og er steypubifreiðinni hafi verið ekið hjá, hafi hann ekið inn á miðju vegarins og inná brúna, en hann hafi ekið á að giska 20 til 30 km hraða, eða líklega í öðru ganghraðastigi, jafnvel kannski í þriðja. Hann hafi áður litið vel eftir umferð, enda verið búinn að fylgjast með umferðinni. Er hann hafi verið að komast yfir brúna, hefði hann séð til ferðar hinnar bifreiðarinnar, þar sem ökumaður hennar blikkaði ökuljósum, en bifreiðinni hefði að öðru leyti verið ekið í rykmekki. Hefði hann beygt undan sem unnt var til hægri og er áreksturinn hafi orðið, þá hafi framendi bifreiðar hans verið kominn á að giska 2-3 metra af brúnni. Hann hafi misst meðvitund, er bifreiðarnar hefðu skollið saman, og hefði hann komið til meðvitundar, er menn hefðu verið að saga hann út úr bifreiðinni. Þá hefði hann séð, að við áreksturinn hefði bifreið hans kastast þó nokkuð til baka.

Fyrir dómi lýsti Þorvarður Magnússon árekstrinum og aðdraganda hans

með sama hætti. Hann kvaðst hafa verið með bifreiðina að láni til eigin nota tiltekið sinn og á leið með sand niður á Akranes. Kvaðst hann þekkja vel til aðstæðna við Urriðaá, þar væri engan veginn aðstaða til að mætast á brúnni, en hægt væri að mætast báðum megin við hana. Skyggni hafi ekki verið gott tiltekið sinn, andvari og mikill rykmökkur í lofti, sem hafi farið þvert yfir akstursstefnu hans. Kvaðst hann ekki hafa ekið með aðalljós, en taldi sig hafa ekið með parkljósum. Hann kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að samfelld röð margra bíla kæmi á móti og hafi hann ekki átt von á fleiri bifreiðum, er steypubifreiðin var farin hjá. Kvaðst hann hafa tekið eftir þessum fjórum bifreiðum, sem yfir brúna fóru, nokkru áður eða er hann var við Akranesvegamótin og ók í áttina að Urriðaá. Hafi hann þá verið í þriðja gagnhraðastigi og ákveðið að auka ekki hraðann, heldur leyfa þessum bifreiðum að fara yfir brúna. Taldi hann ekki ástæðu til að stöðva við brúna vegna þess, að hann hafði ekki séð fleiri bifreiðar og þær höfðu nú farið hjá. Kvaðst hann engan bíl hafa séð á móti, er hann kom að brúnni. Kvaðst hann ekki hafa séð vörubifreiðina, sem á móti kom, vegna rykmökksins á veginum, fyrr en hann var að komast yfir brúna, og hafi sér virst hún vera á mjög mikilli ferð.

Stefndi Sigurbjörn Þ. Guðmundsson, sem var ökumaður bifreiðarinnar E-479 tiltekið sinn, hefur skýrt svo frá fyrir lögreglu, að hann hafi verið að flytja harpað malarefni, ca. 12 tonn. Hann kvað mikið ryk hafa verið, er árekturinn varð, og ekki hafi sést langt frá. Hann hafi ekið á eftir steypubifreið á leið að brúnni og kveðst hafa verið skammt frá þeirri bifreið, er þangað kom, en treysti sér ekki til að nefna fjarlægðartölur. Hann kvaðst hafa ekið með fullum ökuljósum. Hafi hann ekið niður brekku sunnan brúarinnar á ca. 50 km hraða og slegið af, er að brúnni var komið. Kvaðst hann hafa séð Bedford bifreiðina, þegar um það bil bíllengd var að brúnni, og á þar við lengd sinnar eigin bifreiðar. Sú bifreið hafi ekki verið með ljósum, og kvaðst hann telja, að hún hafi verið kyrrstæð og staðsett ca. bíllengd norðan brúarinnar, nærri vegjaðri vinstra megin frá honum séð. Kvaðst hann strax hafa blikkað ökuljósum sínum og hemlað og hafi bifreið hans dregið hjól. Kvaðst hann telja, að Bedford bifreiðin hafi verið að aka af stað, þegar hann sá hana fyrst. Hann sagði, að bifreiðarnar hafi snerst á brúnni, og taldi, að það hefði orðið á að giska 1-1½ meter fyrir sunnan norðvestur stöpul. Hafi Bedford bifreiðin ýst til baka nokkurn veginn um þá vegalengd.

Fyrir dómi hefur stefndi Sigurbjörn skýrt frá á sama hátt. Hann kvaðst hafa verið að keyra fyrir Vegagerðina þennan dag og hafi verið búinn að fara nokkrar ferðir og voru fleiri fyrirhugaðar þennan sama dag. Ryk hefði verið á veginum og hann hafi ekið í röð bíla og verið sá fjórði í röðinni. Á undan sér hafi verið ekið steypubifreið og hafi hann grillt í hana öðru

hverju. Kvaðst hann fyrst hafa séð bifreiðina M-848, er hann átti bíllengd að brúnni. Þá hafi M-848 verið hinum megin við brúna og kyrrstæð. Kvaðst hann ekki hafa talið ástæðu til að stöðva bifreið sína sín megin brúarinnar, en hann kvaðst hafa blikkað ökuljósum, enda hafi Bedford bifreiðin verið nýbúin að hleypa öðrum bílum þarna yfir. Sigurbjörn staðfesti, að hann væri kunnugur staðháttum, þennan dag hafi verið mikil umferð og ryk á veginum, sem hafi lagt til vinstri miðað við akstursleið hans.

Fyrir dóminn kom Þórður Sigurðsson lögreglumaður, en hann kom á vettvang daginn eftir áreksturinn til þess að taka þar ljósmyndir, og kvaðst hann hafa skoðað vettvang með tilliti til þess, hvar árekstursstaðurinn var. Kvað hann athuganir sínar á vettvangi hafa leitt það í ljós, að framendi bifreiðarinnar M-848 hafi verið kominn út úr brúnni, er áreksturinn varð. Kvaðst hann byggja þessa skoðun sína á því, að hjólfar, sem sjáanlegt hafi verið á syðri brúarstöpli og komið hafi við áreksturinn, komi heim og saman við ákomu á innanverðum hægri framhjólbarða M-848. Þá séu gular málningarrispur á hjólbarðanum, sem komið hafi af brúarstöplinum, sem málaður hafi verið í gulum lit. Þá hafi athuganir sínar á grind bifreiðarinnar og húsi bent til þess, að bifreiðin hefði lyfst upp á brúarhandriðið og runnið eftir því. Fleiri atriði eins og t.d. olíupollar og glerbrot sunnan við brúna hafi og bent til þess, að áreksturinn hefði orðið þar, er M-848 var komin út úr brúnni. Það sé staðreynd, að glerbrot falli ávallt nálægt árekstursstað.

Vitnum þeim, sem á vettvang komu, bar öllum saman um það, að mikil umferð hafi verið og ryk legið yfir veginum tiltekið sinn. Ekkert þeirra vitna sá, er áreksturinn átti sér stað, og verða framburðir þeirra ekki raktir hér frekar.

V.

Svo sem rakið hefur verið, varðar mál þetta ágreining aðilja um bótaskyldu vegna áreksturs vörubifreiðanna E-479 og M-848 við Urriðaá í Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, hinn 4. júní 1981.

Tiltekið sinn voru almenn akstursskilyrði góð, þurrt veður og sólskin, en rykmökkur lá yfir veginum.

Stefndi Sigurbjörn ók bifreið sinni, E-479, í lest nokkurra vörubifreiða til norðurs í áttina að Urriðaá, en bifreiðinni M-848 var ekið í gagnstæða átt á móti að brúnni við Urriðaá.

Ökumönnum bifreiðanna ber ekki saman um aðdraganda árekstursins eða sjálfan árekstursstaðinn, og engin vitni hafa komið fram, er borið geti ótvírætt þar um.

Í málinu hafa verið lagðar fram glöggar ljósmyndir, sem sýna aðstæður á vettvangi, skemmdir bifreiðanna og staðsetningu við brúna á Urriðaá, er þær höfðu verið færðar sundur eftir áreksturinn. Ljóst er, að brúin,

sem er um 4.5 m að breidd, er of mjó til þess, að bifreiðarnar gætu mæst þar, en samkvæmt vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins er bifreiðin M-848 2.35 m að breidd, en bifreiðin E-479 2.44 m. Sú síðarnefnda er því breiðari en almennt gerist, sbr. ákvæði 55. gr. umferðarl. nr. 40/1968.

Svo sem fram kemur á vettvangsuppdrætti lögreglu og greindum ljósmyndum, voru glerbrot úr bifreiðinni M-848 á vestari vegarbrún sunnan brúarinnnar. Þá kemur fram á myndum, að sandslóð af palli þeirrar bifreiðar hefur legið eftir endilöngu brúargólfinu. Þá eru sýnileg ummerki á syðri brúarstólpa, sem samsvarað geta ákomu á hægri framhjólbarða greindrar bifreiðar. Séu þessi atriði virt, þyngdarmunur bifreiðanna, ástand þeirra og staðsetning eftir áreksturinn, vettvangsathuganir, skýringar og framburður lögreglumannsins Þórðar Sigurðssonar, verður ekki dregin önnur ályktun en sú, að árekstur bifreiðanna E-479 og M-848 hafi átt sér stað, er síðarnefnd bifreið var að hluta til komin yfir brúna að sunnanverðu, svo sem ökumaður hennar heldur fram.

Upplýst er og óumdeilt, að bifreiðinni M-848 hafi verið ekið fremur hægt að brúnni norðan megin frá tiltekið sinn og nokkrar bifreiðar, sem á móti komu hafi þá ekið yfir brúna. Ökumaður M-848 kvaðst engan bíl hafa séð á móti, er hann kom að brúnni, og því ekið áleiðis yfir brúna.

Ökumaður bifreiðarinnar E-479, stefndi Sigurbjörn, sem var með 12 tonna malarhlass á bifreið sinni, hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni á 50 km hraða í átt að Urriðaá að sunnanverðu tiltekið sinn. Hann kvaðst hafa séð bifreiðina M-848, skömmu áður en hann kom að brúnni, og hafa reiknað með, að hún biði handan brúarinnar, meðan hann æki yfir.

Fram er komið, að mikið ryk lá yfir veginum umrætt sinn. Ökumaður bifreiðarinnar E-479, sem var í atvinnuakstri, ók í röð bifreiða og hafði takmarkað útsýni framundan vegna hins mikla ryks. Engu að síður ók hann a.m.k. á 50 km hraða niður brekkuna sunnan brúarinnar á stórum og fullhlöðnum bíl, og var hraði bifreiðar hans svo mikill, að hann hafði ekki tök á því að stöðva í tíma, er hann sá bifreiðina M-848 framundan. Þessi akstursmáti stefnda verður að teljast sérlega ámælisverður, er haft er í huga, að hann þekkti vel til staðhátta við Urriðaá og mátti því vera ljóst, að sérstakrar aðgæslu var þörf við akstur yfir og við brúna við þær aðstæður, sem þarna voru.

Með akstri sínum tiltekið sinn hefur stefndi Sigurbjörn gerst brotlegur við 37. gr., 1. mgr., 47. gr. 1. og 2. mgr., 49. gr., 1. og 2. mgr. og 3. mgr. f. og h., og 55. gr., 6. mgr., umferðarlaga nr. 40/1968.

Svo sem atvikum máls þessa er háttað og á stóð, er ökumaður bifreiðarinnar M-848 ók inná brúna tiltekið sinn, verður eigi talið, að hann hafi með því sýnt af sér slíkt aðgæsluleysi, að efni séu til þess að leggja á hann sök vegna árekstursins.

Samkvæmt framansögðu ber að leggja óskipta sök vegna áreksturs þessa á ökumann bifreiðarinnar E-479, stefnda Sigurbjörn Þ. Guðmundsson.

Þar sem ekki er tölulegur ágreiningur um fjárkröfur stefnanda, ber að taka þær að öllu leyti til greina og dæma báða stefndu til að greiða stefnanda in solidum kr. 28.000.- með 34% ársvöxtum frá 4. júní 1981 til 22. október 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, 6. júlí 1982, og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda óskipt málskostnað, sem ákveðst kr. 8.000.-.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurbjörn Þ. Guðmundsson og Tryggingamiðstöðin h/f, greiði in solidum stefnanda, Haraldi Magnússyni, kr. 28.000.- með 34% ársvöxtum frá 4. júní 1981 til 22. október 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 6. júlí 1982, og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8.000.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. júní 1984.

Nr. 59/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Þormóði Magnúsi Guðlaugssyni
(Jón Ólafsson hrl.)

Bann við hundahaldi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. mars 1984. Málinu er áfrýjað að ósk ákærða og

einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 17. apríl.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu til refsiákvæða. Einnig þykir mega fallast á ákvörðun hans um refsingu ákærða, en greiðslufrest sektar ber að telja frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, en greiðslufrestur sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Þormóður Magnús Guðlaugsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. febrúar 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 2. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 38/1984: Ákæruvaldið gegn Þormóði Magnúsi Guðlaugssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 16. janúar 1984, gegn ákærða Þormóði Magnúsi Guðlaugssyni öryrkja, Bauganesi 21, Reykjavík, fæddum 15. mars 1916 á Skagaströnd, „fyrir að hafa, eftir áfellisdóm sakadóms Reykjavíkur yfir ákærða, sem kveðinn var upp 5. október 1981 og birtur honum þá, fyrir hundahald í Reykjavík, haldið hund þar áfram, án þess að hafa til þess leyfi.

Telst brot hans varða við 1. gr., sbr. 2. gr. reglugjörðar um hundahald í Reykjavík nr. 61, 1924 og 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75, 1982.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins.:

Síðdegis miðvikudaginn 9. nóvember 1983 fóru lögreglumenn úr Reykjavík á heimili ákærða vegna kvartana íbúa við sömu götu. Viðurkenndi hann að halda hund þann, er mál þetta snýst um. Hundurinn, sem er af Pudle kyni, var þá innan dyra.

Ákærði var yfirheyrður fyrir lögreglu þann 29. sama mánaðar. Kvaðst hann eiga framangreindan hund, sem gegndi nafninu „Busla", og hefði hann átt hundinn, sem nú væri 4 ára, frá upphafi. Kvaðst hann vita, að hundahald væri óleyfilegt í borgarlandinu, en engu að síður ætlaði hann að halda hundinn áfram.

Ákærði kom fyrir dóm nú í dag og kvaðst enn halda margnefndan hund og staðfesti framburð sinn fyrir lögreglu.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 5. október 1981, var ákærði sakfelldur fyrir sams konar brot og fjallað er um í dómi þessum. Var hann dæmdur fyrir að halda sama hund og mál þetta snýst um á heimili sínu í Reykjavík frá því um sumarið 1979 til mánudagsins 1. júní 1981.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haldið hund á heimili sínu þann tíma, sem í ákæru greinir.

Brot það, sem ákærði er sakaður um, er í eðli sínu ástandsbrot, en það er meginregla laga, að fyrir þau brot verði eigi refsað nema í eitt skipti. Hins vegar er talið, að framangreindur dómur sakadóms Reykjavíkur frá 5. október 1981 hafi rofið ástandsbrot ákærða, og verður því litið svo á sem nýtt brot hafi hafist upp frá þeim degi.

Með hliðsjón af játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 7, 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki; sbr. og dómar Hæstaréttar í hæstaréttardómasafni XLVI (1975), bls. 601 og LIV (1983) frá 7. júní.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík og 7. gr. laga nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga nr. 75, 1982 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. l. nr. 34, 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga. Þykir refsing ákærða, sem er öryrki, hæfilega ákveðin 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en ella sæti ákærði varðhaldi í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Þormóður Magnús Guðlaugsson, greiði krónur 3.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 21. júní 1984.

Nr. 79/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Önnu Kristjánsdóttur
(Haraldur Blöndal hrl.)

Bann við hundahaldi. Staðfesting laga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 29. mars 1984. Málinu er áfrýjað að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 30. apríl.

Meðal gagna máls þessa fyrir héraðsdómi var bréf forsætisráðuneytisins til dómara málsins, dagsett 14. júlí 1983. Þar segir m.a. svo:

„1. Friðjón Þórðarson dómsmálaráðherra, gegndi störfum forsætisráðherra 13. maí 1982 sem staðgengill Gunnars Thoroddsens.

2. Lög nr. 75 1982 voru endurstaðfest af forseta Íslands í ríkisráði 14. október 1982."

Lög nr. 75/1982 voru, eins og í héraðsdómi greinir, staðfest 13. maí 1982 með undirritun forseta Alþingis, forseta Hæstaréttar og Friðjóns Þórðarsonar dómsmálaráðherra, sem samkvæmt áðurgreindu bréfi forsætisráðuneytisins gegndi störfum forsætisráðherra. Verður að telja, að lögin hafi þannig verið sett með stjórn-

skipulegum hætti. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en greiðslufrest sektar ber að telja frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, en greiðslufrestur sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða, Anna Kristjánsdóttir, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 21. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 82/1984: Ákæruvaldið gegn Önnu Kristjánsdóttur, sem tekið var til dóms 2. febrúar sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 24. október sl., gegn ákærðu, Önnu Kristjánsdóttur lektor, Vesturgötu 34, Reykjavík, fæddri þar í borg 14. október 1941, „fyrir að hafa, eftir dómsátt, sem gerð var í sakadómi Reykjavíkur við ákærðu, 5. maí 1983, fyrir hundahald í Reykjavík, haldið hund áfram, án þess að hafa til þess leyfi.

Telst brot hennar varða við 1. gr., sbr. 2. gr. reglugjörðar um hundahald í Reykjavík nr. 61, 1924 og 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75, 1982.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt játningu ákærðu og öðrum gögnum málsins:

Miðvikudaginn 29. júní 1983, um kl. 23:00, hittu lögreglumenn ákærðu á Vesturgötu í Reykjavík, skammt vestan Ægisgötu, þar sem hún var með hund í bandi. Hún kvað þetta vera tík, „Colly - íslensk", sem héti Tyrra, og kvaðst hafa átt hana í eitt ár.

Ákærða var yfirheyrð af lögreglu 14. september sl. af þessu tilefni, og kvað hún sér þá vera kunnugt, að hundahald er óleyfilegt í borgarlandinu. Hún kvaðst enn halda hundinn, sem þá var tæplega 17 mánaða gamall, en vísaði að öðru leyti til máls vegna fyrri afskipta lögreglu af þessum hundi.

Hinn 12. október sl. hafði lögreglan samband við heimili ákærðu, og var þar staðfest, að ákærða héldi enn hundinn.

Ákærða var yfirheyrð hjá lögreglu 24. mars 1983 vegna kæru, sem lögreglunni hafði borist um hundahald á Vesturgötu 34. Hún kvaðst þá hafa eignast hundinn í maí 1982 og halda hann á heimili sínu. Henni var veittur frestur til þess að taka ákvörðun um, hvort hún léti hundinn frá sér, en með bréfi, dags. 4. apríl 1983, kvaðst hún ætla að halda hundinn áfram á heimili sínu. Hinn 5. maí 1983 sættist ákærða á greiðslu 6.000 króna sektar fyrir hundahald í Reykjavík.

Ákærða kom fyrir dóminn 14. desember sl. og kannaðist þá við að hafa haldið umræddan hund áfram á heimili sínu, eftir að hún gekkst undir dómsáttina 5. maí 1983, án þess að hafa til þess sérstakt leyfi. Af hálfu ákærðu var lagt fram vottorð Helgu Finnsdóttur dýralæknis, dags. 14. desember sl., um, að hundur ákærðu hafi á árinu 1983 fengið lyf við bandormum og spóluormum svo og ófrjósemislyf.

Niðurstöður.

Af hálfu ákærðu er aðallega krafist sýknu á þeim forsendum, að óheimilt sé að sekta hana eða ákæra að nýju, eftir að hún gekkst undir dómsátt 5. maí sl., enda sé hér um svofellt (sic) ástandsbrot að ræða og því sérstaklega mótmælt, að „broti hennar hafi lokið" með dómsáttinni.

Til vara er þess krafist, að ákærðu verði eigi gerð refsing, þar sem hér sé um smávægilegt brot að ræða og hún tilfinningalega háð hundinum. Hagsmunir ákæruvaldsins af því, að hún þoli dóm, séu mun minni en hennar að halda hundinn. Þá er því haldið fram, að tilteknir menn hafi haldið hund án afskipta lögregluyfirvalda og að ákæruvaldinu sé beitt af handahófi og því beri að fella refsingu niður. Loks er því haldið fram, að allt frumkvæði í máli þessu sé í höndum „kærenda utan úr bæ", en ekki lögreglu.

Til þrautavara er þess krafist, að ákærðu verði gerð vægasta refsing að lögum, þar sem hér sé um smávægilegt brot að ræða og fyrirhugað sé að endurskoða reglur um hundahald í borginni.

Loks er því mótmælt af hálfu ákærðu, að dæmt verði eftir lögum nr. 75, 1982, þar sem þau hafi ekki verið sett með stjórnskipulegum hætti, þar sem Friðjón Þórðarson hafi undirritað þau lög í nafni forsætisráðherra án nokkurs umboðs, sem birt hafi verið með stjórnskipulegum hætti.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. reglugerðar um hundahald í Reykjavík nr. 61, 1924 og 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930, sbr. 1. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7, 1953, er eðlis síns vegna ástandsbrot. Ákæra í máli þessu tekur einungis til hundahalds ákærðu, eftir að gerð var við hana dómsátt 5. maí sl. Það er álit dómsins, að refsidómur eða dómsátt vegna ástandsbrots rjúfi ástandið og að virða beri áframhaldandi ástandsbrot sem nýtt brot. Er því ekki unnt að verða við aðalkröfu ákærðu.

Meðal raka ákærðu fyrir varakröfu sinni er það, að allt frumkvæði í máli þessu sé í höndum „kærenda utan úr bæ." Svo sem að framan greinir, hafði lögreglan afskipti af ákærðu, er hún var með hund sinn á Vesturgötu skammt vestan Ægisgötu, og verður ekki séð á gögnum málsins, að „kærendur utan úr bæ" hafi átt þátt í þeim afskiptum.

Að því er varðar þrautavarakröfu ákærðu er þess að gæta, að ekki er kunnugt um, að fyrir liggi breyttar reglur um hundahald í Reykjavík.

Lög nr. 75, 1982 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga voru staðfest 13. maí 1982 með undirritun forseta sameinaðs Alþingis, forseta Hæstaréttar Íslands og þáverandi dómsmálaráðherra í forföllum forsætisráðherra. Samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar nægir meirihluti handhafa forsetavalds til þess að fara með það vald, sem þeim er fengið með ákvæði þessu, og var staðfesting þeirra á lögum nr. 75, 1982 þegar af þeirri ástæðu stjórnskipulega gild.

Samkvæmt játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, og öðru því, sem að framan er rakið, þykir vera sannað, að ákærða hafi gerst sek um brot gegn ákvæðum 1. gr. reglugerðar nr. 6, 1924 og 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, sbr. 1. gr. laga nr. 7, 1953, með því að halda hund á heimili sínu eftir 5. maí 1983 án þess að hafa til þess leyfi.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða ekki sætt kærum eða refsingum, ef frá er talin margnefnd dómsátt frá 5. maí 1983.

Ákærða hefur nú unnið sér til refsingar samkvæmt 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, sbr. 7. gr. laga nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga nr. 75, 1982, og þykir hún eftir atvikum hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 6.500 krónur, sem renni í ríkissjóð. Vararefsing ákveðst varðhald í 8 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Haralds Blöndal hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 4.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Anna Kristjánsdóttir, greiði 6.500 krónur í sekt til ríkis-

sjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hrl., 4.000 krónur.

Fimmtudaginn 24. júní 1984.

Nr. 71/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Gísla Alfreðssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)

Bann við hundahaldi. Staðfesting laga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. apríl 1984. Málinu er áfrýjað að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 30. apríl.

Meðal gagna máls þessa fyrir héraðsdómi var bréf forsætisráðuneytisins til dómara málsins, dagsett 14. júlí 1983. Þar segir m.a. svo:

„1. Friðjón Þórðarson dómsmálaráðherra, gegndi störfum forsætisráðherra 13. maí 1982 sem staðgengill Gunnars Thoroddsens.

2. Lög nr. 75/1982 voru endurstaðfest af forseta Íslands í ríkisráði 14. október 1982."

Lög nr. 75/1982 voru, eins og í héraðsdómi greinir, staðfest 13. maí 1982 með undirritun forseta Alþingis, forseta Hæstaréttar og Friðjóns Þórðarsonar dómsmálaráðherra, sem samkvæmt áðurgreindu bréfi forsætisráðuneytisins gegndi störfum forsætisráðherra. Verður að telja, að lögin hafi þannig verið sett með stjórnskipulegum hætti. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun

til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en greiðslufrest sektar ber að telja frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, en greiðslufrestur sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gísli Alfreðsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 23. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 86/1984: Ákæruvaldið gegn Gísla Alfreðssyni, sem tekið var til dóms 2. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. nóvember 1983, á hendur ákærða, „Gísla Alfreðssyni, þjóðleikhússtjóra, Suðurgötu 35 í Reykjavík, fæddum þar í borg 24. janúar 1933, fyrir að hafa, eftir áfellisdóm sakadóms Reykjavíkur yfir ákærða, sem kveðinn var upp 27. mars 1980 og birtur honum samdægurs, fyrir hundahald í Reykjavík, haldið hund þar áfram, án þess að hafa til þess leyfi.

Telst brot hans varða við 1. gr., sbr. 2. gr. reglugjörðar um hundahald í Reykjavík nr. 61, 1924 og 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930, með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75, 1982.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Með bréfi til lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 8. desember 1982, kærði Leifur Sveinsson, Tjarnargötu 36, Reykjavík, ákærða fyrir hundahald hér í borg. Lögreglan í Reykjavík hafði samband við ákærða út af kæru þessari þann 9. febrúar 1983 og 11. október sama ár. Kom fram í samtali ákærða

við lögreglumann, að hann héldi enn hund þann, sem hann er hér ákærður fyrir að halda, og jafnframt að hann hygðist ekki láta hundinn frá sér. Ákærði var yfirheyrður um málið hjá lögreglunni í Reykjavík 10. nóvember sl. Kvað ákærði hund þann, sem hér um ræðir og nefnist Kátur, vera kominn á tólfta ár og eiga stutt eftir ólifað. Kvaðst ákærði hafa átt hund þennan frá 14. maí 1973 og eiga hann enn.

Við þingfestingu málsins þann 6. desember sl. kvaðst ákærði enn halda hundinn. Ákærði var sakfelldur fyrir að halda sama hund í sakadómi Reykjavíkur með dómi, uppkveðnum 27. mars 1980, og var dómurinn birtur ákærða sama dag.

Niðurstöður.

Af hálfu verjanda ákærða er aðallega krafist sýknu á þeirri forsendu, að hér sé um ástandsbrot að ræða, sem aðeins verði dæmt fyrir einu sinni. Hafi því ákærða verið refsilaust að halda umræddan hund áfram eftir dóm sakadóms Reykjavíkur þann 27. mars 1980.

Til vara krefst verjandinn þess, að ákærða verði ekki gerð refsing í máli þessu, þar sem hér sé um smávægilegt brot að ræða og vegna þess, hversu ákærði sé tilfinningalega háður hundi sínum.

Til þrautarvara er þess krafist, að ákærða verði einungis gerð vægasta refsing, þar sem hér sé um smávægilegt brot að ræða og fyrirhugað sé að endurskoða reglur um hundahald í Reykjavík.

Að lokum er því mótmælt, að dæmt verði eftir lögum nr. 75, 1982. Þau lög hafi ekki verið sett með stjórnskipulegum hætti, þar sem Friðjón Þórðarson hafi undirritað þau í nafni forsætisráðherra án nokkurs umboðs, sem birt hafi verið með á stjórnskipulegan hátt.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. reglugerðar um hundahald í Reykjavík nr. 61, 1924 og 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930, sbr. 1. gr. laga nr. 7, 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, er eðlis síns vegna ástandsbrot. Ákæra í máli þessu tekur einungis til hundahalds ákærða, eftir að honum var birtur dómur sakadóms Reykjavíkur þann 27. mars 1980, þar sem ákærði var sakfelldur fyrir að halda sama hund og hér um ræðir. Það er álit dómsins, að refsidómur eða dómsátt vegna ástandsbrots rjúfi ástandið og að virða beri áframhaldandi ástandsbrot sem nýtt brot. Er þar af leiðandi eigi unnt að verða við aðalkröfu ákærða.

Eigi þykir heldur unnt að taka til greina varakröfu ákærða, sem m.a. er reist á því, að hér sé um smávægilegt brot að ræða.

Um þrautarvarakröfu ákærða er það að segja, að eigi er kunnugt um, að settar hafi verið breyttar reglur um hundahald í Reykjavík.

Lög nr. 75, 1982 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga voru

staðfest 13. maí 1982 með undirritun forseta sameinaðs Alþingis, forseta Hæstaréttar Íslands og þáverandi dómsmálaráðherra í forföllum forsætisráðherra. Samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar nægir meirihluti handhafa forsetavalds til þess að fara með það vald, sem þeim er fengið í hendur með ákvæði þessu, og var staðfesting þeirra á lögum nr. 75, 1982 þegar af þeirri ástæðu stjórnskipulega gild.

Samkvæmt eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um brot gegn ákvæðum 1. gr. reglugerðar nr. 61, 1924 og 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, sbr. 1. gr. laga nr. 7, 1953, með því að halda hund á heimili sínu eftir 27. mars 1980 án þess að hafa til þess leyfi.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði eigi sætt öðrum kærum, sem hér geta skipt máli, en þeirri, sem hann var sakfelldur út af með dómi sakadóms Reykjavíkur þann 27. mars 1980 og áður greinir.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, sbr. 7. gr. laga nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga nr. 75, 1982, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 6.500 krónur, sem renni í ríkissjóð. Vararefsing ákveðst varðhald í 8 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Haralds Blöndal hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 4.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Alfreðsson, greiði 6.500 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 8 daga varðhaldi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hrl., kr. 4.000.

Fimmtudaginn 24. júní 1984.

Nr. 72/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Friðrik Sigurbjörnssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)

Bann við hundahaldi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. apríl 1984. Málinu er áfrýjað að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 30. apríl.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, en greiðslufrest sektar ber að telja frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, en greiðslufrestur sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Friðrik Sigurbjörnsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. mars 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 20. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 142/1984: Ákæruvaldið gegn Friðriki Sigurbjörnssyni, sem tekið var til dóms 8. mars sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 15. febrúar sl., gegn ákærða, Friðriki Sigurbjörnssyni héraðsdómslögmanni, Fáfnisnesi

4, Reykjavík, fæddum þar í borg 2. september 1923, „fyrir að hafa, án leyfis lögreglustjóra, haldið hundtíkur tvær í Reykjavík, aðra í allt að átta ár og hina frá því um mitt árið 1983 og halda dýrin þannig enn.

Telst brot ákærða varða við 1. gr., sbr. 2. gr. reglugjörðar um hundahald í Reykjavík nr. 61, 1924 og 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75, 1982.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Með bréfi, dags. 22. nóvember 1983, sem Oddur R. Hjartarson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkursvæðis, sendi til lögreglustjórans í Reykjavík, var komið á framfæri kvörtun Maríusar Arasonar, Bauganesi 19, Reykjavík, undan hundum í eigu ákærða. Af þessu tilefni var ákærði yfirheyrður hjá lögreglu 9. desember sl., en einnig hefur hann verið yfirheyrður í dómi, fyrst 10. febrúar sl., er honum var boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, og aftur við þingfestingu málsins hinn 8. mars sl. Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann eigi tvær tíkur, aðra 8 ára gamla, sem er blendingur af Golden-etriver og íslenskum og hann nefnir Klaustru, og hina síðan í júlí 1983, sem hann nefnir Kolu og er undan eldri tíkinni. Kvaðst ákærði stunda æðarvarp í Stóru-Tungueyjum á Breiðafirði og rannsóknir undanfarin 8 sumur með styrk frá Menntamálaráði á samspili á milli æðarvarps og svartbaks, en honum væri þetta ókleift, ef hann hefði ekki tíkurnar til þess að bægja frá vargi, aðallega minki.

Ákærði kvaðst hafa átt eldri tíkina frá 1975 og þá yngri frá því í júlí 1983 og hafa haft þær á heimili sínu í Reykjavík u.þ.b. 6 mánuði á hverju ári yfir vetrartímann, en að öðru leyti séu þær með honum í Stóru-Tungueyjum eða á Kiðafelli í Kjós. Hann kvaðst ekki hafa sótt um leyfi til þess að halda þær í Reykjavík né reynt að koma þeim fyrir, þar sem hundahald er leyft. Hann kvaðst leyfa þeim að ganga lausum í Skerjafirði, þegar hann er með þær í Reykjavík.

Niðurstöður.

Telja verður sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi undanfarin átta ár haldið hundtík á heimili sínu í Reykjavík og tvær hundtíkur frá því í júlí 1983 án þess að hafa til þess tilskilið leyfi, en þó verður ekki talið sannað gegn framburði hans, að hann hafi haldið þær þar lengur en í u.þ.b. 6 mánuði á ári að jafnaði. Með framangreindri

háttsemi þykir hann hafa gerst sekur um brot gegn 1. gr. reglugerðar nr. 61, 1924 um hundahald í Reykjavík og 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930, sbr. 1. gr. laga nr. 7, 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt kærum eða refsingum, sem hér skipta máli.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, sbr. 7. gr. laga nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga nr. 75, 1982, og þykir hún hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 6.500 krónur, sem renni í ríkissjóð. Vararefsing ákveðst varðhald í 8 daga.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Sigurbjörnsson, greiði 6.500 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 21. júní 1984.

Nr. 140/1982. **Ákæruvaldið**
(Jónatan Sveinsson saksóknari)
gegn
Jóhannesi Reynissyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða 14. júní 1982. Ágripið barst Hæstarétti 8. febrúar 1984. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði

þyngd. Verjandi krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði lækkuð verulega og hún jafnframt skilorðsbundin, ef til kemur.

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa misfarið með fé það, sem hann er ákærður út af.

Í máli þessu eru ýmis vafaatriði um fjölda þeirra manna, sem áttu rétt á olíustyrk á þeim tíma, er ákærði gegndi starfi sveitarstjóra í Stokkseyrarhreppi, frá 1. júlí 1975 þar til í júníbyrjun 1978. Að vísu liggur fyrir skýrsla um þetta, unnin af þeim Steingrími Jónssyni og Einari Sveinbjörnssyni, er tóku við störfum ákærða á vegum Stokkseyrarhrepps. Skýrsla þessi er hvorki nægilega ræki leg og getur heldur ekki talist unnin af óvilhöllum mönnum, eins og mannaskipti þessi urðu á vegum hreppsins og lýst er í héraðsdómi, og er því ekki fært að byggja á henni í refsimáli á hendur ákærða. Þá verður að telja, að hina tölfræðilegu þætti ákæruefnis þessa hefði átt að rannsaka ítarlega af óvilhöllum mönnum, sérfróðum á sviði tölfræði og endurskoðunar. Þeir sérfræðingar hefðu átt að semja rækilega skýrslu, þar sem fram kæmi ítarlega og í einstökum atriðum, hvernig háttað var mannfjölda í Stokkseyrarhreppi á því tímabili, sem ákæran tekur til. Þar þarf einnig að koma glöggt fram, hve margir fluttust úr hreppnum og hve margir í hann, hve margir fæddust og hve margir létust og hvenær, enda skipta tímamörk höfuðmáli við mat á því, hverjir eigi rétt á olíustyrk samkvæmt þeim reglugerðum, er gilt hafa á starfstíma ákærða sem sveitarstjóra, sbr. 4. gr. reglugerða nr. 174/1974 og nr. 219/1977. Enn fremur þarf í þessari skýrslu að koma fram, hvernig hafi verið háttað fjölda vistmanna á Kumbaravogi og dvalartíma á hverjum ársfjórðungi á þessu tímabili.

Þar sem þess háttar könnun, sem nú hefur verið lýst, hefur ekki farið fram í málinu, teljum við það ekki hafa verið rannsakað með þeim hætti sem nauðsyn ber til, svo að unnt sé að leggja efnisdóm á sakamál þetta. Þar af leiðandi er óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum málalokum verður allur kostnaður sakarinnar lagður á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, er ákveðast 25.000.00 krónur samtals bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000.00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Í máli þessu er ákærða gefið að sök að hafa ársfjórðungslega á tímabilinu 1. júlí 1975 til 1. júní 1978 gefið viðskiptaráðuneytinu upp of háa tölu þeirra íbúa Stokkseyrarhrepps, sem rétt áttu til svonefnds olíustyrks samkvæmt lögum nr. 6/1975, lögum nr. 9/1976 og lögum nr. 13/1977 og með því fengið greitt meira fé en þurfti í raun til að greiða hreppsbúum í olíustyrki á hverju styrktímabili og síðan hagnýtt sér mismuninn í eigin þarfir.

Samkvæmt framangreindum sakargiftum beindist rannsókn lögreglu svo og dómsrannsóknin fyrst og fremst að því að leiða í ljós rétta tölu styrkþega á hverju styrktímabili með því að kanna íbúaskrár hreppsins og bera þær saman við þær tölur, sem ákærði gaf upp til viðskiptaráðuneytis um tölu styrkþega. Sú könnun var þess eðlis, að enga nauðsyn bar til að rannsóknarlögreglumenn eða sakadómari fælu sérstaklega tilkvöddum bókhaldsfróðum mönnum að leysa hana af hendi.

Af því er varðaði meðferð ákærða á því fé, er hann veitti viðtöku úr olíusjóði, er þess að geta, að hann hélt ekkert sérstakt bókhald um greiðslur til einstakra styrkþega. Beindist sá þáttur rannsóknarinnar, sem þetta varðaði, því að því að finna og telja saman kvittanir frá einstökum styrkþegum fyrir mótteknum olíustyrk svo og að kanna sannleiksgildi staðhæfinga ákærða um, að hann hefði innt af hendi greiðslur til einstakra styrkþega án sérstakrar kvittunar þeirra. Verður ekki annað séð en það hafi verið á færi þeirra manna, er fóru með rannsókn málsins að kanna einnig þennan þátt

þess án þess að kveðja sér til aðstoðar menn sérfróða um bókhald eða endurskoðun.

Samkvæmt framansögðu teljum við engin rök hníga til þess að ómerkja hinn áfrýjaða dóm vegna óviðhlítandi rannsóknarhátta, enda ætti ákærði við efnisdóm í málinu að njóta góðs af vafa um sönnun fyrir ákæruatriðum, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974. Þar sem meiri hluti dómenda hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm, eru ekki efni til að við tjáum okkur í dómsatkvæði þessu um sekt eða sýknu ákærða eða um refsiviðurlög, ef því væri að skipta.

Dómur sakadóms Árnessýslu 23. nóvember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 5. nóvember sl., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 4. september 1980, fyrir sakadómi Árnessýslu á hendur Jóhannesi Reynissyni, Austurbrún 29 Reykjavík, fæddum 6. október 1950 í Reykjavík, fyrir að hafa í starfi sínu sem sveitarstjóri Stokkseyrarhrepps á tímabilinu 1. júlí 1975 til 1. júní 1978 svikið út úr ríkissjóði samtals kr. 2.680.100 í formi olíustyrks til hreppsbúa með því að gefa upp ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins ýmist í bréfum eða símtölum, meiri fjölda íbúa hreppsins, sem rétt áttu á olíustyrk úr ríkissjóði en réttmætt var og þannig náð meira fé út úr ríkissjóði en hann þurfti í raun til að greiða hreppsbúum í olíustyrki á hverju styrktímabili og síðan hagnýtt sér mismuninn í eigin þarfir, sem sundurliðast eftir tímabilum með eftirgreindum hætti.:

— — —

Framanlýst atferli ákærða telst aðallega varða við 248. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 1. mgr. 146. gr. og 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

— — —

Rétt þykir þó eftir öllum atvikum að fresta fullnustu 3. mánaða af ofangreindum 6 mánuðum í 3 ár, frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði alm. skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. á m. laun til skipaðs verjanda síns Hilmars Ingimundarsonar, hrl., kr. 12.000 og saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 5.000.

Eigi verða dæmdar skaðabætur, þar sem upplýst er í máli þessu, að í gangi er mál einkaréttarlegs eðlis vegna bótakröfu Stokkseyrarhrepps á hendur ákærða.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Reynisson, fæddur 06.10. 1950, sæti fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu 3 mánaða skal þó frestað í 3 ár frá birtingu dóms, haldi ákærði alm. skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940. Til frádráttar komi sá tími, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 21. júní til 27. júní s.á.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. á m. laun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar, hrl., kr. 12.000 og saksóknaralaun í ríkissjóð kr. 5.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. júní 1984.

Nr. 29/1983. **Erna Árnadóttir Mathiesen og Sigurður Örn Hjálmtýsson**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Einari Matthíassyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Verksamningur. Hjón. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1982, og var málið þingfest 2. apríl 1982. Var málinu síðan frestað nokkrum sinnum, síðast til 7. janúar 1983, en þá féll niður þingsókn af hálfu áfrýjenda. Var málinu þá áfrýjað að nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973, með stefnu 1. febrúar 1983. Með 6. gr. laga nr. 67/1982 var ákvæðum 2. mgr. 13. gr. laga um Hæsta-

rétt Íslands nr. 75/1973, sbr. lög 24/1979, breytt á þann veg, að lágmarksfjárhæð áfrýjunarmáls er nú 7.000.00 krónur í stað 2.000.00 króna áður. Lög þessi öðluðust gildi 1. júlí 1982, þ.e. á meðan málið var fyrir Hæstarétti samkvæmt hinni fyrri áfrýjun. Skýra verður ákvæði 36. gr. laga nr. 75/1973, m.a. með hliðsjón af hinum stutta fresti, sem heimildin er bundin við, svo, að í raun sé um eitt málskot að ræða samkvæmt báðum áfrýjunarstefnunum, enda heimildin sett til þess eins að veita tækifæri til þess að bæta úr mistökum einu sinni. Ná því takmarkanir, sem lögfestar eru eftir að máli hefur verið skotið til Hæstaréttar, ekki til þess máls, þó að nota hafi þurft ákvæði 36. gr. laga nr. 75/1973 til enduráfrýjunar. Máli þessu verður því ekki vísað frá Hæstarétti af þessum sökum.

Áfrýjendur krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að vextir ákveðist 45% ársvextir frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, 37% ársvextir frá þeim degi til 20. október 1983, en 36% ársvextir frá þeim degi til 20. nóvember 1983, 32% ársvextir frá þeim degi til 20. desember 1983, 25% ársvextir frá þeim degi til 20. janúar 1984 og 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Áfrýjandi Sigurður Örn Hjálmtýsson kom í Húsasmiðjuna h/f með kaup einingahúss í huga. Hann ræddi við forstjórann, sem fór með honum til starfsmanns fyrirtækisins, stefnda í máli þessu,og bað hann veita Sigurði Erni fyrirgreiðslu þá, sem lýst er í héraðsdómi.

Niðurstaða héraðsdóms er á því reist, 1) að áfrýjendur hafi þegið þessa þjónustu, sem stefndi innti af hendi, 2) að þeim hafi mátt vera ljóst, að þessa þjónustu þyrfti að greiða, nema um annað væri sérstaklega samið, og 3) að upplýst sé, að stefndi hafi ekki unnið þetta fyrir Húsasmiðjuna h/f og starfið hafi verið fyrirtækinu óviðkomandi. Á þessa niðurstöðu verður ekki fallist. Áfrýjendur þágu þá þjónustu, sem um er fjallað í málinu og stefndi innti af hendi, en ósannað er, að nokkurt samningssamband hafi komist á með stefnda og áfrýjendum, enda einnig ósannað, að þeir hafi haft

ástæðu til þess að ætla, að þessi starfsmaður Húsasmiðjunnar h/f væri að sinna einkaviðskiptum í starfsstofu fyrirtækisins, er forstjóri þess fól honum að sinna ákveðnum þörfum væntanlegs viðskiptamanns, en sú fyrirgreiðsla var eðlilegur þáttur í starfsemi fyrirtækisins. Skiptir því ekki máli fyrir niðurstöðu þessa máls, hvort umfang starfsins hafi verið innan marka þeirrar fyrirgreiðslu, sem fyrirtækið veitir viðskiptamönnum sínum og væntanlegum viðskiptamönnum ókeypis eða svo mikið, að því fylgdi sérstök greiðsluskylda.

Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda í málinu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjendum óskipt samtals 15.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Sigurður Örn Hjálmtýsson og Erna Árnadóttir Mathiesen, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda.

Stefndi, Einar Matthíasson, greiði áfrýjendum óskipt samtals 15.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Ármanns Snævarr hæstaréttardómara.

Leggja verður til grundvallar dómi í máli þessu, að áfrýjendur hafi í sameiningu óskað eftir teiknivinnu þeirri, er í málinu greinir, vegna fyrirhugaðs íbúðarhúss þeirra hjóna, hjá stefnda. Eins og vinnu þessari var háttað, var þeim eigi rétt að byggja á, að stefndi leysti hana af hendi án endurgjalds né gagngert vegna vinnuskyldna sinna í þágu Húsasmiðjunnar h/f. Að þessu aðgættu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er varðar höfuðstól og svo vexti fram til 1. nóvember 1982, en um vexti upp frá því fer svo sem segir í dómsorði.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda 9.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um dæmda fjárhæð og svo vexti fram til 1. nóvember 1982, en frá þeim degi greiði áfrýjendur stefnda óskipt fjárhæðina með 45% ársvöxtum til 21. september 1983, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefnda óskipt 9.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 21. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 28. október 1980, af Einari Matthíassyni byggingafræðingi, Reynimel 20, Reykjavík, gegn Ernu Mathiesen og Sigurði Erni Hjálmtýssyni, báðum til heimilis að Víðimel 62, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði in solidum skuld að fjárhæð kr. 6.341.- með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 19. febrúar 1980 til 1. júní s.á., en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 28. febrúar 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 37% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, kr. 7.449.18.

Stefndu krefjast algjörrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og ríflegs málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Ítarlegar sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Málavextir.

Stefndu leituðu til Húsasmiðjunnar h.f., hér í borg, þar sem þau hugðust reisa einingahús frá þeim á lóðinni nr. 98 við Ásbúð í Garðabæ, sem þau áttu von á að fá úthlutað til sín, sumarið 1979. Þau hjónin þekktu persónulega Snorra Halldórsson forstjóra og snéru sér til hans og ræddu mál sín við hann. Stefnandi starfaði þá á teiknistofu Húsasmiðjunnar h.f. og hafði m.a. teiknað stöðluð hús úr einingum smiðjunnar. Snorri vísaði stefndu

í teiknistofu fyrirtækisins, þar sem staðlaðar teikningar voru, og benti þeim á að ræða við stefndanda, sem þar var fyrir. Þar fengu stefndu leiðbeiningar og bæklinga með teikningum, og stefnandi og stefndi Sigurður ákváðu að hittast á viðkomandi lóð og skoða hana. Lóðin var þannig, að heppilegt var að hafa kjallara undir húsinu, en hinar stöðluðu teikningar gerðu ekki ráð fyrir því, og þurfti þar viðbótarteikning til að koma. Stefnandi teiknaði tillögur að væntanlegu húsi stefndu, áður en endanleg teikning lá fyrir. Stefndu fengu þó ekki lóð þessa, en vonuðust eftir að fá aðra lóð og töldu, að það yrði fljótlega. Stefnandi beið með kröfu sína um þóknun fyrir teikningarnar, þar til verkinu yrði endanlega lokið, en heyrði ekkert frá stefndu og sendi þá reikning með bréfi, dags. 19. febrúar 1980, þar sem segir:

„Hr. Sigurður Hjálmtýsson
Víðimel 62, 107 R.

Þar sem ekkert samband hefur verið haft við undirritaðan um áframhaldandi vinnu við hönnun á einbýlishúsi á lóð nr. 98 við Ásbúð, Garðabæ, fyrir yður verð ég að líta svo á að verkinu sé lokið hvað undirritaðan varðar og fer þess því vinsamlega á leit við yður að þér gerið upp og greiðið þá vinnu og útlagðan kostnað er lagður hefur verið út af undirrituðum.

Samkvæmt Gjaldskrá Byggingafræðingafélags Íslands og útreikningum Hagstofu mun hönnunarkostnaður vera:

Stærð húss: íbúð á hæð	163.1 m² brúttó	og 510.5 m³ brúttó
íbúð í kjallara	71.6 m² brúttó	og 171.8 m³ brúttó
bílageymsla	48.7 m² brúttó	og 116.9 m³ brúttó

Hús flokkast undir verðflokk 6 en bílgeymsla undir fl. 3. samkv. gjaldskrá.

Vísitölukostnaður pr. m³ í júlí 1979 fyrir íbúð kr. 73.000.- og fyrir bílgeymslu kr. 36.500.-.

Útreikningur á þóknun: Fjöldi rúmmetra x (vísitölukostn. x margfeldi verðfl.) x vandastuðull.

Íbúð, 510.5 x (73000.-x 1.15) x 2.85/100	1.221.409.-
Íbúð, 171.8 x (73000.- x 1.15) x 3.72/100	536.521.-
bílg., 116.9 x (36500.- x 0.75) x 1.68/100	53.762.-
	1.811.692.-

Þar eð aðeins byggingarnefndarteikning hefur verið útfærð að fullu eru gjaldfallnar 35% af þóknun eða sem svarar kr. 634.092.-. Ef greitt verður

fyrir 5. mars 1980, verður gefinn 20% afsláttur að öðrum kosti sé ég mig tilneyddan til að afhenda reikninginn til innheimtu hjá lögmanni.

Virðingarfyllst
Einar Matthíasson"

Lögmaður stefnanda skrifaði stefndu kröfubréf, dags. 14. mars 1980, og var mál þetta síðan höfðað, þar sem stefndu sinntu bréfunum í engu.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að stefndu hafi beðið hann um þjónustu við teikningar að væntanlegu húsi, þar sem ekki hafi verið unnt að vinna starfið af hálfu teiknistofu Húsasmiðjunnar h.f. vegna anna, sem þar voru á þessum tíma. Stefnandi hafi unnið fyrir stefndu, eins og óskað var, á eigin vegum, og það hafi stefndu verið ljóst. Hann hafi gert margar tillögur, áður en þau urðu ánægð, en þau hafi í mörgu haft séróskir, sem stefnandi hafi þurft að uppfylla. Vinna stefnanda hafi í engu verið á vegum Húsasmiðjunnar h.f., heldur unnin heima hjá honum. Hann hafi óskað eftir greiðslu að loknu verki, en stefndu hafi óskað eftir greiðslufresti, sem hafi verið veittur. Talað hafi verið um, að þau myndu greiða þóknunina, þegar þau fengju aðra lóð, og rætt hafi verið um ákveðna fjárhæð, sem stefndi Sigurður hafi sætt sig við að öllu leyti. Stefnandi byggi reikninginn á taxta Byggingafræðingafélags Íslands og hafi stefndu í engu sýnt fram á, að hann sé ósanngjarn, og beri því að greiða hann. Fullyrðingu stefndu um, að þjónusta stefnanda hafi átt að vera ókeypis, sé algjörlega mótmælt, enda alfarið ósönnuð af þeirra hálfu.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum í fyrsta lagi, að stefnda Erna sé enginn aðili að málinu, hafi á engan hátt nálægt því komið, og beri því að sýkna hana vegna aðildarskorts hennar. Í öðru lagi beri að sýkna þau bæði vegna aðildarskorts stefnanda að slíkri kröfu, sem þó sé engin til. Stefnandi hafi ekki innt af hendi neitt starf fyrir stefndu, heldur einungis fyrir vinnuveitanda sinn, Húsasmiðjuna h.f. Sú vinna hafi verið ókeypis þjónusta að öðru leyti en því, sem hún kynni að vera hluti af andvirði húss þess, sem samningar tækjust um að keypt yrði af fyrirtækinu. Þetta sé ljóslega komið fram í málinu. Stefndu hafi aldrei komið til hugar að láta gera sérstaka teikningu af einbýlishúsi fyrir sig og þaðan af síður áður en þau hefðu fengið úthlutað lóð. Þau hafi hugsað sér einingahús frá Húsasmiðjunni h.f., þekkt Snorra Halldórsson persónulega, farið á fund hans og rætt við hann. Snorri hafi tjáð þeim, að fyrirtækið hefði teiknistofu, staðlaðar teikningar og starfsmann á staðnum, sem aðstoðaði við að ákveða nánari gerð og útlit hússins og breytingar á teikningu, ef með þyrfti, og væri þetta ókeypis þjónusta, hluti af kaupverði hússins, ef samningar tækjust. Snorri hafi vísað stefndu til starfsmanns síns, sem reynst hafi vera stefnandi þess máls, sem hafi síðan komið með teikningu eftir að hafa skoð-

að lóðina og rætt við stefnda Sigurð Örn. Stefndu hafi því hvorki óskað eftir starfi stefnanda né beðið hann, heldur hafi Snorri Halldórsson falið starfsmanni sínum verkið. Aldrei hafi komið fram, að stefnandi ynni verkið sjálfstætt og að hann ætti að fá sérstaklega greitt fyrir það, og stefndu hafi á engan hátt mátt vera slíkt ljóst. Til öryggis mótmæli stefndu fjárhæð kröfunnar sem allt of hárri og ósanngjarnri. Stefnandi reikni sér þóknun samkvæmt 6. verðflokki „einbýlishúsa" í gjaldskrá, þegar húsið sé með tveimur íbúðum að hans eigin sögn og þar með „fjölbýlishús" og falli þar af leiðandi undir verðflokk 3 eða 4 í gjaldskrá.

Niðurstaða.

Upplýst er í máli þessu, að stefndu hafi í sameiningu þegið þjónustu stefnanda við teiknivinnu, sem var svo miklu meiri en einfaldar breytingar á stöðluðum teikningum, að þeim mátti vera ljóst, að fyrir þessa þjónustu þyrfti að greiða, nema um annað væri sérstaklega samið. Upplýst er, að stefnandi hafi ekki unnið þetta starf sitt fyrir Húsasmiðjuna h.f. og að starfið hafi verið fyrirtækinu óviðkomandi. Stefnandi hefur gert reikning á hendur stefndu fyrir þjónustu sína, byggðan á gjaldskrá félags síns, Byggingafræðingafélags Íslands. Telja verður ósannað af stefndu hálfu, að þeim hafi verið lofað, að þessi þjónusta stefnanda væri ókeypis og að þau hafi mátt telja, að stefnandi ynni starf sitt alfarið á vegum Húsasmiðjunnar h.f. Stefnandi mátti því snúa sér að stefndu sameiginlega með kröfu sína, enda er ekki sýnt fram á, að aðild stefndu Ernu hafi verið svo lítil í málinu, að um aðildarskort sé að ræða. Samkvæmt meginreglu 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922 ber stefndu að sýna fram á, að endurgjald þetta sé ósanngjarnt, en það hafa þau ekki gert. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina, en vextir ákveðast ársvextir frá 19. febrúar 1980. Einnig ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.300.-.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Örn Hjálmtýsson og Erna Mathiesen, greiði in solidum stefnanda, Einari Matthíassyni, kr. 6.341.- með 42.5% ársvöxtum frá 19. febrúar 1980 til 1. júní s.á., 46% frá þeim degi til 28. febrúar 1981. 42% frá þeim degi til 1. júní s.á. og 37% frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3.300.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. júní 1984

Nr. 59/1982. **Gunnar Jónsson og Elísa Wíum**
(Hjalti Steinþórsson hdl.)
gegn
Akra h/f
og gagnsök
(Svala Thorlacius hdl.)

Fasteign. Umferðarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 9. mars 1982. Þau krefjast sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 25. mars 1982. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal vottorð frá Fasteignamati ríkisins varðandi húseignirnar á Reykjavíkurvegi 68 og Trönuhrauni 7.

Við flutning máls þessa fyrir Hæstarétti upplýstu lögmenn aðilja eftirfarandi:

Umferð um Trönuhraun í Hafnarfirði hófst fyrir árið 1966. Eldri hluti núverandi bygginga á Trönuhrauni 7, áður bakhús á Reykjavíkurvegi 68, var fullgerður 31. desember 1966. Yngri hluti núverandi bygginga á Trönuhrauni 7 var fullgerður 31. desember 1971. Starfsemi í því húsi mun hafa hafist í janúar 1972, og var eftir það rekin trésmiðja í báðum húsunum samtímis. Samkvæmt fasteignamati er húseignin Trönuhraun 7 tveir matshlutar. Annars vegar er hús það, sem fullgert var 1966 og áður er greint, 713 m^3 að stærð og stendur á þeim hluta lóðarinnar, sem síðar var sameinaður lóðinni nr. 7 við Trönuhraun. Hins vegar er hús það, sem fullgert var 1971 og er 2296 m^3 að stærð. Milli húsanna er steinveggur og á

honum op ca. 2×2 m við norðurgafl hússins, en auk þess eru húsin tengd að sunnan með tengibyggingu úr járnvörðu timbri, og tengist þannig saman op á suðurgafli eldra hússins ca 3.5 m á breidd og 2.5 m á hæð og op á vesturhlið nýrra hússins ca 3 m á breidd og 2.5 m á hæð.

Á vesturhlið eldra hússins eru tvennar dyr, innakstursdyr í kjallara og inngangur á skrifstofu á hæð.

Af hálfu gagnáfrýjanda var lýst yfir því, að kröfugerð hans tæki til umferðar að vesturhlið hússins.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, afsalaði Björn Ólafsson aðaláfrýjendum húsi og nánar tilteknum hluta af leigulóð sinni nr. 68 við Reykjavíkurveg með afsali 27. desember 1973. Var þessi hluti lóðarinnar 798 m² að stærð, og áskildi Björn sér umferðarrétt um norðanverða lóðina að „trésmíðaverkstæði á baklóðinni". Verður að telja, að gagnáfrýjanda hafi verið heimilt að beina málsókn sinni að aðaláfrýjendum einum, þar sem umferðarkvöðin snertir ekki aðra rétthafa lóðarinnar nr 68 við Reykjavíkurveg en þá.

Fyrir Hæstarétti var fallið frá þeirri málsástæðu, að umferðarrétturinn væri bundinn við Björn Ólafsson persónulega.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að umferðarrétturinn hafi ekki verið bundinn við starfrækslu trésmíðaverkstæðis í húsinu á baklóðinni. Hann hefur ekki fallið niður, þótt önnur starfsemi fari nú fram í húsinu og þótt sá hluti lóðarinnar nr. 68 við Reykjavíkurveg, sem húsið stendur á, sé nú orðinn hluti lóðarinnar nr. 7 við Trönuhraun.

Húseignin nr. 7 við Trönuhraun er, eins og fyrr segir metin sem tvö hús í fasteignamati. Annars vegar hús það, sem fullgert var 1966 sem bakhús á Reykjavíkurvegi 68, og hins vegar hús það, sem byggt var á lóð þeirri, sem upphaflega var nr. 7 við Trönuhraun. Þegar það hús var byggt, var fyrir nokkru hafin umferð um þá götu, eftir því sem upplýst er. Þykir rétt að skýra ákvæðið um umferðarrétt í afsalinu frá 27. desember 1973 þannig, að þar sé aðeins átt við húsið, sem fyrr var reist, og takmarka umferðarrétt þann, sem áskilinn var, við umferð að og frá því húsi vegna notkunar þess og starfsemi þeirrar, sem þar fer fram.

Samkvæmt því sem nú er sagt, ber að viðurkenna umferðarrétt gagnáfrýjanda um lóðina nr. 68 við Reykjavíkurveg að og frá

vesturhlið bakhússins, sem fullgert var 1966, á þeim hluta lóðarinnar, sem nú er hluti lóðarinnar nr. 7 við Trönuhraun. Takmarkast umferðarrétturinn við starfsemi þá, sem fram fer í nefndu húsi og notkun þess. Umferðarrétturinn nær til umferðar yfir norðanverða lóðina og svæðið milli Reykjavíkurvegar 68 og Trönuhrauns 7, svo sem það er sýnt á uppdrætti með afsali auðkenndu Litra J8 nr. 462 í þinglýsingarbók. Í framangreindum umferðarrétti felst réttur til umferðar með bifreiðar og önnur ökutæki svo og staða þeirra, meðan þau eru fermd og affermd.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Framangreindur umferðarréttur gagnáfrýjanda, Akra h/f, er viðurkenndur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur áreiðar- og vettvangsdómur Hafnarfjarðar 10. desember 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 17. f.m., hefur Akra h.f., Trönuhrauni 7, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 14. maí sl., gegn Gunnari Jónssyni og Elísu Wium, báðum til heimilis að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru:

A. Að viðurkennt verði með dómi:
   I. Umferðarréttur um heimkeyrslu á norðanverðri lóðinni nr. 68 við Reykjavíkurveg, Hafnarfirði, að iðnaðarhúsi (trésmíðaverkstæði) nr. 7 við Trönuhraun, Hafnarfirði.
   II. Umferðarréttur um svæðið milli húsanna Reykjavíkurvegar 68, Hafnarfirði, og Trönuhrauns 7, Hafnarfirði.

B. Að viðurkennt verði með dómi, að í framangreindri umferðarkvöð felist umferð með bifreiðir og önnur ökutæki og staða þeirra, meðan þau eru ferm og affermd.

C. Að stefndu verði dæmd til greiðslu málskostnaðar skv. taxta L.M.F.Í.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

II.

Með lóðarleigusamningi, dags. 15. mars 1960, fékk Björn Ólafsson, byggingameistari í Hafnarfirði, leigða á erfðafestu lóðina nr. 68 við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði, rétthyrndan ferhyring, 50 m á kant. Reykjavíkurvegur liggur frá suðri til norðurs, og er lóðin við götuna austanverða, götuhlið eða framhlið húss á þessari lóð er vesturhlið.

Á norðanverðri lóðinni reisti Björn 3ja hæða hús, 150 m² að grunnfleti, verslunar- og iðnaðarhúsnæði á neðri hæðum, en íbúð á efstu hæð. Þetta hús seldi hann stefndu, Gunnari og Elísu, með kaupsamningi, dags. 29. maí 1973, og afsali, dags. 27. desember saman ár. Í nefndum skjölum segir, að húsið sé selt „ásamt leigulóð 21 × 38 m að stærð."

Áður en þessi sala til stefndu fór fram, þ.e. á árunum 1964 og 1965, hafði Björn byggt iðnaðarhúsnæði á þeim hluta lóðarinnar, sem fjær er Reykjavíkurvegi, þ.e. austurhluta hennar. Rak hann þar trésmíðaverkstæði. Við söluna áskildi Björn sér umferðarrétt að trésmíðaverkstæðinu. Er þetta orðað svo í kaupsamningnum til stefndu frá 29. maí 1973: „Seljandi hefur umferðarrétt um norðanverða lóðina að trésmíðaverkstæði á baklóðinn, sjá meðfylgjandi teikningu af lóð." Í afsalinu til stefndu frá 27. desember 1973 er þetta ákvæði endurtekið með svofelldu: „ Seljandi og þeir sem í hans stað koma hafa umferðarrétt um norðanverða lóðina að trésmíðaverkstæði á baklóðinni, sjá meðfylgjandi teikningu." Sama teikningin fylgir báðum skjölunum. Þar er auðkennd spilda, sem óumdeilt er, að er um 5 metra breið meðfram öllum norðurmörkum hins selda lóðarhluta (38 m). Ekki aðeins sú spilda er auðkennd, heldur einnig allur sá hluti hins selda lóðarhluta, sem er bakvið (austanvið) hið selda hús. Sú tilvísun til auðkenningarinnar, sem skráð er á teikninguna, hljóðar svo: „Umferðarréttur fyrir trésmíðaverkstæði."

III.

Gatan Trönuhraun liggur samsíða Reykjavíkurvegi og er næsta gata austan við Reykjavíkurveg. Lóðin Trönuhraun 7 liggur austan við lóðina Reykjavíkurveg 68, og liggja lóðirnar saman. Björn Ólafsson hafði fengið sér úthlutaða lóðina Trönuhraun 7, að því er virðist árið 1966. Árið 1970 hafði bæjarstjórn samþykkt að beiðni hans að lóðirnar Trönuhraun 7 og Reykjavíkurvegur 68 yrðu sameinaðar og hinn 19.3. 1971 hafði byggingarnefnd heimilað honum að byggja á lóðinni, sem upphaflega var Trönuhraun 7, iðnaðarhúsnæði áfast við bakhúsið á Reykjavíkurvegi 68. Var það reist árið 1971. Við þessa sameiningu var lóðin Reykjavíkurvegur 68, sem upphaflega var 2500 m² orðin 4500 m². Þar af keyptu stefndu í máli þessu, sem fyrr segir, lóðarréttindi að 38 × 21 m = 798 m², eða að 17.73% af heildarlóðinni, svo sem segir í afsalinu til þeirra frá 1973.

Hinn 26. janúar 1977 sækir Björn Ólafsson um það, að þeim hluta hinnar sameinuðu lóðar að Reykjavíkurvegi 68, sem upphaflega tilheyrði Trönuhrauni 7, verði aftur breytt í Trönuhraun 7. Umsókninni fylgdi uppdráttur, þar sem hin nýja lóð Trönuhraun 7 er afmörkuð. Sýnir uppdrátturinn, að í umsókninni felst, að til lóðarinnar Trönuhraun 7 falli, auk hinnar upphaflegu lóðar Trönuhrauns 7, hluti af upphaflegu lóðinni Reykjavíkurvegur 68, þ.e. spilda undir og umhverfis áðurnefnt bakhús (trésmíðaverkstæði), 12×25 m að stærð. Stefndi Gunnar Jónsson áritaði um samþykki sitt þessa umsókn Björns um skiptingu lóðarinnar.

Með kaupsamningi, dagsettum í maí 1977, selur Björn Ólafsson stefnanda, Akra h.f. (sem þá og fram til 18.12. 1979 hét Smjörlíkisgerð Akureyrar h.f.) þann hluta fasteignar að Reykjavíkurvegi 68, sem hann hafði sótt um, að yrði Trönuhraun 7 ásamt lóðarréttindum, þ.e. 25×12 m² úr upphaflegu lóðinni Reykjavíkurvegi 68, bakhúsið, og alla lóðina, sem upphaflega var Trönuhraun 7, nýbyggingu áfasta bakhúsi. Í þessum kaupsamningi, heimildarskjali stefnanda í máli þessu, segir m.a.: „Enn fremur fylgir aðgangur um ca. 5 metra breiða spildu frá Reykjavíkurvegi að húsinu nr. 7 við Trönuhraun." Jafnframt er í kaupsamningnum sagt, að hin selda fasteign sé seld með öllu „er henni fylgir og fylgja ber."

Hinn 12. janúar 1978 samþykkti bæjarráð umsókn Björns frá 21.7. 1977 um skiptingu á lóðinni. Á grundvelli þessarar samþykktar var hinn 24. janúar 1978 gefinn út lóðarleigusamningur fyrir Trönuhrauni 7, Birni Ólafssyni til handa, og er lýsing hinnar leigðu lóðar í samræmi við uppdrátt þann, er fylgdi umsókn Björns frá 26. janúar 1977.

Hinn 7 febrúar 1978 gaf svo Björn út afsal til stefnanda fyrir hinni seldu eign, Trönuhrauni 7, „ásamt öllu er fylgir og fylgja ber, að engu undanskildu, þar með tilheyrandi leigulóðarréttindum", eins og segir í afsalinu.

IV.

Stefndu halda því fram, að til þessa að fella umræddа kvöð á lóð þeirra hefði þurft samþykki byggingaryfirvalda. Þess samþykkis hafi aldrei verið leitað. Þar til það samþykki liggi fyrir, hafi kvöðin ekki löglega stofnast. Þessu til stuðnings vísa stefndu til byggingarsamþykktar fyrir Hafnarfjörð skv. 5. gr. l. nr. 19/1905 og rgj. nr. 23/1967 og rgj. nr. 86/1967, en í grein 1.5.6. í byggingarsamþykktinni segir: „Á uppdrætti skal gera grein fyrir öllum þeim kvöðum, sem máli geta skipti í sambandi við byggingu þá, sem leyfisbeiðni fjallar um." Telja stefndu, að í þessu ákvæði svo og fleiri ákvæðum greindrar byggingarsamþykktar komi fram sama efnisregla og í núgildandi byggingarreglugerð nr. 292/1979, sbr. l. nr. 54/1978, en þar sé hún enn skýrar orðuð í grein 5.1.4.: „Óheimilt er að breyta notkun

lóðar frá því, sem upphaflega var áætlað, nema með samþykki byggingarnefndar."

Stefnandi mótmælir því alfarið, að á þessu sviði sé samningafrelsinu svo þröngur stakkur sniðinn sem stefndu halda fram. Bendir stefnandi t.d. á, að umferðarréttarkvöð geti skapast fyrir hefð og þá því fremur með samningi og vísar til dómvenju í því efni.

Til vara heldur stefnandi því fram, að byggingaryfirvöld hafi í raun og samþykkt, eða a.m.k. vitað um og þolað, að umrædd umferðarréttarkvöð væri lögð á. Hefur stefnandi því til stuðnings lagt fram byggingarnefndarteikningu af I. áfanga af húsi, er reist var á þeim hluta lóðarinnar að Reykjavíkurvegi 68, er hvorugur aðilja að máli þessu keypti (Björn Ólafsson seldi Kristjánssonum h.f. réttindi sína yfir suðurhluta upphaflegu lóðrinnar Reykjavíkurvegi 68, 1402 m², með afsali, dags. 6.12. 1979), en þar er spilda norðan húss stefndu auðkennd með orðunum: „Kvöð um umferð að bakhúsi." Þessi uppdráttur er áritaður um samþykki byggingarnefndar hinn 4.8. 1976.

Stefndu halda því fram, að í þessari áritun felist ekkert samþykki við kvöð á lóð stefndu, byggingarnefnd hafi þarna ekki verið að fjalla um notkun á lóðarhluta stefndu, heldur að samþykkja nýbyggingu í suðurhluta lóðarinnar Reykjavíkurvegur 68, þ.e. að reist yrði nýtt hús sunnan við hús stefndu, kvöð norðan við hús stefndu hafi verið því máli algerlega óviðkomandi. Til vara benda stefndu á rök þau, er rakin verða í kafla V, lið 2, meðan lóðin var óskipt hafi byggingaryfirvöld haft ástæðu til að láta kvöðina viðgangast skv. grein 2.5.1. í byggingarsamþykkt, en með skiptingu lóðarinnar sé sú ástæða fallin niður.

Hliðstæðar röksemdir hafa stefndu uppi að því er snertir afsalið til stefndu frá 27. desember 1973, þar sem kvöðin er skýrlega greind, svo sem áður er til vitnað, en lóðarskrárritari áritaði afsalið um, að forkaupsrétti væri hafnað sama dag og það var gefið út.

V.

Stefndu halda því, sem fyrr segir fram, að þó svo að talið yrði, að kvöðin hafi stofnast þá, sé hún nú niður fallin, og bera fyrir sig þær ástæður er nú skulu greindar:

1. Að umferðarréttarkvöðin hafi verið bundin við tiltekna starfsemi, trésmíðaverkstæði, sbr. orðalag kaupsamnings og afsals, sem orðrétt er vitnað til í kafla II hér að framan. Það sé allt annar hlutur að heimila umferð fyrir trésmíðaverkstæði heldur en t.d. fyrir aðra óþrifalegri eða hávaðasamari starfsemi. Almenn umferðarréttarkvöð hefði haft þá áhættu í för með sér, að stofnað kynni að verða til slíkrar hávaðasamrar hættu-

legrar eða óþrifalegrar starfsemi í bakhúsinu, er tímar liðu. Það hafi því augljóslega verið forsenda af hálfu stefndu fyrir samningi um kvöðina, að hún væri bundin við tiltekna starfsemi. trésmíðaverkstæði. Við þetta hafi viðsemjandi þeirra ekkert haft að athuga. Orðalag kaupsamnings og afsals og áritun á teikningu, er þessum skjölum fylgdi, séu í samræmi við þetta, umferðarrétturinn sé berum orðum takmarkaður við trésmíðaverkstæði. Nú sé ekki lengur rekið trésmíðaverkstæði í bakhúsinu, heldur smjörlíkisgerð. Umferðarrétturinn sé því niður fallinn.

Stefndi heldur því fram, að „trésmíðaverkstæði" sé auðkenning á húsi.

2. Stefndu halda því fram, að ákvæðið um umferðarrétt hafi verið sett inní kaupsamning stefnu til þess að fullnægja skyldu skv. byggingarsamþykkt. Þegar sú skylda var ekki lengur fyrir hendi, hafi kvöðin verið felld niður. Þetta skýra stefndu svo í greinargerð:

„Þegar umferðarréttur sá er stefndi telur sig eiga var stofnaður stóð trésmíðaverkstæði þar er um getur í kaupsamningnum á dskj. nr. 10 á lóðinni nr. 68 við Reykjavíkurveg, enda var lóð sú er nú er nr. 7 við Trönuhraun þá hluti lóðarinnar að Reykjavíkurvegi 68 sbr. dskj. nr. 4. Því leiddi af byggingarsamþykkt að aðgangur varð að vera að bakhúsi þessu um lóðina Reykjavíkurvegur 68 sbr. byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði frá 1967 gr.2.5.I. Með lóðarsamningi ds. 27.1.1978, dskj. 6, var lóðin Trönuhraun 7 skilin frá lóðinni að Reykjavíkurvegi 68 og gerð að sjálfstæðri lóð og lenti þá umrætt trésmíðaverkstæði inn á lóðinni Trönuhrauni 7 og er því ekki lengur á baklóðinni að Reykjavíkurvegi 68, sbr. dskj. nr. 7. Stefnandi er lóðarsamningshafi um lóðina nr. 7 við Trönuhraun og verður að skapa sér aðkomu að umræddu húsi um þá lóð.

Í lóðarsamningi um Trönuhraun 7 er hvergi getið um umferðarrétt að þeirri lóð um lóð umbj. míns, né heldur í afsali stefnanda fyrir Trönuhraun 7." (Kaupsamningi og afsali til stefnanda var lýst í niðurlagi kafla III hér að framan).

3. Þá benda stefndu á, að stefnandi eigi nú greiðan aðgang frá Trönuhrauni að húsi því, sem bakhúsið er nú hluti af. Hann eigi raunar einnig aðgang að suðurenda bakhússins sjálfs samkvæmt sérstökum samningi frá 12. nóvember 1976 milli eigenda Trönuhrauns 5 og Trönuhrauns 7 og Reykjavíkurvegar 66 og suðurhluta lóðar Reykjavíkurvegar 68. Umferðarréttur sá, sem krafist er viðurkenningar á í máli þessu hafi því ekki verið stefnanda lengur nauðsynlegur, eftir að aðkoma skapaðist frá Trönuhrauni, og það sé skýringin á, að hann hafi verið felldur niður og að hans er ekki getið í afsali til stefnanda frá 7. febrúar 1978 eða lóðarleigusamningi fyrir Trönuhrauni 7 frá 27. janúar 1978 né í óundirrituðu uppkasti að lóðarleigusamningi fyrir Reykjavíkurvegi 68 með sömu dagsetningu (því uppkasti verður nánar lýst).

VI.

Sem fyrr segir (í niðurlagi kafla II) er hins umdeilda umferðarréttar ekki sérstaklega getið í afsali til stefnanda frá 7. febrúar 1978, þótt honum sé lýst í kaupsamningnum frá ágúst 1977. Þegar Björn Ólafsson kom fyrir dóminn, gaf hann efnislega þá skýringu, að þetta hefði gerst fyrir óaðgætni við gerð afsalsins og aðiljar hefðu ekki veitt þessu eftirtekt, umferðarréttinn taldi hann hafa fylgt við söluna og engin takmörkun eða skerðing á honum hefði þá verið gerð.

Fram hefur verið lögð í málinu yfirlýsing Björns, dags. 20. desember 1979, sem þinglýst var á Trönuhraun 7 hinn 11.1. 1980, að því er virðist til skýringar og fyllingar á afsalinu frá 7. febrúar 1978, en í yfirlýsingunni segir m.a.: „Vakin er athygli á umferðarrétti að lóðinni, sbr. afsal til Gunnars Jónssonar og Elísu Wium dags. 27. des. 1973."

Áður en Björn gaf þessa yfirlýsingu, en eftir að afsali til stefnanda hafði verið þinglýst, höfðu stefndu sjálf gefið út og þinglýst á sína eign svohljóðandi yfirlýsingu, dagsettri 27. febrúar 1978:

„Með kaupsamningi dags. 29. maí 1973 seldi Björn Ólafsson, Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði, okkur undirrituðum, Gunnari Jónssyni og Elísu Wium, Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði, húseignina Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði, ásamt tilheyrandi leigulóð. Skv. ákvæði í kaupsamningnum skyldi seljandi hafa umferðarétt um norðanverða lóðina og að trésmíðaverkstæði á baklóðinni skv. meðfylgjandi teikningu með kaupsamningnum. Með afsali dags. 27. desember 1973 var kvöð um umferðarrétt um norðanverða lóðina að trésmíðaverkstæði á baklóðinni ítrekuð.

Við undirritun lýsum því hér með yfir, að kvöð um umferðarétt um norðanverða lóðina gildir aðeins gagnvart trésmíðaverkstæði á baklóðinni en er óheimil vegna allrar annarar starfsemi. Jafnframt teljum við að umferðarréttur þessi taki aðeins til þáverandi seljanda Björns Ólafssonar.

Þessu til staðfestu ritum við nöfn okkar hér undir í viðurvist tveggja vitundarvotta."

VII.

Eins og áður er fram komið, var gamli lóðarleigusamningurinn frá 1960 eini lóðarleigusamningurinn, sem út var gefinn fram til 27. janúar 1978. Þannig var ekki gefinn út lóðarleigusamningur Birni til handa fyrir upphaflegu lóðinni Trönuhrauni 7 og ekki viðbótarleigusamningur fyrir Reykjavíkurvegi 68, þegar sú lóð var stækkuð. Það er fyrst á grundvelli samþykktar bæjarstjórnar um skiptingu lóðanna að nýju, sem lóðarleigusamningur fyrir Trönuhrauni 7 er gerður hinn 27. janúar 1978. Í þeim samningi er hins umdeilda umferðarréttar ekki getið. Stefnandi hefur bent á, að það eru kvaðir á viðkomandi lóð, sem getið er í lóðarleigusamningnum. Enga

nauðsyn beri til að geta um kvaðir á öðrum lóðum, þótt þær kunni að vera til hagsbóta fyrir leigutaka þeirrar lóðar, sem viðkomandi lóðarleigusamningur fjallar um. Hin umdeilda kvöð í máli þessu hvíli ekki lóðinni Trönuhraun 7. Því sé þess ekki að vænta, að um hana sé fjallað í leigusamningi um þá lóð.

Nýr lóðarleigusamningur hefur ekki verið gefinn út fyrir lóðinni Reykjavíkurvegur 68, svo sem þó var fyrir mælt í samþykkt bæjarráðs um skiptingu lóðarinnar hinn 12. janúar 1978. Í máli þessu hefur verið lagt fram uppkast að slíkum samningi, gert af bæjaryfirvöldum. Björn Ólafsson hefur verið búinn að rita á uppkastið dagsetninguna 27.1. 1978 (sama dagsetning og á lóðarleigusamningnum um Trönuhraun 7) og nafn sitt.

Hið framlagða uppkast ber einungis með sér undirritun lóðaskárritara, en ekki bæjarstjóra. Fram er komið í málinu, að stefndu var fengið umrætt uppkast til undirritunar. Við málflutning kom fram, að stefndi Gunnar hafi ekki viljað undirrita, vegna þess að hann vildi fá sérstakan samning um sinn hluta lóðarinnar, en í uppkastinu er gert ráð fyrir, að Birni Ólafssyni og stefndu sé leigð lóðin sameiginlega sem ein lóð. Ekki er í samningsuppkastinu getið um umferðarréttarkvöð þá, er mál þetta snýst um.

Stefnandi hefur haldið því fram, að þessi ófrágengnu og óþinglýstu samningsdrög séu með öllu þýðingarlaus fyrir mál þetta.

Stefndu hafa engan reka gert að því að afla gagna frá Hafnarfjarðarbæ um það, hvort það hafi verið ætlun byggingar- og skipulagsyfirvalda að sporna gegn tilvist hinnar umdeildu kvaðar eða hvort nokkur ákvörðun eða afstaða hafi verið mótuð í því efni.

VIII.

Álit réttarins.

Með kaupsamningi, dagsettum 29. maí 1973, og afsali, dagsettu 27. desember sama ár sömdu stefndu um, að „seljandi og þeir sem í hans stað koma", eins og segir í afsalinu, skyldu „hafa umferðarrétt um norðanverða lóðina að trésmíðaverkstæði á baklóðinni, sjá meðfylgjandi teikningu." Teikningin sýnir, að umferðarrétturinn tekur til alls sama svæðis og dómkröfur stefnanda í máli þessu.

Dómurinn telur, að skilja verði tilvitnað samningsákvæði svo, að samið sé um umferðarrétt að viðkomandi húsi, og fellst ekki á þá skoðun stefndu, að umferðarrétturinn eigi að takmarkast við það, að tiltekin starfsemi fari fram í húsinu.

Við söluna til stefnanda ráðstafaði eigandi bakhússins, sem kvaðarrétturinn fylgdi, öllum réttindum sínum yfir eigninni að engu undanskildu til stefnanda í máli þessu. Ekkert er fram komið í málinu, sem styður það, að seljndinn hafi við söluna haldið eftir hluta af kvaðarréttinum eða fellt

hann niður að hluta, svo sem með því að undirgangast það fyrir atbeina bæjaryfirvalda við gerð lóðarleigusamnings fyrir Trönuhraun 7 eða undirbúning nýs lóðarleigusamnings fyrir Reykjavíkurveg 68, að kvöðin félli niður.

Stefnandi krefst viðurkenningar á því, að í framangreindri umferðarréttarkvöð felist staða bifreiða og annarra ökutækja, meðan þau eru fermd og affermd.

Þessu inntaki umferðarréttarins hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefndu og engin krafa komið fram í því efni. Að svo vöxnu verður þessi krafa stefnanda tekin til greina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður krafa stefnanda um nefndan umferðarétt tekin til greina, enda verður ekki á það fallist með stefndu, að samþykki byggingaryfirvalda hafi þurft til, að hin umsamda kvöð stofnaðist.

Málskostnaður ákveðst kr. 8.000.00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Hrafni Hallgrímssyni arkitekt og Birni Þ. Guðmundssyni prófessor.

Dómsorð:

Viðurkenndur er umferðarréttur stefnanda, Akra hf., eiganda Trönuhrauns 7, um heimkeyrslu á norðanverðri lóðinni nr. 68 við Reykjavíkurveg, Hafnarfirði, að iðnaðarhúsi á lóðinni nr. 7 við Trönuhraun svo og svæðið milli húsanna Reykjavíkurvegur 68 og Trönuhraun 7. Svæði það, er kvöðin tekur til, er sýnt á uppdrætti með afsali litra J8 nr. 462. Í framangreindri umferðarkvöð felst umferð með bifreiðar og önnu ökutæki svo og staða þeirra, meðan þau eru fermd eða affermd.

Stefndu, Gunnar Jónsson og Elísa Wium, greiði in solidum stefnanda, Akra h.f., kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. júní 1984.

Nr. 16/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Úlfari Þormóðssyni
(Sigurmar K. Albertsson hdl.)

Brot gegn 125. gr. og 210. gr. alm. hegningarlaga og 3. gr. og 36. gr. laga nr. 57/1956. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 13. desember 1983, og er málinu áfrýjað refsingu til þyngingar. Ágrip máls barst Hæstarétti 18. apríl 1984. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Verjandi krefst aðallega sýknu og að sakarkostnaður allur verði lagður á ríkissjóð. Til vara krefst hann þess, að ákærða verði ekki dæmd refsing, en til þrautavara, að ákærði verði dæmdur í vægustu lögleyfða refsingu og þá jafnframt sýknaður af kröfu ákæruvalds um eignarupptöku.

I.

Samkvæmt kröfugerð ákæruvalds hér fyrir dómi koma ákæruefni þau, er greinir í II. kafla A lið ákæru og II. kafla C lið að því er lesmál varðar eigi til álita í Hæstarétti. Sama gegnir um aðalkröfu ákæruvalds um eignarupptöku í V. kafla ákæru.

Á dómþingi 6. júlí 1983 var sú breyting gerð á upptökukröfu í V. kafla ákæru, að krafist var upptöku á 174 eintökum af blaðinu Samviska Þjóðarinnar, 1. árgangi, 1. tölublaði eða nánar greindum hluta þess, en í ákæruskjali var krafan einskorðuð við 2 eintök. Þessi breyting var kynnt ákærða og verjanda hans á dómþingi samstundis og ákæra var þar birt, og var hún færð til þingbókar. Fengu þeir því þegar í stað vitneskju um breytingu á ákæruskjalinu. Verj-

andi gerði hvorki þá né hér fyrir dómi athugasemd við formið á þessari breytingu á ákæru. Þykir gerlegt að dæma um upptökukröfuna í því horfi, sem hún var sett fram þann 6. júlí 1983, en krafan kemur þá aðeins til greina að því er varðar 172 eintök, svo sem kröfugerð ákæruvalds hér fyrir dómi er farið.

Í V. kafla ákæru er gerð varakrafa um eignarupptöku „á þeim blaðsíðum fyrrgreinds tímarits" o.s.frv. Í málflutningi fyrir Hæstarétti var bent á þetta orðalag, er ríkissaksóknari kvað stafa af misritun og í stað þess ætti að koma „fyrrgreindra tímarita." Var verjanda veittur kostur á að tjá sig um þessa leiðréttingu. Bersýnilegt er, að hér er um misritun að ræða, og í stað orðanna „fyrrgreinds tímarits" á að koma „fyrrgreindra tímarita." Er heimilt að dæma málið á þeim grundvelli, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

II.

Sakarefni er réttilega lýst í héraðsdómi að öðru leyti en því, að þar segir, að lögreglan hafi hinn 30. maí 1983 orðið þess vör, að tekið væri að dreifa 1. tölublaði 1. árgangs af blaðinu Samviska Þjóðarinnar, en hin rétta dagsetning er 3. júní 1983.

III.

Um einstaka ákæruþætti.

III. A. *Um I. kafla ákæru.*

Ákærði ber ábyrgð samkvæmt 10. og 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt á efni blaðanna tveggja, er greinir í ákæru.

Fallast verður á það með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, að sá kafli úr Speglinum 43. árgangi 2. tölublaði, er greinir í þessum þætti ákæru, bæði lesmál og myndefni, og hliðstæður kafli, lesmál og myndefni, í blaðinu Samviska Þjóðarinnar 1. árgangi 1. tölublaði varði ákærða refsingu samkvæmt 125. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en þar eru grundvallartrúarkenningar þjóðkirkjunnar hafðar að háði. Tekur hin refsiverða háttsemi bæði til útgáfu og dreifingar blaðanna tveggja. Þykir það auka á saknæmi brotsins, að við háðið um trúarkenningarnar eru í lesmáli tengdir mjög alvarlegir glæpir.

III. B. Um II. kafla ákæru, B lið.

Ákæran er einskorðuð við lesefnið, og myndefnið kemur ekki sérstaklega til álita. Lesefnið er rakin smekkleysa, sem lýtur að nafngreindum mönnum, og ósæmilegt með öllu, en verður ekki talið klám svo sem skýra þykir eiga það orð í 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eftir þeim viðhorfum, sem nú ríkja um umfjöllun um kynræn efni, m.a. í rituðu máli. Ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot á nefndu ákvæði.

III. C. *Um II. kafla ákæru, C lið.*

Hér kemur aðeins til álita mynd sú, er greinir í þessum þætti ákæru. Myndinni er lýst í héraðsdómi. Hún sýnir konu og barn og karlmann, sem mundar sveðju að nöktum getnaðarlim sínum. Þessi sorafengna mynd þykir, þegar hún er virt heildstætt, vera með þeim hætti, að hún varði ákærða refsingu samkvæmt 210. gr. almennra hegningarlaga.

III. D. *Um III. kafla ákæru.*

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þau málalok, að háttsemin, er þar greinir, varði ákærða refsingu samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 57/1956.

III. E. *Um IV. kafla ákæru.*

Ákærði er sekur um brot á 30. gr. laga nr. 57/1956 vegna útgáfu blaðsins Samvisku Þjóðarinnar, og eru ástæður þær fyrir útgáfunni, er ákærði ber fyrir sig, haldlausar að lögum.

IV. *Viðurlög og sakarkostnaður.*

Ákveða ber ákærða refsingu samkvæmt framansögðu með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga. Telja verður, að ákærði hafi gefið út blöðin Spegilinn og Samvisku Þjóðarinnar í fjárgróðaskyni. Eftir atvikum þykir bera að staðfesta refsiákvörðun héraðsdóms, en greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja. Samkvæmt 1. tölulið 69. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 28. gr. laga nr. 57/1956, ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um upptöku á blaðsíðum 24, 25 og 40 í 4445 eintökum af blaðinu Speglinum, 43. árgangi, 2. tölublaði, og á hliðstæðum blaðsíðum í 172 eintök-

um af blaðinu Samvisku Þjóðarinnar, 1. árgangi, 1. tölublaði, svo og þeim myndmótum og offsetfilmum beggja útgáfanna, er varða þetta efni.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 20.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða, Úlfars Þormóðssonar, á að vera óröskuð, en greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti upptöku á framangreindu lesmáli og myndefni í 4445 eintökum 2. tölublaðs 43. árgangs blaðsins Spegilsins og í 172 eintökum 1. tölublaðs 1. árgangs blaðsins Samvisku Þjóðarinnar, svo og myndmótum og offsetfilmum, er þetta efni varðar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurmars K. Albertssonar héraðsdómslögmanns, 20.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. desember 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 1. desember, er í sakadómi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í máli nr. 552/1983: Ákæruvaldið gegn Úlfari Þormóðssyni, sem tekið var til dóms 10. f.m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 28. júní sl. ,,á hendur Úlfari Þormóðssyni, blaðamanni, Grjótagötu 9, Reykavík, fæddum 19. júní 1944 að Litlu-Brekku, Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu, fyrir að hafa með útgáfu og dreifingu tímaritsins ,,Spegilsins", 2. tölublaðs 43. árgangs, dagana 27. til 30.maí 1983, og blaðsins ,,Samviska þjóðarinnnar," 1. tölublaðs 1. árgangs, þann 3. júní 1983 og síðar, gerst brotlegur gegn 125. gr. og 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og gegn lögum um prentrétt nr. 57, 1956, sem hér segir:

I. Ákærða er gefið að sök að hafa með fyrirsögninni: „Afleiðingar altarisgöngunnar: „Ofbeldi, rán, glæpir og morð," lesmáli þeirrar greinar í heild og tveimur myndum á bls. 24-25 í fyrrgreindu tölublaði „Spegilsins" opinberlega dregið dár að og smánað trúarkenningar og guðsdýrkun hinnar evangelísku lútersku þjóðkirkju.

Telst þetta atferli ákærða varða við 125. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. og 15. gr. laga um prentrétt.

II. Ákærða er gefið að sök að hafa í fyrrgreindu tölublaði „Spegilsins" birt á prenti, dreift og selt sora- og klámfengið lesmál og myndir sem hér greinir:

A) Tvær myndir á bls. 8 (milli bls. 7 og 9).

B) Lesmál í heild svo og undirfyrirsagnir á bls. 39 (næstöftustu blaðsíðu).

C) Mynd og lesmál í heild á bls. 40 (öftustu blaðsíðu).

Telst þetta atferli ákærða varða við 210. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. og 15. gr. laga um prentrétt.

III. Ákærða er gefið að sök að hafa vanrækt að nafngreina sig sem útgefanda á öllu upplagi, 6900 eintökum, fyrrgreinds tölublaðs „Spegilsins."

Telst þetta varða við 3. mgr. 3. gr. laga um prentrétt.

IV. Loks er ákærða gefið að sök að hafa, eftir að sala fyrrgreinds tölublaðs „Spegilsins" hafði verið stöðvuð og hald verið lagt á þann hluta upplagsins er til náðist, látið endurprenta í 2000 eintaka upplagi blað undir heitinu „Samviska þjóðarinnar," 1. tölublað 1. árgangs, og dreift því og selt á almennum markaði í Reykjavík þann 3. júní 1983 og síðar. Í því blaði var allt það lesmál og myndir, sem tilgreint er í I. og II. kafla ákæru.

Telst þetta atferli ákærða varða við 125. gr. og 210. gr. almennra hegningarlaga og 30. gr. laga um prentrétt, sbr. 10. og 15. gr. laga um prentrétt.

V. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess ennfremur krafist, að ákærði sæti samkvæmt 1. mgr. 1. tölulið 69. gr. almennra hegingarlaga upptöku:

Aðallega á 4445 eintökum „Spegilsins," tveimur eintökum af blaðinu „Samvisku þjóðarinnar" svo og myndmótum og offsetfilmum, sem hald var lagt á að tilhlutan ákæruvalds samkvæmt heimild í 43. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, sbr. 29. gr. laga um prentrétt í upphafi rannsóknar máls þessa.

Til vara á þeim blaðsíðum fyrrgreinds tímarits, sem tilgreindar eru og hafa að geyma það efni er getur í I. og II. kafla ákæru, svo og tilsvarandi

myndmótum og offsetfilmum beggja útgáfanna.“

Á dómþingi 6. júlí sl. var sú leiðrétting gerð á upptökukröfu í V. kafla ákæru, að krafist var upptöku á 174 eintökum í stað tveggja af blaðinu Samviska þjóðarinnar.

Af hálfu ákærða eru gerðar þær kröfur í málinu aðallega, að hann verði sýknaður bæði af refsikröfu og bótakröfu, en til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa. Í báðum tilvikum er þess krafist, að verjanda verði tildæmd málsvarnarlaun.

27. maí sl. gaf ákærði út 2. tölublað 43. árgangs tímaritsins Spegilsins, sem dreift var dagana 27.-30. s.m., en þann dag var að tilhlutan ákæruvaldsins lagt hald á öll tiltæk eintök í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum landsins. Lögregluyfirvöld önnuðust þá framkvæmd. Samkvæmt yfirliti frá ríkissaksóknara var lagt hald á samtals 4445 eintök, þar af í Reykjavík 2435 eintök. Flest þau eintök voru tekin á ýmsum sölustöðum, en heima hjá ákærða lagði lögreglan hald á 98 eintök, 240 eintök hjá Hirti Cyrussyni, starfsmanni blaðsins, og á sex í prentsmiðjunni Odda.

30. maí sl. varð lögreglan í Reykjavík þess vör að tekið var að dreifa 1. tölublaði 1. árgangs blaðsins Samviska þjóðarinnar, en efni þess var að mestu samhljóða efni Spegilsins. Þann dag og næstu daga gerði lögreglan í Reykjavík upptæk 172 eintök af blaðinu.

Í framhaldi af þessum aðgerðum lagði lögreglan hald á myndamót og offsetfilmur í prentsmiðjunni Odda, Höfðabakka 7, og Sólnaprenti, Kirkjusandi við Laugarnesveg.

Með auglýsingu, dagsettri 10. júní sl., birti ríkissaksóknari í 61. tbl. Lögbirtingablaðsins, sem út kom 16. s.m., þá ákvörðun sína að leggja á ofangreint hald, sbr. 29. gr., 1. mgr., laga nr. 57/1956.

Í framangreindu tölublaði Spegilsins segir í svonefndum blaðhaus, að útgefandi þess sé „Félag áhugamanna um alvarleg málefni,“ aðsetur sé að Grjótagötu 9 og „starfsmenn“ Hjörleifur Sveinbjörnsson og ákærði. Hvorki er ábyrgðarmaður né ritstjóri tilgreindur. Verð hvers eintaks er tilgreint 70 kr. Ákærði er tilgreindur sem útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins Samviska þjóðarinnar á forsíðu þess.

Framangreindar aðgerðir ákæruvaldsins voru fljótlega vefengdar af ákærða, sem taldi að lögregluyfirvöldum hefði borið að leita dómsúrskurðar. Samkvæmt kröfu úrskurðaði dómurinn í þessu ágreiningsefni 14. júlí sl. á þá leið, að haldið skyldi óhaggað standa. Sú niðurstaða var staðfest í Hæstarétti Íslands 25. s.m.

Ákærði hefur verið yfirheyrður af lögreglunni í Reykjavík, rannsóknarlögreglu ríkisins og í dóminum.

Við frumyfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík 30. maí sl., hefur ákærði borið, að útgefandi Spegilsins væri „Félag áhugamanna um alvarleg mál-

efni," sem ekki væri skrásett fyrirtæki, heldur leynifélag. Því gæti hann ekki skýrt frá, hverjir stæðu að því. Tilgangur þess væri að gefa blaðið út og verja hugsanlegum hagnaði til líknarmála, eins og háttur væri á hjá leynifélögum. Útgáfa blaðsins hófst í apríl sl. með útgáfu á 1. tölublaði 43. árgangs. 2. tölublað kom síðan út 27. maí, og hófst þá dreifing þess. Ákærði hafði ráðið Hjört Cyrusson, Sólheimum 27, til að dreifa blaðinu. Tók Hjörtur við blaðinu í prentsmiðju, er það var tilbúið. Ákærði kom ekki nærri dreifingunni. Upplag blaðsins var 6900 eintök. Ákærði kvaðst vera ábyrgðarmaður blaðsins, en hann væri ekki höfundur neins af því efni, sem í blaðinu væri, ,,bestu synir og dætur þjóðarinnar og nokkrir aðrir" væru höfundar efnis, texta og mynda. Ekki vildi ákærði gefa upp nöfn þessara manna. Ákærði kvaðst vera eigandi nafnsins ,,Spegillinn" og hefði staðið til að skrásetja það. Arnmundur Bachman héraðsdómslögmaður tók það að sér, en ákærði vissi ekki, hvort hann var búinn að koma því í verk.

6. júní sl. skýrði ákærði lögreglunni svo frá, að 1. tbl. 1. árg. blaðsins Samviska þjóðarinnar hefði komið á markaðinn kl. 16.30 3. s.m. Tilgangurinn með útgáfunni hafi verið að láta fólkið sjálft dæma um, hvort 2. tbl. 43. árg. Spegilsins væri klámblað eða ekki, en innihald blaðsins væri 10% minnkun á 2. tbl. 43. árgangs Spegilsins, þ.e. 20 bls. af 24 bls. þess tölublaðs. Blaðið væri minnkun á Speglinum og auk þess 4 blaðsíður aðrar, er hann kvaðst hafa skrifað. Ákærði kvaðst alfarið hafa séð um útáfu á 1. tölublaði Samvisku þjóðarinnar og væri hann ábyrgðarmaður þess. Fór vinnslan þannig fram, að 2. tölublað Spegilsins var tekið í sundur og hver blaðsíða fyrir sig ljósmynduð og blaðið síðan unnið í framhaldi af því eins og hvert annað blað. Blaðið var prentað í Sólnaprenti í 2.000 eintökum, en bókagerðin Arnar-Berg sá um brotið. Allt upplagið væri selt nema þau eintök, sem lögreglan lagði hald á.

24. júní sl. var ákærði yfirheyrður af rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt kröfu ríkissaksóknara. Þá skýrði ákærði svo frá, að hann væri skráður eigandi nafnsins ,,Spegillinn" frá því einhvern tíma í maí, en hann væri eigi útgefandi blaðsins, það væri ,,Félag áhugamanna um alvarleg málefni," eins og fram kæmi í ,,haus" blaðsins. Ákærði kvaðst eigi geta sagt um, hve félagar væru margir, þar sem um leynifélag væri að ræða. Ákærði sagði um þrjá tugi manna hafa unnið að útgáfu blaðsins, en hve margir væru í félaginu vissi hann ekki. Ákærði sagði starfsmenn blaðsins auk sín vera Hjörleif Sveinbjörnsson og Hjört Cyrusson. Ákærði sjálfur væri ráðinn af félaginu, en hann sjálfur hefði ráðið hina tvo svo og aðra aðilja, sem unnu í þágu blaðsins við teikningar, útlit og ljósmyndum og fleira og taldir væru upp í ,,haus" blaðsins. Ákærði kvaðst einn vera eigandi og útgefandi ritsins Samviska þjóðarinnar. Ákærði kvaðst hafa sannfært Finnboga *Trausta* Finnbogason, prentara og meðeiganda í Sólna-

prenti, um, að Samviska þjóðarinnar væri allt annað blað en 2. tbl. Spegilsins. Þá hefði það verið sín handvömm, að ekki var getið um prentár, prentstað og prentsmiðju í blaðinu. Ákærði sagði, að Hjörleifur Sveinbjörnsson hefði komið fram fyrir hönd blaðsins gagnvart Arnar-Bergi, sem sá um brot þess.

Í dóminum hefur ákærði viðurkennt að vera ábyrgur fyrir birtingu þess efnis, sem getið er um í I., II. og IV. kafla ákæru, en hann taldi sig ekki hafa brotið nein lög. Ákærði mótmælti því, að hann hefði brotið 3. gr. laga nr. 57/1956, sbr. III. kafla ákærðu, þar sem hann hefði fullnægt lagaskyldu í þessu efni með tilkynningu til firmaskrár, sem var birt Lögbirtingablaðinu 16. júní sl. Tilkynningin er dgsett 19. maí 1983 og hljóðar svo:

„Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að Úlfar Þormóðsson, nnr. 8966-8743, Grjótagötu 9, Reykjavík, rekur í Reykjavík einkafyrirtæki á eigin ábyrgð vegna Félags áhugamanna um alvarleg málefni, undir nafninu TÍMARITIÐ SPEGILLINN. Tilgangur er útgáfa blaðs undir sama nafni."

Í dóminum bar ákærði, að Samviska þjóðarinnar hafi komið út áður en ríkissaksóknari birti tilkynningu um haldið á Speglinum í Lögbirtingablaðinu. Að öðru leyti kvaðst ákærði bera ábyrgð á birtingu efnisins í Samvisku þjóðarinnar, en hann taldi sig ekki hafa brotið lög með því.

— — —

Hjörleifur Sveinbjörnsson, starfsmaður Spegilsins, Bárugötu 30A, fæddur 11. desember 1949 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að „Félag áhugamanna um alvarleg málefni" væri útgefandi Spegilsins. Um væri að ræða óformlegan félagsskap, sem hann var ekki reiðubúinn til að gefa upp, hverjir væru félagar í. Ákærði væri „eigandi" Spegilsins en félagsskapurinn "funkerar sem bakhópur." Hjörleifur kvaðst hafa unnið við efnissöfnun, prófarkalestur, söfnun auglýsinga og umsjón með vinnslu í prentsmiðju. Sameiginlegt verkefni hans og ákærða væri að vinna við efnisöflun raða saman efni o.fl. Hjörtur Cyrusson og hann sjálfur hefðu séð um dreifingu.

Hjörleifur hefur einnig skýrt svo frá, að tilgangur ákærða með útgáfu á blaðinu Samvisku þjóðarinnar hafi verið sá, að hann vildi koma sjónarmiðum sínum á framfæri og láta fólk dæma um það sjálft, hvort innihald 2. tbl. Spegilsins væri jafn mikill sori og af væri látið með greinum í dagblöðum. Blaðið hefði komið út um kl. 16.00 þann 3. júní sl. og hefði hann aðstoðað ákærða við að koma blaðinu til sölumanna. Upplagið hefði verið 2.000 eintök og kostaði hvert blað 50 krónur. Hjörleifur kvaðst ekki hafa komið nærri útgáfunni með öðrum hætti en þeim að sækja upplagið í Arnar-Berg, Skeifunni 9, sem sá um skurð á því. Upplagið flutti Hjörleifur heim til ákærða að Grjótagötu 9. Þaðan var því dreift. Blaðið hefði verið prentað í Sólnaprenti. Hjörleifur taldi, að blaðið hefði verið unnið með

þeim hætti, að Spegillinn hefði verið ljósmyndaður. Ákærði fékk Hjörleif til framangreindra starfa. Einnig hefði ákærði ráðið hann til starfa á Speglinum, þar sem hann hefði unnið frá því í mars sl.

Hjörtur Cyrusson, dreifingarstjóri hjá Speglinum, Sólheimum 27, fæddur 4. nóvember 1961 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að hann hefði séð um dreifingu 2. tölublaðs Spegilsins, og hófst hún 28. maí. Dreifði hann blaðinu bæði í Reykjavík og út á land.

Þorgeir Baldursson, prentsmiðjustjóri í Prentsmiðjunni Odda, til heimilis Stórahjalla 5, Kópavogi, fæddur 25. september 1942, hefur við yfirheyrslu hjá lögreglunni skýrt svo frá, að Prentsmiðjan Oddi hafi séð um prentun og bókband á 2. tölublaði 43. árgangs Spegilsins. Ákærði hafi komið að máli við Þorgeir og beðið hann um verkið. Blaðið hefði verið afhent frá prentsmiðjunni 27. maí sl. Ekki vissi Þorgeir, hver væri ábyrgðarmaður blaðsins eða útgefandi þess, en ákærði einn hefði samið við prentsmiðjuna. Er Þorgeir spurði ákærða um Félag áhugamanna um alvarleg málefni, nefndi hann nokkur nöfn, sem Þorgeir var búinn að gleyma nema einu.

30. maí sl. fóru lögreglumenn í Prentsmiðjuna Odda og ræddu við Pétur Magnússon lagerstjóra. Hann skýrði svo frá, að útgefendurnir hefðu tekið allt upplagið, 6900 eintök að undanteknum 6 eintökum, sem fara ættu á Landsbókasafnið. Lögreglan lagði hald á þessi eintök.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni hefur Finnbogi *Trausti* Finnbogason, Blátúni 2, Álftanesi, skýrt svo frá, að ákærði hafi haft samband við sig fimmtudaginn 2. júní sl. og beðið sig að sjá um prentun á 1. tölublaði 1. árgangs blaðsins Samviska þjóðarinnar. Ákærði fór fram á, að prentun lyki um hádegi næsta dag. Finnbogi *Trausti* tók prentunina að sér og fékk plöturnar í hendur næstu nótt. Ekki mundi Finnbogi *Trausti,* hver afhenti þær, það hefði ekki verið ákærði. Um kl. 13.00 næsta dag lauk prentuninni, og var farið með upplagið í brot hjá Arnar-Bergi, Skeifunni 9, strax að lokinni prentun. Um hafði verið samið, að Sólnaprent sæi um prentun og brot blaðsins. Upplag blaðsins var 2000 eintök. Finnbogi *Trausti* bar, að honum hafi ekki verið kunnugt um efni blaðsins, er hann tók verkið að sér, en áður en prentun hófst. Hann fékk prentplöturnar fullunnar í hendur og vissi ekki, hver vann þær. Honum hafi verið kunnugt um haldið á Speglinum, en taldi, að um nýtt blað væri að ræða, þar sem ákærði var bæði skráður útgefandi og ábyrgðarmaður nýja blaðsins. Hann kvaðst ekki hafa kynnt sér, hvort nafn prentsmiðjunnar, prentstaðarins eða prentárs væri getið í blaðinu, hann hefði treyst því, að farið yrði að lögum um þessi atriði, þegar blaðið var unnið á plöturnar. Hann hafi því verið grunlaus um þetta atriði.

Í skýrslu lögreglunnar frá 8. júní segir, að þann dag hafi verið talin þau

eintök, sem lögreglan lagði hald á af tímaritinu Samviska þjóðarinnar og hafi þau reynst vera 172. Í kröfugerð ákæruvaldsins eru þau talin 174.

Um I. kafla ákærunnar.

Meginmál greinarinnar sem ákært er út af er á þessa leið:

„Þetta er hvort tveggja lögbrot og regin hneyksli. Að hugsa sér að það skuli hafa verið látið átölulaust hingað til að þjónar Guðs freisti barna með áfengi, sem leiðir til ofdrykkju, glæpa, rána, morða og alkóhólisma. Og það í kirkjum landsins.

Ég gat ekki hoft uppá þetta lengur. Þess vegna kærði ég" sagði Erna Guðmundsdóttir, sanntrúuð kona og bindindissöm, er Spegillinn hitti hana að heimili hennar í Njarðvíkunum á dögunum.

„Hér hef ég myndir af Óla bróður mínum, sem segja meira en mörg orð um nauðsyn þess að stöðva þegar brennivínsgjafir prestanna," sagði Erna að lokum og krafðist þess að við birtum myndirnar.

Til vinstri Ólafur á fermingardaginn. Til hægri Ólafur 12 árum eftir altarisgönguna.

Myndina tók Erna er hún loks hafði upp á bróður sínum en hann „býr" í Harlemhverfinu sem svo er nefnt. Hún færði honum ýmsan prentaðan fróðleik um áfengisbölið og reyndi með fortölum að fá hann til að snúa úr því spori, sem altarisgangan hafði beint lífi hans í."

Til vinstri við textann er mynd af fermingardreng í kyrtli, og heldur hann á sálmabók, en til hægri er mynd af öldruðum mæðulegum blökkumanni, sem hallar sér fram með hendur undir kinnum. Við hlið hans er blaðabúnki og slitnar tuskur breiddar yfir hann. Fyrir ofan meginmálið er fyrirsögn með stóru letri í þrem línum: „Ofbeldi, rán, glæpir og morð." Þar fyrir ofan er önnur undirstrikuð fyrirsögn með stækkuðu letri, en þó minni en í aðalfyrirsögn, á þessa leið: *Afleiðingar altarisgöngunnar.*

Við úrlausn þessa sakarnefnis ber að hafa í huga, að altarissakramentið, öðru nafni heilög kvöldmáltíð, er helgasta athöfn kristinnar guðsdýrkunar og annað tveggja sakramenta evangeliskrar lúterskrar kirkju. Kristur efndi sjálfur til þessarar helgiathafnar kvöldið áður en hann var krossfestur, á skírdagskvöld, og fylgjendur hans hafa óslitið haft það um hönd allar götur síðan. Altarissakramentið hefur fjölþætta merkingu. Það er víða nefnt í Nýja testamentinu, og er ljóst, að fyrstu kristnu söfnuðirnir hafa safnast saman og sameinast um þessa táknrænu athöfn og hafa leitað í henni samfélags við Krist með sérstökum hætti. Þeir hafa í sakramentinu minnst fórnar hans með þakkargjörð, leitað fyrirgefningar og tengst í kærleika innbyrðis. Kristnir menn sækja því umfram allt trúarlífi sínu næringu í heilaga kvöldmáltíð. Viðhorf kristinna manna til altarissakramentisins er enn ó-

breytt frá því í árdaga. Táknin eru enn hin sömu, brotning brauðs og neysla brauðs og víns. Mönnum er einnig við altarisgögnu í sjálfs vald sett, hvort þeir neyta vínsins eða ekki.

Verndarandlag 125. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er trúartilfinning fólks og réttur þess til að hafa hana í friði, sé um að ræða trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags samkvæmt 63. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Þar sem alkunna er, að altarissakramentið og þátttaka í því er kjarnaatriði evangelisk-lúterskrar trúarkenningar og trúariðkunar, telur dómurinn, að birting ofangreinds les- og myndefnis sem heild varði við lagagreinina, enda verður birting þessa efnis hvorki talið framlag til málefnalegrar umræðu um trúmál né hún talin hafa listrænt gildi.

Ekki verður talið, að lagagreinin sé fallin úr gildi fyrir notkunarleysi, þegar haft er í huga, að almennt sneiða menn hjá brotum af þessu tagi vegna virðingar fyrir trúarskoðunum annarra og þeim, sem kann að sýnast nærri trúarsannfæringu sinni hoggið, finnst e.t.v. ekki rétt að hefjast handa og sitja á sér að láta sverfa til stáls. Ekki verður heldur fallist á, að 233. gr. a. hegningarlaganna hafi rýmt út 125. gr. laganna, þar sem verndarandlag hennar er annað og víðtækara, hún verndar önnur huglæg gildi með afdráttarlausum hætti, m.a. er það gert refsivert að hæða og smána aðrar tilfinningarlegar eigindir en trúarbrögð.

Með vísan til ábyrgðarreglna 10. og 15. gr. laga um prentrétt telst ákærði því hafa brotið gegn 125. gr. almennra hegningarlaga og því unnið til refsingar samkvæmt henni, enda hefur ákærði játað, að hann beri einn ábyrgð á birtingu efnisins.

Um II. kafla ákæru.

II. A. Hér er um að ræða tvær hálfsíðumyndir. Á efri myndinni er framhliðin af nöktum karlmanni. Maðurinn heldur í hægri hendi á lykkju á snæri, sem liggur yfir hægri öxl, og gefur þessi staða mannsins til kynna, að hann haldi á einhverju fyrir aftan bak með snærinu. Höfuð mannsins sést ekki á myndinni. Ekki sést getnaðarlimur mannsins, heldur aðeins kynhár hans, þannig að hann líkist kvenmanni að þessu leyti. Annar maður, fullklæddur, er á myndinni með einkennishúfu (sennilega fransks lögreglumanns). Sá síðarnefndi segir við þann nakta: „snúðu þér við góða.“ Hin myndin er af bakhlið á nöktum karlmanni (væntanlega þeim sama) og sýnir hann aðeins frá mitti niður á mið læri. Á milli þeirra sjást kynfæri mannsins, og er snærislykkju brugðið um framenda limsins og síðan liggur snærið upp eftir öðrum þjóhnapp og baki mannsins svo langt sem myndin nær. Séu myndirnar skoðaðar í samhengi, verður ekki annað ráðið en að maður-

inn hafi bundið aftur á sér kynfærin með snæri og haldið þeim þannig með snærislykkjunni í hægri hendi til að reyna að minna á konu. Með myndinni fylgir texti á næstu síðu. Er meginmál hans svohljóðandi:

„Svo er árvekni yfirkjörstjórnar fyrir að þakka að upp komst um meiriháttar kosningasvindl við alþingiskosningarnar á dögunum. Rannsóknarblaðamaður Spegilsins og formaður yfirkjörstjórnar komu upp um metorðastreðara nokkurn, sem var orðinn úrkula vonar um að komast í framboð á vegum stjórnmálaflokkanna hafði gripið til þess örþrifaráðs að smygla sér inn á kvennalistann. Þykir rétt að birta ekki nafn þessa ólánsmanns að svo stöddu þar sem ekki hefur náðst í ættingja hans.

Vegna þessa máls hefur landskjörstjórn ákveðið að tekin verði upp kyngreining við allar kosningar í framtíðinni og slíkt bundið í lög."

Texta þessum fylgir mjög stór fyrirsögn á þessa leið: „Hrikalegt kosningasvindl."

Á blaðsíðu 11 er annar texti undir svohljóðandi fyrirsögn:

„Óskað eftir líffæraskoðun.

Samtök um kvennalista hafa ritað landlækni bréf þar sem þær fara fram á ýtarlega líffæraskoðun allra frambjóðenda samtakanna við síðustu kosningar í kjölfar þeirra uppljóstrana, sem birtar eru í Speglinum í dag.

Í bréfi sínu benda Samtökin sérstaklega á einn frambjóðenda sem með undarlegri hegðun sinni veki með þeim grunsemdir svona eftirá að hyggja. Sá frambjóðandi hefði til dæmis aldrei viljað fara með öðrum frambjóðendum í sturtu né gufubað eftir framboðsæfingar, en hins vegar hvatt þær hinar og att þeim í ýmis konar böð í tíma og ótíma.

Það skal tekið fram að sá umræddi frambjóðandi situr ekki á þingi enn sem komið er."

Ef blaðið Spegillinn er virtur í heild sinni, virðist hann eiga að vera grínblað eða háðsádeila (satíra), eins og blaðið var í tíð eldri útgefenda. Verður að hafa það í huga, er ofangreint efni er virt, bæði myndin, sem ákært er út af, og textarnir, sem ekki er ákært út af. Telja verður, að myndin sé hluti af háðsádeilu, sem fram kemur í blaðinu, á nýtt þjóðfélagsfyrirbæri, sérframboð kvenna, notuð til að skopast að karlmanni, sem á að hafa laumast þar inn á lista undir fölsku flaggi. Virðist vera um að ræða einhvern, sem orðinn er úrkula vonar um að komast í framboð á vegum stjórnmálaflokkanna, en grípur til þess örþrifaráðs að smygla sér inn á kvennalistann. Myndirnar eiga að sýna þennan karlmann, þegar flett er ofan af því, að hann villir heimildir á kynferði sínu til þess að komast með því móti í framboð.

Þegar framangreind atriði eru virt, verður að sýkna ákærða af þessum ákærulið, enda ekki um klám að ræða.

II. B. Lesefni það, sem ákært er út af, er í tveim dálkum, hlið við hlið,

annar með venjulegu prentletri, en hinn í ramma og birtist sem mynd af handskrifuðum texta. Fyrri textinn er svohljóðandi:

„Þingfréttaritari Morgunblaðsins, Stefán Friðbjarnarson, hefur boðið Speglinum dagbækur (eiginkonunnar) alþm., til kaups. Stefán er ófáanlegur til að skýra frá hvernig hann komst yfir bækurnar, en segir þær með öllu ófalsaðar og sannar.

Stefán sagðist að sjálfsögðu hafa boðið Morgunblaðinu bækurnar til kaups, en blaðið hefði hafnað því og þætti sér það óskiljanlegt með öllu.

Verð það sem Stefán vill fá fyrir dagbækurnar er trúnaðarmál milli Spegilsins og hans með tilliti til skattalaganna.

Hér birtist stutt færsla í handriti úr dagbókum (eiginkonunnar). Verið er að rannsaka rithönd frúarinnar og bera saman við rithönd þá sem í bókunum er, svo og málfar, blek og fingraför. Reynist bækurnar ófalsaðar mun Spegillinn birta úrdrátt úr þeim í næstu blöðum."

Myndin af handritaða textanum er svohljóðandi:

„24ði. sunnudagur

Komið fram undir morgun þegar ég kom heim (eiginmaðurinn) sofandi. Það er eins og vant er.

Geir er fallinn í annað sinn. Þá er aðeins þriðja fallið eftir. Sjálfsagt verður honum samt falið að mynda stjórn, aulanum. Það skal honum aldrei takast. Þar þarf aðra til, og hver veit ...

Æji, kæra dagbók.

Ég er þreytt og tapa þræðinum. Og svo er ég dálítið hífuð .... Já. Kannske ég ætti að bjóða þingstelpunum heim í vikunni. Þú geymir hugmyndina fyrir mig til morguns.

Nú fer ég í bólið. Kannski er (eiginmaðurinn) vaknaður. Þá og þá .... vonin skaðar engan, kæra vina."

Fyrir ofan síðasttalda textann er mynd af hinni nafngreindu konu og til vinstri við þá mynd er önnur mynd af bókum, umslögum og nakinni ókunnri konu í klúrum stellingum (ekki er ákært út af myndunum). Fyrir ofan myndirnar er fyrirsögn með stóru letri í tveim línum. „Dagbækur (eiginkonunar) í höndum Spegilsins." Þar fyrir ofan eru tvær setningar í tveim línum á svörtum grunni, með minna letri. „Einkaréttur á Íslandi." „Aðeins í Speglinum."

Neðan megintextanna eru þessar áherslusetningar: „Er (eiginmaðurinn) alltaf sofandi?" og „Er alþingiskonan ófullnægð?" með fremur stóru letri á svörtum grunni. (Í ákæru eru þessar áherslusetningar kallaðar undirfyrirsagnir).

Textinn „Nú fer ég í bólið. Kannski er (eiginmaðurinn) vaknaður. Þá og þá ... vonin skaðar engan, kæra vina," og seinni áherslusetningarnar

tvær eiga við nafngreind hjón, og er reynt að láta líta svo út, að hann fjalli um kynlíf þeirra. Um annað fjallar hann ekki. Eigi verður þetta lesmál réttlætt með sama hætti og myndirnar í I. A. eða með nokkrum öðrum hætti. Orð þessi eru lágkúruleg, illkvittin, ófyrirleitin, móðgandi og í alla staði hin grófasta árás á einkalíf fólks og virðast aðeins sett fram í því skyni að svívirða hjónin á hinn grófasta hátt og selja blaðið til hagsbóta fyrir útgefandann. Ófyrirleitin kynlífsumfjöllun af þessu tagi, sem þjónar engum jákvæðum tilgangi, álítur dómurinn vera brot á 1. og 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, og hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt henni. Annar texti, sem ákært er út af, fellur ekki undir greinina, og ber að sýkna af birtingu hans.

II. C. Á myndinni eru þrjár manneskjur við eldhúsborð, barn, sem er að skoða í tösku, sem liggur á borðinu, klædd kona og karlmaður nakinn að neðan. Maðurinn stendur fast við eldhúsborð með kynfæri sín uppi á því. Í hægri hendi heldur maðurinn á sveðju eða stórum hníf, og hvílir hnífurinn á lim mannsins, þannig að eggin nemur við liminn. Konan er látin segja: „Hvað vilja þeir nú aftur fá fyrir tommuna?" Fyrir neðan myndina er svohljóðandi texti með mismunandi stóru letri:

„Ragnar Arnalds með allt niður um sig. Íslensk leið hvað? Spegillinn upplýsir það hér og nú að styttingaleið sú sem Ragnar Arnalds kynnti í kosningabaráttunni sem sér-íslenska leið út úr efnahagsógöngunum er stolin frá Frakklandi eins og sést af meðfylgjandi mynd úr franska stórblaðinu Hara Kiri. Í Frakklandi hefur þessi efnahagsstefna leitt til upplausnar, uppþota og öngþveitis en hins vegar styrkt nokkuð stöðu ríkissjóðs."

Jafnvel þótt viðurkenndur sé réttur Spegilsins til að reyna að vera grínblað eða háðsádeila, getur dómurinn með engu móti fallist á, að í slíkum tilgangi felist réttur til að birta hvað sem er með hvaða hætti sem er. Verður að telja, að hér hafi verið skotið yfir markið. Textinn sjálfur,út af fyrir sig, verður að mati dómsins ekki talinn klám í venjulegum skilningi, enda höfðar hann á engan hátt til kynlífs. Ber því að sýkna ákærða fyrir birtingu hans.

Einnig ber að taka tillit til þess, að myndin virðist vera í samhengi við eftirfarandi texta á blaðsíðu 24, sem lagður er í munn Jóni Baldvin Hannibalssyni alþingsimanni:

„Eins og fram kom í kosningabaráttunni, þá erum við alþýðuflokksmenn þeirrar skoðunar, að landbúnaður sé mikill baggi á þjóðinni og að brýna nayðsyn beri til að fækka bændum með hinni svokallaðri styttingaraðferð ....."

Hins vegar verður að telja, að tenging kynfæris og stórhættulegs vopns á myndinni á þann hátt, að maður sé þess albúinn að misþyrma sjálfum sér með grimmdarlegum hætti til þess fallna að hvetja til misþyrminga á

kynlífssviðinu. Mynd þessi höfðar því til óeðlilegs, sjúklegs hugarfars og er ekki með nokkru móti innlegg í neina jákvæða og eðlilega umræðu og gæti haft hættulegar afleiðingar úti í þjóðfélaginu. Ákærði hefur því með birtingu hennar brotið gegn 1. og 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, sbr. ábyrgðarreglur prentlaga í 10. og 15. gr.

Um III. kafla ákæru.

Ljóst er af framburði ákærða og samstarfsmanna hans, að hann hefur verið hinn raunverulegi útgefandi Spegilsins. Slíkt kemur einnig fram í tilkynningu hans til firmaskrár. Sú tilkynning kemur ekki að lögum í staðinn fyrir nafn útgefanda á hverju útgefnu eintaki. Ákærði hefur því brotið gegn 3. mgr. 3. gr. laga um prentrétt.

Um IV. kafla ákæru.

Ákærða var kunnugt um, að yfirvöld höfðu lagt hald á 2. tölublað Spegilsins, er hann gaf út blaðið Samviska þjóðarinnar og birti þar á ný allt það efni, sem ákært er út af. Endurbirting á því efni, sem hér að framan er talin ólögmæt, varðar ákærða því refsingu samkvæmt 30. gr. laga um prentrétt auk áðurgreindra lagagreina, þ.e. 125. gr. og 210. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. og 15. gr. prentlaga.

Vegna vitneskju ákærða um haldið skiptir ekki máli í þessu sambandi, þótt dráttur hafi orðið á birtingu af hálfu yfirvalda í Lögbirtingablaðinu á haldi Spegilsins. Ekki skiptir heldur máli sá tilgangur ákærða að „skjóta máli sínu til almennings" með því að endurprenta meginefni Spegilsins í Samvisku þjóðarinnar. Enn ber að geta þess, að þótt ákærði hafi sjálfur talið birtingu hins saknæma efnis, sem fjallað er um í dóminum, lögmætt, þar sem ekki hafi verið um klám og brot á 125. gr. laga nr. 19/1940 að ræða, er það út af fyrir sig ekki til málsbóta fyrir hann samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19/1940. Væri sakborningi játað slíkt mat til réttlætingar, væru viðkomandi lagaákvæði þýðingar- og gagnslaus.

— — —

Með skírskotun til heimfærslu til framangreindra refsiákvæða, 77. gr. almennra hegningarlaga, mikilla breytinga í frjálsræðisátt á birtingu myndefnis, bæði hér á landi og annars staðar, þess, að ákærði hefur ekki fyrr verið dæmdur fyrir brot á almennum hegningarlögum, þess, að hann hefur frá upphafi verið samvinnuþýður við rannsókn og meðferð málsins, og þess, að hann hefur bersýnilega orðið fyrir miklu fjárhagstjóni í þessu sambandi, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt, að fjárhæð 16.000 krónur til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 20 daga.

Ákærði sæti einnig upptöku á þeim blaðsíðum í 4445 eintökum af Spegl-

inum og 172 eintökum af blaðinu Samviska þjóðarinnar, sem hafa að geyma það efni, sem ólögmætt er metið í dóminum (blaðsíðum 24, 25, 39 og 40 í Speglinum og samhljóða síðum í Samvisku þjóðarinnar.) Tilsvarandi myndamót og offsetfilmur beggja útgáfanna eru einnig gerð upptæk. Eignarupptaka þessi er gerð með stoð í 1. mgr. 1. tölulið 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og er takmörkuð eins og að ofan greinir, þar sem efnið, sem ákært er út af og ólögmætt er talið, er óverulegur hluti blaðanna, t.d. í Speglinum 4 síður eða 10%.

Ákærði greiði samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála sakarkostnað málsins, m.a. saksóknarlaun til ríkissjóðs, en málið flutti Pétur Guðgeirsson, fulltrúi ríkissaksóknara, að fjárhæð 15.000 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigurmars K. Albertssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 15.000 krónur.

Dómur þessi er kveðinn upp af Jóni A. Ólafssyni sakadómara sem dómsformanni, og meðdómendunum séra Bjarna Sigurðssyni, dósent og cand. juris, og Eysteini Sigurðssyni, PH.D., ritstjóra.

Dómsorð:

Ákærði, Úlfar Þormóðsson, greiði sekt að fjárhæð 16.000 krónur til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 20 daga.

Ákærði sæti upptöku á 24., 25., 39. og 40. blaðsíðu í 4445 eintökum 2. tölublaðs 43. árgangs tímaritsins Spegilsins og á samhljóða blaðsíðum í 172 eintökum 1. tölublaðs 1. árgangs blaðsins Samviska þjóðarinnar. Einnig eru tilsvarandi myndamót og offsetfilmur gerð upptæk.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. saksóknarlaun til ríkissjóðs að fjárhæð 15.000 krónur og málsvarnarlaun til Sigurmars K. Albertssonar héraðsdómslögmanns að fjárhæð 15.000 krónur.

Miðvikudaginn 27. júní 1984.

Nr. 106/1984. **María Magnúsdóttur**
gegn
Elínbjörgu Eggertsdóttir,
Heimi Jenssyni og
Árna Jenssyni og
Þóroddi Skaftasyni og
John W. Sewell til réttargæslu.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Stefnuhættir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr. 1. mgr. b laga nr. 75/1973 með kæru, dagsettri 21. maí 1984, er barst Hæstarétti 29 s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómarann að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðiljanna Elínbjargar, Heimis og Árna.

Varnaraðiljar Elínbjörg, Heimir og Árni krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Af hálfu réttargæslustefndu í héraði eru engar kröfur hafðar uppi í málinu, og sóknaraðili gerir engar kröfur í máli þessu á hendur þeim.

Með skírskotun til þess, sem segir í héraðsdómi um málatilbúnað sóknaraðilja að því er stefnuhætti varðar, þykir ekki verða komist hjá að staðfesta hann um frávísun frá héraðsdómi á öllum kröfum sóknaraðilja gegn varnaraðiljum, sbr. stefnur útgefnar 24. júní og 28. september 1983.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljunum Elínbjörgu, Heimi og Árna kærumálskostnað, 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, María Magnúsdóttir, greiði varnaraðiljum Elín-

björgu Eggertsdóttur, Heimi Jenssyni og Árna Jenssyni 5.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 30. apríl sl., hefur María Magnúsdóttir, Lindarbraut 45, Seltjarnarnesi, nnr. 6442-9678, höfað með stefnu, birtri 25. júní 1983, á hendur þeim Þóroddi Skaftasyni, nnr. 9714-5814, Æsufelli 4, Reykjavík, og John W. Sewell, nnr. 5181-2255, Karlagötu 13, Reykjavík, til réttargæslu og með sakaukastefnu, framlagðri í dóm 6. október 1983, á hendur Elínbjörgu Eggertsdóttur, nnr. 1988-3280, áður til heimilis Lafuásvegi 20, Reykjavík, nú til heimilis að Þórsgötu 7, Reykjavík, Heimi Jenssyni, nnr. 3870-6896, áður til heimilis að Efstasundi 81, Reykjavík, nú til heimilis að Unnarbraut 3, Seltjarnarnesi, og Árna Jenssyni, nnr. 0522-6139, Hraunbrún 28, Hafnarfirði.

Með meðalgöngustefnu, birtri 29.11. 1983 og 8.12. 1983, hafa John W. Sewell og Þóroddur Skaftason höfðað meðalgöngumál á hendur stefnanda, Maríu Magnúsdóttur, og sakaukastefndu Elínbjörgu Eggertsdóttur, Heimi Jenssyni og Árna Jenssyni.

Stefnandi gerir þær kröfur gegn stefndu Elínbjörgu, Heimi og Árna, að staðfest verði riftun hennar sumarið 1982 á samningi hennar við þau, dags. 1. október 1980, um kaup á Veltusundi 3B, Reykjavík, og jafnframt verði staðfestur óskoraður eignarréttur hennar á fasteigninni Veltusundi 3B, Reykjavík. Hún gerir ekki kröfur á hendur réttargæslustefndu í málinu.

Kröfur stefndu Elínbjargar, Heimis og Árna eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða þeim málskostnað að mati réttarins, til vara að kröfum stefnanda verði synjað og stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað að mati réttarins.

Kröfur meðalgöngustefndu, John W. Sewell og Þórodds Skaftasonar, eru þær, að viðurkenndur verði eignarréttur þeirra á húseigninni nr. 3B við Veltusund í Reykjavík ásamt tilheyrandi eignarlóð og öllu því, sem eigninni fylgir og fylgja ber. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefndu. Þá er þess krafist, að meðalgöngustefndum verði leyfð meðalgangan við þingfestingu meðalgöngusakar og málið verði rekið sem eitt og sama málið.

Kröfur stefnanda, Maríu Magnúsdóttur, í meðalgöngusök, eru þær aðallega, að ekki verði leyfð sameining meðalgöngusakar við aðalmál Maríu gegn Elínbjörgu, Árna og Heimi, sem stefnandi telur þingfest 30. júní 1983. Þá krefst hann þess, að kröfu Johns og Þórodds um sameiningu nefndra mála verði vísað frá dómi. Þá er þess krafist, að stefnandi María verði

sýknuð af kröfum Johns og Þórodds í meðalgöngusakarmálinu um, að viðurkenndur verði eignarréttur þeirra að húseigninni nr. 3B við Veltusund í Reykjavík og þeim verði gert að greiða henni málskostnað í meðalgöngusakarmálinu eftir mati réttarins.

Kröfur stefndu Elínbjargar, Árna og Heimis í meðalgöngusök eru þær, að fallist verði á kröfu meðalgöngustefnenda gegn því, að þeir efni þann samning, sem þeir hafi gert við þau, og greiði eftirstöðvar kaupverðsins til Maríu Magnúsdóttur. Þá krefjast þau málskostnaðar úr hendi meðalgögnustefnenda.

— — —

Álit dómsins.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 24. og 25. júní 1983, á hendur réttargæslustefndu, Þóroddi Skaftasyni og John W. Sewell, og þingfest 30. júní 1983. Stefnanda tókst hins vegar ekki að fá birta stefnu á hendur stefndu Elínbjörgu Eggertsdóttur, Heimi Jenssyni og Árna Jenssyni, enda þótt það hafi verið ætlun hans. Hann höfðaði því sakaukamál á hendur þeim með stefnu, framlagðri í dóm 6. október 1983, og var þá mætt af þeirra hálfu. Stefndu skila greinargerð þann 8. desember 1983 og mótmæla þá, að þeim verði stefnt inn í málið skv. 48. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 47. gr. sömu laga.

Í 48. gr. segir: „Nú vill sækjandi eftir þingfestingu máls stefna nýjum aðilja til að svara til *sakar ásamt þeim,* er hann hefir þegar stefnt, og er það því aðeins heimilt, að skilyrðum 1. málsgr. 47. gr. sé fullnægt, enda hafi sækjanda eigi verið unnt að stefna hinum nýja aðiljа áður en mál var þingfest, og verði honum ekki heldur um það kennt."

Í 47. gr., 1. mgr., sbr. lög nr. 28/1981, segir:

„Fleiri mönnum er rétt að sækja mál í félagi og rétt er að sækja fleiri menn í einu máli, *ef dómkröfurnar eru af sömu rót runnar.* Ella skal að kröfu verjanda vísa máli frá að því er hann varðar."

Af hálfu stefnanda eru engar kröfur gerðar á hendur réttargæslustefndu. Þannig var upphafleg málshöfðun hans í andstöðu við 67. gr. laga 85/1936, og þess vegna er einnig ljóst, að framhaldsstefna hans uppfyllir ekki kröfur 48. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 47. gr., 1. mgr., sömu laga, sbr. lög nr. 28/1981. Verður þannig ekki aðeins að vísa sakaukamálinu frá dómi að kröfu stefndu, heldur öllum málatilbúnaði stefnanda.

Með dómi Hæstaréttar frá 27. maí 1983 var máli milli sömu aðilja um sama sakarefni vísað frá dómi, þar sem á þótti skorta, að skýr afstaða væri tekin af hálfu stefnanda til veigamikillla atriða, sem varða heimild hennar til riftunar samnings hennar við stefndu.

Mál þetta var höfðað af stefnanda á hendur stefndu og Þóroddi Skafta-

syni og John Sewell, sem hér er stefnt til réttargæslu, til staðfestingar á eignarrétti stefnanda á fasteigninni Veltusundi 3B, Reykjavík. Stefnandi gerir hér þær breytingar einar á málatilbúnaði sínum, að stefna Þóroddi og John til réttargæslu og að krefjast riftunar auk staðfestingar á eignarrétti. Í málinu skortir því enn á, að stefnandi taki skýra afstöðu til veigamikilla atriða varðandi heimild hennar til riftunar. Í málavaxtalýsingu er slegið úr og í um veruleg atriði. Á skortir í kröfugerð að tímasetja meinta riftun stefnanda gagnvart stefndu. Í sóknargögnum er ekki tekin skýr afstaða til þess, hverjir sáu um hvað varðandi viðskipti þessi og hvert var umboð þeirra, þar á meðal til að taka við greiðslum og semja um breytingar á samningum f.h. stefnanda, en ljóst er, að hún hefur ekki sjálf séð um samningsgerð og viðtöku greiðslna. Þá skortir á skýra afstöðu til þess, hvort stefnandi var tilbúinn til að gefa út afsal samkvæmt samningi 1. október 1980, þann 30. september 1981 og ef ekki, hvers vegna.

Þannig ber einnig af þessum ástæðum að fallast á kröfu sakaukastefndu um frávísun málsins.

Afstaða hefur hér ekki verið tekin til meðalgöngusakar, en stefnandi hefur krafist frávísunar hluta hennar. Rétt þykir að taka þá kröfu sérstaklega til meðferðar og gefa aðiljum tækifæri til að tjá sig um þá kröfu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af þessum þætti málsins.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Frávísunarkrafa sakaukastefndu á sakaraukanum er tekin til greina.

Málatilbúnaði stefnanda samkvæmt upphaflegu málshöfðuninni er vísað frá sjálfkrafa.

Hver aðilja skal bera sinn kostnað af þessum þætti málsins.

Meðalgöngusökin verður tekin fyrir sérstaklega.

Föstudaginn 29. júní 1984.

Nr.124/1982. **Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Umsjónarnefnd eftirlauna og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Greiðsluskylda lífeyrissjóða vegna eftirlauna til aldraðra. Stjórnarskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1982. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum kr. 153.546.00 með dráttarvöxtum á mánuði svo sem hér segir: 4.5% af 76.773.00 krónum, frá 1. maí 1980 til 1. júní s.á., 4.75% til 1. september s.á., en af 153.546.00 krónum frá þeim degi til 1. júní 1981, 4.5% frá þeim degi til 20. apríl 1982, 4% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 5% frá þeim degi til 20. október 1983, 4.75% frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 4% frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 3.25% frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984 og 2.5% frá 21. janúar 1984 til greiðsludags. Til vara krefst hann, ef ekki verði fallist á vaxtakröfu hans, svo sem hún er mörkuð í aðalkröfu, að honum verði dæmdir dómvextir af 153.546.00 krónum frá þingfestingardegi í héraði, 13. október 1982, til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. mars sl., höfðaði Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands, Brautarholti 20, Reykjavík, gegn Umsjónarnefnd eftirlauna skv. lögum nr. 97/1979, heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með stefnu, birtri 9. október 1981.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum kr. 153.546.00 með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 76.773.00 frá 1. maí 1980 til 1. júní s.á., með 4.75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en af kr. 153.546.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags svo og til að greiða allan málskostnað, þ.m.t. málflutningslaun skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í. Til vara krefst stefnandi dómvaxta af höfuðstól kröfunnar frá þingfestingardegi málsins til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins. Til vara krefjast stefndu þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Hinn 24. desember 1979 voru sett lög nr. 97 um eftirlaun til aldraða, og tóku þau gildi 1. janúar 1980. Í 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði:

„Allir lífeyrissjóðir sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins skv. lögum um tekju- og eignarskatt og ekki eiga aðild að samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða frá 22. júní 1977, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum. Þó skal framlag aldrei reiknast af hærri fjárhæð en sem svarar 10% af iðgjaldsskyldum tekjum hvers sjóðfélaga skv. lögum eða reglugerð hlutaðeigandi sjóðs."

Stefnandi telur, að tilvitnað ákvæði laga nr. 97/1979 fái ekki staðist, þar sem um sé að ræða skattlagningu, sem fari í bág við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar svo og við jafnréttisreglu íslensks réttar.

Stefnandi krefst, að stefndu endurgreiði honum það fé, kr. 153.546.00

sem hann hefur greitt Umsjónarnefnd eftirlauna skv. þessari málsgrein, en féð greiddi hann með fyrirvara um endurheimtu þess.

Kröfum stefnanda um endurgreiðslu fjárins og sjónarmiðum hans um stjórnskipulegt gildi tilvitnaðs töluliðs hafna stefndu alfarið.

Rétt þykir í upphafi að rekja í stórum dráttum aðdraganda að setningu laga nr. 97/1979.

Í kjarasamningum, sem gerðir voru fyrri hluta ársins 1969 á milli Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda, var um það samið, að allir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ skyldu fá aðild að lífeyrissjóðum frá ársbyrjun 1970. Samhliða þessum kjarasamningum og í framhaldi af þeim var fjöldi nýrra lífeyrissjóða stofnaður, svokallaðir almennir lífeyrissjóðir.

Hinn 3. apríl 1970 voru sett lög nr. 18 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, og segir svo í 1. gr. laganna:

„Greiða skal eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, eftir því sem lög þessi ákveða. Fé til greiðslu eftirlauna þessara greiðist að ¾ hlutum úr atvinnuleysistryggingasjóði og að ¼ hluta úr ríkissjóði."

Helstu skilyrði laganna fyrir rétti til eftirlauna eru þau, að viðkomandi varð að hafa náð 55 ára aldri 31. desember 1969, hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum, hafa verið í starfi í árslok 1967, sem verið hafði tryggingarskylt skv. samkomulagi atvinnurekanda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969, ef samkomulagið hefði öðlast gildi 1. janúar 1955, og hafa áunnið sér réttindatíma skv. því, sem ákveðið er í 4., sbr. 6. gr. laganna.

Lög þessi öðluðust gildi þegar í stað, en eftirlaun skv. þeim átti að greiða frá 1. janúar 1970. Samkvæmt þeim öðluðust aldraðir félagar í stéttarfélögum, sem aðild áttu að Alþýðusambandi Íslands, rétt til lífeyrisgreiðslna, enda þótt þeir hefðu annað hvort engin iðgjöld greitt til lífeyrissjóða eða þá svo skamma hríð, að þær iðgjaldagreiðslur sköpuðu þeim minni réttindi skv. reglum sjóðanna en lögin kváðu á um þeim til handa.

Hinn 16. apríl 1971 voru sett lög nr. 63 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum og leystu þau lög nr. 18/1970 af hólmi. Lög þessi ná ekki einvörðungu til þeirra, sem eru félagar í aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands eins og lögin nr. 18/1970, heldur einnig til félaga í öðrum stéttarfélögum, en þau stéttarfélög urðu að teljast til verkalýðsfélaga skv. 4. gr. laga nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar og hafa komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði.

Hinn 14. mars 1974 voru sett lög nr. 9 um starfskjör launþega o.fl. Í 2. gr. laganna er kveðið á um, að öllum launþegum sé rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps.

Raungildi eftirlaunagreiðslna skv. lögum nr. 63/1971 mun hafa rýrnað smám saman vegna verðbólgu, enda þótt fjárhæðir væru endurskoðaðar einu sinni á ári skv. ákvæðum laganna og uppbót greidd á þær. Á árinu 1976, hinn 27. febrúar, gerðu Alþýðusamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna samkomulag, sem m.a. hafði að geyma ákvæði um greiðslu uppbótar á eftirlaun. Samkomulag þetta hefur ekki verið lagt fram í þessu máli. Í framhaldi af samkomulaginu voru sett hinn 20.maí lög nr. 33/1976 um breytingu á lögum nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, og segir svo í 3. gr.laganna:

„Aftan við 14. gr. laganna komi ákvæði til bráðabirgða, er orðist svo: Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt lögum þessum og tilheyra lífeyrissjóðum, sem II. kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá febrúar 1976 um lífeyrissjóðamál tekur til, skal árin 1976 og 1977 greidd sérstök uppbót umfram það, sem kveðið er á um í 8. gr., þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun skv. 1. mgr. 6. gr. eins og þau eru skv. kauptaxta í byrjun og um mitt hvors þessara ára um sig í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa. Gjöld til uppbótagreiðslna þessara skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að ofangreindu samkomulagi og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram 4% af iðgjaldatekjum sínum hvort árið um sig. Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjárins milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna hinnar sérstöku uppbótar. Það, sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga. Umsjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvors árs. ...“

Árið 1977, 22. júní, var enn gert samkomulag milli Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða. Þar er kveðið á um úrlausn til þriggja ára varðandi greiðslu uppbótar á eftirlaun, og segir þar m.a.: „Hver sjóður sem aðild á að samkomulagi þessu leggur fram 4% af iðgjaldatekjum hvers árs 1977-1979. Fé þetta gengur til umsjónarnefndar eftirlauna og skal hún skipta því milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar.“

Í samkomulaginu segir ennfremur:

„Lífeyrissjóðir þeir sem hér eiga hlut að máli munu gera formlegan samstarfssamning sín á milli um þetta efni sem staðfestur verði af stjórnum sjóðanna."

Með lögum nr. 67 frá 29. desember 1977 um breytingu á lögum nr. 62/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum er í 2. gr., bráðabirgðaákvæði laganna breytt þannig, að í stað þess, að lífeyrisréttur miðaðist við kauptaxta í byrjun og um mitt ár, skyldi hann miðast við kauptaxta 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert árin 1977 til 1979. Uppbótin var hins vegar áfram greidd af viðkomandi lífeyrissjóðum með sama hætti og var.

Nú hefur verið rakinn í stórum dráttum aðdragandi setningar laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra. Rétt þykir að bæta við lýsinguna eftirfarandi málsgrein úr greinargerð stefndu, en hún er hluti af lýsingu þeirra á aðdraganda lagasetningarinnar, en í málsgreininni er að finna sjónarmið stefndu á tilgangi hennar:

„Með þeim aðgerðum sem hér hefur verið lýst hafði stórum hluta launþega í landinu verið tryggður lífeyrisréttur. Þessi réttur var þó alfarið bundinn við félagsmenn í stéttarfélögum. Þarna skapaðist misræmi sem ekki varð unað við. Næsta skref í þeirri viðleitni að tryggja öllum lífeyrisrétt var stigið árið 1979. Með lögum nr. 97 frá því ári var ákveðið að allir skyldu hljóta sambærilegan lífeyrisrétt og félagsmönnum í stéttarfélögunum hafði áður verið tryggður. Hér var með öðrum orðum í fyrsta sinn komið á heildarlöggjöf til aldraðra."

Lög nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra tóku gildi 1. janúar 1980, og með þeim voru felld að mestu úr gildi lög nr. 63/1971, nr. 33/1976 og nr. 76/1977.

Í I. kafla laganna er kveðið á um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, og segir svo í 1. gr.:

„Greiða skal eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, eftir því sem ákveðið er í þessum kafla. Sama gildir um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga skv. 4. gr. laga nr. 57/1973 um atvinnuleysistryggingar og hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði."

Í 2. gr. laganna segir svo:

„Rétt til eftirlauna skv. þessum kafla eiga þeir, sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:

a. Eru fullgildir félagar í stéttarfélagi, sem 1. gr. tekur til.
b. Eru fæddir 1914 eða fyrr.
c. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum.

Maður sem hefur náð 75 ára aldri á þá rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.

d. Eiga að baki a.m.k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a.m.k. 1/25 úr stigi, sbr. 6. gr.“

Þessar greinar laganna eru nánast samhljóða 1. og 2. gr. laga nr. 63/1971.

Í II. kafla laganna er kveðið á um almenn eftirlaun til aldraðra. Segir svo í 7. gr.:

„Aldraðir menn, sem ekki eiga rétt skv. I. kafla þessara laga né II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda, eiga rétt til eftirlauna, enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði.“

Skilyrði þau, sem kveðið er á um í þessari grein laganna, eru hin sömu og um getur í b.-d. lið skv. 2. gr. laganna.

Í II. kafla laganna var því lögfest það nýmæli, að aldraðir menn, sem hvorki voru félagar í stéttarélögum í Alþýðusambandi Íslands né stéttarfélögum, sem teljast til verkalýðsfélaga skv. lögum um atvinnuleysistryggingar, skyldu eiga rétt á eftirlaunum með sama hætti og aldraðir félagar í stéttarfélögunum höfðu fengið skv. samkomulagi aðilja vinnumarkaðarins og löggjöf, sem sett var á árabilinu frá 1970-1979.

Í IV. kafla laganna um uppbót á lífeyri er lífeyrisþegum bæði skv. I. kafla og II. kafla áskilin uppbót á lífeyri á árunum 1980 til 1982 miðað við kauptaxta 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október.

Í V. kafla laganna um fjárhagsákvæði er í 23. gr. kveðið á um, að fé til greiðslu eftirlauna skv. I. kafla að undanskilinni uppbót skv. 21. gr. greiðist að ¾ hlutum úr atvinnuleysistryggingasjóði og ¼ hluta úr ríkissjóði, en gjöld til uppbótargreiðslna skv. 1. mgr. 21. gr. skuli borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að samkomulagi því um málefni lífeyrissjóða, sem getið er í 21. gr. og undirriti samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skuli leggja fram 5% af iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980 til 1982, þannig að prósenttalan af iðgjaldatekjunum er hækkuð úr 4% í 5%.

Í 25. gr. laganna er kveðið á um, að kostnaður af greiðslu eftirlauna skv. II. kafla, greiðslu uppbótar eftirlauna og greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri skv. II. kafla laga um lífeyrissjóð bænda skuli skiptast með ákveðnum hætti. Í 1. tölulið er öllum launaskattsgreiðendum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, gert að greiða eftirlaunaiðgjald, er nemur 0.5% af launaskattsstofni eigin vinnu. Annar töluliður greinarinnar hefur verið rakin hér að framan, en um hann snýst deila aðilja málsins.

Í 3. tölulið er kveðið á um, að öðru leyti skuli ríkissjóður, Jöfnunarsjóður

sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður standa undir kostnaði af fjáröflun til þessara eftirlaunagreiðslna, þ.e. skv. II. kafla með þeim hætti, að ríkissjóður greiði 40%, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 30% og Atvinnuleysistryggingasjóður 30%.

Stefnandi heldur því fram, að með lögum nr. 97/1979 hafi lífeyrissjóðum í landinu verið skipt í tvo hópa og raunar starfandi mönnum einnig, hvað snertir fjáröflun til lífeyrisgreiðslna þeim til handa.

Í öðrum hóp lífeyrissjóðanna, þ.e. samkvæmt I. kafla laganna séu þeir sjóðir, sem eigi aðild að samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða, sbr. 21. gr. laganna. Samkvæmt þessu samkomulagi hafi það verið vilji lífeyrissjóðanna, sem áttu aðild að því að greiða verðlagsuppbót á lífeyri til þeirra félaga í stéttarfélögunum, sem þessir lífeyrissjóðir séu nánast hluti af, þ.e.a.s. til þeirra félaga, sem engan eða mjög takmarkaðan rétt áttu til lífeyris. Þessir sjóðir hafi samþykkt að verja til þessa 4% af iðgjaldatekjum sínum. Þetta hlutfall hafi verið hækkað upp í 5% í lögunum, en að öðru leyti séu lögin hvað þessa sjóði snerti staðfesting á því, sem þeir hafi áður samið um. Samkomulagið hafi verið þáttur í lausn kjaradeilu milli aðilja samkomulagsins.

Þeir menn, sem lífeyri fái samkvæmt I. kafla laganna, séu félagar í stéttarfélögunum, sem standi að lífeyrissjóðunum, og hafi þannig tengsl við þá. Skattlagningin og ráðstöfun skattfjárins sé því þess eðlis, að verið sé að flytja fé á milli manna innan sama hóps, þegar um uppbótagreiðslur á lífeyri sé að ræða, en að öðru leyti séu lífeyrisgreiðslurnar fjármagnaðar af opinberu fé.

Í hinum hóp lífeyrissjóðanna, þ.e. samkvæmt II. kafla laganna, séu þeir sjóðir, sem ekki eigi aðild að framangreindu samkomulagi og hafi ekkert hliðstætt samkomulag gert. Skattlagningin sé í andstöðu við vilja þeirra. Hún sé í því skyni gerð að tryggja mönnum lífeyri, sem ekki eigi lífeyrisrétt og ekki rétt til lífeyris samkvæmt I. kafla laganna. Þessi hópur manna sé í engum tengslum við þá lífeyrissjóði, sem skattlagðir séu, eða þau stéttarfélög, sem að þeim standi. Því sé verið að skattleggja hóp manna og flytja skattfé til annars óskylds hóps. Af þessu megi sjá, að mikill munur sé á eðli skattlagningarinnar og ráðstöfun skattfjárins í þessum tveim tilvikum.

Þetta hafi verið nýmæli í lögunum nr. 97/1979, en að öðru leyti hafi lögin leyst af hólmi lög svipaðs efnis og verið staðfesting á samkomulagi eins og að framan greinir.

Ákvæði laganna um greiðslu lífeyris samkvæmt II. kafla þeirra sé þannig

til komin, að á áttunda áratugnum hafi skapast mikið misræmi á milli aldraðra félaga í stéttarfélögunum skv. I. kafla laganna og annarra aldraðra manna, hvað snerti lífeyrisgreiðslur. Í stað þess að leggja fram fé úr ríkissjóði beint til þess að jafna þennan mun hafi ríkisvaldið brugðið á það ráð að grípa til þessarar sérstöku skattlagningar og skattleggja suma lífeyrissjóði, en aðra ekki, og ekkert tillit tekið til mismunandi greiðslugetu þeirra. Í þessu sambandi verði og að gæta þess, að með þessu hafi ekki öllum öldruðum verið tryggður lífeyrir. Þar séu undanskildir stórir hópar, t.d. eins og húsmæður og öryrkjar.

Þá verði og að gæta að því, að frá árinu 1974 hafi velflestir átt þess kost að afla sér lífeyrisréttinda með því að greiða inn á biðreikning lífeyrisjóðsiðgjalda, sem stofnaður hafi verið í framhaldi af setningu laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o. fl. Í stað þess að greiða inn á biðreikninginn hafi sumir tekið þann kost að leggja fé fyrir með öðrum hætti. Þeir fái nú skv. lögunum lífeyri til jafns við þá, sem inná biðreikninginn hafi greitt, og aðra, sem á hvorugt ráðið hafi brugðið.

Þá verði og að líta til þess, að sú lífeyristrygging, sem lífeyrissjóðirnir veiti, sé aðferð til sparnaðar. Menn leggi hluta af launum sínum til lífeyrissjóðs ásamt mótframlagi vinnuveitanda, en það framlag verði líka að skoða sem launatekjur og fái síðan féð endurgreitt, þegar þeir hafi náð ákveðnum aldri.

Með 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 97/1979 sé í raun verið að skattleggja félaga lífeyrissjóðanna skv. II. kafla laganna um 0.5% af tekjum þeirra. Þessi skattlagning geri það að verkum, að þessir lífeyrissjóðir séu verr í stakk búnir til þess að greiða félagsmönnum sínum lífeyri, þegar þar að komi, og þetta fé renni ekki aftur til þeirra, sem það greiddu, heldur til allt annarra manna. Segja megi, að þessi skattheimta sé mjög svipaðs eðlis og að sparifé viðkomandi hefði verið skattlagt um 0.5%.

Ríkisvaldið hafi með þessum hætti valið nýja og óvenjulega leið í skattheimtu, þar sem henni sé ekki beint jafnt að öllum skattgreiðendum, heldur aðeins að sumum launamönnum og sjálfstætt starfandi mönnum, þ.e. þeim sem greiði launaskatt. Atvinnureksturinn í landinu sé hins vegar ekkert skattlagður í þessu skyni.

Ekki sé vafi á því, að eignir lífeyrissjóðanna njóti verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar, en ákvæði 2. töluliðar 1. mgr. 25. gr. laga nr. 97/1979 brjóti í bága við þessa grein svo og grundvallarreglur stjórnarskrárinnar um jafnrétti þegnanna sem leiða megi m.a. af 40. og 77. gr. hennar, en þeim, sem greiði iðgjald til lífeyrissjóða, sé mismunað með skattheimtunni samkvæmt tilvitnaðri grein laga nr. 97/1979.

Stefnandi hafi þegar við greiðslu uppbótarinnar áskilið sér rétt til þess

að endurkrefja umsjónarnefnd eftirlauna um féð. Krafan hafi því gjaldfallið, um leið og féð var greitt, og eigi stefnandi því rétt á að fá greidda dráttarvexti af henni.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að skattlagning lífeyrissjóða samkvæmt lögum nr. 97/1979 sé í einu og öllu sambærileg og skipti ekki máli, hvort um sé að ræða lífeyrissjóði, sem aðild hafi átt að samkomulagi því, sem getið er um í 21. gr. laganna eða ekki. Þessi skattlagning hafi nákvæmlega sömu áhrif á fjárhag og greiðslugetu allra lífeyrissjóðanna. Hins vegar sé aðdragandinn að skattlagningu svokallaðra samkomulagssjóða annar og lengri en hinna lífeyrissjóðanna, en það breyti engu um eðli hennar. Það sé aðeins orðalagsmunur, en ekki eðlismunur, þegar sagt sé í 24. gr. laganna, að 5% af iðgjaldatekjum samkomulagssjóðanna svokölluðu skuli varið til uppbótagreiðslna, en í 25. gr. laganna sé kveðið á um, að lífeyrissjóðirnir skuli greiða 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum til þess að standa undir greiðslum eftirlauna samkvæmt II. kafla laganna, en fjár til þessa sé einnig aflað með öðrum hætti.

Tæplega sé hægt að benda á skattlagninu, þar sem meira jafnræðis gæti á milli skattgreiðenda.

Þegar lögin hafi verið sett, hafi einnig verið skattlagðir atvinnurekendur, sem ekki greiddu í lífeyrissjóð, og á þessum tíma hafi vart verið öðrum vinnandi mönnum til að dreifa, sem ekki hefði þegar verið gert skylt að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs og því hafi þessi óbeina skattlagning í raun náð til allra vinnandi manna í landinu. Þannig séð sé heldur enginn munur á skattlagningunni.

Þess verði og að gæta, að framlag atvinnurekenda og launþega í iðgjaldagreiðslunum hafi verið skattlagt með sama hætti.

Með setningu laganna hafi öllum verið tryggður sambærilegur lífeyrir á grundvelli atvinnutekna.

Varðandi það atriði, hvert það fé renni, sem aflað sé með skattheimtunni, beri þess fyrst að gæta, að stéttarfélögin, sem aðild hafi átt að samkomulaginu, sem um sé getið í 21. gr. laganna, og lífeyrissjóðirnir, sem þar komi við sögu, séu tvær lögpersónur. Aðild að stéttarfélagi fylgi ekki sjálfkrafa aðild að lífeyrissjóði og því hafi uppbót samkvæmt lögunum bæði verið greidd til þeirra, sem ekki áttu aðild að lífeyrissjóði, og til þeirra, sem takmörkuð réttindi áttu til lífeyrisgreiðslna. Því hafi ekki alfarið verið um að ræða tilfærslu á fé á milli manna í sama hópi svo og hafi þeir, sem skattlagðir voru, ekki sjálfir notið góðs af skattfénu, heldur menn, sem ekki voru skattlagðir. Því gegni hér sama máli og um menn, sem lífeyri hafi fengið samkvæmt II. kafla laganna. Í því sambandi megi og benda á, að þeir, sem lífeyri fái samkvæmt II. kafla laganna, myndu hafa greitt í þá

lífeyrissjóði, hefðu þeir greitt í lífeyrissjóði á annað borð. Það sé því ekki neinn munur á því, hvernig skattfénu sé varið.

Af þessu sé ljóst, að skattlagningin skv. 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 97/1979 brjóti á engan hátt í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar né heldur grundvallarreglur hennar um jafnrétti þegnanna.

Því sé sérstaklega mótmælt, að stefnandi eigi rétt á að krefjast þess, að dráttarvextir séu greiddir af endurgreiðslukröfu hans.

Álit dómsins.

Lög nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra ná hvað snertir skattskyldu lífeyrissjóða samkvæmt lögunum til þeirra lífeyrissjóða, sem II. kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða tekur til og undirritað hafa samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, sbr. 1. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 24. gr. laganna, svo og annarra lífeyrissjóða, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt, sbr. 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laganna.

Því er haldið fram af hálfu stefndu, að samkvæmt þessu nái lögin til allra starfandi lífeyrissjóða í landinu, og hefur því ekki verið andmælt af hálfu stefnanda, og ekkert er í ljós leitt, sem bendir til annars.

Í 21. og 22. gr. laganna er kveðið á um, að allir þeir, sem rétt eigi til lífeyrisgreiðslna samkvæmt þeim, eigi einnig rétt á að fá greidda uppbót á lífeyrisgreiðslurnar árin 1980-1982 með nánar tilteknum hætti.

Fé til uppbótargreiðslna þeirra, sem lífeyri fá samkvæmt I. kafla laganna, er aflað með því að samkomulagssjóðirnir svonefndu leggja fram 5% af iðgjaldatekjum sínum árin 1980-1982, en lífeyrisgreiðslurnar að öðru leyti fjármagnaðar af Atvinnuleysistryggingasjóði og ríkissjóði.

Aðrir lífeyrissjóðir skulu einnig leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum til þess að standa straum af kostnaði af greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla laganna, greiðslu uppbótar á þann lífeyri og greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Lífeyrisgreiðslur samkvæmt II. kafla laganna eru að öðru leyti fjármagnaðar af ríkissjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og framlagi launaskattsgreiðenda, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi.

Samkvæmt 2. og 7. gr. laganna eiga allir þeir, sem lífeyrisréttindi fá samkvæmt þeim, að uppfylla sömu skilyrði að öðru leyti en því, að þeir, sem lífeyri fá samkvæmt I. kafla laganna, skulu vera félagar í stéttarfélagi, en þeir, sem lífeyri fá samkvæmt II.kafla, þurfa þess ekki.

Eins og fram kemur í lýsingu málavaxta, hefur allt frá árinu 1969 orðið þróun í lífeyrismálum hérlendis í þá átt að tryggja öllum landsmönnum, sem hafa haft ákveðnar lágmarksatvinnutekjur, rétt til lágmarkslífeyrisgreiðslna til viðbótar þeim eftirlaunum, sem Almannatryggingar greiða, þegar þeir hafa náð ákveðnum aldri og að öðrum skilyrðum fullnægðum. Setning laga nr. 97/1979 er hluti þessarar þróunar. Fjár til þessara lífeyrisgreiðslna hefur verið aflað með þeim hætti, sem að framan er lýst, m.a. með því að skattleggja starfandi lífeyrissjóði í landinu. Þótt sá orðalagsmunur sé í lögunum, að skattur þeirra lífeyrissjóða, sem getið er í 24. grein laganna, skuli renna til greiðslu uppbótar á lífeyri, en skattur þeirra lífeyrissjóða, sem getið er um í 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laganna, skuli renna til að standa undir kostnaði af greiðslu eftirlauna og uppbótar á þau, þykir skattheimtan vera sama eðlis í báðum tilvikum, og sömuleiðis er hún jöfn að hlutfalli. Skattheimtan skoðuð út af fyrir sig þykir vera grundvölluð á málefnalegum sjónarmiðum og ná með sama hætti til allra, sem skattlagðir eru. Skattlagningin nær jafnt til allra þeirra aðilja í landinu, sem starfa á sams konar eða svipuðum grundvelli, þ.e. lífeyrissjóðanna.

Ekki verður annað sér en lífeyrissjóðnum hafi fyrst og fremst verið formlega skipt í tvo hópa samkvæmt lögunum, og það byggist á sögulegum forsendum, en ekki efnislegum. Þessi skipting leiðir til þess, að skattfé frá stefnanda og hliðstæðum lífeyrissjóðum rennur fyrst og fremst til þess að greiða hluta lífeyris þeirra, sem eru ekki í stéttarfélögum eða lífeyrissjóðum að meginstefnu til, en skattfé frá öðrum lífeyrissjóðum til þeirra, sem eru í stéttarfélögunum, sem að þeim standa, og einnig í lífeyrissjóðunum í sumum tilvikum, og má því segja, að þeir, sem lífeyrisins njóta, séu í nánari tengslum við skattgreiðendurna en þeir, sem njóta góðs af skattgreiðslum stefnanda og hliðstæðra lífeyrissjóða. Báðum þessum hópum manna er það sameiginlegt, að þeir fá ákveðinn lífeyrisrétt samkvæmt lögunum, rétt, sem þeir annars hefðu ekki fengið, og hluta kostnaðar vegna þessara réttinda er öllum lífeyrissjóðum gert skylt að greiða. Þrátt fyrir þennan mun á ráðstöfun skattfjárins verður ekki séð, að hlutur stefnanda og hliðstæðra lífeyrissjóða sé verri eða þungbærari hvað snertir skattlagninguna og skattbyrðina en annarra lífeyrissjóða í landinu eða þessi mismunandi ráðstöfun skipti máli að öðru leyti.

Niðurstaða dómsins er því sú, að 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 97/1979 fái samrýmst 67. gr. stjórnarskrárinnar og grundvallarreglum hennar um jafnræði þegnanna, en stefnandi hefur um það vísað til 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Umsjónarnefnd eftirlauna, heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 2. júlí 1984.

Nr. 72/1980. **Hreppsnefnd Þverárhrepps**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Benedikt Axelssyni
Elínborgu Ólafsdóttur
Sigfúsi Sigfússyni og
oddvitum hreppsnefnda Þorkelshólshrepps,
Áshrepps og Sveinsstaðahrepps f.h. hreppanna
(Páll A. Pálsson hrl.)

Afréttir. Umferðarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. maí 1980. Hann krefst þess, að viðurkennt verði með dómi, að íbúum Þverárhrepps sé heimil umferð með búfénað um lönd jarðanna Grafar og Miðhóps, þar á meðal um svokallað Miðhópshlið eftir leið, sem merkt er I á uppdrætti, sem lagður hefur verið fyrir Hæstarétt, „svo sem þeim sé þörf til að mega nýta umferðarrétt sinn um lönd Rannveigar Ingimundardóttur og beitarrétt sinn á afréttarsvæðunum í Fremrihlíð, á Haukagilsheiði, Lambatungum og Kornsártungum.“ Áfrýjandi krefst og málskostnaðar í héraði in solidum úr hendi allra annarra stefndu en Sigfúsar Sigfússonar og fyrir Hæstarétti úr hendi allra stefndu in solidum.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu Benedikt Axelsson og Elínborg Ólafsdóttir hafa keypt hálflendu jarðarinnar Miðhóps af Jóni Kristjánssyni og Margréti Björnsdóttur og tekið við aðild þeirra að máli þessu.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal yfirlýsing Rannveigar Ingimundardóttur 30. desember 1983 um, að íbúum Þverárhrepps sé heimilt að fara með búpening til afréttar um Kornsárselsland og Þingeyraselsland. Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt afsal 9. janúar 1904 frá Sigurði Jónssyni, bónda á Lækjamóti, til áfrýjanda fyrir afréttarlöndum hans á Lambatungum, Kornsártungum og Haukadalsheiði.

Áfrýjandi hefur með munnlegum samningum fengið tímabundnar heimildir til hrossabeitar í Fremrihlíð í Þorkelshólshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, síðan um 1969. Hann hefur ekki gert kröfu sérstaklega til umferðar með búpening þangað.

Áfrýjendur keyptu afréttarlönd sín árið 1904, eins og fyrr segir, en samkvæmt málsgögnum hófust hrossarekstrar úr Þverárhreppi til afréttarins um Grafar- og Miðhópslönd ekki fyrr en um 1930. Þar er því ekki um forna upprekstrarleið úr Þverárhreppi að ræða.

Eins og í héraðsdómi greinir, lét hreppsnefnd Þorkelshólshrepps með samþykki þáverandi eiganda Miðhóps loka hliði á svonefndri Miðhópsgirðingu árið 1945. Með úrskurði 9. júlí s.á. synjaði fógeti kröfu um, að hliðið væri opnað með beinni fógetagerð. Haustið 1945 komst á samningur um umferð með búpening úr Þverárhreppi gegnum hliðið til afréttar. Með bréfi 5. júní 1960 beindi oddviti Áshrepps þeim tilmælum til oddvita Þverárhrepps, að stóð úr hreppnum yrði rekið fram Vatnsdal til afréttar sökum mikils ónæðis á lambfé af rekstri stóðsins. Hinn 20. sama mánaðar sendi Grímur Gíslason f.h. Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa oddvita Þverárhrepps svohljóðandi símskeyti:

„Að gefnu tilefni í símtali í dag og samkvæmt heimild í 4. mgr. 6. gr. fjallskilareglugerðar Austur-Húnavatnssýslu tilkynnist yður, að stóð úr Þverárhreppi ber að reka fram Vatnsdal til afréttar."

Svo er að sjá sem einhverjir hrossaeigendur úr Þverárhreppi hafi haldið áfram stóðrekstrum um Miðhópsland þrátt fyrir fyrirmæli þessi, en árið 1971 var ákveðið að læsa hliðinu, eins og í héraðsdómi

greinir. Þar er og greint frá sakadómsrannsókn, sem fram fór 1962 vegna stóðrekstra gegnum hliðið og lögreglurannsókn, sem fram fór út af sams konar tilefni 1973.

Eins og að framan greinir, var Miðhópshliði lokað árið 1945, en síðan var samið um rekstur gegnum hliðið, og virðist sá samningur hafa verið í gildi fram undir 1960. Þegar af þessum sökum verður ekki fallist á, að áfrýjandi hafi unnið hefð á upprekstrarleið gegnum Miðhópsland.

Afréttarlönd þau, sem áfrýjandi á og um ræðir í máli þessu, eru í Austur-Húnavatnssýslu og á umráðasvæði Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 98/1941 skyldi reka búpening á miðjan afrétt, nema fjallskilastjórn hefði ákveðið annað. Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar skyldi reka þannig í gegnum heimalönd manna, að sem minnstur bagi yrði að, og var fjallskilastjórn heimilað að ákveða, hvaða leiðir skyldi reka á afrétt. Samhljóða ákvæði er að finna í síðari fjallskilareglugerðum fyrir Austur-Húnavatnssýslu, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 19/1961 og 2. og 3. mgr. 6. gr. núgildandi reglugerðar nr. 177/1971. Samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar frá 1971 hefur sýslunefnd yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir eða fjallskilastjórnir kosnar af hreppsnefndum innan viðkomandi upprekstrarfélags annast alla stjórn og framkvæmd á þeim hver á sínu svæði. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar er sameiginlegt upprekstrarfélag fyrir Ás- og Sveinsstaðahreppa.

Þessi ákvæði eru óbreytt frá því, sem var í reglugerðunum frá 1941 og 1961.

Telja verður, að Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa hafi verið rétt, eins og það gerði 1960, að ákveða samkvæmt heimild í 6. gr. fjallskilareglugerðarinnar, að hross úr Þverárhreppi skyldu rekin fram Vatnsdal til afréttar á umráðasvæði þess og að þeim, sem hross ráku til þess afréttar úr Þverárhreppi, hafi verið skylt að hlíta þeirri ákvörðun. Er þá haft í huga, að hreppsnefnd Þorkelshólshrepps og eigendur Miðhóps höfðu talið stóðrekstra um land þeirrar jarðar til baga og lokuðu leiðinni. Ekki var heldur um forna leið að ræða til upprekstrar fyrir búpening úr Þverárhreppi um lönd Miðhóps og Grafar, eins og fyrr segir.

Samkvæmt því, sem nú er greint, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Þverárhrepps f.h. hreppsins, greiði stefndu, Benedikt Axelssyni, Elínborgu Ólafsdóttur, Sigfúsi Sigfússyni og hreppsnefndum Þorkelshólshrepps, Sveinsstaðahrepps og Áshrepps f.h. hreppanna, 25.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur áreiðar- og vettvangsdóms Húnavatnssýslu 23. mars 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. mars sl., er höfðað af hreppsnefnd Þverárhrepps, Vestur-Húnavtanssýslu, f.h. hreppsins með stefnu, útgefinni 9. janúar 1978, á hendur Benedikt Axelssyni og Elínborgu Ólafsdóttur, Miðhópi, vegna hálflendu þeirrar jarðar, Jóni Kristjánssyni og Margréti Björnsdóttur, Köldukinn, vegna hinnar hálflendu jarðarinnar Miðhóps, Sigfúsi Sigfússyni, Gröf, vegna þeirrar jarðar, Rannveigu Ingimundardóttur, Víðimel 66, Reykjavík, vegna Þingeyrarsels, Jóhannesi Guðmundssyni oddvita, Auðunnarstöðum, vegna hreppsnefndar Þorkelshólshrepps, Jóni Bjarnasyni, Ási, vegna hreppsnefndar Áshrepps og Bjarna Jónssyni, Haga, vegna hreppsnefndar Sveinsstaðahrepps og þeim báðum vegna Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

Að staðfest verði með dómi, að íbúum Þverárhrepps sé heimil umferð með búfénað um lönd jarðanna Grafar, Miðhóps — þar á meðal um svokallað Miðhópshlið —, og Þingeyrarsel, svo sem leið liggur forn og hefðbundin um lönd þessara jarða, fram á afréttarlönd hreppsins, Haukagilsheiði, Lambatungur og Kornsártungur, svo og Fremrihlíð. Þá er þess krafist, að stefndu verði — að undanteknum Sigfúsi Sigfússyni og Rannveigu Ingimundardóttur — dæmdir in solidum til þess að greiða hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Stefndu Sigfús Sigfússon og Rannveig Ingimundardóttir hafa ekki haft nein afskipti af máli þessu.

Málavextir.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja eru málavextir þeir, að með afsali, dags. 9. jan. 1904, keypti Þverárhreppur ¼ hluta svonefndrar Haukagilsheiðar og 1/8 hluta af svonefndum Kornsártungum og Lambatungum af Sigurði Jónssyni, bónda á Lækjamóti, en hér er um að ræða afréttarsvæði milli Grímstungu- og Víðidalstunguheiða í Húnavatnssýslu. Nánar er svæðum þessum þannig lýst: Haukagilsheiði liggur fram af hálsinum austan Víðidalsfjalls og fram að Stórasandi. Kornsártungur liggja norðan Haukagilsheiðar og takmarkast af Kornsárkvísl og Kleppukvísl. Lambatungur liggja austan Haukagilsheiðar og takmarkast að vestan af Álftaskálará og að austan af Bríkarkvísl og ná suður að Stórasandi. Þá hafa Þverhreppingar á síðastliðnum 20 árum haft heimild til hrossabeitar í eignarhluta Jóns Hannessonar í Fremrihlíð í Þorkelshólshreppi, en landssvæði það liggur meðfram Gljúfurá að vestanverðu sunnan Rófuskarðsár, austanvert við svonefndan Gafl.

Afréttarnot Þverhreppinga af Haukagilsheiði, Kornsártungum og Lambatungum eru sameiginleg með Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa, og eru þessir aðiljar sameigendur afréttarins.

Til reksturs búfjár í ofangreindan afrétt er um þrjár leiðir að ræða og hafa þær allar verið dregnar inn á landabréf, sbr. dskj. nr. 6, af Aðalbirni Benediktssyni, búnaðarráðunaut Grundarási í Vestur-Húnavatnssýlu. Fyrst verður hér lýst þeirri leið, sem stefnandi vill fá viðurkenndan umferðarrétt um, svonefndri Gljúfurárleið, og merkt er leið I á landabréfi. Það er leiðin af þjóðvegi frá býlinu Gröf í Víðidal, meðfram Gljúfurá að vestanverðu, um land jarðanna Grafar, Miðhóps og Þingeyrarsels (sem er eyðibýli) um Háeggjaás að Álku við Fremstasel. Leið þessi frá Gröf að Fremstaseli mældist 27 km löng.

Þá er að geta leiðar fram Vatnsdal, sem merkt er leið II á landabréfi. Þeirri leið er þannig lýst, að farið er eftir þjóðveginum frá Gröf að Sveinsstöðum og síðan inn Vatnsdal um Haukagil og fram með Álku að Fremstaseli. Sú leið mældist 33 km löng.

Þá er þriðja leiðin fram Víðidal, merkt leið III á landabréfi. Leiðinni er þannig lýst, að farið er eftir þjóðveginum frá Enniskoti og að vegamótum milli Víðidalsárbrúar og Lækjamóts og þar inn Víðidalinn um Hrappsstaði, þaðan heiðarveg að Hraungarði og síðan austur að Stuttalæk. Leið þessi mældist 48 km löng miðað við sömu endapunkta og leið I og II, en þá ber að hafa í huga, að Þverhreppingar koma með stóð sitt á þjóðveg (þ.e. hringveg) niður hjá Enniskoti, en ekki Gröf, og á milli þessarar tveggja staða mældust 2 km.

Þegar hin umstefnda Gljúfurárleið er farin, liggur hún um heimalönd jarðanna Grafar og Miðhóps, sem báðar eru setnar, svo og jarðarinnar

Þingeyrarsels, sem er í eyði. Þegar löndum þessara jarða sleppir, taka afréttarlönd við.

Fyrir allöngu girti þáverandi eigandi Miðhóps úr svonefndum Hólagilslæk og niður í Gljúfurá, fyrst og fremst til þess að verjast ágangi búfjár, er líða tók á sumar. Síðar var girðing þessi afhent Þorkelshólshreppi, og gerðust Ás- og Sveinsstaðahreppar meðeigendur að henni. Hlið er á umræddri girðingu, sem glögglega er merkt inn á landabréf á dskj. nr. 6, og hafa umráðamenn girðingarinnar stundum læst hliðinu og tálmað þannig stóðrekstra Þverhreppinga.

Ítala var gerð í umrædd afréttarlönd, dags. 12. ágúst 1940, af fimm manna ítölumatsnefnd, sem sýslumaður Húnavatnssýslu skipaði 6. júlí 1940. Samkvæmt ítölumati þessu, sem talið er hafa gilt alla tíð síðan, mega Þverhreppingar reka á afréttinn þá tölu fullorðinna hrossa, sem að neðan greinir, og er þá miðað við eignarhluta þeirra.

1.	Á Kornsártungu 1/8 af 40 =	5 hross
2.	Á Haukagilsheiði 1/4 af 300 =	75 hross
3.	Á Lambatungur 1/8 af 240 =	30 hross
	Alls	110 hross

Auk þess mega þeir reka 30 fullorðin hross í Fremrihlíð samkvæmt samkomulagi.

Fram hefur komið, að Þverhreppingar hófu stóðrekstra þá, sem hér um ræðir, um 1930. Á árinu 1945 ákvað hreppsnefnd Þorkelshólshrepps með leyfi og samþykki þáverandi eiganda og ábúanda Miðhóps að loka (læsa) hliði á Miðhópsgirðingu, þar sem hreppsnefndin taldi, að gegnum hliðið hefði enginn erindi, þar sem þarna væri ekki afréttarvegur nema fyrir bóndann í Miðhópi. Aðrir hefðu enga heimild til þess að fara þessa leið með afréttarpening og gera með því ónæði þeim peningi, sem þarna ætti að vera í fullri heimild. Eggert Levý, hreppstjóri á Ósum í Þverárhreppi, gerði þá um það kröfu til sýslumanns Húnavatnssýslu, að umrætt hlið yrði opnað með beinni fógetagerð. Í fógetarétti Húnavatnssýslu hinn 9. júlí 1945 var kveðinn upp úrskurður um deiluefnið, þar sem fógeti synjaði um framgang hinnar umbeðnu gerðar. Gerðarbeiðandi tók út áfrýjunarstefnu í málinu til Hæstaréttar 8. okt. 1945, en lét málssókn niður falla og gerði í þess stað samning, dags. 28. nóv. 1945, við Axel Guðmundsson, oddvita Þorkelshólshrepps f.h. hreppsins, svofelldan:

„Við undirritaðir Axel Guðmundsson hreppsnefndaroddviti fyrir hönd hreppsnefndar Þorkelshólshrepps og Eggert Levy bóndi í Ósum, gerum svofelldan samning: Hreppsnefnd Þorkelshólshrepps lofar að annast um að íbúum Þverárhrepps sé leyfð tálmunarlaus umferð um svonefnd Miðhóps-

hlið með skepnur sínar á leið til og frá afrétt. Ennfremur lofar hreppsnefndin að heimila íbúum Þverárhrepps upprekstrar á Víðidalsheiði á allt að 75 hrossum árlega, eftir nánari samkomulagi milli hreppsnefndar og hrosseigenda, enda sitji þeir menn fyrir, er þess hafa notið undanfarið. Eggert Levy lofar að láta fógetaréttarmálið Eggert Levy gegn oddvita Þorkelshólshrepps niður falla og allar kröfur í sambandi við það. Enn fremur greiðir Eggert Levy, við undirskrift samnings þessa kr. 300.- — þrjúhundruð krónur — til hreppsnefndaroddvita Þorkelshólshrepps. Hver aðili fyrir sig, getur óskað endurskoðunar samnings þessa, að liðnum 10 árum hjer frá. Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og halda aðilar einu eintaki hvor. Til staðfestu undirrituð nöfn okkar í viðurvist tilkvaddra votta."

Hinn 7. mars 1946 ritaði Eggert Levý hreppsnefnd Þverárhrepps svofellt bréf:

„Í samningi milli hreppsnefndaroddvita Þorkelshólshrepps f.h. hreppsnefndar tjeðs hrepps, og Eggerts Levy á Ósum, sem undirskrifaður var, í viðurvist tilkvaddra votta, á Lækjamóti 28/11 1945, eru fyrstu þrjár málsgreinarnar svohljóðandi: „Hreppsnefnd Þorkelshólshrepps lofar að annast um að íbúum Þverárhrepps sje heimil, tálmunarlaus umferð um svonefnd Miðhópshlið, með skepnur sínar á leið til og frá afrjettar. Ennfremur lofar hreppsnefndin að heimila íbúum Þverárhrepps upprekstur í Víðidalstunguheiði á allt að 75 hrossum árlega, eftir nánara samkomulagi, milli hreppsnefndar og hrossaeigenda, enda sitji þeir menn fyrir, er þess hafa notið undanfarið. Eggert Levy lofar að láta fógetarjettarmálið „Eggert Levy gegn oddvita Þorkelshólshrepps" niður falla og allar kröfur í sambandi við það. Síðasti liður tjeðs samnings hljóðar svo: Hvor aðili fyrir sig getur óskað endurskoðunar samnings þessa, að liðnum 10 árum hjer frá." Um leið og jeg tilkynni háttv. hreppsnefnd Þverárhrepps þetta, vil jeg vænta þess að hún annist um að þessi rjettur verði notaður, ætti það, ásamt þeim aukna rjetti til hrossarekstrar á okkar eigin afrjett austur frá, er leiðir af ákvæðum ítölulaganna, að mega reka hverja búpeningstegund, er menn vilja í ítölumat sitt að verða til þess, að Þverhreppingar geti ljett svo á heimalöndum sínum, hvað hagbeit hrossa snertir, yfir sumarið, að minna tjón verði af hrossafjöldanum heima en verið hefir hin síðustu ár. Viðvíkjandi þeim kjörum, er þeir hafa notið, er hross sín hafa rekið til Tunguheiðar, undanfarið hjeðan úr hreppi, þá hafa þau, skv. reikningum Þorkelshólshrepps verið þau að þeir hafa greitt þar hálft gangnaskilagjald, hálft girðingargjald og kr. 5.00 í hagatoll fyrir hvert hross, hefir það í framkvæmdinni orðið svo að þeir hafa ekki greitt neitt, sem heitir meira en íbúar Þorkelshólshrepps hafa orðið að greiða í gangnaskila og girðingargjald, með öðrum orðum, sama sem fengið landið, fyrir ekki neitt, saman borið við íbúa Þorkelshólshrepps."

Árið 1946, 2. apríl, var á sameiginlegum fundi Ás- og Sveinsstaðahreppa samþykkt samhljóða skv. heimild í 6. gr. fjallskilareglugerðar A-Húnavatnssýslu, að öll þau hross, sem reka ætti til afréttar upprekstrarfélagsins, skyldu rekast fram Vatnsdal og þaðan hinar venjulegu leiðir til afréttar. Rök Vatnsdælinga fyrir því að ákveða upprekstrarleiðina fram Vatnsdal voru einkum þau, eftir því sem séð verður, að það gerði lambfé mikið ónæði að reka hross fram með Gljúfurá á þeim árstíma, sem rekstrarnir færu fram, einnig vildi upprekstrarfélagið láta hreppstjóra Áshrepps telja hrossin á leið til afréttar, en grunur var talinn leika á, að Þverhreppingar rækju stundum mun fleiri hross í afréttinn en þeir höfðu heimild til.

Á fundi hreppsnefndar Þverárhrepps 10. mars 1958 var lögð fram tilkynning frá oddvita Þorkelshólshrepps, dags. 27.október 1957, þar sem sagði, að hreppsnefnd Þorkelshólshrepps hefði samþykkt að segja upp samningi við Þverárhrepp frá 28/11 1945 um upprekstur hrossa úr Þverárhreppi á Víðidalstunguheiði.

Hinn 26. júní 1958 gerðu Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur með sér svofelldan samning:

„Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur gera svofelldan samning um upprekstur á hrossum úr Þverárhreppi á Víðidalstunguheiði. Þorkelshólshreppur leyfir upprekstur á allt að 60 hrossum með eftirgreindum skilyrðum. Greitt sé sama gjald fyrir hross og lagt er á hross í Þorkelshólshreppi og er þá átt við bæði fjallskilagjald og girðingargjald. Auk þess greiði Þverárhreppur kr. 20.00 — tuttugu krónur — í upprekstrargjald pr. hross. Hrossin séu talin um leið og þau eru rekin og séu ekki rekin önnur hross fram Víðidal, en fara eiga á Víðidalstunguheiði. Þá er þess óskað að rekið sé frá þeim bæjum fyrst og fremst, sem áður hafa rekið á Víðidalstunguheiði. Komi í ljós þegar hrossin eru talin í réttum að haustinu, að fram yfir hafi verið rekið, þá gerir Þorkelshólshreppur þá kröfu að fá gjald fyrir þau hross sem fram yfir eru leyfða tölu á Haukagilsheiði, en koma hér á réttir, enda sannist að ekki sé um hross að ræða, sem rekin hafi verið án vitundar eigenda. Samningur þessi gildir í eitt ár, en framlengist um ár í senn, sé honum ekki sagt upp fyrir 15. maí. Samningur þessi er gerður í tveim samhljóð eint. og heldur sinn aðili hvoru."

Hinn 13. júní 1962 var fyrir tekið í sakadómi Húnavatnssýslu, sem haldinn var að Ósum í Þverárhreppi „rannsókn vegna brota á fjallskilareglugerð A-Hún." Rannsókn þessi var gerð vegna kæru, sem oddvitar Sveinsstaða- og Áshreppa f.h. upprekstrarfélaga þeirra hreppa höfðu lagt fram varðandi hrossarekstur nokkurra Þverhreppinga á Haukagilsheiði í júnímánuði 1961. Fyrir réttinn komu þeir Guðmundur Sigurðsson bóni, Katadal, Jóhannes Magnússon bóndi, Ægissíðu, og Skúli Árnason bóndi, Gnýstöðum, allir í Þverárhreppi. Allir viðurkenndu þeir að hafa rekið stóð sitt fram Víðidals-

fjall seint í júní 1961, þrátt fyrir það að þeir vissu, að oddvitar Ás- og Sveinsstaðahreppa hefðu tilkynnt oddvita Þverárhrepps, að þeir hefðu ákveðið rekstrarleið fram Vatnsdal. Málið var sent ríkissaksóknara, sem felldi það niður.

Hinn 7. maí 1963 ritaði oddiviti Þorkelshólshrepps f.h. hreppsins hreppsnefnd Þverárhrepps svofellt bréf:

„Hreppsnefnd Þorkelshólshrepps segir hér með upp samningi frá 26. júní 1958 um upprekstur hrossa úr Þverárhreppi á Víðidalstunguheiði."

Hreppsnefndir Ás-, Sveinsstaða- og Þorkelshólshrepps komu saman til sameiginlegs fundar í félagsheimilinu Víðihlíð 24. apríl 1971. Allir hreppsnefndarmenn hreppanna þriggja voru mættir á fundinum. Fjallskilamál hreppanna voru til umræðu. Á fundinum var samhljóða samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Sameiginlegur fundur Ás-, Sveinsstaða- og Þorkelshólshreppa 24. apríl 1971 samþykkir að lengja á þessu vori ef unnt reynist svokallaða Miðhópsgirðingu, svo að hún komi að sem bestum notum við að verja fé að fara bæði norður fyrir og eins úr heimahögum. Einnig að læsa hliðinu á girðingunni yfir sumarið og verði bóndanum í Miðhópi falið að geyma lykilinn."

Eftir þetta eða frá árinu 1972 var hliðinu læst á ný og hefur við svo búið staðið upp frá því, en lykillinn hefur verið geymdur hjá stefnda Benedikt Axelssyni.

Hinn 10. júlí 1973 varð vart við stóðrekstur frá Þverhreppingum, þar sem þeir voru að reka hross til Haukagilsheiðar. Við reksturinn voru þeir Guðmundur Sigurðsson, Katadal, Kristján Sigurðsson, Brautarlandi, Jón Ásmundarson, Bjarghúsum, og Halldór Sigurðsson, Efri-Þverá. Þetta kærðu þeir oddvitar Þorkelshóls- og Sveinsstaðahreppa og Benedikt Axelsson bóndi, Miðhópi, til sýslumanns, þar sem þeir töldu stóðrekstur þennan ólöglegan. Í kærunni segja þeir rekstrarmenn hafa brotið upp láslæst hlið á Miðhópsgirðingunni. Fram fór lögreglu- og dómsrannsókn sem send var ríkissaksóknara, en hann mun ekki hafa látið uppi álit á málinu né óskað eftir frekari aðgerðum.

Jóhannes Magnússon og Guðmundur Sigurðsson, sem áður hafa komið við sögu, rituðu hinn 27. júní 1974 sýslumanni Húnvetninga beiðni um, að umrætt hlið á Miðhópsgirðingu yrði opnað með fógetagerð. Úrskurður fógeta í málinu gekk hinn 13. ágúst 1974, og var krafa gerðarbeiðenda um opnun hliðsins ekki tekin til greina. Úrskurði þessum var áfrýjað til Hæstaréttar, sem staðfesti hann að niðurstöðu til, en í forsendum dómsins segir m.a. að réttur áfrýjanda til rekstrar gegnum hlið á Miðhópsgirðingu sé eigi glöggur og hafi hann ekki sýnt fram á, að slíkir hagsmunir hafi verið í húfi, að eigi hafi mátt bíða úrlausnar vettvangsdóms um ágreininginn.

Jóhannes Magnússon bóndi, Ægissíðu, kom fyrir dóminn í stað oddvita

Þverárhrepps, Jóhannesar Levý, sem bar fyrir sig heyrnardeyfu og óskaði þess, að Jóhannes Magnússon gæfi skýrslu í sinn stað. Jóhannes Magnússon greindi m.a. frá því, að allt frá því um 1930 hafi þeir Þverhreppingar rekið á afrétt fram með Gljúfurá. Aðspurður kvað hann Stóru-Borgar menn hafa rekið Vatnsdalsleiðina stundum, vegna þess að þeir höfðu lent í villum á Gljúfurárleiðinni. Þá kvað hann Jón bónda í Bjarghúsum hafa rekið Vatnsdalsleiðina á síðastliðnu vori. Kvað hann Gljúfurárleiðina vera bestu upprekstrarleiðina fyrir Þverhreppinga og nánar aðspurður, hverjir það séu, sem telji hana bestu upprekstrarleiðina, þá hafi það verið bændur allt frá Katadal og fram að Kistu að austan svo og frá Neðri- og Efri-Þverá og Bjarghúsum og einnig Grund í Vesturhópi. Bændur frá öllum þessum bæjum hafi rekið með sér á afrétt. Þá segir mætti, að það sé miklu betra að reka þessa Gljúfurárleið, af því að það sé miklu mýkra undir fæti fyrir hrossin og jafnframt stysta og greiðfærasta leiðin. Út af aðiljaskýrslu Benedikts Axelssonar kveður mætti það ekki rétt, að Svínadalsá sé straumþung á, heldur kvað hann þetta vera „góða lækjarsprænu", og ekki heldur sé um að ræða forardý þau, sem um getur í aðiljaskýrslunni. Hann segir allt of mikið sagt, að þessi umrædda leið sé aðeins fyrir þaulkunnuga menn, en að sjálfsögðu sé betra fyrir þá, sem ætli þessa leið, að þekkja hana nokkuð, eins og ástatt sé um margar aðrar leiðir. Þá kvað hann það einnig rangt, sem fram kemur í aðiljaskýrslunni, að þeir hafi valdið bændum í úthluta Þorkelshóls-, Ás- og Sveinsstaðahreppum milljónatjóni á hverju ári með því að tvístra fénaði þeirra til allra átta.

Aðspurður um það, hvað þeir hafi rekið langt, þegar þeir ráku Gljúfurárleiðina, þá kvað hann þá hafa rekið eins og leið liggur um Miðhópssel, fram með Gljúfurá og vegna beitarafnota í Fremrihlíð hafi þeir sleppt þar þeirri hrossatölu, sem þeir hefðu haga fyrir þar og síðan hafi þeir haldið áfram fram Háeggjaás fram á Kornsársel og þar yfir Kleppukvísl og fram með henni í gegnum hlið hjá Gægi og síðan suður og niður á Skútaeyrar, en síðan kvað hann þá gjarnan ríða niður Vatndalinn sér til gamans, þegar þeir væru lausríðandi. Aðspurður um það, hvaða leið önnur sé fær í Fremrihlíð en Gjúfurárleiðin, þ.e. ef rekið er upp Vatnsdal, þá kvað mætti, að reka yrði upp hjá Undirfelli, en sú leið væri fær, þó hún væri ekki greiðfær, en þó kvaðst hann heldur mundu vilja fara hana heldur en að reka alla leið fram í Fremstasel og þaðan í Fremrihlíð.

Í aðiljaskýrslu stefnda Benedikts Axelssonar, sem fram hefur verið lögð í málinu, segir m.a. svo, að þegar hreppsnefndir Ás-, Sveinsstaða- og Þorkelshólshreppa tóku ákvörðun 24/4 1971 um að loka Miðhópshliði, þá hafi ekkert samráð verið haft við Miðhópseigendur og að þeir hafi ekki einu sinni haft hugmynd um, að það stæði til að halda neinn fund né að fundur hefði verið haldinn, fyrr en Ólafur Daníelsson, fyrrverandi oddviti, kom

til stefnda og bað hann sem bónda í Miðhópi um að geyma lykilinn og gefa hliðinu gætur, en þann dag hafði hann læst umræddu hliði. Nú voru liðin tæp 7 ár, og enginn hafði óskað eftir því að fara þarna í gegn né mótmælt lokun hliðsins, svo vitað væri. Jóhannes Magnússon og Guðmundur Sigurðsson hefðu ekki komið með nokkurt umboð né hreppsnefnd Þverárhrepps komið með umboð frá Þverhreppingum, því það hafi ekki verið haldinn þar almennur hreppsfundur í mörg ár eftir því sem Þverhreppingar segi sér. — Þverhreppingar hafi rekið fram Vatnsdal, reki þar enn og muni gera það, því að það sé með betri upprekstrarleiðum hér í Húnavatnssýslunni. Það þurfi hvergi að reka eftir vegi nema á tveimur stöðum hjá Flögu og í gegnum túnið á Kornsá. Stefndi telur það dýraníðslu að reka fram með Víðidalsfjalli. Það sé ekki aðeins vandfarið, heldur þurfi að reka yfir straumþunga á, sem heiti Svínadalsá. Hún sé oftast vatnsmikil fram undir haust, svo þurfi að reka yfir forardý og sé þessi leið ekki fær nema fyrir kunnuga menn. Jóhannes Magnússon haldi því fram, að hann geti ekki rekið fram Vatnsdal, því að folöld séu svo ung. Vegna þessa vilji hann taka fram, að þeir, sem komnir séu til vits og ára, viti það, að hryssur kasti aðallega frá sumarmálum fram undir 15. júní, en þeir megi ekki reka fyrr en 15. júlí. Miðhóp sé austasti bær í Vestur-Húnavatnssýslu og eigi upprekstur á Víðidalstunguheiði. Þeir reki því Víðidal fram um Hrappstaði, sem sé um 50 km leið fremst úr Miðhópslandi, en ef þeir færu gegnum Þingeyrarselsland og þar fram, væri leiðin um 20 km. Hann kveður þá reka þessa lengri leið fram Víðidal, af því að þeir hlýði fjallskilareglugerð V-Húnavatssýslu. Stefndi segir Þverhreppinga geta rekið fram Vatnsdal, enda geri þeir það og hafi gert að undanskildum örfáum einstaklingum, sem Jóhannes Magnússon og Guðmundur Sigurðsson stjórni. Með því valdi þeir bændum í úthluta Þorkelshóls-, Ás- og Sveinsstaðahreppa milljónatjóni á hverju ári með því að tvístra fénaði þeirra til allra átta um hásláttinn.

Jóhannes Guðmundsson, oddviti Þorkelshólshrepps, kom fyrir dóminn. Skýrði hann m.a. svo frá, að hann hafi verið fundarritari á sameiginlegum fundi Þorkelshóls-, Ás- og Sveinsstaðahreppa, sem haldinn var 24. apríl 1971, og kvaðst hann m.a. hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslu um samþykkt þá, sem gerð var samhljóða um að læsa hliðinu á Miðhópsgirðingu. Hann kvað þessa ákvörðun hafa verið tekna af brýnni nauðsyn, enda hafi það þráfaldlega komið fyrir, að hliðið hafi verið skilið eftir opið. Það hafi ekki verið meiningin að meina einum eða neinum umferð um þessa leið, Gljúfurárleið, en hann kvað hvorki Jóhannes Magnússon né neinn annan úr Þverárhreppi hafa beðið sig um lykilinn að hliðinu. Varðandi svonefnda Miðhópsgirðingu kvað mætti það hafa komið fram í bréfi frá ábúendum á nokkrum jörðum í Þorkelshólshreppi, a.m.k. Gröf og Miðhópi, til oddvita Þorkelshólshrepps ellegar hreppsnefndar frá árinu 1933 eða 1934, að þessi

umræddа girðing væri afhent Þorkelshólshreppi, og alla tíma síðan hafi Þorkelshólshreppur séð um viðhaldið á girðingunni svo og um lengingu hennar 1971 og hafi kostnaður við þá framkvæmd verið greiddur að hálfu af Ás- og Sveinsstaðahreppum eins og gert hafi verið um viðhaldið. Aðspurður taldi hann fyrrnefnda þrjá hreppa vera eigendur girðingarinnar. Mætti kvað Jóhannes Magnússon hafa fengið munnlegt leyfi til þess að reka hrossastöð yfir svonefndan Gafl um þriggja, fjögurra ára skeið og hafi Jóhannes beðið um leyfið árlega, en enginn annar Þverhreppingur hefði beðið um slíkt leyfi. Hins vegar kvaðst hann alveg hafa látið Jóhannes um það, hvort hann færi með stóð frá sjálfum sér eða öðrum. Aðspurður um það hvaða upprekstrarleið sé styst og eðlilegust fyrir Þverhreppinga að Fremrihlíð, kvað hann það vera best fyrir alla að fara veginn fram Vatnsdal.

Þá kom fyrir dóminn Jón Bjartmar Bjarnason, oddviti Áshrepps. Kvaðst hann hafa tekið þátt í samþykkt um lokun Miðhópsgirðingar á sameiginlegum fundi hreppanna 24. apríl 1971. Hann taldi hreppana þrjá, Þorkelshóls-, Sveinsstaða- og Áshrepp eiga Miðhópsgirðingu. Aðspurður um það, hvaða upprekstrarleið væri styst og eðlilegust fyrir Þverhreppinga að Fremrihlíð, kvað hann það eðlilegast, að þeir færu fram Vatnsdal og þá annaðhvort upp hjá Undirfelli eða alla leið fram í Fremstasel. Varðandi Undirfellsleiðina kvað hann þá Vatnsdælinga fara með fjársafnið af Víðidalsfjalli niður hjá Undirfelli á hverju hausti, þegar rekið er til réttar. Mætti óskaði að taka fram, að hann áliti, að um skammtímanot Þverhreppinga af Fremrihlíð yrði að ræða, vegna þess að Áshreppur og Sveinsstaðahreppur væru að reyna að kaupa þetta land, og einnig yrði stefnt að því í framtíðinni að hætta að reka stóðhross á heiðar.

Í málinu hafa verið lögð fram nokkur vottorð og yfirlýsingar, sem nú skal greint frá.

Lögmaður stefnanda sendi hinn 10. júní 1977 Guðmundi Jósafatssyni frá Brandsstöðum svohljóðandi bréf: „Um leið og ég vísa til samtals við þig nýverið, þar sem ég spurðist fyrir um upprekstrarleið Þverhreppinga inn á Víðidalsfjöll (Haukagilsheiði) vildi ég biðja þig að staðfesta bréflega eða með áritun á bréf þetta, — ef ég hef skilið þig rétt, — að leiðin hafi legið upp Miðhópsland og síðan inn með Gljúfurá á vestan. Þar sem þú ert manna kunnugastur þætti mér gott að fá þessa umsögn þína.“ Guðmundur endursendi bréfið með svofelldri áritun: „Að gefnu tilefni skal það tekið fram, að þessi umsögn mín er byggð á frásögn Valdimars K. Benónýssonar, þá bónda á Ægissíðu í Vesturhópi — sennilega 1948 eða '49.“

Björn Björnsson, Brúsastöðum gaf hinn 8. mars 1977 svohljóðandi vottorð:

„Undirritaður sem er fæddur og uppalinn í Miðhópi í Víðidal og síðar

bóndi þar, get hér með vottað samkv. beiðni, að götur og gamlir götutroðningar eru á leiðinni frá þjóðveginum við Miðhóp fram um Miðhópssel og að hliði á afréttargirðingu fremst í Miðhópslandi svokallað Miðhópshlið, og þaðan áfram fram með Gljúfurá eins og leið liggur fram á heiði. Selgötur í Þingeyrarsel liggja vestan Gljúfurár fram með sel-kvísl."

Lögð hefur verið fram yfirlýsing frá Jóni S. Pálmasyni, Þingeyrum, oddvita Sveinsstaðahrepps, dags. 8. júlí 1945, sem lögð var fram í fógetarétti Húnavatnssýslu 9. júlí 1945, svohljóðandi:

„Að gefnu tilefni upplýsist, að fyrir síðustu aldamót ráku út-Víðdælingar fje og hross, sem til heiðar átti að fara, fram Víðidalsfjall, og var þá lagt á þá menn gangnaskil í Sveinsstaðahreppi. En með samningi, sem gerður var nokkru eftir 1900 milli Þorkelshólshrepps og upprekstrarfjelags Grímstungu og Haukagilsheiðar um það, að þeir hættu að greiða gangnaskil til Sveinsstaðahrepps fjell þessi rekstrarleið niður og hefir aldrei síðan verið heimiluð af hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps, öðrum en þeim, sem hafa leyfi til að sleppa fjenaði sínum í Víðidalsfjall. Aðrir, sem þessa leið hafa rekið afrjettarpening, hafa gert það í heimildarleysi og gegn vilja hreppsnefndar."

Yfirlýsing Sigfúsar Sigfússonar, dags. 21/2 1978, er svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Sigfús Sigfússon, bóndi í Gröf í Víðidal, lýsi því hér með yfir, að ég læt afskiptalaust svokallað Hliðmál og amast ekki við umferð Þverhreppinga með stóð sitt á leið til heiðar um Grafarland."

Yfirlýsing Jóns Hannessonar, Blönduósi, dags. 15. ágúst 1979, er svohljóðandi:

„Ég undirritaður lýsi hér með yfir, að Þverárhreppur, V-Hún. hefur nú og í s.l. 20 ár haft heimild til hrossabeitar í eignarhluta minn í Fremrihlíð í Þorkelshólshreppi, heimild þessi er frá minni hendi ekki háð neinum hindrunum á rekstrarleiðum að landinu."

Fram hefur verið lögð yfirlýsing 16 bænda í Ás- og Sveinsstaðahreppum, dags. í febrúar 1980, svohljóðandi:

„Við undirritaðir bændur í Sveinsstaða- og Áshreppum, mótmælum harðlega öllum stóðrekstrum fram með Víðidalsfjalli að sumrinu eftir að við höfum slept þar sauðfé okkar. Við slíka umferð styggist fé og safnast saman við læki og aðrar hindranir, svo að mikil hætta er á að lömb villist frá mæðrum sínum. Í annan stað er okkur ekki kunnugt um að nein ákveðin rekstrarleið til heiða sé um þetta land. Mótmælum við því allri umferð þarna nema í samráði við fjallskilastjórn."

Í tilefni af margumræddri lokun hliðs á Miðhópsgirðingu skrifaði lögmaður stefnanda vegamálastjóra bréf, dags. 27. des. 1975, þar sem hann gerði grein fyrir málavöxtum og fór þess á leit, að vegamálastjóri gæfi úrskurð eða umsögn skv. heimild í 13. og 16. gr. girðingarlaga nr. 10/1965,

hvort heimilt sé eða lögum samkvæmt að loka (læsa) umræddu hliði, svo sem Miðhópsbóndi hefði gert. Þá sendi lögmaðurinn vegamálastjóra framhaldsgreinargerð, dags. 18. jan. 1976. Málaleitan lögmannsins svaraði vegamálstjóri með bréfi, dags. 21. jan. 1976, og í niðurlagi þess segir svo:

„Ekki verður séð af tiltækum gögnum, að vegur til almenningsþarfa hafi verið lagður upp með Gljúfurá að vestan og leiðin hefur aldrei verið ætluð til almennrar notkunar í umsjá Vegagerðar ríkisins. Er þess vegna litið svo á, að umrædd leið sé ekki þeirrar gerðar að títtnefndar lagagreinar verði taldar eiga við og verður því ekki á þessum vettvangi tekin afstaða til, hvort heimilt sé að hindra umferð um Miðhópshlið í Vestur-Húnavatanssýslu."

Dómendur, lögmenn og nokkrir af málsaðiljum gengu á vettvang og athuguðu staðhætti.

Málsástæður og lagarök.

Lögmaður stefnanda byggir dómkröfur sínar einkum á tveim ástæðum. Í fyrsta lagi því, sem hann nefnir almennum rétti, einskonar náttúrurétti, til frjálsrar umferðar (í rauninni allemandsret). Sérstakur umferðarréttur fylgir fasteignum hverskonar að almannaleiðum, þjóðvegum o.s.frv., og þá auðvitað nema annað liggi beinlínis fyrir, eftir þeirri leið, sem styst er eða greiðfærust í hverju tilfelli. Lögmaðurinn telur, að þegar umbjóðendur hans keyptu umrædd svæði fyrir 74 árum hafi að sjálfsögðu fylgt réttur og aðstaða til þess að nytja þau og til þess að komast að þeim stystu og eðlilegustu leið, sem hafi verið upp með Gljúfurá að vestan, önnur leið hafi ekki komið til greina. Þótt löngu síðar hafi verið lagður vegur austur í Áshreppi upp Vatnsdal, breyti það engu um eignarréttarstöðu eða afréttarnot umbjóðenda hans og öll sönnunarbyrði fyrir því, að umbjóðendur hans hafi einhverntíma eða með einhverjum hætti glatað hinum upprunalega og náttúrlega umferðarrétti á afréttarsvæðinu myndi óskorað hvíla á þeim, sem reyndu að halda slíku fram. Sú sönnun liggi engin fyrir í málinu. Hin málsástæðan, sem lögmaður stefnanda byggir dómkröfur sínar á, ef sú fyrri teljist ekki einhlít, er sú, að umbjóðendur hans hafi unnið hefð á umræddri umferðarleið. Vitnar hann þar til skýrslu Eggerts Levý á dskj. nr. 7, greinargerðar sama og samnings á dskj. nr. 10, ennfremur dskj. nr. 11, álitsgerðar Páls S. Pálssonar á dskj. nr. 13b, greinargerðar til vegamálastjóra á dskj. nr. 16, vottorðs fyrrv. ábúanda á Miðhópi á dskj. nr. 18 og vottorðs Guðmundar frá Brandsstöðum á dskj. nr. 17. Einnig vitnar hann til útdráttar á dskj. nr. 19 af ýmsum framburðum og vitnaleiðslum frá fyrri tíma, þar sem víða komi fram viðurkenning stefndu á því, að Þverhreppingar hafi rekið þessa leið, a.m.k. frá 1930, sbr. og forsendur úrskurðar sýslumanns 13/8 1974. Jafnvel þótt hefðarhaldið hefði einhvern tíma rofnað, — sem nú hafi ekki verið — þá myndi það engu breyta, því að umbjóðendur hans

hefðu þá unnið hefðina á ný, þar sem hefðartími umferðarréttar sé aðeins 10 ár, enda sýni málaferlin og ferðir umbjóðenda hans gegnum hliðið, þótt lokað væri, að þeim væri alvara að halda rétti sínum til ýtrustu laga. Lögmaðurinn segir því stundum hafa verið haldið fram öðrum þræði, að úrskurðurinn 1945 sé enn í fullu gildi, þar sem honum hafi aldrei verið hrundið með áfrýjun. Hér sé því til að svara, að hafi úrskurðurinn yfirleitt haft nokkra réttarverkun, þá hafi hún verið „samin af honum," ef svo mætti segja. Annars hafi sá úrskurður ekki fjallað um annað en það, hvort þáverandi fógeti, Guðbrandur Ísberg, skyldi veita aðstoð eða ekki til þess að ná einhverjum plönkum úr umræddu hliði, um umferðarrétt sem slíkan segi úrskurðarorðið ekkert. Hér taki hæstaréttardómur 15. mars 1977 hins vegar af skarið, þar sem svo sé fyrir mælt, að leita skuli úrlausnar vettvangsdóms um umferðarréttinn. Þá segir lögmaður stefnanda, að enda þótt afréttarleiðin upp með Gljúfurá sé og hafi aldrei verið „lagður" vegur eða í „umsjá Vegagerðar ríkisins," eins og vegamálastjóri komist að orði í dskj. nr. 16, þá sé hitt víst og áreiðanlegt, að leiðin falli undir 16. gr. girðingarlaga „vegur, stígur eða götutroðningur," og þess vegna ekki heimilt að loka henni eða „með öðru móti hindra umferð" um hana, sbr. 1. mgr. 16. gr., nema sveitarstjórn leyfi eða eftir atvikum vegamálstjóri. Nú liggi fyrir bréf oddvita Þorkelshólshrepps, dskj. nr. 15, þar sem segi berum orðum, að hreppsnefndin hafi „enga samþykkt gert" í þessar áttir. Engu máli skipti þótt oddvitar fleiri saman kunni að hafa samþykkt eitthvað, það fái ekki formlegt gildi, fyrr en það hafi verið afgreitt sérstaklega í hverri hreppsnefnd fyrir sig. Þegar af þessari ástæðu leiði, að engin heimild sé til þess að hindra umferð Gljúfurárleiðina upp úr Miðhópslandi. Lögmaður stefnanda kveðst ekki þurfa að rekja nauðsyn og yfirburðakosti umstefndrar umferðarleiðar fyrir búpening, miðað við leiðina upp Vatnsdal eða upp Víðidal. Sérstaklega vill hann vekja athygli á afréttarsvæðinu Fremrihlíð, sem umbjóðendur hans nytji, en þangað sé raunverulega engin leið úr byggð nema Gljúfurárleiðin. Loks megi vekja athygli á því, að samhliða því að umbjóðendum hans sé það að kalla óhjákvæmileg nauðsyn, brýnt hagsmunaatriði, að geta hagnýtt sér þessa ákveðnu umferðarleið, þá sé það á hinn bóginn stefndu með öllu meinalaust, enda leiðin engum bönnuð eða hindruð nema umbjóðendum hans. — Aðalreglan sé sú, að menn eigi frjálsan umferðarrétt og aðgang að eignum sínum og starfrækslu, þ. á m. að afréttar- eða beitilöndum sínum, enda þótt það kunni að hafa einhverjar takmarkanir í för með sér á eignar- og afnotaréttindum annarra. Þetta sé beinlínis mannréttindaregla í nútíma réttarþjóðfélagi. Löggjöfin geri skýrlega ráð fyrir þessu, sbr. t.d. 16. gr. girðingarlaga nr. 10/1965, þar sem jafnvel götutroðningur njóti réttarverndar, að þeim megi ekki loka nema að uppfylltum sérstökum skilyrðum. Í vegalögum sé á sama hátt gert ráð fyrir t.d. vegum og umferðar-

rétti að „eyðibýlum, fjallskilaréttum" etc., fjallvegum „vegna nýtingar afréttar- og beitilanda," o.s.frv. Byggt sé á þeirri reglu, að haldast skuli status quo, þar til skorið hafi verið úr ágreiningi af lögbærum dómstóli, áreiðar- og vettvangsdómi. — Fjallskilareglugerðir geti ekki svipt menn neinum þeim umferðarrétti, sem þeir eigi fyrir. Vangaveltur varðandi fjallskilareglugerð A - Hún. komi þess vegna í lítinn stað hér, enda Miðhóp og Gröf ekki á því gildissvæði, og a.m.k. vafasamt um Þingeyrarsel.

Lögmaður stefndu styður sýknukröfur sínar þeim rökum m.a., að aðild og efni dómkröfu sé nokkuð annmörkum háð. Hreppsnefndin geri kröfu vegna allra íbúa Þverárhrepps um, að þeim sé heimil umferð með búfénað um lönd tiltekinna jarða, svo sem leið liggi forn og helgaðbundin fram á tiltekin afréttarlönd. Svo sem fram komi í málinu, eigi Þverárhreppur ítölu hrossa og sauðfjár í afréttarlöndin. Þessari ítölu hljóti hreppsnefnd að úthluta tilgreindum búfjáreigendum í hreppnum. Þeir einir og ekki aðrir íbúar hreppsins geti krafist rekstrarleiðarinnar. Þá er því alfarið mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að um þessi lönd liggi forn og helgaðbundin leið, og jafnframt er því mótmælt, sem síðar segir í stefnu, að þarna sé afréttarleið frá fornu fari og bæja-, kirkju og selvegur, meðan býli voru í dalnum þar frammi og enn í dag almenn umferðarleið. Þetta sé endaleysa og brjóti í bága við þau gögn, sem fram séu lögð í málinu. — Málið hafi að verulegu leyti verið byggt upp af málshefjendum nú á þeim forsendum, að Þingeyrarsel sé ekki í Austur-Húnavatnssýslu og ekki innan gildissvæðis reglugerðar fyrir Austur-Húnavatnssýslu fyrir fjallskil o.fl. frá 3.maí 1971. Í þessari reglugerð segi í 6. gr., 3. mgr.: „Þannig skal reka í gegnum heimalönd manna að sem minnstur bagi verði af og er fjallskilastjórn heimilt að ákveða hvaða leiðir skuli reka á afrétt." Lögmaðurinn kveðst hafa lagt fram óyggjandi gögn fyrir því, að Þingeyrarsel hafi verið í Sveinsstaðahreppi. Hér sé um að ræða endurrit úr hreppsbók Sveinsstaðahrepps frá 1921 og 1922 og endurrit úr skjalasafni Stjórnarráðs Íslands, er sýni úrskurð stjórnarráðsins frá 31. des. 1921 þess efnis, að Þingeyrarsel skuli telast í Sveinsstaðahreppi. Með þessum úrskurði og skv. efni fjallskilareglugerðarinnar og skv. ákvörðun upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahrepps um lokun Miðhópshliðs og ákvörðun sömu hreppsnefndar um það, að réttleiðin fyrir Þverhreppinga með stóðhross sín skuli vera fram Vatnsdal það augljóst og skýrt sem vera megi, að mál þetta sé að efni til reist á röngum grundvelli. — Þá kveðst lögmaður stefndu verða að halda því fram, að svo langt sem úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu frá 9. júní 1945 nái sé hann res judicata að því er varðar opnun hliðs og umferð það og sé það e.t.v. ástæðan fyrir því, að málshefjandi forðist að nefna hliðið í kröfugerðinni. — Hefðin sé fjarstæða. Lagt hafi verið fram

málshefjanda dskj. nr. 10, sem sé samningur frá árinu 1945 á milli hreppsnefnda Þorkelshólshrepps og Eggerts Levý, þar sem reynt sé að semja um tálmunarlausa umferð um Miðhópshlið. Slíkt samræmist ekki, að hægt sé að vinna hefð á þessu. Þá sé og að nefna fyrrgreindan fógetaúrskurð. Ennfremur sé lagt fram endurrit úr sakadómsbók Húnavatnssýslu frá 13. júní 1962, þar sem fram komi, að með bréfi til oddvita Þverárhrepps, dags. 5. júní 1960, mæltist oddviti Áshrepps eindregið til þess, að hinn fyrrnefndi sæi um, að stóð úr Þverárhreppi yrði þá og framvegis rekið fram Vatnsdal til afréttar, en ekki Víðidalsfjall sökum mikils ónæðis á lambfé. Ennfremur að oddviti Áshrepps hafi sent til áréttingar oddvita Þverárhrepps símskeyti þann 20. sama mánaðar, þar sem segi, að af gefnu tilefni skv. heimild í 4. mgr. 6. gr. fjallskilareglugerðar Austur-Húnavatnssýslu þá tilkynnist, að stóð úr Þverárhreppi beri að reka fram Vatnsdal til afréttar. Þá hafi ennfremur verið lögð fram skýrsla lögreglunnar í Húnavatnssýslu, frá 11. júlí 1973 og í framhaldi af því endurrit úr sakadómsbók Húnavatnssýslu frá 29. ágúst 1973, er hljóði um kæru á hendur tilteknum Þverhreppingum, sem hefðu brotist í gegnum Miðhópshlið með stóðhross sín á leið til afréttar. Sjáanlegt sé því, að hvorki þá né nokkru sinni síðar eftir kæruna frá 1963 hefðu Þverhreppingar getað verið í góðri trú um, að þeir ættu þessa leið til rekstrar. — Ákvörðun upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa um rekstur stóðsins fram Vatnsdal sé í alla staði mjög eðlileg. Það sé hin „náttúrulega" leið, að menn ferðist með búpening meðfram vegum og á vegum, sem einmitt hafi verið gerðir til þess, yfir eignarlönd manna, að sömu eigendur þrufi ekki að sæta því, að það sé gengið eða riðið yfir land þeirra hvar sem er. Samkvæmt mælingu Aðalbjörns Benediktssonar á vegalengd hugsanlegra rekstrarleiða afréttarpenings úr Þverárhreppi inn á Haukagilsheiði komi fram, að ekki muni nema 5 km á leiðinni um Vatnsdal og leiðinni um Miðhópshlið. Auk þess reki Sveinsstaðahreppsmenn hross sín að meðtöldum fölöldum fram Vatnsdal og sé ekki að sjá, að þeim verði meint af. Það sé því bábilja, að Þverhreppingum sé vísað á slæma leið. Hitt sé svo annað mál, sem best sjáist við skoðun, að hin eftirsótta leið Þverhreppinga um Miðhópshlið sé síður en svo greiðfær að sjá, á köflum mjög blaut og erfið yfirferðar. Styggðin, sem rekstur þeirra valdi öðrum búfénaði, sem þarna sé fyrir á afréttinum, sé þyrnir í augum upprekstrarfélagsins og sé það mjög skiljanlegt. — Fyrir liggi í málinu, að sveitarstjórnirnar þrjár, Þorkelshóls-, Ás- og Sveinsstaðahreppa, gerðu um það samþykkt á sameiginlegum fundi hinn 24. apríl 1971 að læsa hliðinu á girðingunni yfir sumarið og að fela bóndanum í Miðhópi að geyma lykilinn. Þessari ákvörðun sveitarstjórnanna hafi aldrei verið skotið til vegamálastjóra. Standi hún því óhögguð skv. vegalögum og girðingarlögum. Auk þess hafi

lögmaður málshefjenda lagt fram bréf frá vegamálastjóra til hans, dags. 21. janúar 1976, þar sem segi, að líta verði svo á, að umrædd leið sé ekki þeirrar gerðar að títtnefndar lagagreinar verði taldar eiga við.

Álit dómsins.

Sakarefni það, sem hér er til úrlausnar, hefur áður komið fyrir áreiðar- og vettvangsdóm Húnavatnssýslu. Það var áður höfðað fyrir þeim dómi með stefnu, útgefinni 30. mars 1977, af hreppsnefnd Þverárhrepps eins og nú, en þá var Benedikt Axelssyni eiganda hálflendu Miðhóps einum stefnt, auk þeirra eigenda hinnar hálflendu jarðarinnar og eiganda Þingeyrarsels svo og oddvita Þorkelshólshrepps, en þeim þremur síðastnefndu aðiljum var einungis stefnt til réttargæslu. Undir rekstri þess máls varð þó samkomulag með aðiljum um, að eiginkona Benedikts Axelssonar svo og hjónin Jón Kristjánsson og Margrét Björnsdóttir, eða allir skráðir eigendur Miðhóps, yrðu beinir aðiljar málsins. Héraðsdómur vísaði málinu frá m.a. vegna þess, að hreppsnefndum Ás- og Sveinsstaðahreppa var ekki stefnt sem aðiljum. Mál þetta var kært til Hæstaréttar 22. ágúst 1977. Stefnandi í héraði var kærandi málsins, og krafðist hann þess, að hinn kærði frávísunardómur yrði úr gildi felldur og að lagt yrði fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á málið. Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms að niðurstöðu til, en með þeim rökum m.a., að stefnan hafi ekki verið í samræmi við 88. gr. laga nr. 85, 1936, þar sem í henni hafi ekki komið glögglega fram, hvort einungis væri átt við umferð um Miðhópsland og að gögn málsins væru óljós um, hverjir eigi eða hafi umráð girðingar þeirrar, sem hið umdeilda hlið er á, og hefði því ekki verið unnt að taka afstöðu til samaðildar varnarmegin í málinu. Einnig var að því fundið, að stefnandi legði fram mörg bréf og greinargerðir, sem geymdu skriflegan málflutning, og því brotið gegn 105. gr. laga nr. 85/1936. Í því máli sem hér er til úrlausnar, hefur stefnandi bætt úr þeim ágöllum, sem að ofan greinir. Þannig telst hann hafa gert þá grein fyrir umferðarleið þeirri, sem hann krefst viðurkenningar á, og að öðru leyti gert svo grein fyrir kröfum sínum, að stefnan sé í samræmi við 88. gr. laga nr. 85/1936. Þá er það fram komið varðandi girðingu þá, sem mjög kemur við sögu í málinu, að engin skrifleg gögn eru til um eignar- eða umráðarétt að girðingunni, en óumdeilt og alfarið talið, að hún sé sameign hreppanna þriggja, Þorkelshólshrepps, Áshrepps og Sveinsstaðahrepps. Oddvitum framangreindra hreppa er nú stefnt f.h. hreppanna svo og upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa sem kemur fram fyrir hönd þeirra tveggja hreppa í málefnum, sem varða fjallskil.

Við munnlegan flutning málsins lét lögmaður stefnanda bóka kröfur sínar þannig, að staðfest verði með dómi réttarins, að íbúum Þverárhrepps sé heimill umferðarréttur með búpening sinn til afréttar um lönd jarðanna

Grafar, Miðhóps, — þar á meðal um svonefnt Miðhópshlið eða annað hlið á Miðhópsgirðingu svokallaðri — og Þingeyrarsels, svo sem leið liggur, samanber framlagðan uppdrátt, frá þjóðvegi og upp með Gljúfurá að vestanverðu, allt fram á afréttarsvæði Haukagilsheiðar, Lambatungur, Kornsártungur svo og Fremrihlíð. Jafnframt verði stefndu öðrum en Sigfúsi Sigfússyni og Rannveigu Ingimundardóttur, gert að greiða in solidum hæfilegan málskostnað fyrir vettvangsdóminum samkvæmt mati og ákvörðun dómsins. Loks er krafist ómerkingar ummæla á dskj. nr. 32, niðurlagssetningu: „Með því valda þeir bændum í úthluta Þorkelshóls-, Ás- og Sveinsstaðahreppa milljónatjóni á hverju ári . . .“

Lögmaður stefndu mótmælti kröfugerð lögmanns stefnanda, eins og hún er bókuð hér að framan, að svo miklu leyti sem kröfugerðin væri breyting á kröfugerð í stefnu. Gegn þessum mótmælum lögmanns stefndu verða breytingar á kröfugerð stefnanda, sem fram komu í ofangreindri bókun, ekki gerðar að álitaefni í þessu máli.

Varðandi kröfu stefnanda um ómerkingu ummæla stefnda Benedikts Axelssonar þá lét lögmaður hans í sama þinghaldi gera svofellda bókun: „Umbjóðandi minn, staddur hér í réttinum óskar, að taka aftur og falla frá forskeytinu „milljóna“ á dskj. nr. 32 þannig að skjalið endar svo: „Með því valda þeir tjóni á hverju ári með því að tvístra fénaði þeirra til allra átta um hásláttinn.““ Þótt þessari kröfu um ómerkingu ummæla hefði mátt koma að í málinu, þá þykja ekki efni til, eftir að stefndi Benedikt hefur dregið svo úr fyrri ummælum sem að ofan greinir að gera kröfu þessa að álitaefni í málinu.

Þá er að því komið að leiða efnishlið málsins til lykta.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar um umferðarrétt um svonefnda Gljúfurárleið upp á Víðidalsfjöll einkum á tveimur málsástæðum. Annars vegar því, sem hann nefnir almennan rétt, einskonar náttúrurétt til frjálsrar umferðar. Það er að vísu viðurkennt í íslenskum rétti, að menn verði að hafa aðgang að fasteignum sínum til allra venjulegra nota eða þeirra nota a.m.k., sem viðkomandi eignir eru ætlaðar fyrir. Þessum umferðarrétti fylgir stundum óhagræði fyrir eiganda eða eigendur nágrannaeigna, sem þeir þó verða að þola. Almennt er þó talið, að þeim rétti verði að setja nokkuð þröngar skorður og að þeir sem fyrir óhagræði verða vegna umferðar annarra um eign sína, geti haft á það nokkur áhrif, hvernig þessum tiltekna umferðarrétti skuli nánar fyrir komið, svo að sem minnstur bagi verði að. Í máli því, sem hér er til úrlausnar, er það óumdeilt, að stefnendur eiga hlutdeild í afrétti þeim á Víðidalsfjöllum, sem í máli þessu greinir, og hafa jafnframt afréttarnot á honum ásamt upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa fyrir ákveðinn fjölda hrossa. Einnig er upplýst, að nokkrir bændur úr Þverárhreppi hafi allt frá 1930 af og til rekið hrossastóð

sitt upp með Gljúfurá á framangreindan afrétt. Þar hefur orðið að fara í gegnum heimalönd þriggja býla, og hafa bændur í Miðhópi amast við þessum stóðrekstrum og fengið til þess leyfi hreppsnefndar Þorkelshólshrepps að læsa hliði á afréttargirðingunni í landi Miðhóps. Þá hefur upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa ákveðið með heimild í fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu, að rekstrarleið þeirra, sem reglugerðin tekur til, skuli vera fram Vatnsdal á umræddan afrétt. Þannig telja þessir aðiljar, bóndinn í Miðhópi og hreppsnefndir hreppanna þriggja, Þorkelshóls-, Ás- og Sveinsstaðahreppa, að umræddir stóðrekstrar Þverhreppinga, sem virðast hafa verið einir um það að reka fram með Gljúfurá, geri lambfé, sem í vegi þeirra verður, mikið ónæði, einkum svo snemma sumars sem rekstrarnir fara fram. Einnig telja þeir erfitt að fylgjast með því, hversu mörg hross rekin eru umrædda leið, en svo sem áður getur, gildir ítala í afréttinn, sem heimilar aðeins beit fyrir ákveðinn fjölda hrossa. — Ekki hefur stefnanda tekist að sýna óyggjandi fram á það, að götuslóðar þeir upp með Gljúfurá, sem Þverhreppingar hafa rekið eftir, sé forn og hefðbundin afréttarleið, svo sem hann hefur fram haldið. Þegar þetta er virt svo og það, að mjög lítill munur er á vegalengdum, hvort sem farið er upp með Gljúfurá eða fram Vatnsdal og leiðin fram Vatnsdal á hinn bóginn, miklu greiðfærari en upp með Gljúfurá og að afréttarnot Þverhreppinga af Fremrihlíð séu þess eðlis, að ekki geti verið úrskerandi um það, hvor leiðin sé farin, þá telur dómurinn, að ekki verði við svo búið byggt á þessari málsástæðu stefnanda.

Í annan stað byggir stefnandi á þeirri málsástæðu, að hann hafi unnið hefð á umræddri umferðarleið. Stefnandi hefur haldið því fram og byggt á því, að um væri að ræða hefð á lausafé þar sem fullur hefðartími er 10 ár. Dómurinn getur ekki fallist á það með stefnanda, að um slíka hefð sé að ræða, heldur kæmi hefð á ósýnilegu ítaki í skilningi 8. gr. hefðarlaga nr. 46, 1905 frekar til álita, en þar segir, að hefð á ósýnilegum ítökum geti aðeins unnist með 40 ára notkun og öðrum skilyrðum sömu sem eignarhefð. Það er að sjálfsögðu grundvallarskilyrði hefðar, að sami aðilinn noti óslitið, í þessu tilviki umferðarleið þá, sem hann hyggst vinna hefð á, hefðartíma fullan. Ekki hefur stefnandi fært á það sönnur, að skilyrðum þessum sé fullnægt, og er því ekki byggjandi á þessari málsástæðu hans.

Af því, sem að framan er rakið, leiðir, að ekki er unnt að taka kröfu stefnanda um viðurkenningu á umferðarrétti fyrir búpening um lönd jarðanna Grafar, Miðhóps, Þingeyrarsel og svo sem hann lýsir nánar í stefnu til greina, enda falla önnur þau rök, sem stefnandi hefur haft í frammi í málinu, undir þær málsástæður hans, sem að framan greinir.

Með hliðsjón af þessum úrslitummálsins ber að dæma stefnanda til að

greiða stefndu, Áshreppi, Sveinsstaðahreppi, Þorkelshólshreppi og Benedikt Axelssyni kr. 600.000 í málskostnað.

Dómsorð:

Krafa stefnanda um, að staðfest verði, að íbúum Þverárhrepps sé heimilt að fara með búpening um lönd jarðanna Grafar, Miðhóps, þ. á m. um svonefnt Miðhópshlið, og Þingeyrarsels frá þjóðvegi og upp með Gljúfurá að vestanverðu allt fram á afréttarsvæðin Haukagilsheiði, Lambatungur og Kornsártungur svo og Fremrihlíð er ekki tekin til greina.

Stefnandi greiði stefndu, Áshreppi, Sveinsstaðahreppi, Þorkelshólshreppi og Benedikt Axelssyni, kr. 600.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júlí 1984.

Nr. 220/1982. **Hreppsnefnd Grímsneshrepps**
f.h. hreppsins
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
dánarbúi Helgu Jónsdóttur og gagnsök
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
svo og fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
hreppsnefnd Grímsneshrepps
f.h. hreppsins
og dánarbúi Helgu Jónsdóttur,
Guðmundi Ingva Sigurðssyni og
Inga Ingimundarsyni

Kaupréttur. Jarðalög. Stjórnarskrá. Gjafsóknarlaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Arnljótur Björnsson prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1982. Dómkröfur hans eru þessar:

Að dæmt verði, að hæfilegt verð jarðarinnar Ásgarðs sé 1.234. 410.00 krónur, eins og matsnefnd eignarnámsbóta hefur úrskurðað, eða önnur fjárhæð að mati Hæstaréttar.

Að greiðslu tildæmdrar fjárhæðar verði skipt þannig, að 70 hundraðshlutar greiðist út á einu ári, en eftirstöðvar á fjórum árum með 20% ársvöxtum.

Að ákvörðun héraðsdóms um gjafvarnarkostnað verði staðfest.

Að aðaláfrýjanda verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. nóvember 1982. Í gagnáfrýjunarstefnunni gerði hann þá kröfu, að allar kröfur hans í héraði yrðu teknar til greina og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti breytti gagnáfrýjandi hins vegar kröfum sínum á þessa lund:

Að dæmt verði að hæfilegt endurgjald fyrir jörðina Ásgarð í Grímsnesi sé 31.453.862.00 krónur.

Að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir flutning málsins hjá matsnefnd eignarnámsbóta samkvæmt mati Hæstaréttar.

Að staðfest verði ákvörðun héraðsdóms um gjafsóknarkostnað, þó með þeirri breytingu, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þennan málskostnað fyrir aukadómþinginu.

Að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Lögmaður aðaláfrýjanda mótmælti því við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti, að hin hækkaða kröfugerð gagnáfrýjanda fengi komist að. Hin hækkaða kröfugerð kemur eigi til álita í Hæstarétti, enda er skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 eigi fullnægt.

Skilja verður fyrsta lið í kröfum aðaláfrýjanda svo, að krafist sé dóms um, að hann eigi rétt á að neyta kaupréttar að jörðinni Ásgarði gegn greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem skráð er hér að framan. Skilja verður fyrsta lið í kröfum gagnáfrýjanda svo, að aðaláfrýjandi eigi ekki rétt á að leysa til sín jörðina fyrir lægri fjárhæð en þar greinir.

Með meðalgöngustefnu 25. janúar 1983 áfrýjaði fjármálaráðherra

f.h. ríkissjóðs máli þessu, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. janúar 1983. Krefst hann þess, að ákvörðun héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað málsaðilja og laun skipaðra talsmanna þeirra, hæstaréttarlögmannanna Guðmundar Ingva Sigurðssonar og Inga Ingimundarsonar, verði hrundið og breytt og þeim tildæmdar aðrar og lægri fjárhæðir eftir mati Hæstaréttar.

Þá krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður í þessum þætti málsins.

Stefndu í þessum þætti málsins krefjast þess aðallega, að meðalgöngusökinni verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að ákvörðun héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað verði staðfest. Þá krefjast þeir þess, að meðalgönguáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málkostnað fyrir Hæstarétti.

Í málinu er komið fram, að meðalgönguáfrýjandi greiddi í desember 1982 60.000.00 krónur upp í gjafsóknarkostnað og 50.000.00 krónur upp í gjafvarnarkostnað. Greiðslur þessar voru inntar af hendi með fyrirvara. Eru eigi efni til að vísa meðgöngusökinni frá Hæstarétti, enda hefur meðalgönguáfrýjandi lögvarinna hagsmuna að gæta varðandi það að fá endurskoðun Hæstaréttar á ákvörðun héraðdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað nú, þegar þeim dómi hefur verið áfrýjað að efni til.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, m.a. leigusamningur, dags. 9. febrúar 1984, þar sem Stangveiðifélagi Reykjavíkur er leigður allur réttur til laxveiði á stöng í Sogi fyrir landi jarðarinnar Ásgarðs í Grímsnesi frá og með 21. júní til og með 20. september 1984 fyrir samtals 478.500.00 krónur.

Þá hefur verið lagður fram kaupsamningur, dags. 17. febrúar 1984, þar sem Verzlunarmannafélag Reykjavíkur kaupir 12.5 ha úr landi Miðhúsa í Biskupstungum, Árnessýslu, á 95.000.00 krónur hvern hektara.

Ennfremur hefur lögmaður gagnáfrýjanda lagt fram framreiknreikning stefnufjárhæðar á grundvelli lánskjaravísitölu miðað við október 1982, er málið var dómtekið í héraði og til þess, er málið var flutt í Hæstarétti. Framreikningsfjárhæðin nemur 31.453.862.00 krónum.

II.

Dómarar Hæstaréttar hafa farið á vettvang ásamt lögmönnum aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda.

Þegar hreppsnefnd ákveður að neyta kaupréttar á fasteignarréttindum skv. 2. mgr. 26. gr. jarðalaga nr. 65/1976, ber henni að greiða eiganda fullt verð fyrir sbr. 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Við ákvörðun á því verði, er gagnáfrýjandi á rétt á fyrir jörðina Ásgarð, ber m.a. að hafa það í huga, að lönd á þessum slóðum eru eftirsótt fyrir sumarbústaði, og enn fremur að Ásgarði fylgir verðmætur veiðirétur í Sogi.

Með þessum athugasemdum og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms svo og með hliðsjón af verðlagsþróun hér á landi frá uppsögu héraðsdóms þykir nú rétt að taka kröfu gagnáfrýjanda í héraði, 15.136.000.00 krónur, til greina.

Samkvæmt þessu skal aðaláfrýjandi eiga rétt á að neyta kaupréttar síns að jörðinni Ásgarði í Grímsneshreppi að undanskildum eigum ábúanda, Ásmundar Eiríkssonar, gegn greiðslu á 15.136. 500.00 krónum innan fjögurra vikna, frá því að honum er boðin jörðin til kaups eða hann krefst kaupa.

Málskostnaður í héraði á að falla niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda í héraði, dánarbús Helgu Jónsdóttur, ákveðst 270.000.00 krónur og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000.00 krónur.

Gjafvarnarkostnaður stefnda í héraði, Hreppsnefndar Grímsneshrepps f.h. hreppsins, ákveðst 229.000.00 krónur og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 200.000.00 krónur.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður í meðálgöngusök fjármálaráðherra f.h ríkissjóðs.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 150.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Hreppsnefnd Grímsneshrepps f.h. hreppsins á rétt á að neyta kaupréttar að jörðinni Ásgarði í Grímsneshreppi gegn greiðslu á 15.136.500.00 krónum innan fjögurra

vikna, frá því að honum er boðin jörðin til kaups, eða hann krefst kaupa

Málskostnaður í héraði fellur niður

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda, dánarbús Helgu Jónsdóttur, í héraði ákveðst 270.00000 krónur og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gjafsóknarhafa, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000.00 krónur.

Gjafvarnarkostnaður aðaláfrýjanda í héraði ákveðst 229.000.00 krónur og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gjafvarnarhafa, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 200.000.00 krónur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti í meðalgöngusök fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fellur niður.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 150.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Guðmundar Jónssonar.

Land jarðarinnar Ásgarðs er alls 780 hektarar að stærð að því er fram kemur í málsgögnum. Jörðinni fylgir verðmætur veiðiréttur í Sogi, og eru leigutekjur fyrir veiðina á þessu ári 478.500.00 krónur. Þykir því sýnt, að veiðirétturinn er verðmætari en talið er í héraðsdómi. Á undanförnum árum hafa verið byggð víðáttumikil hverfi sumarbústaða í næsta nágrenni Ásgarðs, og slík sumarbústaðahverfi eru víðar í Grímsneshreppi. Landið sunnan Ásgarðsár vestan Sogsvegar hefur verið undanskilið landbúnaðarnotum undanfarna áratugi, sbr. 12. gr. laga nr. 65/1976, og það er mjög vel fallið til nýtingar sem sumarbústaðaland. Þykir verða að taka tillit til þessa við ákvörðun á heildarverðmæti jarðarinnar. Hins vegar þykir ekki hafa verið gætt að öllu leyti réttra sjónarmiða við mat á landi jarðarinnar austan Sogsvegar sunnan Ásgarðsár og það land

vera metið of hátt, en það hefur verið nýtt til landbúnaðar. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að niðurstöðu til um verðmæti jarðarinnar að undanskildum mannvirkjum í eigu ábúandans, Ásmundar Eiríkssonar, á henni. Að öðru leyti erum við sammála niðurstöðu meiri hluta dómara nema um málskostnað fyrir Hæstarétti, sem við teljum að eigi að falla niður.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 12. október 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 1. október sl., er höfðað með stefnu, útgefinni 15. desember 1980, og þingfest 16. desember s.á.

Sóknaraðiljar eru löggiltir skiptaforstjórar í dánarbúi Helgu Jónsdóttur, þeir Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl., Lágmúla 7, Jóhann H. Níelsson, hrl., Lágmúla 5, og Sveinn Snorrason hrl., Lágmúla 7, allir í Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þessar:

1. Dæmt verði, að hæfilegt endurgjald fyrir jörðina Ásgarð sé kr. 15.136.500.-
2. Að varnaraðili greiði kostnað af flutningi málsins hjá matsnefnd eignarnámsbóta og fyrir aukadómþinginu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsókn fyrir aukadómþinginu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 10. september 1982, allt samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.
3. Að varnaraðili greiði dæmdar fjárhæðir innan 14 daga frá birtingu dóms þessa gegn afsali jarðarinnar.

Varnaraðili er hreppsnefnd Grímsneshrepps í Árnessýslu, og eru dómkröfur hennar þessar:

Að varnarðili verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja.

Að greiðslu tildæmdrar matsfjárhæðar verði skipt þannig, að 70 hundraðshlutar greiðist út á einu ári en eftirstöðvar á 4 árum með 20% ársvöxtum, og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðilja kostnað af málinu fyrir matsnefnd eignarnámsbóta og málskostnað í þessu máli samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með sameiginlegri og gagnkvæmri erfðaskrá, dags. 31.08. 1971, arfleiddu hjónin Helga Jónsdóttir og Sigurliði Kristjánsson kaupmaður, síðast til heimilis að Laufásvegi 72, Reykjavík, Hjartavernd, Reykjavíkurborg og Skógrækt ríkisins að jörðinni Ásgarði í Grímsneshreppi með gögnum og gæðum. Þau hjón eru nú bæði látin, og standa skipti á búi Helgu yfir, en hún tók allan arf eftir mann sinn samkvæmt nefndri erfðaskrá.

Vegna ákvæða 2. mgr. 26. gr. jarðalaga nr. 65/1976 var varnaraðilja, hreppsnefnd Grímsneshrepps, gefinn kostur á að fá jörðina keypta.

Varnaraðili ákvað að neyta forkaupsréttar síns.

Ágreiningi um verð var vísað til matsnefndar eignarnámsbóta til ákvörðunar um verð og greiðslukjör, svo sem fyrir er mælt um í niðurlagsákvæði 26. gr. jarðalaga.

Þ. 17. nóvember 1980 kvað matsnefndin upp svohljóðandi úrskurð:

„Eignarnemi, hreppsnefnd Grímsneshrepps f.h. hreppsins, greiði eignarnámsþola, dánarbúi Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur kr. 124.341.000.- og kr. 1.500.000.- í málskostnað. Eignarnemi greiði ríkissjóðs kostnað af starfi matsnefndarinnar kr. 2.400.000.-".

Sóknaraðili vildi ekki una mati nefndarinnar og höfðaði mál þetta með skírskotan til 17. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms.

Með úrskurði dómsins þ. 25.11. 1981 var krafa sóknaraðilja um dómkvaðningu matsmanna tekin til greina, og var úrskurðurinn staðfestur með dómi Hæstaréttar þ. 28.01. sl.

Meðal þess, sem lagt hefur verið fram í málinu, er úrskurður matsnefndar eignarnámsbóta á dskj. nr. 3 og matsgerð tveggja dómkvaddra manna um hugsanlegt söluverðmæti Ásgarðs á dskj. nr. 33.

Niðurstaða matsmanna er þessi:

1.	Allt land sunnan Ágarðsár, en vestan Sogavegar .	kr. 7.100.000.-
2.	Allt land sunnan Ásgarðsár, en austan Sogavegar	— 4.640.000.-
3.	Allt annað land jarðarinnar og þar með talin ræktun, girðingar og öll jarðarhús ásamt öllu, sem þeim fylgir og fylgja ber	— 2.016.500.-
4.	Sumarbústaður Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur ásamt öllu því, sem honum fylgir og fylgja ber, þar með talin rafstöð	— 845.000.-
5.	Veiðihús ásamt öllu því, sem því húsi fylgir og fylgja ber	— 240.000.-
6.	Veiðiréttur jarðarinnar í Sogi, Álftavatni og Ásgarðsá	— 2.000.000.-
		kr. 16.841.500.-

Matið er miðað við verðlag 1. júní 1982 og byggt á þeim forsendum, sem matsbeiðandi leggur því til grundvallar í matsbeiðni. Miðað er við staðgreiðslu.

Hinir dómkvöddu matsmenn, Hrafn Bragason borgardómari og Sverrir Kristinsson fasteignasali, hafa komið fyrir dóminn, Þá hafa vitnin Ásmundur Eiríksson, ábúandi í Ásgarði, og forsvarsmenn Hjartaverndar og Skógræktar ríkisins komið fyrir dóm.

Sóknaraðili reisir kröfugerð sína á mati hinna dómkvöddu manna á dskj. nr. 33 að því undanskildu, að lið 3 lækkar hann um kr. 1.705.000.-, sem eru verðmæti mannvirkja á landinu, þannig að eign dánarbúsins skv. þessum lið sé kr. 311.500.-. Málssóknin er studd þeim rökum, að matsnefnd eignarámsbóta hafi ekki gætt réttra matssjónarmiða við verðákvörðun sína. Hafi nefndinni borið, að beita eignarnámssjónarmiðum og meta jörðina við því verði, sem hún kynni að ganga á í kaupum og sölum. Hinir dómkvöddu matsmenn hafi hins vegar í mati sínu á dskj. nr. 33 miðað við, hvert væri gangverð jarðarinnar með tilliti til þess, að hluta megi landið niður í sumarbústaðalóðir. Náttúrufegurð á jörðinni og nálægð hennar við mestu þéttbýlissvæði landsins geri slíkar lóðir mjög eftirsóknarverðar og hljóti því mat á verðmæti fasteignaréttinda þeirra, sem hér um ræðir, að ákvarðast með hliðsjón af því.

Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að í tilviki sem þessu beri ekki að beita eignarnámssjónarmiðum heldur leiði ákvæði 1., 10. og 12. gr. jarðalaga nr. 65/1976 til sömu niðurstöðu og matsnefnd eignarnámsbóta hefur komist að í mati sínu, nefnilega að ekki beri að taka tillit til hugsanlegra nota landsins eða hluta þess undir sumarbústaðalóðir.

Forsendur og niðurstaða.

Varnaraðili reisir forkaupsrétt sinn til fasteignaréttinda þeirra, sem hér um ræðir, á ákvæðum 2. mgr. 26. gr. laga nr. 65/1976. Tilvísun nefndrar lagaheimildar til reglna um greiðslu bóta samkvæmt lögum um eignarnám ber að skilja svo, að við verðákvörðun umræddra fasteignaréttinda í tilefni af þeirri ákvörðun varnaraðilja að neyta forkaupsréttar beri að beita eignarnámssjónarmiðum. Er slíkur skilningur í samræmi við meginreglu 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ákvæði 1., 10. og 12. greina jarðalaga nr. 65/1976 eða aðrar réttarheimildir veita ekki fullnægjandi stoð fyrir annarri niðurstöðu. Við verðlagningu ber því að beita þeirri megninreglu að meta umrædd fasteignaréttindi á því verði, sem ætla má, að fengist fyrir þau við sölu.

Við þá ákvörðun þykir rétt að hafa matsgerðina á dskj. nr. 33 til hliðsjónar og fylgja í meginatriðum þeirri skiptingu fasteignarinnar, sem þar kemur fram.

Við mat á landsvæði undir lið 1. í matsgerðinni (allt land sunnan Ásgarðsár og vestan Sogsvegar) ber að gæta þess, að fram kemur í málinu, að landsvæði þetta hefur ekki verið í landbúnaðarnotum skv. 12. gr. jarðalaga og að við staðfestingu matsins kom fram, að verðákvörðun matsmanna, kr. 7.100.000.-, er talin rétt miðað við þær forsendur, sem nú liggja fyrir, þ.e. að svæðið er óskipulagt. Með hliðsjón af framansögðu svo og af legu og náttúrugæðum umræddra lands og matsgerðinni að öðru leyti ber að fallast á nefnda verðákvörðun.

Land sunnan Ásgarðsár, en austan Sogsvegar, sem fjallað er um í matslið 2, er í landbúnaðarnotum skv. 1. mgr. 12. gr. jarðalaga. Það er á flestan hátt líkt landi því, er greinir í matslið 1. Unnt er að leysa það úr landbúnaðarnotum með þeim hætti, sem greinir í fyrrnefndri lagaheimild. Ekki er vitað, hvort veruleg andstaða væri gegn slíkum breytingum, ef á reyndi, en ætla má, að unnt sé að taka smáspildur úr landbúnaðarnotum, án þess að búskaparskilyrði skerðist að marki. Hliðstæð sjónarmið og að framan greinir um spildu í matslið 1 varðandi hugsanlega nýtingu svæðisins koma hér til álita. Þykir verðmæti lands þessa samkvæmt framangreindum sjónarmiðum hæfilega metið kr 2.750.000.-

Grunnverðmæti lands þess, er greinir í lið 3 og er land jarðarinnar norðan Ásgarðsár þykir hæfilega metið kr. 311.500.-, svo sem matsmenn hafa gert í umræddu mati á dskj. nr. 33.

Sumarbústaður, sem greinir í lið 4 í matsgerðinni, þykir hæfilega metinn á kr. 700.000.- miðað við núverandi ástand og með hliósjón af matsgerð.

Veiðihús, sem greinir í lið 5 í matsgerð, þykir hæfilega metið á kr. 200.000.- miðað við núverandi ástand og með hliðsjón af matsgerð.

Með hliðsjón af leigugjaldi og veiði á vatnasvæði Hvítár og Ölfusár undanfarið þykir hæfilegt að meta veiðihlunnindi í Sogi, Ásgarðsá og Álftavatni á kr. 1.800.000.-

Samkvæmt þessu þykir verðmæti umræddra fasteignaréttinda hæfilega ákveðið kr. 12.861.500.-

Taka ber kröfur sóknaraðilja til greina þannig, að varnaraðili á rétt á því að neyta forkaupsréttar á framangreindum fasteignaréttindum fyrir kr. 12.861.500.- innan 4 vikna frá því að honum eru boðin fasteignaréttindin til kaups.

Málskostnaður milli aðilja fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður ákveðst kr. 420.000.- og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 350.000.- Gjafvarnarkostnaður ákveðst kr. 379.000.- og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Inga Ingimundarsonar hrl., kr. 350.000.-

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Árna Jónssyni landnámsstjóra og Stefáni Má Stefánssyni prófessor.

Dómsorð:

Varnaraðili, hreppsnefnd Grímsneshrepps, á rétt á að neyta forkaupsréttar síns að jörðinni Ásgarði gegn greiðslu kr. 12.861.500.- innan 4 vikna frá því að henni er boðin jörðin til kaups.

Málskostnaður milli aðilja fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður ákveðst kr. 420.000.- og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 350.000.-

Gjafvarnarkostnaður ákveðst kr. 379.000.- og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Inga Ingimundarsonar hrl., kr. 350.000.-

---

Mánudaginn 9. júlí 1984.

Nr.130/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

Marteini Kristjáni Einarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. þ.m., er barst Hæstarétti 5. þ.m., og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja um varnaraðilja, sem ákærður hefur verið fyrir mörg alvarleg brot og á langan brotaferil að baki, verður að telja verulega hættu á, að hann muni halda áfram brotum, ef hann verður nú látinn laus. Ber því samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. júlí 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 4. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

21. f.m. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur Marteini Kristjáni Einarssyni, sjómanni, Vesturgötu 161 á Akranesi, fæddum 31. október 1952 á Akranesi, vegna brota á 4. mgr. 220. gr., 233. gr., 244. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Málið var þingfest í dag.

Tildrögin að útgáfu ákærunnar voru eftirfarandi:

Um miðnættið 3. maí sl. var tekin haglabyssa og skotfæri ófrjálsri hendi úr báti við Grandagarð. Ákærði fór í bátinn ásamt tveim mönnum, og hefur hann borið, að annar samferðamannanna hafi tekið byssuna úr bátnum og farið með hana í hús við Vesturgötu, þar sem þremenningarnir sváfu næstu nótt.

Að kvöldi 4. maí fór ákærði með byssuna um götur í Vesturbænum, beindi henni hlaðinni að vegfarendum, hleypti skotum úr henni að allmörgum akandi og gangandi vegfarendum og síðan að lögreglumönnum, sem kvaddir voru á vettvang, og ennfremur á mannlausar bifreiðar. Ákærði fór síðan um borð í bát í Skipasmíðastöð Daníels Þorsteinssonar og Co. h.f., Nýlendugötu, og skaut þaðan að lögreglumönnum og fleirum. Vegfarendur urðu fyrir höglum úr byssunni án þess þó að hljóta teljandi meiðsli af, en nokkurt eignatjón varð.

Ákærði hefur borið við minnisleysi um upphaf ferða sinna með byssuna um kvöldið, en kannast við að hafa skotið mörgum skotum úr bátnum í skipasmíðastöðinni og ekki látið af því fyrr en lögreglumenn beindu að honum skotvopnum. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis og lyfja, er þetta gerðist. Alkóhólmagn í blóðsýni, sem ákærða var tekið reyndist 2.66‰.

Högni Óskarsson, geðlæknir, segir í niðurstöðum sínum um geðrannsókn á ákærða, að áfengis- og vímugjafaneysla hans hafi verið á hættulegu stigi í mörg ár og mikil líkindi séu til, að ofneysla hans á vímugjöfum haldi áfram, strax og hann losni úr gæsluvarðhaldi, ef ekki verða gerðar viðeigandi ráðstafanir. Þá kemur einnig fram, að ákærði hafi lengi fundið til mikillar reiði gegn þjóðfélaginu og ýmsum einstaklingum þess, sem geti gjarnan brotist út undir áhrifum áfengis og lyfja. Enn segir í skýrslunni, að ákærði hafi sagt, að hann hafi verið lagður 23 sinnum inn á meðferðarstofnanir vegna vímugjafaneyslu, en hann telji nú, að slíkar stofnanir geti ekki hjálpað sér.

Með úrskurði frá 6. maí sl. var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 20. f.m., og þann dag var það framlengt til kl. 17.00 í dag.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að gæsluvarðhaldið verði framlengt til miðvikudagsins 1. ágúst n.k., kl. 17.00. Krafan er studd með tilvísun í refsiákvæði í ákæru, 1., 5. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og þeim rökum, að óvarlegt sé með hliðsjón af eðli þeirra brota, sem ákærði er sakaður um, að hann verði látinn laus. Ákærði hefur mótmælt kröfunni sem þarflausri.

Brot þau, sem ákærði er sakaður um í ákæru, eru mjög alvarlegs eðlis og sýna, að hann geti verið stórhættulegur umhverfi sínu. Þykir því rétt með hliðsjón af framansögðum málsatvikum, lagagreinum sem vitnað er til í ákæru, og 1., 5. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, óhjákvæmilegt að taka kröfu ríkissaksóknara til greina og ákveða, að ákærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. ágúst n.k., kl. 17.00.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Marteinn Kristján Einarsson, sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 1. ágúst 1984, kl. 17.00.

Þriðjudaginn 10. júlí 1984.

Nr. 62/1981. **Kristín Anný Jónsdóttir og Hagtrygging h/f**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Antoníu Margréti Björnsdóttur og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.)

Skaðabótamál. Bifreiðaárekstur. Líkamstjón. Örorka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson, og er málið dæmt af sjö dómendum samkvæmt heimild í lögum nr. 75/1975, 1. mgr. 2. gr. a, sbr. lög nr. 29/1979, 2. gr.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1982. Gera þeir þær dómkröfur, að skaðabætur til gagnáfrýjanda verði lækkaðar verulega frá því, sem dæmt var í héraðsdómi, ,,meðal annars á grundvelli ábyrgðarskiptingar, og bæði að höfuðstól og vöxtum, en málskostnaður verði felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.“

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 16. mars 1981. Eru dómkröfur hennar þær, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða henni óskipt 240.000.00 krónur, en aðaláfrýjandi Kristín Anný Jónsdóttir verði umfram það ein dæmd til að greiða henni 212.703.54 krónur, hvort tveggja með 19% ársvöxtum frá 8. maí 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 25. febrúar 1980, með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar hæstaréttardóms, en síðan með hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma (dómvöxtum) til greiðsludags, kostnað við örorkumat og útreikning örorkutjóns, 13.869.40 krónur, allt að frádregnum 2.000.00 krónum, sem aðaláfrýjandi Hagtrygging h.f. greiddi 10. apríl 1979. Þá krefst gagnáfrýjandi og, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Aðaláfrýjendur hafa viðurkennt, að þeir beri fébótaábyrgð gagnvart gagnáfrýjanda á tjóni hennar vegna slyss þess, sem málið er risið af, en reisa kröfur sínar fyrir Hæstarétti á því, að sjálf hafi gagnáfrýjandi einnig verið völd að slysinu með því að fara án aðgæslu út á akbraut Túngötu í veg fyrir bifreiðina V 1172. Beri

því að lækka fébætur þær, er gagnáfrýjanda voru dæmdar með hinum áfrýjaða dómi. Hafa aðaláfrýjendur haldið því fram í málflutningi, að gagnáfrýjandi eigi af þessari ástæðu ekki að fá bættan nema ⅓ hluta tjóns síns í mesta lagi.

Aðaláfrýjendur bera samkvæmt 1. mgr. 67. gr., sbr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr., umferðarlaga nr. 40/1968 fébótaábyrgð gagnvart gagnáfrýjanda á tjóni, er hún beið við slysið. Á það má hins vegar fallast með þeim, að svo mjög hafi skort á aðgæslu hjá gagnáfrýjanda, er hún gekk af skyndingu út á akbraut Túngötu án þess að gæta nægilega að umferð ökutækja, að rétt sé samkvæmt 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga að lækka fébætur til hennar þannig, að sjálf beri hún ⅓ hluta tjónsins, en gagnáfrýjendur bæti henni það að ⅔ hlutum.

Af hálfu aðaláfrýjanda Hagtryggingar h/f er því haldið fram sérstaklega, að fébótaábyrgð félagsins gagnvart gagnáfrýjanda fari, hvað sem öðru líður, eigi fram úr 120.000.00 krónum vegna þess, að ábyrgðartrygging vegna bifreiðarinnar V 1172 hafi eigi verið hærri en 12.000.000 gkr., er slysið bar að höndum.

Í a-lið 1. greinar laga nr. 65/1978 var kveðið á um hækkun lögboðinnar ábyrgðartryggingar fyrir bifreiðar samkvæmt 70. gr. umferðarlaga í 24.000.000 gkr. úr 12.000.000 gkr., sem verið hafði fjárhæð hinnar lögboðnu ábyrgðartryggingar samkvæmt 10. gr. laga nr. 62/1976. Samkvæmt 3. gr. fyrrnefndu laganna skyldu þau öðlast gildi 1. maí 1978. Viðurkennt er, að aðaláfrýjandi reiknaði sér frá þeim tíma talið iðgjald eftir hinni hækkuðu vátryggingarfjárhæð eftir því sem heimilað hafði verið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Ber því aðaláfrýjandi Hagtrygging h/f. sem ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar V 1172, sbr. 70. gr. og 74. gr., 2. mgr., umferðarlaga, bótaábyrgð með allt að 240.000.00 krónum vegna slyss gagnáfrýjanda.

II.

Svo sem greinir í héraðsdómi, hlaut gagnáfrýjandi veruleg meiðsl í umferðarslysi því, sem hér er um fjallað. Var hún þegar eftir slysið hinn 8. maí 1978 flutt í Slysadeild Borgarspítalans. Lá hún síðan á Borgarspítalanum til 5. júní, en var þá flutt á endurhæfingardeild spítalans (Grensásdeild), þar sem hún var til 21. ágúst 1978, er hún

var útskrifuð af deildinni. Eftir það kom hún öðru hverju til eftirlits á göngudeild Borgarspítalans fram á árið 1981. Jafnframt var hún í æfingameðferð á Endurhæfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, alls 38 sinnum, á tímabilinu frá október 1978 til apríl 1979. Er meiðslum, sjúkrahúsvist og læknismeðferð gagnáfrýjanda lýst í vottorðum Stefáns Carlssonar læknis á Slysadeild, dags. 30. nóvember 1978, Jóhanns Gunnars Þorbergssonar, læknis á Grensásdeild, dags. 18. október 1978, og Hauks Árnasonar yfirlæknis á Slysadeild, dags. 23. nóvember 1980. Styðst lýsing héraðsdóms á meiðslum gagnáfrýjanda og afleiðingum þeirra við vottorð þessi, og er ekki þörf á að reifa þau sérstaklega.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný læknisvottorð og fleiri gögn um heilsuhagi gagnáfrýjanda.

Í vottorði Kristins Guðmundssonar, læknis á Borgarspítalanum, dags. 8. desember 1982, segir m.a., að við taugaskoðun eftir slysið hafi gagnáfrýjandi verið sljó, en með meðvitund, en hún hafi jafnað sig fljótt. Hinn 23. október 1978 hafi hún komið á deildina til eftirlits að tilvísan Hauks Árnasonar, yfirlæknis á slysadeild, vegna höfuðverkjar, sem hún hafi haft allan tímann. Segir síðan í vottorði þessu: „Verkurinn hafði verið verri fyrst en síðan lagast talsvert. Einkum var þessi verkur slæmur seinni part dags. Þessu fylgdi svimi stöku sinnum, sérstaklega við að horfa upp eða gera aðrar snöggar hreyfingar. Heyrn og sjón sagði hún að hefði ekki breyst og ekki heldur lyktarskyn eða bragðskyn. Minni var hinsvegar minna en áður og einbeiting minni. Höfuðverkurinn virtist vera um allt höfuðið, en einna helst kom hann frá hnakkanum. Nokkrum dögum fyrir þetta eftirlit hafði hún fengið aftur áverka á andlitið og vísast til umsagnar háls-, nef- og eyrnalæknis varðandi það. Hún hafði núna engin neurologisk einkenni."

Þá hefur einnig verið lagt fyrir Hæstarétt vottorð sama læknis, dags. 20. október 1983. Segir þar svo:

„Í febrúar '79 var beðið um heilascann af Antoníu. Ísótópaheilascann var gert 5. 3. '79 og reyndist eðlilegt. Heilarit var gert 5. 6. '79. Það var „létt óeðlilegt rit. Mjög svipað heilariti teknu 5. 2. (sic.) ' 79.""

Í bréfi Björn Önundarsonar tryggingayfirlæknis til lögmanns gagnáfrýjanda, dags. 13. janúar 1983, vegna beiðni hans um endur-

mat á örorku gagnáfrýjanda er frá því greint, að tryggingayfirlæknirinn hafi leitað eftir sálfræðilegri athugun fyrir gagnáfrýjanda hjá Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi vegna kvartana gagnáfrýjanda um skort á einbeitingu og skert minni. Varð niðurstaða þeirra athugunar sú, að „ekkert bendi(r) þó með vissu til truflana af vefrænum orsökum, og mundu þær vera minniháttar ef svo væri."

Í vottorðum Hauks Árnasonar yfirlæknis, dags. 8. mars 1982 og 10. mars 1984, er greint frá nokkrum komum gagnáfrýjanda á göngudeild slysadeildar á tímabilinu 28. maí (29. maí) 1981 til 9. mars 1984, þar á meðal komu hennar hinn 22. ágúst 1983, eftir að hún hafði dottið í landgöngustiga flugvélar og fengið hnykk á vinstra hné. Segir svo í niðurlagi síðara vottorðsins:

„Við þessa skoðun er greinilegt að slitbreytingar í hné Antoníu fara hægt vaxandi og hafa heldur aukist eftir að hún varð fyrir nýjum áverka í ág. mánuði sl.

Við skoðun í dag er hreyfigeta í hnénu 15° verri vinstra megin en hægra megin."

Í vottorðum Jósefs Skaptasonar læknis, dags. 5. desember 1979, 11. nóvember 1980 og 7. október 1982, segir, að gagnáfrýjandi hafi verið í umsjá hans sem læknis síðan í ágúst 1978. Er í vottorðum þessum greint frá skertri beygjugetu gagnáfrýjanda í vinstri hnjálið, þrálátum höfuðverk og síendurteknum þvagfærasýkingum, sem telja verði afleiðingar slyssins. Í fyrst talda vottorðinu, sem stílað er til Tryggingastofnunar ríkisins vegna umsóknar gagnáfrýjanda um örorkustyrk, er þess jafnframt getið, að gagnáfrýjandi hafi verið heilsulítill alla ævi og haft þrálátar bólgur í pelvis áratugum saman.

III.

Svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi, mat Björn Önundarson tryggingayfirlæknir hinn 26. júní 1979 tímabundna og varanlega örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins. Segir svo í örorkumatinu:

„Afleiðingar þessa slyss eru fyrst og fremst afleiðingar höfuðáverkans, sem sjúklingur telur verst vera minnisleysi, svima, höfuðverk. Þá telur slasaða krafta og hreyfigetu í vi. ganglim verulega skert. Ekki er ólíklegt að hér sé um afleiðingar slæms heilahristings að ræða hvað einkenni frá höfði snerta og ekki er sennilegt að þau einkenni gangi meira til baka en nú er orðið. Þá er ekki fyrir það

synjað, að nokkur hætta er á slitgigtarbreytingum um vi. hnélið og síðar meir kunna einnig að koma fram viss óþægindi frá mjaðmagrind, þó það sé ekki líklegt.“

Örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins mat tryggingayfirlæknirinn svo sem hér segir:

„Frá slysdegi í 6 mánuði	100%
Eftir það í 6 mánuði	65%
Varanlega	25%“

Fyrir Hæstarétt hefur og verið lagt annað örorkumat tryggingayfirlæknis, framkvæmt af Jóni Guðgeirssyni lækni, dags. 4. febrúar 1980. Er það mat framkvæmt vegna umsóknar gagnáfrýjanda um örorkulífeyri samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar. Samkvæmt örorkumati þessu nam örorka gagnáfrýjanda 75% frá 1. desember 1979. Hinn 8. júní 1983 fór fram endurmat á örorkumati þessu, og var þá örorka gagnáfrýjanda metin 65%.

Hinn 13. janúar 1983 mat Björn Önundarson tryggingayfirlæknir að nýju örorku gagnáfrýjanda vegna dómsmáls þessa. Segir svo í hinu nýja örorkumati hans, að „ekki (þyki) ástæða til breytingar á örorkustigi því, er ákveðið var í örorkumatinu 26.06. 79, þ.e. 25% varanleg örorka.“ Um örorkumatið frá 4. febrúar 1980 og tengsl þess við örorkumat tryggingayfirlæknisins vegna slyss gagnáfrýjanda, tekur tryggingayfirlæknirinn sérstaklega fram, að það mat „byggist á öðrum forsendum en lagðar eru til grundvallar við örorkumat slysatryggingar og (sé) því ekki sambærilegt.“

IV.

Gagnáfrýjandi var 42 ára að aldri, er hún varð fyrir slysinu. Hún hélt heimili með syni sínum, 16 ára að aldri, en vann við afgreiðslustörf í skóverslun hluta úr degi. Er greint frá vinnutekjum hennar síðustu árin fyrir slysið í hinum áfrýjaða dómi. Fyrstu mánuðina eftir slysið fékk hún greidd laun frá vinnuveitanda sínum. Hún hóf ekki aftur störf utan heimilis fyrr en hinn 22. september 1981 og þá við símavörslu 4 stundir á dag. Hefur hún gegnt því starfi síðan. Samkvæmt skattframtölum voru vinnutekjur hennar 10.467.00 krónur árið 1981, en 54.471.00 króna árið 1982.

Fyrir uppsögu héraðsdóms áætlaði Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur fjártjón gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku hennar vegna slyssins, fyrst hinn 26. júlí 1979, en síðan aftur 14. febrúar 1980. Miðaði hann í báðum tilvikum við meðaltal vinnutekna hennar árin 1975 - 1977, umreiknuðum eftir kaupgjaldi á slysdegi. Gekk hann þá út frá, að gagnáfrýjandi hefði unnið sem svarar til ⅔ hluta fullrar dagvinnu. Þessu til viðbótar taldi hann gagnáfrýjanda til tekna vinnuframlag hennar við heimilisstörf á heimili hennar og sonar hennar og áætlaði verðmæti þess sem ¼ hluta dagvinnulauna verkakvenna, er laun tækju samkvæmt 2. launataxta Iðju. Í áætlun sinni gerði tryggingastærðfræðingurinn ráð fyrir, að tekjuöflun gagnáfrýjanda með framangreindum hætti hefði haldist óbreytt, ef slysið hefði ekki borið að höndum, uns sonur hennar hefði náð 20 ára aldri. Efir þann tíma reiknaði hann með því, að gagnáfrýjandi mundi hafa unnið heils dags vinnu við afgreiðslustörf, en niður féllu frá sama tíma vinnutekjur reiknaðar henni vegna heimilisstarfa. Við þessa áætlun tók tryggingastærðfræðingurinn tillit til breytinga á launatöxtum, sem orðnar voru, og gerði ráð fyrir, að af slysinu leiddi skerðingu á líklegum framtíðartekjum gagnáfrýjanda reiknuðum með framangreindum hætti, sem svaraði til örorku hennar á hverjum tíma, svo sem hún hafði verið metin af tryggingayfirlækni 26. júní 1979, þ.e. 100% örorku í 6 mánuði eftir slysið, 65% örorku í aðra 6 mánuði, en 25% örorku til frambúðar. Heildartapið reiknaði tryggingastærðfræðingurinn til verðmætis á slysdegi að teknu tilliti til dánarlíkna íslenskra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1966 - 1970 og líkna fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Við þann verðmætisreikning miðaði hann í fyrri útreikningnum við 13% ársvexti, en í hinum síðari við fjórar mismunandi vaxtaforsendur, þ.e. 5%, 7%, 9% og 13% ársvexti. Nam tap gagnáfrýjanda þannig áætlað eftir hinum fyrrtalda útreikningi alls 7.568.460 gkr. (1.062.060 gkr. vegna tímabundinnar örorku og 6.507.400 gkr. vegna varanlegrar örorku). Eftir síðartalda útreikningnum nam tapið vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku umreiknað til slysdags þessum fjárhæðum:

16.080.000 gkr. (1.097.000 + 14.983.000) reiknað með 5% ársvöxtum

13.296.000 gkr. (1.088.000 + 12.208.000) reiknað með 7% ársvöxtum
11.281.000 gkr. (1.080.000 + 10.201.000) reiknað með 9% ársvöxtum
8.599.000 gkr. (1.062.000 + 7.537.000) reiknað með 13% ársvöxtum

Kröfugerð sína í héraði að því er tók til bóta fyrir fjártjón vegna örorku reisti gagnáfrýjandi alfarið á hinum síðari útreikningi, þar sem fjárhæð tjónsins miðað við slysdag var reiknuð með því að miða við 5% ársvexti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðir tveir nýir útreikningar Þóris Bergssonar á tjóni gagnáfrýjanda vegna örorku af völdum slyss þess, sem hér er um fjallað. Er hinn fyrri þeirra dags. 8. október 1982. Ekki þykir ástæða til að taka hér upp í einstökum atriðum niðurstöður þess útreiknings, en þess skal aðeins getið, að nú áætlaði tryggingastærðfræðingurinn örorkutjón gagnáfrýjanda, að teknu tilliti til kaupgjaldsbreytinga, út frá öðrum vaxtaforsendum en fyrr við umreikning áætlaðs árlegs tekjutaps gagnáfrýjanda til slysdagsverðmætis. Reiknaði hann nú höfuðstól tapsins á slysdegi eftir þeim innlánsvöxtum, sem verið höfðu á hverjum tíma að því er tók til tímabilsins frá slysdegi til næstu mánaðamóta fyrir útreikningsdag. Höfuðstól áætlaðs tekjutaps eftir þann tíma reiknaði hann hins vegar eftir fjórum mismunandi forsendum um vexti, þ.e. 5%, 7%, 9% og 13% ársvöxtum. Þá var og í útreikningi þessum beitt tveimur mismunandi reikningsaðferðum til að finna höfuðstólsfjárhæð taps gagnáfrýjanda að því leyti, að í öðru tilvikinu var reiknað með vöxtum og vaxtavöxtum allan tímann aftur til slysdags, en í hinum með einföldum vöxtum fyrir tímann milli slysdags og næstu mánaðamóta fyrir útreikningsdag, en vaxtavöxtum eftir það. Með þessu móti fengust 8 mismunandi útkomur um höfuðstólsfjárhæð taps á slysdegi, hin lægsta 115.286.00 nýkr. en hin hæsta 224.791.00 nýkr.

Síðari útreikningarnir, sem lagðir hafa verið fyrir Hæstarétt, eru dags. 2. maí 1983. Er þar enn sem fyrr gengið út frá ýmsum mismunandi reikniforsendum, sem leiða til breytilegrar niðurstöðu, og eru sumar þeirra mjög frábrugðnar forsendum hinna fyrri útreikn-

inga. Þannig reiknar tryggingastærðfræðingurinn nú höfuðstólsfjárhæð taps gagnáfrýjanda að gefnum tveimur mismunandi forsendum um áhrif slyssins á tekjuöflun gagnáfrýjanda. Segir svo um þetta í greinargerð hans fyrir útreikningnum:

„*Fyrri forsenda um tekjutap (kallast I).*
Fyrra örorkumatið er notað sem mælikvarði á tekjulegar afleiðingar slyssins og ekkert tekið tillit til greiðslna vegna lífeyrisdeildar örorkumatsins.

Síðari forsenda um tekjutap (kallast II).
Ekkert tillit er tekið til fyrra örorkumatsins, en fullt tillit til *áhrifa* lífeyrisdeildarmatsins, þ.e. örorkulífeyris og tekjutryggingar frá Tryggingastofnun ríkisins.
Ekki er þó gert ráð fyrir, að áframhald verði á greiðslum þessara bóta.
Antonía vinnur nú hálfsdagsstarf, að vísu greitt eftir lægri launaflokki en hún var í fyrir slysið, en nægjanlegt til þess, að tekjutryggingin á alveg að falla niður, og samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar og reglum Tryggingastofnunarinnar er einungis *heimild* til að greiða henni hálfan örorkulífeyri.
Ég mun því áætla tap Antoníu *til ársloka 1982* með því að draga frá áætluðum tekjum hennar:

1) vinnutekjur sem hún hefur aflað sér samkvæmt skattframtölum,
2) fullan örorkulífeyri og tekjutryggingu.

Antonía tjáði mér að í janúar sl. hefðu tekjur hennar fyrir símavörslu hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga verið kr. 5.442.- sem eru tæp 50% af því sem henni áætlast samkvæmt Aðferð A. Skattframtalstekjur hennar árið 1982 voru kr. 54.471.-, sem er einnig tæplega 50% af því sem áætlun A gerir ráð fyrir. Þannig hefur hún í rúmt ár sýnt þessa tekjuöflun. Ég geri því ráð fyrir stöðugu ástandi og ætla tekjutapið 50% frá síðustu áramótum. Einnig áætla ég að hún fái hálfan örorkulífeyri frá þeim tíma til 67 ára aldurs."
Í útreikningum þeim, sem hér er um rætt, áætlar tryggingastærð-

fræðingurinn enn fremur tekjur gagnáfrýjanda, ef hún hefði ekki orðið fyrir slysinu, svo og líklegt tekjutap hennar vegna þess eftir mismunandi og að sumu leyti öðrum aðferðum en fyrr og reiknar hann tjón hennar áætlað með þeim hætti til höfuðstólsfjárhæðar á slysdegi að gefnum breytilegum vaxtaforsendum. Gerir hann svofellda grein fyrir aðferðum sínum og niðurstöðu:

„Í þessum útreikningum verða því notaðar tvær mismunandi aðferðir við áætlun tekna á liðnum tíma svo og tvær mismunandi aðferðir við áætlun tekjutaps. Auk þess verða notaðar margar mismunandi forsendur um vexti.

Aðferð A.

Vinnutekjuáætlunin er venjubundin og því einungis framreikningur á síðustu áætlun.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps verður eins og tafla A sýnir og eru þar tekin saman afgreiðslustörf og heimilisstörf.

Tafla A.

Ár	Áætlaðar tekjur:	Skatt-tekjur:	Örorkub. og tekjutr.:	*Áætlað tekjutap* Forsenda I:	Forsenda II:
1978	17.632	9.532[2]	0	10.994[1]	8.100[1]
1979	28.754	0	1.480	10.252	27.274
1980	45.755	0	21.521	11.439	24.234
1981	69.199	10.467	33.550	17.300	25.182
1982	112.202	54.471	50.303	28.050	7.424
1983	157.074			39.268	62.063
Síðan árl.	160.980			40.245	63.622

1) Þetta tap fellur á tímabilið eftir 8.5. 1978 til ársloka.
2) Í forsendu II eru greiðslur frá vinnuveitanda eftir slysið fólgnar í frádrættinum.

Aðferð B.

Hér breyti ég algjörlega um áætlun vinnutekna fyrir liðinn tíma.

Í aðferð A mælast tekjur eins og þær hafa verið í krónutölu á hverju kaupgjaldstímabili frá slysdegi þar til nú.

Samkvæmt Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar hefur kaupmáttur launataxta verslunarfólks frá og með árinu 1978 verið (1971 = 100):

Árið 1978 110,5
Árið 1979 113,4
Árið 1980 108,9
Árið 1981 105,3
Árið 1982 102,8

Þessar tölur sýna að hækkun kauptaxta hefur ekki haldið í við rýrnun verðgildis íslensku krónunnar og enn mun kaupmátturinn hafa dregist saman.

Í stað þess að áætla vinnutekjur á kauplagi hvers tímabils eru notaðar vinnutekjur þær sem nú ætlast allan tímann. Með því gerist ekki annað en að gerð er leiðrétting vegna verðrýrnunar íslensks gjaldmiðils yfir liðinn tíma, sem þó er ekki fullkomlega nægileg í þessu tilviki. Mjög sterk rök eru þannig fyrir því að nota allt frá slysdegi núgildandi launataxta við áætlun verðgildis tekna og vinnutekjutaps Antoníu. Á sama hátt þarf að áætla alla frádráttarliði, bæði bætur og frádregnar skattframtalstekjur í örorkuforsendu II.

Áætlunin verður þannig:

Tafla B.

Ár	Áætlaðar tekjur:	Skatt-tekjur	Örorkubætur og tekjutr.:	*Áætlað tekjutap* Forsenda I	Forsenda II
1978	139.956	75.661	0	81.782	64.295
1979	139.956	0	5.391	51.512	134.565
1980	139.956	0	65.778	34.989	74.178
1981	145.209	21.978	69.027	36.302	54.204
1982	160.980	78.151	70.708	40.245	12.121
1983	160.980			40.245	63.622
Síðan árl.	160.980			40.245	63.622

Verðmæti tekjutaps.

Ég mun nú nota fjórar mismunandi vaxtaforsendur um ávöxtun fjár eftir 1. júní 1983. Við útreikninga taps samkvæmt aðferð A verða yfir tímabilið milli slysdags og 1. júní 1983 notaðir almennir vextir af spariinnlánum eins og þeir hafa verið ákveðnir með verðbótaþætti. Tap samkvæmt aðferð B reiknast hins vegar stöðugt með sömu vöxtum allt aftur til slysdags. Yfir tímabilið milli slysdags og 1. júní 1983 verður þó vöxtunum beitt bæði sem einföldum og samsettum.

Með tveim tekjuáætlunaraðferðum (A og B), tveimur tapsforsendum (I og II) og tveim reikniaðferðum við notkun vaxta fyrir liðinn tíma, að viðbættum fjórum mismunandi forsendum um framtíðarvexti verða niðurstöður alls 32 og skiptast á næstu 8 töflur.

Aðferð A. Upphæðir liðins tíma óbreyttar. Allar fjárhæðir á verðlagi - kauplagi hvers tímabils.

Niðurstaða A, I, 1. Vextir milli slysdags og 1. 6. 1983 sýndir í fylgiskjali og reiknað með vöxtum og vaxtavöxtum milli slysdags og 1. 6. 1983.

Verðmæti reiknast nema á slysdegi í heilum krónur:

Ársvextir eftir 1.-6. 1983	5%	7%	9%	13%
V/taps til 1.-6. 1983	40.444	40.444	40.444	40.444
V/taps eftir það	129.494	107.346	94.270	73.167
Samtals	169.938	147.780	134.714	113.611

Niðurstaða A, I, 2.

Sömu forsendur og í A, I, 1 nema yfir tímabilið milli slysdags og 1.6. 1983 eru notaðir einfaldir vextir.

Slysdagsverðmætið verður:

Ársvextir eftir 1.6. 1983	5%	7%	9%	13%
V/taps til 1.6. 1983	54.612	54.612	54.612	54.612
V/taps eftir það	198.957	164.929	144.838	112.415
Samtals	253.569	219.541	209.450	167.027

Niðurstaða A, II, 1

Tekjuáætlun eins og í A, I, 1. Til ársloka 1982 er áætlað tap jafnt og áætlaðar tekjur að frádregnum skattframtalstekjum, örorkulífeyri og tekjutryggingu. Eftir það 50% af áætluðum tekjum að frádregnum hálfum örorkulífeyri.

Slysdagsverðmætið verður:

Ársvextir eftir 1.6. 1983	5%	7%	9%	13%
V/taps til 1.6. 1983	72.336	72.336	72.336	72.336
V/taps eftir það	204.739	169.721	149.047	115.682
Samtals	277.075	242.057	221.383	188.018

Niðurstaða A, II, 2.

Sama og í A, II, 1 nema vextir eru einfaldir milli slysdags og 1.6. 1983.

Slysdagsverðmætið verður:

Ársvextir eftir 1.6. 1983	5%	7%	9%	13%
V/taps til 1.6. 1983	79.898	79.898	79.898	79.898
V/ taps eftir það	314.564	260.764	228.998	177.735
Samtals	394.462	340.662	308.896	257.633

Aðferð B. Allar fjárhæðir leiðréttar vegna verðrýrnunar íslensku krónunnar.

Niðurstaða B, I, 1.

Vextir milli slysdags og 1. - 6. 1983 sýndir í fylgiskjali og reiknað með vöxtum og vaxtavöxtum milli slysdags og 1. - 6. 1983.

Verðmæti reiknast nema á slysdegi í heilum krónum:

Ársvextir eftir 1.6. 1983	5%	7%	9%	13%
V/taps til 1.6. 1983	238.069	229.654	223.862	207.729
V/taps eftir það	396.979	298.939	238.868	154.202
Samtals	635.048	528.593	462.720	361.931

Niðurstaða B, I, 2.

Sömu forsendur og í B, I, 1, nema yfir tímabilið milli slysdags og 1. - 6. 1983 eru notaðir einfaldir vextir.

Slysdagsverðmætið verður:				
Ársvextir eftir 1.6. 1983	5%	7%	9%	13%
V/taps til 1.6. 1983	238.968	231.504	227.832	212.813
V/taps eftir það	405.771	311.222	254.298	173.267
Samtals	644.739	542.626	482.130	386.081

Niðurstaða B. II. 1.

Tekjuáætlun eins og í B. I, 1. Til ársloka 1982 er áætlað tap jafnt og áætlaðar tekjur að frádregnum skattframtalstekjum, örorkulífeyri og tekjutryggingu. Eftir það 50% af áætluðum tekjum að frádregnum hálfum örorkulífeyri.

Slysdagsverðmætið verður:				
Ársvextir eftir 1.6. 1983	5%	7%	9%	13%
V/taps til 1. 6. 1983	334.161	323.008	312.550	287.974
V/taps eftir það	627.650	472.642	377.666	243.804
Samtals	961.811	795.650	690.216	531.778

Niðurstaða B, II. 2.

Sama og í B, II, 1 nema vextir eru einfaldir milli slysdags og 1.6. 1983.

Slysdagsverðmætið verður:				
Ársvextir eftir 1.6. 1983	5%	7%	9%	13%
V/taps til 1.6. 1983	335.413	325.215	315.832	299.434
V/taps eftir það	641.551	492.063	402.062	273.947
Samtals	976.964	817.278	717.894	573.381“

V.

Fyrir Hæstarétti sundurliðar gagnáfrýjandi kröfur sínar svo:

„1. Örorkutjón samkvæmt útreikningi Þóris Bergssonar ..., 2. maí 1983 ... miðað við

	5% raunvexti og einfalda vexti milli slysdags og 1. 6. 1983	kr. 394.462.00
	÷ dagpeningar frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, kr 7.694.30 ... samkvæmt útreikningi	— 20.900.00
		kr. 373.562.00
	÷ frádráttur vegna skattfrelsis bóta og eingreiðsluhagræðis, reiknað 20%	— 74.512.00
		kr. 299.050.00
2.	Útlagt fé og bætur vegna fataskemmda ...	— 3.698.54
3.	Miskabætur, þjáningar, lýti, röskun á stöðu og högum og annað óbeint tjón .	— 150.000.00
	Samtals	kr. 452.703.54"

Um 1. kröfulið: Kröfuliður þessi er byggður á þeirri niðurstöðu Þóris Bergssonar, sem nefnd er „Niðurstaða A II, 2" í framangreindri áætlun hans um tjón gagnáfrýjanda vegna örorku, dags. 2. maí 1983.

Í kröfugerð sinni fyrir héraðsdómi miðaði gagnáfrýjandi alfarið við það, að af slysinu hefði hlotist og mundi hljótast tekjuskerðing, sem svaraði til læknisfræðilegrar örorku hennar á hverjum tíma, eins og Björn Önundarson tryggingayfirlæknir mat hana 26. júní 1979 og hann hefur áréttað með hinu nýja örorkumati sínu 13. janúar 1983. Er þetta forsenda I um tekjutap gagnáfrýjanda, sem notuð er í útreikningi Þóris Bergssonar. Svonefnd forsenda II um tekjutapið í sama útreikningi er allt önnur. Var ekki á henni byggt í kröfugerð gagnáfrýjanda í héraði eða í skriflegri kröfugerð hennar, er lögð var fyrir Hæstarétt 11. október 1982. Gögn málsins benda til þess, að sú örorka, sem gagnáfrýjanda er metin samkvæmt hinu svonefnda lífeyrisdeildarmati, muni ekki eingöngu stafa af heilsubresti hennar, er rakin verði til slyssins. Þegar allt framangreint er virt, þykir ekki rétt að leggja til grundvallar hina svonefndu forsendu II í áætlun tryggingastærðfræðingsins við ákvörðun á örorkutjóni gagnáfrýjanda, svo sem hún krefst, heldur verða höfð til hliðsjónar örorkumöt Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis, þau sem áður eru greind og enginn ágreiningur er um.

Ekki er í málinu ágreiningur um, hverjar verið hafi tekjur gagnáfrýjanda fyrir slysið, þar með taldar reiknaðar tekjur hennar vegna heimilisstarfa, um umreikning þeirra tekna vegna hækkunar kaupgjalds til þess tíma, er slysið bar að höndum, og eigi heldur um breytingar á líklegum árstekjum hennar eftir slysið vegna kaupgjaldsbreytinga. Ekki greinir aðilja heldur á um það, að höfuðstólsfjárhæð örorkutjóns gagnáfrýjanda skuli miðuð við slysdag að teknu tilliti til kaupgjaldsbreytinga, sem um var vitað við áætlun tjónsins, en dráttarvextir greiðist af tjónbótum frá sama degi. Hins vegar skilur þá á um það, með hvaða vaxtafæti eigi að reikna og hvernig eigi að öðru leyti að fara með vaxtaþátt, þegar fundin er höfuðstólsfjárhæð áætlaðs árlegs tekjutaps gagnáfrýjanda. Halda aðaláfrýjendur því fram, að finna beri höfuðstólsfjárhæð á slysdegi reiknaða út eftir hinu áætlaða árlega tapi, þar sem reiknað sé með 13% ársvöxtum og vaxtavöxtum, en byggt á sömu forsendum og tryggingastærðfræðingurinn hefur gert um dánarlíkur og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi. Gagnáfrýjandi miðar hins vegar við, að reikna beri með 5% ársvöxtum, einföldum milli slysdags og útreikningsdags, en samsettum eftir það. Er hér um að ræða þýðingarmikið, en vandleyst, álitaefni við ákvörðun fébótanna.

Frá gildistöku laga nr. 4/1960 hafa vextir af fjárskuldbindingum, sbr. nú 1. gr., 2. gr., 3. gr. og 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1965 og 13. gr. laga nr. 10/1961, margsinnis tekið breytingum samkvæmt þeim vaxtaákvörðunum Seðlabankans, sem verið hafa í gildi á hverjum tíma. Hafa dómstólar haft nokkra hliðsjón af þeirri hækkun, sem orðið hefur á nafnvöxtum við ákvörðun höfuðstólsfjárhæðar skaðabóta vegna örorku í skaðabótamálum, þó að hvergi nærri hafi verið tekið til hennar fullt tillit. Má ætla, að þá hafi m.a. verið litið til þess, að mikil verðbólga hafi skotið loku fyrir ávöxtun fjár í innlánsstofnunum eða verðbréfum með raunvöxtum, sem svöruðu til lögleyfðra nafnvaxta.

Að því er varðar skaðabætur til gagnáfrýjanda vegna örorkutjóns hennar þykir rétt, þegar tjón hennar er reiknað til höfuðstólsfjárhæðar á slysdegi, og með sérstöku tilliti til dráttarvaxtakröfu hennar, að hafa til hliðsjónar nafnvexti, eins og þeir hafa verið hverju sinni að því er tekur til þess tíma, sem liðinn er frá slysinu. Mjög mikilli óvissu er bundið, við hvaða vaxtafót sé rétt að miða að því

er varðar ókominn tíma, enda þykir hvorki unnt að leggja alfarið til grundvallar nafnvexti né raunvexti, eins og ætla má, að þeir séu nú. Þegar litið er til allra atvika, sem hér skipta máli, þykir eðlilegt að miða í þessum efnum við 6% vaxtafót. Er þess þó að geta, að ákvörðun tjóns vegna varanlegrar örorku er háð svo mörgum vafaatriðum, að nákvæmum útreikningum verður þar ekki við komið, heldur verður tjónsfjárhæð að verulegu leyti háð mati, sem á margan hátt er óvisst.

Þegar allt framangreint er virt svo og litið til skattfrelsis bótana, eingreiðslu þeirra, og annarra atriða, sem hér skipta máli, þykir hæfilegt að áætla tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið 190.000.00 krónur. Hefur þá verið litið til þess að gagnáfrýjandi fékk greidd laun frá vinnuveitanda sínum fyrst eftir slysið, sem aðiljar eru sammála um, að numið hafi 2.512.12 nýkr., svo og dagpeninga frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur að fjárhæð 7.694.30 nýkr.

Um 2. kröfulið. Kröfuliður þessi sætir engum tölulegum andmælum, og verður fjárhæð hans, 3.698.54 krónur, lögð til grundvallar óbreytt.

Um 3. kröfulið. Að framan hefur verið greint frá meiðslum gagnáfrýjanda, sjúkrahúsvist hennar og heilsuhögum, eftir að sjúkrahúsvist lauk. Þegar það er virt, sem þar er rakið, þykir rétt að taka þennan kröfulið til greina með 40.000.00 krónum.

Litið verður til kostnaðar gagnáfrýjanda vegna örorkumats og útreiknings örorkutjóns eftir áfrýjun málsins við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu telst tjón gagnáfrýjanda vegna slyssins 233.698.54 krónur (190.000.00 + 3.698.54 + 40.000.00 krónur). Af því ber aðaláfrýjendum að bæta henni ⅔ hluta, eða 155.799.02 krónur að frádregnum 2.000.00 krónum, er aðaláfrýjandi Hagtrygging h/f greiddi henni 10. apríl 1979. Verða aðaláfrýjendur því dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda óskipt 153.799.02 krónur með vöxtum, svo sem í dómsorði greinir, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 60.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Kristín Anný Jónsdóttir og Hagtrygging h/f, greiði gagnáfrýjanda, Antoníu Margréti Björnsdóttur,

óskipt 153.799.02 krónur með 19% ársvöxtum frá 8. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 25. febrúar 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma (dómvöxtum), til greiðsludags og samtals 60.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Sigurgeirs Jónssonar.

Við erum sammála meiri hlutanum um það, að gagnáfrýjandi hafi sýnt af sér nokkra óvarkárni, er hún gekk út á Túngötuna í umrætt sinn, svo sem lýst er í héraðsdómi. Hins vegar teljum við þessa óaðgæslu hennar ekki réttlæta það, að bætur séu lækkaðar meira en um ¼ hluta.

Um 1. kröfulið.

Kröfugerð gagnáfrýjanda undir þessum lið er bggð á „Niðurstöðu A, II, 2." í útreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings frá 12. maí 1983. Í þessum útreikningsþætti er miðað við einfalda vexti milli slysdags og 1. júní 1983. Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir Hæstarétt, kemur því eigi til álita að dæma vaxtavexti, enda þótt við teljum, að í kröfu um dómvexti, sbr. lög nr. 56/1979, felist krafa um vaxtavexti.

Við ákvörðun örorkubóta í máli þessu verður að leggja til grundvallar hið læknisfræðilega örorkumat Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis frá 26. júní 1979, sbr. og mat hans frá 13. janúar 1983, enda var málið lagt þannig fyrir í héraði.

Við ákvörðun bóta þessarra álítum við rétt að hafa til hliðsjónar „Niðurstöðu A, I, 2" í útreikningi tryggingafræðingsins og 5% vaxtafót, enda teljum við óvarlegt, eins og háttar til í efnahags- og fjármálum hér á landi, að miða við, að unnt sé á öruggan hátt að ná hærri raunverulegri ávöxtun fjár en 5% ársvöxtum.

Með tilliti til þess hagræðis, sem gagnáfrýjandi, sem er tekju- og skattlág, hefur af skattfrelsi skaðabótanna og hagræðis af eingreiðslu þeirra, þykir tjón hennar samkvæmt þessum lið hæfilega áætlað 210.000.00 krónur. Hafa þá verið dregin frá laun, er hún fékk greidd frá vinnuveitanda sínum fyrst eftir slysið og aðiljar eru sammála um, að numið hafi 2.512.12 nýkr., og dagpeningar frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, 7.694.30 nýkr.

Um 2. kröfulið.

Kröfuliður þessi sætir eigi tölulegum andmælum, og verður fjárhæð hans lögð til grundvallar óbreytt.

Um 3. kröfulið.

Að framan hefur verið greint frá meiðslum gagnáfrýjanda, sjúkrahúsvist og heilsuhögum hennar, eftir að sjúkrahúsvist lauk. Þegar það er virt, sem þar er rakið, þykir rétt að taka þennan kröfulið til greina með 60.000.00 krónum, enda teljum við fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til að hækka þennan kröfulið frá því í héraði, þar eð gagnáfrýjandi hafði uppi áskilnað um það í áfrýjunarstefnu, grundvelli máls er ekki raskað og hækkunin er afsakanleg vegna hinna auknu slitgigtarbreytinga, er fram hafa komið í vinstra hnélið gagnáfrýjanda eftir uppsögu héraðsdóms.

Samkvæmt framansögðu teljum við tjón gagnáfrýjanda vegna slyssins 273.698.54 krónur (210.000.00 + 3.698.54 + 60.000.00 krónur). Af því ber aðaláfrýjendum að bæta henni ¾ hluta, eða 205.273.91 krónu, að frá dregnum 2.000.00 krónum, er aðaláfrýjandi Hagtrygging h/f greiddi henni 10. apríl 1979. Því teljum við, að dæma beri aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda óskipt

203.273.91 krónur með vöxtum, svo sem í dómsorði meiri hlutans greinir. Við erum sammála ákvörðun meiri hlutans um málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. desember 1980.

1.0

Mál þetta, sem var dómtekið 9. þ.m., hefur Antonía Margrét Björnsdóttir skrifstofumaður, til heimilis að Gyðufelli 10, Reykjavík, höfðað, á bæjarþingi 13. mars 1980, þar sem þing var sótt af hálfu hinna stefndu og fyrirtaka málsins samþykkt, til heimtu tjónbóta vegna bifreiðaslyss.

Stefndu eru Kristín Anný Jónsdóttir, Hólagötu 27, Vestmannaeyjum, og Hagtrygging h.f., Suðurlandsbraut 10, Reykjavík.

2.0

Málsatvik.

Mál þetta er risið af umferðarslysi, er varð á Túngötu við Landakotsspítala í Reykjavík mánudagskvöldið 8. maí 1978. Lögreglunni var tilkynnt um slysið kl. 19.44 þann dag. Stefnandi, sem kom gangandi í átt frá aðaldyrum sjúkrahússins, varð fyrir fólksbifreiðinni V 1172, eign stefndu Kristínar Annýjar, sem var á leið vestur götuna framan við sjúkrahúsið. Varð stefnandi fyrir framhorni bifreiðarinnar, og lenti hún á vinstra fæti hennar eða mjöðm. Við það skall hún í götuna og missti meðvitund.

Stefnda Kristín ók bifreiðinni, sem var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Hagtryggingu h.f. Veður var gott, dagsbirta og skýjað, yfirborð götunnar, sem er malbikað, var þurrt. Á framhjólum bifreiðarinnar voru hjólbarðar með sumarmynstri í lagi, en slitnir hjólbarðar á afturhjólum. Að aðaldyrum spítalans liggur bogadregin, skeifumynduð gata frá akbraut Túngötu. Slysið varð á móts við vesturenda bogans. Bifreiðastöður eru bannaðar báðum megin götunnar, en þó stóðu kyrrstæðar bifreiðar ólöglega að hluta uppi á gangstétt bæði norðan og sunnan við götuna fyrir framan sjúkrahúsið. Nærri vesturenda heimreiðarinnar er umferðarmerki A 6, sem gefur til kynna umferð barna yfir götuna. Báðum megin við merkið stóðu bifreiðar, en stefnandi gekk út á götuna vestan við bifreið, sem stóð vestan við umferðarmerkið.

Hemlar bifreiðar stefndu Kristínar voru í lagi. Hemlaför voru styttri eftir afturhjól, en hemlunarvegalengd var eðlileg, og virðist stefnda hafa hemlað bifreiðinni, jafnskjótt og slysið varð. Strætisvagn kom á móti bifreiðinni, og vegna þrengsla hafði stefnda hægt á ferðinni. Ók hún þétt upp við bifreiðarnar, sem stóðu norðan megin götunnar. Þær stefnandi og stefnda Kristín sáu hvorug til annarrar, fyrr en slysið varð.

Við slysið hlaut stefnandi höfuðkúpubrot, brot á báðum lífbeinsbogum vinstra megin, mjaðmaspaða vinstra megin og kurlað brot á efri enda

vinstri sköflungs, rof í liðþófa utanvert á vinstra hné, sár á höfði og mikið glóðarauga vinstra megin. Hún var flutt á slysadeild Borgarspítalans og var með meðvitund, þegar þangað kom. Teknar voru af henni röntgenmyndir, tappað blóði af hnjálið og höfuðsár saumuð. Síðan var hún flutt á skurðdeild, og þar var gert að fótbrotinu 12. maí 1978 og liðþófinn fjarlægður.

Sjúklingnum heilsaðist vel eftir aðgerðina. Hún lá á skurðdeildinni frá 8. maí til 5. júní 1978, fyrst og fremst vegna mjaðmagrindarbrotsins, því ekki var hægt að láta sjúkling ganga, fyrr en fjórar vikur voru liðnar frá slysi. Hún lá svo á endurhæfingardeild Borgarspítalans frá 5. júní til 21. ágúst og fékk þar styrktaræfingar, sjúkra- og iðjuþjálfun og kom reglulega í eftirlit á slysadeild. Eftir útskrift frá endurhæfingadeildinni hélt hún áfram í eftirliti hjá læknum slysadeildar, og einnig fékk hún meðferð hjá sjúkraþjálfara og var skoðuð af heilaskurðlækni.

Samkvæmt vottorði Hauks Árnasonar, læknis á slysadeild, hafa ofangreindir áverkar valdið þrálátum höfuðverk. Hún hefur enn þrota og verki í hnénu vegna byrjandi slitbreytinga, sem læknirinn telur ekki hægt að segja um, hvort muni versna með árunum.

Björn Önundarson læknir hefur metið örorku stefnanda. Hann telur ekki ólíklegt, að höfuðverkur, svimi og gleymska, sem stefnandi kvartar um, stafi af heilahristingi. Hann telur ekki sennilegt, að dragi úr einkennum frá höfði, gerir ráð fyrir slitbreytingum í hnélið og telur örorku hæfilega metna frá slysdegi í 6 mánuði 100%, eftir það í 6 mánuði 65% og varanlega 25%.

Þórir Bergsson tryggingafærðingur hefur tvívegis reiknað út örorkutjón stefnanda, þann 26. júlí 1979 og 14. febrúar 1980. En í síðara skiptið hefur hann reiknað verðmæti vinnutekjutaps á fjóra vegu miðað við mismunandi vaxtaforsendur. Miðað við 5% ársvexti telst vinnutekjutapið 16.080.000 kr., en miðað við 13% ársvexti 8.599.000 kr.

3.0

Kröfur og málsástæður.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða henn 18.300.363 kr. með 19% ársvöxtum frá 8. maí 1978 til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu héraðsdóms og hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins, að frádregnum 200.000 kr., er greiddar voru 10. apríl 1979.

Í stefnu sundurliðar stefnandi kröfugerð sína þannig:

1. Örorkutjón, útreikningur Þóris Bergssonar, cand. act, 14. febrúar 1980, 5% raunvextir, ... kr. 16.080.000
÷ greitt af Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, dagpeningagreiðslur ..... — 569.986
kr. 15.510.014
÷ 10% frádráttur vegna skattfrelsis bóta og eingreiðslu ..... — 1.551.001 kr. 13.959.013

2. Útlagt fé:
a. Samkvæmt reikningum fyrir læknishjálp, æfingar og ferðir í því sambandi (bílkostnaður) ..... kr. 207.654
b. Kápa, eyðilögð við slysið ..... — 40.000
c. Tönn brotin, viðgerð skv. mati — 120.000
d. Staðfest ljósrit ..... — 2.200
e. Greitt Birni Önundarsyni lækni — 50.940
f. Greitt Þóri Bergssyni tryggingafræðingi ..... — 120.000 kr. 540.794

3. Bætur fyrir miska, þjáningar, lýti, óhagræði og röskun á stöðu og högum og allt óbeint tjón ..... — 4.000.000

Samtals kr. 18.499.807

Stefnandi hefur breytt kröfugerð sinni þannig, að fjárhæð dagpeninga hækkar í 769.430 kr., og lækkar þá niðurstöðutalan að sama skapi. Komi til þess, að einhver hluti útlagðs fjár verði reiknaður með málskostnaði, er þess krafist af hálfu stefnanda, að greiðsla frá stefnda Hagtryggingu h.f. komi til frádráttar málskostnaði, en ekki höfuðstól. Kröfur stefnanda virðast byggjast á 1. málslið 1. málsgreinar 67. gr. laga nr. 40/1968, 69. gr., 70. gr. og 2. mgr. 74. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 55/1970, 25/1974 og 62/1976, sbr. nú lög nr. 65/1978 og 31/1980.

Af stefndu hálfu er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, meðal annars á grundvelli ábyrgðarskiptingar, en að málskostnaður verði felldur niður. Meginmálsástæða stefndu er, að stefnandi eigi að verulegu leyti sök á tjóni sínu sjálf og beri þá að lækka bætur til hennar samkvæmt 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Því er haldið fram að ábyrgð stefndu Kristínar geti einungis byggst á 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga, en að ákvæði 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga eigi ekki við um atvik málsins. Af hálfu stefnda Hagtryggingar er bent á, að samkvæmt lögum nr. 62/1976 sé hámark vátryggingarfjárhæðar 12.000.000 kr. Varðandi einstaka kröfuliði er

því haldið fram, að krafan um bætur fyrir fjártjón sé alltof há, meðal annars sé miðað við of háar tekjur og hugsanlegur frádráttur vegna eingreiðsluhagræðis ætlaður of lár(sic). Því er haldið fram, að ekki beri að miða við 5% vaxtafót, heldur að miklu nær sé að reikna með 13% ársvöxtum. Kröfu vegna kostnaðar samkvæmt a-lið var mótmælt í stefndu með tilliti til þess, að stefnandi hefði ekki gert nægja grein fyrir honum. Síðan hefur stefnandi lagt fram reikninga fyrir þessum lið, en í málflutningi vitnaði lögmaður stefndu einungis til greinargerðar varðandi andmæli gegn þessum lið. Því er haldið fram, að c-liður sé of hár. Kröfu um miskabætur telja stefndu alltof háa, ekki í raunhæfu samræmi við afleiðingar slyssins eða dómvenju. Því er sérstaklega haldið fram, að ekki beri að dæma hærri vexti en 13% ársvexti af kröfu stefnanda. Þá er því mótmælt, að innágreiðsla komi til frádráttar málskostnaði, og því haldið fram, að hana beri að draga frá höfuðstól, þannig að hún hækki í sama hlutfalli og bæturnar yrðu hækkaðar frá greiðslutíma innborgunarinnar.

4.0

Sönnunargögn.

Stefnandi kveðst hafa „labbað" skáhallt niður frá aðaldyrum sjúkrahússins, ætlað yfir götuna, stigið eitt skref út á götuna og ekki muna frekar eftir sér, fyrr en að hún rankaði við sér eftir slysið. Vitnið Hermann Ingi Ingólfsson, sem með henni var, segist hafað séð, að hún steig eitt skref fram fyrir hornið á kyrrstæða bílnum og varð þá fyrir bifreið stefndu Kristínar. Vitnið Birna Einarsdóttir, dóttir stefnanda, sem gekk fyrir aftan hana, segist ekki hafa séð til bifreiðar stefndu fyrir kyrrstæðum bifreiðum. Aðrir en þessi þrjú hafa ekki gefið skýrslu fyrir dóminum, en lögð hefur verið fram lögregluskýrsla stefndu Kristínar, þar sem segir, að stefnandi hafi virst ekki líta neitt eftir umferð, áður en hún gekk út á götuna, og að stefnda hafi ekkert getað gert til þess að afstýra slysinu. Einnig hefur verið lögð fram lögregluskýrsla, þar sem haft er eftir farþega í strætisvagninum, að ökumaður V 1172 hafi hægt mjög ferðina, þegar hún kom á móts við sjúkrahúsið, en að stefnandi hafi hlaupið frá spítalanum út á götuna á ská til vesturs á hægra framhorn bifreiðarinnar V 1172 án þess að líta eftir umferð. Þessi skýrsla hefur ekki orðið tilefni vitnaleiðslu.

Lögð hafa verið fram ítarleg áverkavottorð, sem ekki hafa sætt ágreiningi.

Samkvæmt skattframtölum stefnanda hafa vinnutekjur hennar þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið sem hér segir: árið 1975 403.300 kr., 1976 699.566 kr. og 1977 1.028.575 kr. Allra þessara tekna aflaði stefnandi við afgreiðslustörf í skóverslun, og voru henni greidd laun samkvæmt 7. launaflokki Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Við samanburð á skattframtals-

tekjum og tekjum fyrir fulla dagvinnu telur tryggingafræðingurinn, að komi í ljós, að stefnandi hafi að jafnaði unnið tvo þriðju hluta af fullri dagvinnu þessi ár. Stefnandi segist hafa unnið frá klukkan 12.00 á hádegi til klukkan 18.00. Sonur hennar, sem er fæddur 5. október 1961, var í heimili með henni. Á þessum grundvelli hefur tryggingafræðingurinn áætlað tekjur stefnanda í tvennu lagi, annars vegar fyrir afgreiðslustörf og hins vegar fyrir vinnuframlag á heimili, og fundið út frá því áætlað vinnutekjutap. Vinnuframlag stefnanda á heimili áætlar tryggingafræðingurinn fjórðung af vinnuframlagi húsmóður á meðalheimili, þar sem eru tveir fullorðnir og tvö börn.

Stefnandi segist hafa haft samband við tannlækni, meðan hún lá á spítalanum, og segir sig minna, að hann hafi áætlað, að það kostaði 100.000 kr. að gera við brotnu tönnina. Hún segir, að viðgerð hafi dregist með þeim afleiðingum, að grafið hafi undir tönninni, þannig að orðið hafi að taka hana úr. Af þeim sökum kveður hún áætlaðan kostnað við tannviðgerð hærri en annars hefði verið, þ.e. 120.000 kr. Hún tekur fram, að ekki sé búið að gera við tönnina. Hún segist hafa orðið að nota leigubíl til þess að fara til eftirlits og í æfingar, þar sem hún hafi ekki haft nóga góða heilsu til þess að ferðast í almenningsvögnum.

5.0

Álit dómsins.

5.1. Það sætir ekki ágreiningi, að stefndu bera óskipta ábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt greindum lagaákvæðum. Meginorsök slyssins þykir mega rekja til þess, að aðiljarnir sáu ekki hvor til annars vegna bifreiðar, sem var lagt ólöglega við götuna og auk þess á gangstétt. Þeir þættir í orsakakeðjunni, sem varða stefnanda, þykja ekki vera þannig vaxnir, að beita beri heimild 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga til lækkunar bóta til hennar, þar sem telja verður, að ákvæði 1. mgr. 67. gr. mundu ekki ná tilgangi sínum, ef þess konar aðgæsluleysi, sem hún kann að hafa sýnt, ætti að leiða til lækkunar bóta. Í þessu sambandi þykir og verða að hafa í huga, að stefnda Kristín virðist hafa haldið bifreið sinni nær kyrrstæðu bifreiðunum við nyrðri götubrún en vænta mátti.

5.2. Bætur úr hendi stefndu til stefnanda þykir bera að reikna eins og hér segir:

Um 1. tl.

Samkvæmt dómvenju þykir bera að áætla bætur fyrir örorku miðað við 13% ársvexti. Engin haldbær rök hafa komið fram gegn útreikningi tryggingafræðingsins á vinnutekjutapi stefnanda, byggðu á þessum grundvelli, en samanlagða fjárhæð vinnutekjutaps vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku þykir bera að lækka nokkuð vegna skattfrelsis og eingreiðslu

bóta. Síðan þykir bera að lækka bætur enn vegna dagpeningagreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins. Þessi kröfuliður þykir þá hæfilega ákveðinn þannig:

Verðmæti vinnutekjutaps skv. útreikningi tryggingafræðings	8.599.000 kr.	
Frádráttur vegna skattfrelsis bóta og eingreiðslu	2.399.000 kr.	6.200.000 kr.
Dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins		÷ 769.430 kr.
		5.430.570 kr.

Um 2. tl.

Kröfu um greiðslu útlagðs fjár og bætur vegna fataskemmda, samtals 247.654 kr., þykir bera að taka til greina að fullu, en d, e og f-liði þykir í samræmi við skoðun umboðsmanns stefndu bera að reikna með málskostnaði. Bætur vegna tannbrots þykja hæfilega ákveðnar 100.000 kr.

Um 3. tl.

Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar 800.000 kr.

Þegar þess er gætt, hversu mikill hluti útlagður kostnaður og tímabundið örorkutjón er í heildartjóni stefnanda, þykja ekki efni til að taka tillit til þess, að verðgildi krónunnar var meira en nú, þegar greitt var upp í bæturnar. Rétt þykir að draga fjárhæð inngreiðslu frá höfuðstól kröfunnar og lækka jafnframt þá fjárhæð, sem vextir eru reiknaðir af frá greiðsludegi.

Samkvæmt þessu þykja bætur hæfilega reiknaðar þannig:

Örorkubætur skv. 1. tl. að frádregnum dagpeningum	5.430.570 kr.	
Læknishjálp og fatatjón	347.654 kr.	
Miskabætur	800.000 kr.	6.578.224 kr.
Áður greitt frá Hagtrygging h.f.		200.000 kr.
		6.378.224 kr.

Þessa fjárhæð þykir stefndu bera að greiða stefnanda að óskiptu með vöxtum og málskostnaði eins og hér greinir.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 þykja ákvæði þeirra laga um dómvexti ekki eiga við í þessu máli. Samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 29. maí 1980 er skuldareiganda heimilt, greiði skuldari ekki skuld sína á réttum tíma frá eindaga til greiðsludags, eða til þess tíma er ákvæði laga nr 56/1979 taka til, að krefjast greiðslu vanskilavaxta (dráttarvaxta)

af gjaldfallinni fjárhæð, sem séu sömu vextir á ári og greiddir eru hæstir á hverjum tíma af innlánsreikningum.

Ákvæði þetta, sem á stoð í 5. gr. laga nr. 85 frá 1960, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961, þykir með samræmisskýringu við 1. gr. laga 56 frá 1979 bera að túlka svo, að vexti, jafnháa hæstu innlánsvöxtum, beri einungis að dæma fyrir þau tímabil, sem greind eru í auglýsingunni, af þeim kröfum, sem bera dómvexti skv. lögum nr. 56/1979.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og langri dómvenju þykja dráttarvextir hæfilega ákveðnir jafnháir almennum innlánsvöxtum innlánsstofnana, eða 19% ársvextir af 6.578.224 kr. frá 8.5. 1978 til 10.4. 1979 og af kr. 6.378.224 kr. frá þeim degi til 1.6. 1979, 22% ársvextir af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1.9. 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1.12. 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 1.6. 1980, en 35% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málssóknarlaun þykja hæfilega ákveðin 1.100.000 kr., og útlagður málskostnaður reiknast 240.740 kr., málskostnaður þannig samtals 1.340.740 kr.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kristín Anný Jónsdóttir og Hagtrygging h.f., greiði stefnanda, Antoníu Margréti Björnsdóttur, 6.378.224 kr. auk 19% ársvaxta af 6.578.224 kr. frá 8. maí 1978 til 10. apríl 1979 og af 6.378.224 kr. frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980, en 35% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags, og 1.340.740 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. júlí 1984.

Nr. 153/1982. **Guðlaugur Fr. Sigmundsson**
f.h. Bifreiðastöðvar Steindórs s/f
(Arnmundur Backman hdl.)
gegn
samgönguráðherra
f.h. samgönguráðuneytisins og
úthlutunarmönnum atvinnuleyfa
leigubifreiðastjóra í Reykjavík
(Gísli Baldur Garðarsson hdl.)

Leigubifreiðar. Atvinnuleyfi. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1982. Dómkröfur hans eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að í gildi séu 45 atvinnuleyfi leigubifreiðarstjóra, sem gefin voru út á Bifreiðastöð Steindórs þann 25. maí 1956 með stoð í 3. gr. reglugerðar nr. 13/1956.

Að áfrýjandi verði með öllu sýknaður af gagnkröfu stefndu í héraði.

Að stefndu verði gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefndu tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Árið 1918 hóf Steindór Einarsson rekstur Bifreiðastöðvar Steindórs, er hann rak sem einkafyrirtæki sitt, þar til hann lést 22. nóvember 1966. Löggjafinn hóf afskipti af leigubifreiðaakstri, fyrst með lögum nr. 23/1953 og síðar með lögum nr. 25/1955 og fjölmörgum lagabreytingum eftir það, með því að takmarka aðgang manna að stétt leigubifreiðastjóra og áskilja til þess sérstök atvinnuleyfi.

Hinn 30. apríl 1956 sótti Bifreiðastöð Steindórs um 45 „atvinnuleyfi til bifreiðaaksturs í Reykjavík, samkvæmt reglugerð 2. mgr., 3. gr. frá 9. feb. 1956", sem sett var með heimild í áðurgreindum lögum.

Hinn 25. maí 1956 voru Bifreiðastöð Steindórs veitt hin umbeðnu leyfi. Í leyfunum er tekið fram, að þau séu gefin út samkvæmt reglugerð nr. 13 9. febrúar 1956 um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

Í 11. gr . téðrar reglugerðar segir, að skila skuli atvinnuleyfum til Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils við andlát leyfishafa. Enda þótt leyfin hafi verið stíluð á Bifreiðastöð Steindórs, verður að telja, að þau hafi verið bundin persónu Steindórs Einarssonar og því borið að skila þeim við andlát hans samkvæmt 10. gr. þágildandi reglugerðar nr. 202 19. nóvember 1959. Með bréfi samgönguráðuneytisins 12. maí 1967 féllst það á, „að leyfin verði yfirfærð á nafn sameignarfélags, sem verði sameign erfingja Steindórs Einarssonar". Hefur ráðuneytisstjórinn í samgönguráðuneytinu borið, að þetta hafi verið gert af sanngirnisástæðum.

Í bréfi úthlutunarmanna 4. september 1968 til Hafsteins Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, er gætti hagsmuna barna Steindórs Einarssonar, þar sem tilkynnt er , að ákveðið hafi verið að veita Bifreiðastöð Steindórs s/f þau 45 atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs, sem Bifreiðastöð Steindórs hefur haft, segir m.a.: „Leyfisveiting þessi er bundin því skilyrði, að eigendur sameignarfélagsins verði eingöngu börn Steindórs heitins Einarssonar.

Verði breyting á eignaraðild að sameignarfélaginu má afturkalla leyfisveitingu þessa að öllu leyti eða að hluta. Framsal einstakra leyfa er óheimilt, sbr. 2. gr. 2. mgr. laga nr. 1/1966. Að öðru leyti gilda um leyfi þessi ákvæði reglugerðar nr. 202/1959.

Framangreind breyting yrði þannig framkvæmd að eldri leyfin verða ógilt og ný gefin út í staðinn."

Þegar þetta er haft í huga, verður ekki talið, að atvinnuleyfi þessi hafi veitt börnum Steindórs Einarssonar betri eða rýmri rétt en lög og reglugerðir mæltu fyrir um hverju sinni og sem aðrir handahafar atvinnuleyfa máttu hlíta. Sérstaklega á þetta við um bannið við framsali þessara réttinda, enda berlega tekið fram í lögunum um leigubifreiðar nr. 1/1966, 2. gr. sbr. nú 10. gr. laga nr. 36/1970,

að girða eigi fyrir, ,,að atvinnuleyfin geti orðið verzlunarvara".

Ítrekuð mótmæli af hálfu erfingja Steindórs Einarssonar gegn skilyrðum fyrir útgáfu leyfanna breyta hér engu um.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júlí 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 1. júlí sl., hefur höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur Guðlaugur Friðgeir Sigmundsson, nnr. 2992-2306, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Bifreiðastöðvar Steindórs s/f, Hafnarstræti 2, Reykjavík, nnr. 1108-5903, f.h. félagsins. Stefna er birt 28. janúar sl. Skv. bókun í þinghaldi 19. maí sl. eru stefndu samgönguráðherra f.h. samgönguráðuneytis og úthlutunarmenn atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík. Aðsetur úthlutunarmanna er að Fellsmúla 26, Reykjavík, og nöfn þeirra eru Ármann Magnússon, Úlfur Markússon og Óli Ómar Ólafsson.

Krafa stefnanda er, eins og segir í stefnu; ,,að fá viðurkenningu réttarins fyrir því að í gildi séu 45 atvinnuleyfi leigubifreiðastjóra sem gefin voru út á Bifreiðastöð Steindórs þann 25.5. 1956 með stoð í 3. gr. reglugerðar nr. 13/1956". Þá er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndu mótmæla kröfum stefnanda og krefjast sýknu af viðurkenningarkröfunni. Jafnframt gera þeir kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Þá hafa stefndu höfðað gagnsök í málinu. Aðild þeirra kemur fram í bókun réttarins frá 19. maí sl. Kröfur þeirra í gagnsök eru: ,,Að viðurkennt verði með dómi að gagnstefndi, bifreiðastöð Steindórs s/f, hafi eftir 9. janúar 1982 engin gild atvinnuleyfi fyrir leigubifreiðaakstri til mannflutninga í Reykjavík." Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi gagnstefnda að mati réttarins.

Aðalstefnandi og stefndi í gagnsök gerði þær kröfur upphaflega, aðallega að gagnsökinni yrði vísað frá dómi, en til vara, að hann yrði sýknaður af kröfum gagnstefnenda. Í báðum tilvikum krafðist hann málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. Með úrskurði rétt-

arins 10. júní sl. var frávísunarkröfunni hrundið, þannig að sýknukrafan stendur nú ein eftir.

Stefnandi hefur tilkynnt málsókn þessa seljendum Bifreiðastöðvar Steindórs s/f þeim Kristjáni Steindórssyni, Fornuströnd 18, Seltjarnarnesi, og Petrínu Jónsdóttur, Látraströnd 11, Seltjarnarnesi, svo og öðrum erfingjum Steindórs heitins Einarssonar, þeim Önnu Haarde Steindórsdóttur, Háaleitisbraut 51, Reykjavík, Fjólu Steindórsdóttur, Barmahlíð 2, Reykjavík, og Guðrúnu Steindórsdóttur, Eiríksgötu 8, Reykjavík, og skorað, sbr. 52. gr. laga 85/1936, á þau með meðalgöngustefnu eða á annan hátt að veita stefnanda lið í málinu. Í málinu hefur ekki verið mætt af hálfu þessara aðilja að öðru leyti en því, að þann 19. maí 1982 sótti þing Þorsteinn Júlíusson, hrl., f.h. Kristjáns Steindórssonar og Petrínu Jónsdóttur og lýsti því yfir, að í samræmi við ofangreinda áskorun tækju þau í öllum atriðum undir kröfur og málsástæður stefnanda. Þá var Þorsteinn einnig viðstaddur, þegar málið var munnlega flutt.

Sátt hefur verið reynd, en á árangurs.

Stefnandi segir tilefni máls þessa vera það, að með stoð í reglugerð nr. 13/1956 hafi Bireiðastöð Steindórs verið úthlutað án umsóknar 45 atvinnuleyfum leigubifreiðastjóra. Leyfi þessi hafi verið gefin út þann 25.5. 1956 og skráð á Bifreiðastöð Steindórs. Með bréfi samgönguráðuneytisins, dags. 12. maí 1967, lýsi ráðuneytið því yfir, að leyfi þessi megi yfirfærast á nafn sameignarfélags. Sams konar yfirlýsing komi fram í bréfi úthlutunarmanna atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík, dags. 4. september 1968. Yfirfærslan hafi verið bundin skilyrðum um eignaraðild barna Steindórs heitins Einarssonar, en skilyrðum þessum hafi þegar í stað verið mótmælt og þeim hafi ekki verið sinnt. Þann 28. júlí 1972 hafi verið samdar reglur um Bifreiðastöð Steindórs s/f í Reykjavík og þær sendar í ábyrgðarbréfi til barna Steindórs Einarssonar. Reglur þessar hafi ekki verið birtar í Stjórnartíðindum. Skv. þessum reglum hafi átt að úthluta 9 leyfum á hvert 5 barna Steindórs heitins Einarssonar. Úthlutun þessi hafi verið gerð með 4 samhljóða bréfum til barnanna, dags. 7. nóvember 1973, og hafi eldri leyfi, þ.e. 45 leyfi frá 1956, jafnframt verði afturkölluð og ógilt. Úthlutun þessari og afturköllun eldri leyfa hafi harðlega verið mótmælt með bréfi, dags. 20. nóvember 1973, og leyfunum frá 1956 hvorki verið skilað né hafi nýju leyfin verið sótt til úthlutunarmannanna.

Frá miðju ári 1968 hafi eigendur Bifreiðastöðvar Steindórs s/f verið tveir, þ.e. þeir Sigurður E. Steindórsson og Kristján Steindórsson, en eftir lát Sigurðar hafi ekkja hans eignast eignarhluta hans. Með kaupsamningi, dags. 9.12. 1981, sem gildi tók 1.1. 1982, hafi þessir aðiljar selt sameignarfélagið Bifreiðastöð Steindórs og hafi kaupendur verið 34 menn, sem flestir hafi starfað við leiguakstur á Bifreiðastöð Steindórs í lengri eða skemmri

tíma. Úthlutunarmenn atvinnuleyfa leigubifreiðarstjóra í Reykjavík hafi gert það ljóst, að þeir telji söluna ólögmæta, og með bréfi, dags. 7. janúar 1982, afturkallað þau leyfi, sem gefin voru út 1973. Núverandi eigendur Bifreiðastöðvar Steindórs s/f telji atvinnuleyfin, sem gefin voru út á Bifreiðastöð Steindórs þann 25.5. 1956, hafi aldrei verið afturkölluð með lögmætum hætti, þau séu því í gildi og tilheyri Bifreiðastöð Steindórs s/f Mikill ágreiningur sé uppi milli kaupenda og seljenda bifreiðarstöðvar Steindórs s/f annars vegar og samgönguráðuráðuneytis og úthlutunarmanna atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra hins vegar um, hvaða atvinnuleyfi séu í gildi, og sé því nauðsynlegt að bera þennan ágreining undir dómstóla.

Stefnandi byggir á því, að af upphafsákvæði 10. gr. laga 36/1970 leiði, að setja beri reglugerð um ráðstöfun atvinnuleyfa til leigubifreiðaaksturs og að slíkt verði ekki gert með öðrum hætti. Afturköllun þeirra 45 atvinnuleyfa, sem skráð hafi verið á Bifreiðastöð Steindórs s/f, byggist á reglum, sem samdar voru 28. júlí 1972, en ekki birtar, svo sem 2. gr. laga 64/1943 mæli fyrir um, og því séu þær ekki bindandi, sbr. 7. gr. sömu laga. Núverandi eigendur Bifreiðastöðvar Steindórs s/f telji því, að leyfin frá 25.5. 1956 séu enn í gildi, og benda í því sambandi til orðalags 5. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 219/1979, sbr. áður orðalag 5. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 445/1975.

Af hálfu stefndu er málsástæðum og lagarökum stefnanda mótmælt í heild. Rök þeirra fyrir sýknukröfunni eru eftirfarandi:

1. Þeir halda því fram, að atvinnuleyfin 45, sem út voru gefin á Bifreiðastöð Steindórs 25. maí 1956, hafi verið afturkölluð af úthlutunarmönnum 7. nóvember 1973, sbr. dskj. nr. 6-10. Þessi afturköllun hafi verið gild og standi óhögguð. Að vísu hafi afturkölluninni verið mótmælt af hálfu Bifreiðastöðvar Steindórs s/f, en þessum andmælum hafi hvorki verið fylgt eftir með áfrýjun til samgönguráðuneytisins, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 214/1972, né með því að bera ágreiningsefnið undir dómstóla Þetta tómlæti eigi að valda því, að Bifreiðastöð Steindórs s/f hafi glatað rétti sínum til að véfengja gildi afturköllunarinnar.

2. Þótt afturköllunin frá 7. nóvember 1973 verði af einhverjum ástæðum talin ógild, séu atvinnuleyfin frá 1956 samt falin úr gildi, þar sem fyrri eigendur Bifreiðastöðvar Steindórs s/f hafi hætt rekstrinum 31.desember 1981, en sala þeirra á atvinnuleyfum til núverandi eigenda stöðvarinnar sé ómerk, sbr. 10. gr. laga nr. 36/1970 og 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 219/1979, en í ákvæðum þessum segi annars vegar að fyrir það skuli girt, að atvinnuleyfin geti orðið verslunarvara, og hins vegar að óheimilt sé að láta atvinnuleyfin af hendi á nokkurn hátt nema til stéttarfélags bifreiðastjóra, sem tilkynni það þegar úthlutunarmönnum.

3. Jafnhliða afturköllun atvinnuleyfanna frá 1956 hafi úthlutunarmenn

gefið út 45 ný leyfi á nöfn allra barna Steindórs Einarssonar, 9 leyfi á hvert barn. Bifreiðastöð Steindórs s/f hafi aldrei viðurkennt gildi þessara leyfa. Ráðuneytið og úthlutunarmennirnir hafi talið þessi leyfi gild frá 7. nóvember 1973 til 9. janúar 1982, en frá þeim degi hafi þau verið afturkölluð sbr. dskj. nr. 14. Strangt tiltekið hafi leyfi þessi fallið úr gildi 31. desember 1981, en þá hafi fyrri eigendur hætt rekstri Bifreiðastöðvar Steindórs s/f Útgáfa leyfanna til allra barna Steindórs Einarssonar þann 29. október 1973 hafi m.a. verið gerð, þar sem úthlutunarmenn vissu þá ekki betur en að öll börn Steindórs Einarssonar væru sameigendur að Bifreiðastöð Steindórs s/f. Það hafi ekki verið fyrr en undir árslok 1981 sem ráðuneytið og úthlutunarmenn höfðu spurnir af því, að systurnar þrjár hefðu gengið úr sameignarfélaginu þann 30. mars 1968. Þessari staðreynd hafi verið haldið leyndri öll þessi ár með þeim hætti, að firmatilkynning, útgefin 30. mars 1968, hafi ekki verið afhent til firmaskrár fyrr en 30. desember 1981, sbr. dskj. nr. 30.

4. Ástæðan fyrir því, að fyrirheit ráðuneytisins í bréfi dags. 12. maí 1967, sbr. dskj. nr. 28, þess efnis, að atvinnleyfin yrðu yfirfærð á nafn Bifreiðastöðvar Steindórs s/f hafi aldrei komið til framkvæmda, hafi einfaldlega verið sú, að bifreiðastöðin neitaði að fallast á eðlileg og lögmæt skilyrði úthlutunarmanna, sbr. bréf þeirra, dags. 4. desember 1968, dskj. 35, þ.e. að eigendur sameignarfélagsins yrðu einvörðungu börn Steindórs heitins Einarssonar og að framsal einstakra leyfa væri óheimilt. Bréf ráðuneytisins frá 12. maí 1967 hafi borið að skilja þannig, að allir erfingjar Steindórs Einarssonar yrðu aðiljar að væntanlegu sameignarfélagi, enda hafi svo verið í fyrstu, þótt síðar hafi verið út af því brugðið með leynd.

5. Þann 28. júlí 1972 hafi samgönguráðherra sett sérstakar reglur um Bifreiðastöð Steindórs s/f, sbr. dskj. nr. 4. Þessar reglur hafi verið kunngjörðar öllum þeim, sem hlut áttu að máli, þ.e. erfingjum Steindórs Einarssonar, úthlutunarmönnum og stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frama. Þessar reglur hafi ekki almenna þýðingu og því hafi ekki þurft að birta þær í Stjórnartíðindum. Í 1. mgr. 2. gr. þessara reglna segir: „Bifreiðastöð Steindórs s/f skal fá 45 atvinnuleyfi af þeirri tölu leigubifreiða, sem leyfð er. Skulu atvinnuleyfin gefin út á nöfn barna Steindórs Einarssonar, 9 leyfi á hvert barn."

Þarna sé skýrt tekið fram, að Bifreiðastöð Steindórs s/f skuli fá 45 atvinnuleyfi. Þar með hafi þó ekki verið nauðsynlegt að gefa leyfin út á nöfn Bifreiðastöðvar Steindórs s/f, heldur hafi sú leið verið valin skv. reglunum að gefa leyfin út á nöfn allra barnanna til að tryggja, að leyfin yrðu ekki verslunarvara. Þetta hafi átt að koma í sama stað niður fyrir stöðina, þar sem þetta var gert í trausti þess, að öll börnin væru eigendur að Bifreiðastöð Steindors s/f. Í framhaldi af þessu og á sömu forsendu hafi svo verið

sett inn í reglugerðina, sem einnig var útgefin 28. júlí 1972, sbr. reglugerð nr. 214/1972, að Bifreiðastöð Steindórs s/f skuli fá 45 atvinnuleyfi. Jafnframt hafi verið sagt í reglugerðinni, að um Bifreiðastöð Steindórs giltu sérstakar reglur. Ákvörðun um að gefa atvinnuleyfin út á nöfn allra barna Sreindórs Einarssonar, sem hrundið var í framkvæmd 7. nóvember 1973, eigi þannig stoð í lögum, reglugerð og sérstökum reglum.

6. Í lögum um leigubifreiðar sé hvergi minnst berum orðum á Bifreiðastöð Steindórs, það sé ekkert, sem gefi til kynna, að atvinnuleyfi stöðvarinnar eigi að vera varnalegri og annars eðlis en atvinnuleyfi stéttarfélagsmanna. Við umræður á Alþingi, þegar fjallað var um frumvarp að lögum nr. 25/1955, hafi sérstaklega verið á það bent, að hvorki atvinnuleyfi einstakra bifreiðastjóra né atvinnuleyfi Bifreiðasstöðvar Steindórs mættu verða verslunarvara.

7. Ljóst sé, að núverandi eigendur Bifreiðarstöðvar Steindórs s/f stefni að því, að hver félagsmaður eigi sína bifreið og sitt atvinnuleyfi sem hann geti selt að vild með formlegu samþykki félagsins.

Rök stefndu fyrir gagnsökinni eru þau, að stefndu telja ekki nægilegt að dæma einvörðungu um gildi atvinnuleyfanna frá 25. maí 1956, því fleiri leyfi komi hér við sögu. Úr því verði að fást skorið, hvort Bifreiðastöð Steindórs s/f hafi yfirleitt nokkur atvinnuleyfi og við hvaða tímamörk skuli miða brottfall atvinnuleyfanna, ef svo beri undir. Ástæður stefndu fyrir gagnsökinni eru að öðru leyti þau sömu og fyrir sýknukröfunni. Þá kom það fram, að ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 219/1979, þess efnis, að um Bifreiðastöð Steindórs s/f gildi sérstakar reglur, eru nú niður fallin með nýrri reglugerðabreytingu nr. 89/1982. Af þeim sökum er því haldið fram, að stöðin njóti ekki lengur gildra atvinnuleyfa.

Af hálfu aðalstefnanda og gagnstefnda er kröfum í gagnsök mótmælt og tekið fram, að núverandi eigendur, Bifreiðastöðvar Steindórs s/f, hafi keypt sameignarfélagið 9. desember 1981, sbr. kaupsamning á dskj. nr. 40, sem gildi hafi tekið 1. janúar 1982. Sameingarfélagið sé handhafi atvinnuleyfa til leigubifreiðaaksturs frá 25. maí 1956. Þessi leyfi verði ekki skilin frá sameignarfélaginu og engin breyting hafi orðið á handhöfn leyfanna, þótt nýir eigendur yrðu að félaginu, enda sé félagið sjálfstæð persóna að lögum. Leyfi þessi séu ennþá í gildi, enda hafi þau aldrei verið löglega afturkölluð. Beri því að sýkna Bifreiðastöð Steindórs s/f af kröfum samgönguráðuneytisins og úthlutunarmanna atvinnuleyfa í Reykjavík í gangsök.

Álit dómsins.

Það er fyrst með lögum nr. 23/1953 um leigubifreiðir í kaupstöðum sem Alþingi tekur sér fyrir hendur að koma skipulagi á rekstur leigubifreiða

hérlendis. Í þessum lögum er veitt heimild til takmörkunar vörubifreiða í Reykjavík og samgönguráðuneytinu gert að setja með reglugerð nánari ákvæði um slíka takmörkun.

Með lögum nr. 25/1955 um breytingu á fyrst nefndu lögunum eru lögð drög að þeim ákvæðum um takmarkanir á fjölda leigubifreiða, sem enn gilda. Í lögunum var samgönguráðuneytinu veitt heimild til að takmarka fjölda leigubifreiða, hvort heldur er vörubifreiða eða fólksbifreiða, í nokkrum kaupstöðum á landinu þ. á m. Reykjavík. Lögin settu þó þessari heimild þær skorður, að óheimilt var að skerða atvinnuréttindi þeirra *manna,* sem á lögmætan hátt stunduðu leigubifreiðaakstur og voru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þegar lögin tóku gildi. Þá var í lögunum mælt fyrir um það, að leyfum til leigubifreiðaaksturs mætti einungis ráðstafa í samræmi við ákvæði reglugerðar, sem samgönguráðherra átti að setja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags.

Í reglugerðinni átti að ákveða, að við ráðstöfun leyfa skyldu þeir, sem áður höfðu stundað akstur leigubifreiða, sitja fyrir eftir starfsaldri. Þá átti í reglugerðinni að girða fyrir, að *atvinnuleyfin gætu orðið verslunarvara.*

Af ákvæðum þessara laga, sérstaklega niðurlagi 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. þykir mega ráða þann skilning og ætlun löggjafans, að atvinnuréttindi samkvæmt lögunum eigi að vera persónubundin og verði þannig ekki skilin frá persónu leyfishafa.

Í framhaldi af setningu þessara laga og með heimild í þeim var síðan sett reglugerð nr. 13/1956 um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

Í 1. mgr. 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar sagði: „Enginn bifreiðarstjóri má hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík, nema hann hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Reykjavík. Leyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa."

Í 2. og 3. gr. voru síðan sérákvæði um bifreiðastöð Steindórs og þá, sem höfðu haft tvö afgreiðsluleyfi á bifreiðastöð fyrir 31. desember 1955. Í þessum ákvæðum segir:

„Engum má úthluta fleiri en einu atvinnuleyfi, nema Bifreiðastöð Steindórs, sem skal fá 45 atvinnuleyfi af þeirri tölu leigubifreiða, sem leyfð er. Þó skulu þeir, sem höfðu tvö afgreiðsluleyfi hjá bifreiðastöð 31. desember 1955, fá tvö atvinnuleyfi, ef þeir óska þess innan eins mánaðar frá gildistöku reglugerðar þessarar.

Bifreiðastöð Steindórs er óheimilt að nota þau atvinnuleyfi, sem gefin eru út á nafn Bifreiðastöðvar Steindórs, fyrir aðrar leigubifreiðar en þær, sem eru eign Bifreiðastöðvar Steindórs."

Bifreiðastöð Steindórs var á þessum tíma í einkaeign Steindórs Einarssonar, en hann hafði um árabil rekið leigubifreiðar frá þessari stöð. Ekkert

er fram komið um það, að atvinnuleyfi hans hafi átt að vera öðruvísi en annarra, og óeðlilegt að þegnunum sé mismunað á þann hátt, enda var þessum 45 leyfum úthlutað til stöðvarinnar af þáverandi úthlutunarmönnum atvinnuleyfa á sama hátt og öðrum leyfum og í sama formi. Tekið var við þeim athugasemdalaust. Önnur ákvæði reglugerðar 13/1956 giltu því um þessi 45 atvinnuleyfi eins og öll önnur atvinnuleyfi.

Í 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar kemur fram að við lát leyfishafa átti að skila leyfi til Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils (nú Frama). Þá sagði í 3. mgr. 1. gr:

„Leyfi þeirra manna, sem við gildistöku reglugerðar þessarar fá atvinnuleyfi en ekki hafa akstur leigubifreiðar að aðalatvinnu, skulu ekki endurveitt öðrum."

Samkvæmt ofanskráðu þykir reglugerðin verða skýrð samkv. ákvæðum sínum og í samræmi við lögin, þannig að atvinnuleyfin hafi átt að vera persónubundin.

Steindór Einarsson lést árið 1966 og með bréfi, dags. 18. janúar 1967, fer Bifreiðastjórafélagið Frami fram á að fá leyfi stöðvarinnar afhent með tilvísun til 8. gr. þágildandi reglugerðar um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík nr. 202/1959. Með bréfi, dags. 26. janúar 1967, fara erfingjar Steindórs Einarssonar fram á það við samgönguráðuneytið, að atvinnuleyfin 45 að tölu séu yfirfærð á fyrirtæki, sem kallast skyldi Bifreiðastöð Steindórs h/f og ætlunin var að stofna. Erfingjarnir allir, sem voru börn Steindórs Einarssonar, ætluðu að verða eigendur að hlutafélaginu skv. bréfinu.

Með bréfi samgönguráðuneytisins, dags. 12. maí 1967, er erfingjunum tilkynnt, að ráðuneytið geti ekki með tilvísun til ákvæða 2. mgr. 2. gr. þágildandi laga um leigubifreiðir nr. 1/1966 fallist á, að atvinnuleyfin verði færð yfir á nafn hlutafélags. Hér er komið ákvæði um, að fyrir það átti að girða, að leyfin geti orðið verslunarvara, samskonar ákvæði og hér að framan er rakið og í gildi var, þá er leyfin voru gefin út.

Ráðuneytið samþykkir síðan, að leyfin verði yfirfærð á nafn sameignarfélags, sem verði sameign erfingja Steindórs Einarssonar. 9 apríl 1968 er síðan slíkt sameignarfélag tilkynnt til firmaskrá Reykjavíkur. Með bréfi, dags. 18. júlí 1968, er ráðuneytinu tilkynnt um þessa félagsstofnum og tekið fram, að samkvæmt þessu og með tilvísun til símtals við ráðuneytisstjóra tilheyri atvinnuleyfin 45 nú firmanu „Bifreiðastöð Steindórs s/f" Með bréfi, dags. 19. ágúst 1968, fer firmað fram á það við úthlutunarmenn atvinnuleyfa í Reykjavík, að leyfin verði skráð á sameignarfélagið.

Úthlutunarmenn atvinnuleyfa svara þessu bréfi með bréfi, dags. 4. september 1968. Í bréfinu er tilkynnt, að ákveðið hafi verið að veita Bifreiða-

stöð Steindórs s/f þau 45 atvinnuleyfi, sem Bifreiðastöð Steindórs hafi haft. Síðan segir:

„Leyfisveiting þessi er bundin því skilyrði, að eigendur sameignarfélagsins verði eingöngu börn Steindórs heitins Einarssonar.

Verði breyting á eignaraðild að sameignarfélaginu má afturkalla leyfisveitingu þessa að öllu leyti eða að hluta. Framsal einstakra leyfa er óheimilt sbr. 2. gr., 2. mgr., laga nr. 1/1966. Að öðru leyti gilda um leyfi þessi ákvæði reglugerðar nr. 202/1959.

Framangreind breyting yrði þannig framkvæmd, að eldri leyfi verða ógilt og ný gefin út í staðinn."

Af gögnum málsins verður ekki séð, að frekara hafi gerst í málinu um nokkra hríð. 1970 eru sett ný lög um leigubifreiðir. Eru þetta lög nr. 36/1970, sem enn eru í gildi. Áfram er heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða, og sömu takmarkanir og áður eru settar þessari heimild. Samkvæmt lögunum skyldi takmörkunin ákveðin af samgönguráðuneytinu með reglugerð. Ný heildarreglugerð var sett og er hún nr. 214/1972. Þar segir í 2. gr., 1.-4. mgr:

„Enginn bifreiðastjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í Reykjavík, nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík og hafi öðlazt atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri í Reykjavík.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa.

Engum má úthluta fleiri en einu atvinnuleyfi, nema *Bifreiðastöð Steindórs sf., sem skal nú fá 45 atvinnuleyfi* af þeirri tölu leigubifreiða, sem leyfð er.

Um bifreiðastöð Steindórs gilda sérstakar reglur."

Reglur þær, sem hér er getið um, voru gefnar út og sendar Bifreiðatöð Steindórs s/f, erfingjum Steindórs Einarssonar og Bifreiðastjórafélaginu Frama. Reglurnar koma fram á dskj. nr. 4. Samkvæmt þeim skyldu ákvæði reglugerðarinnar að mestu leyti gilda um Bifreiðatöð Steindórs s/f. Atvinnuleyfin 45 skyldu þó gefin út á nöfn barna Steindórs Einarssonar, 9 leyfi á hvert barn. Þessum reglum var mótmælt af hálfu stöðvarinnar með bréfi, dags. 10. ágúst 1972, brygður á það bornar, að ráðuneytið gæti sett slíkar reglur, þar sem Bifreiðastöð Steindórs hefði verið lögpersóna í um 60 ár, og þess farið á leit við ráðuneytið, að það breyti reglunum þannig, að í þeim verði þess getið, að Bifreiðatöð Steindórs s/f hafi 45 atvinnuleyfi.

Með bréfum, dags. 7. nóvember 1973, tilkynna þáverandi úthlutunarmenn atvinnuleyfa í Reykjavík börnum Steindórs Einarssonar hverju um sig að þeim hafi verið veitt 9 atvinnuleyfi af tölu þeirra atvinnuleyfa, sem faðir þeirra hafði. Vitnað er til ofannefndra reglna til stuðnings þessari útgáfu. Að lokum er þess getið, að leyfanna geti viðkomandi vitjað á skrifstofu Frama og að jafnmörg eldri leyfi stöðvarinnar séu jafnframt aftur-

kölluð og ógilt. Með bréfi, dags. 20. nóvember 1973, til úthlutunarmannanna var þessari leyfisveitingu mótmælt af hálfu Bifreiðastöðvar Steindórs s/f. Því var haldið fram, að úthlutunarmennirnir hefðu ekki heimild til útgáfu leyfanna, og vitnað til ákvæða laga nr. 25/1955 um, að óheimilt sé að skerða atvinnuréttindi þeirra, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur, þ.e. þeirra ákvæða, er í gildi voru, þegar leyfin voru gefin út til Steindórs Einarssonar. Leyfin voru ekki sótt og eldri leyfum ekki skilað. Samkvæmt kaupsamningi, dags. 9. desember 1981, og öðrum gögnum tóku nýir aðiljar við rekstri Bifreiðatöðvar Steindórs s/f þann 1. janúar 1982, og með bréfum, dags. 7. janúar 1982, afturkalla úthlutunarmenn atvinnuleyfa í Reykjavík þau atvinnuleyfi, sem börn Steindórs Einarssonar höfðu. Vitna úthlutunarmenn til 10. gr. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðir og þágildandi reglugerðar nr. 219/1979 um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa ákvörðun sinni til styrktar. Stefnanda er með bréfi, dags. saman dag tilkynnt þessi ráðstöfun og að frá kl 14, 9. janúar, sé óheimilt að nýta þessi leyfi.

Eins og að framan er rakið, verður að telja, að sá hafi verið skilningur og tilgangur löggjafans með lögum nr. 25/1955 um breytingu á lögum um leigubifreiðir í kaupstöðum, að atvinnuréttindi samkvæmt lögunum ættu að vera persónubundin. Reglugerð nr. 13/1956, sem sett var með heimild m.a. í þessum lögum og mælti fyrir um 45 leyfi til Bifreiðastöðvar Steindórs, þykir því réttilega skilin svo, að hér hafi í raun verið um að ræða 45 atvinnuleyfi til Steindórs Einarssonar, enda þótt reglugerðin heimilaði að gefa þau út á nafn einkafyrirtækis hans og það hafi verið gert. Ákvæði laga um leigubifreiðir og reglugerða settra með heimild í þeim lögum eiga enda við um þessi atvinnuleyfi eins og öll önnur slík leyfi. Við andlát Steindórs Einarssonar átti því að afhenda leyfin Bifreiðastjórafélaginu Frama, sbr. 2. mgr. 10. gr. þágildandi reglugerðar um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík nr. 202/1959, eins og farið var fram á, enda leyfin þá niður fallin. Í ljós er leitt með framlögðum bréfaskiptum aðilja, sem til er vitnað hér að ofan, að þessi var skilningur samgönguráðuneytisins á þessum tíma, og vilji þess var, að gefin yrðu út ný leyfi til Bifreiðastöðvar Steindórs s/f. Fyrirtækið átti eingöngu að vera í eigu barna Steindórs Einarssonar og leyfin þannig í raun bundin við persónu þeirra. Vegna andstöðu eigenda Bifreiðastöðvar Steindórs s/f er þetta þó ekki gert fyrr en með úthlutun úthlutunarmanna til erfingja Steindórs Einarssonar 7. nóvember 1973. Úthlutunin er gerð með heimild í reglugerð nr. 214/1972, sem mælir fyrir um, að Bifreiðastöð Steindórs s/f skuli nú fá 45 atvinnuleyfi. Reglugerð þessi var sett með heimild í lögum nr. 36/1970, en ákvæði þeirra laga þykir verða að skilja á sama hátt og laga 25/1955, þannig að atvinnuleyfin eigi að vera persónubundin atvinnuréttindi, sem ekki verði framseld,

sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 25/1955 og 10. gr. laga nr. 36/1970. Af ákvæðum reglugerðarinnar og í samræmi við lögin þykir ljóst, að atvinnuleyfi til Bifreiðastöðvar Steindórs s/f áttu að vera leyfi til eigenda hennar. Reglurnar, sem kynntar voru í reglugerðinni, voru þannig í samræmi við þetta. Þarf því ekki að fjalla um það sérstaklega, hvernig þær voru birtar, enda kynntar öllum hlutaðeigandi. Ákvæði reglugerðar nr. 214/1972 og síðari reglugerða settra með heimild í lögum nr. 36/1970 þykja eiga við atvinnuleyfi Bifreiðastöðvar Steindórs s/f eins og önnur atvinnuleyfi. Afturköllun leyfanna þann 7. janúar 1982 var því heimil, þar sem aðrir en leyfishafar voru þá farnir að reka Bifreiðastöð Steindórs s/f, sbr. 1. mgr. 10. gr. þágildandi reglugerðar nr. 219/1979, sem næga stoð hafði í 10. gr. laga nr. 36/1970.

Af þessu leiðir, að sýkna ber stefndu af kröfum stefnanda í aðalsök og taka kröfur gagnstefnenda til greina í gagnsök.

Rétt þykir með tilliti til málavaxta, að hver aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Krafa Bifreiðastöðvar Steindórs s/f í aðalstök á hendur samgönguráðherra f.h. samgönguráðuneytis og úthlutunarmönnum atvinnuleyfa í Reykjavík um viðurkenningu réttarins á því, að í gildi séu 45 atvinnuleyfi leigubifreiðastjóra, sem gefin voru út á Bifreiðastöð Steindórs þann 25. 5. 1956 með stoð í 3 gr. reglugerðar nr. 13/1956, er ekki tekin til greina.

Krafa samgönguráðherra f.h. samgönguráðuneytis og úthlutunarmanna atvinnuleyfa í Reykjavík í gagnsök um, að viðurkennd verði með dómi, að Bifreiðastöð Steindórs s/f hafi eftir 9. janúar 1982 engin gild atvinnuleyfi fyrir leigubifreiðaakstri til mannflutninga í Reykjavík, er tekin til greina.

Hver aðilja skal bera sinn kostnað af máli þessu.

Föstudaginn 13. júlí 1984.

Nr. 141/1980. **Eigandi og ábúendur Holts I og II og Herjólfsstaða I og II**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
eigendum og ábúendum Skálmarbæjar og
(Páll A. Pálsson hrl.)
eiganda og ábúanda Hrífuness
(Gunnar Jónsson hdl.)
og
eigandi og ábúandi Hrífuness
gegn
eigendum og ábúendum Skálmarbæjar og eiganda og ábúendum Holts I og II og Herjólfsstaða I og II
og
eigendur og ábúendur Skálmarbæjar
gegn
eiganda og ábúendum Holts I og II og Herjólfsstaða I og II og eiganda og ábúanda Hrífuness

Landamerkjamál. Áfrýjun. Frávísun að hluta. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur, eigandi og ábúendur Holts I og II og Herjólfsstaða I og II, hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 28. ágúst 1980. Þeir krefjast þess, að staðfest verði, að landamerki milli Holts og Herjólfsstaða annars vegar og Skálmarbæjar hins vegar fari eftir bókstöfunum A-B-C og O á uppdrætti þeim, er fylgir héraðsdómi. Úr punkti O (Grænhæðarmarki) liggi merkjalínan í punkt N (Ljósuvatnalækshól) og þaðan eftir beinni línu norður í upptök Baugadeildargils, punkt L á sama uppdrætti. Landamerki Holts og Herjólfsstaða annars vegar og Hrífuness hins vegar fari eftir dóm-

línu héraðsdóms á nefndum uppdrætti frá punkti L og vestur í Hvítanestorfu. Af hálfu aðaláfrýjenda er krafist málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda in solidum.

Eigandi og ábúandi Hrífuness hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 19. september 1980. Dómkröfur hans eru aðallega, að suðurmörk jarðarinnar Hrífuness verði ákveðin frá Hvítanestorfu í boga suðaustur að Leirárbrú og þaðan í nokkurn veginn beinni línu að Kúðafljóti, eins og línan er mörkuð á uppdrætti með héraðsdómi. Til vara krefst hann þess, að merkjalínan teljist „eitthvað norðar austast í Hrífnuneshólmi, þ.e. fyrir austan Hólmsbrýr, þar sem bergvatnslækur rennur út í núverandi Kúðafljót, en sá lækur myndar kröfulínu Hrífuness austast". Til þrautavara eru dómkröfur hans þær, „að svæði það, er eigandi og ábúandi Hrífuness hefur ræktað í Hrífunesshólmi, svo og athafnasvæðið þar í kring, sem afmarkast af þjóðveginum vestanmegin, flugbrautinni og ræktaða svæðinu sunnan megin og síðan frá austurenda flugbrautar til norðurs að Hólmsá austan megin verði talinn beinn eignarréttur Hrífuness". Þá krefst þessi gagnáfrýjandi þess, að „hvernig sem málsúrslit verða, þá verði gagnstefndir dæmdir til að greiða . . . málskostnað fyrir báðum dómum in solidum . . . eins og málið væri ekki gjafsóknarmál í Hæstarétti", en gagnáfrýjandi fékk gjafsókn með bréfi dómsmálaráðuneytis 29. október 1980.

Eigendur og ábúendur Skálmarbæjar hafa áfrýjað málinu með stefnu 30. september 1980. Þeir krefjast þess, að vesturmörk Skálmarbæjarlands ákveðist af beinum línum, sem dregnar eru á uppdrátt héraðsdóms úr Holtslæk (A) til Markholts (B), þaðan í Einiberjahól (C) og af beinni línu þaðan í Grænhæðarmark (D) og af beinni línu þaðan í Leirárfarveg suður af Hvítanestorfutá (F), að norðurmörk ákveðist af beinni línu frá F til G og síðan ráði miðlína Hólmsár að punkti H, en þaðan fylgi merkjalínan skeifumynduðum sveig á hreppamarkalínunni að punkti I, en þaðan bein lína til norðurs í Hólmsá (J) og síðan ráði miðlína Hólmsár, þar til hún fellur í Flögulón (K). Þess er krafist, að „eigendum Holts og Herjólfsstaða verði gert að greiða sameiginlega" þessum gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og eigandi Hrífuness verði sérstaklega dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Til vara krefjast þessir gagnáfrýjendur staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þeir fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 5. nóvember 1980.

Jarðirnar Holt I og II og Herjólfsstaðir I og II eru í eigu ríkisins. Jón Ásgeirsson er ábúandi á Holti I, sem áður var Holt II, en Páll Bárðarson er ábúandi á Holti II, sem áður var Holt I og III. Bjarni Bjarnason hefur gerst ábúandi á Herjólfsstöðum II og tekur við aðild málsins fyrir Hæstarétti af Hirti Hannessyni, sem ekki er lengur ábúandi þar.

Eins og áður segir, áfrýjuðu aðaláfrýjendur, eigandi og ábúendur Holts og Herjólfsstaða, máli þessu með stefnu 28. ágúst 1980. Eigandi og ábúandi Hrífuness áfrýjaði málinu með stefnu 19. september 1980, innan fjögurra vikna frá útgáfu áfrýjunarstefnu aðaláfrýjenda, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, en eftir að liðinn var áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. mgr. sömu gr. Þessi áfrýjandi hefur eigi aflað sér áfrýjunarleyfis, og verður því að vísa aðalsök hans á hendur eigendum og ábúendum Skálmarbæjar frá Hæstarétti.

Áfrýjunarstefna eigenda og ábúenda Skálmarbæjar er útgefin 30. september 1980. Þá var liðinn hinn almenni áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 og fjögurra vikna frestur sá, sem um ræðir í 3. mgr. sömu gr., frá útgáfu áfrýjunarstefnu aðaláfrýjenda, en við útgáfu þeirrar stefnu verður að miða, þar sem áfrýjunarstefna eiganda og ábúanda Hrífuness var gefinn út eftir að áfrýjunarfrestur var liðinn, eins og fyrr segir. Eigendur og ábúendur Skálmarbæjar hafa ekki aflað sér áfrýjunarleyfis. Verður því að vísa gagnsökum þeirra frá Hæstarétti, en túlka kröfur þeirra þannig, að þeir krefjist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu er úrlausn héraðsdóms um ágreining um landamerki milli eiganda Hrífuness og eigenda Skálmarbæjar ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Dómarar Hæstaréttar hafa farið á vettvang.

Allmörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Af hálfu aðaláfrýjenda hafa m.a. verið lagðar fram yfirlýsingar nokkurra manna. Stefán Stefánsson Vík, segir í yfirlýsingu 15.

febrúar 1982, að hann geti staðfest, að Skálmarbær eigi ekkert land vestan núverandi þjóðvegar í Hrífuneshólmi, en hann geti ekki bent nákvæmlega á merkjapunkta. Sigurður Bárðarson segir í yfirlýsingu 17. september 1981, að Einar Runólfsson, fæddur 1885 á Skálmarbæjarhraunum og uppalinn þar til 14 ára aldurs, hafi sagt sér, að Skálmarbær ætti ekkert af Ljósavötnunum og markhóllinn þar væri í mýrinni norðaustan af Fossaréttinni. Frá þeim hóli lægi svo línan til norðurs upp í Hrífuneshólm. Hilmar Jón Bryjólfsson, Þykkvabæjarklaustri, segir í yfirlýsingu 16. september 1981, að móðir sín hafi sagt sér eftir konu, sem átti heima á Ljósavötnum, að engjar bæjarins hefðu verið suðaustur frá bænum, þar sem nú eru áraurar. Þar hafi verið hraunhóll, sem heitið hafi Ljósavatnahóll og verið markhóll milli Skálmarbæjar og Skálmarbæjarhrauna annars vegar og Holts og Herjólfsstaða hins vegar. Þaðan hafi merkjalínan legið til norðurs eða norðausturs í svokallað Baugadældargil, sem sé norðaustan á Hrífuneshólmi. Þá hefur verið lagður fram leigusamningur 23. júní 1969, talinn gerður milli Sandræktarfélags Skaftártunguhrepps og eiganda og ábúenda Holts um 66 ha óskipt land jarðanna vestur af Laufskálavörðu til túnræktar. Hafa tveir þeirra, sem undirrituðu samning þennan f.h. Sandræktarfélagins vottað, að þeir hafi ekki vitað annað en allt þetta land tilheyrði Holti og Herjólfsstöðum. Þá hefur verið lögð fram yfirlýsing Sigurðar Sveinssonar rafvirkjameistara 6. september 1981, en hann er fæddur á Þykkvabæjarklaustri 1922 og ólst þar upp fram yfir tvítugsaldur. Hann kveður merkin milli Holts og Herjólfsstaða annars vegar og Skálmarbæjar hins vegar hafa legið „frá háum og sérstæðum merkjahól með torfuvörðu á, í eða við Ljósavatnslæk og beint norður í stefnu á miðjan Hrífuneshólma norðan Hádegisgljúfurs (Holtin)". Hann kveður Keldnatær allar hafa verið taldar tilheyra Holti og Herjólfsstöðum, sem hafi átt „land allt norður að Hólmsá þó þannig, að Hrífunes ætti hálf Holtin". Sigurður hefur staðfest þetta vottorð sitt fyrir dómi. Kvaðst hann hafa vitneskjuna eftir föður sínum. Einar H. Einarsson, Skammadalshóli, hefur hinn 13. september 1981 ritað nokkra lýsingu á staðháttum eftir athugun á vettvangi 13. september 1981. Hann taldi að minnsta kosti hluta af Hólmsá hafa runnið alllengi „suðaustur lægðina skammt austur af Hvítanestorfu og síðan suðaustur aurasvæðið í

Hrífuneshólmi og [hefði] sá hluti árinnar runnið aftur í Hólmsá um Baugadeildargil og brotið gilið í hraunið". Hann taldi vesturenda Baugadeildargils vera því sem næst 200 m austur af suðausturhorni flugvallargirðingar, sem er þarna.

Af hálfu eigenda og ábúenda Skálmarbæjar hefur m.a . verið lagt fyrir Hæstarétt vottorð frá Arinbirni Þorkelssyni 15. september 1981, þar sem hann kveðst hafa heyrt, að Keldnatær tilheyrðu Skálmarbæjarhraunum.

Í landamerkjabréfum frá 1886 fyrir jarðir þær, sem um er fjallað í máli þessu, eru m.a. nefnd örnefnin Baugadeild, Baugadæld og Baugadeildargil, sem ráði merkjum.

Árni Þ. Jónsson, eigandi Hrífuness, heldur því fram, að Baugadeild sé nafn á gömlum farvegi, þar sem Leirá eða kvísl úr henni hafi áður runnið, og dregur kröfulínu sína eftir honum frá Hvítanestorfu sunnan við svonefndar Hólmsbrýr austur í Kúðafljót. Farvegur þessi er greinilegur. Eigendur Skálmarbæjar halda því fram, að Baugadeildargil hljóti að vera, þar sem Baugadeildarkvíslin hafi átt upptök sín, en það telja þeir hafa verið nálægt Leirárhólma við austurenda Hvítanestorfu. Þeir telja, að Hólmsá ráði merkjum að norðanverðu frá Leirárhólma austur í Kúðafljót, að því undanskildu, að merkin fylgi á kafla skeifumynduðum sveig, gljúfri sunnan Hólmsár, sem Árni Þ. Jónsson og fleiri nefna Hádegisgljúfur.

Eigandi og ábúendur Holts og Herjólfsstaða miða við, að gilið austan við áðurnefnt Hádegisgljúfur sé Baugadeild.

Samkvæmt landamerkjabréfi Skálmarbæjar frá 1886 er merkjum jarðarinnar lýst svo, að frá Ljósuvatnalækshóli sé ,,bein lína norður, sem Baugadeild myndast, úr Baugadæld austur í Hólmsá, svo eftir Hólmsá austur í Flögulón". Í landamerkjabréfi Hrífuness frá 1886, segir: ,,svo ræður Hólmsá að sunnan vestur að Baugadæld, svo ræður Baugadæld vestur í Leirá, svo ræður Leirá vestur að Hvítanestorfu". Í merkjalýsingu Holts frá 1886 segir, að efstamark að austan milli Holts og Skálmarbæjar sé, ,,úr Baugadeildargili í Hrísneshólmi, sem er hornmark í Ljósavatnalækshól".

Í úttektarbókum Kirkjubæjarklausturs 1857 segir, að merki Skálmarbæjar séu úr Einiberjahóli í Markgróf fyrir ofan Skálm og

þaðan beina stefnu í Baugadeildarfarveg sem er „hjerum í miðjum Hrífuneshólmi".

Í héraðsdómi er getið uppdráttar Sveins Pálssonar og Sæmundar Hólms. Á báðum þessum uppdráttum eru Hólmsá og Leirá sýndar renna hvor í sínu lagi í Kúðafljót. Á báðum uppdráttunum er ritað nafnið Baugadeild, þannig að þar getur verið átt við austasta hluta Leirár. Hið sama gildir um uppdrátt eftir Magnús Stephensen, sem er meðal gagna máls. Á uppdrætti Þorvalds Thoroddsen, sem gerður var 1894 af Vestur-Síðu og Landbroti 1782, sem einnig er vitnað til í héraðsdómi, virðist austasti hluti Leirár vera nefndur Baugadeild, eftir að kvísl úr Hólmsá hefur sameinast henni.

Í Ferðabók Þorvalds Thoroddsen frá árinu 1893 segir m.a.: „Áður hafði Leirá sérstakan farveg og rann fyrir sunnan Hrífuneshólma í Kúðafljót. . . . Fyrir seinustu aldamót rann Hólmsá um annan farveg suðvestur í Hrífuneshólminum og hét sá farvegur Baugadeild".

Ágúst Böðvarsson, fyrrverandi forstöðumaður Landmælinga Íslands, segist hafa dregið hreppamörk milli Álftaversshrepps og Skaftártunguhrepps eftir upplýsingum Jóns bónda í Hrífunesi sunnan við Leirárhólma og beina línu úr Leirárfossi í svonefnda Baugadæld, sem Jón hafi talið vera næstu lægð austan við Hádegisgljúfur. Jón var faðir gagnáfrýjandans Árna Þ. Jónssonar.

Júlíus Jónsson, oddviti og hreppstjóri í Norður-Hjáleigu í Álftaveri, fæddur 1920, skýrði svo frá fyrir dómi, að sér hefði verið sagt, að Baugadeild eða Baugadeildargil væri, þar sem Holts- og Herjólfsstaðamenn segja það vera. Kvaðst hann einkum hafa þetta eftir föður sínum og afa.

Áður er greint frá vottorðum Hilmars Jóns Brynjólfssonar og Einars H. Einarssonar.

Í áðurnefndum landamerkjabréfum Hrífuness og Skálmarbæjar segir berum orðum, að Hólmsá ráði merkjum milli jarðanna á kafla austast. Þetta getur tæpast samrýmst því, að hinn gamli Leirárfarvegur fyrir sunnan Hólmsbrýr sé á merkjum, því að hann liggur út í Kúðafljót sunnan við ármót Hólmsár. Í landamerkjabréfi Holts er nefnt Baugadeildargil í Hrísneshólmi. Þykir mega ganga út frá því, að þar séu um að ræða sama stað og hin bréfin nefna Baugadæld.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, verður talið, að Baugadeild (Baugadeildargil) sé lægð sú og gljúfur, sem er sunnan og austan við gljúfur það, sem samkvæmt framansögðu er nefnt Hádegisgljúfur. Samkvæmt þessu þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um landamerki Hrífuness að sunnan frá punkti P til R.

Ágreiningur Skálmarbæjar annars vegar og Holts og Herjólfsstaða hins vegar varðar að sunnanverðu kennileitin Grænhæðarmark eða Grænhól og Ljósuvatnalækshól. Er fallist á niðurstöðu héraðsdóms um, að Grænhæðarmark sé, þar sem merktur er punktur D á uppdrætti dómsins, og að ekki sé hægt að segja til um með neinni vissu, hvar Ljósuvatnalækshóll sé.

Áður er rakið, að samkvæmt landamerkjabréfi Skálmarbæjar sé landamerkjalínan úr Ljósuvatnalækshóli „bein lína norður sem Baugadeild myndast". Í landamerkjabréfi Holts segir, að Baugadeildargil „í Hrísneshólmi" sé hornmark. Í áðurnefndri úttektargerð fyrir Skálmarbæ 1857 segir, að merkin séu bein stefna í Baugadeildarfarveg, sem er „hjerum í miðjum Hrífuneshólmi".

Merkjalýsingar þessar þykja allar benda til, að merkin séu fremur um miðjan Hrífuneshólm en vestan við hann, eins og í héraðdómi er talið. Til stuðnings þessu má og vísa til framburðar Ágústs Böðvarssonar, vottorða Einars H. Einarssonar og Stefáns Stefánssonar, sem áður eru rakin, svo og framburðar Sigurðar Sveinssonar, sem telur merkjalínuna hafa legið „beint norður í stefnu á miðjan Hrífuneshólm norðan Hádegisgljúfurs".

Af hálfu eigenda Skálmarbæjar er lögð áhersla á, að landamerkjabréfið fyrir Hrífunes frá 1886 sé ekki undirritað af ábúendum Holts og Herjólfsstaða. Ekki verður þetta atriði talið ráða úrslitum um, að Holt og Herjólfsstaðir hafi ekki átt land á móti Hrífunesi, því að ýmsar ástæður gátu legið til þess, að þeir rituðu ekki undir bréfið. Ekki verður það talið mæla gegn því, að merkin séu um miðjan Hrífuneshólm, að tekið er fram í landamerkjabréfi Herjólfsstaða, að Holt og Herjólfsstaðir eigi sambeit norður að Leirá.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, þykir verða við það að miða, að hornmörk jarðanna að norðan séu á þeim stað, þar sem lægð sú eða farvegur byrjar að vestanverðu, sem telst vera Baugadeild eða Baugadæld og er merktur R á uppdrætti héraðsdóms. Ber þá að

ákveða merkin eftir línu frá punkti A um punkta B, C og D (Grænahæðarmark), eins og í héraðdómi greinir, og þaðan beina línu í punkt R.

Ragnar Árnason mælingaverkfræðingur hefur að tilhlutan Hæstaréttar markað dómlínu Hæstaréttar á uppdrátt Skúla Jóhannssonar verkfræðings, þar sem einnig er mörkuð dómlína héraðsdóms og kröfulína málsaðilja. Uppdráttur þessi er hæstaréttarskjal Þ.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður máls þessa fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna eigenda Hrífuness og eigenda Skálmarbæjar, 35.000.00 krónur til hvors.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er varðar framangreinda kröfu eiganda og ábúanda Hrífuness á hendur eigendum og ábúendum Skálmarbæjar og framangreindar kröfur eigenda og ábúenda Skálmarbæjar á hendur eiganda og ábúanda Hrífuness og eiganda og ábúendum Holts I og II og Herjólfsstaða I og II.

Landamerki milli Holts I og II og Herjólfsstaða I og II annars vegar og Skálmarbæjar hins vegar skulu vera lína, sem dregin er samkvæmt því, sem að framan greinir, frá punkti A um punkta B, C, og D og þaðan bein lína í punkt R, eins og lína þessi er mörkuð á uppdrætti Ragnars Árnasonar og Skúla Jóhannssonar á hæstaréttarskjal Þ.

Landamerki milli Hrífuness annars vegar og Holts I og II og Herjólfsstaða I og II hins vegar verða bein lína frá punkti R í punkt P á framangreindum uppdrætti.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda Árna Þ. Jónssonar og stefndu Gests Vigfússonar, Gísla Vigfússonar og Jafets Vigfússonar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkis-

sjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Gunnars Jónssonar héraðsdómslögmanns, 35.000.00 krónur, og málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000.00 krónur.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um úrlausn þá, sem í dómi greinir varðandi frávísun aðalsakar eiganda Hrífuness frá Hæstarétti svo og frávísun gagnsakar eigenda og ábúenda Skálmarbæjar og að túlka beri kröfur hinna síðargreindu þannig, að þeir krefjist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskosnaðar fyrir Hæstarétti.

Hins vegar tel ég gögn þau, sem lögð eru til grundvallar í dómi meiri hluta Hæstaréttar og þar eru rakin, eða önnur gögn, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, eigi ráða þeim úrslitum, að breyta beri niðurstöðu héraðsdóms að svo miklu leyti sem hann kemur til endurskoðunar samkvæmt framansögðu.

Ég er sammála ákvörðunum meiri hluta dómenda um málskostnað og gjafsóknar- og gjafvarnarlaun.

Dómur merkjadóms Vestur- Skaftafellssýslu 12. júní 1980.

Mál þetta, er dómtekið var í dag, hafa eigendur Skálmarbæjar, Álftavershreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, þeir Gestur Vigfússon, Gísli Vigfússon og Jafet Vigfússon, höfðað fyrir merkjadóminum með bréfum og öðrum skjölum framlögðum í dómi 29. október 1977, en af bréfum þessum kemur fram, að ágreiningur er uppi milli þeirra og eigenda Holts og Herjólfsstaða um landamerki jarðanna.

Endanleg kröfugerð sækjenda kemur fram á dskj. nr. 48 sem varakrafa og dskj. nr. 76 og er þessi: Að *vestur mörk* Skálmarbæjarlands ákveðist af beinni línu, er hugsast dregin úr Holtslæk (A) til Markholts (B), þaðan í Einiberjahól (C) og af beinni línu þaðan í Grænhæðamark (D) og af beinni línu þaðan í Leirárfarveg suður af Hvítanestorfutá (F).

Að *norður mörk* ákveðist af beinni línu frá (F) til (G) og síðan ráði miðlína Hólmsár að punkti (H), en þaðan fylgi merkjalínan skeifumynduðum sveig á hreppamarkalínunni að punkti (I), en þaðan bein lína til norðurs í Hólmsá (J) og síðan ráði miðlína Hólmsár þar til hún fellur í Flögulón (K).

Þá er krafist hver sem málsúrslit verða að eigendum Holts- og Herjólfsstaða verði gert að greiða sameiginlega vegna jarðanna málskostnað til stefnenda, svo og að eiganda Hrífuness verði sérstaklega gert að greiða þeim málskostnað, allt að mati dómsins.

Ábúendur, Hjörtur Hannesson, Herjólfsstöðum I, Gissur Jóhannesson, Herjólfsstöðum II, og landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sem eigandi jarðanna láta sækja þing. Svo gera einnig Jón Árnason, Holti II, Páll Bárðarson, Holti I og III, sem ábúendur og eigendur þeirra jarða. Þessir aðiljar gera sameiginlegar dómkröfur, og eru þær þessar, sbr. dskj. nr. 74: „Að merkjalína *milli Holts/Herjólfsstaða og Skálmarbæjar* verði ákveðin þannig: Úr Holtslæk, auðk. A á franmlögðum uppdrætti, um punkta auðk. B og C, í Grænhæðarmark, auðk. O, um Ljósuvatnalækshól N, og þaðan bein lína í upptök Baugadeildargils L, á uppdrættinum. *Norðurmörk Holts/Herjólfsstaða* gagnvart Hrífunesi skulu vera, — með hliðsjón af uppdrætti (leiðréttingu) Ágústar Böðvarssonar, dskj. nr. 70 fskj. — eftir (rauðkrítaðri) línu L — um punkt M — í punkt G vestur í Leirá.

Þá er þess krafist, að Skálmarbæjarmenn, Gestur, Gísli og Jafet Vigfússynir, og Hrífunesmaður Árni Þ. Jónsson, verði in solidum dæmdir til að greiða umbjóðendum mínum málskostnað fyrir landamerkjadóminum, eftir reikningi, eða að mati réttarins.“

Eftir vettvangsgögnum 14. september 1977 var ljóst, að ágreiningur var einnig uppi um suðurmörk jarðarinnar Hrífuness (áður Hrísnes) gagnvart ofangreindum jörðum. Dómurinn benti þess vegna Árna Þ. Jónssyni, eiganda jarðarinnar, sem hafði verið viðstaddur vettvangsgönguna, á, að nauðsynlegt væri, að hann gerðist meðalgönguaðili. Árni ákvað síðan í þinghaldi þessu að gerast meðalgönguaðili. Kröfur hans koma fram í greinargerð lögmanns hans, dskj. nr. 41. Þar segist lögmaðurinn krefjast, „að verndaður verði réttur umbjóðanda hans og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda og stefnda in solidum eftir mati hins virðulega dóms, þannig: *aðallega,* að suðurmörk jarðarinnar Hrífuness verði dæmd vera þau, sem umbjóðandi minn hefur dregið þau upp á dskj. nr. 35, svo og á landamerkjalýsingu sinni, dags. 16. mars 1978 á dskj. nr. 32, sbr. og dskj. nr. 44, svo og nr. 43, þ.e.a.s. frá Hvítanestorfu í boga suðaustur að brúnni (Leirárbrúin) og þaðan í nokkurn veginn beinni línu út að Kúðafljóti, sbr. vettvangsgönguna 14. sept. sl. og að umbjóðandi minn teljist þar með eiga beinan eignarrétt að svæðinu norðan línunnar, en *til vara,* að línan teljist eitthvað norðar, telji dómurinn farveg Baugdeildar hafa verið norðar, en *til þrautavara,* að svæði það, er umbjóðandi minn hefur ræktað sunnan Hólmsár svo og svæðið, sem afmarkast af veginum vestan megin, flugbrautinni og ræktaða svæðinu sunnan megin og frá

austurenda flugbrautar til norðurs að Hólmsá austan megin, verði talinn beinn eignarréttur Hrífuness."

Lögmenn sækjenda og verjenda hafa lýst því yfir, að þeir samþykki, að meðalgöngusökin komist að í málinu, og segja, að andsvör þeirra gegn henni komi fram í kröfugerðum þeirra.

Sáttaumleitanir fyrir dóminum hafa reynst árangurslausar.

Upphaf máls þessa er það, að 26. maí 1972 ritar einn eigenda Skálmarbæjar, Gestur Vigfússon, sýslumanni Vestur-Skaftafellssýslu svohljóðandi bréf:

„Ég leyfi mér hér með að snúa mér til yðar, hr. sýslumaður, með eftirfylgjandi erindi:

Fyrir um það bil tveimur árum kom upp ágreiningur milli eigenda Skálmarbæjar og Holts, Álftavershreppi um landamerki jarðanna. Telja eigendur Holts, að þeir eigi land á móti Hrífunesi það langt til austurs, að Skálmarbær eigi ekki, nema 500 til 1000 metra á móti Hrífuneslandi. Eigendur Skálmárbæjar telja sig hins vegar eiga allt land á móti Hrífunesi og e.t.v. lenga til vesturs. Byggja þeir rétt þennan á skrá yfir landamerki á þjóðjörðinni Skálmarbæ nr. 42 frá 18. júní 1886 þar sem eigendur Skálmarbæjar, Jórvíkurhryggja, Hrífuness, Leiðivalla og Holts koma sér saman um landamerki þau, er þar greinir. Ljósmynd af nefndri skrá fylgir. Í landamerkjaskrá nr. 38 frá 8. júní 1886 undirrita þeir landeigendur, sem land eiga á móti Hrífunesi landamörk þeirra jarðar og kemur þar glöggt fram, að það eru einungis eigendur Flögu (að norðan) og Skálmarbæjar (að sunnan). Holts er þar hvergi getið, en eigandi þess hefði að sjálfsögðu undirritað landamörkin, ef hann hefði talið land sitt liggja að Hrífuneslandi. (Ljósmynd af skrá nr. 38 fylgir með).

Skrá nr. 44 er yfir landamerki Holts. Rita eigendur Hrífuness að sjálfsögðu heldur ekki undir þá skrá. Virðist allt bera að sama brunni um, að Holt eigi alls ekkert land á móti Hrífunesi. (Skráin fylgir í ljósriti). Að því, er virðist, án raka telur Holt sig eiga land á móti Hrífunesi sbr. framanritað og skerðir það, ef slíkt fengist viðurkennt, landareign Skálmarbæja að sama skapi.

Með skírskotun til framansagðs vil ég eindregið mælast til þess, f.h. eigenda Skálmarbæjar, við yður hr. sýslumaður, að þér rannsakið mál þetta samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og öðrum þeim upplýsingum, sem fáanlegar væru, svo að það mætti leysast á réttlátan máta sem fyrst og í eitt skipti fyrir öll."

Landamerkjaskrár þær, sem hér er vitnað til, eru svohljóðandi: „Skrá yfir landamerki á þjóðjörðinni Skálmarbæ.

Úr fljótsmarki í Smalaskála. Þaðan í hornmark, svo ræður Holtslækur, frá honum í Markholt, svo í Einberjahól, svo í Grænhæðarmark, þaðan

í Ljósuvatnalækshól, svo bein lína norður þangað, sem Baugadeild myndast, úr Baugadæld austur í Hólmsá, svo eftir Hólmsá austur í Flögulón, svo úr Flöguláni suður eftir Fljótsfarveg hinum forna, fyrir austan Jórvíkursanda. Fram að hinu að ofnagreindu Fljótsmarki, sem er suðurhornmark.

Skálmabæ hinn 18. júní 1886.

Runólfur Gunnsteinsson Jón Sigurðsson
Jórvíkurhryggjum Jón Jónsson, Páll Símonarson
Hrísnesi Runólfur Árnason, Einar Bjarnason
Leiðvelli Jón Jónsson
Holti Steinunn Helgadóttir, Jón Símonarson

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni, 21. júní 1886 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 42.

Vottur: Sigurður Ólafsson "

„Landamörk í kringum landareign þjóðjarðarinnar Hrísness í Skaftártunguhreppi.

Landamörkum að austan ræður Eldvatnið frá Fauskalækjarminni suður að Hólmsármynni, svo ræður Hólmsá að sunnan vestur að Baugadæld, svo ræður Baugadæld vestur í Leirá, svo ræður Leirá vestur að Hvítanesstorfu, sem er við Hólmsá, svo ræður Hólmsá landamörkum að vestan, norður að Bjórgilsmynni, úr Bjórgilsmynni sjónhending austur í Volasetur, úr Volasetri sjónhendingu í Fauskalækjargljúfursbotna, svo ræður Faukslækjargljúfur austur að Skerhól, þaðan sjóhendingu í Fauskalækjarmynni, sem fellur í Eldvatnið milli tveggja varða.

Ennfremur skal þess getið að Kirkjubæjarklaustursjarðaleiguliðar í Dyrhólahreppi, taka árlega skóg í Hrísnesslands, en hvernig sá brúkunarréttur er undir sig kominn, veit ég ekki.

Hrísnesi 8. júní 1886.

Einar Bjarnason (ábúandi)
Gunnar Vigfússon á Flögu,
Runólfur Gunnsteinsson á Skálmabæ,

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21. júní 1886, og ritað í landa merkjabók Skaftafellssýslu nr. 38.

Vottar: Sigurður Ólafsson"

„Skrá yfir landamerki á þjóðjörðinni Holti.

Efstamark, að austan milli Holts og Skálmarbæjar, úr Baugadeildargili í Hrísnesshólmi, sem er hornmark í Ljósuvatnalækshól, þaðan í Grænhól, svo í Einiberjahól, svo í Markholt, síðan ræður Holtslækur í hornmark, úr því í rúst á túni í vesturjörð Jórvíkurhryggja, þaðan í Staðarþúfu, úr Staðarþúfu í Merkigarðsenda, að sunnan við stöðuvatnið, að norðan við Holts og Herjólfsstaðavatn, úr mjósundstanga í Grænhól á Hala. Hagar allir sem Holt og Herjólfsstaðir eiga, sambeitarland norður að Leirá. Af-

réttur eftir jarðarmegni, Einhyrningsfjöll og Atlaey, sem liggur milli Hólmsár og Jökuls norður fyrir Brytjulæki.

Runólfur Árnason	Jón Símonarson
Steinunn Helgadóttir	Þorsteinn Bjarnason
Jón Andrésson	Hjörtur Bjarnason
Páll Símonarson	Jón Jónsson
Jón Sigurðsson	Runólfur Gunnsteinsson

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni, 21. júní 1886 og ritað í landamerkjaskrá Skaftafellssýslu nr. 44.

Vottur: Sigurður Ólafsson"

Á það eru ekki brygður bornar, að undirritunum sé þannig háttað sem Gestur Vigfússon hefur lýst hér að framan. Af hálfu eigenda Holts og Herjólfsstaða er því hins vegar haldið fram, að algengt sé í gömlum landamerkjabréfum, að undirskriftir vegna einstakra jarða falli niður.

Bréfi Gests Vigfússonr frá 26. maí 1972 fylgir einnig merkjalýsing Holts frá 9. mars 1916, gerð af Jóni Sverrissyni, þáverandi ábúanda jarðarinnar. Merkjalýsing þessi er ekki þinglesin, og eigendur og ábúendur aðliggjandi jarða skrifa ekki undir hana. Í merkjalýsingu þessari segir m.a.: „Svo norður Holtslækur vestur á móts við Markholt, þaðan í Marknef og svo um Ljósuvatnalækshól og beina sjónhendingu í Hrafnhólsgil í Hrísnesi (Hrífunes) heiði

Upp með marklínu þessari að austan liggja fyrst lönd Jórvíkur jarða að Holtshorni en svo þaðan til Hólmsár, lönd Skálmarbæjar og Skálmarbæjarhrauna."

Þann 14. júní 1973 ritar Gestur Vigfússon sýslumanni bréf og áréttar ósk sína um, að ágreiningur sá, sem hér er fjallað um, sé rannsakaður, sáttir reyndar eða málið látið ganga til dóms. Þessu bréfi fylgja enn ný gögn. Í fyrsta lagi ljósrit af fundargerð Álftavershrepps frá 24. október 1903. Segir þar í 7. lið:

„7° Leifðar umræður hreppinn varðandi.

a. Rætt um að verði að byggja lögrétt og gengið til atkvæða að koma henni upp, á þeim hentugasta stað, sem fyrir finnst í hreppnum og var það samþykkt í einu hljóði.

b. Rætt um hvort réttin skuli byggjast fyrir ofan Skálm, eða framan og gengið til atkvæða með að byggja hana í Herjólfsstaða eða Holtslandi þar sem byggingarefni væri hentugast og greiddi atkvæði með að byggja hana fyrir framan Skálm 7, en 8 móti.

c. Gegnið til atkvæða að byggja hana fyrir ofan Skálm og greiddu atkvæði með því 8, en móti 7. Og ákveðið að réttin skuli verða byggð upp fyrir vanalegar réttir haustið 1904.

d. Rætt um að óskil skuli rekast bæ frá bæ um hreppinn að fráteknum Skálmabæ að Herjólfsstöðum og skuli svo allir skildir að koma þeim til réttar, réttardaginn."

Í öðru lagi ljósrit úr fjallskilareglugerð fyrir Leiðvallahrepp. Upphaflega saminni af hlutaðeigandi hreppsnefnd. Síðar endurskoðuð og staðfest af hlutaðeigandi sýslunefnd á aðalfundi hennar 26. apríl 1976. Í 3. gr. reglugerðarinnar er rætt um Skálmarbæjarrétt. Í reglugerðinni segir m.a. í 1. gr.: „ . . . Hrísnes ábúandinn má að auki taka út meðallandi í Hrísneshólm 60 lömb, og ábyrgist að tala sú sé ekki meiri en ákveðið er. Skálmarbæjar ábúendur ljái Álftveringum afréttartiltölu sína og séu fyrir það fríir við annað eða þriðja afréttarsafn."

Þann 29. september 1976 ítrekar Gestur Vigfússon enn erindi sinnt við sýslumann. Sýslumaður, Einar Oddsson, svarar þessu bréfi 8. október 1976 og óskar eftir greinilegri kröfugerð um, hvað langt vestur land Skálmarbæjar nái að mati eigenda. Gestur Vigfússon svarar bréfi sýslumanns 18. október 1976 og lýsir mörkum Skálmarbæjar svo:

„Að sunnan Kúðarfljóts, mark sem er hornmark, þaðan vestur í Smalaskálarof, sem er syðst í suðurkrók, þaðan í hornmark, úr hornmarki í Holtslæk, svo ræður Holtslækur vestur á móts við Markholt. Úr Holtslæk í Markholt, frá Markholti í Einiberjahól,frá Einiberjahól í Grænhæðarmark, frá Grænhæðarmarki í Ljósuvatnalækshól (Ljósuvatnalækshóls). Þaðan bein lína norður, þangað sem Baugadeild myndast, og teljum við mjög líklegt, að sú lína sé um Keltnatær að vestan við þær. Svo er sagt að Baugadeild ráði austur í Hólmsá, þaðan ræður Hólmsá austur í Flögulón, svo ræður hinn forni Kúðarfljóts farvegur suður í ofangreint Kúðafljóts hornmark, sem er hornmark milli Skálmarbæjar, Leiðvallar, Sanda og Jórvíkur."

Þann 11. maí 1977 ritar sýslumaður Páli bónda Bárðarsyni í Holti. Sendir honum ljósrit bréfs Gests Vigfússonar frá 18. október 1976 og spyr, hvort hann sætti sig við landamerki, eins og þau koma fram af bréfinu.

Þann 31. maí 1977 svara ábúendur Holts og Herjólfsstaða bréfi sýslumanns. Í bréfi þeirra segir:

„Við undirritaðir ábúendur Holts og Herjólfsstaðajarða, sem sameiginlega höfum land að vestara marki Skálmarbæjar, mótmælum markalýsingu þeirri af Skálmarbæ sem lýst er í bréfi til sýslumanns V-Skaftafellssýslu, dagettu 18. okt. 1976, undirrituðu af Gesti Vigfússyni, Skálmarbæ fyrir hönd þeirrar jarðar, þar sem við teljum markalýsinguna ranga.

Við vísum þess í stað til landamarka frá árinu 1886, sem skráð eru í Landamarkabók V-Skaftafellssýslu.

Við undirritaðir erum reiðubúnir til að fara á mörk þessara jarða, og

eins að skýra og færa rök fyrir sjónarmiðum okkar hvort heldur sem er munnlega eða skriflega.

Æskilegt væri að eitthvað væri gert í máli þessu."

Í merkjalýsingu Herjólfsstaða frá 1886, sem fram hefur verið lögð, segir, að Holt og Herjólfsstaðir eigi alla haga saman, . . . „sambeitarland, norður að Leirá."

Lögð hefur verið fram lýsing Árna Þ. Jónssonar, á suðurmörkum jarðarinnar Hrífuness. Árni er eigandi jarðarinnar. Lýsing þessi er á dskj. nr. 32 og er svohljóðandi:

„Landamerki eru þessi: Úr Baugadeildarmynni, þar sem hún fellur í Kúðafljót, ræður bergvatnslækur vestur eftir Baugadeild meðfram hólmsbrún og áfram vestur eftir Baugadeild (gili) og í Hvítanes, sem er grastorfa og við farveg hinnar fornu Baugadeildar. Þar sem hún fellur úr Hólmsá og þar sem hinn forni Baugadeildarfarvegur myndast, hefur nú verið gerð fyrirhleðsla eða árið 1944 og nefnd kvísl stokkuð í Hólmsá."

Þá hefur Árni lagt fram bréf Þjóðskjalasafns Íslands til sín, dags. 16. maí 1969. Bréf það hljóðar svo:

„Í tilefni bréfs yðar 7. maí sl. skal þetta tekið fram:

I. Um örnefnið „Baugadeild" eru engar upplýsingar í jarðskjalasafninu hér.

II. Landamerki jarða þeirra, er þér nefnið í bréfinu, eru til í Úttektarbókum Kirkjubæjarklausturs:

1. Hrífunes 1845. „Landamerki eru þessi: Að vestanverðu ræðr Hólsá aust á mots við Hvítanestorfu, og svo aust úr svokallaðri Baugadeild austr í eldhraun, úr Eldhrauninu og í Fauskalæk, lækr þessi ræðr í Pottgljúfr, síðan ræðr það úti háutorfu, það sjónhending í Valasetr, Valasetr í Bjórgilskjapt útundir Holsá." Úttektir 1838-1847, bls. 86.
2. Skálmarbær 1857 9/5. „Landamörk eru sögð að vera, að vestan útsuðurmark er Holtslækur suðuraf markholti úr honum í Einiberjahól, úr honum í Markgróf fyrir ofan Skálm, úr markgróf beina stefnu í Baugadeildarfarveg, sem er hjerum í miðjum Hrífuneshólmi, síðan Kúðafljót fram á móts við Smalaskála, úr smalaskála í Holtslæk, sá lækur ræður þartil hann kjemur á móts við markholt." Úttektabók 1843-1867, bls. 173.
3. Holt 1857. „Landamörk eru ei alveg viss." Sama bók, bls. 174.
4. Herjólsstaðir 1857. Landamarka ekki getið. Bls. 179.
5. Hrífunes 1857 17/6. „Landamörk eru talin þessi Fauskalækur að austan er rennur í Eldvatnið, og eptir þeirri stefnu í Kúðhólma í Eldhrauni, úr Kúðhólma sjónhending suður á móts við þarsem Baugadeild kjemur í Eldvatnið svo ræður Baugadeild vesturúr í Leyrá, svo ræður Leyrá í Hólmsá fyrir framan Hvitanestorfu, svo ræður Hólmsá norður

á móti Bjórgilskjapti, úr Bjórgilskjapti sjónhending í valasetur, þaðan sjónhending í Fauskalækjarbotná, er fellur í Pottgljúfur, syðan ræður Fauskalækur í Eldvatn." Sama bók, bls. 212.

III. Í Íslensku fornbréfasafni er Baugadeild nefnd á einum stað (í II. bindi, bls. 854), þar sem tekinn er upp kafli úr lýsingu sr. Sæmundar M. Hólms á Skaftafellssýslu. Þar segir svo um Kúðafljót: „Áminst fljót sprettr fyrst upp í Bláfjalli; í það renna Leirá item Baugadeild, tvær stórelfur slæmar og opt ófærar; á milli þeirra er einn hólmr, sem var lamba afréttr.... Ítem rennr í Kúðafljót vatnsfall(ið) Landá."

IV. Skaftafellssýslur vantar í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Að öðru leyti vísast til bókasafna um prentaðar bækur.

V. Vera má, að eitthvað kunni að mega finna um þetta efni í óprentuðum ritum sr. Sæmundar Hólms, Sveins Pálssonar og annarra í Landsbókasafni eða öðrum söfnum, en til þess að hafa upp á því þarf umfangsmikla og tímafreka leit."


Mál þetta snýst í raun um þrjú nánar tilgreind örnefni. Eigendur Skálmarbæjar annars vegar og eigendur Holts og Herjólfsstaða hins vegar deila um, hvar örnefnin Grænhæðarmark og Ljósuvatnalækshóll eru. Síðan deila aðiljar allir um, hvar Baugadeild sé eða hafi verið, og einnig hvar þá megi segja, að hún hafi myndast. Verður nú fjallað um hvert þessara örnefna um sig.

a) Grænhæðarmark. Nefnt Grænhóll í landamerkjalýsingu Holts frá 1886. Á meðfylgjandi uppdráttum, þar sem kröfulínur aðilja koma fram, eru tveir staðir merktir þessu örnefni. Hafa eigendur Skálmarbæjar nefnt til annan en eigendur og ábúendur Holts og Herjólfsstaða hinn. Dómarar hafa kynnt sér kennileit samkvæmt ábendingum aðilja. Á hafa aðiljar markað kennileiti á loftljósmyndir, sem fylgja málinu. Skálmarbæjareigendur segja kennileitið Grænhæðarmark vera austanhallt við Fjalhöfða, sem er þekkt kennileiti, og benda þar á örnefnið.

Í úttektargerð fyrir jörðina Holt frá 1824, dskj. nr. 36, er sagt, að markalína liggi á móts við Markholt og þaðan stefnu beint til norðurs austanhallt við Fjalhöfða. Hér er því Fjalhöfða getið í merkjalýsingunni, en ekki Grænhæðarmarks eða Grænhóls.

Gísli Tómasson, Melhóli, Leiðvallahreppi, hefur gefið vottorð í málinu og staðfest það fyrir dómi. Gísli er fæddur 1897 og kveðst hafa verið vinnumaður í Skálmarbæjarhrauni árin 1912-1913. Í vottorðinu segir Gísli: „Landamerki milli Holts og Skálmarbæjar voru talin úr Holtslæk um Markholt, austan við Fjalhöfðann og um Ljósuvatnalækshól laust vestan við Keltnatær og allt að Leirá".

Sigurður Sverrisson, 83 ára, Vík í Mýrdal, hefur gefið vottorð í málinu,



Ágreiningsatriði eru merkt á eftirfarandi hátt:

(1) Haldið fram af Skálmarbæ

(2) Haldið fram af Holti og Herjólfsstöðum

(3) Haldið fram af Hrifunesi.

Kort teiknað eftir loftljósmynd, sem tekin var af Landmælingum Íslands 13/9 1975.

Mælikvarði nálægt 1:30000

-1000 0 1000 2000 3000 m

Landamerki í Álftaveri, V. Skaft.

milli Skálmarbæjar, Holts - Herjólfsstaða og Hrifuness.

júlí 1979, Skúli Jóhannsson, verkfr.

Á þennan uppdrátt Skúla Jóhannssonar verkfr. eru færðar eftirfarandi leiðréttingar og viðaukar:

1. Grænhæðarmark (1) og Grænhæðarmark (2) leiðrétt eftir athugun á vettvangi hinn 24. 5. 1980
2. Túngirðing við vesturjaðar Skálmarbæjartúns, tattur að Ljósuvötnum og örnefnin Fjallhofði og Fossarétt.
3. Breytt kröfulína eigenda Skálmarbæjar, sbr. bókun 2. febr. 1980, sbr. dskj. nr. 48
4. Kröfulína eigenda Holts/Herjólfsstaða gagnvart Hrifunesi (L, M, G), sbr. dskj. nr. 53.
5. Dómlínur merkjadóms Vestur-Skaftafellssýslu í máli nr. I/1977: Eigendur Skálmarbæjar gegn eigendum Holts og Herjólfsstaða og meðalgöngusök Hrifuness, dags. 12. júní 1980.
6. Dómlína Hæstaréttar í hæstaréttarmáli nr. 141/1980 um landamerki Holts, Herjólfsstaða, Hrifuness og Skálmarbæjar.

4. frumrit, sem ljósrit þetta er tekið eftir, er gert í júlí 1984 af Ragnari Árnasyni verkfr.

Ljósrit dagsett 13.7 1984 RÁ.

en hann segist hafa verið vinnumaður hjá Vigfúsi Gestssyni bónda, Skálmarbæ, árin 1915-1917. Vottorðið hefur verið tekið sem staðfest fyrir dómi. Hann segir í vottorðinu, að Vigfús hafi látið hann vera þau árin um það bil vikutíma hjá Jóni Eyjólfssyni í Skálmarbæjarhraunum, sambýlismanni Vigfúsar. Sigurður segist ekki geta sagt nákvæmlega um mörk milli Skálmarbæjar og Holts, en segir Jón Eyjólfsson hafa sagt markið vestur við Fjalhöfða.

Ábúendur Holts og Herjólfsstaða, þeir Páll Bárðarson, Hjörtur Hannesson og Gissur Jóhannesson, segja í aðiljaskýrslu sinni: „Þau kennileiti sem notuð eru sem mörk sunnan Skálmar þ.e. Markholt, Einiberjahóll (nú um langan tíma kallaður Marknef) og Grænhæðarmark, þarf varla um að deila, svo eru þau mönnum kunn, enda á þau kennileiti, sem ábúendur Holts og Herjólfsstaða benda á, breiddir hvítir dúkar vegna loftmyndatöku af ábúendum Holts og Skálmarbæjar með fullu samþykki þessara aðila á milli."

Stefán Stefánsson, f. 1897, Vík í Mýrdal, hefur gefið vottorð í málinu, staðfest það fyrir dómi og tekið þátt í vettvangsgöngu. Vottorðið hefur Gissur Jóhannesson, bóndi á Herjólfsstöðum, eftir Stefáni og undirritar það. Þar segir m.a.: „Stefán Stefánsson í Vík, f. 1897 átti heima að Holti frá 1906-1919 og hefur oftast verið hér meira og minna á hverju ári í Álftaveri síðan, sagði mér undirrituðum í sumar, að um Einiberjahól vissi hann ekkert, en mörk milli Holts og Skálmarbæjar hafi alltaf verið talin, Marknef sem er há grasþúfa norðaustan við túnið, sem Jón heitinn Árnason ræktaði austur í Nefjum, Grænhæðarhólarnir (þeir eru tveir) vestast í Grænhæðinni rétt vestan við túnið í Skálmarbæ, og hóll sem er norður á Fossum, (landið norður við Skálmina, norður af tjörnunum sem eru norðvestan við Grænhæðina, kallast svo)."

Ljósuvatnalækshóll.

Í endanlegri kröfugerð sóknaraðilja er kröfulínan dregin nokkuð austan við hól þann, sem þeir hafa á uppdráttum talið vera þetta kennileiti. Í aðiljaskýrslu þeirra frá 16 ágúst sl. segjast þeir samþykkja, að hóllinn sé, þar sem vitnið Gísli Tómasson hafi staðsett hann þennan sama dag. Gísli kom þá fyrir dóminn og benti á þann stað, sem hann taldi hólinn, og staðfesti vottorð það, sem áður er rakið. Staðsetning Gísla var skammt frá þeim stað, sem eigendur Skálmarbæjar höfðu áður staðsett Ljósuvatnalækshól og markað er á uppdráttinn.

Eigendur Skálmarbæjar benda máli sínu til stuðnings á eftirfarandi atriði, sem merkt eru f) - i) í aðiljaskýrslu þeirra.:

„f) Manntölin 1848 og 1849 (dskj. nr. 20 og 21.) sýna, að 3. og 4. býli Skálmarbæjar 1848 heita Ljósavötn og Skálmabæjarsel 1849, og voru

þau staðsett *vestan* kröfulínu Holtsmanna nú, og afsannar þetta réttmæti kröfulínunnar í hugsað Baugadeildar*mynni*.

g) Björn Magnússon segir í bók sinni „Vestur-Skaftafellssýsla og íbúar hennar", að Ljósuvötn hafi verið í landi Skálmabæjar (dskj. nr. 24).

h) Fellt var að byggja lögrétt í Holtslandi 24. okt. 1903, en hún endurbyggð í Skálmalandi, sbr. fríðindi Skálmarbæjar vegna rekstur óskilafénaðar (dskj. nr. 4), en lögréttin, sem kennd er við Skálmarbæ, var staðsett *vestan* ímyndaðrar merkjalínu Holtsmanna.

i) Skálmarbæjarmenn töldu land sitt ná um 1912 að vesturmarkalínu um Keltnatær og sem Leirá að norðurmarki, sbr. vætti Gísla Tómassonar.

Ábúendur Holts og Herjólfsstaða, Páll Bárðarson, Hjörtur Hannesson og Gissur Jóhannesson segja um Ljósuvatnalækshól í sinni aðiljaskýrslu þetta:

„Um kennileitið Ljósavatnalækshól bendum við á umsögn Hannesar Hjartarsonar sem fylgir hér með. Ennfremur bendum við á að rétt sú á Ljósavötnum sem notuð var sem skilarétt Álftveringa til ársins 1918 var alltaf kölluð Fossrétt, ekki Skálmarbæjarrétt og að rétt þessi var ásamt því að vara skilarétt Álftveringa, notuð af ábúendum Holts og Herjólfsstaða til að smala fé af landi sínu norðan Skálmar, bæði haust og vor. Eins mun sú venja hafa verið um aldamót að ábúendur Holts slepptu gemlingum sínum á vorin á Ljósavötnum. Ósennilegt má telja að hafi Ljósavötnin þá tilheyrt Skálmarbæ, að þeir hefðu gert það."

Tilvitnað vottorð Hannesar Hjartarsonar hljóðar svo:

„Um landamerki milli Herjólfsstaða og Holts, annarsvegar, og Skálmarbæjar og Skálmarbæjarhrauna hinsvegar, hefi ég lítið að segja. Þegar ég var unglingur, nálægt fermingu, var ég ásamt fleiri unglingum, látinn sitja yfir fráfæru lömbum, fyrst yfir fráfærurnar á Ljósavötnum. Með okkur var eitthvað af fullornu fólki, meðal annarra var með okkur, við þetta verk fullorðinn karlmaður frá Holti, Guðmundur Runólfsson, er var þar uppalinn, en fluttist síðar út í Biskupstungur að Úthlíð. Vorum við unglingarnir látnir fara með lömbin með þeim fullornu, austur að lækjum, sem renna skammt austan við Ljósuvötn, svo þau höfðu nóg vatn og einnig var hægara að passa þau, þegar þau höfðu aðhald af lækjunum. Þegar við vorum þar yfir lömbunum komum við þar að sand og grjóthól, sem við fórum uppá og skoðuðum. Var á honum vel hlaðin varða og svo sagði Guðmundur okkur, að þessi varða væri landamerkin milli téðra varða. Herjólfsstaða og Holts, annars vegar, og Skálmarbæjar og Skálmarbæjarhrauna hins vegar, og lægi markið í beinni línu uppí Hrísneshólm. Um annað mark, milli téðra jarða heyrði ég aldrei talað. Þegar fullorna fólkið minntist á þessi mörk, var alltaf sagt, að markið væri í þessum hól.

Herjólfsstöðum 12. júlí 1978.

Hannes Hjartarson (fæddur 1882)"

Vottorð þetta hefur verið tekið sem staðfest fyrir dómi, en því mótmælt sem röngu og vilhöllu.

Í vottorði því, sem Gissur Jóhannesson hefur eftir Stefáni Stefánssyni í Vík og áður er vitnað til, segir:

„Ljósavatnalækshóll þ.e. hóll sá sem við ábúendur Holts og Herjólfsstaða bendum á að sé mark, gat hann ekki staðfest að væri rétt hjá okkur og gat heldur ekki bent á neinn annan hól á Ljósavötnunum, sem væri mark."

Baugadeild, Baugadæld. Ekki er ljóst, hvort hér er um eitt og sama örnefni að ræða. Bæði heitin koma fyrir í merkjabréfi Skálmarbæjar frá 1886, Baugadæld í merkjabréfi Hrífuness frá sama tíma og Baugadeildargil í merkjabréfi Holts einnig frá sama tíma.

Upphafleg kröfugerð eigenda Skálmarbæjar var við það miðuð, að Baugadeild hefði myndast, þar sem nú er fyrirhleðsla við Leirá, sbr. framlagða uppdrætti. Fyrirhleðsla þessi gerir það að verkum, að Leirá fellur nú öll í Hólmsá við Leirárfoss. Þar hefur verið gerð brú á Leirá.

Eigendur Skálmarbæjar hafa nú fært kröfulínu sína austur á móts við þann stað, sem kvísl rann áður úr Hólmsá, en sem nú hefur verið hlaðið fyrir. Eigandi Hrífuness heldur því fram, að Baugadeild eða Baugadæld hafi legið frá Hólmsá, þar sem þessi kvísl var. Kvísl þessi er við svonefnda Hvítanestorfu, sem nefnd er í merkjabréfi Hrífuness og merkt er á uppdráttum og korti dskj. nr. 30. Þar er markað greinilega fyrir þessari kvísl.

Eigendur Skálmarbæjar miða annars kröfulínu sína við Hólmsá, þó þannig, að frá því er vikið við svonefnt Hádegisgljúfur og línan dregin um gljúfrið.

Eigendur Holts og Herjólfsstaða höfðu upphaflega einnig dregið kröfulínu sína að norðan frá Hvítanestorfu, merkt (F) á uppdrætti. Þaðan drógu þeir kröfulínu sína í gil nokkru sunnan og austan við Hádegisgljúfrið, sem áður er nefnt og merkt er í landabréfi, dskj. nr. 30, en menn greinir ekki á um það örnefni. Þetta gil vilja þeir kalla Baugadeildargil og sé það gilið, sem nefnt sé í merkjalýsingu Holts.

Í aðiljaskýrslu sinni hafa ábúendur Holts og Herjólfsstaða þetta að segja um örnefnið Baugadeild:

„Við ábúendur Holts og Herjólfsstaða höfum eingöngu haldið okkur við þær landamerkjalýsingar sem eru fyrir þessar jarðir frá 1886 og reynt að gera okkur grein fyrir hvar þau kennileiti eru, sem ágreiningur er um og þar eru nefnd, eftir kunnugleika okkar á staðháttum og orðalagi landamerkjabréfanna, ásamt því að bera það saman við það sem okkur eldri menn sögðu.

Þeir bræður Jón og Jóhann Pálssynir sem komu að Hrífunesi 1891 og áttu þar heima, Jóhann til ársins 1921 og Jón þar til hann dó 1971 sögðu að gljúfur það í Hólminum sem við ábúendur Holts og Herjólfsstaða drögum markalínu okkar í væri Baugadeild. Þetta kemur heim og saman við það sem systir þeirra Þuríður Pálsdóttir sagði, að þegar ferðafólk sunnar úr Álftaveri kom upp með Hólmsbrúnum að austan þá sást fyrst til þess frá gamla bænum í Hrífunesi þegar það kom yfir hraunhornið við endann á þessu gljúfri, þá var sagt að það væri að koma suður í Baugadeild."

Við aðiljayfirheyrslu fyrir dómi þann 16. ágúst sl. sögðust þeir sammála um, að í dag gæti enginn sagt fyrir um, hvar upptök vatnsfallsins Baugadeildar hefði verið miðað við Hvítanestorfu. Júlíus Jónsson, hreppstjóri í Álftavershreppi, gaf skýrslu fyrir dómi 16. ágúst sl., og er þá bókað: „Að sér hafi verið sagt að Baugadeild eða Baugadeildargil væri þar sem Holts- og Herjólfsstaðamenn segja það vera og hafa heyrt gamalt fólk frá Hrífunesi segja að til ferðafólks sæist þaðan, þegar það væri komið í Baugadeildargil. Hann segir að Álftveringar hafi ætíð talið hreppamörk fylgja Hólmsá en kannast við að í reynd hafi eignarréttur Hrífuness að Holtinu eða Hólnum, sem afmarkast af Hádegisgljúfri, sunnan ár verið viðurkenndur. Hann kveðst hafa heyrt sögusagnir um hvernig Hrífunesbóndi hafi eignast land sunnan Hólmsár. Í fyrsta lagi að Kötluhlaup hafi brotist í gegn þar sem Hólmsá rennur nú, norðan umrædds hóls, í öðru lagi að Hrífunesbóndi hafi öðlast rétt til haustbeitar fyrir 60 lömb sunnan ár gegn skógarhöggi eða hrístaki Álftveringa í Hrífunesheiði.

Hann kveðst hafa það einkum eftir föður sínum og afa, sem hann hefur sagt hér að framan."

Ágúst Böðvarsson, fyrrverandi forstöðurmaður Landmælinga ríkisins, gaf þann 12. september sl. svohljóðandi vottorð í málinu:

„Að beiðni Páls S. Pálssonar, hrl., hefi ég farið yfir endurskoðun mína, frá árinu 1951-52, á Íslandskortinu bls. 68 s.a. í mælikvarða 1:50.000, hvað viðvíkur hreppamörkum á milli Álftavers- og Skaftártunguhrepps, sunnan við Hrífunes.

Eftir upplýsingum Jóns heitins í Hrífunesi dró ég mörkin um Hólmsá sunnan við Leirárhólma og beina línu úr Leiráfossi í svonefnda Baugdæld, sem hann taldi vera næstu lægð austan við Hádegisgljúfur. (Sjá ljósrit af kortinu, sem fylgir hér með).

Venja okkar var, er slíkar breytingar á hreppamörkum voru framkvæmdar, að þær voru bornar undir ráðamenn beggja hreppa og man ég ekki eftir neinni missætt um þessa markabreytingu.

Ég vil taka það fram, að á ljósmynd tekinni úr lofti, sést greinilega að meginvatnsmagn Hólmsár rennur sunnan við Leirárhólma."

Vottorð þetta er á dskj. nr. 70 í málinu, og eins og í því segir, fylgir því ljósrit af kortinu. Ágúst hefur komið fyrir dóm og staðfest vottorð þetta. Ágúst sagði þá, að hann gæti ekkert um það fullyrt, að jarðarmörk hefðu farið eftir sömu línu og hreppamörk.

Í vottorði því, sem Gissur Jóhannesson hefur eftir Stefáni Stefánssyni í Vík og áður er á minnst, segir:

„Um Baugadeild í Hrífuneshólmi sagðist hann ekkert vita, en sagðist oft hafa smalað Skálmarbæjarhraun og Hólminn með Vigfúsi Gestssyni, f. 1880 bónda í Skálmarbæ frá 1911-1949 og hefðu þeir þá alltaf smalað austan vegarins í Hólminum norður á hraunhornið norður við Hólmsá austan við Hádegisgljúfrið, því Vigfús hefði sagt sér að vestan vegarins mundu þeir útbæjarmenn smala þ.e. Holts- og Herjólfsstaðamenn, því Skálmarbær ætti ekkert vestan vegarins og Hrífunesið ætti hólinn (holtin) í Hólminum."

Árni Þ. Jónsson, eigandi Hrífuness og sonur Jóns þess í Hrífunesi, sem áður er vitnað til, hefur á dskj. nr. 35 gert uppdrátt af þeim farvegi, sem hann telur vera Baugadeild. Kröfulína hans er í samræmi við þann uppdrátt, og er hún mörkuð á aðra uppdrætti málsins.

Árni segir í aðiljaskýrslu, dskj. nr. 54:

„Ég undirritaður, Árni Þ. Jónsson, leyfi mér að taka fram eftirfarandi í sambandi við landamerkjamál þetta: Ég er fæddur árið 1916 í Hrífunesi og uppalinn þar og hef búið alla ævi á jörðinni, nema nokkur ár, er ég stundaði nám og starf utan heimilis, árin 1916 til 1961 á heimili foreldra minna, en 1961 tók ég við jörðinni, og er landamerkjalýsing mín frá 1972 algerlega eins og foreldrar mínir sögðu merkin vera, sem og fram kemur í þinglýstu landamerkjabréfi 1886 athugasemdalaust, sem ég hef álitið öruggt og óhagganlegt.

Ég hef aldrei vitað nokkurn mann rengja, að svæði þetta, Hrífuneshólmur, væri hluti jarðar minnar, enda hef ég og foreldrar mínir nýtt Hrífuneshólm á svipaðan hátt og annan hluta jarðarinnar. Áður fyrr var Hrífuneshólmur aðallega nýttur til sauðfjárbeitar og stundum heyjum við þar á grösugum blettum og einnig veiddum við í aðdráttarnet austan við Hólmstögl.

Það var svo árið 1956, sem ég hóf grasrækt þá, sem nú getur að líta í Hrífuneshólminum og lagði flugbraut og einnig hef ég verið með kartöfluræk þar árlega. Ég hef einnig tekið byggingarefni úr Hólminum meira og minna á undanförnum 35 árum, því að árið 1944 reisti ég fyrsta húsið, þing- og samkomuhúsið.

Ég vil sérstaklega mótmæla harðlega því, sem segir í aðiljaskýrslu þeirra Holts- og Herjólfsstaðabænda, að haft sé eftir Jóni föður mínum og Jóhanni föðurbróður mínum, að gljúfrið í Hólminum, þar sem þeir draga kröfulínu sína inn í land mitt, sé Baugadeild."

Ennfremur segir þar:

„Ef loftmynd af Hrífuneshólmi er skoðuð eða horft yfir svæðið frá Hrafnshól, má fá góða yfirsýn yfir Baugadeildarfarveg. Baugadeild er ævafornt nafn, það er á eða vatnsfall, sem rennur í bugðum og deilir þannig lendum eins og segir í þessari gömlu vísu.

Baugadeild með beygjunum
beggja deilir lendum
Hrífu- og Skálmarbæjunum
skráð af ábúendum."

Kjartan Jónsson, bróðir Árna, f. 18. apríl 1918, hefur komið fyrir dóm. Hann segist hafa heyrt föður sinn segja, að mörkin væru við Baugadeild að sunnan, en aldrei hefði honum verið sagt, hvar Baugadeild væri. Hann var sammála Árna um nýtingu lands sunnan Hólmsár.

Sigurður Ævar Harðarson, f. 2. janúar 1947, sem alinn er upp í Hrífunesi, hefur komið fyrir dóminn og sagst aldrei hafa annað heyrt í Hrífunesi en suðurmörk jarðarinnar væru, þar sem þeir Hrífunesmenn halda fram í málinu. Hann bar einnig um nýtingu landsins sunnan Hólmsár.

Fleiri vitni hafa verið leidd um nýtingu landsins sunna Hólmsár, og einnig hafa verið lögð fram ýmis vottorð þessu lútandi. Öll styðja gögn þessi frásögn Árna bónda í Hrífunesi um nýtingu landsins, og þykir ekki ástæða til að rekja þau frekar. Fæst þessi vottorð og framburðir hafa nokkru frekara við að bæta um stærð þessa lands, þ.e. Hrífunesshólmsins. Þá segir í vottorði Ólafs Friðrikssonar á Selfossi: „Ég undirritaður Ólafur Friðriksson, gæslumaður, fæddur 29.8. 1911, dvaldi í Hrífunesi árið 1917-1925, votta hér með að eftir því sem ég best veit takmarkast Hrífuneshólmur og þar með Baugadeild af þeim örnefnum er nú skal greina:

Að austan þar sem Baugadeild, Hólmsá og Kúðafljót koma saman. Þaðan vestur með Hólmstöglum og Bergvatnslæk og áfram vestur eftir gili og miklum farvegi á móts við Hvítanestorfu." Þessi frásögn er í samræmi við frásögn Árna Þ. Jónssonar í Hrífunesi. Vottorð þetta hefur verið tekið sem staðfest fyrir dómi, en því mótmælt sem röngu.

Á uppdrætti (dskj. nr. 67) frá 1794, bls. 484 í Ferðabók Sveins Pálssonar, er Baugadeildar ekki getið. Hins vegar er örnefnisins getið sem að því er virðist framhalds Leirár á uppdrætti í sömu bók, bls. 570-571. Sá uppdráttur er frá sama ári og er stærri og greinilegri.

Á uppdrætti Sæmundar Hólm (dskj. nr. 42) er Baugadeild sýnd sem framhald Leirár.

Á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar með leiðréttingum (dskj. nr. 68) Johns Coles er örnefnisins Baugadeildar í engu getið.

Á uppdrætti frá árinu 1782 (dskj. nr. 45) er Baugadeild sýnd sem áfram-

hald Leirár og kvíslar úr Hólmsá. Þorvaldur Thoroddsen, sem fór um Vestur-Skaftafellssýslu 1893, segir í Ferðabók sinni, III., bls. 195:

„Leirá fellur í Hólmsá nokuð austur af Rjúpnafelli, rétt nálægt því er Hrútá kemur norðan í hana; litlu áður rennur þó kvísl úr Hólmsá í Leirá. Áður hafði Leirá sérstakan farveg og rann fyrir sunnan Hrífuneshólm í Kúðafljót. Tvær smákvíslar (Keldnatónakvíslar) renna enn úr Leirá sérstakar suður í Kúðafljót. Fyrir seinustu aldamót rann Hólmsá um annan farveg, suðvestur Hrífuneshólminn, og hét sá farvegur Baugadeild. Enn sjást árgljúfur í hrauninu á Hrífuneshólmi og breiður grasi vaxinn farvegur niður af. Þar sem Hólmsá kræki austur fyrir ysta heiðarendann, er í henni foss er heitir Hrossafoss, og er hellir við fossinn, sem hafður er fyrir fjárskýli."

Málsástæður.

Aðiljar allir telja sig byggja kröfulínur sínar á merkjabréfum frá 1886. Merkjabréf þessi eru öll reifuð hér að framan.

Af hálfu eigenda Skálmarbæjar er sérstaklega til þess vitnað, að eigendur Holts og Herjólfsstaða hafi ekki undirritað landamerkjaskrá Hrífuness og Hrífunesseigandi ekki undirritað landamerkjaskrá Holts. Einnig er vitnað til framburðar Árna bónda í Hrífunesi um, að hann hafi aldrei talið lönd sín og Holts og Herjólfsstaðamanna koma saman að sunnan. Síðan vitna sóknaraðiljar til þessara sömu atriða og fram koma í aðiljaskýrslu þeirra, dskj. nr. 56, varðandi markalínu Skálmarbæjar og Holts og Herjólfsstaða. Þeirra atriða hefur verið getið hér að framan.

Norðurmörk Skálmarbæjarlands, segir í grg. þeirra: „Þar er Hólmsá trygg og örugg markalína lengstan hluta leiðarinnar. Áin fellur í gljúfrum og væri algjör hótfyndni og bábilja að halda því fram að þessi gljúfur hafi myndast við breytt rennsli árinnar eftir að mannbyggð hófst á Íslandi. Í landamerkjabréfi Hrísness ræður Eldvatnið að austan að Hólmsármynni. En þaðan ræður Hólmsá til vesturs. Sama er upp á teningnum í landamerkjaskrá Skálmarbæjar. Hólmsá ræður austur í Flögulón og getur engin deila um það verið að það er hið sama og nefnt er Hólmsármynni í Hrífunesbréfinu.

Á norðurlínunni til vesturs, það er frá landamerkjum milli Hrísness að norðan og Skálmarbæjar að sunnan tekur síðan við lína norður þangað sem Baugadæld *myndast.* Baugadæld er fyrirbæri sem er með öllu horfið. Það kemur þó ekki að sök, því línan hefur legið vestur á bóginn uns hornmarki var náð, sem hvað Skálmarbæ snertir sker einmitt þá línu, sem örnefnin merkt 1-5 segja til um á dskj. nr. 16." (loftljósmynd, upphafleg kröfulína).

Við munnlegan flutning málsins þann 2. febrúar sl. hélt lögmaður

eigenda Skálmarbæjar því fram, að kröfulína hans væri byggð á dskj. nr. 14, merkjabréfi, sem Jón Sverrisson í Holti ritar einn undir og er frá 1916, og dskj. nr. 52 og vottorði Gísla Tómassonar, en gögn þessi hafa bæði verið rakin hér að framan. Upplýsti lögmaðurinn, að dskj. nr. 14 væri ljósrit merkjalýsingar, sem hafi gengið frá Jóni Sverrissyni til næsta ábúanda á eftir honum. Upplýst er, að skjal þetta fékk Páll Bárðarson í Holti hjá nábúa sínum á Jórvíkurhryggjum, næsta bæ sunnan og austan Holts. Hann hafði fundið skjalið í fórum föður síns, sem bjó á Jórvíkurhryggjum, þegar Jón var í Holti. Holt var þá tvíbýli, og bjó faðir Páls Bárðarsonar á móti Jóni.

Þá var af hálfu sóknaraðilja lagt fram Íslandskort með hreppaskiptingunni og því haldið fram, að hreppamörk og landamörk ættu ætíð að fara saman. Því var haldið fram, að hrepparnir viðurkenndu ekki hreppamörk, sem dregin eru af Ágústi Böðvarssyni, dskj. nr. 70, og í því sambandi vitnað til framburðar Júlíusar Jónssonar, hreppstjóra í Álftavershreppi, sem áður er rakinn.

Þá mótmælti lögmaður sóknaraðilja sérstaklega vottorði Hannesar Hjartarsonar, dskj. nr. 33, og aðiljaskýrslu Holts- og Herjólfsmanna, dskj. nr. 34, og taldi skjölin röng efnislega.

Af hálfu eigenda Holts og Herjólfsstaða er, svo sem áður er sagt, byggt á landamerkjabréfi Holts frá 1886. Í merkjabréfinu sé hornmark sett í Baugadeildargil. Sjáist af því, að Baugadeild sé gil. Vitnað er til þess, að gamalt fólk muni eftir gljúfrunum, sem þeir hafa bent á sem merkjapunkt, sem Baugadeild. Í því sambandi benda þeir á frásagnir í aðiljaskýrslu, dskj. nr. 34, sem rakin er hér að framan, frásögn Júlíusar Jónssonar hreppstjóra, vottorð Ágústs Böðvarssonar. Halda þeir því fram, að merkjalýsingu Skálmarbæjar frá sama tíma verði að skýra með hliðsjón af þessu og myndist Baugadeild við annanhvorn enda gljúfranna. Þeir hafa nú miðað kröfulínu sína við vestari enda gljúfranna. Um þá málsástæðu Skálmarbæjarmanna, að lönd Hrífuness og Holts og Herjólfsstaða liggi hvergi saman, segir í greinargerð varnaraðilja:

„En það er vitaskuld óleyfilegt, að draga slíkar ályktanir þótt undirskriftir þessar hafi farist fyrir. Þar gat margt komið til greina, enda alkunnugt og algengt, að frágangi landamerkjalýsinga sé áfátt að þessu leyti."

Um kennileitið Ljósuvatnalækshól segir í greinargerð varnaraðilja, að hann rísi stakur upp úr flatneskjunni og sjáist langt að. Efst á honum sé greinileg upphlaðin varða. Vafalaust sé, að hér sé um landamerkjapunkt að ræða. Vitnað er til vottorðs Hannesar Hjartarsonar á dskj nr. 33 og framburðar Páls Bárðarsonar fyrir dómi. Þeir eru báðir aðiljar. Þá er því haldið fram, að á hinn bóginn sé ekki ljóst, við hvaða stað eða kennileiti sóknaraðiljar miða í lýsingu sinni á þessu kennileiti.

Rökstuðningur meðalgönguaðilja kemur fram í greinargerð lögmanns hans. Þar segir m.a.:

„*Rökstuðningur aðalkröfu:* Þau gögn um landamerkin, sem mikilvægust hljóta að teljast í máli þessu, eru landamerkjaskrárnar frá 1886 og merkjaskráin á dskj. nr. 43. Við samlestur skránna virðast þær „harmonera" miðað við kröfugerð umbjóðanda míns með hliðsjón af korti Sæm. Hólm á dskj. nr. 42 frá 1870, svo og með hliðsjón af uppdrætti Þorv. Thor 1894 í ritinu Geschichte der Islandische Vulkane bls. 15 á dskj. nr. 45. Öruggasti punkturinn er Hvítanestorfa, en þar eru vesturmörk Hrífuneshólms, öðru nafni Hrísneshólms. Til glöggvunar á stærð Hrífuneshólms á þessum tíma má geta fjalls.reglug. á dskj. nr. 5 frá 1976." Að framan hefur verið tekið upp úr reglugerð þessari.

Síðan segir: „Varðandi stærð Hrífuneshólms má jafnframt geta dskj. nr. 23. Skýrslur um Kötlugos, það er gosið 1756 bls. 241 efst „ . . . *sópaðist burt úr Hrífuneshólma, sem liggur milli Hólmsár og Baugadeildar hálft annað hundrað lamba, sem Tungumenn og ýmsir áttu í Hólminum.* Allar götur síðan hfa Hrífunesmenn farið með þetta land sem sitt eigið, þ.e.a.s. átt þar beinan eignarrétt, t.d. með því að *beita það* (jarðir þarna um slóðir eru sauðjarðir), *rækta* það, *leggja þar flugbraut,* sem merkt hefur verið og telst vera Hrífunesflugvöllur á kortum Flugmálastjórnar og framkvæma þar steypuefnistöku, svo og kartöflurækt og rófna, þó að eigi hafi það verið girt, nema svæðið kringum ræktunina og flubrautina án þess að það hafi nokkru sinni sætt nokkrum aðfinnslum, né nágrannar nokkru sinni mótmælt né rengt rétt Hrífuness til þessa lands fyrr en með greinargerð stefnanda á dskj. nr. 27, sem stangast algerlega á við fyrri kröfugerð stefnenda á dskj. nr. 8, þar sem þeir lýsa mörkum Skálmarbæjarlands."

„*Rökstuðningur varakröfu:* Svo sem í rökstuðningi aðalkröfu er Hvítanestorfa óumþrættur punktur, og markalínuna á sjálfri torfunni telur umbjóðandi minn eðlilegast að draga mitt á milli varðanna, sem þar eru. Að öðru leyti gengur varakrafan aðeins út frá því sem möguleika, að dómurinn telji Baugadeild hafa fallið norðar en umbjóðandi minn telur."

„*Rökstuðningur þrautavarakröfu:* Fari svo ólíklega, að dómurinn telji Hrífunes ekki *eiga* það svæði, sem gerð er krafa um í aðal- og varakröfu skv. þeim skjölum, er fram hafa verið lögð, svo og þeim, er síðar verða lögð fram, svo og skv. notkun umbjóðanda míns á því, sbr. t.d. fjallskilareglugerð á dskj. nr. 5, er sett fram sú þrautavarakrafa, að honum sé dæmdur beinn eignarréttur að ræktaða svæðinu, þ.e. flugbrautinni og svæðinu þar í kring allt norður að Hólmsá, en svæði þetta hóf umbjóðandi minn að rækta árið 1956 og hefur flest árin sótt þangað um 150-200 hestburði af heyi og haft þar önnur umsvif s.s. kartöflur og rófnarækt; steypuefni hefur verið tekið enn lengur á svæðinu og ræktaða svæðið girt. Umsvif

umbjóðanda míns hafa aldrei sætt neinum aðfinnslum né athugasemdum á nokkurn hátt.

Hvernig sem á málið kann að verða litið hefur umbjóðandi minn að minnsta kosti unnið beinan eignarrétt að þessu ræktaða svæði skv. heiðarl. 46/1905 2. gr. með notkun sinni á svæðinu."

Dómarar hafa ásamt aðiljum farið á vettvang og skoðað staðhætti alla.

Þann 14. september 1978 fór þáverandi formaður dómsins, Magnús Thoroddsen, ásamt meðdómendum á vettvang. Magnús hvarf frá málinu vegna starfa erlendis, og tók þá Hrafn Bragason við formennsku í dóminum. Dómurinn fór síðan á ný á vettvang þann 16. ágúst sl. Loft var þá skýjað, skúrir framan af degi, en síðari hluta dags var skyggni gott. Vettvangsganga var hafin á Fjalhöfða, og bentu aðiljar hvor fyrir sig á, hvar þeir telja Grænhæðarmark vera.

Síðan var farið að Ljósuvötnum, skoðaðar rústir þar og hólarnir, sem eigendur Skálmarbæjar annars vegar og eigendur Holts og Herjólfsstaða hins vegar telja Ljósuvatnalækshól. Frá Ljósuvötnum var ekinn þjóðvegurinn norður í Hrífunes. Þar var sérstaklega farið á Hrafnshól í Hrífunesheiði, en þaðan sést vítt til suðurs og suðvesturs til Álftavers. Síðan var farið í Hvítanestorfu, sem er þekkt örnefni inn með Hólmsá að sunnan. Síðan var ekinn farvegur sá, sem Hrífuneseigandi telur vera Baugadeild. Næst var skoðað gil það, sem eigendur Holts- og Herjólfsstaða telja Baugadeildargil. Loks var Hádegisgljúfur skoðað, en eftir því draga Skálmarbæjarðeigendur kröfulínu sína. Hádegisgljúfur er þekkt örnefni.

Erfitt er að átta sig á því, hvar einstakir farvegir hafa legið, þar sem landið sunnan Hólmsár er flatt og vatnssvorfið. Þarna hafa farvegirnir breyst bæði af mannavöldum og nátturunnar. Árið 1918 fór t.d. Kötluhlaup yfir þetta landsvæði, og farvegi Leirár hefur verið breytt með mikilli fyrirhleðslu á söndunum sunnan Hvítanestorfu. Áður hefur áin kvíslast um sandana og a.m.k. einhvern tíma runnið að hluta til um farveg þann, sem eigandi Hrífuness segir fornan Baugadeildarfarveg. Nú fellur Leirá í einum farvegi í Hólmsá, en sá farvegur er lítið niðurgrafinn, fyrr en áin fellur í fossi niður í gljúfur og eftir þeim skamman veg út í Hólmsá. Hólmsá fellur í gljúfrum frá því skömmu eftir að kvísl fellur áður úr henni, sem mörkuð er á kort, og þar til hún breiðir úr sér neðan Hrífuness og kvíslast um víða aura austur í Flöglón. Farvegur árinnar hefur þarna verið breytingum undirorpinn.

Dómurinn fór enn á vettvang 24. maí sl. og gerði frekari athuganir á staðháttum.

Álit dómsins.

Kröfur aðilja í máli þessu eru byggðar á landamerkjabréfum jarðanna

Skálmarbæjar, Holts, Herjólfsstaða og Hrífuness, sem öll eru þinglesin að Undirhrauni 21. júní 1886. Í bréfum þessum eru merkjalýsingar að hluta til byggðar á örnefnunum Baugadeild eða Baugadæld, Baugadeildargili, Ljósuvatnalækshóli og Grænhæðarmarki eða Grænhóli. Eins og áður er frá greint, deila aðilja um, hvar þessi örnefni er að finna. Eigendur Skálmarbæjar og eigendur og ábúendur Holts og Herjólfsstaða deila um örnefnin Grænhæðarmark eða Grænhól og Ljósuvatnalækshól. Þessir aðiljar deila síðan við eigendur Hrífuness um, hvar Baugadeild, Baugadæld eða Baugadeildargil sé eða hafi verið.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, svo óyggjandi sé, hvar örnefni þessi er að finna, og verður að byggja dóm á því, sem helst er stoð fyrir í gögnum málsins og sem eðlilegt má teljst eftir staðháttum.

Umdeild merki Hrífuness.

Í landamerkjabréfi Hrífuness eru merki látin ráðast af Hvítanesstorfu, Leirá og Baugadæld. Í landamerkjabréfi Skálmarbæjar eru tekið mið af Baugdæld með orðavalinu „svo bein lína norður þangað, sem Baugadeild myndast, úr Baugadæld austur í Hólmsá." Ágreiningslaust er, við hvaða stað örnefnið Hvítanesstorfa á. Ósannað er, að meginfarvegur Leirár hafi legið annars staðar 1886 en nú. Er sú niðurstaða studd af fyrrgreindri ferðalýsingu í Ferðabók Þorvalds Thoroddsen. Samkvæmt því ber að leggja til grundvallar, að Leirá ráði suðurmerkjum Hrífuness á kafla. Á hinn bóginn hefur ekki komið fram lögfull sönnun um, hvar Baugadeild eða Baugadæld liggi. Verður þannig ekki fallist á, að af hálfu eiganda Hrífuness hafi komi fram fullnægjandi rök fyrir því, að Baugadeild (Baugadæld) sé sunnan við svonefndar Hólmsbrýr. Orðalag landamerkjabréfa í málinu gefa fremur vísbendingu um, að Baugadeild sé norðar. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og eftir öllum staðháttum, þykir eðlilegt að ákveða merki Hrífuness á deilusvæðinu með þeim hætti sem sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti, þ.e. úr Hvítanestorfu beina línu í farveg sunnan nýræktar tilheyrandi Hrífunesi, síðan eftir þeim farvegi og loks ur honum beina stefnu á Hólmsármynni.

Umdeild landamerki Skálmarbæjar gagnvart Holti og Herjólfsstöðum.

Aðiljar eru sammála um merki að svokölluðum Einiberjahóli eða Marknefi. Úr því greinir aðilja á um landamerki til norðurs, enda deila þeir um, við hvaða staði þau örnefni eigi, sem tilgreind eru í landamerkjabréfum. Slíkur ágreiningur er um örnefnin „Grænhæðarmark" eða „Grænhól" og „Ljósuvatnalækshól". Samkvæmt vitnisburðum, gögnum málsins og staðháttum þykir sennilegra, að sá staður, sem nefndur er Grænhæðarmark í merkjabréfum, sé sá hóll, sem eigendur Skálmarbæjar miða við. Engin örugg vísbending er um, hvar örnefnið Ljósuvatnalækshól sé að finna.

Hornmark í norðri er í landamerkjabréfi Holts sagt vera í Baugadeildar-

gili, en í bréfi Skálmarbæjar eru merki talin vera „lína norður þangað, sem Baugadeild myndast". Engin örugg sönnun liggur heldur fyrir að þessu leyti. Helsta vísbending um, að merkjalína þessi liggi til mun vestar en haldið er fram af hálfu eigenda Holts- og Herjólfsstaða er sú, að í Holtsbréfinu er tekið fram, að Holt og Herjólfsstaðir eigi sambeitarland norður af Leirá, og að ekki verður séð, að ábúendur síðastgreindra jarða hafi á sínum tíma undirritað landamerkjabréf fyrir Hrífunes. Hvort tveggja bendir til þess, að þessar jarðir hafi a.m.k. ekki legið saman á löngu svæði.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, og að öðru leyti með hliðsjón af því, sem eðlilegt má telja eftir staðháttum, ákveðst, að umrædd merki skuli dregin úr Einiberjahól í Grænhæðarmark við Fjalhöfða og síðan beina sjónhendingu í Hrafnhól, uns lína þessi sker landamerkjalínu Hrífuness, eins og nánar er sýnt á meðfylgjandi uppdrætti.

Ekki er í máli þessu ágreiningur um, að merki skipti eignarlöndum.

Rétt þykir með hliðsjón af málavöxtum öllum og kröfugerð aðilja, bæði upphaflegri og endanlegri, að hver aðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Hrafn Bragason, settur dómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Jónssyni borgardómara og Gauki Jörundssyni prófessor.

Dómsorð:

Merki jarðarinnar Hrífuness að sunnan gagnvart jörðunum Skálmarbæ, Holti og Herjólfsstöðum skulu dregin, sbr. meðfylgjandi uppdrátt, úr Hvítanestorfu, punkti P, í farveg sunnan ræktunar Árna Þ. Jónssonar í Hrífunesi, punkt R, síðan eftir þeim farvegi og loks úr honum beina stefnu á punktinn K í Hólmsármynni.

Merki jarðanna Skálmarbæjar og Holts og Herjólfsstaða ráðast, sbr. meðfylgjandi uppdrátt, fyrst af Holtslæk, punkti A, frá honum í Markholt, punkt B, svo í Einiberjahól (Marknef), punt C, þá í Grænhæðarmark austanvert við Fjalhöfða, punkt D, og síðan af beinni línu í stefnu á Hrafnshól, þar til hún sker markalínu Hrífuness að sunnan, punkti Q.

Hver aðilja skal bera sinn kostnað af máli þessu.

Föstudaginn 13. júlí 1984.

Nr. 87/1981. **Eigendur og ábúendur Fossjarða á Síðu og eigendur Sléttabóls I og II**
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
gegn
eigendum Hörgslandsþorpsjarða og gagnsök
(Jón St. Gunnlaugsson hrl.)

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðiljar eru allir nafngreindir í héraðsdómi, en þar hefur orðið sú ritvilla, að Guðleif Helgadóttir, Fossi I, er nefnd öðru nafni. Þá kom fram, þegar málið var flutt hér fyrir dómi, að ábúandi í Múlakoti er Baldur Þ. Bjarnason einn.

Aðaláfrýjendur skutu héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. apríl 1981. Kröfur þeirra eru þannig:

Eigendur og ábúendur Fossjarða á Síðu krefjast þess *aðallega,* að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. *Til vara* krefjast þeir þess, að viðurkennt verði, að landamerki milli Fossjarða annars vegar og Hörgslandsþorpsjarða hins vegar skuli vera eftir beinni línu, sem dregin er samkvæmt uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings frá punkti A (Blákambi) um punkt B (Merkisker) til punkts C, þaðan eftir boglínu um Fossála miðja og síðan um Skaftá miðja að punkti D og síðan bein lína í stefnu A B C frá punkti D að punkti E við rekamál. *Til þrautavara* krefjast þeir, að viðurkennt verði, að landamerkin skuli vera eftir beinni línu, sem sé dregin samkvæmt sama uppdrætti frá punkti A um punkta B C D til punkts E.

Þá krefjast eigendur og ábúendur Fossjarða þess, að eigendur Hörglandsþorpsjarða verði dæmdir in solidum til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eigendur Sléttabóls I og Sléttabóls II gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, en *til vara,* að viðurkennt verði, að landamerki Sléttabóls I og II, eins og þau eru ákveðin í landamerkjabréfi Sléttabóls 21. maí 1890 á milli Foss og Sléttabóls, séu lögleg landamerki milli þessara jarða, eins og þau eru dregin á uppdrætti Skúla Jóhannssonar sem landamerkjalína X-Z. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda in solidum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en eigendur Sléttabóls I og II fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 31. ágúst 1982.

Gagnáfrýjendur skutu héraðsdómi til Hæstaréttar 28. apríl 1981. Þeir gera þær dómkröfur *aðallega,* að staðfest verði, að landamerki jarða gagnáfrýjenda að austanverðu frá fjalli til fjöru séu þessi: „Úr kambinum vestanvert við Merkilæk bein lína eftir garðinum, sem þar er fyrir neðan, í vörðu á Merkiskeri, sem er niðri í sandinum. Úr þessum punkti bein lína í vörðu, sem hlaðin er upp norðan við Foss- og Hörgslandsmela og þaðan bein lína að rekamáli í fjörumörk milli Foss- og Hörgslandsfjara." Til vara gera þeir þá dómkröfu, að niðurstaða landamerkjadómsins um landamerkin verði staðfest. Í báðum tilvikum er þess krafist, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfulínur þessar eru báðar færðar inná uppdrátt Skúla Jóhannssonar, sem til er vísað í sambandi við kröfugerð aðaláfrýjanda.

Aðaláfrýjendur styðja ómerkingar- og heimvísunarkröfu sína fyrir Hæstarétti þeim rökum, 1) að sátta hafi ekki verið leitað í málinu, hvorki um ágreining eigenda og ábúenda Fossjarða og Hörgslandsþorpsjarða né í meðalgöngumálinu. 2) Þá er því haldið fram, að til þess að ákveða, hvort eigendur Sléttabóls I og II ættu aðild að málinu, hafi dóminum borið að ákveða vesturmörk Sléttabólsjarðanna. Séu austurmörk Hörgslandsþorpsjarðanna samkvæmt héraðsdómi rétt, hefði hann átt að binda Sléttabólsjarðirnar, eftir að dómlínan sker línu X-Z. Liggi landamerkjalína Fossjarða og Sléttabólsjarða austan kröfulínu Hörgslandsþorpsjarða, eins og héraðsdómur geri ráð fyrir, þá hefði átt að vísa þætti Sléttabóls frá dómi, þar sem skilyrði meðalgöngu hefði þá brostið. 3) Þá er

ómerkingarkrafa á því byggð, að heimaland jarðarinnar Foss II, sem liggur að kröfulínu gagnáfrýjenda á svæðinu milli Blákambs og Merkiskers, sé ekki í sameign með öðrum eigendum Fossjarða og hefði því vegna aðildar að málinu þurft að upplýsa um mörk heimalandsins.

Að öðru leyti eru kröfur málsaðilja rökstuddar með sama hætti og fyrir héraðsdómi.

Verður þá fyrst fjallað um ómerkingarkröfu aðaláfrýjenda. Í landamerkjadómi Vestur-Skaftafellssýslu hinn 22. ágúst 1980 er svofelld bókun gerð varðandi þetta atriði: „Dómurinn ræddi nú við lögmenn aðila um möguleika á sáttum." Í þinghaldi næsta dag er bókað: „Lögmenn aðila lýsa yfir að sáttaumleitanir hafi farið fram og haldi áfram utan réttar." Ljóst má telja af bókunum þessum, sem báðar eru gerðar eftir að Sléttaból kom inn í málið, að unnið hefur verið að sáttatilraunum í dóminum undir meðferð málsins, þó að bókun um þær hafi ekki verið með þeim hætti sem algengast er. Verður ómerking því eigi byggð á því, að sátta hafi ekki verið leitað í málinu.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var landi Sléttabólsjarðanna skipt úr landi Fossjarða. Gat það ekki haft áhrif á mörk Hörgslandsþorpsjarða. Eigendur Sléttabóls I og II gengu inn í mál þetta í héraði sem meðalgöngumenn. Höfðu þeir uppi kröfur á hendur gagnáfrýjendum eingöngu, enda telja þeir sig eiga land, sem gagnáfrýjendur gera kröfu til. Dómur í málinu bindur alla aðaláfrýjendur að því er varðar landamerki Hörgslandsþorpsjarða. Verður héraðsdómur því ekki ómerktur vegna þess, að málatilbúnaði eða úrlausn dómkrafna meðalgöngustefnenda í héraði hafi verið áfátt.

Í máli þessu hefur ekki verið deilt um markalínu úr Blákambi að Merkiskeri, og er því ekki um neinn ágreining að ræða við eiganda og ábúanda Foss II um mörk séreignarlands þeirrar jarðar. Verður héraðsdómur því ekki ómerktur af þeim sökum.

Samkvæmt framansögðu verður krafa aðaláfrýjenda um ómerkingu héraðsdóms ekki tekin til greina.

Ekki er efnislegur ágreiningur með aðiljum um merki milli jarða þeirra frá Blákambi að Merkiskeri, þótt dómkröfur þeirra um þann hluta landamerkjanna séu orðaðar með mismunandi hætti. Verða landamerkin að þessu leyti ákveðin sem bein lína úr punkti A (Blá-

kambi) á uppdrætti Skúla Jóhannssonar að punkti B (Merkiskeri).

Að öðru leyti þykir mega staðfesta héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjendanna eigenda Sléttabóls I og II greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, 20.000.00 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, eigendur Hörgslandsþorpsjarða, skulu vera sýknir af kröfum aðaláfrýjendanna eigenda Sléttabóls I og Sléttabóls II.

Landamerki Hörgslandsþorpsjarða og Fossjarða skulu ráðast af beinni línu frá Blákambi, punkti A á uppdrætti Skúla Jóhannssonar í héraðsdómsskjali nr. 95, til Merkiskers, punkts B, en þaðan verði merki eins og greinir í héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður eigenda Sléttabóls I og II fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Jóhanns H. Níelssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000.00 krónur.

Landamerkjadómur Vestur-Skaftafellssýslu 27. febrúar 1981.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 6. þ.m.

Aðdragandi máls þessa er sá, að eigendur og ábúendur svonefndra Hörgslandsjarða í Vestur-Skaftafellssýslu, en þær eru Hörgsland I, Hörgsland II, Hörgslandskot og Múlakot, rituðu sýslumanni bréf hinn 10. maí 1978 og fóru þess á leit, að tekinn yrði til úrlausnar ágreiningur, sem uppi væri um landamerki jarðanna gagnvart svonefndum Fossjörðum. Ef ekki tækjust sættir í málinu yrði það tekið fyrir í landamerkjadómi til endanlegs úrskurðar. Var í bréfinu vísað til úrskurðar Lýðs Guðmundssonar, sýslumanns frá 29. maí 1804, en þar væru landamerkin tilgreind sem bein lína úr Merkilæk að ofan og til fjörumarka Foss- og Hörgslandsjarða að sunnan. Til vara væri hægt að fallast á, að merkin yrðu bein lína úr klettakambi, sem oft væri nefndur Blákambur eða Blátindur, vestan við Merkilæk, suður

um Merkisker til vörðu norðan við Hörgslandsmela vestur af Sléttabóli og síðan bein lína frá þeim stað að fyrrgreindum fjörumörkum Foss- og Hörgslandsjarða.

Sýslumaðurinn kynnti eigendum og ábúendum svonefndra Fossjarða, en þær eru, Foss I, Foss II, Foss III, Fagrifoss, Hamrafoss og Stuðlafoss, framangreint erindi. Í svari þeirra, dags. 31. desember 1978, kemur fram sú skoðun, að ekki þurfi að vera ágreiningur um merki milli jarðanna, af því að gerð hafi verið sátt um landamerkin 23. september 1808, en úrskurðurinn frá 29. maí 1804 hafi verið torskilinn. Sáttin sé gildandi heimild um landamerki milli jarðanna. Samkvæmt henni fylgi landamerkin beinni línu, sem hefjist í Blátindi eða Blákambi fyrir vestan fossinn, er renni úr Merkidal í Merkisker, sem standi á sandinum, og þaðan bein lína til sjávar. Fyrir hendi séu yfirlýsingar allra aðilja Foss- og Hörgslandsjarða frá 15. desember 1921, sem séu efnislega samhljóða framangreindri merkjalýsingu. Í svari fyrirsvarsmanna Fossjarða kemur einnig fram, að þeir hafi með bréfi, dags. 20. mars 1970, farið fram á, að fyrirsvarsmenn Hörgslandsjarða tækju þátt í kostnaði við að koma upp fjárheldri girðingu á landamerkjalínunni úr Merkigarði í markvörðuna á Merkiskeri og þaðan í landamerkjalínuna í markvörðunni á Svæðunum. Þá kom og fram í svarinu, að nýting veiði í Mávabótarmálum og Veiðiósi hefði verið í algjöru samræmi við framangreindan skilning þeirra á legu landamerkja jarðanna. Var það krafa fyrirsvarsmanna Fossjarða, ef ekki tækjust sættir í málinu, fengju þeir fullan rétt yfir öllu landi austan Fossála, enda hefði það landssvæði eingöngu verið nytjað frá Fossjörðum um 60 ára skeið og væri það því orðið eign Fossjarða fyrir hefð.

Sættir tókust ekki í ágreiningsmálinu, og hefur það verið rekið fyrir landamerkjadómi. Var það þingfest 26. júní 1979.

Sóknaraðiljar málsins eru:

Páll Ragnarsson, Hörgslandi I, eigandi og ábúandi jarðarinnar,
Jakob Bjarnason, Hörgslandi II, eigandi og ábúandi jarðarinnar,
Steingrímur Lárusson og Sigurður Lárusson, Hörgslandskoti, sem búa á jörðinni og eru eigendur hennar ásamt Magnúsi Lárussyni, Stapasíðu 3, Akureyri,
Helgi Þorláksson, Akurgerði 64, Reykjavík, sem er eigandi Múlakots ásamt Sigurveigu Kristófersdóttur, Múlakoti, Helgu M. Bjarnadóttur, Lynghaga 12, Reykjavík, Guðrúnu Lilju Bjarnadóttur, Múlakoti, Gunnlaugi Kristófer Bjarnasyni, Múlakoti og Baldri Þorláki Bjarnasyni, Múlakoti, en tveir síðastgreindu aðiljarnir búa á jörðinni.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að staðfest verði með dómi, að landa-

merkin milli jarða þeirra og Fossjarða að austan frá fjalli til fjöru séu þessi: Úr kambinum vestanvert við Merkilæk bein lína eftir garðinum, sem þar er fyrir neðan, í vörðu á Merkiskeri, sem er niðri á sandinum. Úr þessum punkti bein lína í vörðu, sem hlaðin er upp norðan við Foss- og Hörgslandsmela, og þaðan bein lína í fjörumörk jarðanna að rekamáli. Þá er þess og krafist, að varnaraðiljar verði dæmdir til að greiða sóknaraðiljum málskostnað óskipt.

Varnaraðiljar málsins, eigendur og ábúendur svonefndra Fossjarða, eru þessir:

Björn Helgason og Guðlaug Helgadóttir, eigendur Foss I,
Kristófer Bjarnason, eigandi og ábúandi Foss II,
Margrét Helgadóttir, eigandi Foss III, og Páll Helgason, ábúandi jarðarinnar,
Jón Eiríksson, eigandi Fagrafoss, og Sigurður Jónsson, ábúandi jarðarinnar,
Bergur Eiríksson, eigandi Hamrafoss, lést meðan á rekstri máls þessa stóð, og kemur dánarbú hans í stað hans, en ábúandi jarðarinnar er Guðjón Bergsson,
Helgi Eiríksson, eigandi Stuðlafoss og Björn Helgason, ábúandi jarðarinnar.

Af hálfu varnarðilja eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að viðurkennt verði, að landamerki milli Fossjarða annars vegar og Hörgslandsþorpsjarða hins vegar skuli vera eftir beinni línu, sem dregin er samkvæmt uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings, frá punkti A, Blákambi, um punkt B, Merkisker og til punkts C, þaðan eftir boglínu um Skaftá miðja að punkti D og síðan bein lína í stefnu A B C frá punkti D að punkti E við rekamál. — Til vara er þess krafist, að viðurkennt verði, að landamerkin skuli vera eftir beinni línu, sem dregin sé samkvæmt sama uppdrætti frá punkti A um punkta B C D til punkts E.

Þá krefjast varnaraðiljar þess, að sóknaraðiljar verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað in solidum.

Eigendur jarðanna Sléttabóls I, Siggeir Geirsson og Sólveig Geirsdóttir, og Sléttabóls II, Friðrik Bjarnason, hafa gerst meðalgönguaðiljar í málinu.

Gera þau þær dómkröfur í málinu, að dómkröfum sóknarðilja verði hrundið og viðurkennt verði með dómi í máli þessu, að landamerki Sléttabóls I og Sléttabóls II, eins og þau eru ákveðin í landamerkjabréfi Sléttabóls, dags. 21. maí 1890, á milli Foss og Sléttabóls, verði viðurkennt sem lögleg landamerki þessara jarða, eins og þau er dregin á uppdrætti Skúla

Jóhannssonar verkfræðings sem landamerkjalína X til Z. Þá krefjast þeir einnig málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að meðalgönguaðiljum verði gert að hlíta dómi samkvæmt dómkröfu sinni við hlið varnaraðilja svo og að meðalgönguaðiljum verði gert að greiða þeim óskipt málskostnað.

Að fyrirlagi aðilja hefur Skúli Jóhannsson verkfræðingur markað kröfulínur aðilja á uppdrátt af landssvæði því, er ágreiningur aðiljanna nær til.

Svo sem fram kemur í afstöðu sóknaraðilja og varnaraðilja í upphafi, telja þeir ágreiningsefni þeirra eiga rætur að rekja allt til áranna 1804 og 1808. Verða nú rakin gögn, sem aðiljar hafa aflað til að varpa ljósi á sögu málsins og máli þykja skipta.

Í afriti af skjali, dags. 24. maí 1707, er svohljóðandi vitnisburður Eiríks Sigurðssonar, Árna Eiríkssonar, Sæmundar Jónssonar og Jóns Jónssonar um landamerki jarðarinnar Hörgslands, en skjalið er sagt þinglesið á Kleifaþingi sama dag:

„Þad Vær underskrifader Sannast Heirt hofum Landamerke Vera Hospitals Jardarenar Horgslands á Sydu, og átolulaust brukad ad Vorre Vitund, er sem efterfilger.

Á NordurSydu HallsteinsVarda og Audulbruará, Á VesturSydu Rædur Horgsá Sudur ad Merkegarde/ Á Mille Kieldu gnups og Horgslands Skal Standast á Midmark Rett Mil(le) Skogfoss og landbrots tánga, Ad Sunnann Verdu er ad fornu Nefnd Horgslands þufa Mark Vered Hafa/ Á austur sy(du) Ad Sunnann Rædur MerkeSkier, þadann í Vodhamar, sem er Sialft fyrer Vestann Merkelæk, og So upp ur Merkedal, og Þad Rett uppefter gegn fossmarke, þar til þuerár, og Dals land Vidtekur og þad allt Nordur ad Audulbruará. Skógar itak er Sagt Horgsland eige í þuerárlande Nef(nt) Brattland, Med Vissum ummerkium/: Hraunfior(u) Ad fornu Nefnda Nu Horgslands fioru, Hefur Hospitale(d) brukad Sydann Stiftad Var, Su fiara liggur Næst firer Vestann Foss Fioru, og ad allt firrksrifad So í Sannleika Sie sem ofannskrifad er, eftir Vorre Vitund og skinseme ....“

Í afriti af landamerkjaskrá fyrir Foss, frá 25. nóvember 1716, segir svo:

„Landamerki allrar jarðarinnar Foss á Sidu eru þetta: Efter gómlu og nyy hallde ásamt lógfestu og því byggíngar briefe sem ádur hafde bigt vered Sæmunds Jónssyni Ano 1706 þann 9da Octobris: á vestur sydu ímót Hórgslands úr merki skieri sem stendur suðurá sandinum og uppí berg klettinn, edur kambinn fyrir vestan fossinn, edur lækinn, sem rennur ofanúr Merkidal, og so nordur eftir heide eftir því sem vórdurnar á heidinne tilvísa eiga. Eirnin á sómu síðu úr áðurnefndu merkiskere, siónhending útefter sande grasland og mela efter bréflegum samanburdi við vyrdulegann klausturhaldarann Þord Þorleifsson og vyrdulegann Hórgslands hospitalshaldara, Mnsr Pau Amundason.

En á austursíduna mót Þverá rædur Þúfann á Orustuhól og í Þræla skier og so siónhending uppá Núpinn og nodurefter heide so sem vórdur þar á heidinni til vysa eiga, nordur úr þufunni á kvygu hvamma hól, og svo nordur fyrir Bjarnarháls; En á sömu sydu frá Orustu hól útefter sande siónhending so leinge sem til vinnst. Þad er og sannferdugt ad Hverfis flióted hefur runnið í millum Orustuhóls og Núpsins og aftekid Grasland Foss; En nú er þar aftur upp ad vaxa svardfest land, bladka og melur."

Í afriti bréfs, sem Stefán Björnsson, spítalahaldari í Hörgslandi, ritaði Finni Jónssyni biskupi hinn 15. september 1755, kveður hann ábúanda Foss hafa nytjað landssvæði, sem liggi utan Merkilæks, sem talinn hafi verið merki milli jarðanna.

Hinn 23. september 1801 fóru fram vitnaleiðslur á dómþingi á Kirkjubæjarklaustri út af ágreiningi um landamerki milli Hörgslands og Foss. Beindust þær einkum að vitneskju manna um svonefnda Skjaldbreiðarmela, afnot af þeim og hvort Merkilækur væri landamerki milli jarðanna.

Hinn 23. september 1807 fór fram sáttatilraun fyrir skipuðum sáttamönnum út af ágreiningi, sem risið hafði milli eigenda Foss og ábúanda Hörgslands. Kemur fram, að eigandi Foss hafi talið ábúanda Hörgslands hafa tekið undan Fossi hluta af landi jarðarinnar, engjar og meltak og jafnvel hluta af fjöru. Bauð eigandi Foss til þess, að sættir mættu takast, að annar helmingur Skjaldbreiðarmela skyldi „um þeirra lífstíð" tilheyra Hörgslandi, en hinn helmingurinn skyldi tilheyra Fossi. Ekki varð af sátt.

Þá fór einnig fram sáttatilraun fyrir sáttamönnum hinn 23. september 1808 um landamerki milli Foss og Hörgslands. Voru þar mættir fyrirsvarsmenn jarðanna, séra Pétur Sveinsson, Jón Jónsson, Holti, vegna Páls Guðmundssonar á Brúnum og séra Bergur Jónsson á Kirkjubæjarklaustri.

Varð svofellt samkomulag um landamerki jarðanna:

„. . . Landamerkin milli nefndra Jarda skulu hjedanífrá, eptir þeirri í Gjær og i dag færdu eydfestu vitnaleydslu, vera úr Blákambinum eda Blátindi fyrir vestan klifid, sem er fyrir vestan þann Foss úr Merkidal, beina Stefnu sudur í Merkiskjer, sem stendur sudur á Sandinum, hvar nú í dag af vidkomendum og Rettinum var upphladin Merkivarda, hvadan aptur bein Stefna skal takast sudur í gjegnum midja Skjaldbreiðar Mela, hvaraf Vestrparturin, asamt öllu Landi vestanmegin allt til Skaptár skal hereptir vera Hörgslands Eign; Og þarámót allur Austurhelmingur af Skjaldbreidar Melum ásamt öllu Landi framaf Foss Landamerkjum þeimmegin, beina Stefnu til Sjáfar sovel framaf Orustuhól sem framaf Merkiskjeri, og allt þar á milli, hiedanifrá tilheyra Fossi sem vafalaust Eigindómur; en sie nockud af Hörgslands fjöru fyrir því (skorið neðan af línu í bókinni) þarfrá undantekinn. Mörkin uppá Heidini skulu hédanífrá vera úr Kambinum nordureptir, eptir því sem Vordurnar á Skerjunum tilvísa, og allir hafa

hingadtil verid anægdir með, īntil Austmarkid gjörir þær ad þríhyrning. Fjörur beggja Jardaña skulu uppmælast frá vissu Marki á Hörgslands Fjöru ad vestañ eptir þeim eydsvarna Vitnisburdi í dag, sem Hospitalshaldarīñ añtók sañan ad vera; eñ náist þá ecki sú aqvardada Leingd á bádum Fjörunum, þá skulu þær badar skjerdast eptir Tiltölu, eptir Lögmaña og Lögriettu Dómi af 1ta Julii 1624."

Fram kemur, að hinn 21. september 1815 hafi fyrirsvarsmaður Hörgslands og ábúendur Foss mætt fyrir sáttamönnum út af ágreiningi, sem risið hafði. Hafi ágreiningsefnið verið það, að fyrirsvarsmaður Hörgslands hafi talið ábúendur Foss hafa skorið mel í landi Hörgslands á Skjaldbreiðarmelum. Hafi ábúendur Foss fallist á, að Foss ætti aðeins hálfa Skjaldbreiðarmela og skyldu nákvæmari skipti fara fram eftir sanngirnissjónarmiðum.

Hinn 4. maí 1822 var á manntalsþingi Skaftafellssýslu þinglesin svohljóðandi landamerkjalögfesta fyrir jörðina Foss, dags. 20. apríl 1822:

„D., var upplesinn Lögfesta prestsins sra Bergs Jónssonar og Hospitalshaldara Jons Jonssonar fyrir eignar og búsjörð þeirra Fossi á Síðu með fylgjandi Landamerkjum — á vestur síðuna í móti Hörgslandi úr nú svo kölluðu Merkisskeri, sem stendur niður á sandinum og uppí Bergklettinn eður kambinn fyrir vestan Fossin eður Lækinn sem rennur ofan úr Merkidal og svo norður eptir Heyði eftir því sem vörðurnar á Heyðinni tilvísa eiga; einnig á sömu síðu úr áðurnefndu Merkiskeri beinastefnu niður ígegnum miðja Skjaldbreiðar mela. — Þessi mörk eru gyldandi eptir Forlíkunarsamningi ad 23. September 1808 — Enn á austur síðuna ímóti Þverá ræður þúfann á Orustuhól og svo sionhendíng uppí Nupinn, eptir því sem réttar vörður á skérjunum uppá Heyðinni tilvísa eiga, norður á þúfuna á Ovíguhvammahol og svo norður fyrir Bjarnarhals; einnig á sömu síðuna suður frá Orustuhól, sjónhending út eptir Sandi, eptir áðurgreindum Fjallmörkum á þessa síðuna allt að Fjörumáli — sömuleiðis lögfesta þeir skógarítak jarðarinar nefnilega, skógartorfu í Eystra Fjalli undir Kálfs Klifi, sem er á þeirri næstu Torfu er við Núpsárfoss liggur, þar eð hún rennur af Fjalli ofan."

Í landamerkjalýsingu Hörgslands í landamerkjabók Skaftafellssýslu, sem undirrituð er af Ólafi Pálssyni umboðsmanni, Bjarna Þórarinssyni, Helga Bergssyni og Sigríði Steingrímsdóttur 21. maí 1890 segir svo:

„Að austan milli Foss og Hörgslands: Úr Upsatanga að norðan í vörðu á Krókaskeri og þaðan í Kambinn vestanvert við hinn svonefnda Merkilæk, úr þeim Kambi í skerið niðri á sandinum, þaðan beina línu eftir áðurgreindum mörkum í stiku, sem er ofanvert við mela heimajarðarinnar Hörgslands, þaðan austur á við í aðra stiku efst í breiðu leirunni, sem aðskilur Foss- og Hörgslandsmela, þaðan enn í stiku syðst í sömu leiru, þaðan beint í suður að rekamáli."

Í landamerkjalýsingu fyrir Sléttaból í Landamerkjabók Skaftafellssýslu, sem undirrituð er af Bjarn Þórarinssyni, Ólafi Pálssyni, Sigríði Steingrímsdóttur, Helga Bergssyni, Jóni Jónssyni og Þorgerði Björnsdóttur, 21. maí 1890, segir svo:

„...Að austan milli Sljettabóls og Orustustaða: Úr þúfunni á Orustuhól beina línu eptir vörðum á sandinn suður að rekamáli: Að vestan og norðan: Úr Orustuhól í vörðu á tanganum, sem skagar lenst í útsuður fyrir vestan Hraunbol, svo í vörðu sem er hlaðin upp af Flóðholti, þaðan í Flóðholt, þaðan í Stikubót, þaðan í miðja Jónsbót, þaðan að rekamáli. Jörðin á ⅓ part af öllum reka af Fossfjöru og upprekstur í Síðumannaafrétt."

Með byggingabréfi, dags. 24. október 1912, var hálf jörðin Sléttaból byggð Geir Jónssyni, og er landamerkjum jarðarinnar lýst þannig:


„Að austan milli Sljettabóls og Orustustaða: úr Þúfunni á Orustuhól, bein lína eftir vörðum á sandinum suður að rekamáli. Að vestan og norðan: Úr Orustuhól í vörðu upp á tanganum, sem skagar lengst í útsuður fyrir vestan Hraunból, svo í vörðu, sem er hlaðin upp af Flóðholti, þaðan í Flóðholt, þaðan í Stikubót, þaðan á miðja Jónsbót, þaðan að rekamáli. Jörðin á 1/6 part af öllum reka af Fossfjöru og upprekstur á Síðumanna afrjétt.

Í landamerkjalýsingu Foss, sem undirrituð er 15. desember 1921 af Lárusi Helgasyni fyrir ¾ hluta jarðarinnar, Matthíasi Stefánssyni fyrir ¼ hluta jarðarinnar, Jóni Jónssyni, eiganda og ábúanda Þverár, Einari Pálssyni, Steingrími Steingrímssyni, Lofti Ólafssyni, Þorláki Vigfússyni, öllum fyrir hönd Hörgslandsjarða, og Gunnari Jónssyni og Geir Jónssyni fyrir hönd Sléttabóls, segir svo:

„Vesturmark: Úr vörðu á Krókaskeri — þar sem það er hæst, beina línu í kambinn vestan við Merkilæk (eftir því sem garðurinn þar á milli vísar til) Úr Markskeri sömu línu í grjótvörðu ofan við Melana (Skjaldbreið). Þaðan beina línu í aðra grjótvörðu í austurenda svonefndrar Hörgslandsbótar — sem nú er eigi orðin nema lág sandalda. Úr þessari vörðu sömu línu að rekamáli.

Austurmark: Úr ofangreindri vörðu á Krókaskeri beina línu í vörðu á Kvíguhvammahól. Þaðan beina línu í sjálft núpshornið (milli Foss og Þverár) eða svo nefnt Fremrahlið. Þaðan beina línu í þúfu á Orrustuhól, þaðan í hrauntangan vestan við Hraunból (þar sem hann skagar lengst til útsuðurs). Þaðan í grjótvörðu á svonefndu Flóðholti. (Nú er Flóðholt ekki orðið nema lág sandalda lítt þekkjanleg.) Úr vörðunni á Flóðholti beina línu í grjótvörðu í svonefnda Stikubót, þaðan í grjóvörðu í miðri Jónsbót, þaðan að rekamáli.

Fjara fylgir jörðinni — Fossfjara — liggjandi milli Hörgslandsfjöru að vestan og Hvolsfjöru að austan.


Dómlína héraðsdóms 27. 2. 1981
Landbrotsvör
Hafnabjarglar
Hólmar
HALI
Mávabót
Skiptaréttarmerki
Fossbrún
Merkiklettur
Merkiklettur (Landmælingar Íslands 1980)
Merkiklettur, samkv. uppdrætti Landmælinga Íslands 1980, í Klöfu
Sýrfé Fossáll
Efri Svörður
Tóma laðar
Fossdalur
Skafta
Skáli á Skiptaréttarmerki
Pkt. R er varða ofan við Skjaldbreið (lóm austan krókalóu.)
Skáli á Skiptaréttarmerki
Skiptaréttarmerki á Tóuflöt, samkv. loftljósmyndum sem teknar voru í júlí og ág. 1980
Skiptaréttarmerki á Skiptaréttarmerki
Skiptaréttarmerki á Skiptaréttarmerki
Skiptaréttarmerki á Skiptaréttarmerki

Vesturmark: Hæsta brún Harðavallafjalls á að bera í austur brúnina á Hörgsdalskaldbaksöxl.

Austurmark: Seldalsöxl á að sjást ydda fram fyrir Lómagnúp.

Sljettaból á ⅓ — einn þriðja — í greindri fjöru.“

Landamerkjaskrá þessi var þinglesin á manntalsþingi 13. júlí 1922. Kemur fram, að breyting hefur verið gerð á upprunalegum texta skjalsins. Í setningunni „Úr Merkiskeri beina línu í grjótvörðu ofan við Melana (Skjaldbreið)“ hefur verið strikað yfir orðið „beina“ og fyrir ofan það skrifað með annarri rithönd orðið „sömu“.

Í landamerkjaskrá fyrir jarðirnar Hörgsland, Hörgslandskot og Múlakot, sem undirrituð er af Lofti Ólafssyni, Þorláki Vigfússyni, Steingrími Steingrímssyni og Einar Pálssyni, öllum fyrir hönd Hörgslandsjarða, og Lárusi Helgasyni fyrir ¾ hluta jarðarinnar Foss, segir svo:

„Að austan milli Brattlands, Foss og ofangreindra jarða: Úr Ystatanga að norðan, bein lína í vörðu á Krókakeri. Þaðan bein lína í Kambinn vestanvert við hinn svonefnda Merkilæk. Þaðan bein lína eftir garðinum, sem þar er fyrir neðan í vörðu á Skerinu, sem er á sandinum neðanvið graslendið. Úr þeirri vörðu bein lína í vörðu sem hlaðin er upp norðan við Foss og Hörgslandsmela. Þaðan bein lína í aðra vörðu, sem hlaðin er upp austan við svonefnda Hörgslandsmelabót. Þaðan bein lína eftir sömu stefnu að rekamáli.

Að vestan milli Hörgdals, Keldunúps og Landbrotsjarða er hlut eiga að máli, og ofangreindra jarða: Úr Hallsteinsvörðu, sem er endamark að norðan, í gljúfrið vestur af Stakki. Úr því ræður Hörgsá þar til gljúfrið endar norðvestan við Múlakot. Svo úr minni Hörgsárgljúfurs í Merki garðsenda. Þaðan bein lína í vörðu austan við háskerið á Uppsalahálsi. Úr þeirri vörðu bein lína að rakamáli þannig að nefnd varða beri í Skógfoss í Hörgdals landareign, (miðað að sunnan.) Fjara fylgir jörðunum. Vesturmörk: Stika við flæðarmál er beri í melakoll stakan ofan við rekamál og mitt á milli Killa og Hlöðubrekkna í Geirlands landareign. Austurmark: Stika við flæðarmál er beri í hamrabrúnina á Harðavallarfjalli þar sem hún er hæst og þau mið beri í hvössu öxlina á Kaldbaki að austan.

Jarðirnar eiga upprekstur á Síðumannafrjett að tiltölu við aðra Síðumenn.“

Var landamerkjaskrá þessi þinglesin á manntalsþingi 13. júlí 1922.

Baldur Þorlákur Bjarnason, bóndi í Múlakoti, kveður föður sinn, Bjarna Þorlaksson, bónda í Múlakoti, ásamt Lárusi Steingrímssyni í Hörgslandskoti og Helga Pálssyni á Fossi hafa auðkennt merkin milli jarðanna til myndatöku úr lofti árið 1960. Hafi þeir breitt á vörðuna á Merkiskeri og vörðuna fyrir ofan melana, en ekki lengra suður, því þar hafi landamerki verið óviss. Kveðst Baldur fyrst hafa orðið var við, að ágreiningur væri

um vörðuna fyrir ofan melana sem merkjavörðu, þegar Einar Þorsteinsson ráðunautur hafi farið með mönnum frá báðum jörðunum niður á sandana til að reyna að ákveða merkin með samkomulagi. Hafi í þeim hópi verið Fossbændurnir Sigurður Jónsson, Kristófer Bjarnason og Páll Helgason. Kveðst Baldur hafa verið viðstaddur og hafi orðið skarpur ágreiningur um, hvort varðan væri á landamerkjum. Hafi Fossmenn talið hana of austarlega. Baldur kveður Jakob Bjarnason á Hörgslandi hafa greitt fasteignagjöld af skipbrotsmannaskýlinu í Mávabót. Hann kveður Sigurð Lárusson og Kristinn Siggeirsson hafa smalað svæðið sunnan Fossála og austan Vatna með Fossmönnum og komi alltaf kindur úr Hörgslandsþorpi til réttar af þessu svæði. Baldur kveðst véfengja, að landamerki Sléttabóls og Fossjarða séu rétt dregin, eins og gert sé í máli þessu. Baldur kveður að sagt sé „út að Klaustri," en „suður í Landbrot" og „suður á fjöru."

Sóknaraðilinn Steingrímur Lárusson, bóndi á Hörgslandskoti, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki verið viðstaddur, þegar breitt var á landamerki Fossjarða og Hörgslandsjarða til undirbúnings myndatöku úr lofti. Við það starf hafi verið faðir hans, Lárus Steingrímsson, Bjarni Þorlákssson í Múlakoti, Helgi Pálsson, Fossi, og Jón Eiríksson, Fagrafossi. Kveðst Steingrímur fyrst hafa orðið var við ágreining um landamerkin, þegar Einar Þorsteinsson ráðunautur hafi verið fenginn til að koma á sáttum um landamerkin. Hafi það verið um eða upp úr 1970. Hafi margoft áður verið búið að ganga á landamerkin, en alltaf hafi komið upp ágreiningur, þegar komið hafi verið niður fyrir þessa vörðu. Steingrímur kveðst ekki geta sagt um, hvar Hörgslandsmelabót sé. Hann kveður Sigurð bróður sinn og Kristinn Siggeirsson á Hörgslandi oft hafa smalað svæðið sunnan Fossála og austan Vatna og einnig hafi fleiri menn frá Hörgslandsbæjum smalað þarna. Einar Magnússon, vinnumaður hjá Bjarna Þorlákssyni í Múlakoti, hafi rekið fé sitt austur yfir Fossála, en fé frá Hörgslandsjörðum fari austur yfir Fossála og þurfi ekki að reka það. Steingrímur kveður föður sinn og Helga Eiríksson á Fossi oft hafa veitt saman í Veiðiósi með ádrætti, enda hafi þeir verið góðvinir, en hafi aldrei verið sammála um það, hvor ætti veiðiréttinn.

Sóknaraðilinn Helgi Þorláksson, fæddur að Múlakoti og átti þar heima til 1939. Kveðst hann hafa farið til ádráttaveiða í Álunum og Veiðiósi á ofanverðu sumri 1928 ásamt Steingrími Steingrímssyni, bónda á Hörgslandi. Þeir hafi farið yfir Halann, sem sé austasti hluti Mávabótar, og hafi þeir veitt suður í ósmynni. Þegar þeir fóru yfir Halann, hafi Steingrímur bent á tvö stór rekatré, sem þar lágu,og hafi hann sagt þar merki Hörgslandsjarða og Fossjarða. Hafi þetta verið austarlega á Halanum, en þá hafi áin runnið mikið austar en nú og austar en hún hafi runnið 1960, svo sem fram komi á loftljósmynd, sem fram hefur verið lögð í málinu. Hann kveður skipbrotsmannaskýli hafa verið austar en það er nú og hafi verið

langur gangur frá því austur í Mávabótarhalann, þar sem markið var. Hann kveðst ekki geta sagt, hvar Hörgslandsmelabót sé, enda hafi orðið miklar hreyfingar á landi á síðust árum og melar og sandar gróið upp. Kveðst hann telja, að Útmelar hafi verið vestasti hluti melanna austan Vatna. Helgi kveðst ekki minnast þess, að Fossmenn væru með við veiðar ásamt sér nema Sæmundur Jónsson, vinnumaður á Fossi, einstöku sinnum. Hafi veiðinni verið skipt jafnt milli þátttakenda. Kveður Helgi í sinni vitund orðið „út" merkja til vesturáttar og geti því verið í suðvestur. Sé talað um að fara „út í Vík" og „út í Landbrot."

Söknaraðilinn Steingrímur Lárusson, Hörgslandskoti, kveðst fyrst hafa orðið var við ágreining um vörðuna neðan við melana sem landamerki, þegar Einar Þorsteinsson ráðunautur hafi verið fenginn til að reyna að ná sáttum um landamerkin um eða upp úr 1970. Hafi margoft verið gengið á landamerkin áður, en þá hafi risið ágreiningur, þegar komið var suður fyrir þessa vörðu. Steingrímur kveður Sigurð bróður sinn og Kristinn Siggeirsson á Hörgslandi oft hafa smalað svæðið sunnan Fossála og austan vatna og hafi fleiri frá Hörgslandsbæjum smalað þarna. Kveður hann fé frá Hörgslandsjörðum fara austur yfir Fossála sjálft og þurfi ekki að reka það. Steingrímur kveðst hafa veitt með Helga Eiríkssyni á Stuðlafossi í Veiðiósi og í sjónum, en ekki á Vatnamótum. Hann kveðst einnig hafa veitt þarna með öðrum mönnum en frá Hörgslandsjörðum og Fossjörðum. Til þess að stunda þessar veiðar hafi þurft minnst fimm menn og því hafi Hörgslandsþorpsmenn þurft að fá menn að. Hann kveður Hörgslandsbændur hafa mótmælt veiðum Fossbænda í Mávabótarálum og Veiðiósi munnlega, en án árangurs.

Varnaraðilinn Sigurður Jónsson, Fagrafossi, kveðst hafa gengið á merki milli Fossjarða og Hörgslandsjarða 13. apríl 1972 og hafi þá Einar Þorsteinsson mælt út, hverju munaði, að varða ofan melanna væri í beinni línu miðað við Blákamb og vörðuna á Merkiskeri. Hafi Einar talið, að það munaði ca 80 m sem varðan ofan melanna væri fyrir austan línuna. Þarna hafi verið mættir fulltrúar Fossjarða og Hörgslandsþorpsjarða. Hafi sættir verið reyndar, en án árangurs. Sigurður kveður Fossbændur hafa veitt í Mávabótarálum og Veiðiósi og einnig hafi þeir leigt út stangir í Mávabótarálum.

Varnaraðilinn Kristófer B. Bjarnason, Fossi II, kveðst hafa flutt að Fossi 1936. Kveður hann veiði hafa verið stundaða í Mávabótarálum og Veiðiósi frá heimili sínu og öðrum Fossbæjum. Hafi menn frá Hörgslandsbæjum einnig veitt á þessum slóðum. Kveðst hann telja, að Sléttaból eigi ⅓ hluta af hlunnindum Fossjarða. Hafi menn frá Sléttabóli einnig tekið þátt í veiðinni, en aðrir hafi ekki stundað veiði þarna. Við töku ljósmynda úr lofti á árinu 1960 kveður hann merkjalínu Sléttabóls, sem krafist er viðurkenn-

ingar á í máli þessu, hafi verið auðkennda, en markavörður, sem á þeirri línu voru, séu horfnar. Hann kveðst hafa farið ásamt flestum ábúendum Foss- og Hörgslandsjarða til að leita að vörðu, sem samkvæmt landamerkjabréfi eigi að vera í austurenda Hörgslandsmelabótar eða Hörgslandsbótar, en varðan hafi ekki fundist. Hann kveður vörðuna á Svæðunum, þ.e. fyrir ofan Skjaldbreið, ekki vera viðurkennda af hálfu varnaraðilja sem merkjavörðu, heldur hafi hún verið reist einhliða af fyrirsvarsmönnum Hörgslandsjarða á sínum tíma án samráðs við eigendur Fossjarða. Þá kveður hann Skjaldbreiðarmela vera horfna fyrir löngu og sjáist engir melar á þessu landssvæði nema suður undir fjöru. Hann kveður Útmela vera landssvæði meðfram Vötnunum alveg að Vegamótum og suður fyrir Mávabót. Megi vera, að landssvæði þetta sé leifar af hinum fornu Skjaldbreiðarmelum. Hörgslandsmelabót kveður hann hvergi finnast nú. Hann kveður núverandi bændur á Fossjörðum hafa eina tíð notað landið sunnan Fossála og austan Skaftár, svo sem til beitar fyrir búfé, og hafi þeir einir annast smölun á landinu.

Varnaraðilinn Páll Helgason, Fossi II, er fæddur og uppalinn á Fossi. Hann kveður vörðuna á Svæðunum, þ.e. fyrir ofan Skjaldbreið, ekki vera viðurkennda af hálfu varnaraðilja sem merkjavarða, heldur hafi hún verið reist einhliða af fyrirsvarsmönnum Hörslandsjarða á sínum tíma án samráðs við eigendur Fossjarða. Þá kveður hann Skjaldbreiðarmela vera horfna fyrir löngu og sjáist engir melar á þessu landssvæði nema suðurundir fjöru. Hann kveður Útmela vera landssvæði meðfram Vötnunum frá Vatnamótum og suður fyrir Mávabót. Megi vera, að landssvæði þetta sé leifar af hinum fornu Skjaldbreiðarmelum. Hörgslandsmelabót kveður hann hvergi finnast nú. Hann kveður fé Hörgslandsjarða ekki ganga á svæðinu sunnan Fossála og austan vatna og hafi bændur af þeim jörðum ekki tekið þátt í smölun á því svæði, svo hann viti til. Hafi landssvæði þetta eingöngu verið nytjað og smalað af Fossbændum. Páll kveður Fossbændur veiða í Mávabótarálum og Veiðiósi. Hafi þeir leyft einum og einum manni að veiða þar, einkum í Mávabótarálum. Viti hann ekki til, að veiðifélagið á svæðinu hafi hreyft athugasemdum við því (sic). Fossála hafi þeir leigt út sérstakega. Kveðst hann hafa markað þekkta ádráttarveiðistaði frá Fossbæjum inn á uppdrátt þann, sem fylgir máli þessu, en nú stundi menn stangaveiði á þessum stöðum nema tveimur efstu stöðunum. Páll kveðst ekki hafa verið viðstaddur, þegar breitt var á merki til undirbúnings ljósmyndunar úr lofti. Hann hafi hins vegar farið ásamt fleiri mönnum til að kanna merkin mili Fossjarða og Sléttabóls. Hafi það verið í fyrsta skipti sem hann fór á merkin, en Siggeir, Friðrik og Kristófer, sem einnig voru þarna, hafi verið kunnugir aðstæðum. Þeir hafi fundið stiku og tréhæl rekinn niður og hafi þeir talið Stikubót vera þar. Þeir hafi ekki fundið

Jónsbót. Þá hafi þeir fundið eina stiku til viðbótar austur af Hólminum. Hafi þeir talið, að þetta væri stika, sem sett hafi verið niður 1960. Kveðst Páll ekki sjá neina ástæðu til annars en merkin milli Fossjarða og Sléttabóls sé bein lína. Páll kveður, að sagt sé „út í Landbrot", „út í Vötn" og „út á Klaustur" og ýmist „út á fjöru" eða „suður á fjöru". Hann kveður bót vera sandöldu, sem skeri sig úr grónu landslaginu vegna hæðar og litar.

Meðalgöngustefndi Siggeir Geirsson, sem býr á Sléttabóli I ásamt Sólveigu systur sinni, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ásamt fyrirsvarsmönnum Fossjarða og Friðrik Bjarnasyni á Hraunbóli gengið á merkjalínu milli Fossjarða og Sléttabóls. Hafi þeir dregið línu úr vörðu á Flóðholti og um stiku, sem sé nokkuð langan spöl þar fyrir sunnan, og sett upp stiku í þessari línu norðaustur af Hólminum. Kveður hann merkjalínuna milli Fossjarða og Sléttabóls liggja um þessa punkta til sjávar. Hann kveður Stikubót vera miðja vegu milli Sléttabóls og sjávar, en kveðst ekki treysta sér til að segja, að stikan sunnan Flóðholts sé í Stikubót. Ekki kveðst hann vita, hvar Jónsbót sé. Siggeir kveðst hafa stundað ádráttarveiði í Mávabótarálum og Veiðiósi, fyrst með föður sínum sem unglingur og síðan alla tíð þar til veiðifélag var stofnað. Hafi þetta verið félagsveiði, sem hafi verið stunduð frá Hörgslandi, Fossjörðum og Sléttabóli. Hafi aflanum verið skipt milli þeirra, sem veiðarnar stunduðu hverju sinni. Siggeir kveður, að sagt sé „út í Landbrot" og „suður að sjó" Geti áttin „út" verið suðvestur.

Meðalgöngustefnandinn Friðrik Bjarnason, bóndi á Sléttabóli, hefur skýrt svo frá, að hann hafi komið að Hraunbóli 1949. Kveðst hann hafa verið viðstaddur, þegar breitt var á mörkin milli Fossjarða og Sléttabóls 1960 til undirbúnings myndatöku úr lofti. Hafi þarna verið Siggeir á Sléttabóli I, Jón Eríksson, Fagrafossi og Helgi Pálsson, Fossi, Hafi þessir menn þekkt mörkin. Þeir hafi dregið línu úr vörðu á Flóðholti um stiku á Stikubót og til sjávar. Kveður hann Siggeir vera heimildarmann sinn um, hvar Stikubót sé. Þeir hafi svo breitt dúk á merkin á Flóðholti og Stikubót og á einn stað suður við leiruna skammt austan við Hólmana og sé það í beinni línu. Kveðst hann ekki vita, hvar Jónsbót sé. Friðrik kveðst öðru hverju hafa stundað ádráttarveiði í Veiðiósi, þar til veiðifélagið var stofnað. Friðrik kveður að sagt sé „út í Vötn", „út að Klaustri" og „suður að sjó".

Af hálfu sóknaraðilja er því haldið fram, að allar landamerkjalýsingar, sem fram hafi komið í máli þessu, þar sem rakin eru landamerki jarðanna frá fjalli til fjöru, styðji kröfur þeirra. Þótt punktar, sem miðað er við í landamerkjalýsingunum frá 1890, 1921 og 1922, séu ekki allir sjáanlegir nú, sé kröfulína sóknaraðilja dregin svo nærri þessum mörkum sem unnt sé, þannig að öruggt megi telja, að ekki sé seilst til lands Fossjarða, Er því haldið fram, að kröfur sóknaraðilja styðjist við almenna vitneskju manna, sem til þekkja, um, að Mávabót öll, sem Skaftá hafi nú brotið verulega úr austan til, hafi frá forni

fari verið í landi sóknaraðilja. Hafi aldrei verið talinn leika vafi á því, að gamalt skipbrotsmannaskýli og sjómerki, sem þar voru, væru í landi sóknaraðilja. Þá er bent á , að sé gert ráð fyrir, að núverandi fjörumörk, sem virðist vera óumdeild, séu hin sömu og fram komi í sáttabók Síðumanna frá 23. september 1807, þá sé ljóst, að landamerkjalínan, sem þar er lýst, sé öll fyrir austan kröfulínu sóknaraðilja í máli þessu. Stafi það af því, að hún sé dregin sem bein lína úr Merkilæk og í fjörumörk. Þá er og bent á, að þarna hafi komið fram málaleitun eigenda Foss um að gera sátt um línuna vestar en nú var lýst, þannig að svonefndir Skjaldbreiðarmelar skiptust að jöfnu milli jarðanna. Virðist sú hugmynd ganga nokkuð skemur til móts við hagsmuni eigenda og ábúenda Foss en kröfulína sóknaraðilja í máli þessu. Í landamerkjalýsingu í sáttinni frá 23. september 1808 virðist landamerkjalínan ofantil dregin austar en kröfulína sóknaraðilja nú, þ.e. úr Merkiskeri bein lína um miðja Skjaldbreiðarmela. Virðist gert ráð fyrir að lína, sem þannig hafi verið dregin, kæmi til sjávar sem næst fjörumörkum. Af hálfu sóknaraðilja kemur fram, að þótt stikur þær, sem miðað er við í landamerkjalýsingunni frá 21. maí 1890, séu nú horfnar, þá virðist línan að meginstefnu til vera sú sama og í kröfugerð sóknaraðilja. Með orðalaginu „beint í suður að rekamáli" sé örugglega ekki átt við hásuður, heldur miklu fremur sem næst hornrétta stefnu á meginstefnu strandlengjunnar. Þá er því haldið fram að hálfu sóknaraðilja, að landamerkjabréf Foss frá 15. desember 1921 og landamerkjabréf Hörgslandsjarða frá 5. maí 1922 verði að teljast aðalheimildir um landamerki jarðanna. Breyting hafi þó verið gerð á frumtexta landamerkjabréfsins fyrir Foss og verði ekki séð, að neinn þeirra, sem undirrituðu bréfið, hafi staðið að henni. Því verði að leggja upprunalegan texta bréfsins til grundvallar. Grjótvarðan ofan við melana, sem getið sé í landamerkjabréfi Foss, sé enn á sínum stað og falli línan, sem lýst er í bréfinu niður af þeirri vörðu alveg saman við kröfulínu sóknaraðilja í málinu. Hins vegar hafi varðan í austurenda svonefndrar Hörgslandsmelabótar ekki fundist þrátt fyrir leit. Ef einnig sé litið til eldri heimilda um, að línan beygi til austurs og að línan fari um miðja Skjaldbreiðarmela, þá sé ljóst, að bein lína úr efri vörðunni í fjörumark sé mjög nærri lagi. Ef landamerkjalínan væri hins vegar dregin sem bein lína frá Blákambi eða Blátindi um Merkisker og þaðan til sjávar, þá lendi sú lína vestan við Skaftárós. Myndu þá allir Skjaldbreiðarmelar og nær öll Mávabót lenda í landi Foss, en ekki sé vitað til, að þau landsvæði hafi nokkru sinni verið talin falla undir Fossjarðir. Eigi það sér enga stoð að draga landamerkjalínu jarðanna þannig og sé algjörlega rangt að álykta, að slík ráðagerð felist í sáttagerðinni frá 1808.

Því er mótmælt af hálfu sóknaraðilja, að eigendur og ábúendur Fossjarða hafi haft umráð landssvæðisins austan Fossála og Skaftár, er geti verið grundvöllur eignarheföar á landinu. Með því að undirrita landamerkjabréf jarð-

anna frá 1921 og 1922 hafi fyrri eigendur Fossjarða viðurkennt eignarrétt eigenda Hörgslandsjarða yfir landssvæði þessu, sem liggi vestan landamerkjalínunnar. Hafi ábúendur eða eigendur Fossjarða ekki haft nein afnot af landssvæðinu, er stofnað geti eignarhefð á því.

Af hálfu sóknaraðilja er kröfugerð meðalgönguaðilja, eigenda og ábúenda Sléttabóls I og II mótmælt, þar sem Sléttaból geti ekki átt land vestur fyrir kröfulínu sóknaraðilja í málinu. Ljóst sé, að Sléttaból hafi ekki getað hlotið land úr landi Hörgslandsjarða nema með sérstöku afsali, en því sé ekki til að dreifa. Aðalheimildir um landamerki Hörgslandsjarða og Sléttabóls séu landamerkjabréf jarðanna, sem undirrituð voru að Prestbakka 21. maí 1890. Hins vegar sé landamerkjalína sú, sem lýst er þar í landamerkjabréfi Sléttabóls, ekki rétt dregin í máli þessu. Ekki sé véfengt, að merkjapunktur á Flóðholti sé rétt staðsettur, en landamerkjabréf Sléttabóls veiti enga heimild til að ályktа, að línan eigi að vera bein. Þvert á móti verði að telja mjög líklegt að, svo sé ekki, þar sem beinast hefði verið að taka það fram skýrum stöfum í bréfinu, ef það hefði verið ætlun aðilja. Sé þetta augljóst, þegar vesturlínan sé borin saman við lýsingu austurlínunnar, sem sé lýst sem beinni línu um vörður á sandinum. Liggi nærri að ályktа, að vesturlínunni hefði einnig verið lýst sem beinni línu um punkta, ef það hefði verið ætlun aðilja, að línan ætti að vera bein. Þá sé kröfulína þessara aðilja látin byrja í Flóðholti, þótt línunni sé þar lýst með sams konar orðalagi og um syðri punkta. Staðreyndin sé sú, að ekki verði nú með neinni vissu sagt, hvar Stikubót eða Jónsbót hafi verið. Hafi varnaraðiljar og meðalgönguaðiljar beitt þeirri aðferð að staðsetja þessa punkta, að þeir hafi fyrst dregið beina línu úr Flóðholti í rekamál og hafi þeir svo reist stangir, þar sem þeir telja þessa punkta geta verið. Þessa aðferð beri að hafa að engu, jafnvel þótt bændur af Foss- og Sléttabólsbæjum hafi strax um 1960 beitt aðferð af þessu tagi til að ákvarða línuna og þá breitt á punkta á þeirri línu í sambandi við töku loftmynda af svæðinu. Sóknaraðiljar telji ljóst, að merkjalína sú, sem lýst er í Sléttabólsbréfinu frá 1890 sveigist til austurs þegar við Flóðholt og komi hvergi saman við landamerki Hörgslandsjarða. Styðjist þetta m.a. við þá staðreynd, að við undirritun landamerkjabréfanna tveggja að Prestbakka 21. maí 1890 hafi menn ekki talið, að landamerkjalínurnar tvær hafi legið saman, þrátt fyrir að augljóst sé, að landamerkjalína Hörgslands hafi beygt austur við ofanvert við mela heimajarðarinnar Hörgslands. Samkvæmt þessu varði það sóknaraðilja engu, hvernig varnaraðiljar og meðalgönguaðili skipti löndum austan línu þeirrar, sem felist í dómkröfu sóknaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja eigenda og ábúenda Fossjarða er því haldið fram, að leggja beri til grundvallar í málinu, að landamerkjalína milli Fossjarða og Hörgslandsjarða hafi verið bein lína úr Blákambi um Merkisker og síðan áfram bein lína með sömu stefnu að rekamáli. Sé þetta byggt á landamerkja-

bréfum jarðanna, sem nú gilda, og öðru því, sem fram sé komið í málinu.

Megi þar fyrst nefna landamerkjalýsingu frá 28. október 1701, en þar segi, að landamerki þau, sem haldin hafi verið átölulaust frekan mannsaldur, séu úr fjallsgnýpu eða Kambinum skammt fyrir vestan fossinn, sem rennur ofan úr Merkidal, og Merkisker, sem stendur suður á sandinum, og svo sjónhendingu út eftir sandi til Skaftár, svo langt sem sandur og gras til vinnst, Þetta sé algjörlega í samræmi við lýsingu landamerkjanna í landamerkjaskrá Foss frá 25. nóvember 1716. Í bréfi Stefáns Björnssonar hospítalahaldara til Finns Jónssonar 15. september 1759 virðist koma fram, að bréfritari hafi gengið nokkru lengra í landsnytjum en landamerki milli Foss og Hörgslands segi til um. Af vitnaleiðslu, sem fram fór 1801, megi ráða, hversu harðlega hafi verið gengið fram í að vinna Hörgslandi rétt til meltekju, en ekki hafi vitnaleiðslur þessar neitt sönnunargildi í máli þessu. Lögregluúrskurður Lýðs Guðmundssonar sýslumanns frá 1815 sé ekki heldur sönnunargagn í máli þessu, enda sé þar eingöngu fjallað um afnot og sé með öllu ósannað, að þau hafi skapað hefð á afnotum landssvæðis þess, sem þar er fjallað um. Þótt Fossbændur hafi í sáttaskyni boðið, að Skjaldbreiðarmelar tilheyrðu um þeirra lífstíð Hörgslandi, þá hafi því boði ekki verið tekið og hafi engin ákvörðun verið tekin á grundvelli þess boðs. Deila hafi enn staðið milli ábúenda Hörgslands og eigenda Foss, er sáttanefnd var kölluð saman 23. september 1808. Hafi á þeim fundi eingöngu verið mætt fyrir hálflenduna Foss. Sátt sú, sem þá var gerð, gefi greinargóða vísbendingu um það, hvernig landamerkjalínum var háttað. Landamerkjalína Foss að austan hafi verið úr Orrustuhóli bein sjónhending til sjávar. Þá sé og gert ráð fyrir því í sáttinni, að landamerkjalína þessi komi til sjávar langt vestan Fossfjöru. Er hospítalhaldarinn á Hörgslandi hafi kært ábúendur Foss fyrir melskurð á Skjaldbreiðarmelum, hafi verið gert ráð fyrir, að fram færu að nýju skipti á afnotum af Skjaldbreiðarmelum, en þar virðist einungis vera um afnotaskipti að ræða, sem hafi átt að vera breytileg eftir því, hvar afrakstur var að fá. Þá virðist landamerkjalínan, sem lýst er í landamerkjalögfestu Foss frá 20. apríl 1922, vera bein lína frá Blákambi um Merkisker og til sjávar, sem að jafnaði hafi legið um Skjaldbreiðarmela. Sama sé að segja um landamerkjalínuna á austurmörkum landsins og sé þarna um að ræða tvær samsíða línur og eigi svo að vera enn. Því er haldið fram af hálfu varnaraðilja, að landamerkjabréf Hörgslands frá 21. maí 1890 hafi verið þannig úr garði gert, að nauðsynlegt hafi þótt að endurbæta það með landamerkjabréfinu frá 5. maí 1922. Stikur þær, sem nefndar eru í fyrra bréfinu, hafi ekki fundist. Á hinn bóginn sé landamerkjabréfið fyrir Sléttaból frá 21. maí 1890 óumdeilanlegt, því þar hafi landamerkjavörður varðveist alla tíð. Í landamerkjabréfi Foss frá 15. desember 1921 komi fram sama beina línan og er varakrafa varnaraðilja

í málinu. Eigendur og ábúendur Hörgslandsjarða hafi ætlað að reisa vörðu á línunni, en sú varða hafi lent 80 m austan við hana. Í landamerkjabréfi Hörgslandsjarða frá 5. maí 1922 séu landamerki jarðanna tilgreind eftir því sem best verði séð við varakröfu varnaraðilja. Komi þar fram, að línan skuli dregin sem bein lína um Merkisker, en Hörgslandsmelabót finnist nú ekki og heldur ekki varðan, sem þar átti að vera.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er því haldið fram af hálfu varnaraðilja, að kröfur sóknaraðilja gangi þvert á þinglýst og löngu viðurkennd landamerki Fossjarða og Sléttabóls. Landamerkjalína varnaraðilja sé hins vegar studd ákvæðum landamerkjabréfa þeirra, sem nú gilda. Landamerkjalínan milli Hörgslandsjarða og Fossjarða sé bein lína sjónhending frá fjalli til fjöru og sé það í samræmi við landamerkjalínu Hörgslandsjarða að vestan og landamerkjalínu hinnar fornu Fossjarðar að austan, en sú lína sé nú landamerkjalína milli Sléttabóls I og II annars vegar og Orrustustaða hins vegar. Þá er því mótmælt, að varðan á svæðunum, sem kröfulína sóknaraðilja byggist á, sér sett niður sem viðurkennd merkjavarða, heldur hafi hún verið reist einhliða af eigendum Hörglandsjarða án samráðs við eigendur og ábúendur Fossjarða og hafi tilviljun ráðið, að hún lenti utan landamerkjalínunnar. Þá er því haldið fram, að skjaldbreiðarmelar séu horfnir fyrir löngu og sé því enginn grundvöllur fyrir ráðagerðum um að þræða þá miðju. Hins vegar bendi örnefnið Útmelar vestur við vötnin til þess, að Skjaldbreiðarmelar hafi verið mikið vestar en sóknaraðilji telji. og því sé örnefnið ranglega staðsett á opinberum uppdráttum.

Er aðalkrafa varnaraðilja byggð á því, að samkvæmt því, sem að framan er rakið, beri við úrlausn málsins að leggja til grundvallar landamerkjalínu, sem dregin sé bein lína úr Blákambi um Merkisker að rekamáli, sen varnaraðiljar hafi unnið eignarhefð á landssvæðinu milli línunnar og Fossála og Skaftár. Er því haldið fram, að eigendur og ábúendur Fossjarða hafi nytjað landssvæðið vestan línunnar óátalið með fullu samþykki allra aðilja til umferðar búfjárbeitar og smölunar og einnig hafi þeir nytjað aðliggjandi fallvötn til veiða. Alla þá tíð, sem núverandi eigendur Fossjarða hafi búið þar, hafi landssvæðið eingöngu verið nytjað af þeim, enda sé það eðlilegast vegna legu landsins. Megi telja landslag þar þannig, þar sem það liggi austan Fossála og Skaftár, að Hörgslandsbændur hafi að eðlilegum ástæðum ekki nytjað landið eða sýnt með öðrum hætti, að þeir hefðu eignarhald á því.

Komi fram, að veiði sé talin til hlunninda Fossjarða í fasteignamötum, og sé þar ekki um að ræða veiði nema í Landsbrotsvötnum, þ.e. Veiðiósi og Mávabótarálum.

Varakrafa varnaraðilja er byggð á því, að gögn málsins gefi ótvírætt til kynna, að landamerkin hafi verið bein lína út Blákambi um Merkisker í

rekamark, og verði aðalkrafa ekki tekin til greina, beri að ákveða landamerkin svo sem þau hafi verið samkvæmt landamerkjalínu þessari.

Af hálfu varnaraðilja er því sérstaklega mótmælt, að kröfulína sóknaraðilja nái austur fyrir landmamerkjalínu Fossjarða og Sléttabóls I og II, sem virt hafi verið alla tíð frá 1890.

Krafa meðalgönguaðilja er byggð á því, að landamerki Sléttabóls, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfinu frá 1890, hafi verið viðurkennd og virt alla tíð, enda landamerkjabréfinu þinglýst. Hafi aldrei verið dregið í efa, að landamerki jarðarinnar væru rétt. Í landamerkjabréfum fyrir Hörgslandsjarðir og Fossajarðir frá 1921 og 1922 sé hvergi minnst á Sléttaból eða eigendur þeirrar jarðar og stafi það af því, að á þeim tíma hafi engum dottið annað í hug en að landamerki Hörgslandsjarða og Fossjarða væru langt vestan landsmerkja Fossjarða og Sléttabóls.

Álit dómsins.

Í máli þessu deila sóknaraðiljar, eigendur Hörgslandsjarða, og varnaraðiljar, eigendur Fossjarða, um landamerki milli jarðanna. Lönd hvorrar jarðartorfu eru óskipt nema ræktað land. Fjörumörk milli jarðatorfanna er ágreiningslaus. Þau ráðast af fjallamiðum og hefur verið rekinn rekaviðardrumbur niður í fjörusandinn á mörkum fjaranna, Hörgslandsfjöru annars vegar og Fossfjöru hins vegar. Er sá staður auðkenndur með bókstafnum S á uppdrættinum á dskj. nr. 95. Eins og mál þetta er lagt fyrir, fjallar það eingöngu um ágreining málsaðilja um landamerki að rekamáli.

Af gögnum málsins verður ráðið, að í upphafi síðustu aldar hafi verið ágreiningur milli fyrirsvarsmanna Hörgslands og Foss um landamerki milli jarðanna og nytjar á ákveðnum landssvæðum, einkum melskurð niðri á sandinum. Sátt var gerð um landamerkin 23. september 1808.

Með landamerkjalögum nr. 5/1882 var eigendum og umráðamönnum jarða lögð sú skylda á herðar að halda við glöggum merkjum jarða með þeim hætti, sem lögin mæltu nánar fyrir. Í framhaldi af þeirri lagasetningu voru hinn 21. maí 1890 gerð landamerkjabréf, sem hér skipta máli. Fjallaði annað þeirra um landamerki Hörgslands, en hitt merki Sléttabóls. Bæði voru bréf þessi þinglesin 19. júní 1890. Ekki hefur komið fram sérstakt landamerkjabréf fyrir Foss frá þessum tíma.

Með lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl. var áréttuð skylda eigenda og fyrirsvarsmanna jarða til að setja glögg merki milli jarða og halda þeim við. Skömmu síðar, þ.e. 15. desember 1921, er undirritað landamerkjabréf fyrir Foss og nokkru síðar, þ.e. 5. maí 1922, annað bréf fyrir Hörgslandsjarðir. Báðum bréfum þessum var þinglýst 13. júlí 1922. Að vísu er ekki komið fram, að allir eigendur Fossjarða hafi undirritað þetta landamerkja-

bréf, þ.e. Hörgslandsbréfið frá 1922, en engu að síður verður að telja bréf þetta hafa verulegt sönnunargildi í máli þessu.

Ágreiningur er með aðiljum, hvernig merki liggi samkvæmt merkjalýsingum milli jarða þeirra í átt til sjávar frá svonefndu Merkiskeri,sem sýnt er á uppdrættinum á dskj. nr. 95 og ekki er neinn ágreiningur um. Sóknaraðiljar, eigendur Hörgslandsjarða, halda því fram, að úr Merkiskeri liggi merki í vörðu þá, sem auðkennd er með bókstafnum R á umræddum uppdrætti, en þaðan taki þau austlægari stefnu og endi í fyrrgreindu marki, sem greinir að Fossfjöru og Hörgslandsfjöru. Varnaraðiljar, eigendur Fossjarða, halda því hinsvegar fram, að merki milli jarðanna haldi sömu stefnu og þau hafa að Merkiskeri allt til rekamáls. Þessi kröfulína varnaraðilja lendir nokkru vestan vörðunnar, merktrar R, og endar við rekamál í stað, sem tilgreindur er á uppdrættinum með bókstafnum E.

Samkvæmt bæði landamerkjabréfi Fossjarða frá 15. desember 1921 og landamerkjabréfi Hörgslandsjarða frá 5. maí 1922 liggja merki jarðanna úr Merkiskeri í vörðu sunnar á undirlendinu. Um það segir svo í Fossjarðabréfinu: „Úr Merkiskeri sömu línu í grjótvörðu ofan við Melana (Skjaldbreið)". Þess er þar að geta, að í stað „sömu línu" í bréfi þessu hefur upphaflega staðið „beina línu". Er orðið „sömu" ritað með annarri rithönd en upprunalegi textinn. Er hvorki upplýst, hvernig á breytingu þessari stendur né hverjir hafi að henni staðið. Í landamerkjabréfi Hörgslandsjarða segir svo um sama atvik: „Úr þeirri vörðu bein lína í vörðu sem hlaðin er upp norðan við Foss- og Hörgslandsmela".

Samkvæmt framangreindum ákvæðum síðastgreindra landamerkjabréfa liggur merki úr Merkiskeri í tiltekna vörðu. Hefur annar staður ekki verið gerður sennilegri en varða sú, sem sóknaraðiljar halda fram. Varða þessi liggur að vísu nokkru austan línu, sem fæst með því að framlengja landamerkjalínuna í Merkisker áfram sömu stefnu til suðurs úr Merkiskeri. Þess ber þar á hinn bóginn að gæta, að í Hörgslandsbréfinu, sem er undirritað síðar, er aðeins talað um beina línu, en ekki sömu línu eins og í Fossjarðabréfinu. Engin skýring er heldur komin fram á þessari breytingu, svo sem fyrr segir, og ber því um þetta atriði að skýra ákvæði Fossjarðabréfsins til samræmis við ákvæði Hörgslandsjarðabréfsins. Auk þess verður að telja miðað við þá nákvæmni, sem vænta mátti eftir öllum aðstæðum við gerð umræddra landamerkjabréfa, að varðan merkt R hafi getað verið álitin vera í sömu línu og merkjalínan suður í Merkisker.

Samkvæmt framansögðu ber að draga landamerki milli jarðanna úr Merkiskeri í vörðu þá, sem auðkennd hefur verið með bókstafnum R á uppdrættinum á dskj. nr. 95.

Er þá komið að úrlausn aðalágreiningsefnis aðilja, hvort landamerkin sveigi til austurs við síðastnefnda vörðu eða haldi áfram sem næst beinni

stefnu til sjávar. Um þetta segir svo í landamerkjabréfi Fossjarða frá 15. des. 1921: „Þaðan beina línu í aðra grjótvörðu í austurenda svonefndrar Hörgslandsbótar — sem nú er eigi orðin nema lág sandalda. Úr þessari vörðu sömu línu að rekamáli". Í Hörgslandsjarðabréfinu frá 5. maí 1922 segir svo: „Þaðan bein lína í aðra vörðu, sem hlaðin er upp austan við svonefnda Hörgslandsmelabót. Þaðan bein lína eftir sömu stefnu að rekamáli". Bæði þessi bréf eru að þess leyti nærri samhljóða. Ekki verður fallist á með varnaraðiljum, að þetta orðalag gefi til kynna, að merkin hafi átt að liggja til sjávar í sömu stefnu og markalínan í Merkisker eða línan úr Merkiskeri í næstu vörðu, sem miðað er við. Orðalagið bendir ekki síður til hins gagnstæða, þar sem aðeins er talað um beina línu og ekki tekið fram, að sú lína sé í sömu stefnu og markalína sú, sem hún sé framhald af. Sá háttur er hins vegar hafður á annars staðar í bréfunum, þegar lína úr ákveðnu marki á að halda sömu stefnu og lína að því marki.

Varða sú, sem miðað er við síðast í ofangreindum landamerkjabréfum, er nú með öllu týnd, og er því engin stoð af henni við ákvörðun merkja. Í landamerkjabréfi Hörgslands frá 21. maí 1890 er hins vegar ákveðin vísbending, að landamerki milli jarðanna beri að draga í austlægari stefnu, þegar komið er á móts við vörðu þá, sem merkt er bókstafnum R á umræddum uppdrætti. Svo sem fyrr greinir frá, segir svo í bréfi þessu: „. . . Þaðan austur á við í aðra stiku efst á breiðu leirunni, sem aðskilur Foss- og Hörgslandsmela, þaðan enn í stiku syðst í sömu leiru, þaðan beint í suður að rekamáli". Þetta kemur heim við ákvæði í sættagerðinni frá 23. september 1808, sem talið er, að skilja beri þannig, að það eigi ekki að hafa nein áhrif á fjörumörk, er landamerki samkvæmt sáttinni liggi þannig, að eitthvað af Hörgslandsfjöru lendi fyrir landi Foss. Benda þau til ráðagerðar um það, að landamerki jarðanna lægju eigi mjög fjarri fjörumörkum milli Hörgslandsfjöru og Fossfjöru. Kemur eigi neitt fram um, að með bréfunum frá 1921 og 1922 hafi átt að breyta eldri merkjum.

Samkvæmt því, er að framan greinir, þykir hæfilegt að merki milli jarðanna ákvarðist af línu, er dregin sé úr vörðunni merktri R um stað, sem er í 500 m fjarlægð vestanvert við punktinn S, mælt hornrétt á merkjalínuna. Hefur Ragnar Árnason verkfræðingur að tilhlutan dómsins dregið merkjalínuna á uppdráttinn á dskj. nr. 95 og auðkennt umræddan viðmiðunarstað með bókstafnum T. Kröfulína eigenda Sléttabóls í máli þessu þykir eigi standa í vegi fyrir þessari niðurstöðu. Eigendur Fossjarða og Sléttabóls gátu að sjálfsögðu ekki með samkomulagi sín á milli haft áhrif á rétt mörk milli Hörgslandsjarða og Fossjarða. Ljóst virðist, að Sléttaból hefur verið byggt út úr Fossi sem nýbýli eða hjáleiga. Verður ekki annað séð en Sléttaból hafi átt sameiginleg landamerki með Fossjörðum fram að gerð landamerkjabréfsins frá 21. maí 1890. Merki samkvæmt síðastgreindu

bréfi er ekki í heild til úrlausnar í þessu máli, en ekki verður fallist á, að orðalag þess gefi afdráttarlaust til kynna, að merki Sléttabóls liggi eftir beinni línu til sjávar frá Flóðholti, eins og í kröfugerð eiganda Sléttabóls segir. Af því leiðir jafnframt, að sýkna ber sóknaraðilja af kröfum meðalgönguaðilja, eigenda Sléttabóls I og II, í máli þessu.

Aðiljar og fjölmörg vitni hafa borið um nytjar af deilusvæðinu, fyrst og fremst um veiðinytjar og beit. Eigi verður af þessum gögnum dregin ályktun um legu landamerkja milli jarðanna. Verður heldur ekki fallist á með varnaraðiljum, að þeir hafi sýnt fram á, að þeir hafi haft slík umráð deilusvæðisins, að til hefðar hafi leitt. Verður þegar af þeirri ástæðu eigi fallist á, að varnaraðiljar hafi unnið eignarhefð á deilusvæðinu eða hluta þess.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskotnaður í málinu falli niður.

Formaður landamerkjadóms Vestur-Skaftafellssýslu, Einar Oddsson sýslumaður, kvað upp dóm í máli þessu ásamt meðdómsmönnunum Gauki Jörundssyni prófessor og Guðmundi Jónssyni borgardómara.

Dómsorð:

Sóknaraðiljar, eigendur Hörgslandsjarða, skulu vera sýknir af kröfum meðalgönguaðilja, eigenda Sléttabóls I og II, í máli þessu.

Landamerki milli Hörgslandsjarða annarsvegar og Fossjarða hinsvegar skulu ráðast af beinni línu, sem dregin er úr Merkiskeri í stað, sem merktur er R á uppdrættinum á dskj. nr. 95, og síðan af beinni línu frá síðastgreindum stað, sem merktur er T og er í 500 m fjarlægð vestanvert við stað þann, sem merktur er S á uppdrættinum á dskj. nr. 95, mælt hornrétt á merkjalínuna.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. júlí 1984.

Nr. 135/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Kristjáni Aðalsteinssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. þ.m., er barst Hæstarétti 16. þ.m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldsvist samkvæmt honum verði stytt. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um, að hann hafi framið brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt því og með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. júlí 1984.

Ár 1984, föstudaginn 13. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Kristjáni Aðalsteinssyni, til heimilis að Njálsgötu 22, Reykjavík, fæddum 4. nóvember 1957, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. ágúst 1984, kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Málavextir.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn á stórfelldum óheimilum fjártökum úr vörslu skiptaréttar Reykjavíkur. Bankabókum í vörslu

skiptaréttar hefur verið stolið og úr þeim tekið samtals krónur 1.200.000. Á bankabókum þessum voru varðveittir fjármunir þrota- og dánarbúa, sem eru til skiptameðferðar. Talið er, að fyrrnefndar bækur hafi horfið frá því í febrúar og þar til í júlí á þessu ári. Við skoðun á úttektarseðlum varðandi ofangreindar bækur hefur vaknað sá grunur, að Ingólfur Sigurz yngri, sem starfað hefur sem aðstoðarmaður við fógetagerðir, sé við brot þetta riðinn, og byggist sá grunur á samanburði á rithönd hans og rithönd á nokkrum úttektarseðlanna, þó er ljóst, að fleiri en einn maður tengist brotum þessum.

Þann 2. júlí sl. var gerð tilraun til að taka krónur 125.000 út úr bankabók í Landsbanka Íslands, Laugavegi 7. Skiptaréttur hafði tilkynnt bankanum, að bók þessi væri stolin. Manni þeim, er framvísaði bókinni, tókst að forða sér, en bankamaður veitti honum eftirför og hitti fyrir utan bankann Ingólf Sigurz, yngri, sem bauð honum aðstoð við leit að manninum, sem varð án árangurs. Kærði og Ingólfur Sigurz yngri eru félagar og hafa báðir tengst fíkniefnamisferli. Talið er, að lýsing starfsfólks Landsbanka Íslands, Laugavegi 7, og vitnis, er statt var í bankanum umrætt sinn, á manni þeim, er gerði tilraun til að taka fé út úr nefndri bankabók, geti átt við Kristján Aðalsteinsson. Þrír starfsmenn bankans og vitni, er statt var í bankanum 2. júlí sl., er ofangreindir atburðir áttu sér stað, hafa skoðað myndir hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og tekið út mynd af Kristjáni Aðalsteinssyni og telja, að hún svipi mjög til manns þess, er var að verki í bankanum greint sinn.

Kærði hefur neitað bæði við skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi að vera nokkuð við brot þessi riðinn.

Brot þau, er kærði er grunaður um, geta varðar fangelsisrefsingu samkvæmt 155. gr. og 248. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940. Með hliðsjón af framansögðu og vísan til hins alvarlega sakarefnis verður að telja, að rannsókn máls þessa sé enn á frumstigi og sú hætta fyrir hendi, að kærði spilli sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi. Þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. ágúst 1984, kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði Kristján Aðalsteinsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. ágúst 1984, kl. 17:00.

Þriðjudaginn 31. júlí 1984.

Nr. 140/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurði Hauki Engilbertssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. júlí, er barst Hæstarétti 27. júlí, og gert þá kröfu, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. júlí 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 26. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins gerði í gær þá kröfu, að kærða, Sigurði Hauki Engilbertssyni verslunarmanni, fæddum 9. júlí 1958, Básenda 2, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 8. ágúst 1984, kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga.

Málavextir.

RLR hefur að undanförnu unnið að rannsókn á óheimilli töku sparisjóðsbóka og annarra verðmæta úr vörslu skiptaréttar Reykjavíkur. Rannsóknin hefur leitt í ljós, að tekið hefur verið út af þessum sparisjóðsbókum í heimildarleysi og með sviksamlegum hætti samtals 1.395.000 krónur á tímabilinu frá 9. febrúar sl. til 2. júlí. Í þágu rannsóknar málsins hafa tveir menn, þeir Ingólfur Sigurz yngri, sem verið hefur starfsmaður borgarfógetaembættisins, og Kristján Aðalsteinsson, verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald.

Ingólfur Sigurz yngri hefur játað við yfirheyrslur hjá RLR að hafa stolið umræddum bankabókum á skrifstofu borgarfógetaembættisins og kveður Kristján Aðalsteinsson hafa séð um að taka fé út af þeim, sem þeir hafi skipt sem næst til helminga á milli sín.

Kristján hefur játað aðild að töku fjár út úr bankabókunum, en kveður Ingólf fyrst hafa komið að máli við sig vegna þessa máls í mars sl. Kannaðist Kristján við að hafa ritað á úttektarseðla fyrir Ingólf og einnig að hafa fengið mann að nafni Örn Nielsen til þess að rita á úttektarseðla. Hann kvaðst tvisvar hafa farið í banka til þess að taka út úr bankabókum, í bæði skiptin 2. júlí sl. Kristján hefur ekki kannast við að hafa fengið í sinn hlut nema lítinn hluta þess fjár, sem tekið var út úr margnefndum bankabókum. Hvorki Ingólfur né Kristján kveðast vita hver tók út úr bankabókunum í sumum tilvikum né hver ritaði úttektarseðlana.

Örn Nielsen hefur viðurkennt að hafa ritað að meira eða minna leyti á 6 af 9 úttektarseðlum að beiðni Kristjáns og Ingólfs, í fyrsta sinn í apríl sl. og fengið lítilháttar þóknun fyrir, m.a. fíkniefni.

Kærði, Sigurður Haukur, hefur neitað öllum sakargiftum og mótmælt gæsluvarðhaldskröfunni. Frá 29. nóvember 1983 til 2. febrúar 1984 sætti hann gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík á stórfelldu fíkniefnasmygli með m/s Lagarfossi. Hann viðurkenndi þá við yfirheyrslur að hafa fengið stórar fjárhæðir lánaðar, sem hann notaði ásamt Kristjáni Aðalsteinssyni til fíkniefnakaupa í Hollandi. Við yfirheyrslur hjá RLR 24. þ.m. neitaði kærði að gera grein fyrir fjármálum sínum, en er hann var yfirheyrður á ný í gær, gerði hann í stórum dráttum grein fyrir þeim. Hann kvaðst hafa skuldað á fimmta hundrað þúsund krónur, þegar honum var sleppt úr gæsluvarðhaldi í febrúar, en hafa greitt um 220.000 krónur af því. Samkvæmt skýrslu hans nema tekjur hans síðan í febrúar andvirði seldrar bifreiðar og útistandandi skuldir, sem hann hefur fengið greiddar, samtals 230-260 þúsund krónum.

Rannsókn máls þessa hefur m.a. leitt í ljós, að hinn 10. febrúar sl. greiddi kærði 25.000 krónur inn á fjárkröfu, sem var til innheimtu hjá lögmanni í Reykjavík, en daginn áður var fyrst tekið út úr bankabók, sem tekin hafði verið úr vörslu borgarfógetaembættisins. Við samanburð á rithönd kærða og úttektarseðlinum kemur til álita, að kærði hafi ritað nafn þess, sem sagður er taka út úr bókinni. Kærði greiddi aftur 25.000 krónur inn á fyrrgreinda kröfu hinn 6. mars, en önnur úttekt úr bankabók var 28. febrúar. Næst greiddi kærði 25.000 krónur 10. apríl, en daginn áður var í þriðja sinn tekið út úr bankabók úr vörslu borgarfógetaembættisins. Loks greiddi kærði 25.000 krónur inn á sömu kröfu 30. maí, en daginn áður var í fimmta sinn tekið út úr margnefndum bankabókum.

Ingólfur Sigurz, yngri, hefur einnig borið, að hann hafi keypt amfetamín

af kærða á tímabilinu frá febrúar sl. til júní fyrir um 40-50 þúsund krónur, en kærði hefur ekki kannast við það.

Með því, sem nú hefur verið rakið, þykir vera fyrir hendi rökstuddur grunur um, að kærði kunni að eiga þátt í brotum þeim, sem rannsókn máls þessa beinist að og geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga. Hann hefur ekki gert glögga grein fyrir tekjum sínum og gjöldum síðan í febrúar sl., og er nauðsynlegt að rannsaka m.a. þau atriði ræki legar og leita staðfestingar á þeim framburði kærða, sem nú liggur fyrir. Rannsókn á ætlaðri aðild kærða að þeim stórfelldu brotum, sem rannsókn máls þessa lýtur að, er skammt á veg komin, og þykir því rétt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og til þess að fyrirbyggja, að kærð geti torveldað rannsókn málsins með óskertu frelsi sínu, að verða við kröfu RLR og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 8. ágúst nk., kl. 17:00, svo sem krafist er.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Haukur Engilbertsson skal sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 8. ágúst 1984, kl. 17:00.

Föstudaginn 3. ágúst 1984

Nr. 142/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

Páli Konráði Konráðssyni Þormar

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 31. f.m., sem barst Hæstarétti 2. þ.m., í því skyni, að því er ætla verður, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 31. júlí 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 31. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að Páli Konráð Konráðsyni Þormar, til heimilis að Óðinsgötu 8A, Reykjavík, fæddur 02.07.1953 í Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 7. ágúst 1984, kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Málavextir.

RLR vinnur nú að rannsókn á innbroti í Zorba-grill við Hlemm, en þaðan var stolið 108 áfengisflöskum af tegundinni Greco Ouzo aðfaranótt 23. júlí 1984. Áfengistegund þessi er eigi seld í útsölum ÁTVR.

Kærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, er grunaður um að hafa átt hlut að innbroti þessu. Kærði hefur neitað bæði við skýrslutöku hjá RLR og fyrir dómi að hafa átt nokkurn hlut þar að. Kærði hefur hins vegar viðurkennt að hafa keypt 15 flöskur af fyrrnefndri áfengistegund og greitt fyrir þær kr. 3.000. Kærði kveðst hins vegar ekki muna, hvenær hann keypti áfengið né af hverjum og ber við minnisleysi vegna ofneyslu ýmissa vímugjafa, þ. á m. amfetamíns, LSD, róandi lyfja og áfengis.

Við húsleit á heimili kærða í gær fundust 2 flöskur af gerðinni Greco Ouzo, önnur óátekin en hin tóm.

Vitnið Reynir B. Björgvinsson og vitnið Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson hafa báðir greint frá því við skýrslutöku hjá RLR að hafa að kvöldi miðvikudagsins 25. júlí sl. keypt eina flösku af Greco Ouzo líkjör fyrir kr. 700 af kærða, Páli Konráð Konráðssyni Þormar.

Vitnið Sigmundur Heiðar Árnason gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 30. júlí sl. Vitnið kvaðst hafa verið gestkomandi að Óðinsgötu 8 meira og minna undanfarna daga og þar hafi verið mjög gestkvæmt og áfengis verið neytt í töluverðum mæli. Vitnið kvaðst aðspurður hafa séð drykkinn Ouzo og hafi það drukkið af þeim veigum ásamt öðrum, er þarna voru.

Vitnið Magnús Einarsson gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 30. júlí sl. Það kvaðst hafa dvalist að undanförnu af og til á heimili kærða og verið þar við áfengisneyslu og séð þar flöskur af Greco, en kvaðst eigi vita, hvaðan Páll fékk þær.

Brot það, er kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja, að rannsókn máls þessa sé enn á frumstigi og sú hætta fyrir hendi, að kærði spilli sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi.

Þykir rétt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 7. ágúst 1984, kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 7. ágúst 1984, kl. 17:00.

Mánudaginn 13. ágúst 1984.

Nr. 146/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

Sigurði Hauki Engilbertssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. þ.m., er barst Hæstarétti 9. þ.m., og gert þá kröfu, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. ágúst 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 8. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að kærða, Sigurði Hauki Engilbertssyni, Básenda 2, Reykjavík, sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald 26. júlí sl., verði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram til miðvikudagsins 29. ágúst 1984, kl. 17:00, en gæsluvarðhald hans rann út í dag kl. 17:00.

Málavextir.

RLR hefur að undanförnu unnið að rannsókn á óheimilli töku bankabóka og annarra verðmæta úr vörslu skiptaréttar Reykjavíkur. Rannsóknin hefur leitt í ljós, að teknar hafa verið út af þessum bankabókum með sviksamlegum hætti samtals 1.395.000 krónur á tímabilinu frá 9. febrúar sl. til 2. júlí. Vegna rannsóknar málsins voru Ingólfur Sigurz yngri og Kristján Aðalsteinsson úrskurðaðir í gæsluvarðhald, sem þeir sæta enn. Ingólfur hefur viðurkennt að hafa stolið fyrrgeindum verðmætum af skrifstofu borgarfógetaembættisins, og þeir Krisján hafa báðir játað að hafa tekið fé út af bankabókunum, en auk þeirra hafa tveir menn játað aðild að úttektunum. Mikils misræmis gætir þó í framburði Ingólfs og Kristjáns um það, hvað varð af fénu.

Kærði stofnaði til verulegra skulda á síðasta ári til þess að fjármagna fikniefnakaup, sem hann stóð að ásamt Kristjáni Aðalsteinssyni. Vegna rannsóknar þess máls sætti hann gæsluvarðhaldi frá 29. nóvember 1983 til 2. febrúar 1984. Þegar hann var látinn laus, skuldaði hann á fimmta hundrað þúsund krónur, en kveðst nú hafa greitt þar af um 215.000—220.000 kr. Samkvæmt gögnum málsins greiddi hann m.a. fjórum sinnum 45.000 kr. upp í fjárkröfur, sem voru til innheimtu hjá lögmönnum í Reyjavík, sama dag eða fáum dögum eftir að tekið var fé út af framangreindum bankabókum. Greiðslur þessar innti hann af hendi á tímabilinu frá 10. febrúar sl. til maíloka. Á sama tímabili fékk hann greiddar 27.100 kr. í laun frá vinnuveitanda sínum. Þá átti hann um 60.000. kr., sem var söluandvirði bifreiðar, en hafði auk þess tekjur af innflutningi, fékk greiddar útistandandi skuldir og fékk að láni samtals um 125.000—150.000 kr. Tveir þeirra manna, sem kærði kveður hafa greitt sér skuldir, hafa ekki kannast við það. Hins vegar ber kærða og Ingólfi Sigurz saman um, að Ingólfur hafi greitt honum 20.000 kr. skuld 9. febrúar sl.

Enginn þeirra, sem játað hafa aðild að töku fjárins út af bankabókunum, hefur borið um aðild kærða að því. Á hinn bóginn leikur grunur á, að kærði hafi notið þessa fjár að einhverju leyti, þegar litið er til þess, hvenær

tekið var út af bankabókunum og hvenær kærði innti af hendi greiðslur til lögmannanna. Kærði hefur borið, að hann þurfi lítið fé til að framfleyta sér, þar sem hann hafi húsnæði og fái flestar máltíðir endurgjaldslaust.

Ingólfur Sigurz hefur einnig borið við yfirheyrslur, að kærði hafi selt honum fíkniefni á margnefndu tímabili fyrir um 40.000—50.000 kr.

Kærði, sem grunaður er um aðild að framanlýstum brotum og um brot gegn lögum nr. 65, 1974, hefur neitað öllum sakargiftum og mótmælir gæsluvarðhaldskröfunni harðlega.

Í greinargerð með gæsluvarðhaldskröfunni eru brot þau, sem kærði er grunaður um, talin varða við 155. gr. og 248. gr. alm. hegningarlaga, en eftir að kærða var kynnt krafan í dag, óskaði rannsóknarlögreglustjóri ríkisins þess, að við úrskurð um kröfuna yrði einnig litið til laga um ávana- og fíkniefni, þar sem kærði væri einnig grunaður um brot gegn þeim lögum. Af hálfu kærða er þessu mótmælt sérstaklega. Samkvæmt 1. mgr. 73. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. lög nr. 107, 1976, er ekkert því til fyrirstöðu að verða við ósk RLR í þessu efni.

Svo sem að framan greinir, hefur ekki fengist staðfest í öllum atriðum frásögn kærða um tekjur hans, en sum atriði í framburði hans eru enn ókönnuð. Rétt hefði verið að hraða frekar en gert var rannsókn á fjárreiðum kærða umrætt tímabil.

Með hliðsjón af öllu framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir ekki verða hjá því komist að ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram. Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt til miðvikudagsins 15. ágúst nk., kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Haukur Engilbertsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 15. ágúst 1984, kl. 17:00.

Þriðjudaginn 14. ágúst 1984.

Nr. 147/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Tómasi Sigurðssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 með kæru 10. þ.m., er barst Hæstarétti sama dag. Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðilja, en ætla verður, að úrskurðurinn sé kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendan hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann að því er varðar varnaraðilja.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að því er varðar varnaraðilja, Tómas Sigurðsson.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 10. ágúst 1984.

Krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins þess efnis, að þeim Tómasi Sigurðssyni, Ásbraut 3, og Brynjólfi Yngvasyni, Hamraborg 6, báðir (sic) í Kópavogi verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, barst dóminum þann 9. þ.m. og var tekin til úrskurðar sama dag. Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins er þess krafist, að Tómasi verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 22. ágúst n.k., kl. 17:00, en Brynjólfi allt til föstudagsins 17. ágúst n.k., kl. 17:00, vegna ætlaðra brota þeirra á ákvæðum XVII. og XXVI. kafla alm. hgl. og höfundalaga.

Samkvæmt gögnum þeim, sem fyrir liggja við úrlausn framangreindrar kröfu, var farið fram á við Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi Brynjólfs Eyvindssonar hdl., dags. 7. ágúst sl., að rannsókn færi fram vegna

meintra brota Tómasar Sigurðssonar, eiganda Myndbandaleigunnar Goðatúni 2, Garðabæ, á ákvæðum hegningarlaga og höfundalaga.

Kærði Tómas hefur viðurkennt að hafa farið í söluferð út á land í lok júlí sl. og að hafa þá selt myndbönd á Ísafirði og víðar. Hann hefur mótmælt því að hafa selt í ferð þessari myndbönd, sem hann hafi tekið upp af upprunalegum myndböndum. Kærði hefur játað að hafa tekið upp efni af myndböndum og látið útbúa utan um eftirgerðina kápur með því, að ljósritaðar voru upprunalegar kápur. Þessar eftirgerðir hafi hann eingöngu notað sjálfur eða lánað kunningjum sínum til afnota.

Kærði Brynjólfur hefur viðurkennt að hafa útbúið myndbönd á þann hátt, sem hér að framan er lýst, í félagi við kærða Tómas. Kærði Tómas síðan farið í söluferð í sumar og hafi hann þá m.a. myndbandaefnis selt myndbönd, sem þeir höfðu báðir útbúið fyrir u.þ.b. 3—4 vikum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu hefur kærði Brynjólfur skýrt svo frá, að hann hafði tekið upp af 4 frummyndböndum og látið útbúa nýjar kápur utan um eftirgerðina hjá ljósmyndara. Fyrir dómi skýrði Brynjólfur svo frá, að hann hafi útbúið slíkt efni í félagi við kærða Tómas í 14-18 eintökum, en ekki hefur enn verið upplýst, um hvaða efni er þar að ræða.

Teknar hafa verið skýrslur af eiginkonu kærða Tómasar og Kristjáni Kristjánssyni, kaupmanni á Ísafirði. Skýrslur þessar eru í ýmsum veigamiklum atriðum ósamhljóða skýrslu kærða Tómasar.

Húsleit hefur farið fram á heimili kærða Tómasar, og fundust þá m.a. 65 eintök af myndbandaöskjum og 30 eintök af myndbandakápum. Einnig hefur farið fram húsleit að Stórholti 1 hjá Vídeoklúbbnum, sem kærði Brynjólfur rekur. Fundust þar gögn, er ætla má, að hafi þýðingu við að upplýsa mál þetta enn frekar en gert hefur verið með skýrslu kærða Brynjólfs.

Niðurstöður.

Kærðu hafa báðir viðurkennt að hafa útbúið eftirgerðir af myndböndum og notað þær til dreifinga. Hinsvegar greinir þá á, svo og greinir þá á við vitni um þýðingarmikil atriði, er varða kæruefnið. Rannsókn á því, hvaða efni hefur verið tekið upp, svo og dreifingu á því er nú skammt á veg komin.

Með vísan til þessa, svo og annarra atvika, sem hér að framan hafa verið rakin, þykir skylt samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að verða við kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins varðandi gæsluvarðhald og lengd gæsluvarðhaldstímans. Ber því kærðu að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins, og skulu þeir látnir lausir, þegar rannsóknarnauðsynjar eru ekki lengur fyrir hendi, þó þannig, að kærði Tómas skal látinn laus í síðasta lagi miðvikudaginn 22. ágúst n.k., kl. 17:00, og kærði Brynjólfur í síðasta lagi föstudaginn 17. ágúst n.k. á sama tíma.

Brot þau, sem kærðu eru grunaðir um að hafa framið, geta varðað fangelsi samkvæmt 54. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 78/1984, og standa því ákvæði stjórnarskrárinnar eigi í vegi fyrir gæsluvarðhaldi kærðu.

Úrskurðarorð:

Tómas Sigurðsson og Brynjólfur Yngvason sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en Tómas (sic) til miðvikudagsins 22. ágúst n.k., kl. 17:00, og Brynjólfur til föstudagsins 17. ágúst n.k., kl. 17:00.

Þriðjudaginn 4. september 1984.

Nr. 152/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Karvel Gränz

Kærumál. Húsleit. Handtaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. ágúst 1984, en kærugögn bárust Hæstarétti 28. s.m. Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar svo og 1. mgr. 59. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Keflavíkur 24. ágúst 1984.

Ár 1984, föstudaginn 24. ágúst, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Vatnsvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur í dag krafist þess, að með úrskurði verði heimiluð leit á heimili Karvels Gränz, f. 05.03.1954, Hafnargötu 20, Keflavík, til þess að handtaka þar nefndan Karvel og ennfremur leit að sakargögnum, en hann er grunaður um fíkniefnabrot, sbr. 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974.

Í kröfugerðinni kemur fram, að RLR hefur undanfarnar vikur unnið að umfangsmikilli rannsókn á hvarfi bankabóka úr vörslum skiptaréttar Reykjavíkur og úttekt á fé úr þeim, sem nemur verulegri fjárhæð. Þykir upplýst, að þeir, sem þarna eru grunaðir, hafi haft umtalsvert magn fíkniefna undir höndum og þá til eigin nota sem og til sölu til annarra. Leikur sterkur grunur á, að hinu svikna fé hafi verið varið að verulegum hluta til að kaupa á fíkniefnum, sem síðan hafi verið seld. Skv. rannsóknargögnum sé rík ástæða til að ætla, að fyrrnefndum Karvel og einn hinna grunuðu í nefndu fjársvikamáli hafi staðið í fíkniefnaviðskiptum og sé Karvel meðal annarra grunaður um dreifingu fíkniefnanna.

Í nýnefndum gögnum segist annar, sem grunaður er í fjársvikamálinu, hafa verið viðstaddur afhendingu fíkniefna til Karvels í fjögur skipti í maí og júní sl.

Samkvæmt framansögðu telst rökstuddur grunur fram kominn um aðild Karvels að ólöglegri meðferð ávana- og fíkniefna, sem réttlæti framangreinda kröfu í þágu rannsóknar máls þessa, sbr. 1. mgr. 48. gr., 49. gr., sbr. 51. gr. laga nr. 74/1974.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, og fyrrnefndra 48. og 49. gr., þykir rétt að heimila leit að títtnefndum Karvel á heimili hans og húsum að Hafnargötu, Keflavík, til þess að handtaka hann. Jafnframt þykir rétt að heimila leit þar að fíkniefnum og öðrum gögnum, sem tengst geta fíkniefnabrotum, svo og að leggja hald á slík sakargögn, ef finnast. Tekur heimild þessi til læstra hirslna.

Úrskurðarorð:

Heimilt er að leita Karvels Gränz, f. 05.03.1954, á heimili hans og húsum Hafnargötu 20, Keflavík, og handtaka hann. Þá er heimilt að leita þar fíkniefna og annarra gagna, er tengjast kunna fíkniefnabrotum, svo og að leggja hald á meint slík sakargögn, ef finnast. Heimild þessi nær til læstra hirslna.

Þriðjudaginn 4. september 1984.

Nr. 153/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Karvel Gränz

Kærumál. Húsleit. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar 25. ágúst 1984 með skírskotun til kæruheimildar í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Kærugögn bárust Hæstarétti 28. s.m.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kæri úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Hinn kærði úrskurður er um leit í húsakynnum, er annar aðili hefur á leigu hjá varnaraðilja samkvæmt staðhæfingu hans sjálfs. Samkvæmt því var varnaraðilja ekki heimil kæra úrskurðar þessa samkvæmt 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að vísa kærumáli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Keflavíkur 24. ágúst 1984.

Ár 1984, föstudaginn 24. ágúst, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Að kröfu Rannsóknarlögreglustjóra ríkisins var fyrr í dag kveðinn upp úrskurður hér í dóminum, er heimilaði leit að Hafnargötu 20, Keflavík, bæði að Karvel Gränz, eiganda hússins, og að fíkniefnum og gögnum, er þeim kunna að tengjast. Hefur leit þessi þegar farið fram, og að sögn RLR kom þá í ljós, að rishæð nefnds húss var læst af með rennihurð inni í íbúð Karvels. Segi hann Nönnu Karlsdóttur hafa íbúð þessu á leigu.

Rannsóknarlögregla ríkisins kveður nauðsyn til bera, að leit fari einnig

fram í rishæð þessari í þágu rannsóknar meintra fíkniefnabrota Karvels, enda ekki fullljóst, hvernig nefndri leigu er háttað.

Við rannsókn á hvarfi bankabóka úr vörslum skiptaráðandans í Reykjavík og fjárúttekt úr þeim hefur komið fram sterkur grunur um, að hinu svikna fé hafi verið varið að verulegum hluta til kaupa á fíkniefnum. Kveðst einn hinna grunuðu í nefndu fjársvikamáli vita til þess fyrir víst, að í maí og júní sl. hafi annar, sem er grunaður í sama máli, í fjögur skipti afhent Karvel fíkniefni. Taldi hann Karvel hafa átt að selja fíkniefnin fyrir aðilja þennan.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, leikur grunur á fíkniefnamisferli Karvels Gränz, sbr. 173. gr. a alm. hgl. og 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974. Hann er eigandi hússins á Hafnargötu 20, Keflavík, og kveðst hafa leigt rishæðina Nönnu Karlsdóttur. Rétt þykir þó, eins og inngangi upp á rishæðina er háttað, að leyfa leit þar að fíkniefnum og munum, er þeim geta tengst, samkv. 48. gr. laga nr. 74/1974. Heimildin nær til læstra hirslna, og leggja má hald á sakargögn, sem finnast kunna.

Úrskurðarorð:

Heimilt er að leita fíkniefna og annarra muna, er þeim kunna að tengjast, í rishæðinni á Hafnargötu 20, Keflavík, eign Karvels Gränz, en sögð leigð af Nönnu Karlsdóttur, og leggja hald á slík efni og muni, sem finnast kunna. Heimild þessi nær til læstra hirslna.

Þriðjudaginn 4. september 1984.

Nr. 154/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Karvel Gränz

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru

skráðri í þingbók sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 26. ágúst 1984, en kærugögn bárust Hæstarétti 28. s.m. Krefst varnaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 26. ágúst 1984.

Ár 1984, sunnudaginn 26. ágúst, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 115, Rvk., af Guðjón St. Marteinssyni ftr. við undirritaða votta kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik

Undanfarnar vikur hefur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins staðið yfir mjög umfangsmikil rannsókn á meintum auðgunarbrotum nokkurra nafngreindra aðilja.

Hefur sparisjóðsbókum verið stolið úr vörslum skiptaréttar Reykjavíkur og tekið fé út af sparisjóðsbókum, samtals að fjárhæð kr. 1.395.000.-

Undir rannsókn máls þessa hefur verið leitt í ljós með framburðum tveggja meintra aðalmanna auðgunarbrotanna svo og með framburðum nokkurra nafngreindra aðilja, að framangreindir tveir aðalmenn í auðgunarbrotum, þeir Kristján Aðalsteinsson og Ingólfur Sigurz, hafa á því tímabili, er brotin stóðu yfir, haft undir höndum og verslað með verulegt magn ávana- og fíkniefna. Um er að ræða hass, amfetamín og kókaín.

Ingólfur Sigurz var yfirheyrður hjá lögreglu 23. ágúst sl. og bar þá um fíkniefnakaup Karvels Gränz af Kristjáni Aðalsteinssyni. Ingólfur kvað sig í fjögur skipti hafa verið staddan á heimili Kristjáns Aðalsteinssonar, er þangað hafi komið Karvel Gränz. Ingólfur kvað Karvel hafa verslað fíkniefni við Kristján (sic) og hafi Kristján nefnt við sig (Ingólf), að komið væri fram yfir skilatíma. Ingólfur taldi, að Kristján hefði ekki minnst á nefnt uppgjör nema af því að um verulega peningaupphæð hlyti að vera að ræða.

Gerð var húsleit að Hafnargötu 20, Keflavík, heimili Karvels Gräns í gærdag. Karvel vísaði lögreglu á 1 gramm af hassi, er hann hafði í sínum fórum. Þá lagði lögreglan við húsleitina hald á muni og áhöld, er samfara eru meðferð fíkniefna.

Nanna S. Karlsdóttir var yfirheyrð hér fyrir dómi í gærdag, og kvað hún Karvel Gränz oft hafa veitt sér fíkniefni til neyslu. Þá kvaðst Nanna vita af fíkniefnakaupum Karvels hér í borg oft í samskoti með kunningjum. Þá kvaðst Nanna oft verða vör við fíkniefnameðhöndlun í íbúð Karvels Gränz, en Nanna býr í risíbúð fyrir ofan íbúð Karvels.

Björn Eggert Kristjánsson, sem leigir herbergi í íbúð þeirri, er Karvel Gränz er eigandi að og býr í, kveðst margsinnis hafa orðið vitni að því, er Karvel Gränz hafi verið að vigta fíkniefni í áðurnefndri íbúð og hafi magn fíkniefna verið meira en svo, að þau hafi getað verið til einkanota Karvels. Karvel hafi m.a. vegið fíkniefni niður í 5 gramma pakkningar.

Einar Ólafur Hannesson bar hjá lögreglu í dag að hafa oftsinnis ekið Karvel Gränz á heimili Kristjáns Aðalsteinssonar, en ekki vita um hugsanleg fíkniefnaviðskipti þeirra. Einar kvaðst vita um fíkniefnameðhöndlun Karvels, þó ekki alveg nýlega.

Kristján Aðalsteinsson hefur ekki borið að hafa selt Karvel Gränz fíkniefni, en framburðir Kristjáns undir rannsókn málsins hafa verið breytilegir.

Karvel Gränz var yfirheyrður hér fyrir dómi í gærdag og bar þá um ítrekuð kaup sín á hassi til eigin nota.

Karvel kvaðst ávallt kaupa fíkniefni af sér ókunnum aðiljum og ekki hafa verslað fíkniefni við Kristján Aðalsteinsson (sic), sem Karvel kvaðst þekkja vel.

Niðurstöður.

Svo sem skjöl málsins bera með sér, eru fram komnar sterkar líkur fyrir því, að verulegur hluti þess fjár, er tekinn var út af sparisjóðsbókum, er stolið var úr vörslum skiptaréttar Reykjavíkur, hafi verið varið til fíkniefnakaupa. Þeir aðiljar, er nú sitja í gæsluvarðhaldi vegna ofangreinds máls, þeir Ingólfur Sigurz og Kristján Aðalsteinsson, eru hér við dóm kunnir af áralangri meðferð ávana- og fíkniefna. Karvel Gränz hefur einnig margoft gerst sekur um fíkniefnabrot.

Ráða má af framlögðum skjölum og með sérstakrar vísunar (sic) til framburðar Ingólfs Sigurz og að hluta með vísan til framburðar Einars Ólafs Hannessonar, að sterkar líkur eru fyrir fíkniefnasamskiptum Kristjáns Aðalsteinssonar og Karvels Gränz.

Framburðir Björns Eggerts Kjartanssonar og Nönnu S. Karlsdóttur benda og til verulegs fíkniefnamisferlis Karvels Gränz, sem sjálfur hefur borið, að hann kaupi sér fíkniefni til eigin nota. Þá benda munir og áhöld, er fundust á heimili Karvels við húsleit í gærdag, til meðferðar fíkniefna. Eftir er að yfirheyra Karvel mun ítarlegar um meðferð fíkniefna svo og hugsanleg vitni og samseka.

Verið er að rannsaka meint brot Karvels Gränz á lögum nr. 65, 1974

og rg. nr. 390, 1974. Gæti sök, ef sönnuð þætti, varðað Karvel fangelisrefsingu, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar eigi í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Með vísan til alls framanritaðs og með vísan til framlagðra skjala og jafnframt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að verða við fram kominni kröfu rannsóknarlögreglustjóra ríkisins um gæsluvarðhald yfir Karvel Gränz í þágu rannsóknar málsins.

Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður sem allt (sic) til miðvikudagsins 12. september 1983, kl. 17.50, að telja.

Úrskurðarorð:

Karvel Gränz, fæddur 5. mars 1954, til heimilis að Hafnargötu 20, Keflavík, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. sept. 1984, kl. 17.50, að telja.

Miðvikudaginn 5. september 1984.

Nr. 158/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Kristjáni Aðalsteinssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 30. ágúst 1984, en kærugögn bárust Hæstarétti sama dag.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur verulega. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari hefur krafist staðfestingar úrskurðarins, en jafnframt tekið fram í greinargerð sinni til Hæstaréttar, að ákæruvaldið telji ekki, að framkomin rannsóknargögn veiti efni til að ætla, að varnaraðili hafi gerst sekur um brot á 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Við samprófun varnaraðilja og Ingólfs Sigurz hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 22. ágúst sl. skýrði Ingólfur svo frá, að til varnaraðilja hefðu runnið a.m.k. um það bil 460.000.00 krónur af 1.265.000.00 krónum, er teknar hefðu verið út úr ýmsum sparisjóðsbókum skiptaréttar Reykjavíkur á tímabilinu 28. febrúar til 2. júlí 1984. Sjálfur greindi varnaraðili hins vegar svo frá, að af þessu fé hefði hann fengið alls 285.000.00 krónur. Þá fjárhæð hækkaði hann í 315.000.00 krónur í skýrslu, er hann gaf 25. s.m.

Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa látið tveimur nafngreindum mönnum öðrum en Ingólfi Sigurz í té fíkniefni í maí og júní þessa árs.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Ekki eru efni til að sinna kröfu varnaraðilja um kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 29. ágúst 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 29. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að gæsluvarðhald það, er Kristjáni Aðalsteinssyni verkamanni, fæddum 4. nóvember 1957, til heimilis að Njálsgötu 22 hér í borg, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 1. ágúst sl. og rennur út í dag kl. 17:00 verði framlengt allt til miðvikudagsins 19. september 1984, kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn 155. gr., 248. gr. og 173. gr. a alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 og 2., 5. og 6. gr. laga nr. 66, 1974.

Málavextir.

RLR hefur síðan í byrjun júlí unnið að viðamikilli rannsókn á hvarfi bankabóka úr vörslu skiptaréttar Reykjavíkur og úttekt á fé úr þeim, samtals kr. 1.395.000.

Ingólfur Sigurz, sem var lausráðinn starfsmaður borgarfógetaembættisins, hefur viðurkennt að hafa stolið bankabókunum úr skrifstofum embættisins á tímabilinu frá því í febrúar þar til í júní s.l.

Ingólfur Sigurz hefur borið að hafa í félagi við kærða, Kristján Aðalsteinsson, tekið fé út úr bankabókunum og þeir síðan skipt fénu á milli sín. Ingólfur Sigurz hefur borið, að þeir hafi skipt fénu til helminga, en kærði Kristján kveðst eigi hafa fengið svo mikið í sinn hlut.

Fljótlega eftir að rannsókn máls þessa byrjaði, vaknaði sá grunur, að Kristján hafi varið mestum hluta þess fjár er í hans hlut kom, til fíkniefnakaupa, er hann hafi síðan selt og dreift. Kærði Kristján hefur viðurkennt, að eitthvað af fénu hafi farið til kaupa á fíkniefnum, hassi og kókaíni. Kærði kveðst hafa keypt efnin af „Sigurði" á tímabilinu frá því í apríl og þar til í júní sl. Kærði kveðst engin deili vita á „Sigurði" önnur en þau, að hann hafi verið í Svíþjóð og Danmörku 1979-1981 og kærði þá hitt hann. Kærði kveður „Sigurð" þá hafa selt og dreift fíkniefnum. Kærði bar að hann hafi byrjað að kaupa fíkniefni af „Sigurði" í apríl, en Ingólfur hefur borið, að hann hafi byrjað að kaupa fíkniefni af Kristjáni í febrúar sl. Kærði kveðst hafa selt Ingólfi Sigurz mestan hluta þessara efna og notað afganginn sjálfur. Kærði hefur og borið, að hluti af því fé, er í hans hlut kom, hafi hann notað til greiðslu skulda vegna heimilisins.

Kærði er grunaður um að hafa stundað sölu og dreifingu á fíkniefnum á undanförnum mánuðum, en því hefur hann neitað að því undanskildu, að hann kveðst hafa selt Ingólfi Sigurz hass og kókaín.

Sunnudaginn 26. ágúst var Karvel Gränz úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. ágúst 1984 með úrskurði sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum vegna gruns um fíkniefnamisferli hans og kærða, Kristjáns Aðalsteinssonar.

Ingólfur Sigurz hefur borið við skýrslutökur hjá RLR að hafa verið staddur á heimili kærða Kristjáns í fjögur skipti á tímabilinu maí til júní s.l. og hafi Karvel Gränz þá komið þar og verið að kaupa af Kristjáni fíkniefni. Ingólfur bar og, að Kristján hafi rætt um það við sig, áður en síðasta tilvikið átti sér stað, að komið væri fram yfir skilatíma hjá Karvel. Ingólfur kvaðst telja, að Karvel seldi fíkniefni fyrir Kristján. Ingólfur kvað annan mann hafa komið með Karvel í tvö skipti. Kærði Kristján hefur viðurkennt, að Karvel hafi heimsótt sig og hafi Einar Ólafur Hannesson komið með honum í tvö skipti. Kærði hefur hins vegar alfarið neitað að hafa átt nokkur fíkniefnaviðskipti við Karvel.

Við húsleit á heimili Karvels Gränz föstudaginn 24. ágúst sl. fundust ýmsir hlutir tengdir fíkniefnum, m.a. vigt til að vigta efni, og reyndist eigandi vera Björn Eggert Kjartansson, leigjandi hjá Karvel. Björn bar við yfirheyrslu hjá RLR, að Karvel hafi oft frá því um mánaðamótin apríl - maí fengið vigtina lánaða til að vigta kannabisefni, sem hafi verið meira magn hverju sinni, en til eigin nota. Björn bar, að fyrir u.þ.b. þremur vikum hafi Karvel verið með klump á stærð við sígarettupakka og hafi lögun hans

líkst hluta af niðursneiddri hassköku og hafi Karvel verið að vigta efni þetta niður í 5 gr pakkningar.

Ingólfur Sigurz hefur borið í skýrslutöku hjá RLR að hafa orðið vitni að því í júnímánuði, að Sævar Sverrisson kom og keypti af Kristjáni 1 gr af kókaíni. Ingólfur bar og, að Sævar hafi komið oftar á heimili Kristjáns, er hann var þar, og greinilegt hafi verið, að hann var að kaupa af Kristjáni fíkniefni. Sævar Sverrisson gaf skýrslu hjá RLR í dag og kvaðst þrisvar til fjórum sinnum hafa heimsótt Kristján og í eitt skipti hafa keypt ¼ gr af kókaíni.

Af framansögðu er ljóst, að kærði Kristján hefur selt og dreift fíkniefnum til margra aðilja og í meira mæli en hann hefur þegar viðurkennt í skýrslum þeim, er hann hefur gefið hjá RLR. Rannsókn á þeim þætti máls þessa, er varðar sölu og dreifingu fíkniefna, er enn á frumstigi, og RLR hefur eigi reynst unnt að hafa upp á „Sigurði" þeim, er kærði kveðst hafa keypt af fíkniefni.

Brot þau, er kærði er grunaður um, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XVII. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940, og 173. gr. a sömu laga.

Með vísan til framanritaðs verður að telja rannsókn á sölu og dreifingu kærða á fíkniefnum sé hvergi nærri lokið og sú hætta fyrir hendi, að kærði spilli sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi.

Þykir rétt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 19. september 1984, kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Kristján Aðalsteinsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 19. september 1984, kl. 17:00.

Mánudaginn 10. september 1984.

Nr. 162/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Ragnari Erni Eiríkssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 með kæru 2. september 1984, en kærugögn bárust Hæstarétti 4. s.m.

Greinargerð hefur eigi borist Hæstarétti frá varnaraðilja, en ætla verður, að úrskurðurinn sé kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 1. september 1984.

Ár 1984, laugardaginn 1. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að kærða, Ragnari Erni Eiríkssyni, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. október nk., kl. 17.00.

Kærði var handtekinn aðfaranótt 31. ágúst sl. í bifreið, sem hann hafði tekið í heimildarleysi við Ljósheima, og var kærði ölvaður og réttindalaus.

Þá er kærði grunaður um að hafa stolið hljómtækjum úr bifreið við sömu götu þessa nótt. Með kærða var Sigrún Þorbjörnsdóttir, og hafa þau bæði viðurkennt að hafa brotist inn í skrifstofur RARIK við Súðavog sömu nótt og að hafa stolið þaðan ýmsu fémætu.

Þá eru nú til meðferðar hjá RLR önnur mál varðandi ýmis brot, sem kærði hefur viðurkennt að hafa framið, m.a. 4 innbrot í ýmis fyrirtæki og fölsun úr stolnu tékkhefti.

Kærði var á Litla Hrauni frá því í desember 1983 þar til 23. apríl sl., en þann 16. janúar 1984 strauk kærði þaðan ásamt öðrum, en náðist fljótt aftur. Það mál er nú til meðferðar hjá sýslumanni Árnessýslu.

Kærði hefur hvorki fastan samastað né atvinnu, og kveðst hann nú bíða eftir plássi á meðferðarstofnun vegna áfengissýki sinnar.

Kærði er síbrotamaður, sem stöðugt hefur verið í afbrotum allt frá 1977. Hann hefur 13 sinnum verið dæmdur, aðallega vegna ýmissa auðgunarbrota og nytjastuldar.

Þann 29. janúar 1983 var kærða veitt reynslulausn í 2 ár, en rauf skilorð reynslulausnarinnar sama ár.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, svo og 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða að fullu til greina, þar sem ella er hætta á, að hann haldi áfram afbrotaiðju sinni. Skal kærði því sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. október nk., kl. 17.00.

Kærði er m.a. sakaður um brot gegn 110. gr., 155. gr. svo og ýmis brot gegn XXVI. kafla l. nr. 19, 1940, sem geta varðað hann fangelsisrefsingu, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti gæsluvarðahaldi allt til miðvikudagsins 17. október 1984, kl. 17.00.

Mánudaginn 10. september 1984.

Nr. 163/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

Benedikt Jónssyni Sverrissyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 með kæru 2. september 1984, en kærugögn bárust Hæstarétti 4. s.m.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Sakavottorð varnaraðilja hefur verið lagt fyrir Hæstarétt. Staðfestir það, að rétt er greint í hinum kærða úrskurði, að varnaraðilja hefur ekki verið dæmd refsing fyrir brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, en árið 1980 sættist hann á greiðslu sektar fyrir brot gegn 244. gr., sbr. 256. gr. þeirra laga, svo og gegn 27. gr. umferðarlaga og 16. gr. áfengislaga.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 1. september 1984.

Ár 1984, laugardaginn 1. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að kærði, Benedikt Jónsson Sverrisson, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til miðvikudagsins 26. september n.k., kl. 17.00, með skírskotun til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærði hefur játað að hafa útfyllt og selt 4 eða 5 tékka, hvern að fjárhæð ca. 2.500 kr. úr ávísanahefti, sem stolið var úr veski í vasa Magnúsar G. Magnússonar á veitingahúsinu Óðali sl. föstudag. Í seðlaveski Magnúsar var auk framangreinds heftis annað ávísanahefti, og hafa tvö blöð horfið úr því hefti, og ávísanir hafa komið fram úr báðum þessum heftum. Einungis ein ávísananna er nú í vörslu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Kærði kveðst ekki vita, hver lét hann hafa framangreint ávísanahefti, en það hafi borist sér í hendur á Hlemmi, og var hann þá ölvaður.

Ennfremur hefur kærði nú fyrir dóminum játað að hafa tekið þátt í innbroti í Sædýrasafnið í Hafnarfirði í sl. viku ásamt fleirum nafngreindum piltum.

Rannsókn mála þessara er ekki lokið.

Kærði sætti gæsluvarðhaldi frá 15. maí sl. til 13. júní sl. vegna gruns um ýmis afbrot. Kærði hefur ekki fastan samastað. Hann hefur ekki fasta atvinnu og óljóst er, með hverjum hætti hann hefur haft ofan fyrir sér á sl. vikum, en kærði hefur borið, að hann hafi m.a. unnið við húsaviðgerðir hér og þar og bílaviðgerðir.

Sakavottorð kærða liggur ekki frammi, og eftir því, sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur komist næst, hefur hann ekki enn hlotið dóm fyrir hegningarlagabrot.

Með hliðsjón af því, sem að framan segir, og vísan til 1. og 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, svo hann með óskertu frelsi geti ekki spillt sakargögnum eða haft áhrif á samseka eða vitni. Hins vegar þykja ekki efni til að úrskurða kærða í gæsluvarðhald á grundvelli 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Sæti kærði gæsluvarðhaldinu allt til miðvikudagsins 12. september n.k., kl. 17.00.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Benedikt Jónsson Sverrisson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. september 1984, kl. 17.00.

Mánudaginn 24. september 1984.

Nr. 16/1982. **Fasteignaþjónustan s/f**
(Ragnar Aðalsteinsson, hrl.)
gegn
Helga Sigurðssyni
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Fasteignaviðskipti. Söluþóknun. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s.m. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 12.200.00 krónur með dómvöxtum skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 frá 21. október 1980 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að honum verði eingöngu dæmt að greiða áfrýjanda 3.150.00 krónur ásamt dómvöxtum frá 21. október 1980 og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Í héraði höfðaði áfrýjandi mál þetta gegn stefnda svo og Ragnari Kristinssyni, en málinu er eingöngu áfrýjað að því er varðar hinn fyrrnefnda.

Kröfur áfrýjanda hér fyrir dómi eru einskorðaðar við þóknun fyrir sölu fasteignar og eru þær eigi að neinu leyti reistar á almennu skaðabótareglunni.

Ósannað er, að stefndi hafi í orði eða verki falið áfrýjanda að selja íbúð sína að Safamýri 19 í Reykjavík, en áfrýjandi ber sönnunarbyrði í því efni. Svo sem mál þetta horfði við aðiljum, skipti það ekki máli, þótt stefndi yrði við tilmælum Þorsteins Steingrímssonar um, að viðskiptavinur áfrýjanda, Ragnar Kristinsson, fengi að skoða íbúð stefnda með kaup í huga. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fasteignaþjónustan s/f, greiði stefnda, Helga Sigurðssyni, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. september 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. september sl., hefur Fasteignaþjónustan **s.f., Austurstræti 17, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með**

stefnu, birtri 17. og 20.október 1980, gegn Helga Sigurðssyni, Skaftahlíð 5, Reykjavík, og Ragnari Kristinssyni, Safamýri 19, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð gkr. 1.220.000 ásamt dómvöxtum skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 af stefnufjárhæðinni frá 1. júní 1980 til greiðsludags og málskostnaðar að mati réttarins.

Til vara er krafist, að báðir stefndu greiði stefnanda in solidum gkr. 976.000 í skaðabætur ásamt dómvöxtum skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 frá 1. júní 1980 til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins.

Stefndi Helgi krefst aðallega algjörrar sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara, að honum verði einungis gert að greiða stefnanda gkr. 315.000 og málskostnaður látinn niður falla.

Stefndi Ragnar krefst algjörrar sýknu af öllum kröfum stefnda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi, sem rekur fasteignasölu í Reykjavík, kveður málavexti vera þá, að hann hafi um 25. janúar 1980 haft samband við stefnda Helga vegna fasteignaviðskipta. Í umræðum um þau viðskipti hafi komið fram, að stefndi Helgi taldi sig þurfa að selja íbúð sína að Safamýri 19, Reykjavík. Þann 26. janúar 1980 hafi Þorsteinn Steingrímsson, einn eigenda og starfsmanna Festeignaþjónustunnar s.f., hringt til stefnda Helga og spurst fyrir um, hvort stefndi Helgi vildi leyfa manni að skoða íbúð hans að Safamýri 19, en hann væri líklegur til að kaupa íbúð hans og væri með möguleg kaup í huga. Stefndi Helgi hafi játað því og hafi verið ákveðinn skoðunartími í samráði við stefnda Ragnar. Að lokinni skoðun stefnda Ragnars á íbúðinni þann 27. janúar hafi stefndi Ragnar lýst því yfir, að hann hefði áhuga á kaupum á íbúðinni, og hafi hann rætt nánar en áður um greiðsluatriði kaupanna.

Næstu daga hafi áðurnefndur Þorsteinn verið daglega í símasambandi við stefnda Helga til að gefa upplýsingar um og benda á eignir, sem stefndi Helgi kynni að hafa áhuga á að kaupa.

Á einhverjum fyrstu dögum febrúarmánaðar 1980 hafi stefndi Ragnar haft samband við Þorstein og sagt honum, að nú væri stefndi Helgi tilbúinn að móttaka tilboð frá sér og jafnframt að hann væri búinn að stilla upp á blað greiðslumöguleikum sínum. Þorsteinn og stefndi Ragnar hafi rætt um, að stefndi Ragnar kæmi til Þorsteins og gengi þar frá tilboði til Helga, en úr því hafi ekki orðið.

Af hálfu stefnanda sé talið, að stefndi Helgi hafi sett það skilyrði í sam-

bandi við sölu á íbúðinni að Safamýri 19, að stefndi Ragnar yrði að ganga frá samningi fyrir milligöngu Skarphéðins Þórissonar lögmanns.

Þorsteinn Steingrímsson, annar eigenda Fasteignaþjónustunnar s.f., hefur komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að hann hefði verið í símasambandi við stefnda Helga nokkuð oft og hefðu þeir rætt um bæði kaup og sölu fasteigna fyrir hann. Hafi í þeim umræðum komið upp vangaveltur um það, hvað hans eign væri mikils virði. Helgi hafi gefið Þorsteini upp þá punkta, sem hann treysti sér í að kaupa miðað við upplýsingar, sem Þorsteinn hafði gefið honum um söluverðmæti eignar hans. Hafi Þorsteinn talið það algeran grundvöll fyrir kaupgetu Helga, að hann seldi íbúð sína í Safamýri. Ekki hafi verið gerður skriflegur samningur milli stefnda Helga og stefnanda við kaup eða sölu á fasteign fyrir stefnda Helga. Slíkt sé ekki venja í fasteignaviðskiptum. Mætti kvaðst líta svo á, að stefndi Helgi hefði falið sér berum orðum sölu á íbúð sinni, þar sem mætti hefði hringt til hans, þegar stefndi Ragnar kom til hans, og spurt hann, hvort hann hefði áhuga á að sýna kaupanda, sem væri staddur á skrifstofu mætta, íbúð sína í því sjónarmiði að selja og geta þá fest kaup á raðhúsi, sem mætti hafði boðið stefnda Helga. Ekki hafi verið beinlínis rætt út, þannig að Fasteignaþjónustan ætti ein að sjá um sölu á íbúð stefnda Helga, en stefndi Helgi hafi tekið á móti þessari bón mætta og sagt það vera sjálfsagt að sýna hans kaupanda íbúðina. Það hljóti að vera flestum ljóst, að tekjumöguleikar fasteignasala byggist ekki á því að senda seljendum kaupendur án þess að fá nokkra umbun fyrir það.

Mætti kvað viðskipti sín við stefnda Ragnar hafa verið á þá leið, að stefndi Ragnar hafi óskað eindregið eftir því við mætta, að hann fyndi fyrir sig eign í Safamýri eða svipuðum slóðum. Þá hafi orðið úr, að mætti hringdi í stefnda Helga og kom á þessu sambandi. Kvaðst mætti telja sig hafa verið að vinna eins fyrir stefnda Ragnar að því að útvega honum fasteign til kaups. Stefndi Ragnar hafi síðan skoðað eignina og að því loknu hafi hann strax haft samband við mætta og lýst miklum áhuga á að kaupa eignina og hafi hann óskað eftir því, að mætti kæmi heim til sín að verðmeta íbúð eða íbúðir, sem hann ætti í Dalseli, til þess að kanna möguleika á kaupum. Næst hafi það gerst, að Ragnar seldi sínar íbúðir og Helgi hætti við kaup á húsi, sem mætti hafði boðið honum í Álftamýrinni. Hann hafi fundið sér annað hús. Einn dag hafi stefndi Ragnar síðan hringt í mætta og tjáð honum, að stefndi Helgi hefði hringt sig og óskað eftir, að tilboð kæmi í íbúð sína, og hafi stefndi Ragnar beðið mætta að aðstoða sig við að stilla því upp. Ragnar hafi þó ekki komið til mætta á ákveðnum tíma og við eftirgrennslan hafi stefndi Ragnar látið í það skína, að sér hafi verið stillt upp við vegg með það að fara ekki til mætta með tilboðið, heldur

hafi hann átt að mæta hjá stefnda Helga og ganga frá þessu eða lögmanni Helga.

Mætti kvað tekjumöguleika fasteignasölu nær einvörðungu byggjast á sölulaunum, þannig að engin þóknun sé greidd fyrir íbúð á söluskrá hjá fasteignasölu, nema takist að selja hana, skapa samband milli kaupenda og seljenda, eins og t.d. í þessu tilvik. Mætti kvað sjaldgæft, að þjónusta við kaupanda sé verðlögð, nema samið sé sérstaklega um það fyrirfram. Ekki hafi verið samið um neina þóknun fyrirfram við stefnda Ragnar fyrir að finna fyrir hann íbúð, en mætti kvaðst telja, að samningur hafi verið kominn á milli sín og stefnda Ragnars um, að hann útvegaði honum eign til kaups.

Mætti kvaðst telja, að með því að samþykkja að taka á móti kaupanda frá Fasteignaþjónustunni hafi stefndi Helgi falið fasteignasölunni beinlínis að selja fyrir sig eignina og sjá um skjalagerð. Það sé ekki venja, að fasteignasölu sé falin sala á íbúð, án þess að skjalafrágangur fylgi með í þeirri þjónustu.

Mætti kvað fasteignina að Safamýri 19 ekki hafa verið skoðaða eða verðmetna af starfsmönnum Fasteignaþjónustunnar öðru vísi en að mætti hafi keyrt fram hjá eigninni strax eftir fyrsta símtal þeirra Helga, áður en hann fól Fasteignaþjónustunni að selja eignina. Helgi hafi gefið sér lýsingu á eigninni og hafi mætti verðlagt hana í grófum dráttum. Hafi söluverð eignarinnar verið eitthvað nálægt því, sem mætti stakk upp á. Í fasteignaviðskiptum sé það venjan, að seljandi fasteignar greiði söluþóknun.

Stefndi Helgi hefur komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að hann hefði verið að leita sér að fasteign til kaups og hefði hann í því skyni haft samband við ýmsar fasteignasölur, m.a. Fasteignaþjónustuna s.f., og beðið hana að láta sig vita, ef einhver eign, sem gæti hentað honum, kæmi inn til þeirra til sölu. Í framhaldi af því hafi Þorsteinn Steingrímsson hringt í sig og tjáð sér, að hann væri með fasteign í Álftamýri. Hann kvað sér hafa fundist verðið nokkuð hátt. Hann kvaðst hafa verið að kanna eða þreifa fyrir sér með hugsanlega aðra íbúð án þess að hafa verið búinn að setja sína íbúð í sölu og hafi hann ekki ætlað að setja sína íbúð í sölu, fyrr en hann hefði fundið eitthvað, sem hentaði sér. Hann kvaðst hafa ákveðið strax í upphafi að selja íbúðina sjálfur, þar sem hann hafi vitað, að hún myndi verða mjög seljanleg og seljast fljótt. Þegar Þorsteinn hringdi í mætta og sagði honum frá íbúðinni í Álftamýri, hafi hann jafnframt sagt, að hjá sér væri maður, Ragnar Kristinsson, sem ætti íbúð, sem hugsanlega myndi henta fyrir þennan aðilja í Álftamýrinni. Þorsteinn hafi spurt mætta, hvort hann vildi ekki skoða íbúðina í Álftamýrinni og hafi mætti svarað, að það gæti verið fróðlegt að skoða hana. Mætti hafi ennfremur svarað

því til, að það væri allt í lagi, að þessi Ragnar kæmi og skoðaði sína íbúð, það sakaði ekki. Kvaðst mætti þá hafa haft í huga, að ef til greina kæmi, að hann keypti íbúðina í Álftamýrinni, þá gæti það eitthvað hliðrað þeirri sölu (sic).

Mætti kvaðst aldrei hafa falið Fasteignaþjónustunni að selja íbúðina að Safamýri 19, það hafi aldrei komið til tals. Í fyrsta lagi hefði hún aldrei verið skoðuð af Fasteignaþjónustunni og hann hefði aldrei beðið hana að selja hana fyrir sig. Mætti kvaðst ekki hafa reiknað með að þurfa að greiða sölulaun af íbúðinni, þegar sölumaðurinn bauð honum hugsanlegan kaupanda til að skoða íbúðina, þar sem hann hefði litið svo á, að þetta myndi hliðra til við sölu annarra íbúða (sic). Ekki hafi verið minnst á endurgjald fyrir þetta, enda hafi mætti ekki verið kominn með sína íbúð í sölu. Aldrei hafi verið um það talað, að sölumaðurinn kæmi og skoðaði íbúðina og verðlegði hana. Sölumaðurinn hafi ekki aðstoðað hann við að verðleggja íbúðina öðru vísi en í gegnum síma á svipaðan hátt og aðrir fasteignasalar hefðu gert. Íbúðin hafi síðan verið seld á svipuðu verði og fasteignasalar hefðu verðlagt hana á þennan hátt. Söluverðið hafi verið gkr. 63.000.000. Mætti kvað mág sinn, Skarphéðinn Þórisson, hafa gengið frá skjölum málsins og hafi hann enga þóknun fengið fyrir. Ekki hafi verið minnst á það við Þorstein, að Skarphéðinn Þórisson myndi sjá um samningsgerð af mætta hálfu, þar sem mætti hafi þá ekki verið í þeim hugleiðingum að selja, heldur hafi hann verið að leita að íbúð fyrir sig. Mætti kvaðst aðspurður aldrei hafa selt fasteign áður fyrir utan hluta úr fokheldri íbúð í kjallara í Safamýrinni, sem hann hafi selt ásamt bróður sínum, og hafi sú íbúð verið seld í gegnum fasteignasölu Vagns Jónssonar.

Mætti kvað það rétt, að hann hefði afdráttarlaust tilkynnt stefnda Ragnari, að stefnandi væri ekki með íbúð hans í sölu og þar af leiðandi væri honum aðeins rétt að beina tilboðum til sín. Mætti kvaðst hafa hringt í stefnda Ragnar, þegar hann var búinn að kaupa, og sagt honum, að nú myndi hann fara að selja. Ragnar hafi síðan komið til hans um kvöldið með tilboð í íbúðina. Við athugun á tilboðinu hafi mætti síðan séð, að það myndi vera honum hagstætt vegna kaupa sinna á íbúðinni í Skaftahlíð.

Stefndi Ragnar hefur komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að hann hefði verið að leita sér að fasteign í Háaleitishverfi og að hann hefði hitt Þorstein Steingrímsson úti á götu og hafi Þorsteinn þá sagt sér frá raðhúsi, sem hann hefði verið að fá. Næsta dag hafi mætti komið til Þorsteins og sagt honum, að þetta raðhús kæmi ekki til greina af sinni hálfu. Þá hafi Þorsteinn bent sér á þennan möguleika með Safamýri 19. Hann hefði hugsanlegan kaupanda og gæti þá verið þarna keðjuverkun, þannig að kaupandi eða þessi seljandi raðhússins gæti hugsanlega tekið upp í aðra búð mætta. Mætti kvað það ekki hafa komið skýrt fram, hvort sölumaður-

inn væri með Safamýri 19 í sölu. Ekkert hafi verið rætt um tilboðsgerð í Safamýrina. Mætti kvaðst hafa falið stefnanda sínar eignir til sölu og hafi sölumaðurinn komið á staðinn og metið sínar eignir. Ekki hafi annað verið rætt um greiðslugetu mætta.

Mætti kvað ekki hafa nákvæmlega verið rætt um verð á Safamýraríbúðinni, hins vegar hafi þeir rætt um stærðargráðu á verði og hafi hún verið 55 - 65 milljónir á þessum tíma.

Mætti kvaðst hafa verið í sambandi við Þorstein og hafi þeir rætt um að hittast og punkta niður og gera kauptilboð. En í millitíðinni hafi það gerst, að stefndi Helgi féll frá Álftamýrar-raðhúsinu og hafi hann skýrt sér frá því, að Fasteignaþjónustan hefði ekki lengur umboð til að selja sína eign. Sérstaklega aðspurður kvað mætti stefnda Helga ekki hafa orðað það þannig, heldur hefði hann sagt, að hann ætlaði sér að selja beint og Skarphéðinn Þórisson myndi annast skjalagerð. Mætti kvað stefnda Helga ekki beinlínis hafa gefið sér til kynna, að Fasteignaþjónustan hefi umboð til að annast sölu á húsi hans, meðan Álftamýrarraðhúsið væri á döfinni, heldur hafi hann gengið út frá því, þar sem hann, mætti, hefði verið „kúnni" Fasteignaþjónustunnar. Mætti kvað sér hafa verið ljóst, að hann hefði farið á vegum stefnanda til að skoða íbúðina í Safamýri 19. Mætti kvaðst ekki hafa sagt Þorsteini að stefndi Helgi hefði tjáð sér, að hann hefði ákveðið að selja sína íbúð sjálfur.

Mætti kvaðst ekki hafa gert samkomulag við Helga um að ganga fram hjá Fasteignaþjónustunni með það fyrir augum að lækka kaupverð á Safamýri 19. Sölulaun hafi aldrei verið rædd þeirra á milli.

III.

Stefnandi styður aðalkröfur sínar þeim rökum, að hann hafi komið á viðskiptasambandi milli stefnda Helga og stefnda Ragnars um sölu á íbúð stefnda Helga til stefnda Ragnars fyrir um gkr. 61.000.000 og beri stefnanda sölulaun samkvæmt almennum reglum skv. gjaldskrá L.M.F.Í., 2% af söluverði, sbr. og 6. gr. laga nr. 47/1938. Stefnandi hafi ætíð verið reiðubúinn að ganga frá skjölum vegna viðskiptanna. Óumdeilt sé, að stefnandi hafi komið á þessu sambandi. Ekki sé þörf á að skoða fasteign, ef góðar upplýsingar komi fram í síma og fasteignin sé skoðuð að utan. Þá geti glöggir fasteignasalar hæglega verðlagt eignina réttilega.

Kröfu sé beint gegn báðum stefndu vegna þess, að fyrir liggi, að atbeina beggja stefndu hafi þurft til að halda stefnanda frá málinu, svo sem við gerð skjala, greiðslur milli stefndu og með því að neita að upplýsa um mikilsverð atriði í sambandi við málið. Með vísan til hinnar almennu reglu skaðabótaréttarins um að tveir menn, sem vinni bótaskylt verk saman, skuli báðir skaðabótaskyldir in solidum, sé bæði seljanda og kaupanda stefnt

og sé krafa stefnanda gegn stefnda Ragnari ekki byggð á samningssambandi milli þeirra, heldur einungis skv. almennu skaðabótareglunni.

Einnig komi til, að erfitt geti orðið að sundurgreina, hvað hvor aðili kunni að hafa hagnast og hversu mikið í viðskiptum vegna þess, að ákveðið hafi verið að ganga fram hjá fasteignasala, sem var milligönguaðili um viðskiptin, og ráðgert hafi verið að fella niður þóknun til hans.

Varakrafa stefnanda er reist á sömu sjónarmiðum og aðalkrafan með þeirri breytingu þó a.m.k. 80% af rekstrarkostnaði fasteignasölu sé við að ná sambandi milli þeirra kaupenda og seljenda, sem leiðir til sölu og skapar tekjur fyrir stefnanda. Aðstoð við endanlega gerð samninga og frágangur skjala séu uppfyllingarverk, sem ekki sé greitt fyrir af hálfu stefnanda sérstaklega nema þóknun lögmanns, sem sé verulega innan við 20% af heildarfjárhæð sölulauna hjá stefnanda. Varakröfufjárhæðin sé því 80% af fullum sölulaunum.

Stefndi Helgi styður kröfur sínar þeim rökum, að hann hafi aldrei falið stefnanda að selja íbúð sína og þar af leiðandi hafi hún hvorki verið skoðuð né verðmetin af sölumönnum hans og þaðan af síður auglýst. Því sé harðlega mótmælt, að samþykki stefnanda fyrir því, að Ragnar Kristinsson fengi að skoða íbúð hans í upphafi hafi jafngilt beiðni um sölumeðferð íbúðarinnar. Stefndi Helgi hafi litið svo á, að skoðun þessi hafi verið nauðsynlegur hlekkur í hugsanlegum kaupum hans á raðhúsinu nr. 27 við Álftamýri. Stefnandi hafi hvorki farið fram á söluumboð né hafi þess verið óskað af hálfu stefnda Helga. Stefnandi verði að sýna fram á, að hann hafi fengið skriflegt eða munnlegt umboð til að selja íbúð stefnda Helga. Það sé grundvallaratriði, að söluumboð sé ótvírætt hjá fasteignasölum.

Varakröfu sína byggir stefndi Helgi á sáttaboði, sem stefnanda hafi verið gert og staðfest hafi verið með bréfi, dags. 21. apríl sl. Boð þetta hafi einungis verið gert í sáttaskyni og án þess að í því fælist samþykki á forsendum kröfugerðar stefnanda. Forsenda varakröfu sé byggð á Hrd. 1979:158, en skv. því verði sáttaboðið að skoðast sem gott tímakaup miðað við þá vinnu, sem stefnandi lét í té.

Því sé mótmælt, að samsæri hafi verið fyrir hendi milli stefnda Helga og stefnda Ragnars. Íbúðin hafi verið seld á gkr. 63.000.000 og því hafi stefndi Ragnar alls ekki hagnast á því að ganga fram hjá stefnanda, þar sem stefnandi hafi sennilega nefnt töluna gkr. 61.000.000 í símtali.

Stefndi Ragnar styður kröfur sínar þeim rökum, að ekkert réttarsamband hafi stofnast milli hans og stefnanda í máli þessu, þannig að stefnandi geti ekki byggt bótakröfu sína á samningi eða réttarreglum.

Skaðabótakröfu sé alfarið mótmælt sem órökstuddri. Stefndi Ragnar hafi ekki leitað til stefnanda um aðstoð við skjalagerð, þar sem stefndi Helgi hafði tjáð honum, að stefnandi hefði ekki umboð til sölu íbúðarinn-

ar. Ekki hafi verið gerður samningur við stefnda Helga um að ganga fram hjá stefnanda við sölu íbúðarinnar í því skyni að hagnast á því.

IV.

Óumdeilt er, að stefndi Ragnar fól stefnanda að finna fyrir sig án endurgjalds fasteign til kaups og að stefnandi hafði í því skyni samband við stefnda Helga, sem leiddi til þess, að kaupsamningur komst á milli þeirra. Þá er upplýst, að stefndi Helgi fól stefnanda aldrei berum orðum að selja fyrir sig íbúð sína. Stefnandi byggir kröfu sína á hendur honum annars vegar á því, að stefndi Helgi hafi falið sér íbúð sína til sölu með því að samþykkja, að stefndi Ragnar fengi að skoða íbúð hans með möguleg kaup í huga og að stefnda Helga hafi mátt vera þetta ljóst. Hins vegar byggir stefnandi kröfur sínar gegn báðum stefndu á almennu skaðabótareglunni.

Gegn andmælum stefnda Helga og með vísan til rökstuðnings hans svo og þess, sem upplýst er í málinu, verður að telja ósannað, að nokkurt réttarsamband hafi komist á milli stefnda Helga og stefnanda. Grundvöllur skaðabótakröfu stefnanda á hendur honum er því ekki fyrir hendi, hvorki innan samninga né skv. almennu skaðabótareglunni. Ber því að sýkna stefnda Helga af öllum kröfum stefnanda.

Með sömu rökum ber að sýkna stefnda Ragnar af skaðabótakröfu stefnanda.

Hæfilegt þykir, að stefnandi greiði hvorum hinna stefndu kr. 3.400.00 í málskostnað.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Helgi Sigurðsson og Ragnar Kristinsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Fasteignaþjónustunnar s.f.

Stefnandi, Fasteignaþjónustan s.f., greiði stefnda Helga Sigurðssyni kr. 3.400.00 í málskostnað og stefnda Ragnari Kristinssyni kr. 3.400.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. október 1984.

Nr. 89/1984. **Gunnar H. Sigurbjörnsson og Eiður H. Haraldsson persónulega og f.h. Háfells s/f**
gegn
Karl Dieter Feurig

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Gunnar H. Sigurbjörnsson og Eiður H. Haraldsson persónulega og f.h. Háfells s/f, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. október 1984.

Nr. 109/1984. **Sverrir Ragnars og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f**
gegn
Þráni Stefánssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Sverrir Ragnars og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. október 1984.

Nr. 136/1984. **Garðar Lárusson**
gegn
Sunnu Borg og
Hildi Hálfdánardóttur og
Friðgeiri Guðmundssyni til réttargæslu

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Garðar Lárusson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. október 1984.

Nr. 161/1984. **Steingerður Pálmadóttir og**
Sara Valdimarsdóttir
gegn
Hermanni Herbertssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Steingerður Pálmadóttir og Sara Valdimarsdóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 390.00 krónur í útivistargjald til ríkissjóðs, ef þær vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. október 1984.

Nr. 10/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Björgvin Kristjánssyni
(Jón Oddsson, hrl.)

Hilming.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 27. desember 1983. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun og málsvarnarlaun, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Björgvin Kristjánsson greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. september 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 22. september var á dómþingi Sakadóms, sem háð var í Borgartúni 7 í Reykjavík, af Ármanni Kristinssyni, sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 415-416/1983: Ákæruvaldið gegn Björgvini Krisjánssyni og R, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. apríl 1983, gegn ákærða ,,Björgvini Kristjánssyni, Borgartúni 32, Reykjavík, fæddum 3 nóvember 1956 þar í borg, og R fyrir hilmingu með því að hafa, laugardagskvöldið 20. júní 1981, farið með B, að bifreiðinni R-27760,

sem stóð á Fríkirkjuvegi í Reykjavík, og sótt í hana 2 kassa af gosdrykk og tvær dósir af skinku, sem ákærðu vissu, að B hafði stolið með öðrum mönnum, flutt á Hverfisgötu 58 í Reykjavík og neytt þar matvælanna.

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða Björgvins Þórs Kristjánssonar hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

[Sakavottorð tilgreinir engan refsidóm, en sex sektargreiðslur ákveðnar með dómsátt].

— — —

Málsatvik eru þessi:

Ákærðu hafa báðir skýlaust játað fyrir dómi, að þeir hafi að kvöldi laugardagsins 20. júní 1981 farið með manni að nafni B að bifreiðinni R-27760, sem stóð á Fríkirkjuvegi í Reykjavík; tekið þar tvo gosdrykkjakassa og tvær skinkudósir, farið með þær að Hverfisgötu 58 og neytt þeirra þar, enda þótt þeim hafi verið kunnugt um, að nefndur B hefði fyrr um daginn komist yfir matvæli þessi á refsiverðan hátt.

Með eigin játningum ákærðu, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar refsingu samkvæmt 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Refsing ákærða Björgvins ákveðst fangelsi 30 dagar. Þar sem ákærði hefur ekki áður verið dæmdur sekur um auðgunarbrot, þykir eftir atvikum mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Refsing ákærða R þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi 30 dagar.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan sakarkostnað in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Björgvin Kristjánsson sæti fangelsi 30 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr.laga nr. 22, 1955.

Ákærði R sæti fangelsi 30 daga.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. október 1984.

Nr.246/1982. **Hátún 6 h/f**
(Ólafur Þorláksson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
og gagnsök
(Guðmundur Vignir hrl.)

Tekjuskattur. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. desember 1982. Dómkröfur hans eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framgang lögtaks. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. desember 1982. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur með þeirri breytingu, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði. Gagnáfrýjandi krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur aðaláfrýjandi lagt nokkur ný gögn, þar á meðal ársreikning aðaláfrýjanda 1979 svo og skattframtal hans 1980 og álagningarseðil fyrir sama ár.

Í inngangi að athugasemdum með frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 40/1978 segir m.a. svo í kaflanum: Fyrningar og söluhagnaður: „Frumvarpið gerir ráð fyrir að ekki verði heimilt að fyrna íbúðarhúsnæði, hvorki í eigu lögaðila né manna." Í athugasemdum við 32. gr. frumvarpsins segir m.a. svo: „Beinlínis er tekið fram um (sic) að ræktun á bújörðun sé fyrnanleg og sú breyting á gerð að ekki er heimilt að fyrna íbúðarhúsnæði."

Þegar þetta er haft í huga, þykir ekki unnt að túlka orðið „íbúðarhúsnæði" í 32. og 38. gr. laganna svo þröngt, að það taki einungis til þess húsnæðis, sem eigandi býr í sjálfur, en ekki til íbúðarhúsnæðis, sem leigt er út í atvinnurekstrarskyni.

Aðrar þær málsástæður, sem aðaláfrýjandi hefur fært fram og raktar eru í héraðsdómi, þykja ekki leiða til þess, að kröfur hans verði teknar til greina.

Breyting skattstjóra á framtali aðaláfrýjanda 1981 verður því að teljast hafa verið heimil, enda var hún gerð í samræmi við ákvæði 95. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir verða að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 15. desember 1982.

Lögtaksmál þetta var tekið til úrskurðar 8. desember 1982. Gerðarbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík, en gerðarþoli er Hátún 6 h/f., nafnnúmer 3808-0326. Páll Þorsteinsson borgarfógeti kvað upp úrskurðinn.

Aðiljar hafa ekki krafist þess, að forsendur fylgi ályktunarorði fógeta í greinargerðum eða við flutning málsins, en umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur utan réttar óskað þess af fógeta. Fógeti telur því rétt að gera stuttlega grein fyrir málflutningi aðilja, en ítarlega greinargerð um málsástæður er að finna í skjölum málsins, einkum í rskj. nr. 6, sem er rökstuðningur gerðarþola með kæru til skattstjóra, og rskj. nr. 7, sem er úrskurður skattstjóra.

Þann 18. janúar 1982 fór gerðarþoli þess á leit við fógeta, að synjað yrði kröfu gerðarbeiðanda um lögtak hjá gerðarþola, en almennur lögtaksúrskurður vegna vangoldinna opinberra gjalda samkvæmt gjaldheimtuseðli árið 1981 var kveðinn upp 17. ágúst 1981 og birtur í dagblöðum.

Endanlegar kröfur gerðarbeiðanda, eins og þær komu fram í greinargerð hans og við munnlegan flutning, eru , að lögtak verði gert hjá gerðarþola til tryggingar eftirstöðvum tekjuskatts gerðarþola gjaldárið 1981 að fjárhæð kr. 67.936.00 ásamt 4.5% mánaðarvöxtum frá 1. 10. 1981 til 20. 4. 1982, 4% mánaðarvöxtum frá 21. 4. 1982 til 31. 10. 1982 og 5% mánaðarvöxtum frá 1. nóvember 1982 til greiðsludags og málskostnaði að mati fógeta. Kröfur gerðarþola eru, að synjað verði um lögtak og honum úrskurðaður málskostnaður að mati fógeta.

Aðiljar voru ásáttir um, að málið hvíldi fyrst, uns kæra gerðarþola til skattstjóra yrði afgreidd, og síðan þar til úrskurður ríkisskattanefndar um ágreiningsefni gerðarþola við skattyfirvöld væri upp kveðinn.

Með úrskurði 24. mars 1982 hafnaði skattstjóri að falla frá niðurfellingu fyrningar að fjárhæð gkr. 13.935.548, en ekki er deilt um, að breyting þessi á skattframtali gerðarþola hafði í för með sér, að tekjuskattur hans varð kr. 67.936.00 hærri en orðið hefði, ef frádráttur hefði verið leyfður.

Úrskurður ríkisskattanefndar 24. sept. 1982 er svolátandi:

„(Fjárhæðir eru í gkr. nema annað sé fram tekið).

Kærð er álagning opinberra gjalda gjaldárið 1981.

Skattstjóri gerði þá breytingu á skattframtali kæranda að fella niður úr frádráttarlið rekstrarreiknings fyrningu af íbúðarhúsnæði sem kærandi leigir út, alls kr. 13.935.548.00.

Breyting þessi var kærð til skattstjóra, en hann synjaði kærunni m.a. með þeim rökstuðningi, að íbúðarhúsnæði væri ekki fyrnanlegt sbr. 32. gr. og 38. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og skipti eigi máli hvort íbúðarhúsnæði væri í eign félaga eða manna, eða útleiga íbúðarhúsnæðis væri flokkuð sem atvinnurekstur.

Umboðsmaður kæranda hefur skotið þessu máli til ríkisskattanefndar með bráðabirgðakæru, dags. 20. apríl 1982. Frekari rökstuðningur barst með bréfi, dags. 15. júlí 1982. Eru þar ítrekaðar fyrri kröfur um niðurfellingu fyrninga að upphæð kr. 13.935.548.00 og þá segir í kærunni, að skilgreina beri orðið íbúðarhúsnæði í 32. og 38. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt þannig að átt sé við íbúðarhúsnæði í eigu manna eins og það var skilgreint í E-lið 15. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt.

Af hálfu ríkisskattstjóra er með bréfi, dags. 11. ágúst 1982, krafist staðfestingar á úrskurði skattstjóra með vísan til forsendna hans.

Með vísan til 1. mgr. 32. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt er úrskurður skattstjóra staðfestur."

Gerðarþoli sætti sig ekki við niðurstöðu ríkisskattanefndar og heldur því fram, að ekki hafi verið gætt réttra aðferða hjá skattstjóra við niðurfellingu fyrningar í frádráttarliðum í skattframtali hans, auk þess hafi ekki verið efnisástæður fyrir niðurfellingunni.

Gerðarbeiðandi heldur fram, að rétt og löglega hafi verið staðið að álagningu á gerðarþola. Breytingar þær sem gerðar voru á framtali gerðarþola fyrir álagningu séu í samræmi við ákvæði 95. gr. laga 75/1981 um tekju- og eignarskatt og hafi honum verið tilkynnt um þær breytingar svo sem lög standi til, sbr. rskj. nr. 3. Auk þess telur gerðarbeiðandi, að gerðarþoli hafi fengið tækifæri og nægan frest til að koma að sínum sjónarmiðum við skattyfirvöld, þannig að hann sé ekkert vanhaldinn að þessu leyti.

Ágreiningsefni aðilja telur gerðarbeiðandi, að snúist um lögskýringu á orðinu íbúðarhúsnæði í 32. gr. og 38. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt, en þau séu samhljóða ákvæðum sömu greina í lögum nr. 40/1978. Hann telur, að átt sé við hvers konar íbúðarhúsnæði, sem svo megi kallast, án undantekninga. Hann telur, að óheimilt sé að skýra núgildandi lög með hliðsjón af framkvæmd og túlkun eldri laga, þar sem með lögum nr. 40/1978 hafi beinlínis verið horfið frá eldri reglum um skattlagningu íbúðarhúsnæðis. Ekki telur gerðarbeiðandi, að þessi breyting frá eldri lögum brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrár eða óskráð jafnréttissjónarmið.

Gerðarþoli telur, að skattstjóri hafi ekki gætt réttrar aðferðar, þegar hann breytti framtali gerðarþola með tilvísun til 95. gr. laga nr. 40/1978. Eins og á stóð, hafi skattstjóra borið að fara að ákvæðum 96. gr. sömu laga, þ.e. gefa gerðarþola tækifæri að koma að sínum skýringum áður, en skattstjóri breytti framtali hans. Ríkari skylda en ella hafi hvílt á skattstjóra, þar sem hann hafi ekki gert athugasemdir við framtal gerðarþola árið 1980 með sams konar færslum. Efnislega telur gerðarþoli, að leiguhúsnæði eins og hans sé ígildi atvinnurekstrarfjármuna, t.d. eins og verslunarhúsnæði í verslunarrekstri og veitingahús í veitingarekstri, og til að gætt sé samræmis í skattlagningu á atvinnurekstur þá eigi gerðarþoli að fá að telja fyrningu á leiguhúsnæði sínu til frádráttar frá skattskyldum tekjum, enda séu dæmi þess, að húsnæði eins og hótel, verbúðir og námsmannahúsnæði sé óátalið af skattyfirvöldum fyrnt. Gerðarþoli telur því, að skýra eigi orðið íbúðarhúsnæði í 32. gr. og 38. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, að átt sé við húsnæði, sem skattþegi búi sjálfur í og hafi raunar ekki að öðru verið stefnt að þessu leyti með þeim breytingum, sem urðu frá lögum nr. 68/1971 til laga nr. 40/1978. Gerðarþoli telur, að ef lög nr. 49/1978 fælu í raun það í sér, að hann mætti ekki fyrna húseign sína, væri það brot á stjórnarskránni.

Fógeti telur, að skattstjóri hafi farið formlega rétt að við að breyta skattframtali gerðarþola árið 1981 með vísun til 95. gr. laga nr. 40/1978. Framtal gerðarþola þarfnaðist ekki skýringar, heldur var það að mati skattstjóra á ákveðinn hátt í ósamræmi við gildandi lög.

Fógeti telur túlkun skattyfirvalda á 32. gr. laga nr. 40/1978 rétta.

Fógeti fellst þannig á kröfu gerðarbeiðanda um lögtak hjá gerðarþola á ábyrgð gerðarbeiðanda, en eftir atvikum þykir honum rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Lögtak fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda til tryggingar kr. 67.936.00 ásamt 4.5% mánaðarvöxtum frá 1. 10. 1981 til 20. 4. 1982,

4% mánaðarvöxtum frá 21. 4. 1982 til 31. 10. 1982 og 5% mánaðarvöxtum frá 1. nóvember 1982 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. október 1984.

Nr. 171/1982. **Örn Arason og**
Almennar Tryggingar h/f
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Guðmundi H. Gunnlaugssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
og
Örn Arason
gegn
Guðmundi H. Gunnlaugssyni
Ábyrgð h/f
(Logi Guðbrandsson, hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál. Áfrýjun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1982. Þeir krefjast þess sameiginlega, að fjárhæð sú, er stefnda Guðmundi H. Gunnlaugssyni var dæmd úr hendi þeirra með hinum áfrýjaða dómi, verði lækkuð um ⅔ hluta, eða í 16.864.88 krónur. Enn fremur krefst áfrýjandi Örn Arason þess einn, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum óskipt ⅔ hluta tjóns hans, eða 1.163.739.00 krónur með 27% ársvöxtum frá 15. september 1979 til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 25. febrúar 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá

þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma (dómvöxtum) til greiðsludags. Enn fremur krefjast áfrýjendur þess, ,,að vextir verði höfuðstólsfærðir 9. nóvember 1982 (ári eftir stefnubirtingardag) og vaxtavextir þannig reiknaðir.“ Loks krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Guðmundur H. Gunnlaugsson krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur að því er tekur til krafna hans í aðalsök í héraði, þó þannig, að honum verði dæmdir 27% ársvextir af dæmdri fjárhæð frá 14. septebmer 1979 til 15. nóvember 1979, en síðan sömu vextir og héraðsdómari dæmdi, þó með þeirri breytingu, að kveðið verði á um, að dæmdum vöxtum skuli bætt við höfuðstól einu sinni á ári, í fyrsta sinn 14. september 1980. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti vegna þessa þáttar málsins.

Stefndu Guðmundur H. Gunnlaugsson og Ábyrgð h/f krefjast þess sameiginlega, að héraðsdómur verði staðfestur að því er tekur til krafna áfrýjandans Arnar Arasonar á hendur þeim svo og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi þessa áfrýjanda. Til vara krefst stefndi Ábyrgð h/f þess, að hann verði eigi dæmdur til greiðslu hærri fjárhæðar en 240.000.00 króna ,,auk vaxta og málskostnaðar.“

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þeirra á meðal nýjar áætlanir Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings, dags. 21. og 22. f.m., um tjón áfrýjandans Arnar.

Stefndi Guðmundur H. Gunnlaugsson hefur ekki gagnáfrýjað málinu, og áfrýjendur áskildu sér ekki í áfrýjunarstefnu að mega bera fram kröfur eða málsástæður fyrir Hæstarétti umfram það, sem þeir báru fram í héraði. Þegar af þessum ástæðum er ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til, að þessir aðiljar fái komið að fyrir Hæstarétti hinum breyttu kröfum sínum um upphafstíma vaxta og vaxtareikninga.

Fyrir Hæstarétti andmæla áfrýjendur ekki tölulega fjárhæð fé-

bóta, er héraðsdómari dæmdi stefnda Guðmundi H. Gunnlaugssyni, eða vaxtakröfu hans.

Stefnda Guðmundi hefði verið skylt að gefa merki um breytta aksturs stefnu, er hann hugðist beygja inn á hinn svonefnda Kísilveg, eins þó að bjart hefði verið af degi, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga nr. 40/1968. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjendur, Örn Arason og Almennar Tryggingar h/f, greiði stefnda Guðmundi H. Gunnlaugssyni 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Örn Arason og almennar Tryggingar h/f, greiði stefnda Guðmundi H. Gunnlaugssyni 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hlutans að öðru leyti en því, er tekur til upphafstíma vaxta og útreiknings þeirra.

Slys þetta varð 14. september 1979. Það er réttarvenja í málum sem þessum að dæma vexti frá slysdegi. Í héraðsstefnu krafðist stefndi Guðmundur H. Gunnlaugsson hins vegar aðeins vaxta frá 15. nóvember 1979. Lögmaður stefnda Guðmundar lýsti yfir því í málflutningi fyrir Hæstarétti, að þetta stafaði af vélritunarvillu, og benti á, að í innheimtubréfi 25. júní 1980 hefði verið krafist vaxta frá slysdegi. Lögmaður áfrýjenda féllst á, að hin breytta vaxtakrafa fengi að komast að fyrir Hæstarétti, enda gerir hann samsvarandi kröfu sjálfur.

Samkvæmt 113. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 er heimilt að hækka kröfu frá því, sem getur í stefnu, ef gagnaðili samþykkir. Er þetta í samræmi við meginregluna um ráð-

stöfunarrétt aðilja á sakarefni. Í 58. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973 segir m.a., að í Hæstarétti skuli beita meginreglum laga um meðferð einkamála í héraði. Þar sem reglan um ráðstöfunarrétt aðilja á sakarefni er meginregla, tel ég, að dæma hefði átt stefnda Guðmundi vexti frá slysdegi, enda stendur 45. gr.laga um Hæstarétt því eigi í vegi, úr því að áfrýjendur samþykktu, að krafan kæmist að.

Að því er varðar útreikning á vöxtum þá krafðist stefndi Guðmundur þess, að honum yrðu dæmdir vaxtavextir, þannig að vextir yrðu lagðir við höfuðstól einu sinni á ári, í fyrsta sinn 14. september 1980. Í héraðsdómsstefnu gerði þessi stefndi kröfu um dómvexti frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Ég tel, að í kröfu um dómvexti skv. lögum nr. 56/1979 felist krafa um vaxtavexti, ella verða vextir ekki „jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, þannig að sem fyllst tillit sé tekið til varðveislu á verðgildi fjármagns," svo sem fyrir er mælt í 1. gr. nefndra laga.

Hér er því ekki um nýja kröfu að ræða fyrir Hæstarétti, heldur nánari útlistun á kröfu, sem þegar hefur verið gerð í héraðsdómsstefnu. Því tel ég, að taka hefði átt kröfu um vaxtavexti til greina, þannig að vextir verði lagðir við höfuðstól einu sinni á ári, í fyrsta sinn 29. júní 1982, þegar liðið er eitt ár frá stefnubirtingardegi, og síðan árlega á sama degi til greiðsludags.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. f.m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 29. júní 1981, af Guðmundi H. Gunnlaugssyni, Héðinsbraut 15, Húsavík, nafnnúmer 3069-0346, gegn Erni Arasyni, Hamarsstíg 3, Akureyri, nafnnúmer 9907-2989, og Almennum Tryggingum h/f, Reykjavík, nafnnúmer 0267-3363, til greiðslu skaðabóta óskipt að fjárhæð kr. 60.594.00 með 27% ársvöxtum frá 15. 11. 1979 til 1. 12. 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags og með hæstu dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Í ofangreindri aðalsök málsins hafa varnaraðiljar Örn Arason og Almennar Tryggingar h/f gert þær dómkröfur, að kröfur aðalstefnda verði lækkaðar verulega., en málskostnaðar er ekki krafist í aðalsökinni.

Með stefnu, birtri 24. nóvember 1981, höfðaði Örn Arason gagnsakarmál á hendur Guðmundi H. Gunnlaugssyni. Jafnframt stefndi hann Ábyrgð h/f inn í málið. Í þessum hluta málsins krefst gagnstefnandi, Örn Arason, þess, að Guðmundur H. Gunnlaugsson og Ábyrgð h/f greiði honum in solidum kr. 1.163.739 með 27% ársvöxtum frá 15. 11. 1979 til 1. 12. 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu dómvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Í þessum þætti málsins krefjast varnaraðiljar, Guðmundur H. Gunnlaugsson og Ábyrgð h/f, sýknu af öllum kröfum gagnstefnandans, Arnar Arasonar, og málskostnaðar úr hans hendi.

Sáttaumleitanir af hálfu dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Föstudaginn 14. september 1979 skömmu fyrir kl. 23.54 ók aðalstefnandi, Guðmundur H. Gunnlaugsson, vörubifreið sinni, Þ-14, eftir þjóðvegi nr. 85, Aðaldalsvegi í Suður-Þingeyjarsýslu, en bifreið þessi var skyldutryggð hjá Ábyrgð h/f. Aðalstefnandi var að koma úr Fjallarétt, en þar tók hann 84 kindur, sem hann flutti á vörupalli bifreiðarinnar, en segl var breitt yfir meginhluta vörupallsins. Hugðist hann aka að Skógarrétt í Reykjahverfi. Gæslumaður, Tryggvi Óskarsson, var á vörupallinum til að annast féð. Er aðalstefnandi hafði ekið um 55-60 km og var á nefndum þjóðvegi á móts við afleggjarann heim að bænum Laxamýri og nálgaðist vegamótin að þjóðvegi nr. 87, sem gengur undir nafninu Kísilvegur, kveðst hann hafa gefið stefnuljós til vinstri, þar sem hann hafi ætlað að aka inn á Kísilveginn. Í sama bili kveðst hann hafa séð bifreið koma eftir þjóðvegi nr. 85 upp á blindhæð framundan. Virtist honum bifreið þessi aka mjög greitt, og taldi hann sig því tæplega hafa tíma til að ná gatnamótunum, áður en bifreið þessi kæmi. Hafi hann því tekið stefnuljósin af og haldið vörubifreiðinni á hægri vegarhelmingi. Jafnframt hafi hann dregið úr ferð bifreiðarinnar og ætlað að láta bifreiðina, sem á móti kom, aka fram hjá, áður en hann beygði til vinstri inn á Kísilveginn. Rétt áður en bifreiðarnar mættust, hafi bifreiðin, sem á móti kom, sveigt til vinstri í áttina til vörubifreiðarinnar og lent á vinstra horni vörubifreiðarinnar með þeim afleiðingum, að framhjól vörubifreiðarinnar slitnuðu undan og vörubifreiðin lenti út af veginum og fór þar niður háan kant og valt á hægri hlið. Eftir árekstururinn var vörubifreiðin svo mikið skemmd, að talið var, að ekki svaraði kostnaði að gera við hana. Aðalstefnandi slasaðist nokkuð og var frá vinnu um skeið eftir slysið.

Bifreiðin, sem á móti kom, reyndist vera fólksbifreiðin A-6563 af gerðinni Toyota, skylduvátryggð hjá Almennum Tryggingum h/f. Gagnstefnandi, Örn Arason, eigandi bifreiðarinnar, ók henni í nefnt sinn. Í framsæti hægra megin sat eiginkona hans, Ásdís Jóhannsdóttir, en í aftursæti var farþeginn Valgarður Jónasson. Gagnstefnandi stórslasaðist og er talinn 100% öryrki. Auk þess eyðilagðist bifreið hans algjörlega. Eiginkona hans slasaðist einnig.

II.

Aðalsök.

A. Því er haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að gögn málsins, sérstaklega ljósmyndir, uppdráttur lögreglu, skýrsla aðalstefnanda og útlit bifreiðanna eftir árekstur, gefi ótvírætt til kynna, að aðalstefnandi hafi að öllu leyti hagað akstri sínum svo sem umferðarlög mæli fyrir um. Aðalstefnandi, sem hafi haft hið meira ökumannspróf, hafi verið þaulvanur bifreiðarstjóri, bæði sem atvinnubifreiðarstjóri og einnig hafi hann um langt skeið sem lögreglumaður ekið lögreglubíl á Húsavík. Aðalstefnandi hafi, áður en hann kom að gatnamótunum, gefið ljósmerki um það, að hann hygðist beygja til vinstri, en síðan ekið bifreiðinni nálægt hægri brún vegarins til þess að hleypa bifreiðinni, sem á móti kom, framhjá, en þá jafnframt tekið stefnuljósin af. Telja verði hins vegar, að gagnstefnandi eigi alla sök á árekstri bifreiðanna, með því að aka bifreið sinni þvert í veg fyrir bifreið aðalstefnanda. Þar með hafi hann gróflega brotið 1. og 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Skemmdir bifreiðanna gefi auk þess til kynna, að gagnstefnandi hafi ekið bifreið sinni með gífurlegum hraða og langt umfram löglegan hámarkshraða. Hafi gagnstefnandi þar með brotið gróflega gegn 1. mgr. 49. gr. umferðarlaganna svo og gegn hinum ströngu varúðarreglum b-liðar, c-liðar, d-liðar og e-liðar 3. málsgreinar laganna (sic). Sakarskipting komi því ekki til greina og beri að dæma gagnstefnanda og Almennar Tryggingar h/f til að greiða aðalstefnanda tjón hans að fullu, en kröfur sínar í málinu sundurliðar aðalstefnandi þannig:

1.	Verðmæti vörubifreiðarinnar Þ-14	kr. 40.000.00
2.	Afnotamissir bifreiðarinnar í tvo mánuði	— 10.000.00
3.	Atvinnutap í sex vikur	— 5.000.00
4.	Miskabætur	— 5.000.00
5.	Flutningskostnaður bifreiðarinnar af árekstursstað .	— 594.64
	Samtals	kr. 60.594.64

B. Af hálfu gagnstefnanda er því haldið fram, að af lögregluskýrslu, uppdrætti lögreglu og skýrslu aðalstefnanda megi ráða, að aðalstefnandi

hafi sýnt af sér gáleysi með því að gefa stefnuljósmerki til vinstri, en fylgja því svo ekki eftir. Ef aðalstefnandi hefði sjálfur farið eftir þeirri merkjagjöf, sem hann var búinn að gefa, og ekið inn á Kísilveginn til vinstri, hefði enginn árekstur orðið. Gagnstefnandi hafi ekki nauðhemlað strax, þegar hann kom upp á blindhæðina. Það sýni, að gagnstefnandi hafi talið sig hafa opna leið framundan. Of seint hafi svo verið að koma í veg fyrir árekstur, þegar aðalstefnandi hafi skyndilega beygt aftur yfir á sinn hægri vegarhelming. Samkvæmt teikningu lögreglu séu hemlaför eftir bílana ámóta löng, á að giska 9.6 m eftir A-6563 og nokkurn veginn sama vegalengd eftir Þ-14. Aðalstefnandi virðist ekki hafa nauðhemlað bifreið sinni og verði það að teljast furðulegt. Ökuhraði vörubifreiðarinnar hafi örugglega verið mun meiri en upp hafi verið gefið. Sjáist það glöggt á því, að fólksbifreiðin hafi kastast 11.4 m aftur á bak við áreksturinn, en framhjól vörubifreiðarinnar hafi rifnað undan við áreksturinn og vörubifreiðin þeyst áfram eftir veginum og út af honum og staðnæmst þar á hvolfi í um 20 metra fjarlægð frá árekstursstað. Meginhluti sakar hvíli því á aðalstefnanda. Hins vegar megi leggja nokkurn hluta sakarinnar á gagnstefnanda fyrir of hraðan akstur miðað við aðstæður. Sanngjarnt sé að skipta sök þannig, að ⅔ hlutar sakarinnar verði lagðir á aðalstefnanda, en gagnstefnandi bæti honum sannanlegt tjón að ⅓ hluta, sbr. 68. gr. umferðarlaga.

C. Aðalstefnandi hefur gefið skýrslu hjá lögreglu og hér fyrir dómi. Gagnstefnandi hefur enga skýrslu getað gefið um áreksturinn vegna þeirra miklu örkumla, sem hann hlaut við slysið.

Ásdís Jóhannsdóttir, eiginkona gagnstefnanda, hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá, að hún muni ekki sérstaklega eftir ökuhraða fólksbifreiðarinnar frá Laxá að árekstursstað. Hún muni ekkert eftir bifreiðinni, sem á móti kom, og heldur ekki, hvað gerðist á árekstursstaðnum. Hún kvaðst fyrst muna eftir sér, þegar hún var komin í flugvél, sem flaug með hana til Reykjavíkur. Hún taldi sig hafa misst meðvitund við áreksturinn. Hún taldi, að gagnstefnandi hafi verið nokkuð kunnugur ökuleiðinni frá Laxá til Húsavíkur.

Tryggvi Óskarsson fjárgæslumaðurinn skýrði lögreglunni svo frá, að hann hafi ekkert vitað, hvað gerðist, þar sem hann hafi verið undir segli á palli vörubifreiðarinnar og því ekki séð neitt fram fyrir bifreiðina. Honum hafi þótt ferðin ganga hægt og seint og ekið rólega.

Valgaður Jónasson, farþegi í aftursæti fólksbifreiðarinnar, hefur í lögregluskýrslu greint svo frá, að hann hafi ekki tekið eftir neinu óeðlilegu við aksturinn eða að sérlega hratt væri ekið. Hann hafi ekki séð vörubifreiðina fyrr en eftir slysið. Hann viti ekki, hvað hafi gerst annað en gagnstefnandi hafi hemlað og síðan hafi bifreiðin orðið fyrir miklu höggi. Samkvæmt skýrslu Ásdísar Jóhannsdóttur hafði Valgarður áfengi um hönd í

bifreiðinni og var undir áfengisáhrifum á leiðinni frá Akureyri.

D. Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður.

Svo sem lýst er hér að framan, er aðalstefnandi einn til frásagnar um aðdragandann að slysinu. Myrkur var á. Bar aðalstefnanda því að gefa til kynna með ljósmerkjum, að hann hefði í hyggju að beygja til vinstri inn á Kísilveginn. Það kveðst hann hafa gert, en þar sem hann taldi tvísýnt, að hann hefði tíma til að beygja þvert yfir aksturslínu gagnstefnanda, hafi hann talið öruggara að aka bifreiðinni út á hægri vegarbrún og láta bifreiðina, sem á móti kom, fara fram hjá, áður en hann beygði inn á Kísilveginn. Hafi hann því slökkt á stefnuljósunum. Þessari skýrslu aðalstefnanda hefur ekki verið hnekkt, og verður hún því lögð til grundvallar í málinu. Aðalstefnanda bar að víkja fyrir gagnstefnanda, ef hann taldi sig ekki hafa ráðrúm til að aka inn á Kísilveginn í tæka tíð. Eigi verður sök felld á aðalstefnanda, þótt hann hafi slökkt á stefnuljósunum, þegar hann taldi tvísýnt, að hann hefði tíma til að komast klakklaust inn á Kísilveginn. Augljóst er hins vegar, að gagnstefnandi ók af einhverjum ástæðum þvert í veg fyrir bifreið aðalstefnanda út á hægri vegarhelming miðað við stefnu vörubifreiðarinnar. Þá er ljóst, að gagnstefnandi hefur ekið allt of hratt miðað við aðstæður. Ber samkvæmt framansögðu að leggja alla sök á árekstrinum á gagnstefnanda. Ber gagnstefnanda og vátryggjanda fólksbifreiðarinnar, Almenn Tryggingum h/f, því að bæta aðalstefnanda tjón hans af árekstrinum.

E. Verður nú tekin afstaða til einstakra kröfuliða í kröfugerð aðalstefnanda í aðalsökinni.

Um 1. Í þinghaldi 19. maí 1982 lýstu lögmenn aðilja yfir, „að samkomulag sé nú um að leggja til grundvallar í málinu, að verðmæti bifreiðarinnar Þ-14 nemi kr. 40.000.00, og fari svo að Almennar Tryggingar h/f teljist bera ábyrgð á tjóni aðalstefnanda þá renni flakið af þessari bifreið til tryggingarfélagsins.“ Samkvæmt því, sem hér hefur verið um samið, verður þessi kröfuliður tekinn til greina með kr. 40.000.00, en vörubílsflakið renni til varnaraðilja.

Um kröfuliði nr. 2, 3 og 4. Aðalstefnandi var lögregluþjónn að atvinnu, þegar slysið varð. Hann átti vörubifreiðina Þ-14, og allt frá árinu 1970 kveðst hann hafa á hverju hausti í sex til átta vikur ekið sauðfé í héraðinu. Hann hafi verið nýbyrjaður að aka sauðfénu, þegar árekstur varð. Geri hann því kröfu til þess, að stefndu bæti honum afnotamissi af bifreiðinni í tvo mánuði, eða samtals með kr. 10.000. Þá hafi hann orðið fyrir atvinnutapi, þar sem hann hafi slasast við slysið og verið óvinnufær í sex vikur. Telur aðalstefnandi, að atvinnutapið sé hæfilega metið kr. 5.000. Þá krefst hann miskabóta að fjárhæð kr. 5.000.

Varnaraðiljar hafa mótmælt ofangreindum kröfuliðum sem allt of háum.

Í vottorði Guðmundar Óskarssonar læknis, dagsettu 25. 6. 1980, segir m.a. svo um áverka aðalstefnanda:

„Ofangreindur maður leitaði á Heilsugæslustöðina á Húsavík þann 17. september. ...

Við skoðun þennan sama dag kom eftirfarandi fram:

Mar í vinstri síðu aftanvert í hæð við geirvörtu. Direct og indirect eymsli þar yfir rifi og þannig klínisk einkenni um rifbrot.

Á framanverðu hægra læri var handarstórt mar.

Á vinstri olnboga aftanverðum var hrufl og mar og á vinstri upphandlegg utanverðum marblettur og eymsli.

Yfir spjaldhrygg vinstra megin var hrufl.

Á vinstra læri ofanverðu og aftanverðu var hrufl og tæplega lófastórt mar.

Framan á vinstra hné var hrufl ca. 2 × 2 cm.

Ofanvert og aftanvert á báðum kálfum voru marblettir ca. 2 × 4.

Vegna þessara áverka var maðurinn óvinnufær frá því slysið varð og fram til 24. október 1979."

Því er ekki andmælt af hálfu aðalstefndu, að aðalstefnandi hafi haft sérstaka atvinnu af því að aka sauðfé á haustin og að hann hafi hagnýtt sér vörubifreið sína í því efni. Augljóst má vera, að það hefði tekið aðalstefnanda nokkurn tíma að útvega sér aðra vörubifreið í stað Þ-14, sem taldist ekki viðgerðarhæf. Þegar þetta er virt svo og það, hve lengi aðalstefnandi var óvinnufær eftir slysið, þykir rétt að ákveða honum bætur í einu lagi að þessu leyti. Verða þessir kröfuliðir teknir til greina með kr. 10.000.

Um 5. Varnaraðiljar andmæla ekki kostnaði aðalstefnanda við að flytja vörubifreiðina af árekstursstaðnum. Verður fjárhæð þessa kröfuliðs, kr. 594.64, því tekin til greina.

Úrslit málsins í aðalsök verða þá þau, að varnaraðiljar í aðalsökinni verða dæmdir til að greiða aðalstefnanda kr. 50.594.64 með vöxtum, sem reiknast 27% ársvextir frá 15. nóvember 1979 til 1. desember s.á., 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvextir frá þeim degi til 29. júní 1981, en 39% ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, og síðan hæstu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma. Þá ber varnaraðiljum í aðalsök að greiða aðalstefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 12.000.

III.

Gagnsök.

Gagnstefnandi hefur í gagnstefnu sundurliðað kröfur sínar í gagnsök á hendur varnaraðiljum, Guðmundi H. Gunnlaugssyni og Ábyrgð h/f, þannig:

1. Tímabundin og varanleg örorka	kr.	1.624.609
2. Miskabætur	—	100.000
3. Verðmæti A-6563	—	20.000
4. Útlagður kostnaður	—	1.000
	kr.	1.745.609
Til frádráttar kemur ⅓ hluti, sem telst vera ábyrgðarhluti gagnstefnanda	—	581.870
Heildarkrafa gagnstefnanda er þá	—	1.163.739

Af hálfu gagnstefnanda er því haldið fram í gagnsökinni, að aðalstefnandi eigi meginsökina á árekstrinum, svo sem lýst er í kaflanum hér að framan um aðalsökina. Er kröfugerðin í gagnsökinni þannig á því byggð, að aðalstefnandi eigi að bera ⅔ hluta ábyrgðar á árekstrinum.

Af hálfu varnaraðilja í gagnsökinni er því haldið fram, að gagnstefnandi beri alla sök á árekstrinum og beri því að sýkna þá af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni, og er þess krafist, að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í þessum þætti málsins.

Með skírskotan til þess, sem segir í kafla II hér að framan, ber að taka sýknukröfu varnaraðilja í gagnsökinni til greina, en rétt þykir, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði varnaraðiljar, Örn Arason og Almennar Tryggingar h/f, óskipt aðalstefnanda, Guðmundi H. Gunnlaugssyni, kr. 50.594.64 með 27% ársvöxtum frá 15. nóvember 1979 til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 29. júní 1981, en 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvexti frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Í gagnsök eiga varnaraðiljar, Guðmundur H. Gunnlaugsson og Ábyrgð h/f, að vera sýknir af kröfum gagnstefnanda, Arnar Arasonar.

Málskostnaður í gagnsök fellur niður.

Fimmtudaginn 4. október 1984.

Nr. 209/1982. **Árni Jóhannesson**
(Barði Friðriksson, hrl.)
gegn
Guðmundi Helgasyni
(Gunnar Sæmundsson hdl.)

Kaupgjald. Réttur til launa í slysaforföllum samkv. 5. gr. laga nr. 19/1979.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s.m. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms að niðurstöðu til og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ekki verður talið, að til frádráttar launakröfu stefnda í máli þessu eigi að koma þær launagreiðslur, sem hann fékk frá Reykjavíkurborg, meðan hann var óvinnufær vegna slyss þess, er í málinu greinir.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 14.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn afrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Árni Jóhannesson, greiði stefnda, Guðmundi Helgasyni, 14.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 4. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Guðmundi Helgasyni, nnr. 3073-3010, Ásgarði 131, Reykjavík, gegn Árna Jóhannessyni, nnr. 0522-8085, Raufarseli 9, Reykjavík, með stefnu, birtri 25. ágúst 1981.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu launa í slysatilfelli að fjárhæð kr. 24.348.65 með 42% ársvöxtum frá 18. maí 1981 til 1. júní s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnanda verið lækkaðar. Þá gerir hann kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi, sem hafði að aðalstarfi starf við pípulagnir hjá stefnda, gegndi sem aukastarfi baðvörslu í íþróttahúsi Réttarholtsskóla þrjú kvöld í viku frá kl. 18.00—23.00. Aðfararnótt 17. febrúar 1981 geisaði ofviðri í Reykjavík. Stefnandi var á leið heim til sín að loknu starfi sínu við baðvörslu að kvöldi 16. febrúar 1981 og var að koma að heimili sínu, er afarhvöss vindhviða hóf hann á loft og feykti honum spölkorn. Stefnandi kom harkalega niður og mjaðmargrindarbrotnaði.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að er atvik þetta gerðist, hafi hann starfað hjá stefnda í meira en 5 ár, sem var aðalstarf hans. Hafi hann því áunnið sér rétt til launagreiðslu í slysatilfellum samkvæmt 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1979, þ.e. hann skyldi einskis í missa í launum fyrsta mánuðinn og síðan fá greidd dagvinnulaun í tvo mánuði til viðbótar. Í samræmi við það hafi stefnandi krafið stefnda um greiðslu launa fyrir þrjá mánuði að fjárhæð kr. 24.348.65, enda hafi stefnandi enn verið óvinnufær af völdum slyssins að því tímabili loknu. Stefndi hafi á hinn bóginn mótmælt greiðsluskyldu sinni og því sé mál þetta höfðað.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

Laun 17.2.—28.2. 1981:

72 klst. dagvinna á kr. 43.16	kr.	3.107.52
9 klst. yfirvinna á kr. 54.22	—	487.98

Laun 1.3.—16.3. 1981:

88 klst. dagvinna á kr. 45.73	—	4.024.24
11 klst. yfirvinna á kr. 57.45	—	631.95

Laun 17.3.—16.5. 1981:

352 klst. dagvinna á kr. 45.73	—	16.096.96
	kr.	24.348.65

Launafjárhæð á tímabilinu 17.2.—28.2. '81 sé raunverulegt tímakaup stefnanda mánuðina janúar og febrúar 1981, en frá 1. mars þ.á. sé það hækkað til samræmis við þær verðbætur, sem þá tóku gildi. Stefnandi kveður fasta yfirvinnu sína hafa verið 5 klst. á viku og sé krafist yfirvinnulaun í samræmi við það.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að eina ástæðan fyrir ferðum stefnanda umrætt óhappakvöld hafi verið aukavinna hans gegn fullu kaupi, að sjálfsögðu í þágu annars vinnuveitanda, og hafi hann verið á heimleið frá þeirri vinnu, er hann fauk og slasaðist.

Sú grundvallarregla gildi í þessu efni, að stefnanda sé rétt að beina kröfum sínum að þeim vinnuveitanda, sem hann hafi unnið fyrir umrætt kvöld, Reykjavíkurborg, þ.e. ef hann byggi rétt á annað borð á lögum nr. 19/1979. Þessa reglu megi leiða beint af 4. gr. þeirra laga. Stefnanda sé rétt að beina kröfum sínum að Reykjavíkurborg, en ekki að stefnda. Það sé í fyllsta máta óeðlileg niðurstaða að leggja greiðslubyrði á einn atvinnuveitanda vegna slysa við launuð störf í þágu annars við allt annan atvinnurekstur.

Nokkuð örugglega megi gera ráð fyrir, að stefnandi hefði alls ekki verið á ferð um götu borgarinnar í slíku veðri á þessum tíma nema vegna tekjuöflunar sinnar, heldur haldið sig innan dyra eins og aðrir borgarar Reykjavíkur í fárviðri þessu, sem mun vera það mesta á áratuga bili.

Eðli málsins samkvæmt nái tryggingar stefnda ekki til vinnu í þágu annarra vinnuveitenda. Með hliðsjón af framangreindu sé augljóst, að túlka beri 5. gr. laga nr. 19/1979 þröngt í því tilviki, sem hér sé um að tefla, og sé 4. gr. laganna tæmandi þar um.

Tilgangur 5. gr. sé að tryggja launþegum rétt til launa í veikinda- og slysatilfellum. Greinin hafi raunar verið túlkuð það rúmt, að launþegi njóti réttar samkvæmt henni vegna óhappa í frítíma sínum, svo fremi að allar eðlilegrar aðgæslu sé gætt. Þess séu hins vegar ekki dæmi, að greinin sé túlkuð þannig, að hún tryggi launþega rétt úr hendi annars vinnuveitanda en þess, sem unnið er fyrir, þegar vinnuslys ber að höndum. Þetta sé í samræmi við túlkun Vinnuveitendasambands Íslands og hafi ekkert verkalýðsfélag eða sambönd þeirra mótmælt þeirri túlkun.

Sú fullyrðing stefnanda, að hann hafi unnið hjá stefnda í minnsta kosti 5 ár, sé ekki alls kostar rétt. Stefnandi hafi unnið til ársloka 1979 hjá firmanu Jóhannes Kr. Árnason s/f, sem stefndi átti að háflu. Það firma hafi hætt störfum 1. janúar 1980 og frá þeim tíma hafi stefnandi starfað hjá stefnda. Mjög sé í efa dregið réttmæti réttindaskeytingar í þessu tilfelli.

Varakrafa stefnda er á því byggð, að þar sem hér sé um að ræða slys við störf í þágu Reykjavíkurborgar, sem beri bótaábyrgð samkvæmt 4. gr. laga nr. 19/1979, beri að draga allar þær bætur, sem kunna að fást greiddar frá borginni, frá kröfunni á hendur stefnda, ef svo ólíklega færi, að hann yrði talinn bótaskyldur að einhverju leyti. Í því tilfelli séu þó engin rök til að leggja efnisdóm á málið, fyrr en reynt hafi á það, hvern rétt stefnandi eigi á hendur Reykjavíkurborg, og væri því sennilega rétt að vísa málinu frá að svo stöddu.

Eigi þótti ástæða til, að aðiljar kæmu fyrir dóm í máli þessu.

III.

Í máli þessu er um það deilt, hvort stefnandi, sem varð fyrir slysi í tengslum við aukavinnu sína í þágu þriðja aðilja, eigi lögbundin rétt til greiðslu launa í því slysatilfelli úr hendi stefnda, sem var aðalvinnuveitandi hans.

Í þessu efni reynir á túlkun og skýringu 4. og 5. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms og slysaforfalla, en lagaboð þessi eru svohljóðandi:

„4.gr. Allt verkafólk, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnuna, á beinni leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma, sem orsakast af henni, skal fá greidd laun fyrir dagvinnu í allt að 3 mánuði samkvæmt þeim taxta, sem viðkomandi tók laun eftir, enda sé unnið hjá aðila sem fæst við atvinnurekstur í viðkomandi starfsgrein.

5.gr. Allt fastráðið verkafólk, sem ráðið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár samfellt, skal er það forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd í einn mánuð.

Hafi slíkt starfsfólk verið ráðið hjá sama atvinnurekanda í þrjú ár samfellt skal það, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda daglaunum sínum í einn mánuð, en í tvo mánuði eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama atvinnurekanda.

Auk þeirra réttinda, sem fastráðið verkafólk nýtur skv. 1. og 2. mgr., skal það, er forföll stafa af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi, halda dagvinnulaunum í allt að þrjá mánuði eins og í 4. gr. segir."

Í athugasemdum við lagafrumvarp þetta, er það var lagt fram á Alþingi, segir, að það sé flutt í samræmi við þau fyrirheit, sem ríkisstjórnin gaf launþegasamtökunum um umbætur í félags- og réttindamálum samfara setningu

laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu nr. 103/1978.

Lögin voru því sett til þess að bæta að hluta áorðna kjaraskerðingu og fela því í sér ranverulegar kjarabætur launþegum til handa. Með greindum lögum nr. 19/1979 var m.a. verið að tryggja almennu verkafólki verulega rýmri rétt vegna veikindaforfalla og í slysatilfellum en það áður hafði, svo sem fram kemur í tilvitnuðum 4. og 5. gr. laganna. Með lagasetningu þessari voru felld niður eldri lög um sama efni nr. 16/1958.

Með 4. gr. laga nr. 19/1979 eru lögfest þau nýmæli, að öllu verkafólki, sem forfallast frá vinnu vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma, eru tryggð dagvinnulaun í allt að 3 mánuði án tillits til starfstíma. Í 5. gr. laganna, sem leysir af hólmi 4. gr. eldri laga, er kveðið á um rétt fastráðins verkafólks, sem unnið hefur í eitt ár eða lengur hjá sama atvinnurekanda, til launa í veikinda- og slysatilfellum, og er þar fyrir mælt um verulega aukinn rétt frá því, sem áður var.

Við úrlausn máls þessa þykir verða við það að miða, að stefnandi, sem gegnt hafði aukastarfi sínu hjá Reykjavíkurborg um 10 ára skeið og aðalstarfi við vinnu hjá stefnda í meira en 5 ár, hafi gagnvart báðum vinnuveitendum sínum áunnið sér réttindi til launagreiðslna í slysatilfelli samkvæmt 5. gr. laga nr. 19/1979, enda virðist sem honum hafi verið greiddar slysabætur af Reykjavíkurborg í samræmi við það.

Þá kemur til athugunar það álitaefni, hvort réttur til slysabóta vegna vinnuslyss hjá einum vinnuveitanda útiloki bótarétt frá öðrum atvinnuveitanda vegna sama slyss. Í 1. mgr. 5. gr. laganna er kveðið á um forföll frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa án nánari skilgreiningar eða takmörkunar, og eigi er lagaákvæði þetta nánar skýrt eða takmarkað af öðrum ákvæðum laganna varðandi sjúkdóms- eða slysatilfelli. Í athugasemdum lagafrumvarpsins við áðurnefnda 5. gr. þess segir m. a. svo: „Allar þessar greiðslur skal atvinnurekandi inna af hendi, þótt veikindi séu óviðkomandi þeirri vinnu, sem launþeginn stundar, og þótt slys sé ekki í tengslum við vinnuna, svo fremi að ekki sé til að dreifa ásetningi eða gáleysi launþegans sjálfs."

Í framsögu flutningsmanns lagafrumvarpsins á Alþingi, þáverandi félagsmálaráðherra, segir m.a., að til grundvallar ákvæðum 5. gr. liggi sú hugsun, að eðlilegt sé að launa tryggð við ákveðinn vinnustað með auknum starfsréttindum. Réttur verkafólks til þessara greiðslna sé einungis háður fastráðningu um tiltekið árabil. Hins vegar skipti ekki máli, hver sé orsök veikindanna eða hvar launþegi hafi orðið fyrir slysi.

Sé litið til þessa svo og þess, sem að framan er rakið, tilurðar laganna nr. 19/1979 og þeirrar staðreyndar, að þau eru hluti af launakjörum verkafólks, verður ekki talið, að réttindi, sem launþegi hefur áunnið sér samkvæmt þeim, skuli falla niður, þótt um sé að ræða vinnuslys hjá öðrum

aðilja en þeim, sem launþegi er aðallega ráðinn hjá. Orðalag fyrrnefndrar 5. gr. laganna og þau lagasjónarmið, sem að baki búa, styðja þá niðurstöðu, að stefnandi eigi rétt til slysabóta úr hendi stefnda samkvæmt 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1979 vegna slyss þess, sem hér um ræðir, enda var hann óvinnufær í meira en þrjá mánuði af þeim sökum, svo sem framlögð læknisvottorð bera með sér. Ekki verður talið, að aðiljabreyting á firma stefnda, sem stefnandi vann hjá, eigi að skerða áunninn rétt hans í þessu efni. Ber því að fallast á kröfu stefnanda um rétt til launa í greindu slysatilfelli.

Ekki verður talið, að stefnandi hafi sýnt af sér slíkt gáleysi, er hann fór fótgangandi áleiðis heim til sín og í því veðri, sem geisaði tiltekið sinn, að áhrif skuli hafa á bótakröfu hans til lækkunar, eins og atvikum máls þessa er háttað.

Þá verður ekki talið, að frá bótakröfu stefnanda beri að draga þær greiðslur, sem hann hefur fengið frá Reykjavíkurborg vegna slyss þessa, enda er þar og um að ræða launaréttindi, sem stefnandi hefur áunnið sér vegna þess starfs.

Ekki verður heldur talið, að til frádráttar bótagreiðslu skuli koma sjúkrastyrkur sá, sem stefnandi fékk úr sjúkrasjóði Sveinafélags pípulagningarmanna vegna slyssins, enda er þar um að ræða sjálfstæðan rétt stefnanda sem félagsmanns í greindu sveinafélagi til styrkveitingar umfram lögboðnar kaupgreiðslur.

Þá verður og ekki talið, að dagpeningagreiðslur þær, sem stefnandi fékk frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins, skuli koma til frádráttar bótagreiðslu stefnda, þar sem þær vörðuðu einungis starf stefnanda hjá Reykjavíkurborg.

Samkvæmt framansögðu ber að taka dómkröfur stefnanda, sem ekki hefur verið mótmælt tölulega, að fullu til greina, en þó þannig varðandi vaxtakröfu, að dæma ber 37% ársvexti af stefnufjárhæð frá 1. júní 1981 til birtingardags stefnu, 25. ágúst 1981.

Samkvæmt þessu og kröfugerð stefnanda verða vextir því ákveðnir þannig: Af kr. 24.348.65 með 42% ársvöxtum frá 18. maí 1981 til 1. júní s.á., með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 25. ágúst 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 7.000.-.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Árni Jóhannesson, greiði stefnanda, Guðmundi Helgasyni, kr. 24.348.65 með 42% ársvöxtum frá 18. maí 1981 til 1. júní s.á., með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 25. ágúst s.á., en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 28. júní 1982, og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 7.000.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. október 1984.

Nr. 132/1984. **Lilja Kristjánsdóttir**
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

Kærumál. Dómkröfur. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 19. júní 1984, sem barst Hæstarétti 17. júlí sl. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á kröfulið þann, sem vísað var frá dómi. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Héraðsdómari mun taka afstöðu til málsástæðna og lagaraka sóknaraðilja, er lagður verður dómur á lögmæti skattlagningar þeirrar, sem fjallað er um í málinu, og kröfu sóknaraðilja um endurheimtu ætlaðra ofgreiddra skattgjalda. Verða málsástæður og lagarök sóknaraðilja ekki gerð að sjálfstæðum lið í dómkröfum hans.

Verður því niðurstaða hins kærða frávísunardóms staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Kópavogs 4. júní 1984.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 14. f.m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Lilju Kristjánsdóttur húsfreyju, nnr. 6107-0982, Hlíðarvegi 18 í Kópavogi, með stefnu, útgefinni 10. febrúar 1984, gegn Albert Guðmundssyni fjármálaráðherra fyrir hönd lýðveldisins Íslands (ríkissjóðs Íslands), Arnarhvoli, Reykjavík, og gerir stefnandi þær dómkröfur, að staðfest verði með dómi, að 82. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, sbr. áður lög nr. 40/1978 með síðari breytingum, hafi eigi lagagildi um álagningu eignarskatts á Lilju gjaldárin 1982 og 1983. Ennfremur krefst Lilja þess, að samsköttun skattstjóra Reykjanesumdæmis á eignum hennar og eignum dætra hennar Sóleyjar Erlu og Ingibjargar Ingólfsdætra, gjaldárin 1982 og 1983 samkvæmt úrskurði skattstjóra, dags. 28. september 1982, og úrskurði ríkisskattanefndar, dags. 1. júlí 1983, verði felld úr gildi. Loks er þess krafist, að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs verði dæmdur til að endurgreiða Lilju Kristjánsdóttur kr. 21.828 af eignarskattsálagningu á hana gjaldárin 1982 og 1983 með 42% ársvöxtum af kr. 5.017 frá 1. janúar 1983 til 21. september 1983, en 35% ársvöxtum af sömu upphæð frá þeim tíma til 21. október 1983, en 32% ársvöxtum frá þeim tíma til 21. nóvember 1983, en 27% ársvöxtum frá þeim tíma til 21. desember 1983, en 21.5% ársvöxtum af krónum 21.818 frá 1. janúar 1984 til 21. sama mánaðar, en 15% ársvöxtum frá þeim tíma til stefnubirtingardags, en dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá stefnubirtingardegi til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæðir að mati dómsins. Jafnframt er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Af hálfu stefnda er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda og til þrautavara lækkunar stefnufjárhæðarinnar. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, er hér eingöngu fjallað um frávísunarkröfu stefnda, en munnlegur málflutningur um hana fór fram 14. f.m.

Stefnandi gerir þær dómkröfur í þessum þætti málsins, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og hann dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Í stefnu er gerð grein fyrir málsatvikum á þessa leið:

„Við skipti á dánarbúi Ingólfs heitins Ragnarssonar, er lést hinn 17. febrúar 1981, urðu ófjárráða dætur hans, Ingibjörg f. 15. júlí 1969 og Sóley

Erla f. 10. júní 1972, eigendur tveggja íbúða í fasteigninni nr. 2. við Skjólbraut í Kópavogi þ.e.a.s. kjallaraíbúð með bílskúr og að íbúð í viðbyggingu. Eru þær eigendur að eignum þessum að hálfu hvor í óskiptri sameign samkvæmt skiptayfirlýsingu dags. 25. nóvember 1981.

Þar sem verulegu munaði einkum þegar til lengri tíma er litið, varðandi eignarskattsálagninu var afráðið að þær systur teldu sérstaklega fram til álagningar eignarskatts gjaldárið 1982 og var þess óskað við skattstjóra Reykjanesumdæmis að eignarskattur yrði lagður sérstaklega á móður annars vegar og hinsvegar hvora dætranna. Með bréfi skattstjóra Reykjanesumdæmis dags. 26. júlí 1982 var tilkynnt að skattstjóri féllist eigi á sérskattlagningu eigna og tekna. Var sú afgreiðsla kærð til skattstjóra og gekk úrskurður á það kæruefni 28. september 1982. Varð niðurstaða sú, að fyrri ákvarðanir skattstjóra skyldu óbreyttar. Með bréfi dags. 22. október 1982 var úrskurði skattstjóra skotið til ríkisskattanefndar, en niðurstaða varð þar á sömu lund og meginforsendur þær, að nefndin hafi eigi vald til að fjalla um og veita úrlausn um stjórnskipulegt gildi laga.

Þar sem stefnandi vildi kanna réttarstöðu sína til nokkurar hlítar áður en hún aðhefðist í málinu voru eignarskattar beggja ára greiddir með fyrirvara um endurheimtu fjárins síðar."

Telur stefnandi eignarskatt sinn gjaldárið 1982 samkvæmt ofansögðu ranglega á lagðan þannig, að hann sé kr 5.017.00 of hár og sömuleiðs gjaldárið 1983 kr. 16.800.00 of hár. Sé þetta sá mismunur, sem fram komi samkvæmt skattlagningaraðferð skattyfirvalda annars vegar og hins vegar skattaálögur miðað við, að á stefnanda væri lagt sjálfstæðan skattþegn og þetta séu þær fjárhæðir, sem krafðar séu til baka.

Frávísunarkröfu sína byggir stefnda á því, að málatilbúnaður stefnanda sé andstæður ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 með síðari breytingum að því er varðar aðild, kröfugerð, sakarefni og um skýran og ljósan málatilbúnað.

Hér sé fjármálaráðherra stefnt fyrir hönd „Lýðveldisins Íslands" til að þola dóm. Athugunarefni sé út af fyrir sig, hvort „Lýðveldið Ísland" geti verið aðili að dómsmáli, sem rekið sé fyrir íslenskum dómstólum, og hvort þeir hafi lögsögu yfir þeirri „lögpersónu." Á hinn bóginn megi ljóst vera af 1. og 2. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, að fjármálaráðherra fari ekki einn með skuldbindandi fyrirsvar í málum þar sem „Lýðveldið Ísland" sé aðili máls.

Kröfugerð stefnanda, eins og hún sé sett fram í stefnu, sé í beinni andstöðu við reglu 88. gr. eml. um skýra og glögga kröfugerð, þar sem ekki fáist betur séð en þar sé á ferðinni ein og sama kröfugerðin í öllum þremur tilvikum, þar sem krafist sé dóms um efnislega sömu kröfur, sem allar séu reistar á sömu málsástæðum.

Stefndi telur, að fyrsti liður kröfu stefnanda brjóti í bága við C lið 88. gr. laga nr. 85/1936 svo og við ákvæði 67. gr. sömu laga. Þriðja lið kröfu stefnanda sé beint gegn ríkissjóði, sem ekki sé stefnt til aðildar í málinu, heldur sé fjármálaráðherra stefnt f.h. „Lýðveldisins Íslands," en eigi f.h. ríkissjóðs. Frekari ágallar séu á þeirri kröfugerð stefnanda, þar sem skv. 11. mgr. 100. gr. laga um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981 sé tekið undan lögsöu dómstóla að fjalla um og dæma skattfjárhæð samkvæmt þeim lögum. Undir lögsögu dómstóla heyri að fjalla um ágreining varðandi skattskyldu og skattstofna, en eigi skattákvörðunin sjálf. Við úrlausn endurgreiðslukröfunnar hljóti að verða að taka afstöðu til álagningar samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt. Beri því eftir 66. gr. einkamálalaga, nr. 85/1936 að vísa þessum kröfulið frá dómi.

Þá telur stefndi, að í greinargerð af hálfu stefnanda sé um skriflegan málflutning að ræða í verulegum mæli, þótt eigi hafi neitt verið ákveðið í því efni. Málflutningur verði sjálfsagt munnlegur og því heyri tilvitnanir í dóma Hæstaréttar og dómareifanir honum til.

Þegar á allt sé litið, telur stefndi máaltilbúnað stefnanda brjóta í verulegum mæli gegn ýmsum höfuðreglum í réttarfari, sbr. ofangreint, og hljóti það að leiða til frávísunar málsins.

Stefnandi kveðst eiga lögvarða hagsmuni af því að fá efnisdóm um alla einstaka þætti kröfugerðar sinnar.

Hann vísar á bug staðhæfingum stefnda um aðildina varnarmegin og bendir á, að hér sé fjármálaráðherra réttilega stefnt, enda heyri sakarefnið, skattlagning eftir ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981 óvéfengjanlega undir hann. Það sé út af fyrir sig rétt, að málum af þessu tagi hafi hér ætíð verið beint gegn ríkissjóði Íslands, en vafasamt sé hvort það sé í rauninni rétt. Telji stefnandi réttara að nefna ríkispersónuna, svo sem hér sé gert í stefnu. Í öryggisskyni sé ríkispersónan einnig nefnd með heföbundnum hætti, því fjármálaráðherra sé stefnt fyrir hönd lýðveldisins Íslands (ríkissjóðs Íslands). Þar af leiðandi hljóti dómur í þessu máli að vera bindandi fyrir ríkissjóð. Fjármálaráðherra hafi í áratugi farið með málflutningsumboð fyrir ríkisvaldið og hafi það aldrei verið véfengt. Í því sambandi megi benda á, að embætti ríkislögmanns heyri undir fjármálaráðherra. Að öllu þessu athuguðu sé ótvírætt, að réttum aðilja sé stefnt til að svara til sakar.

Stefnandi mótmælir staðhæfingum af hálfu stefnda um málatilbúnð sinn almennt og heldur því fram, að kröfugerðin sé bæði skýr og glögg, svo fullnægjandi sé, og grundvöllur málsins lagður á traustan hátt frá byrjun. Ummæli um skriflegan málflutning séu áreiðanlega byggð á misskilningi á réttarfarsreglum og venjum, enda sé meira um skriflegan málflutning í greinargerð stefnda heldur en í sóknarskjölum.

Það er áréttað af hálfu stefnanda, að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá efnisdóm um sérhvern lið stefnukröfunnar, enda sé enginn þeirra undan lögsögu dómstóla tekinn og allir dómhæfir. Varðandi endurgreiðslukröfuna megi tilnefna ýmis dómafordæmi og þá síðasta málslið 111. gr. laga um tekju- og eignarskatt, sem taki af öll tvímæli um, að slík krafa heyri undir dómstóla.

Málið sé höfðað gegn réttum aðilja og að öllu leyti í réttu horfi. Beri því að vísa frávísunarkröfu stefnanda á bug.

Eigi verður á það fallist með stefnda, að röngum fyrirsvarsmanni varnaraðilja sé stefnt í máli þessu. Í sóknarskjölum og í beinum yfirlýsingum af hálfu stefnanda í málflutningi um frávísunarkröfuna kemur fram, svo ótvírætt verður að telja, að hér er fjármálaráðherra stefnt f.h. ríkissjóðs Íslands, enda á sakarefnið undir ráðuneyti hans. Þykir það ekki breyta neinu hér um, þótt stefnandi lýsi sérstökum hugmyndum um, hvernig nefna beri ríkispersónuna, sem hann kallar svo, í dómsmálum sem þessu og þeirra gæti í skjölum af hans hendi. Þá verður heldur eigi á það fallist, að málatilbúnaður stefnanda sé svo óljós og óskýr og brjóti svo gegn höfuðreglum réttarfarslaga, að frávísun málsins varði. Verður því krafa stefnda um frávísun á ofannefndum forsendum eigi tekin til greina.

Dómari telur með vísan til 67. gr. laga nr. 85/1936, að vísa beri frá fyrsta þætti kröfugerðar stefnanda, en þar er gerð krafa til, að staðfest verði með dómi, að 82. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt hafi eigi lagagildi um álagningu eignarskatts stefnanda gjaldárin 1982 og 1983. Þykir hér vera um það að ræða, að í raun sé krafist lögfræðilegrar álitsgerðar, enda myndi dómsorð í þá veru, sem stefnandi krefst, eigi eitt út af fyrir sig ráða ákveðnu ágreiningsmáli til lykta. Verður því að telja, að kröfuliður þessi sé eigi dómhæfur, svo sem hann er fram settur. Í þessum þætti stefnukröfunnar felst þungamiðjan í málatilbúnaði og lagarökum stefnanda, sem að sjálfsögðu fær komist að í málflutningi.

Að áliti dómara eru eigi efni til að vísa frá öðrum og þriðja þætti kröfugerðar stefnanda, og verður því kröfu stefnda um frávísun þeirra hafnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í þessum þætti falli niður.

Dómur þessi er upp kveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni héraðsdómara, en dómsuppsaga hefur dregist vegna sérstakra anna dómara við önnur dómstörf.

Dómsorð:

Ofangreindum fyrsta þætti í kröfugerð stefnanda er vísað frá dómi.
Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 5. október 1984.

Nr.164/1984. **Sigurður Gunnarsson**
gegn
Jóni Eiríkssyni og
Eiríki Jónssyni

Kærumál. Áskorunarmál. Frávísunaráritun staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 14. gr. laga nr. 97/1978, skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 14. ágúst 1984, sem barst Hæstarétti 6. f.m. Krefst hann þess, að ákvörðun héraðsdómara um frávísun málsins verði felld úr gildi og lagt verði fyrir hann að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Mál þetta höfðaði sóknaraðili á bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál með stefnu 29. mars 1984, birtri 14. apríl s.á., til heimtu skuldar samkvæmt tveimur víxlum með gjalddögum 10. janúar og 10. febrúar 1984, að fjárhæð samtals 13.600.00 krónur, auk vaxta og málskostnaðar.

Er málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 26. apríl 1984, var ekki sótt þing af hálfu stefndu, og var málið tekið til úrlausnar. Málið var síðan endurupptekið 17. maí s.á. til að gefa sóknaraðilja kost á að gera frekari grein fyrir málatilbúnaði sínum. Í skriflegri sókn, sem var lögð fram 14. júní sl., var gerð grein fyrir því, að í stefnu hefði sú misritun orðið, að útgáfudagur víxlanna væri sagður 14. september 1984 í stað 14. september 1983, svo sem ritað væri á víxlana. Var þess óskað, að þetta yrði leiðrétt með vísan til 1. og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 97/1978 um áskorunarmál.

Hinn 7. júlí sl. var málinu vísað frá bæjarþinginu með svofelldri áritun Drífu Pálsdóttur fulltrúa yfirborgardómara á stefnuna:

„Í máli þessu hefur stefnandi lagt fram tvo víxla, sem eru í samræmi við lýsingu þeirra í stefnu, að öðru leyti en því að víxlarnir bera báðir með sér útgáfudaginn 14. september 1983, en ekki 14.

september 1984. Stefnandi hefur lagt fram sókn, dskj. nr. 6, þar sem hann lýsir yfir því að ranglýsing í stefnu á útgáfudegi hinna framlögðu víxla hafi verið ritvilla og krefst leiðréttingar, með vísan til 1. og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 97/1978.

Mál þetta er höfðað sem víxilmál. Þar sem víxlar eru formskjöl er brýnt að þeim sé rétt lýst í stefnu í einu og öllu. Ennfremur ber á það að líta, að eins og málið snýr við stefndu, er það höfðað til greiðslu ógildra víxla, með gjalddaga á undan útgáfudegi. Þykir því leiðrétting á stefnu skv. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 97/1978 ekki eiga við í máli þessu. Með skírskotun til framanritaðs ber að vísa málinu frá dómi án kröfu.

Máli þessu er án kröfu vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki."

Með vísan til þess, sem segir í áritun þessari, ber að staðfesta hina kærðu dómsathöfn.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hin kærða frávísunaráritun er staðfest.

Föstudaginn 5. október 1984.

Nr. 150/1984. **Hulda R. Magnúsdóttir**
gegn
Ólafi Hrólfssyni

Kærumál. Skipti. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 2. tölulið 1. mgr. 21. gr. laga nr. 73/1975 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18.

júlí 1984, sem barst Hæstarétti 10. ágúst s.á. Krefst hann þess, að frávísunarúrskurðurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir skiptaráðanda að leggja efnisúrskurð á sakarefnið og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Svo sem í hinum kærða úrskurði greinir, beinist krafa sóknaraðilja að því, að dregin verði inn í dánarbúið verðmæti samtals að fjárhæð kr. 1.228.076.00, en að frádregnum útfararkostnaði og endurgreiðslu, kr. 82.311.00, eða kr. 1.145.765.00. Að undanskildum nokkrum munum, sem verið höfðu áður á heimili arfleifanda, samtals taldir 100.000.00 króna virði, er hér um að ræða bein peningaverðmæti eingöngu (peningar, bankainnstæður og veðskuldabréf), en ekkert af þessu kom fram við uppskrift á dánarbúinu. Að svo miklu leyti sem vitað er, hvað af verðmætum þessum hefur orðið, er synjað um afhendingu þeirra eða andvirðis þeirra til dánarbúsins.

Krafa sóknaraðilja er sett fram sem bein fjárkrafa búsins á hendur varnaraðilja.

Samkvæmt 35. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sem hér á við, sætir fjárkrafa dánarbús eða erfingja vegna þess á hendur öðrum ekki úrskurði skiptaráðanda.

Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Niðurstaða hins kærða úrskurðar er staðfest.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 5. júlí 1984.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 13. júní 1984.

Hinn 28. desember 1983 andaðist Magnús Ólafsson, 6276-4511, fyrrum sundkennari á Akureyri, en síðast til heimilis að Öldutúni 14, Hafnarfirði, fæddur 23.8. 1914. Bú hans var tekið til opinberra skipta hinn 12. janúar 1984. Erfingjar hans reyndust dóttir hans, Hulda Rósfríður Magnúsdóttir, Hraunbæ 14, Reykjavík, f. 28. nóvember 1952, og Ólafur Hrólfsson,

6765-1464, Tjarnarbraut 27, Hafnarfirði, systursonur arfláta, bréferfingi að ⅓ hluta búsins samkvæmt erfðaskrá, dags. 26. október 1983.

Hinn 22. mars 1984 var í skiptarétti af hálfu erfingjans Huldu lögð fram svofelld kröfugerð og þingfest skiptaréttarmál það, er hér er til úrlausnar:

„I. Að kr. 1.145.765.- verði dregnar undir búskiptin úr fórum Ólafs Hrólfssonar, en fé þetta hefur greindur Ólafur tekið til sín ýmist með því fororði að um væri að ræða lán til sín eða gjöf. Af þessu fé er þess einnig krafizt að Ólafur greiði hæstu bankavexti frá þeim degi er hann tók fé í sínar vörzlur og til þess að hann skilar því. Krafan sundurliðast svo.

a)	Allar greiðslur sem Ólafur veitti viðtöku vegna sölu á Laxagötu 6, kr. 950.000.-	kr.	950.000.-
b)	Innistæðu hins látna á sparisjóðsbók 4619 eins og hún var 17.3.1983	kr.	85.411.-
c)	Andvirði innborgana á ávísanareikning hins látna nr. 22536 1.9.'83—30.11.'83	kr.	91.665.-
d)	Andvirði eftirtalinna muna er voru eign hins látna: píanó, hljómflutningstæki, magnari, plötuspilari, plötur, litsjónvarpstæki, bókasafn, þvottavél, borðstofuhúsgögn (lausl. áætlað)	kr.	100.000.-
e)	Frá dregst sannanlegur kostnaður Ólafs vegna útfarar Magnúsar og endurgreiðslur til T.R.	kr.	82.311.-
	Skuld Ólafs Hrólfssonar við búið	kr.	1.145.765.-.“

Af hálfu varnaraðilja, Ólafs Hrólfssonar, er krafist sýknu af öllum framangreindum kröfum og málskostnaðar úr hendi Huldu R. Magnúsdóttur.

II.

Við uppskrift á dánarbúi Magnúsar Ólafssonar komu fram eftirtalin verðmæti:

1.	Innbú og gömul bifreið. Við uppboð hinn 11. febrúar 1984 reyndist nettó uppboðsandvirði	kr.	39.565.00
2.	Sparisjóðsbók nr. 88118 við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, með innstæðu	kr.	252.50
3.	Innstæður hjá Kaupfélagi Eyfirðinga	kr.	3.872.00
	samtals	kr.	43.689.50.

Ennfremur var framvísað sparisjóðsbók nr. 4619 við Búnaðarbanka Íslands, útibúið á Akureyri, sem tæmd hafði verið og ógilt hinn 29. 12. 1983, og ávísanareikningi nr. 22536 við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, sem tæmdur hafi verið 17. 11. 1983. Ólafur Hrólfsson kvaðst eiga kröfu á búið að fjárhæð kr. 14.000. Þannig reyndist búið við uppskrift nánast eignalaust. Af hálfu sóknaraðilja hefur verið bent á, að samkvæmt skattframtali 1983 (áramót 1983—1984) var hagur bús arfláta þá sem hér segir:

1.	Bifreiðin A-814			kr. 10.000.00
2.	Laxagata 6, Akureyri. Hús	kr.	335.000.00	
	Bílskúr	—	27.000.00	
	Lóð	—	53.000.00	kr. 415.000.-
3.	Búnaðarb. Ísl. sp.b. 6975	kr.	4.206.28	
	L.Í. verðtr.reikn. 612270	—	3.619.36	
	Búnaðarb.Ísl. sp.b. 4619	—	54.411.00	kr. 62.236.64
4.	Stofnsjóður KEA			kr. 1.671.00
				kr. 488.907.64.

Ennfremur er af hálfu sóknaraðilja bent á, að arfláti seldi hinn 29. júní 1983 fasteign sína að Laxagötu 6 á kr. 950.000, og var þá hagur búsins þessi eftir því sem fram er komið á málsskjölum:

1.	Andvirði fasteignar	kr.	950.000.-
2.	Innstæða á sparisjóðsbók 4619	kr.	78.824.-
	Samtals	kr.	1.028.824.-

auk hinna minni innstæðna, sem skattframtal greinir, innbús og bifreiðar.

III.

Varnaraðili, bréferfinginn Ólafur Hrólfsson, annaðist viðtæka fjármálaumsýslu fyrir arfláta frá því hann seldi fasteignina að Laxagötu 6 og þar til búið var tekið til skiptameðferðar. Ólafur undirritaði kaupsamning f. h. Magnúsar samkvæmt skriflegu umboði hans. Umsamið söluverð skyldi greiðast þannig:

,,1.	Við undirritun kaupsamnings þessa í peningum	kr.	150.000.00
2.	Eigi síðar en 1. september n.k. í peningum	—	100.000.00
3.	Eigi síðar en 1. nóvember n.k. í peningum	—	100.000.00
4.	Eigi síðar en 15. desember n.k. í peningum	—	70.000.00
5.	Eigi síðar en 15. febrúar 1984 í peningum	—	90.000.00
6.	Eigi síðar en 15. apríl 1984 í peningum	—	90.000.00

7.	Eigi síðar en 1. júlí 1984 í peningum	— 100.000.00
8.	Kaupandi gefur út veðskuldabréf sem greiðist með þrem jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum með 25% vöxtum frá afhendingardegi með gjalddaga 15. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 15. janúar 1985. Skuldabréfið sé tryggt með 2. veðr. í hinni seldu eign á eftir heimild til veðsetningar eignarinnar láni með 1. veðr. að fjárhæð allt að kr. 320.000.- og má sú skuld vera vísitölutryggð ...	— 250.000.00
	Samtals	kr. 950.000.00

Hinn 19. ágúst 1984 kaupir arfláti Magnús íbúð að Öldutúni 14, Hafnarfirði. Kaupverð kr. 950.000. Greiðslutilhögun þannig:

a.	við undirskrift	kr. 100.000.00
b.	þann 5. 9. 1983	— 100.000.00
c.	þann 15. 11. 1983	— 120.000.00
d.	þann 20. 12. 1983	— 100.000.00
e.	þann 20. 2. 1984	— 100.000.00
f.	þann 20. 4. 1984	— 100.000.00
g.	þann 20. 5. 1984	— 100.000.00
h.	þann 1. 7. 1984	— 77.384.05
i.	yfirteknar áhvílandi veðskuldir	— 152.615.95
	Samtals	kr. 950.000.-.

Ólafur Hrólfsson undirritaði kaupsamninginn f. h. Magnúsar samkvæmt skriflegu umboði hans.

Hinn 9. nóvember 1983 selur arfláti Magnús Ólafi Hrólfssyni íbúðina að Öldutúni 14 á kr. 950.000. Greiðslutilhögun er þannig:

a.	við undirskrift	— kr. 200.000.00
b.	þann 15. 11. n.k.	— 120.000.00
c.	þann 20. 12. n.k.	— 100.000.00
d.	þann 20. 2. 1984	— 100.000.00
e.	þann 20. 4. 1984	— 100.000.00
f.	þann 20. 5. 1984	— 100.000.00
g.	þann 1. 7. 1984	— 77.384.05
h.	yfirteknar áhvílandi veðskuldir	— 152.615.95.

Meginatriði máls þessa er að athuga, hvað varð um andvirði fasteignar-

innar að Laxagötu 6. Þykir haganlegast að rekja aftanfrá, hvað varð um einstakar greiðslur, og byrja á lið 8, skuldabréfi.

Um lið 8. Hinn 27. október 1984 gaf Ólafur Hrólfsson út skv. umboði Magnúsar Ólafssonar afsal fyrir Laxagötu 6. Þá voru tvær greiðslur, nr. 1 og 2 skv. kaupsamningi, samtals kr. 250.000, greiddar, og verður síðar um þær fjallað. Kaupandinn gaf þá út umsamið skuldabréf, kr. 250.000.-. Ólafur Hrólfsson segir, að Magnús hafi gefið sér þetta skuldabréf. Hann kvaðst síðar hafa selt það fyrir milligöngu verðbréfasölunnar Kaupþings á kr. 147.500.

Um liði 7, 6 og 5. Við afsalsútgáfu hinn 27. október gaf kaupandi út víxla fyrir fjórum síðustu greiðslunum. Þrjá þá síðustu þessara víxla segir Ólafur Hrólfsson, að arfláti Magnús hafi gefið sér, þ.e. víxil kr. 90.000 pr. 15.2. 1984, víxil kr. 90.000 pr. 15.4. 1984 og víxil kr. 100.000 pr. 1. 7. 1984. Ólafur Hrólfsson gaf kaupandanum kvittun fyrir móttöku þessara víxla, og ekkert er fram komið, er sýni, að arfláti Magnús hafi nokkru sinni fengið skuldabréfið eða víxlana þrjá í hendur. Það eina, sem fram er komið, er styrkir þann framburð Ólafs, að hann hafi fengið þessi verðmæti að gjöf, eru vitnaframburðir þeir, er nú skal greina:

Hinn 26. október gerði arfláti Magnús, sem þá lá á Vífilsstöðum, votta-erfðaskrá, þar sem hann mælti svo fyrir, að Ólafur Hrólfsson skyldi „erfa eftir minn dag eins mikið af eignum mínum eins og erfðalög framast leyfa, þ.e. nú ⅓ hluta allra eigna minna hverju nafni sem þær nefnast."

Ólafur Hrólfsson sá um að fá lögmann til þess að semja þessa erfðaskrá. Sá lögmaður ræddi aldrei við arfláta og var ekki viðstaddur undirritun hennar. Ólafur kallaði til tvo votta, Matthías Bjarnason, 6539-3255, Smyrilshólum 6, Reykjavík, sem hann þekkti af þeim sökum, að eiginkonur þeirra voru skólasystur og samgangur milli heimilanna, og ennfremur Önnu Filippíu Sigurðardóttur, 0371-4772, þroskaþjálfa, Fálkagötu 20, Reykjavík, sambýliskonu mágs Ólafs, Hans Þorsteinssonar. Hvorugur erfðaskrárvotturinn þekkti Magnús persónulega. Þegar erfðaskrárvottar komu fyrir dóm, var vitnið Anna Filippía m.a. spurð um það, hvort Magnús hefði rætt eitthvað um fjármál sín, þegar þau komu til að votta erfðaskrána:

„Hann var að ræða einhver fjármál við Ólaf og snýr sér svo að okkur Matthíasi, þar sem hann biður okkur um að taka eftir því að þessi erfðaskrá eigi að ná til lausamuna í kringum hann, hann væri búinn að ráðstafa öðrum eignum nema því sem erfðaskráin tæki til, og það væru lausamunir hans eða svona persónulegir munir. . .

Hann talaði um að hann væri búinn að ráðstafa greiðslum af Laxagötu á Akureyri, sem hann átti. Eitt sem hann átti við Laxagötu væri þrjár greiðslur af henni, sem Ólafur ætti að fá. . .

Það voru semsagt þessar þrjár síðustu afborganir, skuldabréfið af íbúð-

inni sagði hann. Hann talaði um bækurnar sínar, Ólafur ætti að fá þær. . .

Hann var nú að tala vítt og breitt um sín fjármál, eins og gamalt fólk gerir og þið kannist kannski við, og tekur þannig til orða, „ég ætla að biðja ykkur að taka vel eftir þessu", og það var varðandi þessar þrjár greiðslur af þessari fasteign, skuldabréfið sem eftir yrði af henni, nú það voru bækurnar og píanó. Þetta er það sem ég man og hann ræddi eitthvað fleira sem ég man ekki."

Vitnið Matthías bar m.a.:

„Hann talaði um að hann hefði átt íbúð á Akureyri sem þessi erfðaskrá næði ekki til, hann væri búinn að ráðstafa henni, þeirri íbúð, nema greiðslum sem eftir voru, einhverjum sem Ólafur ætti að fá, skuldabréf held ég líka. Svo var hann búinn að gefa, það var víst löngu áður, búinn að gefa strákunum hans Ólafs píanó, en hann talaði um það þarna líka að strákurinn hefði fengið píanóið, væri búinn að fá það."

Um lið 4. Fyrir þessari greiðslu gaf kaupandi, eins og áður er sagt, út við afsal víxil að fjárhæð kr. 70.000 pr. 15. des. 1983. Er kaupandinn greiddi þennan víxil var fjárhæðin sem var kr. 69.880,- að frádregnum innheimtukostnaði til bankans, lögð hinn 20.12, inná sparisjóðsbók arfláta nr. 88118 sem síðar verður nánar um fjallað.

Um lið 3. Greiðsla skv. kaupsamningi að fjárhæð kr. 100.000, hinn 1. nóvember 1983. Þessa fjárhæð greiðir kaupandinn við afsalsútgáfu hinn 27. október. Ólafur Hrólfsson kvittar fyrir greiðslunni. Ólafur kvaðst „hafa skipt þeirri ávísun eftir mánaðarmótin og Magnús fengið peningana." Ekki hefur Ólafur lagt fram neina kvittun eða önnur gögn því til staðfestu.

Um lið 2. Greiðslu samkvæmt kaupsamningi að fjárhæð kr. 100.000 hinn 1. september 1983. Þessa fjárhæð greiddi kaupandinn inná sparsjóðsbók arfláta nr. 88118. Kr. 100.000 eru teknar út af bókinni hinn 5. september, og kveður Ólafur fjárhæðina hafa gengið til greiðslu á útb. samkvæmt kaupsamningi arfláta um Öldutún 14, kr. 100.000, í gjalddaga 5. september. Sú fullyrðing er sennileg.

Um lið 1. Greiðsla samkvæmt kaupsamningi, kr. 150.000, við undirritun 29. júní 1983. Hinn 30. júní stofnar Ólafur sparisjósbókina nr. 88118 við Búnaðarbanka Íslands á nafni arfláta með innleggi að fjárhæð kr. 130.000. Kr. 19.000 hafi farið í sölulaun. Kr. 500 leggur Ólafur inná ávísanareikning nr. 22536 við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, en hann stofnar þann reikning á nafni arfláta hinn 1. september. Þá vantar aðeins skýringu á kr. 500,-. Af þessum kr. 130.000, sem fóru inná sparisjóðsbókina, fóru kr. 100.000 (eftir nokkrum krókaleiðum, sem síðar verða raktar) til greiðslu arfláta skv. kaupsamningi hans um Öldutún 14 í gjalddaga við undirritun þess kaupsamnings 19. ágúst 1983, að fjárhæð kr. 100.000.

Þá hefur verið rakið, hvað í fyrstu varð um söluverð Laxagötu 6: Kr. 530.000 í verðbréfum telur varnaraðili, að arfláti hafi gefið sér og tvö vitni hafa styrkt þann framburð hans. Kr. 100.000 í peningum pr. 1. nóvember kvaðst Ólafur hafa fengið Magnúsi, en fyrir því hefur hann ekki fært fram nein sönnunargögn. Kr. 70.000 pr. 15. desember fóru inná sparisjóðsbók að frádregnum innheimtukostnaði. Tvær fyrstu greiðslurnar, kr. 250.000, runnu til kaupa á Öldutúni 14 og til greiðslu sölulauna af Laxagötu 6. Þá er fjárhæðin kr. 950.000 komin.

Ef byggt er á framburði vitnanna tveggja um verðbréfagjöfina, þá eru það aðeins kr. 100.000 í þessum þætti sem, eru óskýrðar með gögnum, þ.e. greiðslan hinn 1. nóvember.

IV.

Sem fyrr segir, keypti Ólafur Öldutún 14 af arfláta hinn 9. nóvember 1983 og skyldu kr. 200.000 greiðast við undirritun kaupsamnings, en að öðru leyti gekk Ólafur í raun algerlega inní fyrri kaupsamning arfláta frá 19. ágúst. Á kaupsamningi til Ólafs hinn 9. 11., sem arfláti sjálfur undirritaði, er skráð: „Undirskrift seljanda undir kaupsamning þennan gildir jafnframt sem kvittun fyrir móttöku á kr. 200.000 skv. A-a-lið hér að framan." Af gögnum þeim, er frammi liggja í málinu, bankabókum og útskrift ávísanareiknings, verður ekki annað ráðið en þessar kr. 200.000 hafi síðan horfið sporlaust.

V.

Þegar Ólafur Hrólfsson hóf fjármálaaðstoð sína við arfláta í júnílok 1983, var á sparisjóðsbókinni nr. 4619 við Búnaðarbankann á Akureyri innstæða að fjárhæð kr. 78.824.92. Ekkert er lagt inná bókina eftir það fyrr en 29. 12. 1983, er bókin er vaxtafærð með kr. 27.388,11. Til ráðstöfunar af bókinni voru þannig kr. 106.213.03 á þessu tímabili. Sú fjárhæð var tekin út í áföngum frá 7. 10. 1983 til 29. 12., sama ár, er bókin er ógilt. Ekki er annað fram komið en Ólafur hafi haft bókina einn í höndum síðast greint tímabil.

Í greinargerð lögmanns varnaraðilja segir svo um úttektir af þessari bók, án þess þó stutt sé gögnum, millifærslur koma þó heim við hina bókina og ávísanareikninginn, (lögmaðurinn tekur með úttekt 7. 4. kr. 4.559 og úttekt 24. 6. kr. 3.027,35):

„Innstæða Magnúsar Ólafssonar á bankabók nr. 4619 var kr. 86.411 þann 17.3. 1983 og er gerð krafa á hendur umbjóðanda mínum að þeirri fjárhæð sé skilað inn í dánarbúið.

Þessi bankabók var vistuð á Akureyri við útibú Búnaðarbanka Íslands og var í vörslu þess banka.

Ólafur telur að fyrstu 4 greiðslurnar þ.e. kr. 4.559, kr. 3.027,35, kr. 4.601 og kr. 1.115,50 séu skattagreiðslur sem bankinn annaðist um fyrir Magnús. Kr. 20.000 pr. 15.11. 1983 var millif. á bók nr. 88118. Kr. 20.690,30 pr. 16.11.1983 telur Ólafur vera vegna framlengingar á láni sem Magnús hafði tekið hjá Búnaðarbankanum á Akureyri. Kr. 10.000 pr. 16.11.1983 var millif. á áv. reikn. nr. 22536, kr. 11.000 pr. 23.11.1983 var millif. á bankabók nr. 88118. Kr. 4.601 pr. 8.12. og 27.12.1983 munu vera greiðslur skatta sem bankinn annaðist fyrir Magnús. Vextir af þessum reikningi kr. 27.388,11 pr. 29.12.1983 ásamt eftirstöðvum á bankabókinni samtals kr. 29.604,23 tók Ólafur út vega útfararkostnaðar Magnúsar."

Á þessari greinargerð virðist ekki útilokað að byggja. Þó er það að athuga, að kr. 20.690,30, greiðsla af láni pr. 16. 11. 1983, virðist dánarbúinu óviðkomandi. Hinn 29. júní 1983 gaf Magnús Ólafsson út 140.000 króna skuldabréf til Búnaðarbankans á Akureyri með veði í Laxagötu 6. Um þetta lán var eftir Ólafi bókað:

„Mætti segist hafa tekið við þeirri fjárhæð og kveðst ekki óska eftir að gera neina grein fyrir því hvert þeir peningar fóru." Hinn 9. 11. 1983 var gefið út nýtt skuldabréf fyrir láninu, Laxagata 6 leyst úr veðböndum fyrir því en veðsett fasteign Ólafs að Tjarnarbraut 27, Hafnarfirði. Ekki verður því annað séð en lán þetta sé dánarbúinu með öllu óviðkomandi.

Ólafur Hrólfsson telur sig hafa greitt kr. 82.311.- vegna útfararkostnaðar og endurgreiðslu til Tryggingastofnunar ríkisins. Eðlilegt þykir, að úttekt 29. 12., kr. 29.604.23, sé athuguð í tengslum við þann lið. Hér standa því eftir kr. 20.690.30 + 29.604.23 = kr. 50.294.53 vegna úttektar af bankabók nr. 4619.

VI.

Sem fyrr er greint stofnaði Ólafur ávísanareikning nr. 22536 með innborgun kr. 500 1.9. 1983. Aðrar innborganir á reikninginn voru kr. 20.000 hinn 2. 9. 1983, óskýrð, kr. 19.261 hinn 5. 10. og aftur sama fjárhæð hinn 31. 10., sem báðar virðast greiðslur frá Tryggingastofnun ásamt kr. 22.643 hinn 30. 11. og loks er kr. 10.000 innborgun hinn 16. 11., sem í næsta kafla hér að framan er talin millifærsla af bók 4619. Um þennan ávísanareikning segir lögmaður varnaraðilja í greinargerð:

„Andvirði innborgana á ávísanareikningi nr. 22536. Ólafur lagði sjálfur fram kr. 500 til stofnunar á reikningi þessum, en heildarinnborganir nema kr. 91.665 1. 9. 1983 til 30. 11. s.á.

Ólafur telur sig hafa tekið við öllum ávísunum sem skrifaðar voru út af þessum ávísanareikningi og er um að ræða 19 færslur. Ólafur telur sig ekki muna nú hvert hver greiðsla um sig rann. Ólafur telur að greiddur

hafi verið ýmis kostnaður og reikningar svo sem flutningskotnaður vegna flutnings Magnúsar frá Akureyri, ýmsir smáreikningar svo hafi ávísunum verið skipt í peninga sem Magnús fékk sjálfur.

Athygli er vakin á því að Magnús Ólafsson skrifaði undir allar ávísanirnar, en fyllti þær yfirleitt ekki út sjálfur. Hins vegar yfirfór Magnús allar svuntur vegna útskrifaðra ávísana sjálfur og voru þær í einu öllu eftir hans fyrirmælum og Ólafi óviðkomandi að öðru leyti. Magnús undirritaði 3—4 ávísanir í einu."

Ljóst er, að arfláti þurfti eitthvert skotsilfur sér til lífsframfæris, þótt á spítala væri, svo og til tækisfærisgjafa, greiðslu ýmissa reikninga og annars þesshátt ar. Ekkert var eðlilegra en hann notaði reikning þann, sem eftirlaun hans (og tryggingabætur?) runnu inná, til þess að taka út af fyrir slíkum kostnaði. Stærsta úttektin er hinn 19. desember, kr. 15.000, og ber þessa úttekt þannig uppá jólin.

Í ljósi þessa þykir ekki ástæða til þess að gera athugasemdir við skýringar varnaraðilja á úttektum af þessum reikningi.

VII.

Sem áður er greint, stofnaði Ólafur Hrólfsson sparisjóðsbók nr. 88118 við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, með 130.000.- króna innleggi hinn 30. júní 1983. Síðan var hann að smátaka út af bókinni í júlí og ágúst, en lagði aftur inn hluta þeirra úttekta hinn 16. ágúst. Svo virðist mega segja, að af þessu fyrsta innleggi hafi kr. 100.000 runnið til greiðslu útborgunar við kaupsamning arfláta um Öldutún 14 hinn 19. ágúst. Óskýrðar kr. 30.000. Síðan runnu hinn 5. september í gegnum þessa bók kr. 100.000 úr greiðslu 1. september fyrir Laxagötu 6 til greiðslu 5. sept. fyrir Öldutúni 14. Önnur innlegg á bókina voru kr. 20.000 hinn 15. nóv., millifærslu af bók 4619 kr. 3.000 hinn 18. nóv., sem virðist millifærsla af áv.reikn. 22536, kr. 11.000 hinn 23. nóv. millifærsla af bók 4619, kr. 15.000 hinn 20. desember óskýrt, kr. 69.880 hinn 20. desember, sem er andvirði víxils pr. 15. des. vegna sölu á Laxagötu 6, kr. 7.789.10 hinn 29. des., sem er millifærsla af áv.reikn. 22536, kr. 36.560.70 hinn 29. des. sem er óskýrt, kr. 3.157.64 hinn 3. janúar, sem eru vextir, kr. 19.924.06 sama dag, sem er óskýrt.

Samtals nema þessi innlegg kr. 216.311.50. Innstæða á bókinni er kr. 252.50 og mismunur því kr. 216.059,00. Er það þannig sú fjárhæð, sem Ólafur hefur sýnt framá, að hann hafi lagt inn úr eigin vasa til endurgreiðslu á úttekinni, og að frádregnum þeim kr. 200.000.-, sem runnu til kaupa á Öldutúni 14.

Athugandi er, að úttekt að fjárhæð kr. 20.000 ber uppá 15. nóv., sama dag og Ólafur var með 120.000.- króna greiðslu af Öldutúni 14 í gjalddaga, og fyrr í sama mánuði skipti Ólafur 100.000.- króna ávísun og fékk Magnúsi pening-

ana, sem síðan sjáist hvergi, og ennfremur að kr. 85.000, úttekt 20. des., ber uppá gjalddaga 100.000.- króna greiðslu af sama kaupsamningi.

Engar úttektum af bók 88118 hafa verið skýrðar nema 100.000.- króna greiðslurnar tvær svo og samtals kr. 82.311 hafi runnið til útfararkostnaðar og endurgreiðslu til Tryggingastofnunar og kr. 4.652 til greiðslu á þinglýsingar- og stimpilgjaldi af kaupsamningi arfláta um Öldutún 14.

Þannig virðast óskýrðar úttektir Ólafs af bók 88118, sem hann lagði ekki aftur inn fyrir nema kr. 216.059.00 ÷ 82.311 ÷ 4.652 = kr. 129.096.-. Búnaðarbankinn, aðalbanki, hefur ekki svarað beiðni skiptaráðanda um upplýsingar um hreyfingar á sparisjóðsbók 88118 og ávísanareikningi 22536, en með tilliti til þess, hver verður niðurstaða dóms þessa, og þar sem dómsuppsögufrestur er senn að renna út þykir ekki ástæða til að bíða þeirra gagna og neyta heimildar 120. gr. l. 85/1936 um endurupptöku.

VIII.

Af hálfu erfingjans Huldu var lögð fram svofelld skrá um muni, sem ekki komu fram við uppskrift og ekki voru seldir á uppboði:

„Píanó, borðstofumubblur, hljómflutningstæki, magnari, útvarp, plötuspilari + plötur, sjónvarp, bækur, ferðaútvarp, eldhúsborð, þvottavél AEG Lavamat (var líka í íbúðinni), svefnherbergismubblur (stórt hjónarúm), skrifborð (í horni á stofunni á Laxagötu 6), sófaborð, 2 stakir stofustólar, grænir, allskonar ljósmyndir."

Um þessa muni segir svo í greinargerð lögmanns varnaraðilja:

„Andvirði ýmissa muna telur stefnandi að eigi að renna í dánarbúið og telur stefnandi verðmæti vera kr. 100.000, píanóið gaf Magnús síðast liðið sumar Gústaf Ólafssyni frænda sínum (syni Ólafs Hrólfssonar), hljómflutningstæki, magnari plötuspilari sem mun vera réttilega sambyggt útvarp og plötuspilari af japanskri gerð ca. 10-15 ára gamalt, útvarpið er nothæft en plötuspilarinn bilaður, þetta hljómflutningstæki gaf Magnús Ólafi sl. haust og mun þetta tæki vera nánast verðlaust. Hljómplötur fylgdu tækjunum ca. 15-20 stk. verðlitlar. Litasjónvarp var selt Reyni Gíslasyni og andvirði þess greitt Magnúsi. Bækurnar sem Magnús flutti suður gaf hann Ólafi Hrólfssyni. Þessar bækur eru ca. 200 og að verðmæti ca. kr. 20-30 stk. ef þær eru þá söluhæfar. Þvottavélin er 17 ára gömul og ónothæf vegna skemmda sem á henni urðu í flutningum en er nú hjá Reyni Gíslasyni, vélin mun verða verðlaus. Borðstofusett gaf Magnús Ólafi, það er verðlítið en hefur minningargildi þar sem afi og amma Ólafs áttu það í eina tíð, þarfnast nú viðgerðar, vitni að þessari gjöf er Hallfríður systir Ólafs en Hallfríður falaðist eftir borðstofusettinu."

Álit réttarins.

Krafa sóknaraðilja, Huldu Magnúsdóttur, sú, er til úrlausnar er í máli þessu, kom fram í þinghaldi hinn 22. mars 1984, og setti sóknaraðili þá og í síðari þinghöldum kröfuna fram í eigin nafni. Varnaraðili tók til varna á sama grundvelli og gerði hvorki með bókunum í þinghöldum né í greinargerð réttarfarslegar athugasemdir við málatilbúnað sóknaraðilja.

Í 75. gr. skiptalaga nr. 3/1878 segir: „Nú kemur erfingjum eigi saman um skiptin, og geta þeir, ef þeir verða ásáttir um það, borið ágreininginn undir skiptaráðanda þann, er búinu hefði átt að skipta, ef opinber skipti hefðu fram farið, og sker hann úr eftir réttarfarsreglum í skiptamálum, en leita skal hann fyrst um sættir."

Hin tilvitnaða lagagrein er í 7. kafla skiptalaga, sem fjallar um einkaskipti. Bú þetta sætir sem áður er greint opinberum skiptum.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður varnaraðilja þá athugasemd, að hann teldi, að sýkna bæri í máli þessu vegna aðildarskorts eða eftir atvikum að vísa málinu frá dómi. Lögmaður sóknaraðilja mótmælti málsástæðu þessari sem of seint fram kominni og þar að auki tilhæfulausri.

Í 35. gr. skiptalaga segir m. a.:

„Skiptaráðandi ákveður og úrskurðar, hvernig fara skuli með búið og úthluta því, hann sker úr, hvort kröfur gegn búinu verði teknar til greina eða ekki, sbr. þó 33. gr. *Þar á móti getur hann eigi skyldað neinn til að greiða búinu fé, eða leysa verk af hendi fyrir það, eða að öðru leyti lagt dóm á kröfur búsins gegn öðrum.*"

Framhjá þessu lagaákvæði verður ekki komist, úr því að ekki liggur fyrir beint og ótvírætt samkomulag erfingjanna um, að skiptaráðandi skeri úr ágreiningsefni því, sem málið fjallar um. Ákvæði c-liðs 2. tl. 21. gr. hæstaréttarlaga nr. 73/1975, þar sem gert er ráð fyrir, að skiptaréttur úrskurði, „hvaða eignir skuli draga undir skipti", breytir ekki þessari niðurstöðu. Þar er ekki átt við það atvik, þegar fjármunir bús eru komnir í hendur 3ja manns og hann samþykkir ekki að leggja ágreining til úrlausnar skiptaréttar. Þar sem varnaraðili kippti á síðustu stundu undan málinu þeim réttarfarslega grundvelli, sem það hvíldi á og hann hafði sjálfur með mótmælaleysi sínu átt hlut að því að leggja, þá verður krafa hans um málskostnað ekki tekin til greina.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er ex officio vísað frá skiptadómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 5. október 1984.

Nr. 191/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

Griffith David Scobie

Kærumál. Ferðabann fellt úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. september sl., er barst Hæstarétti 1. þ.m., að því er ætla verður í því skyni að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en greinargerð hefur ekki borist af hans hálfu. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Eigi þykir sérstök ástæða til þess að ætla, að varnaraðili muni koma sér undan fullnustu á refsingu, er honum kann að verða dæmd í máli þessu, þannig að nauðsynlegt sé að banna honum för úr landi. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. september 1984.

Ár 1984, föstudaginn 28. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Griffith David Scobie, sem er bandarískur ríkisborgari, var með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 27. júní sl., dæmdur í sex mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir brot gegn 254. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 og til greiðslu, ásamt tveimur dómþolum öðrum, skaðabóta að fjárhæð kr. 185.647.50 auk vaxta og sakarkostnaðar. William James Scobie rændi 1.839.134 krónum, og ákærði Griffith faldi peningana á heimili sínu, eftir að hann hafði fengið vitneskju um ránsbrot sonar síns, og hagnýtti sér hluta fjárins, kr. 30.000, til gjaldeyriskaupa.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Griffith David Scobie, Barmahlíð 35 hér í borg, fæddur 05.03.1926 í New York, verði með úrskurði meinuð

brottför héðan af landi fram til 1. mars 1985, en þó eigi lengur en þar til fullnaðardómur gengur í málinu, með vísan til 1. mgr. 72. gr., sbr. 2. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Kröfunni var mótmælt.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað dómi þessum til Hæstaréttar Íslands til þyngingar hvað varðar Griffith David Scobie. Með vísan til þess, 1. mgr. 72. gr. laga nr. 74, 1974 og með hliðsjón af lagasjónarmiðum þeim, er liggja til grundvallar 2. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að taka kröfu ákæruvaldsins til greina og ákveða, að Griffith David Scobie verði meinuð för úr landi til föstudagsins 1. mars 1985, kl. 17:00, en þó eigi lengur en þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í málinu.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Griffith David Scobie, er óheimil för úr landi allt til föstudagsins 1. mars 1985, kl. 17:00, en þó eigi lengur en þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í málinu.

Mánudaginn 15. október 1984.

Nr. 114/1982. **Víðir Jóhannsson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Guðmundi Runólfssyni h/f
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 6. janúar 1982. Útivist varð af hans hálfu 3. maí 1982, en hann áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 17. maí 1982 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefndi greiði honum 18.205.40 krónur með 19% ársvöxtum frá 11. apríl 1979

til 31. maí 1979, með 22% ársvöxtum frá 1. júní 1979 til 31. ágúst 1979, með 27% ársvöxtum frá 1. september 1979 til 30. nóvember 1979, með 31% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 30. maí 1980, með 35% ársvöxtum frá 1. júní 1980 til 30. maí 1981, með 34% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til 31. október 1982, með 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, með 35% ársvöxtum frá 21. september 1983 til 20. október 1983, með 32% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, með 21.5% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá 21. janúar 1984 til uppsögu hæstaréttardóms, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í skuttogaranum Runólfi, SH 135, sbr. X. kafla siglingalaga nr. 66/1963.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Munnlegur málflutningur í héraði fór fram í máli þessu 17. júlí 1981, en dómur var kveðinn upp 12. nóvember s.á. Með þessum drætti á dómsuppsögu hefur héraðsdómur brotið fyrirmæli 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Verður því ekki hjá því komist, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 17. júlí 1981 og skylda héraðsdóm til að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Meðferð máls þessa í héraði frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 17. júlí 1981 og héraðsdómur eiga að vera ómerk, og ber héraðsdómi að taka málið upp að nýju til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 12. nóvember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 17. júlí 1981, höfðar Víðir Jóhannsson, Fagurhólstúni 8, Grundarfirði, gegn Guðmundi Runólfssyni h.f., Grundarfirði, í sjó- og verslunardómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu með stefnu, útgefinni 3. október 1980. Stefndi mætti óstefndur við þingfestingu málsins hinn 5. október 1980.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 18.205.38 ásamt 31% ársvöxtum frá 11. apríl 1980 til 1. júní s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 5. október 1980, þingfestingardags, en eftir það með hæstu innlánsvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979. Ennfremur krefst hann viðurkenningar á sjóveðrétti í Runólfi SH-135 svo og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá lögmanna frá 1. júní 1981.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað samkvæmt mati dómsins.

— — —

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Runólfsson h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Víðis Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 16. október 1984.

Nr. 10/1983. **Björn Thoroddsen**
(Ingvar Björnsson hdl.)
gegn
Þórunni Christiansen
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Hjón. Lögskilnaður. Krafa um ógildingu skilnaðarsamnings. Áfrýjun. Fjárnám. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 16. júlí 1982 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 30. júní 1982. Þingsókn féll niður af hans hendi í því máli 7. janúar 1983, og var það mál þá hafið. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju 13. janúar 1983 samkvæmt heimild í 36. gr. framangreindra laga. Dómkröfur hans eru aðallega þær, að samningur málsaðilja, er gerður var vegna skilnaðar þeirra að borði og sæng 15. janúar 1979, verði dæmdur óskuldbindandi fyrir hann frá og með útgáfu leyfis dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til lögskilnaðar aðilja 29. október 1980, en til vara, að ákvæði 1.2. í samningi þessum um skyldu áfrýjanda til að greiða hálft meðlag umfram meðalmeðlag með hverju barni aðilja verði dæmt óskuldbindandi fyrir hann frá og með áður greindum degi. Þá krefst hann og, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð og hin áfrýjaða lögtaksgerð verði úr gildi felldar. Loks krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, fjárnámsgerðar og lögtaksgerðar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hin áfrýjaða lögtaksgerð fór fram 23. apríl 1982 samkvæmt úrskurði bæjarfógetans í Hafnarfirði 5. s.m. um að lögtak ætti fram að fara hjá áfrýjanda fyrir hálfu meðalmeðlagi með hverju hinna fimm barna málsaðilja fyrir tímabilið janúar-apríl, að báðum mánuðum meðtöldum, eftir því sem lögskilnaðarleyfi kvæði á um. Lögtaksgerðin stendur samkvæmt bessu ekki í slíku sambandi við hinn

áfrýjaða dóm og fjárnámsgerð að henni mætti áfrýja ásamt þeim. Ber því að vísa áfrýjun lögtaksgerðarinnar sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða dómi er verðmæti eigna aðilja við skilnað að borði og sæng tiltekið í nýkrónum.

Fallast má á það, að málshöfðunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972 hafi verið liðinn er mál þetta var höfðað. Þá eru ekki sannaðir annmarkar á gerð samnings aðilja, er leitt geti til þess, að hann verði metinn ógildur samkvæmt 32. gr. laga nr. 7/1936 eða öðrum reglum fjármunaréttar um ógilda löggerninga.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Og með því að engir annmarkar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð ber einnig að staðfesta hana.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti er ákveðst 20.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjun framangreindrar lögtaksgerðar er vísað frá Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Björn Thoroddsen, greiði stefndu, Þórunni Christiansen, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Halldórs Þorbjörnssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Að okkar áliti mátti áfrýjandi skjóta til Hæstaréttar lögtaki því, sem gert var 23. apríl 1982, í sama máli og bæjarþingsdómnum frá 19. febrúar 1982 og fjárnáminu, sem fram fór sama dag og lögtakið. Skylda áfrýjanda til að greiða hálft annað meðalmeðlag byggist á samningi málsaðilja 15. janúar 1979. Þessum samningi var ekki breytt, þegar leyfi til skilnaðar að borði og sæng og síðar til lögskilnaðar voru veitt, og verður því að telja, að það sé þessi samningur, en ekki yfirvaldsúrskurður, sem ákveður meðlagið. Við fáum ekki séð, að það breyti þessari niðurstöðu, að áfrýjandi krafðist þess, áður en lögskilnaðarleyfi var veitt, að meðlagsgreiðslur breytt-

ust þannig, að hann greiddi meðalmeðlag, enda breytti ráðuneytið ekki ákvæði samningsins frá 1979 að þessu tilefni svo sem fyrr segir.

Lögtakið og bæjarþingsmálið, sem dæmt var 19. febrúar 1982, voru því af sömu rót runnin, og mátti þess vegna skjóta þeim undir dóm Hæstaréttar í einu hæstaréttarmáli samkvæmt 58. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973, 1. mgr. 70. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 og 117. gr. sömu laga.

Samkvæmt þessu teljum við að dæma beri um þá kröfu áfrýjanda, að lögtakið verði fellt úr gildi. Ekki teljum við efni til að taka kröfuna til greina.

Að öðru leyti erum við sammála meirihluta dómara.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 19. febrúar 1982.

Mál þetta sem dómtekið var 15. þ.m., að loknum munnlegum málflutningi, hefur Björn Thoroddsen flugstjóri, Strandgötu 73, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 3. september sl., gegn Þórunni Christiansen, húsmóður og skólaritara, Miklabergi, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að skilnaðarsamkomulag aðilja, dags. 15. janúar 1979, verði dæmt óskuldbindandi fyrir stefnanda frá og með útgáfu lögskilnaðarleyfis hinn 29. október 1980. Jafnframt krefst stefnandi þess, að stefndu verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu og eigi lægri en samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en við munnlegan flutning málsins var þess krafist af hálfu stefnanda til vara, að gr. 1.2. í skilnaðarsamkomulaginu, hvað varðar skyldu til greiðslu ½ umframmeðlags, verði dæmt óskuldbindandi fyrir stefnanda frá og með 29. október 1980 og málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að skilnaðarsamkomulagið haldist óbreytt, hún verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu og dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu að mati dómsins. Af hálfu stefndu er því jafnframt mótmælt, að varakrafa stefnanda komist að í málinu sem of seint fram komin.

Málsaðiljar gengu í hjúskap 1. ágúst 1964 og eignuðust 5 börn. Þau fengu eftir sameiginlegri ósk útgefið leyfi til skilnaðar að borði og sæng með bréfi, dags. 15. janúar 1979. Vegna skilnaðarins höfðu þau gert með sér skilnaðarkjarasamning, sem dags. er sama dag, 15. janúar 1979. Efni samningsins er þetta:

„1.0. Hjónin eiga saman börnin Kristínu Maríu, f. 20.11. 1968, Atla, f.

29.5. 1970, Hrafn, f. 11.7. 1973, Höllu, f. 24.8. 1977 og Helgu, f. 24.8. 1977.

1.1. Þórunn hefir forræði allra barnanna.

1.2. Björn skal greiða 1½ meðlag, eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins hverju sinni, með hverju barnanna um sig, frá og með 1. febrúar 1979 að telja til fullnaðs 17 ára aldurs þeirra eða lengur, ef það yrði ákveðið af opiberri hálfu. Gjalddagi meðlagsins er 1. dag hvers mánaðar fyrirfram og greiðslustaður þar sem Þórunn ákveður. Þórunn getur einnig óskað greiðslu beint frá Tryggingastofnun ríkisins á þeim hluta meðlagsins, sem sú stofnun greiðir.

1.3. Björn skal hafa umgengnisrétt við börn sín samkvæmt samkomulagi við Þórunni hverju sinni. Ef þau greinir á um inntak umgengnisréttarins eða það hversu honum verði beitt, getur Björn óskað úrskurðar dómsmálaráðuneytisins um þann ágreining, sbr. 3. mgr. 47. gr. l. nr. 60/1972.

2.0. Björn skuldbindur sig til að greiða Þórunni lífeyri á meðan á skilnaði að borði og sæng stendur, þó aldrei lengur en í tólf mánuði. Lífeyrisgreiðsla þessi nemur kr. 100.000 mánaðarlega, sem greiðast skal í fyrsta sinn 1. febrúar 1979 og skal greiðast Þórunni þar sem hún ákveður.

3.0. Um skiptingu eigna og skulda fer þannig:

3.1. Í hlut Þórunnar kemur fasteign búsins, húseignin Miklaberg í Hafnarfirði, Þórunn tekur að sér greiðslu eftirtalinna veðskuldabréfa, sem tryggð eru með veði í fasteigninni. Veðskuldir þessar eru allar við Lífeyrissjóð flugmanna og eru samkvæmt veðskjölum nr. 398, 375, 453, 531, 606, 739, 1073 og 1149, dags. 14.3. 1969, 20.8. 1969, 22.5. 1970, 11.5. 1971, 10.5. 1972, 19.2. 1974, 1.2. 1976 og 14.7. 1977. Tekur Þórunn að sér greiðslu þeirra vaxta og afborgana, sem falla í gjalddaga eftir 10. janúar 1979. Séu einhverjar afborganir eða vaxtagreiðslur gjaldfallnar þá, en ógreiddar, skulu þær greiðslur inntar af hendi af Birni.

Í hlut Þórunnar kemur einnig allt innbú og búslóð, sem nú er að Miklabergi, þegar frá eru taldar þær eignir, sem falla til Björns og sem greint verður í næsta tölulið hér á eftir.

Til viðbótar við framangreindar skuldir, sem Þórunn tekur að sér að greiða, tekur hún að sér að greiða skuld búsins við foreldra sína. Þórunn tekur ekki að sér greiðslu annarra skulda en þeirra, sem að framan eru upp taldar.

3.2. Í hlut Björns falla eftirtaldar eignir:

Bifreiðin G-370, Citroen CX 2400 árg. 1977, flygill, handverkfæri

og bókasafn auk persónulegra muna. Þær eignir, aðrar en bifreiðin, sem nú eru að Miklabergi, skulu afhentar Birni, þegar hann óskar eftir, þó í síðasta lagi innan sjö daga frá dagsetningu samnings þessa að telja.

Björn tekur að sér greiðslu allra annarra skulda félagsbúsins en þeirra, sem upp eru taldar í tl. 3.1. Þ. á m. tekur Björn að sér greiðslu allra opinberra gjalda af eignum og tekjum ársins 1978. Hjónin munu telja fram sitt í hvoru lagi fyrir árið 1979 og greiða opinber gjöld í samræmi við það.

Hlutur Björns sem erfingja föður síns er séreign hans, þar eð móðir hans situr í óskiptu búi samkvæmt búsetuleyfi dags. 17. júlí 1978, og kemur því ekki til skipta.

3.3. Komi í ljós aðrar skuldir félagsbúsins en þær, sem taldar eru sérstaklega upp hér að framan og báðum er um kunnugt, skal það hjóna greiða þær, sem til þeirra stofnaði.

4.0. Með samningi þessum, sem gilda skal einnig eftir lögskilnað, ef til kemur, fellur niður sameiginlegt fjárfélag hjónanna og á hvorugt þeirra kröfu á hitt umfram það, sem að framan greinir."

Hinn 1. október 1980 kom stefnandi fyrir Guðmund L. Jóhannesson aðalfulltrúa bæjarfógetans í Hafnarfirði, vegna skilnaðarmálsins, og var þá bókað:

„Maðurinn er mættur og óskar þess að nú verði gefið út leyfisbréf með þeim hjónum með sömu kjörum og greinir í framl. leyfisbréfi að öðru leyti en því að hann fer fram á að skilnaðarkjörum verði breytt þannig að hann greiði framvegis 1 meðalmeðlag með hverju barni þeirra hjóna. Ástæðuna fyrir þessari breytingu kveður hann vera að fjárhagur hans sé nú mikið verri en þegar samningurinn um skilnaðarkjörin var gerður. Hann hefur ekki á greindu tímabili fengið samsvarandi launahækkanir og aðrir starfsmenn þar sem flugmenn hafi ekki fylgt eftir launakröfum sínum af neinni hörku og nú hafi honum verið sagt upp starfinu frá 1. des. n.k. Þá hafi skattbyrði hans þyngst m/v það sem var, er hann var búandi með konunni og valdi þar að mestu að hann njóti ekki lengur frádráttar v/greiðslu vaxta af veðskuldabréfum, en einnig hafi hækkun skattstigans v/hærri tekna komið illa við hann. Hann kveðst greiða í opinb. gjöld 1980 um kr. 5.000.000. Þá greiði hann í lífeyrissjóð flugmanna um kr. 1.000.000 á ári, en vergar tekjur hans árið 1980 verði um kr. 16.100.000.

Hann kveðst eiga eftir af launum sínum þegar hann hefur greitt meðlögin til konunnar um kr. 360.000 á mán. sem nægi honum ekki til framfæris.

Maðurinn kveður nokkurn misbrest vera á því að hann njóti umgengnisréttar við börnin eins og um væri samið.

Hann kveðst ef ekki verður fallist á lækkun meðlagsgreiðslunnar af hans hálfu gera kröfu til að fá forræði allra barnanna og fá þau til sín og falli þá niður meðlagsgreiðslur til konunnar.

Hann kveður eignaskiptum vera lokið og uppgjöri skulda."

Síðar sama dag kom stefnda fyrir greindan valdsmann og var þá bókað: „Henni eru kynntar kröfur mannsins. Hún er því samþykk að gefið verði nú út leyfisbréf um lögskilnað með þeim hjónum.

Hún fellst ekki á að nein breyting verði gerð á fyrra samkomulagi um skilnaðarkjör, heldur gerir kröfu til að þau gildi áfram.

Hún kveðst ekki komast af með minna en 1½ meðlag með hverju barni auk mæðralauna, og þess sem hún vinnur sér inn með ½ dags vinnu. Þetta hrökkvi einungis fyrir nauðþurftum og til greiðslu afborgana og vaxta af lánum, og rekstrargjalda vegna húseignarinnar.

Hún setur á það áherslu að laun mannsins hafi ekki versnað verulega frá því hann skrifaði undir skilnaðarsamkomulagið og hann hafi þá getað séð fyrir, að hann þyrfti að greiða opinb. gjöld af væntanl. launum.

Hún kveðst því mótfallin að maðurinn fái forræði barnanna. Þau hafi sameiginl. heimili hjá henni og eru vel samrýnd og væri mjög óheppilegt að skilja þau að.

Hún kveður ekki rétt að maðurinn njóti ekki umgengnisréttar við börnin eins og samið hafi verið um. Hann hafi lítið sem ekkert sótzt eftir að fá börnin til sín og hirt lítið um að hafa samgang við þau.

Hún kveður eignaskiptum og uppgjöri skulda lokið."

Í leyfisbréfi dómsmálaráðherra, dags. 29. október 1980, til lögskilnaðar milli málsaðilja segir, að með „. . . því að hinar lögboðnu sáttatilraunir, sem fram hafa farið lögum samkvæmt, hafa reynzt árangurslausar, veitist hér með leyfi til lögskilnaðar milli téðra hjóna, Björns Thoroddsen og Þórunnar Christiansen, með þeim skilmálum, að konan hafi forræði barna þeirra, Kristínar Maríu, f. 20. nóvember 1968, Atla, f. 29. maí 1970, Hrafns, f. 11. júlí 1973, Höllu, f. 24. ágúst 1977 og Helgu, f. 24. ágúst 1977, og greiði maðurinn konunni 1½ meðalmeðlag með hverju barni frá útgáfudegi leyfisbréfs þessa að telja til fullnaðs 17 ára aldurs þeirra.

Meðlagið greiðist fyrirfram 1. hvers mánaðar, en fyrir yfirstandandi mánuð þegar í stað.

Faðirinn njóti eðlilegs umgengnisréttar við börnin eftir nánara samkomulagi við móður."

Málsaðiljar komu fyrir dóminn 14. janúar sl. og gáfu skýrslu.

Stefnandi kvað það ekki rétt, að hann hafi verið í miklu andlegu ójafnvægi, er skilnaður átti sér stað, þrátt fyrir hið gagnstæða sem segir í stefnu. Er skilnaðurinn átti sér stað, hafi bróðir stefndu, Ásgeir Christiansen, tjáð sér, að hann fengi ½ aukameðlagið dregið frá skatti. Þannig hafi honum

verið talin trú um þetta og treyst því, en það reynst rangt. Hann kvaðst ekki hafa notið aðstoðar lögfræðings við skilnaðinn eða gerð skilnaðarskilmála. Bróðir stefndu hafi verið milligöngumaður milli hans og stefndu. Hann kvaðst hafa viljað, að börnin yrðu áfram í sama húsi, og því ekki viljað skipta húseigninni. Ítrekað aðspurður gat stefnandi ekki bent á önnur atriði, sem teljast ætti óheiðarlegt af hálfu stefndu að byggja samninginn á. Það kemur fram í endurriti úr hjónaskilnaðarbók frá 15. janúar 1979, þar sem stefnandi var mættur og Jónas A. Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður fyrir stefndu, að stefnandi undirritaði skilnaðarsamkomulagið þar og þá. Hér fyrir dómi kvaðst stefnandi hafa vitað, hvað hann var að skrifa undir, og áður hafa fengið skilnaðarsamninginn afhentan og þá kynnt sér hann. Stefnandi kvaðst gera meginágreining við meðlagsgreiðslurnar í sambandi við skilnaðarsamninginn, en í máli þessu sé hann að sækjast eftir því, verði skilnaðarsamkomulagið dæmt óskuldbindandi, að eignir aðilja verði metnar miðað við þann tíma, er skilnaður að borði og sæng gekk í garð, og síðan skipt helmingaskiptum. Hann kvaðst hafa borið fram þá ósk, er unnið var að skilnaðarskilmálum, að húseignin yrði að hálfu eign barna aðilja og þinglýst þannig. Á þetta hafa stefnda alls ekki viljað fallast. Hann kvað stefndu hafa þverbrotið umgengnisrétt hans.

Stefnda skýrði svo frá, að stefnandi hefði gengið út af heimili þeirra í júlí 1978 og þau alls ekki hafa getað rætt við eftir það. Þau hafi ekkert rætt við um skilnaðinn eða skilnaðarskilmála og ræði ekki enn saman. Hún kvað það rétt, að Ásgeir, bróðir hennar, hafi borið á milli þeirra, enda hafi stefnandi ekki viljað ræða við lögfræðing, sem hún hafi fengið sér til aðstoðar haustið 1978. Hún kveður stefnanda sjálfan hafa boðið, að húseignin kæmi í hennar hlut gegn því, að hún greiddi áhvílandi skuldir. Við því kvaðst stefnda hafa tekið. Hún kvaðst hafa talið það sanngjarnt, enda hafi það verið stefnandi, sem hafi verið brotlegur og horfið til þeirrar konu, sem hann búi nú með. Hún kveður þetta hafa komið sér allt saman á óvart. Hún kveður stefnanda sjálfan einnig hafa boðið 1½ meðalmeðlag með börnunum og að greiða 1.000.- krónur á mánuði í lífeyri til hennar í 12 mánuði. Hún kveðst jafnframt hafa fallist á þetta boð stefnanda um meðlagið og lífeyrinn. Hún kveður engan ágreining um umgengnisrétt stefnanda við börnin, þetta komi aðeins til út af því, að hún gangi út frá því, að stefnandi verði sjálfur að vitja barnanna.

Stefnda ítrekaði, að það hafi verið stefnandi, sem boðið hafi upp á umrædd skilnaðarkjör, og hún þegið þau. Hún gat ekki ímyndað sér annað en stefnandi hafi verið í fullkomlega andlegu jafnvægi á þessum tíma, en kveðst ekki geta sagt það sama um sig sjálfa. Hún gat ekki ímyndað sér, að nein slík atvik hafi verið fyrir hendi, sem telja ætti óheiðarlegt að byggja skilnaðarsamninginn á.

Stefnda kvaðst ekki þekkja það, sem fram kom hjá stefnanda um skattafrádrátt vegna aukameðlagsins. Hún benti á, að stefnandi eigi mág, sem er lögfræðingur, og því hafi hann geta spurt hann, ef stefnandi hefði verið í einhverjum vafa.

Í stefnu og greinargerð byggir stefnandi á því, að er aðiljar gerðu skilnaðarsamkomulagið hinn 15. janúar 1979, hafi sameiginlegar eignir þeirra samkvæmt skattframtali ársins 1979 numið kr. 218.606.72, en skuldir kr. 21.903.91, sem geri hreina eign að fjárhæð kr. 196.702.81. Við skilnaðinn hafi komið í hlut mannsins aðeins bifreið að fjárhæð kr. 32.416.72, hlutabréf að nafnverði kr. 500.00, sem geri samtals kr. 32.916.72, auk óverulegs hluta af innbúi. Á þeim tíma hafi stefnandi verið í miklu andlegu ójafnvægi, en fyrir stefndu hafi hæstaréttarlögmaður mætt við skilnaðinn og gengið frá skilnaðarkröfum. Stefnandi hafi á þeim tíma ekki gert sér grein fyrir því, að skilnaðarsamkomulagið væri bersýnilega ósanngjarnt, þegar tekið væri tillit til eignaskiptingar, greiðslu á kr. 1.000.00 á mánuði í lífeyri til stefndu og greiðslu ½ viðbótarmeðlags með hverju barni þeirra. Skilnaðarsamkomulagið brjóti í bága við lög nr. 60/1972, sbr. lög nr. 20/1923, sbr. lög nr. 3/1878. Það sé grundvallarregla íslensks réttar um fjárskipti milli hjóna við skilnað samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923, að hvort hjóna um sig fái við skilnaðinn í sinn hlut helming af skýrri hjúskapareign hins. Hér eigi og við 55. gr. laga nr. 60/1972, VII. kafli laga nr. 20/1923 og VI. kafli laga nr. 3/1878. Helmingaskiptareglunnar hafi alls ekki verið gætt.

Á skattframtölum aðilja árið 1978 og 1979, dskj. nr. 6 og 7 komi fram eignir og skuldir aðilja á þeim tíma, er slit fjárfélags þeirra átti sér stað, og þegar þau gögn séu borin saman við skilnaðarsamninginn, sé ljóst, að hlutur stefnanda hafi verið með öllu fyrir borð borinn og stefnda virðist hafa fengið við skiptin í sinn hlut kr. 163.786.09 auk svo til allt innbú aðilja, þar með talin verðmæt heimilistæki auk venjulegs innbús. Stefnandi hafi samkvæmt því fengið í sinn hlut aðeins 17% af heildareignum búsins, en stefnandi hafi verið fyrirvinna heimilisins þann tíma, er hjúskapur stóð, og lagt fram að mestu leyti allt það fé, er olli eignaraukningu búsins. Teljist því samkvæmt þessu sem og 32. gr. laga nr. 7/1936, að fjárskiptin hafi verið svo ósanngjörn í garð stefnanda, að þau hljóti að vera óskuldbindandi fyrir hann, samanber 54. gr. laga nr. 60/1972, en mál þetta sé höfðað í tæka tíð, eða innan 1 árs frá útgáfu lögskilnaðarleyfis. Svo sem skilnaðarsamkomulagið sé úr garði gert, rýri það mjög möguleika stefnanda til þess að skapa sér viðunandi fjárhagsgrundvöll og stofna heimili á nýjan leik. Jafnframt hafi stefnda með öllu bannað stefnanda að hafa samband við börn sín og þannig hafi ákvæðið um umgengnisrétt í skinaðarsamningnum ekki verið haldið af stefndu.

Málsástæðu, byggða á 32. gr. laga nr. 7/1936, reisir stefnandi á því, sem fram kemur í skýrslu hans um, að honum hafi verið talin trú um, að umframmeðlagið fengi hann dregið frá til skatts.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að málshöfðunarfrestur 2. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972 hafi verið liðinn, er stefnandi höfðaði mál þetta. Aðeins sé um að tefla skilnaðarskilmála, dags. 15. janúar 1979, og leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng verið gefið út sama dag á grundvelli samkomulagsins. Leyfisbréf til lögskilnaðar hafi svo verið gefið út að beiðni stefnanda 29. október 1981. Engin krafa hafi þá verið gerð um breytingu eða ógildingu á skilnaðarsamkomulaginu að því er varðaði fjárskipti aðilja. Í samræmi við 46. gr. laga nr. 60/1972 hafi lögskilnaðarleyfið síðan verið gefið út. Taki þetta af öll tvímæli um, að þegar liðið hafi verið ár frá útgáfu leyfisbréfsins til skilnaðar að borði og sæng, hafi stefnandi vegna vangæslu verið búinn að glata rétti sínum til þess að fá skilnaðarsamkomulagið lýst óskuldbindandi með dómi. Vísun stefnanda til 55. gr. laga nr. 60/1972 eigi ekki hér við, þar sem aðiljar hafi komið sér saman um skiptingu eigna og skulda með skilnaðarsamkomulaginu, og ekki heldur vísun til laga nr. 20/1923 eða VI. kafla laga nr. 3/1878. Ekki verði séð af þeim gögnum, er fyrir lágu, er greinargerð stefnanda var rituð, að 32. gr. laga nr. 7/1936 geti hér átt við, enda ekki bent á nein atriði, sem sýni, að stefnda hafi beitt óheiðarleika við fjárskipti aðilja. Við munnlegan flutning málsins var því algjörlega mótmælt af hálfu stefndu, að hún eða nokkur fyrir hennar hönd hafi beitt blekkingum við stefnanda eða stefndu verið kunnugt um slík atvik, sem þessi málsástæða verði byggð á. Af hálfu stefndu eru færð að því rök og því eindregið mótmælt, að eignaskiptingin hafi á nokkurn hátt verið óeðlileg eða hlutur stefnanda á nokkurn hátt verið fyrir borð borinn. Þvert á móti sé skilnaðarsamkomulagið sanngjarnt og því jafnframt haldið fram, að ákvörðun meðlagsgreiðslna heyri alfarið undir dómsmálaráðuneytið og komi því eigi hér til álita.

Álit dómsins.

Kröfur stefnanda í máli þessu eru byggðar á 54. gr. laga nr. 60/1972 og 32. gr. laga nr. 7/1936 og miðast því við þær aðstæður og atvik, sem fyrir hendi voru hinn 15 janúar 1979, er aðiljar gerðu með sér skilnaðar skilmálana, þar sem tekið var fram, að þeir skyldu einnig gilda eftir lögskilnað, sem þeir skulu og gera samkvæmt 46. gr. laga nr. 60/1972, nema annars sé getið, og gerðu. Frestur til höfðunar máls þessa samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972 byrjaði því að líða frá útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng hinn 15. janúar 1979, og var því löngu liðinn sá eins árs málshöfðunarfrestur, sem greinir í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972, er stefnandi höfðaði mál þetta. Kæmi ekki annað til, hefði því borið að

vísa máli þessu frá dómi ex officio. Að því leyti sem kröfur stefnanda eru byggðar á 1. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972, kemur því ekki frekar til álita.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að ógilda beri skilnaðarskilmála aðilja að öllu eða hluta með þeim rökum, sem 32. gr. laga nr. 7/1936 byggist á. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Dæma ber stefnanda til að greiða stefndu 3.800.- krónur í málskostnað.

Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Þórunn Christiansen, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Björns Thoroddsen, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu 3.800.- krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Hafnarfjarðar 23. apríl 1982.

Ár 1982, föstudaginn 23.4., er fógetaréttur Hafnarfjarðar settur að Strandgötu 73 og haldinn með undirrituðum vottum af Bergi Oliverssyni fulltrúa. Fyrir er tekið fógetamálið: 282/1982 Þórunn Christiansen gegn Birni Thoroddsen.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 endurrit dóms bæjarþings Hafnarfjarðar 19.2. 1982.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðni Guðnason hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 3.800, til greiðsludags kr. 570 v. gerðarbeiðni og móts, kr. 227,- í kostnað af endurriti og birtingu dóms, málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda (sic).

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstadddur. Fyrir hann mætir Ásgeir Þór Árnason.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola Petro flygli og EMCO trésmíðavél. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Lögtaksgerð fógetaréttar Hafnarfjarðar 23. apríl 1982.

Ár 1982, föstudaginn 23. 4., er fógetaréttur Hafnarfjarðar settur að Strandgötu 73 og haldinn með undirrituðum vottum af Bergi Oliverssyni fulltrúa. Fyrir er tekið fógetamálið: 283/1982 Þórunn Christiansen gegn Birni Thoroddsen.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 lögtaksúrskurð og nr. 3 endurrit úr fógetabók Hafnarfjarðar 28. janúar 1982.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðni Guðnason hdl. og krefst lögtaks fyrir kr. 31.213.50, í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda (sic).

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir Ásgeir Þór Árnason, sem býr/starfar hér.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til lögtaks.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir lögtaki í eign gerðarþola Petro flygli og EMCO trésmíðavél. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeinngarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola lögtakið, að ekki megi ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 18. október 1984.

Nr. 165/1982. **Eiríkur Tómasson hrl.**
f.h. Flekkefjord Slipp & Maskinfabrikk
(Eiríkur Tómasson hrl.)
gegn
Útgerðarfélaginu Nirði h/f
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Samningar. Skaðabætur. Forsendur. Innflutningur skipa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 23. ágúst 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júlí 1982. Hann krefst þess aðallega, að stefnda verði dæmt til að greiða sér 372.660.00 norskar krónur (Nkr) ásamt 11% ársvöxtum af 9.501.00 Nkr frá 21. desember 1979 til 14. júlí 1980, af 215.463.00 Nkr frá þeim degi til 1. ágúst 1980, af 372.660.00 Nkr frá þeim degi til 21. apríl 1982, en 10% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefnda verði dæmt til að greiða sér 100.000.00 Nkr með 11% ársvöxtum frá 14. júlí 1980 til 21. apríl 1982, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, gerðu málsaðiljar samning 31. ágúst 1979 um, að áfrýjandi seldi stefnda vélbátinn Hamravík, KE 75. Í niðurlagi þess samnings, sem er á norsku, segir, að forsenda hans sé „godkjenning fra såvel islandske som norske myndigheter." Í lok febrúar og byrjun mars 1980 skiptust málsaðiljar á nokkrum bréfum og símskeytum um gildi samningsins. Taldi áfrýjandi, að samningurinn væri fallinn úr gildi vegna vanefnda stefnda, en stefndi hélt fast við, að samningurinn væri í gildi. Er þetta rakið í héraðsdómi. Með bréfi 3. mars fór áfrýjandi þess

á leit við hið stefnda félag, að það lýsti yfir því samdægurs, að það vildi kaupa vélbátinn á sama verði og um hefði verið samið 31. ágúst, að viðbættum þeim kostnaði, sem áfrýjandi hefði orðið að greiða vegna vanefnda þess. Þennan kostnað sundurliðaði áfrýjandi svo í bréfi þessu:

Vátrygging m/s Hamravíkur	Nkr.	40.800.00
Hafnargjöld, daglegt eftirlit, olía, rafmagn o.fl. vegna legu skipsins í Njarðvíkurhöfn .	Nkr.	65.000.00
Vextir af heildarverði skipsins (1.3% á mánuði)	Nkr.	140.400.00
Önnur útgjöld (ferðir, uppihald, lögfræðiaðstoð o.fl.)	Nkr.	50.000.00
Samtals	Nkr.	296.100.00

Hinn 4. mars gerðu aðiljar nýjan samning, einnig á norsku, um kaup á vélbátnum, og er í samningi þessum tekið fram, að kaupverð sé 1.800.000.00 Nkr. eins og í fyrri samningnum, en auk þess eigi stefndi að greiða áfrýjanda 155.800.00 Nkr. „til dekning af pålöbne omkostninger." Fjárhæð þessi er samtalan af 1., 2. og 4. lið áðurnefnds kostnaðarreiknings áfrýjanda. Hluta þessarar fjárhæðar, 55.800.00 Nkr., greiddi hið stefnda félag við undirskrift samningsins, en mismuninn, 100.000.00 Nkr., skyldi greiða um leið og kaupverðið. Í niðurlagi samningsins er svofellt ákvæði: „Kjöper har meddelt að han har myndigheternes tillatelse til dette kontraktsforhold og selger har bekreftet det samme." Aðiljar eru sammála um, að bréf sjávarútvegsráðuneytisins til viðskiptaráðuneytisins, dagsett 20. febrúar 1980, hafi legið fyrir aðiljum, þegar samningurinn var undirritaður. Bréf þetta er svohljóðandi:

„Með tilvísun til fyrri ákvarðana um sölu m/b Hamravíkur KE úr landi, vill ráðuneytið upplýsa nú að það fellur frá skilyrði um að m/b Hamravík KE sé seld úr landi, þ.e. það telur innflutning skipsins heimilan, enda verði annað skip selt úr landi af kaupanda þess og ekki verði um lán úr opinberum sjóðum að ræða vegna kaupanna."

Aðilar eru einnig sammála um, að þeim hafi við undirritun samningsins báðum verið kunnugt um, að búið væri að strika vélbátinn

út af skipaskrá. Stefndi hafi ritað siglingamálstjóra bréf 29. febrúar og beðið um, að báturinn yrði skráður á ný. Sú beiðni bar ekki árangur.

Málsaðiljum, sem báðir höfðu íslenska lögfræðinga sér til aðstoðar við samningsgerðina 4. mars 1980, mátti vera ljóst, að niðurlagsákvæði C liðar 26. gr. laga nr. 52/1970 stæði því í vegi, að stjórnvöld gætu heimilað innflutning vélbátsins Hamravíkur, sem var meira en 12 ára gamall. Til þess þyrfti lagaheimild. Slík heimild fékkst ekki, en frumvarp til laga um innflutning bátsins var þó lagt fram á Alþingi um veturinn, en náði ekki fram að ganga. Innflutningsleyfi var að sjálfsögðu alger forsenda þess, að kaupin næðu fram að gang. Er af þessum sökum fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að samningurinn frá 4. mars um kaupin á bátnum hafi fallið úr gildi, vegna þess að þessi forsenda fyrir þeim brást, og að hvorugur málsaðilja beri öðrum fremur ábyrgð gagnvart hinum á því, að svo fór, þrátt fyrir áðurgreint niðurlagsákvæði samningsins. Samkvæmt því verður aðalkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina.

Eins og fyrr greinir, var í kaupsamningnum 4. mars, ákvæði, þar sem hið stefnda félag skuldbatt sig til að greiða áfrýjanda 155.800.00 Nkr. „til dekning av pålöbne omkostninger." Hvort sem það kann að hafa verið skyldugt til að greiða kostnað þennan eða ekki samkvæmt ákvæðum samningsins frá 31. ágúst 1979, var skuldbindingin fyrirvaralaus af þess hálfu, og hluta fjárhæðarinnar greiddi það athugasemdalaust við undirskrift samningsins, eins og fyrr segir. Verður að telja stefnda við þetta ákvæði bundinn. Ber því að dæma hann til að greiða áfrýjanda 100.000.00 Nkr. með vöxtum, eins og í varakröfu áfrýjanda greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 60.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Útgerðarfélagið Njörður h/f, greiði áfrýjanda, Eiríki Tómassyni hrl. f.h. Flekkefjord Slipp & Maskinfabrikk, 100.000.00 Nkr með 11% ársvöxtum frá 14. júlí 1980 til 21. apríl 1982, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags,

og 60.000.00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Við gerð samningsins 4. mars 1980, sem leysti af hólmi fyrri samning aðilja frá 31. ágúst 1979, gerði hvorugur þeirra sér ljóst, enda þótt þeir nytu báðir aðstoðar íslenskra lögmanna, að innflutningur m/s Hamravíkur var óheimill að lögum, þar sem skipið var eldra en 12 ára, sbr. 3. mgr. C liðar 26. greinar laga nr. 52/1970. Voru báðir aðiljar í þeirri villu, að íslensk stjórnvöld væru bær til að leyfa innflutning skipsins, sem strikað hafði verið af íslenskri skipaskrá. Töldu þeir raunar tryggt, að slíkt leyfi fengist, enda lá fyrir þeim bréf sjávarútvegsráðuneytis til viðskiptaráðuneytis um, að það teldi innflutning skipsins heimilan.

Niðurlagsákvæði samningsins 4. mars 1980 verður að skilja þannig, að stefndi taki með því ábyrgð á því, að íslensk stjórnvöld veiti leyfi sitt til innflutnings skipsins. Áfrýjanda mátti hins vegar vera ljóst, að sú ábyrgð var tekin í trausti þess, að stjórnvöld hefðu það á valdi sínu að leyfa innflutning skipsins og þess, að í raun réttri væri sú leyfisveiting tryggð með bréfi sjávarútvegsráðuneytisins. Þegar litið er til þessa, orðalags ákvæðisins svo og þess fyrirvara, sem gerður var í lokaákvæði samningsins frá 31. ágúst 1979, þykir ekki eiga að skýra umrætt ákvæði í samningnum frá 4. mars þannig, að með því hafi stefndi einnig tekist á hendur ábyrgð á því, að rutt yrði úr vegi þeirri lagatálmun, sem hvorugur aðilja gerði sér grein fyrir, að stóð í vegi fyrir innflutningi skipsins.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja, að samningur aðilja 4. mars 1980 hafi verið reistur á svo verulegri rangri forsendu, að hvorugur aðilja eigi að vera honum bundinn, er eigi reyndist unnt að afla lagaheimildar til innflutnings skipsins. Að því er varðar sérstaklega þá skuldbindingu, er stefndi undirgekkst með samningi þessum til að greiða kostnað af legu m/s

Hamravíkur í Keflavíkurhöfn fyrir 4. mars 1980, er þess getandi, að ekki verður annað séð en að þetta hafi hann gert umfram samningsskyldu samkvæmt samningnum frá 31. ágúst 1979. Verður að telja samningsákvæði þetta vera í slíkum tengslum við önnur ákvæði samningsins frá 4. mars 1980, að stefndi sé ekki af því bundinn fremur en þeim.

Samkvæmt þessu teljum við, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að frá 21. apríl 1982 til greiðsludags verði vextir af dæmdri fjárhæð 10% ársvextir.

Við teljum eftir atvikum rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. mars 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 9. mars sl., hefur Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður, Lágmúla 5, Reykjavík, höfðað f.h. Flekkefjord Slipp & Maskinfabrikk, Noregi, með stefnu, birtri 19. febrúar 1981, gegn Útgerðarfélaginu Nirði h.f., Húsavík, til greiðslu 378.339 Nkr. ásamt 11% ársvöxtum af 9.501 Nkr. frá 21. desember 1979, af 215.463 Nkr. frá 14. júlí 1980 og af 378.339 Nkr. frá 1. ágúst 1980 til birtingardags stefnu og dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 af stefnufjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Þá hefur stefndi með gagnstefnu framlagðri í dóm þann 25. september 1981 höfðað gagnsök á hendur stefnanda til greiðslu á 55.800 Nkr. eða jafnvirði þess í íslenskum krónum á greiðsludegi ásamt dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 af stefnufjárhæðinni frá þingfestingardegi að telja til greiðsludags svo og málskostnaði í gagnsökinni að mati réttarins.

Af hálfu stefnanda er þess krafist í gagnsök, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í gagnsökinni.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum án árangurs.

Mál þetta er risið út af skipakaupum. Með samningi, dags. 31. ágúst 1979, dskj. nr. 3, seldi stefnandi stefnda vélbátinn Hamravík, KE 75. Kaupverðið nam Nkr. 1.800.000.-. Stefndi átti að afhenda stefnanda vélbátinn Blika, ÞH 50, upp í kaupverðið fyrir Nkr. 800.000.-, en afgang kaupverðsins átti stefndi að greiða með skuldayfirlýsingu að fjárhæð Nkr. 1.000.000.- sbr. nánar dskj. nr. 3, 4 og 6.

Stefnandi heldur því fram, að á meðan á samningaumleitunum stóð hafi

framkvæmdastjóri stefnda lýst því yfir, að stefndi hefði fyrirheit um það frá íslenskum stjórnvöldum, að tilskilin leyfi myndu fást til kaupanna hér á landi og það innan skamms. Í samningum á dskj. 3 og 4 segir, að forsenda fyrir kaupunum sé samþykki íslenskra jafnt sem norskra yfirvalda. Stefnandi heldur því fram, að eðli málsins samkvæmt hafi hann tekið að sér að útvega tilskilin leyfi norskra yfirvalda og hafi þau fengist svo til samstundis. Hann heldur því fram, að gengið hafi verið út frá því við samningsgerðina, að Hamravík yrði afhent í byrjun septembermánaðar 1979 að fengnum tilskildum leyfum. Ekkert hafi verið því til fyrirstöðu af hálfu hans, að skipið yrði afhent á þeim tíma í samningsbundnu ástandi. Stefndi hafi hins vegar neitað að taka við skipinu, þar sem að honum hafi ekki tekist að afla tilskilinna leyfa íslenskra yfirvalda. Stefnandi hafi spurst fyrir um það, þann 6. september 1979, hvort stefndi hefði fengið tilskilin leyfi, og fengið þau svör, að leyfin fengjust í næstu viku. Eftir þetta hafi stefnandi ekki heyrt frá stefnda fyrr en í lok febrúarmánaðar 1980. Á meðan eða nánar tiltekið þann 10. desember 1979 hafi Hamravík verið tekin af íslenskri skipaskrá. Það hafi verið gert, án þess að stefnanda eða fyrri eiganda skipsins væri gert viðvart þar um eða gefinn kostur á að tjá sig um það.

Stefnandi hafi í ársbyrjun 1980 farið að hafa vaxandi áhyggjur af því, að stefndi myndi ekki fá tilskilin leyfi íslenskra yfirvalda vegna kaupanna þrátt fyrir fyrrgreindar yfirlýsingar. Útgjöld vegna legu Hamravíkur í Njarðvíkurhöfn hafi verið orðin veruleg og annar kostnaður vegna viðtökudráttar stefnda. Þá hefði stefnanda borist fyrirspurnir um kaup á bátnum, eins og fram komi á dskj. nr. 7 og 9. Umboðsmaður stefnanda hafi því haft samband við framkvæmdastjóra stefnda, sem þá hafi sagst hafa gefið upp alla von um að fá fyrrgreind stjórnvaldsleyfi. Í lok febrúarmánaðar 1980 hafi fyrirsvarsmenn stefnanda, þeir Leif Kongevold forstjóri, og Sigmund Kroslid, komið hingað til lands til að fá úr því skorið, hvort stefndi ætlaði sér að standa við samningana frá 31. ágúst 1979. Þann 27. febrúar hafi stefnda verið ritað bréf, þar sem stefnandi lýsi sig reiðubúinn til að gera nýjan samning um kaup og sölu á Hamravík í stað upphaflega samningsins. Í þessu bréfi sé stefnda gefinn frestur til 29. febrúar til að útvega tilskilin stjórnvaldsleyfi, að öðrum kosti telji stefnandi sig óbundinn af upphaflega samingnum sökum vanefnda af hálfu stefnda. Stefnanda hafi borist símskeyti frá stefnda samdægurs, þar sem ítrekað var gildi upphaflegu samninganna þar til fengin væru endanleg svör viðkomandi stjórnvalda til samþykktar eða synjunar kaupanna. Stefnandi hafi í framhaldi af þessu skeyti ítrekað efni fyrra bréfsins með símskeyti, dags. 28. febrúar. Þann 23. febrúar hafi stefnanda borist svohljóðandi símskeyti frá stefnda: „Hef aflað tilskilinna leyfa frá íslenskum stjórnvöldum til að kaupa m.b.

Hamravík og sölu á m.b. Blika ÞH 50. Hef þegar lagt inn umsókn að Hamravík verði sett á íslenska skipaskrá, þar af leiðandi tilbúinn til frágangs á kaupsamningi og sölusamningi.“ Stefnandi kveðst hafa svarað þessu skeyti stefnda með bréfi, dags. 3. mars, og lýst sig reiðubúinn til að gera nýjan kaupsamning um kaup og sölu Hamravíkur gegn því, að stefndi greiddi kostnað vegna vanefnda sinna á upphaflega samningnum. Eftir samningaumleitanir milli aðilja hafi verið gerðir nýjir samningar milli þeirra, dskj. nr. 18, 20 og 21, er leyst hafi af hólmi upphaflegu samningana frá 31. ágúst 1979.

Í nýja samningnum um kaup og sölu Hamravíkur á dskj. nr. 18 segir, að kaupverðið sé enn sem fyrr Nkr. 1.800.000, en að auki tekur stefndi að sér að greiða stefnanda Nkr. 155.800.- til að mæta áföllnum kostnaði. Hluta þessarar greiðslu átti að inna af hendi við undirskrift samninganna, og var það gert. Sérstaklega var samið um afhendingu bátanna, skyldi Hamravík afhent stefnda í síðasta lagi þann 25. mars 1980, en Bliki 30 dögum síðar.

Stefnandi leggur áherslu á það, að í niðurlagi samningsins á dskj. nr. 18 segi orðrétt: „Kjöper har meddelt, at han har myndighetenes tillatelse til dette kontraktsforhold, og selger har bekreftet det samme.“

Stefnandi heldur því fram, að með þessu lýsi stefndi því yfir að hann hafi tilskilin leyfi íslenskra yfirvalda til kaupanna og stefnandi staðfesti fyrir sitt leyti, að hann hafi samsvarandi leyfi norskra yfirvalda. Hann bendir á, að stefndi hafi til staðfestingar þessari yfirlýsingu sinni lagt fram bréf sjávarútvegsráðuneytisins til viðskiptaráðuneytisins, þar sem ráðuneytið telur innflutning Hamravíkur heimilan að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Stefnandi kveðst þá strax hafa gert gangskör að því, að Hamravík yrði skoðuð og gert við smávægilegar skemmdir á bátnum, til þess að hann yrði afhentur í samningsbundnu ástandi á tilsettum tíma, sbr. dskj. nr. 24 og 25. Hamravíkin hafi verið tilbúin til afhendingar í Njarðvíkurhöfn hinn 25. mars, eins og gert var ráð fyrir í samningnum frá 4. þ.m. Ástand bátsins hafi verið algjörlega í samræmi við ákvæði 2. tl. samningsins á dskj. nr. 18. Siglingamálastofnun ríkisins hafi hins vegar neitað að skoða bátinn, fyrr en hann hefði verið tekinn á íslenska skipaskrá. Stefndi hafi látið hjá líða að taka við Hamravík og borið því við þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar sínar, að ekki væri fullljóst, hvort skipið yrði tekið á skipaskrá hérlendis. Hann gæti þar af leiðandi ekki staðið við samninginn frá 4. mars 1980.

Fyrirsvarsmenn stefnanda hafi svo í byrjun júlímánaðar komið gagngert hingað til lands til að fá úr því skorið, hvort stefndi ætlaði sér að standa við samninginn frá 4. mars. Viðræður hafi farið fram, en án árangurs. Stefnandi hafi því þann 1. júlí sent stefnda símskeyti og skorað á hann

að standa við samninginn og taka við Hamravík án frekari tafar. Í skeyti þessu segir: „Höfum við ekki heyrt frá yður fyrir kl. 12:00 á hádegi mánudaginn 14. júlí n.k., lítum við svo á að þér hafið afráðið að taka ekki við skipinu. Sjáum við okkur þá ekki annað fært en að rifta fyrrgreindum samningi og krefjast fullra skaðabóta vegna þess tjóns sem við höfum orðið fyrir sökum vanefnda af yðar hálfu.“ Samdægurs hafi stefnanda borist bréf frá stefnda, þar sem hann lýsi því yfir að hann rifti samningnum frá 4. mars vegna tiltekinna vanefnda af hálfu stefnanda. Stefnandi hafi ekki séð ástæðu til þess að svara þessu bréfi stefnda, heldur sent honum símskeyti þann 14. júlí, þar sem samningum er rift með vísun til þess sem á undan var gengið.

Í máli þessu sækir stefnandi stefnda um skaðabætur vegna vanefnda á kaupunum. Byggir stefnandi sérstaklega á því, að stefndi hafi margítrekað og síðast í samningnum frá 4. mars 1980 um kaup og sölu Hamravíkur gefið yfirlýsingu um það, að hann hafi tilskilin leyfi íslenskra yfirvalda til umræddra kaupa. Stefndi geti þar af leiðandi ekki gengið frá samningnum án þess að svara stefnanda bótum, þótt síðar hafi komið í ljós, að yfirlýsing hans hafi ekki verið á rökum reist. Stefnandi hafi hlotið að treysta ótvíræðri yfirlýsingu stefnda af þeim ástæðum:

1. Stefndi sé íslenskur aðili, en stefnandi erlendur. Stefndi hafi þar með hlotið að vera í betri aðstöðu en stefnandi til að staðreyna sannleiksgildi yfirlýsingarinnar, enda hafi honum borið að gera það, þar sem hún hafi einvörðungu verið frá honum komin.

2. Stefndi hafi við undirritun samningsins lagt fram bréf sjávarútvegsráðuneytisins til viðskiptaráðuneytisins og talið efni þess styðja yfirlýsingu sína. Stefnandi hafi hlotið, eins og á stóð, að taka bréf þetta trúanlegt ásamt skýringum stefnda.

3. Þótt 26. gr. laga nr. 52/1970 leggi fortakslaust bann við innflutningi hingað til lands á skipum, sem eldri eru en 12 ára, en Hamravíkin var eldri en 12 ára, hafi slíkur innflutningur verið heimilaður með sérstökum lögum, sbr. t.d. lög nr. 4/1977. Stefnandi hafi því hlotið að líta svo á, að stefndi hefði tryggt sér þessa heimild, fyrst að hann gaf fyrrgreinda yfirlýsingu án nokkurs fyrirvara, a.m.k. sé ljóst, að stefndi hafi með þessu tekið áhættuna af því, að sú heimild fengist.

Í málinu gerir stefnandi kröfu til þess, að stefndi greiði honum bætur fyrir allt það tjón, beint og óbeint, sem hann telur sig hafa beðið vegna þess, að samningurinn var ekki efndur skv. efni sínu. Kröfur þessar sundurliðast þannig:

Eftirstöðvar af greiðslu á áföllnum kostnaði fram til 4. mars 1980 skv. samningi þann dag	Nkr.	100.000.-
Útgjöld vegna legu Hamravíkur í Njarðvíkurhöfn eftir 25. mars 1980	Nkr.	6.700.-
Vátrygging af bátnum frá 25. mars 1980 til 20. júní 1980	Nkr.	9.501.-
Útgjöld vegna ferða, uppihalds og annars kostnaðar vegna samningaumleitana í júlímánuði 1980	Nkr.	20.000.-
Dráttur á Hamravík til Noregs ásamt vátryggingu af því tilefni	Nkr.	136.176.-
Arðstap af 1.100.000.- Nkr. frá 25. mars til 14. júlí 1980	Nkr.	51.715.-
Afskrift við viðhald og viðgerðir á bátnum frá 25. mars til 14. júlí 1980	Nkr.	54.247.-
eða samtals	Nkr.	378.339.-

Þá krefst stefnandi vaxta af vátryggingu bátsins frá 21. desember 1979, en þann dag hafi hún verið greidd, sbr. dskj. nr. 30. Vaxta af arðstapi og afskriftum er krafist frá 14. júlí 1980, þegar stefnandi rifti kaupunum, en vaxta af öðrum kröfum er krafist frá 1. ágúst 1980. Vaxtafótur er miðaður við almenna sparisjóðsvexti í Noregi, sem stefnandi segir hafa verið 5% á ári skv. upplýsingum Seðlabanka Íslands, að viðbættum 6% ársvöxtum skv. heimild í tilkynningu Seðlabankans þann 9. febrúar sl.

Málsástæður stefnda koma fram í riftunarbréfi hans, dags. 11. júlí 1980, en þar eru ástæður riftunarinnar taldar þessar:

1. Seljandi selji kaupanda fiskiskip, sem bar nafnið Hamravík og skrásetningarnúmer í íslenskri skipaskrá KE 75. Þetta hafi seljanda reynst ómögulegt, þar sem að þann 10. desember 1979 hafi þetta skip í hans eigu skv. afsali Hraðfrystihúss Keflavíkur h.f. verið tekið út af íslenskri skipaskrá og verið svipt þjóðerni sínu og þar af leiðandi, sökum aldurs, andstætt íslenskum lögum að flytja skipið til Íslands.

2. Samkvæmt kaupsamningnum hafi seljandi átt að afhenda kaupanda skipið í Keflavíkurhöfn 25. mars 1980 með fullnægjandi haffærisskírteini og skoðað af íslenskri skipaskoðun og í tilteknu samningsbundnu ástandi. Seljandi hafi ekki getað afhent skipið skv. þessu samningsákvæði. Skipið hafi því frá samningsgerð ætíð verið í vörslu og á ábyrgð seljanda og kaupandi aldrei tekið við því. Þar sem seljandi hafi skv. framansögðu ekki getað afhent skipið skv. samningnum, sé að sjálfsögðu ekki um viðtökudrátt að ræða af hálfu kaupanda. Útgerðarfélagið Njörður h.f. hafi fylgst með og

tekið þátt í tilraunum til að gera seljanda kleift að sinna samningsskyldu sínum varðandi afhendingu hins selda, það hafi hins vegar verið orðið ang stætt hagsmunum útgerðarfélagsins að bíða eftir því lengur, að m.b. Hamravík, KE 75, væri afhent í samningsbundu ástandi, þar sem biðin frá 25. mars 1980 og til dags. riftunarbréfsins hefði þegar bakað félaginu stórtjón. Stefndi mótmælir því alfarið, að hann beri ábyrgð á því, að Hamravíkin, KE 75, var tekin út af skipaskrá, og því, að skipið fékkst ekki tekið hér á skipaskrá að nýju.

Gagnkrafa stefnda er á því byggð, að þar sem stefnandi hafði ekki getað staðið við afhendingu skipsins, sbr. samninginn á dskj. nr. 18, hefði hann rift kaupunum með bréfi 11. júlí 1980 með áskilnaði um að krefjast endurgreiðslu Nkr. 55.800.-, sem hann hefði greitt til að liðka um fyrir samningum aðilja frá 4. mars 1980, sem fyrstu afborgun upp í kaupverðið.

Fyrir dóm hafa komið Hafliði Þórsson, framkvæmdastjóri stefnda, og Gunnar Friðriksson, sem hafði milligöngu um kaupin hér á landi af hálfu stefnanda.

Fram kom, að haustið 1979 aflaði stefndi allra leyfa, sem til kaupanna þurfti, nema leyfis sjávarútvegsráðuneytisins, en aðiljar töldu, að það þyrfti að liggja fyrir. Þetta leyfi fékkst ekki, og strönduðu skipakaupin á því, þar til að nýr ráðherra hafði tekið við sjávarútvegsmálum, en þá voru kaupin heimiluð, sbr. dómskj. 23.

Þá hefur Eiríkur Tómasson hdl. gefið yf..ysingu fyrir dómi, en hann flytur málið fyrir hönd stefnanda. Þar segir m.a.: „Í fyrsta lagi þá var báðum aðiljum máls þessa kunnugt um að Hamravík hafði verið tekin af íslenskri skipaskrá þegar samningurinn í byrjun mars var undirritaður. Í öðru lagi þá lá fyrir báðum aðiljum bréf sjávarútvegsráðuneytisins á dskj. nr. 23 þar sem innflutningur á skipinu er heimilaður af hálfu ráðuneytisins. Báðir aðilar litu svo á að með þessu bréfi hefðu stjórnvöld lýst því yfir, að þau myndu tryggja innflutning á skipinu. Síðar gerist það að málið þarf að fara fyrir Alþingi þar sem í lögum um eftirlit með skipum segir að ekki megi flytja inn skip eldri en 12 ára gömul til Íslands. Þá tókum við, þ.e.a.s. ég og Ingi R. Helgason, — sem á þeim tíma var lögmaður stefnda í máli þessu, — tókum við að okkur að reifa þessi mál við stjórnvöld."

Guðjón Ármann Jónsson, lögmaður stefnda, hefur játað þetta rétt eftir því sem hann best viti. Á þessum tíma fylgdust lögmennirnir báðir með málinu.

Álit dómsins.

Þær voru forsendur beggja aðilja fyrir kaupsamningnum um Hamravík KE 75, frá 31. ágúst 1979, að til kaupanna fengjust áskilin leyfi bæði íslenskra og norskra yfirvalda. Samþykki íslenska sjávarútvegsráðuneytisins

fékkst ekki til kaupanna þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir kaupanda, en báðir aðiljar töldu það þá nauðsynlegt. Það er ekki fyrr en nokkuð er komið fram á árið 1980, að veður skipast í lofti og ráðuneytið fellur frá því skilyrði, að Hamravík, KE 75, verði seld úr landi, sbr. dskj. 23. Aðiljar gera síðan með sér nýjan samning, dags. 4. mars 1980. Það eru ákvæði þessa samnings, sem hér koma til skoðunar. Hér er ekki um það deilt, að á þessum tíma mátti fá og höfðu fengist öll venjuleg leyfi stjórnvalda bæði í Noregi og á Íslandi til kaupanna. Nú hafði skipið hins vegar verið tekið út af skipaskrá hér, sjá dskj. 38, sbr. 15. gr. laga nr. 53/1970, og varð Alþingi vegna aldurs skipsins að heimila ráðherra að leyfa innflutning þess, sjá hér 3. mgr. c. liðar 26. gr. laga nr. 52/1970. Samkvæmt yfirlýsingum lögmanna aðilja hér fyrir dómi vissu báðir aðiljar við gerð samningsins frá 4.mars 1980, að skipið var ekki lengur á skipaskrá. Hitt var þeim báðum hulið, að leyfi Alþingis þyrfti til að koma. Þetta leyfi fékkst ekki, og skipið fékkst því ekki skráð.

Við gerð kaupsamnings 4. mars 1980 er þannig báðum aðiljum ljóst, að skipið hefur ekki verið skráð, og stefnandi má jafnvel og stefndi vita, að leyfi Alþingis er ekki fengið. Báðum aðiljum stóð það jafnnær að þekkja íslensk lög, enda hafði stefnandi íslenska umboðsmenn fyrir sig. Stefnanda mátti þannig vera ljóst, að forsendur stefnda fyrir kaupunum væru, að hann fengi skipið skráð og að hann gæti ekki ábyrgst, að það fengist. Niðurlag samningsins frá 4. mars þykir þannig ekki verða skilið svo, að stefndi ábyrgðist, að leyfi Alþingis fengist, enda báðum aðilum jafnókunnugt um nauðsyn þess.

Af þessu leiðir, að samningar hafa fallið niður, vegna þess að verulegar forsendur brugðust fyrir kaupunum, og þar sem stefndi verður ekki talinn hafa tekið ábyrgð á þessum forsendum, verður að sýkna hann af kröfum stefnanda.

Stefndi greiddi stefnanda Nkr. 55.800.- við undirritun samnings þeirra frá 4.mars 1980 sem fyrstu greiðslu. Samkvæmt því, sem að ofan er rakið, féll samningur aðilja úr gildi, þar sem verulegar forsendur brustu fyrir efndum hans. Af því leiðir, að stefnandi verður að greiða stefnda aftur það, sem stefndi hafði greitt. Gagnkrafa stefnda er þannig tekin til greina. Rétt þykir með hliðsjón af ákvörðunum Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o.fl., sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961, sbr. 33. gr. í VI. kafla svo og ákvæði í VII. kafla laga nr. 13/1979, að ákveða stefnda 11% ársvexti af dæmdri upphæð frá þingfestingardegi gagnsakar til greiðsludags.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Axel Kristjánssyni hrl. og Ragnari Bjarnasyni skipaeftirlitsmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Útgerðarfélagið Njörður h. f., skal sýkn af kröfu stefnanda, Flekkefjord Slipp & Maskinfabrikk.

Stefnandi, Flekkefjord Slipp & Maskinfabrikk, skal í gagnsök greiða stefnda, Útgerðarfélaginu Niröi h. f., Nkr. 55.800.00 með 11% ársvöxtum frá 25. september 1981 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af máli þessu bæði í aðalsök og gagnsök.

Föstudaginn 19. október 1984.

Nr. 237/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Harry Bennett
(Páll A. Pálsson hrl.)
og
Kjartani Skaftasyni
(Guðjón Steingrímsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var að ósk ákærðu áfrýjað að því er þá varðar 9. september 1983. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 23. mars sl.

Fallast ber á sakarmat hins áfrýjaða dóms og færslu brota hinna ákærðu til refsiákvæða. Þá ber að staðfesta niðurstöðu dómsins um

viðurlög á hendur ákærða Harry Bennett að öðru leyti en því, að vararefsing sektar verði 20 daga fangelsi og að frá refsivist skuli draga gæsluvarðhaldsvist ákærða í 21 dag, en hann var úrskurðaður í gæslu kl. 2345 hinn 4. júní 1983 og leystur úr henni kl. 1710 hinn 25. sama mánaðar.

Refsing ákærða Kjartans Skaftasonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi 45 daga og 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs. Vararefsing sektar skal vera 10 daga fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og upptöku að því er ákærðu varðar.

Ákærðu verða dæmdir til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þannig að hvor greiði málsvarnarlaun verjanda síns, en annan kostnað greiði þeir in solidum, þar með talin málssóknarlaun, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði Harry Bennett sæti fangelsi 4 mánuði. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hans, 21 dag. Hann greiði 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Kjartan Skaftason sæti fangelsi 45 daga. Hann greiði 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og um sakarkostnað skulu vera óröskuð að því er ákærðu varðar.

Ákærðu greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þannig að ákærði Harry greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur, og ákærði Kjartan málsvarnarlaun verjanda síns, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur, en annan kostnað greiði ákærðu in solidum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel ljóst af gögnum málsins, að hrein viðskipta- og gróðasjónarmið hafi legið að baki öflun og dreifingu fíkniefna þeirra, sem fjallað er um í máli þessu, og að því er ákærða Harry Bennett varðar hafi hann beinlínis lagt í ferð til útlanda í þeim einum tilgangi að flytja fíkniefni til landsins í ávinningsskyni.

M.a. með þetta í huga tel ég, að fangelsisvist Harry Bennett ætti að ákvarðast 6 mánuðir og sekt hans svo sem í héraðsdómi greinir og vararefsing 20 daga fangelsi.

Ég tel refsingu Kjartans Skaftasonar hæfilega ákvarðaða í héraðsdómi, en tel vararefsingu sektar eiga að vera 15 daga fangelsi.

Að öðru leyti er ég sammála meiri hluta dómara Hæstaréttar í máli þessu, þ.e. um upptöku og sakarkostnað í héraði svo og um áfrýjunarkostnað sakarinnar.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 19. júlí 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 19. júlí, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni ftr. við undirritaða votta og þá kveðinn upp dómur í máli þessu.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 8. júlí 1983, gegn:

1. G . . .
2. Harry Bennett verkamanni, Hafnarbraut 12, Höfn í Hornafirði, fæddum 21. mars 1956 í Skotlandi.
3. M . . .
4. Kjartani Skaftasyni, verkamanni, Meistaravöllum 25, Reykjavík, fæddum þar í borg 29. desember 1959.
5. E . . .
6. Þ . . .

fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni, talin framin á þessu ári:

„*I. Ákærðu G, Harry og sambýliskona hans M.*

Fyrir utanför ákærðu G og Harry til London 1. maí skipulagt og lagt fram fé til kaupa á hassi, sem G og Harry keyptu svo þar í borginni í fyrri hluta maí, samtals um 850 gr. fyrir 1500 sterlingspund, seldu af því 40 gr. í Glasgow fyrir 80 pund og fluttu um 800 gr. hingað til lands 13. maí fólgið í líkömum sínum og farangri. Ákærðu, sem töldust eiga efnið að jöfnu, höfðu það í vörslum sínum um skeið á Höfn í Hornafirði og seldi ákærði Harry þar ónefndu fólki 10 gr. á

kr. 250 hvert gramm. Megnið af efninu flutti ákærði G með sér til Reykjavíkur 29. maí og hóf sölu þess með eftirgreindum hætti, en söluandvirðinu hugðust ákærðu skipta með sér:

Fyrir milligöngu meðákærða E selt meðákærða Kjartani samtals um 380 gr. á um kr. 200 hvert gramm að Meistaravöllum 25 í Reykjavík, selt meðákærða Þ samtals um 110 gr. á kr. 250 hvert gramm og meðákærða E um 30 gr. á sama verði.

Ákærði G var handtekinn í Reykjavík 3. júní með 126 gr. af hassinu í fórum sínum og á þáverandi dvalarstað hans þar í borg fundust kr. 83.000 og 50 þýsk mörk, sem hann hafði aflað með sölu efnisins. Þann 7. júní fundust um 81 gr. af hassinu í vörslum ákærðu Harry og M við heimili þeirra og var lagt hald á hassið og peningana.

II. Ákærðu Kjartan, E og Þ.

1. Ákærða Kjartani er gefið að sök að hafa tvívegis um mánaðamót maí/júní keypt hass af meðákærða G að heimili sínu, samtals um 380 gr. á kr. 200 hvert gramm, sbr. lið I, selt ónefndum mönnum um 200 gr. á kr. 250 hvert gramm og haft efnið að öðru leyti til eigin nota og kunningja sinna að undanskildu 1,3 gr., sem fannst við húsleit á heimili Kjartans 15. júní og lagt var hald á.

— — —

IV. Framangreind brot ákærðu teljast varða við 2. mgr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, að því er varðar brot ákærða E í lið II. 2. A.

V. Þess er krafist, að ákærðu verið dæmd til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á hassi og andvirði þess samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974 svo sem hér segir:

Ákærði G, Harry og M sæti upptöku á rúmum 207 gr. af hassi og kr. 83.000 og 50 þýskum mörkum, ákærði Kjartan sæti upptöku á 1,3 gr. af hassi og ákærði Þ sæti upptöku á 135 gr. af hassi.“

— — —

Ákæruliður I.

Ákærðu G, Harry og sambýliskona hans M.

Ákærði G var handtekinn hér í borg þann 3. júní sl., þá með í fórum sínum 126.1 gramm af hassi. Við yfirheyrslu hjá lögreglu sama dag viðurkenndi ákærði G að hafa í samvinnu við meðákærða Harry Bennet skipu-

lagt og keypt um 850 grömm af hassi í London og flutt hingað til lands rúm 800 grömm af efninu eftir að hafa selt 15-20 grömm efnisins í nágrenni Glasgow fyrir 50 ensk sterlingspund.

Ákærði G bar við nefnda lögregluyfirheyrslu, að skömmu eftir síðustu áramót hafi hann ásamt meðákærða Harry tekið að hugleiða innflutning og sölu fíkniefna hingað til lands. Töldu þeir ágóðavon mikla vegna hins háa verðlags á fíkniefnum hér á landi. Ákærði G lýsti fjármögnun utanfarar sinnar og meðákæðra Harry, en þeir héldu til Englands 1. maí sl. Í London kvað ákærði þá félaga hafa keypt alls um 850 grömm af hassi, og keyptu hvor helming efnisins, Þá kvað ákærði G 15-20 grömm hafa verið seld í nágrenni Glasgow fyrir 50 ensk sterlingspund. Eftirstöðvar efnisins voru fluttar hingað til lands á þann hátt, að ákærðu Harry og G hnoðuðu úr hassinu smáar kúlur og gleyptu þannig rúmar 200 slíkar kúlur, þar sem hver kúla var vafin inn í getnaðarverju. Hluti efnisins var geymdur í tjaldsúlu ákærðu. Ákærði G kvað þá félaga hafa komið hingað til lands þann 13. maí sl. úr ofangreindri ferð. Eftir dvöl í Reykjavík eina nótt hafi þeir haldið til Hafnar í Hornafirði, þar sem þeir höfðu aðsetur hér á landi. Ákærði G kvað þá félaga hafa losnað við efnið úr líkömum sínum á Höfn.

Ákærði G lýsti sölu á verulegum hluta efnisins fyrir milligöngu E.

Ákærði G bar hér fyrir dómi 4. júní sl. efnislega á sama veg og rakið var hér að framan. Varðandi ráðstöfun efnisins kvaðst ákærði fyrir milligöngu meðákærða E og að viðstöddum meðákærða Þ í tvö skipti hafa selt meðákærða Kjartani alls 380 grömm af efninu á kr. 74.800. Efnið var afhent 29. maí og 1. júní sl.

Þá kvaðst ákærði G hafa skilið eftir á Höfn í Hornafirði 70-80 grömm af efninu í fórum meðákærða Harry Bennet. Þá kvaðst ákærði G hafa selt meðákærðu Þ 80 grömm og E 31 gramm.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 9. júní sl. kvað ákærði G meðákærða Þ hafa fengið alls 110 grömm af efninu í þremur afhendingum.

Ákærði G kvað hafa verið ákveðið að skipta kostnaði af ferð sinni og meðákærða Harry til London í þrjá jafna hluta. Ákærði G kvað hafa verið fyrirhugað að skipta væntanlegum ágóða í þrjá jafna hluta, þ.e. milli sín og meðákærðu Harry og M.

Ákærði G kom hér fyrir dóm 25. júní sl. og staðfesti þá framburði sína hjá lögreglu og bar efnislega á sama veg varðandi meint sakarefni.

Ákærði G kom enn hér fyrir dóm 11. júlí sl. og hafði þá engar athugasemdir fram að færa varðandi ákærulið I og kvað ákæruliðinn í samræmi við lokaframburði sína undir frumrannsókn málsins.

Ákærði Harry var yfirheyrður hér fyrir dómi 4. júní sl. og bar þá af sér allar sakir varðandi fíkniefnamisferli.

Ákærði Harry var yfirheyrður hjá lögreglu 8. júní sl. og bar þá efnislega

á sama veg og meðákærði G varðandi meinta utanför og hasskaup þeirra félaga í London og flutning efnis hingað til lands. Ákærði Harry kvað þá félaga hafa selt 40 grömm af hassi í Glasgow og fengið fyrir efnið 80 ensk pund.

Ákærði Harry var yfirheyrður hjá lögreglu 13. júní sl. og bar þá um fjármögnun utanfarar þeirra, er að ofan er rakin. Kvað ákærði Harry sig ásamt meðákærðu M hafa lagt fram tvo þriðju hluta fjárins og hafi verið meiningin að skipta væntanlegum ágóða í sömu hlutföllum.

Ákærði Harry bar um sölu sína á 10 grömmum af hassi til tveggja sér ókunnugra aðilja á Höfn fyrir 250 krónur hvert gramm.

Framburðir ákærðu Harry og G voru efnislega á sama veg við rannsókn málsins, og ákærði Harry staðfesti framburði sína hér fyrir dómi 25. júní sl. og bar þá efnislega á sama veg og hann hafði gert við lögregluyfirheyrslur.

Ákærði Harry bar við nefnda dómsyfirheyrslu 25. júní sl. um þátt meðákærðu M. Ákærði Harry kvað meðákærðu hafa vitað fyrirfram um hin fyrirhuguðu fíkniefnakaup og að fjárframlag hennar yrði notað til kaupanna og loks að hún hefði átt að njóta þriðjungs væntanlegs hagnaðar.

Ákærði Harry var yfirheyrður hér fyrir dómi 11. júlí sl. og kvað sig hafa skýrt rétt frá meintu broti sínu hér fyrir dómi og hjá lögreglu undir frumrannsókn málsins og hafði engar athugasemdir fram að færa varðandi ákærulið I, en taldi atvikum þar rétt lýst.

Ákærða M var yfirheyrð hjá lögreglu 7. júní sl. og hafði þá vísað lögreglu á 81.4 grömm af hassi, er grafið hafði verið í jörðu við sameiginlegt heimili hennar og meðákærða Harry.

Ákærða M bar um vitneskju sína um utanför meðákærða og heimkomu með hass í fórum sínum.

Við lögregluyfirheyrslu 7. júní sl. var bókað eftir M:

„Aðspurð um frekari málavexti, kveðst mætta vilja taka fram það að hún hafi ekki verið þátttakandi í þessu fíkniefnamisferli, að öðru leyti en því að hún og Harry séu saman og hafi verið það síðastliðin fjögur ár. Hann hafi tekið þá ákvörðun að flytja þetta hass inn ásamt G, og hún þá orðið ósjálfrátt þátttakandi vegna samneytis hennar við Harry."

Ákærða M var yfirheyrð hjá lögreglu 16. júní sl., og kvað hún meðákærða Harry hafa tekið fé út af sameiginlegum reikningi þeirra og hafi það fé verið notað til fíkniefnakaupanna, en ákærða M kvaðst hafa beðið meðákærða Harry að greiða skuld fyrir sig í Englandi, en ákærða M kvaðst hafa vitað um fyrirhuguð fíkniefnakaup meðákærðu.

Ákærða M kvað aldrei hafa komið til tals, að hún fengi fé sitt endurgreitt með væntanlegum ágóða af fíkniefnasölu meðákærðu.

Ákærðu G og M voru samprófuð hjá lögreglu 16. júní sl., og bar ákærði

G þá á sama veg og fyrr, þ.e. að væntanlegum ágóða af fíkniefnasölunni yrði skipt í þrjá jafna hluta milli sín og meðákærðu Harry og M.

Ákærðu G og M voru samprófuð hjá lögreglu 16. júní sl.,og bar ákærði G þá á sama veg og fyrr, þ.e. að væntanlegum ágóða af fíkniefnasölunni yrði skipt í þrjá jafna hluta milli sín og meðákærðu Harry og M.

Ákærða M kvaðst við samprófunina hafa heyrt, að skipting væntanlegs söluhagnaðar hafi átt að vera þannig, að ákærði G fengi þriðjung og meðákærði Harry tvo þriðju hluta.

Ákærðu M og Harry voru samprófuð hjá lögreglu 16. júní sl., og bar ákærða M þá á sama hátt og fyrr.

Ákærði Harry kvað hafa verið fyrirhugað að skipta efninu, er komið var með til landsins, þannig, að meðákærði G fengi þriðjung og hann, Harry, tvo þriðju hluta. Í sömu hlutföllum hafi átt að skipta væntanlegum söluhagnaði.

Ákærði bar hér fyrir dómi 25. júní sl., að hann hafi ráðið af samtölum við meðákærðu Harry og M, að væntanlegur hagnaður af sölu fíkniefnanna ætti að skiptast í þrjá jafna hluta milli ofangreindra aðilja.

Ákærði Harry bar hér fyrir dómi 25. júní sl., að hann hafi við upphaf farar sinnar og meðákærða G haft 1300 ensk pund til umráða, og var það sameiginlegt fé hans og meðákærðu M, sem hafi vitað um hin fyrirhuguðu hasskaup og að fé hennar yrði notað til kaupanna. Þá hafi M vitað, að kostnaði vegna ferðarinnar yrði skipt í þrjá hlut og væntanlegum hagnaði einnig. Ákærði Harry kvaðst hafa átt tvo þriðju hluta efnisins og væntanlegs hagnaðar og hefði M verið látin njóta þriðjungs hagnaðar, ef allt hefði farið eins og ráðgert var.

Ákærða M var yfirheyrð hér fyrir dómi 11. júlí sl. Ákærða bar á sama veg og fyrr varðandi vitneskju sína um utanför meðákærðu og fyrirhuguð fíkniefnakaup. Ákærða M kvaðst ekki hafa átt þátt í för meðákærðu og ekki hafa átt von á fé vegna væntanlegs ágóða af fíkniefnasölu ákærðu.

Ákæruliður II.

— — —

Ákærði Kjartan var yfirheyrður hjá lögreglu 15. júní sl. og lýsti þá kaupum á 350 grömmum af hassi frá meðákærða G, og kostaði hvert gramm efnisins kr. 200. Ákærði kvað afhendingar hafa verið tvær og farið fram að Meistaravöllum 25 hér í borg. Ákærði bar um milligöngu meðákærða E. Ákærði kvaðst hafa selt 200 grömm af efninu fyrir 250 kr. hvert gramm ónafngreindu fólki.

Ákærði Kjartan kom hér fyrir dóm 13. júlí sl. og bar þá um kaup sín af meðákærða G. Ákærði bar svo sem hann hafði áður gert varðandi hlutdeild meðákærðu E og Þ er höfðu orð fyrir ákærða.

Framburður meðákærða G var rakinn hér að framan, og kvaðst hann hafa selt ákærða Kjartani alls 380 grömm í tveim afhendingum.

Ákærði E var yfirheyrður hjá lögreglu 6. júní sl. og bar þá um hlutdeild sína í ofangreindri meintri háttsemi. Ákærði E staðfesti ofangreint hér fyrir dómi 13. júlí og bar þá einnig um hlut meðákærða Þ.

Ákærði Þ var yfirheyrður hjá lögreglu 21. júní sl. og bar þá um aðstoð sína við að koma viðskiptum á, svo sem rakið hefur verið. Ákærði Þ kvaðst vita, að meðákærði G seldi meðákærða Kjartani hass í tvö skipti og að afhendingarnar hafi farið fram að Meistaravöllum 25 hér í borg.

Ákærði Þ bar efnislega á sama veg hér fyrir dómi 13 júlí sl.

— — —

NIÐURSTÖÐUR.

Ákæruliður I.

Sannað þykir með framburðum ákærðu G og Harry og með vísan til gagna málsins, að þeir hafi í sameiningu lagt á ráðin um utanför þá, er um getur í þessum ákærulið. Lögðu þeir fram fé til fararinnar auk þess sem ákærða M lagði fram fé, er hún vissi, að notað yrði til kaupanna. Ákærðu Harry og G keyptu um 850 grömm af hassi í London í byrjun maí og greiddu 1500 sterlingspund fyrir. Ákærði Harry og G seldu a.m. k. 20 grömm af efninu í Glasgow fyrir um 50 sterlingspund, en fluttu síðan um 800 grömm efnisins hingað til lands 13. maí sl., og var efnið að mestu leyti fólgið í líkömum hinna ákærðu G og Harry, en hluti var fólginn í farangri.

Með vísan til framburða ákærðu og með vísan til gagna málsins verður gengið út frá því, að ákærði Harry hafi átt tvo þriðju hluta efnisins, en ákærði G einn þriðja hluta og hafi væntanlegur ágóði af sölu efnisins átt að skiptast í samræmi við það.

Eftir komu til landsins 13. maí höfðu hin þrjú ákærðu efnið í vörslum sínum á Höfn í Hornafirði, þar sem ákærði Harry seldi ónafngreindum aðiljum 10 grömm efnisins á kr. 250 hvert gramm.

Ákærði G flutti megnið af efninu með sér til Reykjavíkur 29. maí 1983 og seldi Kjartani Skaftasyni 350 grömm á um kr. 200 hvert gramm að Meistaravöllum 25 hér í borg. Naut ákærði milligöngu meðákærða E og Þ við söluna.

— — —

Þann 7 júní sl. fundust 81 gramm af hassinu í vörslum ákærðu Harry og M við heimili þeirra á Höfn í Hornafirði.

Ákærðu G, Harry og M hafa því samkvæmt framanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður II, 1.

Dóminum þykir sannað með framburði ákærða, sem studdur er af framburðum meðákærðu G, E og Þ, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, þó þannig, að miðað verði við 350 grömm af hassi, er keypt voru af meðákærða G.

Ákærði Kjartan keypti alls 350 grömm af hassi af meðákærða G á kr. 200 hvert gramm. Afhendingar voru tvær að Meistaravöllum 25 hér í borg. Ákærði Kjartan seldi ónafngreindum aðiljum 200 grömm af efninu á 250 kr. hvert gramm, en hafði efnið að öðru leyti til eigin nota og veitti kunningjum að undanskildu 1.3 grammi, er lagt var hald á við húsleit á heimili ákærða Kjartans þann 15. júní sl.

Ákærði Kjartan hefur samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

— — —

Brot ákærða G og Harry varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974. Vegna sölu ofangreindra aðilja í Glasgow ber og að vísa til 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

— — —

Brot ákærðu E, Kjartans og Þ varða við ofangreind ákvæði laga nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. lög nr. 75, 1982, og ofangreind ákvæði reglugerðar nr. 390, 1974, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 varðandi brot ákærða E í ákærulið II, 2 A.

Ákærðu G og Harry sammæltust við framningu brota sinna, og verður það virt þeim til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 2 . mgr. 70 gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Aðferð við flutning fíkniefnanna hingað til lands þykir bera vott um styrkan og einbeittan brotavija ákærðu G og Harry, sbr. 1. mgr. 6. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu G og Harry hafa ekki áður sætt kæru eða refsingum hér á landi.

Refsing ákærðu G og Harry verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með vísan til alls ofanritaðs og með vísan til gagna málsins þykir refsing ákærðu G og Harry hvors fyrir sig hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 skulu til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu koma 22 dagar, er hvor fyrir sig sætti gæsluvarðhaldi vegna málsins.

Sannað þykir, að ákærðu G og Harry frömdu brot sín með þeim ásetningi að afla sér fjárhagslegs ávinnings. Með vísan til 2. mgr. 49. gr. i.f. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976, sbr.

og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, er ákærðu gert að greiða kr. 20 þúsund í sekt til ríkissjóðs hvorum fyrir sig.

Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, komi fangelsi í 40 daga í sektar stað.

— — —

Ákærði Harry greiði skipuðum verjanda, Páli A. Pálssyni hrl., kr. 2.500 í málsvarnarlaun og kr. 2.000 vegna réttargæslu sama lögmanns.

Refsing ákærða Kjartans verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði Kjartan keypti 350 grömm af hassi og seldi með hagnaði 200 grömm. Þá afhenti hann kunningjum af efni því, sem eftir var.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærða Kjartans hæfilega ákveðin sem varðhald í 60 daga.

Með vísan til 49. gr., 2. mgr. i.f., almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976, sbr. og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, er ákærða Kjartani gert að greiða kr. 15 þúsund í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, komi varðhald í 30 daga í sektar stað.

— — —

Ákærðu G, Harry, M, E og Kjartan greiði in solidum kostnað af matsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 18. júlí 1983, alls kr. 2.713.

Þann sakarkostnað, er ekki hefur verið sérgreindur, greiði ákærðu in solidum.

Fallist er á allar upptökukröfur ákæruvaldsins. Ákærðu G og Harry sæti upptöku á 207 grömmum á hassi, merktu efnaskrá nr. 990 og 996, og kr. 83.000 og 50 þýskum mörkum.

Ákærði Kjartan sæti upptöku á 1.3 grömmum af hassi, merktu efnaskrá nr. 1003. Ákærði Þ sæti upptöku á 135 grömmum af hassi, merktu efnaskrá nr. 944.

Varðandi upptökuheimild vísast til 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974.

Dómsorð:

— — —

Ákærði, Harry Bennett, fæddur 21. mars 1956, skal sæta fangelsi í fjóra mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 22 dagar, er ákærði Harry sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.

Ákærði Harry greiði kr. 20 þúsund í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, komi fangelsi í 40 daga í sektar stað.

Ákærði Harry greiði skipuðum verjanda, Páli A. Pálssyni hrl., kr. 2.500 í málsvarnarlaun og kr. 2.000 vegna réttargæslu sama lögmanns.

Ákærði, Kjartan Skaftason, fæddur 29. desember 1959 í Reykjavík, skal sæta varðhaldi í 60 daga.

Ákærði Kjartan greiði kr. 15 þúsund í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, komi varðhald í 30 daga í sektar stað.

— — —

Ákærðu G, Harry, M, E og Kjartan greiði in solidum matsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði dags. 18. júlí 1983, alls kr. 2.713.

— — —

Þann hluta sakarkostnaðar, sem ekki hefur verið sérgreindur, greiði ákærðu in solidum.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 207 grömm af hassi, merktu efnaskrá nr. 990 og 996, 1.3 gramm af hassi, merktu efnaskrá nr. 1003. . . . Þá skulu upptækar til ríkissjóðs kr. 83.000 og 50 þýsk mörk, merkt munaskrá nr. 326. Allt ofangreint er nú í vörslum dómsins.

Föstudaginn 19. október 1984.

Nr. 194/1984. **Þrotabú Skrifstofutækni h/f**
gegn
Alþýðubankanum h/f
Gerði Kristjánsdóttur
Leó M. Jónssyni
Bandag-hjólbarðasólun h/f
Bergi Björnssyni og
Guðmundi Óskarssyni

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Málshöfðunarfrestur. Áfrýjun. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. töluliðar 21. greinar laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. september 1984, er barst réttinum 3. þ.m. Hann krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að taka málið upp af nýju og kveða upp í því efnisdóm og að málskostnaðarákvæði í dóminum verði fellt úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðiljanna Gerðar Kristjánsdóttur, Leós M. Jónssonar, Bergs Björnssonar og Guðmundar R. Óskarssonar er þess krafist, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og að kröfu um, að málskostnaðarákvæði í dóminum verði fellt úr gildi, verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að málskostnaðarákvæðið verði staðfest. Þá er krafist kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja. Greinargerð hefur eigi borist frá varnaraðiljunum Alþýðubankanum h/f og Bandag-hjólbaraðasólun h/f.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um frávísun málsins frá héraðsdómi.

Lagaheimild brestur til áfrýjunar máls þessa. Er ákvæði 3. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973 eftir grunnrökum sínum því eigi til fyrirstöðu, að málskostnaðaratriðið sé borið undir Hæstarétt í sambandi við kæru samkvæmt b lið 1. tölul. 21. gr. laga nr. 75/1973. Verður kröfu sóknaraðilja varðandi málskostnað í héraði því eigi vísað frá Hæstarétti.

Fallast má á, að málskostnaðarkrafa Bergs Björnssonar og Guðmundar R. Óskarssonar fyrir héraðsdómi hafi verið í fullu gildi, en málskostnaður til þeirra þykir hæfilega ákveðinn samtals 15.000.00 krónur. Að öðru leyti er málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um frávísun er staðfest.

Sóknaraðili, Þrotabú Skrifstofutækni h/f, greiði varnaraðiljunum Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni 15.000.00 krónur í málskostnað í héraði. Að öðru leyti fellur málskostnaður í héraði niður svo og kærumálskostnaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júlí 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. júní 1984, er höfðað af Guðjóni Steingrímssyni hrl. f.h. þrotabús Skrifstofutækni h.f., nnr. 8167-7875, Reykjavík, á hendur Benedikt Davíðssyni, Víghólastíg 5, Kópavogi, stjórnarformanni í Alþýðubankanum h.f., nnr. 0268-4446, Reykjavík, f.h. bankans Gerði Kristjánsdóttur, nnr. 2591-5712, Ásbúð 48, Garðabæ, Leó M. Jónssyni, nnr. 6075-7550, Nesvegi 13, Hafnarhreppi, Bandag-hjólbarðasólun h.f., nnr. 0950-4818, Dugguvogi 2, Reykjavík, Bergi Björnssyni, nnr. 1054-9736, Ásbúð 48, Garðabæ, og Guðmundi R. Óskarssyni, nnr. 3097-3364, Ármúla 40, Reykjavík. Það var þingfest hinn 6. september 1983 sem fjögur mál, en þau voru sameinuð í mál þetta hinn 6. apríl 1984, þar sem málshöfðun var byggð upp á sama grunni í öllum málunum að því er varðar lagarök og sýnileg sönnunargögn, sbr. 117. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að riftað verði ráðstöfunum þrotamanns skv. gjaldþrotalögum nr. 6/1978 og að stefnda Alþýðubankanum h.f. verði gert að endurgreiða stefnanda kr. 655.584.90 með 34% ársvöxtum frá 27. septebmer 1982 til 31. október 1982, en 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 6. september 1983, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, sbr. lög nr. 56/1979 um dómvexti, *þar af in solidum* með Gerði Kristjánsdóttur kr. 166.999.00 með 34% ársvöxtum frá 27. september 1982 til 31. október 1982, en 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 6. september 1983, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, *þar af in solidum* með stefnda Leó M. Jónssyni kr. 328.128.00 með 34% ársvöxtum frá 27. september 1982 til 31. október 1982, en 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 6. september 1983, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og *þar af in solidum* með stefnda Bandag-hjólbarðasólun h.f., kr. 160.456.00 með 34% ársvöxtum frá 27. september 1982 til 31. október 1982, en 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 6. september 1983, en dómvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu og 19% ársvaxta af dæmdum málskostnaði frá lokum aðfararfrests til greiðsludags eða lægri vaxta að mati dómsins.

Hinn 26. apríl sl., féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni, en þeir halda fast við kröfu sína um málskostnað úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Stefnandi hefur harðlega mótmælt þessari kröfu á þeirri forsendu, að hún hafi ekki verið höfð uppi í því þinghaldi, þegar fallið var frá kröfum á hendur þeim.

Aðrir stefndu hafa allir krafist sýknu og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands úr hendi stefnanda. Stefndi Alþýðubankinn

h.f., krefst til vara, að komi til einhvers konar viðurkenningar á dómkröfum stefnanda, verði stefnanda gert að tryggja stefnda Alþýðubankanum h.f. endurkröfurétt á hendur hinum þinglýstu veðeigendum, er hagsmuna nutu af greiðslu Skrifstofutækni h.f. til bankans. Við þær aðstæður er einnig krafist lækkunar á kröfufjárhæð og vaxta- og málskostnaðarkröfu sérstaklega mótmælt. Stefndu Gerður Kristjánsdóttir og Leó M. Jónsson hafa til vara krafist verulegrar lækkunar á dómkröfunum og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands úr hendi stefnanda..

Málavextir.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að með úrskurði Skiptaréttar Reykjavíkur hinn 15. nóvember 1982 hafi bú Skrifstofutækni h.f. verið tekið til gjaldþrotaskipta að beiðni félagsins. Undanfari þessa hafi verið samþykkt, sem gerð var á aðalfundi félagsins 4. september 1982 um að slíta félaginu. Á þeim fundi hafi Bergur Björnsson, formaður félagsstjórnar, og Guðmundur R. Óskarsson verið kjörnir skilnefndarmenn. Löggildingu til starfans hafi þeir hlotið 8. september sama ár og auglýsing um innköllun hafi verið birt í Lögbirtingablaðinu hinn 24. september sama ár. Á skiptafundi hinn 16. febrúar 1983 hafi skiptaráðandi kynnt ýmsar fjárhagslegar ráðstafanir sem fyrirsvarsmenn félagsins höfðu gert frá því um miðjan ágúst 1982 og til upphafs skipta og sem skiptaráðandi taldi að væru til þess fallnar, að um riftun þeirra kynni að vera að ræða. Hafi skiptafundurinn samþykkt að höfða mál til riftunar á allmörgum slíkum ráðstöfunum og lögmönnunum Guðjóni Steingrímssyni hrl. og Sigurði G. Guðjónssyni hdl. verið falið að fara með þessi mál af hálfu búsins. Meðal þeirra mála, sem þannig hafi verið samþykkt að höfða, sé mál þetta, en nánari tildrög séu þessi: Bergur Björnsson hafi skýrt frá því fyrir skiptarétti Reykjavíkur hinn 17. nóvember 1982, að aðstandendur félagsins hafi á síðustu vikum, áður en rekstur þess var lagður niður, reynt að selja eignir félagsins í einu lagi, en án árangurs. Með kaupsamningi, dags. 24. ágúst 1982, hafi félagið selt þeim Erni Johnson og Ólafi Kr. Sigurðssyni 3 superbrain tölvur, prentara og ýmis fleiri tæki jafnframt því sem kaupendur hafi yfirtekið umboð fyrir nokkur erlend fyrirtæki. Hafi kaupverð hins selda verið ákveðið kr. 1.000.000.00 og hafi kaupendur samþykkt víxla fyrir allri upphæðinni. Með bréfi, dags. 8. september 1982, afhenti Bergur Björnsson Alþýðubankanum hf. fjóra af þessum víxlum, hvern að fjárhæð kr. 166.667.00 með gjalddögum 13. september, 27. september, 4. október og 18. október 1982, eða alls kr. 666.668.00. Samkvæmt bréfinu skyldu kr. 100.000.00 ganga til greiðslu á víxli pr. 07. 12. 1981, en afgangurinn ganga að jöfnu uppí vanskilalán Skrifstofutækni við bankann, sem séu með þremur fasteignaveðum. Hinn

17. september 1982 hafi bankinn afreiknað víxlana, og var nettó andvirði þeirra skv. dskj. nr. 13:

víxill pr. 13. 09. 1982	kr.	166.667.00
víxlar pr. 27. 09. 04. 10 og 18.10.	—	488.917.00
Alls	kr.	655.584.90(sic)

og ráðstafaði bankinn andvirðinu þannig:

1. Til greiðslu vegna láns félagsins nr. 150054 hjá bankanum skv. veðskuldabréfi, upphaflega kr. 100.000.00, útgefið 18. 02. 1981, með 2. veðrétti í fasteigninni Sólvangi, Hafnarheppi, eigandi Leó M. Jónsson, annar framkvæmdastjóri félagsins og stjórnarmaður. Greiddar voru fallnar afborganir og vextir pr. 15. 08 1981, pr. 15. 02. 1982 og 15. 08 1982 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, alls ..... — 132.726.00

2. Til greiðslu vegna láns félagsins nr. 150053 skv. veðskuldabréfi, dags. 18. 02. 1981, upphaflega kr. 100.000.00, með 8. veðrétti í fasteigninni Ásbúð 48, Garðabæ, eigandi Gerður Kristjánsdóttir, eiginkona stefnda Bergs Björnssonar. Greiddar voru fallnar afborgarnir pr. 15. 08. 1981, 15. 02. 1982 og 15. 08. 1982 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, alls: ..... — 131.696.00

3. Til greiðslu vegna láns félagsins nr. 150064 skv. veðskuldabréfi, útgefnu 9. mars 1981, upphaflega kr. 100.000.00, með 3. veðrétti í fasteigninni Krókhálsi 1, Reykjavík, Eigandi Bandaghjólbarðasólunin h.f. Greiddar voru afborganir pr. 09. 09. 1981, 09. 03. 1982 og 09. 09. 1982 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, alls ..... — 125.153.00

4. Til greiðslu vanskilavíxils að fjárhæð kr. 100.000.00, samþykkt af félaginu pr. 07. 12. 1981, en skuldin var tryggð með fjárnámsgerð í Nesvegi 13, Hafnahreppi, eign Leós M. Jónssonar, samtals með dráttarvöxtum og kostnaði,

alls ..... — 160.099.00

kr. 549.674.00

5. Varið til jafnra innborgana inn á eftirstöðvar framangreindra þriggja skuldabréfa ..... — 105.910.90(sic)

kr. 655.584.90

Sundurliðun kröfufjárhæðar kr. 655.584.90 á hendur stefnda Alþýðubankanum h.f. samsvarar ofangreindri greinargerð.

Fjárkröfur kr. 328.128.00 á hendur stefnda Leó M. Jónssyni sundurliðar stefnandi þannig: kr. 132.726.00 í afborganir og vexti af skuldabréfi nr. 150054, tryggðu með 2. veðrétti í fasteigninni Sólvangi, nú Nesvegi 13, Hafnahreppi, eign hans, kr. 160.099.00 vegna greiðslu vanskilavíxils, tryggðum með fjárnámsgerð í sömu eign, kr. 35.303.00 greiðsla upp í eftirstöðvar framangreinds skuldabréfs.

Fjárkröfur kr. 166.999.00 á hendur stefndu Gerði Kristjánsdóttur sundurliðar stefnandi þannig: kr. 131.696.00 vegna afborgana, vaxta og kostnaðar af skuldabréfi nr. 150053, tryggðu með 8. veðrétti í fasteign hennar Ásbúð 48, Garðabæ, kr. 35.303.00 greiðsla upp í eftirstöðvar framangreinds skuldabréfs. Er hér um að ræða hærri fjárhæð en greinir í stefnu en stefnda hefur heimilað hækkun á kröfugerð, er því nemur.

Fjárkrafa kr. 160.456.00 á hendur Bandag-hjólbarðasólun h.f. sundurliðast þannig: kr. 125.153.00 vegna skuldabréfs nr. 150064, tryggðu með 3. veðrétti í fasteigninni Krókhálsi 1, Reykjavík, eign stefnda Bandag-hjólbarðasólun h.f. kr. 35.303.00 vegna greiðslna upp í eftirstöðvar skuldabréfs.

Það athugast, að mismunur er á sundurliðun kröfugerðar stefnanda og stefnukröfunni að því er nemur kr. 1.90.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í stefnu styður stefnandi kröfur sínar í fyrsta lagi þeim rökum, að greiðslur til Alþýðubankans h.f. séu riftanlegar skv. 120. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978. Telur stefnandi, að fyrirsvarsmenn bankans hafi ekki verið í góðri trú um heimildarskort Bergs Björnssonar til að afhenda bankanum víxla hinn 8. september 1982 eða sama dag og skilanefnd félagsins fékk löggildingu, en Bergur Björnsson og Guðmundur R. Óskarsson voru kjörnir skilanefndarmenn á aðalfundi félagsins 4. september sama ár. Ráðstöfun víxlanna hafi verið óheimil, þar sem hún hafi bersýnilega verið til þess fallin að afla ákveðnum hluthöfum og öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins, en slíkt sé óheimilt skv. 60. gr., 1. mgr.,

sömu laga. Stefnandi telur þó, að endurgreiðsluskylda bankans leiði af 120. gr. sömu laga, hvort heldur fyrirsvarsmenn bankans hafi verið í góðri trú eða ekki, og beri bankanum því skylda til að greiða búinu alla fjárhæðina, kr. 655.584.90, in solidum með skilanefndarmönnunum Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni. Svo sem áður er greint, hefur stefnandi hins vegar fallið frá kröfum sínum í máli þessu á hendur Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni, og í munnlegum málflutningi hreyfði stefnandi ekki þessari málsástæðu og lagarökum.

Þá byggir stefnandi riftunarkröfu sína á VIII. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, einkum 54. gr. og 61. gr., en jafnframt á 62. og 67. gr., sbr. 63. gr.

Kröfu sína á hendur Alþýðubankanum h.f. styður stefnandi þeim rökum, að með tilvísun til 54. gr. gjaldþrotalaga hafi greiðsla félagsins til bankans verið innt af hendi í óvenjulegum greiðslueyri, þ.e.a.s. í víxlum, hún hafi ráðið úrslitum um gjaldfærni þrotamanns og hafi átt sér stað áður en eðlilegt var. Enda þótt bankinn hafi með höndum þá starfsemi að kaupa víxla, hafi afhending þessara víxla ekki verið sala viðskiptavíxla með venjulegum hætti, heldur hafi hér verið um að ræða andvirði verulegs hluta eigna félagsins og hafi forráðamenn bankans um það vitað. Þar sem hér hafi verið um að ræða andvirði verulegs hluta eigna félagsins, hafi greiðsla þessi að hluta ráðið úrslitum um gjaldfærni þrotamanns. Greiðslan hafi farið fram á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag. Þar eð greiðslan hafi komið bankanum að fullum notum, sbr., 62. gr. sl., beri bankanum að endurgreiða fjárhæðina. Þá byggir stefnandi riftunarkröfu sína á hendur bankanum ennfremur á 61. gr. gjaldþrotaskiptalaga, enda heldur hann því fram, að greiðslurnar til bankans hafi á ótilhlýðilegan hátt verið honum til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Bendir hann sérstaklega á, að Alþýðubankinn h.f. hafi verið viðskiptabanki félagsins og starfsmönnum hans mæta vel kunnugt um, hvernig komið hafi verið fjárhag félagsins, þegar greiðslurnar fóru fram. Megi því telja fullvíst, að forráðamenn bankans og lögmaður hans hafi ekki verið í góðri trú um gjaldfærni félagsins á þeim tíma, sem ráðstöfunin var gerð. Hafi félagið átt töluverð viðskipti við bankann á undanförnum árum og bankanum hljóti að hafa verið ljóst, að hverju stefndi, enda beri sum bréf lögmanns bankans til félagsins vitni um það. Ennfremur hljóti bankinn að hafa vitað, að félagið hafði hætt starfsemi sinni á þessum tíma og að víxlarnir voru andvirði meirihluta eigna félagsins. Heldur stefnandi því fram, að líklegt sé, að bankinn hafi talið þýðingarlaust að ganga að félaginu fyrir kröfum sínum, enda hafi bankinn beðið um uppboð á hinum veðsettu eignum og hafi gengið að Leó M. Jónssyni, ábyrgðarmanni á víxli að fjárhæð kr. 100.000.00, sem félagið hafði samþykkt pr. 07. 12. 1981, í stað þess að beina kröfum sínum að félaginu sjálfu með aðstoð dómstóla.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á hendur stefndu Gerði Kristjánsdóttur, Leó M. Jónssyni og Bandag-hjólbarðasólun h.f. í megindráttum á sömu rökum og krefst með tilvísun til 61., 67., sbr. 63. gr. gjaldþrotaskiptalaga riftunar ráðstöfunar og endurgreiðslu vegna greiðslna félagsins til stefnda Alþýðubankans h.f., svo sem nánar greinir í sundurliðun kröfugerðar stefnanda hér að framan.

Stefnandi leggur annars áherslu á tengsl aðilja við félagið. Eiginmaður stefndu Gerðar, Bergur Björnsson, hafi verið annar framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og skilanefndarmaður í Skrifstofutækni h.f. og hafi honum því verið vel kunnugt um stöðu þess félags, þegar greiðslurnar fóru fram, en þær hafi verið til þess fallnar að ívilna stefndu á kostnað annarra kröfuhafa. Ljóst sé, að stefnda Gerður hafi losnað undan skuldbindingu sinni, með því að eiginmaður hennar afhenti Alþýðubankanum h.f. víxla, sem um ræðir í málinu, en andvirði þeirra hafi meðal annars gengið til að greiða skuld tryggða með veði, sem hvíli á húsi hennar. Ráðstöfun þessi hafi átt sér stað aðeins rúmlega tveimur mánuðum áður en félagið var úrskurðað gjaldþrota.

Stefndi Leó M. Jónsson hafi verið annar framkvæmdastjóra, hluthafi og stjórnarmaður í Skrifstofutækni h.f. og hafi honum því verið vel kunnugt um stöðu þess félags, þegar greiðslurnar fóru fram, en þær hafi verið til þess fallnar að ívilna honum á kostnað annarra kröfuhafa.

Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri hins stefnda félags Bandag-hjólbarðasólun h.f. Pétur Rafnsson, hafi verið hluthafi í Skrifstofutækni h.f. og fyrrverandi stjórnarmaður í því félagi. Því er haldið fram, að hann hafi verið vel kunnugur fjárhagslegri stöðu Skrifstofutækni h.f., þegar greiðslurnar fóru fram, en þær séu til þess fallnar að ívilna hinu stefnda félagi á kostnað annarra kröfuhafa í búinu.

— — —

Niðurstaða dómsins.

— — —

Við uppskrift á búinu hinn 17. nóvember 1982 kemur fram í skýrslu Bergs Björnssonar, stjórnarformanns og annars framkvæmdastjóra félagsins, „að aðstandendur félagsins hafi á síðustu vikum áður en rekstur þess var lagður niður, reynt að selja eignir félagsins í einu lagi, en án árangurs ... að umboð félagsins fyrir fyrirtækið Rank Xerox og Intertech hafi verið yfirtekin, um það leyti er rekstur félagsins var lagður niður, af Erni Johnson og Ólafi Kr. Sigurðssyni ... að aðilar þessir hafi jafnframt keypt birgðir af vörum, er tilheyrðu umboðum þessum. Hafi þeir greitt að mætta minnir kr. 1.000.000.00 til félagsins vegna þessara kaupa, og hafi sú fjárhæð verið

greidd á skömmum tíma.“ Þá kemur jafnframt fram í endurriti af uppskriftargerðinni, að Bergur Björnrsson tjáði skiptaráðanda, ,,að ráðstafanir með fjármuni þessa (þ.e.a.s. þá fjármuni, er fjallað var um við uppskriftargerðina) komi fram í bókhaldsgögnum félagsins, sem hann kveðst munu afhenda skiptaráðanda í næstu viku.“ Framhald á uppskrift búsins fer fram 16. desember 1982 og 3. febrúar 1983, en ekki er þá spurt nánar ut í ráðstöfun ofangreinds söluandvirðis eigna að andvirði kr. 1.000.000.00. Ekkert kemur frekar fram í skjölum máls þessa um ráðstöfun fjárins fyrr en á skiptafundi hinn 16. febrúar 1983, að skiptaráðandi dreifði yfirliti yfir ráðstafanir fyrirsvarsmanna félagsins með fjármuni þess frá því um miðjan ágústmánuð 1982 og til upphafs skipta. Á þeim fundi var samþykkt m. a. ,,að höfða mál til riftunar á hendur Alþýðubankanum h.f., Bergi Björnssyni, Leó M. Jónssyni og Bandag h.f. á greiðslu félagsins til bankans á verðtryggðum kröfum, samtals að fjárhæð kr. 655.584.90,“ sem er ráðstöfun hluta ofangreinds söluandvirðis eigna félagsins og stefnufjárhæð máls þessa.

Af framangreindu þykir ljóst, að skiptaráðandi hafi fengið upplýsingar um sölu eigna skv. kaupsamningi, dags. 24. ágúst 1982, þegar við upphaf skipta, eða hinn 17. nóvember 1982. Skv. bókun skiptaréttar þann dag skyldi Bergur Björnsson afhenda skiptaráðanda bókhaldsgögn með nánari útlistun um ráðstafanir söluandvirðisins viku síðar. Eigi verður séð, að spurt hafi verið nánar út í ráðstöfun þessa við framhaldsuppskriftargerðir. Verður því ekki annað séð en að skiptaráðandi hafi átt þess kost þegar í lok nóvember 1982 að leita samþykkis skiptafundar til höfðunar riftunarmáls þessa. Af því leiðir, að frestur til málshöfðunar þessarar skv. 68. gr. gjaldþrotalaga var liðinn, er mál var höfðað með stefnu, birtri á hendur stefnda Bandag-hjólbarðasólun h.f. hinn 26. ágúst 1983, sbr. 103. gr. l. 85/1936 um meðferð einkamála, en öll málin voru þingfest hinn 6. september s.á. Jafnvel þótt miða bæri upphaf málshöfðunarfrests við ákvörðun skiptafundar hinn 16. febrúar 1983, þá teldist hann hafa verið liðinn, er mál var höfðað. Þar sem málshöfðunarfrestur var liðinn skv. 68. gr. gjaldþrotalaga, sbr. 103. gr. einkamálalaga, og ekki liggur fyrir sérstakt samkomulag aðilja um lengingu málshöfðunarfrests, ber þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Stefnandi féll frá kröfum sínum á hendur stefndu Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni hinn 26. apríl sl., án þess að mál þeirra væri hafið. Telja verður þrátt fyrir mótmæli stefnanda, að málskostnaðarkrafa þeirra sé í fullu gildi, og þykir eftir atvikum rétt að úrskurða þeim in solidum kr. 30.00.00 í málskostnað, að öðru leyti skal málskostnaður falla niður.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi, þrotabú Skrifstofutækni h.f., greiði stefndu Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni in solidum kr. 30.000.00 í málskostnað. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Mánudaginn 22. október 1984.

Nr. 126/1982. **Bjarni J. Guðmundsson**
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)
gegn
úthlutunarmönnum atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík og samgönguráðherra
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Leigubifreiðar. Atvinnuleyfi. Vanhæfi stjórnvalds.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s.m. Hann gerir þær dómkröfur, „að ógilt verði með dómi afturköllun úthlutunarmanna atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík, dags. 17. maí 1974, þar sem stefnandi er sviptur atvinnuleyfi, sem hann hefur haft samkv. lögum nr. 25/1955 og reglugerð um takmörkun leigubifreiða og ráðstöfun atvinnleyfa í Reykjavík, sem og staðfesting samgönguráðuneytisins, dags. 9. sept. 1976, á umræddri afturköllun.

Jafnframt er þess krafist að úthlutunarmönnum og/eða samgönguráðuneytinu verði gert að gefa út og afhenda viðkomandi aðilum nauðsynleg skjöl og skilríki til staðfestingar á atvinnuleyfi stefnanda til aksturs leigubifreiða í Reykjavíkm í óbreyttri mynd, þ.e. með öllum þeim réttindum og skyldum er í atvinnuleyfinu fólust, er stefnandi öðlaðist það í upphafi.“

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir báðum dómum.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefst áfrýjandi ógildingar á afturköllun leyfis, sem honum var veitt 25. maí 1956 til að hafa leigubifreið til mannflutninga í afgreiðslu á bifreiðastöð í Reykjavík. Þegar afturköllunin var tilkynnt áfrýjanda með bréfi 17. maí 1974, giltu um leigubifreiðar lög nr. 36/1970, sem enn eru í gildi. Áfrýjandi telur, að ákvæði 8. gr. laganna, sem eru í samræmi við eldri lög nr. 25/1955, 1. gr., 40/1957, 1. gr., og 1/1966, 1. gr., leiði til þess, að taka beri kröfu hans til greina. Í ákvæði þessu segir, að óheimilt sé að skerða atvinnuréttindi manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, „þá er takmörkunin hefst." Er í sjálfu sér ekki um það deilt, að áfrýjandi hafi verið í hópi þeirra manna. Á þessa röksemd hans verður ekki fallist, enda verður ekki litið svo á, að 1. gr. laga nr. 25/1955, sbr. nú 8. gr. laga nr. 36/1970, eða aðrar réttarreglur girði fyrir það, að áfrýjandi þurfi að hlíta ákvæðum nefndra laga eða reglugerða, settra samkvæmt þeim, um, að það varði hann sem atvinnuleyfishafa sviptingu leyfis síns, ef hann ekki nýtir það. Í reglugerð nr. 214/1972 um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa, sem í gildi var, þegar atvinnuleyfi áfrýjanda var afturkallað 1974, er í 8. gr., 3. mgr. að finna þetta ákvæði: „Úthlutunarmönnum er heimilt að taka atvinnuleyfi leyfishafa hjá viðkomandi bifreiðastöð, hafi hann ekki notfært sér atvinnuleyfið í 6 mánuði eða lengur og ekki sótt um frest. Skulu þá úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa innköllun leyfisins með ábyrgðarbréfi. Hafi leyfishafi ekki óskað eftir framlengingu leyfisins og fært fram ástæður, sem úthlutarmenn geta tekið til greina, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins." Þetta ákvæði gilti um leyfi áfrýjanda.

Þarf þá úr því að skera, hvort unnt sé að byggja á því í málinu, að áfrýjandi hafi ekki notfært sér atvinnuleyfið í 6 mánuði, áður en hann var boðaður til fundar við úthlutunarmenn 20. mars 1974. Úthlutunarmenn öfluðu ekki sjálfstætt ótvíræðra gagna um það, hvort áfrýjandi hefði notað leyfi sitt á þeim tíma, sem máli skipti. Áfrýjandi lét einnig undir höfuð leggjast að afla slíkra gagna. Þegar

haft er í huga, að um var að ræða upplýsingar um nýtingu hans á leyfinu, að hann átti greiðari aðgang að fullnægjandi gögnum en úthlutunarmenn og að þeir skoruðu á hann að útvega slík gögn, verður að leggja til grundvallar, að hann hafi ekki nýtt leyfið eins og áskilið var. Af því leiðir, að telja verður leyfissviptinguna 15. maí 1974 hafa verið heimila eftir reglugerð nr. 214/1972, 8. gr., 3. mgr.

Aðferð sú, sem höfð var við innköllun atvinnuleyfis áfrýjanda, var að vísu ekki í fullu samræmi við nýnefnt reglugerðarákvæði, en hún var áfrýjanda hagstæðari en sú aðferð, sem mælt er fyrir um í reglugerðinni. Verður leyfissviptingin því ekki felld úr gildi af þessari ástæðu.

Starfsmaður sá í samgönguráðuneytinu, sem úrskurðaði um kæru áfrýjanda til ráðuneytisins vegna atvinnuleyfissviptingarinnar, var einn af þeim þremur úthlutunarmönnum atvinnuleyfa, sem ákvörðun tóku um sviptinguna. Var hann af þeirri ástæðu vanhæfur til að úrskurða um réttmæti leyfissviptingarinnar. En þar sem áfrýjandi hefur krafist þess, að leyfissviptingin verði dæmd ógild vegna þess, að lagaskilyrði til hennar hafi brostið, og þar sem áfrýjanda var aðeins heimilt, en ekki skylt, að bera lögmæti leyfisviptingarinnar undir ráðuneytið, áður en hann lagði mál sitt fyrir dómstóla, hefur það enga þýðingu í máli þessu að dæma sérstaklega um staðfestingu ráðuneytisins á leyfissviptingunni.

Samkvæmt framanskráðu ber að staðfesta héraðsdóminn í máli þessu.

Rétt er að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. október 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. október sl., hefur Bjarni J. Guðmundsson, Kleppsvegi 34, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn úthlutunarmönnum atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík svo og samgönguráðherra í nafni samgönguráðuneytisins, Arnarhvoli Reykjavík.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að ógilt verði með dómi afturköllun

úthlutunarmanna atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík, dags. 17. maí 1974, þar sem stefnandi sé sviptur atvinnuleyfi, sem hann hafi haft samkvæmt lögum nr. 25/1955 og reglugerð um takmörkun leigubifreiða og ráðstöfun atvinnuleyfa í Reykjavík, sem og staðfestingu samgönguráðuneytisins, dags. 9. september 1976, á umræddri afturköllun.

Jafnframt er þess krafist, að úthlutunarmönnum og/eða samgönguráðuneytinu verði gert að gefa út og afhenda viðkomandi aðiljum nauðsynleg skjöl og skilríki til staðfestingar á atvinnuleyfi stefnanda til aksturs leigubifreiða í Reykjavík í óbreyttri mynd, þ.e. með öllum þeim réttindum og skyldum, er í atvinnuleyfinu fólust, er stefnandi öðlaðist það í upphafi.

Loks er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Af hálfu hinna stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að skv. afsali, dags. 24. janúar 1950, hafi hann keypt bifreiðina R 3675 ásamt afgreiðsluaðstöðu á bifreiðastöðinni Hreyfli hér í borg af Guðmundi Tr. Guðmundssyni. Kveðst stefnandi hafa starfað við akstur leigubifreiðar til mannflutninga í Reykjavík hinn 31. desember 1955, en við þá dagsetningu hafi takmörkun fjölda leigubifreiða í Reykjavík verið miðuð skv. lögum nr. 25/1955, sbr. auglýsingu um umsókn atvinnuleyfa, dags. 7. apríl 1956. Stefnandi kveðst síðan hafa fengið atvinnuleyfi, svo sem lög hafi staðið til, og haldið því síðan óslitið, uns honum með bréfi úthlutunarmanna, dags. 17. maí 1974, hafi verið tilkynnt, að atvinnuleyfið hefði verið afturkallað. Hinn 12. nóvember 1974 kveðst stefnandi hafa skrifað úthlutunarmönnum bréf, þar sem hann hafi gert ítarlega grein fyrir málstað sínum.

Í bréfi úthlutunarmanna, dags. 11. desember 1974, hafi beiðni stefnanda um endurskoðun atvinnusviptingar verið hafnað. Með bréfi, dags. 6. september 1976, kvaðst stefnandi hafa skotið niðurstöðu úthlutunarmanna til úrlausnar samgönguráðuneytisins og hafi því málskoti verið svarað með bréf, dags. þremur dögum síðar, þar sem beiðninni hafi verið synjað. Með bréfum, dags. 25. ágúst 1977, 24. nóvember 1977, 31. maí 1978 og 5. desember 1978, hafi samgönguráðherra verið skrifað með beiðni um leiðréttingu mála stefnanda, en allt án árangurs. Sé því málshöfðun þessi óhjákvæmileg.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm. Aðspurður kvaðst hann hafa stundað vörubílaakstur jafnhliða leigubílaakstri frá Vörubílastöðinni Þrótti og hafi hann nýtt atvinnuleyfi sitt til fólksflutninga eftir bestu getu. Hann kvaðst ekki vilja svara spurningu stefndu um það, hvort hann gæti fært sönnur

að því, að hann hefði nýtt atvinnuleyfið til fólksflutninga, t.d. með skattframtölum eða rekstursreikningum, sem sanni tekjur hans af leigubílaakstri til fólksflutninga, þar sem hann teldi, að úthlutnarmenn atvinnuleyfa hafi ekkert með skatta að gera.

Í skriflegri aðiljaskýrslu, sem stefnandi staðfesti í réttinum, kvað hann sér aldrei hafa verið birtar neinar reglur, hvorki frá úthlutunarmönnum atvinnuleyfa né félagi atvinnubifreiðastjóra, sem hann ætti að hafa brotið, þannig að réttlætt gæti atvinnusviptingu þá, er til hefði verið stofnað, né heldur um neins konar vinnutilhögun, sem væri gagnstæð því, sem ætlast sé til að fylgt sé.

Ármann Magnússon, fyrrverandi úthlutunarmaður og stefndi í máli þessu, hefur komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að árlega séu nokkrir menn kallaðir fyrir út af misnotkun atvinnuleyfa og þar af leiðandi sé þetta ekkert gerræði við stefnanda, þar sem hann sé ekki sá eini, sem kallaður sé fyrir og leitað upplýsinga hjá, hvort um brot væri að ræða. Í tilfelli stefnanda hafi hann verið spurður sömu spurninga og aðrir og í þessu tilfelli, hvort hann nýtti leyfið. Hafi stefnandi neitað að veita nokkrar upplýsingar og sagt, að úthlutunarmönnum kæmi það ekkert við. Honum hafi verið bent á, að úthlutunarmenn væru vörslumenn atvinnuleyfa og skylt að líta eftir, að atvinnuleyfin væru nýtt á réttan hátt. Stefnanda hafi verið gefinn kostur á að leggja fram skattframtöl fyrir síðastliðin þrjú ár, sem vörðuðu tekjur hans af leigubílaakstri til fólksflutninga. Honum hafi verið bent á, að þar mundi hið rétta koma fram og þá þyrfti ekki að deila um það, hvort hann hefði nýtt atvinnuleyfið eða ekki. Stefnandi hafi neitað þessu og hafi honum þá verið skýrt frá því, að atvinnuleyfið yrði afturkallað, þar til upplýsingar lægju fyrir í málinu. Fjöldi manna sýni úthlutunarmönnum skattframtöl í þessu skyni.

Mætti kvað misnotkun stefnanda hafa verið fólgna í meintu broti hans vegna síendurtekinna kvartana um það, að hann nýtti ekki leyfið. Margir félagar hans í hans stéttarfélagi hafi kvartað út af framangreindu auk annarra, sem hafi verið að bíða eftir að fá atvinnuleyfi. Mætti kvaðst ekki geta nefnt nein nöfn í þessu sambandi, þar eð úthlutunarmenn atvinnuleyfa séu bundnir þagnarskyldu. Mætti kvað heimild til handa úthlutunarmönnum atvinnuleyfa til að krefjast skattframtala vera í reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

Mætti kvaðst ekki hafa vitað, að stefnandi hefði verið nýbúinn að fá afgreiddan nýjan leigubíl, þegar atvinnuleyfið var afturkallað, enda hafi atvinnuleyfið ekki verið afturkallað fyrr en tveimur mánuðum eftir að stefnandi var kallaður fyrir og hafi honum því gefist gott tækifæri til þess að hefja störf við leigubílaakstur og koma með umbeðnar upplýsingar, sem sönnuðu, hvort hann hefði stundað leigubílaakstur.

Kristinn Gunnarsson hrl., fyrrverandi úthlutunarmaður atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra, hefur komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu. Hann skýrði svo frá, að hann hafi verið í úthlutunarnefnd atvinnuleyfa á þeim tíma sem mál stefnanda var fyrir hjá úthlutunarmönnum. Það hafi verið meginregla samkvæmt þágildandi bifreiðalögum og reglugerð um takmörkun atvinnuleyfa til leigubílaaksturs í Reykjavík, að leyfishafar skyldu rækja þetta starf sem aðalstarf. Á þeim tíma, sem takmörkunin var sett, árið 1956, hafi verið nokkrir bílstjórar, sem stunduðu leiguakstur í hjáverkum og gerðu það eftir að takmörkun var sett á og hafi gert það sumir hverjir allt til þessa dags. Þessir menn hafi óumdeilanlega og sannanlega stundað leigubílaakstur og hafi það verið látið óátalið. Ef menn hins vegar stunduðu leigubílaaksturinn alls ekki, hvort heldur sem var aðalstarf eða aukastarf, hafi verið talið skv. reglugerðinni, að þeir ættu ekki rétt á að halda leyfunum þannig ónotuðum. Þegar mál stefnanda kom fyrir hjá úthlutunarnefndinni, hafi ástæðan verið sú, að Ármanni Magnússyni, eftirlitstmanni Frama, sem jafnframt var úthlutunarmaður, höfðu borist ítrekaðar kærur og kvartanir yfir því, að stefnandi nýtti alls ekki leyfi sitt til leigubílaaksturs. Reynt hafi verið að fá stefnanda til að gefa upplýsingar um þessa starfsemi sína, en þær tilraunir hafi alltaf verið árangurslausar og þar sem stefnandi hafi engar upplýsingar gefið, hafi verið talið, eins og raun mun hafa verið á, að hann hafi aldrei nýtt leyfi sitt sem leigubílstjóri. Í málinu sé skorað á stefnanda að upplýsa málið af sinni hendi, en það hafi ekki borið neinn árangur.

Mætti kvað sér ekki hafa verið kunnugt um það, að stefnandi hafi stundað vörubílaakstur, þegar takmörkunin var sett á. Hann kvað sér ekki kunnugt um það af eigin raun, að stefnandi hafi aldrei nýtt atvinnuleyfi sitt.

III.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að í lok 1. gr. laga nr. 25/1955, sem hafi grundvallað takmörkun á fjölda leigubifreiða í Reykjavík, segi svo: „Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þegar lögin taka gildi.“ Óumdeilanlegt sé, að ákvæði þetta hafi tekið til stefnanda og hafi honum því borið að njóta fyllstu réttinda skv. leyfisbréfi sínu, svo sem fjöldi annarra bifreiðastjóra hafi notið strax í byrjun og njóti enn. Allir þeir, sem höfðu svokallað afgreiðsluleyfi á leigubifreiðastöð í Reykjavík þann 31.12. 1955 og áttu aðild að viðkomandi stéttarfélagi, hafi notið fyllstu atvinnuréttinda jafnt eftir gildistöku laganna sem áður. Auk brýnna ákvæða laga nr. 25/1955 sé sú niðurstaða varin af ákvæðum 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Ekki sé unnt að skerða réttindi, sem lögin ákveði, með reglugerð. Íþyngj-

andi reglugerðarákvæði verði að víkja fyrir lögunum. Stefnandi hafi ekið leigubifreið samhliða vörubifreiðaakstri, frá því að atvinnuleyfi var gefið út vorið 1956, hann hafi greitt sín gjöld til viðkomandi stéttarfélags, þar til hann var sviptur leyfi 1974. Hann hafi keypt leigubíl í ágúst 1968 og aftur í mars 1974. Þá hafi hann fengið eftirgjöf á aðflutningsgjöldum og söluskatti skv. yfirlýsingu bifreiðastjórafélagsins Frama, sem sanni jafnframt, að hann hafi stundað leigubílaakstur á þeim tíma. Jafnframt hafi hann lagt fram vottorð frá Borgarbílastöðinni um, að hann hafi verið þar til 1974 og greitt sín gjöld. Fullsannað sé, að engin efni hafi verið til að svipta stefnanda atvinnuleyfi, hvorki samkvæmt lögum né reglugerð. Allur vafi hljóti að vera stefnanda í hag, en sönnunarbyrðin hvíli á stefnda. Ósannað sé, að stefnandi hafi brotið eitthvað af þeim ákvæðum, sem hann er sakaður um.

Við munnlegan málflutning byggði stefnandi kröfur sínar ennfremur á ólögmætri aðferð stjórnvalds við meðferð og afgreiðslu málsins. Rannsókn málsins sé ófullkomin, sbr. dskj. nr. 23. Stefnandi hafi aðeins fengið 3ja daga frest til að koma fyrir nefndina og gera grein fyrir sér í stað mánaðar frests, sem hann hafi átt rétt á skv. reglugerð, sbr. dskj. nr. 23. Þá hafi tilkynningu um þessa ákvörðun verið ábótavant, sbr. sama dskj. Stefnandi hafi verið krafinn um skattskýrslu til að sanna mál sitt, en engin heimild sé fyrir því fyrir úthlutunarmenn. Eðlilegra hefði verið að senda fyrirspurn til stöðvarinnar, sem ekki hafi verið gert. Atvinnuleyfi stefnanda hafi ekki verið bundið því skilyrði skv. lögunum, að leigubílaakstur væri stundaður sem aðalatvinna, andstætt því, sem gilti um atvinnuleyfi, sem ekki sé varið af ákvæðum 1. gr. laga nr. 25/1955 in fine. Þá hafi sami maður fjallað um mál stefnanda á áfrýjunarstigi, fyrst sem úthlutunarmaður og síðan sem starfsmaður samgönguráðuneytisins. Málsástæðu þessa hafi ekki verið unnt að hafa uppi fyrr, þar sem hún byggist á dskj. nr. 23, sem stefnanda hafi ekki verið kunnugt um, fyrr en stefndu lögðu það fram í réttinum.

Stefndu styðja kröfur sínar þeim rökum, að stefnandi hafi þegar á árinu 1967 fengið aðvörunarbréf um, að atvinnuleyfi hans hefði verið lagt inn til Bifreiðastjórafélagsins Frama og gæfist honum 30 daga frestur til að gefa skýringar og koma máli sínu í lag, þannig að hann fengi atvinnuleyfi sitt á ný. Sé því óhætt að fullyrða, að stefnandi hafi ekki stundað leiguakstur til mannflutninga síðan 29. nóvember 1967, enda hafi hann viðurkennt það. Sé þetta sýknuástæða stefndu, því það sé meginskilyrði laga og reglna um þessa atvinnu, að hún sé stunduð sem aðalstarf. Einnig sé tómlæti stefnanda fært fram sem ástæða til sýknu. Hann hafi allar götur síðan 1967 látið atvinnuleyfi sitt liggja óhreyft án þess að gera reka að því að fá það og gefa viðhlítandi skýringar, sbr. dskj. nr. 15.

Það sé misskilningur hjá lögmanni stefnanda, að stefnandi hafi ekki

fengið þau réttindi, sem honum bar skv. 1. gr. laga nr. 25/1955. Hann hafi stundað leigubílaakstur til mannflutninga, þegar takmörkunin var sett á, og hafi hann haldið þeim réttindum, þar til hann hætti að sinna þessum störfum að fullu. Þá sé það misskilningur hjá stefndanda, að atvinnuleyfið sé óskoruð eign viðkomandi án nokkurra skilyrða. Það sé greinilega tekið fram í lögum og reglum um þessi efni, að atvinnuleyfi sé, eins og nafnið bendi til, heimild til að stunda þessa atvinnu með vissum skilyrðum. Leyfishafi eigi aldrei að hafa sjálft leyfið í sínum höndum, það sé ýmist geymt hjá viðkomandi bifreiðastöð, sé það nýtt, eða hjá Bifreiðastjórafélaginu Frama, sé það ekki nýtt.

Stefnandi hafi þverskallast við að gefa nauðsynlegar upplýsingar og ekki sinnt áskorun um að upplýsa málið af sinni hálfu. Dómskjal nr. 23 beri með sér, að stefnanda hafi verið bent á að framvísa skattframtölum, en ekki gert það að skyldu. Stefnanda beri að sanna, að hann hafi notað leyfið, en ekki látið það liggja ónotað. Nægilegt hefði verið, að hann hefði sýnt fram á, að hann hefði stundað leigubílaakstur að aukastarfi. Vottorð Borgarbílastöðvarinnar og vottorð um tolleftirgjöf segi ekkert og séu ekki sönnunargögn. Úthlutunarmönnum sé skylt skv. lögum og reglugerð að hafa eftirlit með því, að atvinnuleyfi séu nýtt í samræmi við lög. Dómskjal nr. 39 hafi ekkert sönnunargildi.

Nýrri málsástæðu, sem lögmaður stefnanda hafði uppi við munnlegan málflutning og bókuð var eftir honum, sé mótmælt sem of seint fram kominni svo og þeirri málsástæðu, að íþyngjandi reglugerðarákvæði verði að víkja fyrir lögum, en stefnandi hafi fyrst haldið þessu fram við munnlegan málflutning.

IV.

Mál þetta var þingfest 25. janúar 1979, og skiluðu stefndu greinargerð 15. febrúar s.á. Valgarður Kristjánsson borgardómari fékk málið síðan til meðferðar. Þann 14. mars 1980 var kveðinn upp úrskurður um vitnaskyldu, og var úrskurðurinn kærður til Hæstaréttar. Dómur var kveðinn upp í Hæstarétti 16. júlí s.á., þar sem hinn kærði úrskurður var staðfestur. Undirritaður dómari fékk málið síðan til meðferðar 1. nóvember 1980. Þann 7. september sl., fór fram munnlegur málflutningur, en málið var síðan endurupptekið og flutt á ný 13. október sl., þar sem rétt þótti að færa til bókar nýja málsástæðu, sem lögmaður stefnanda hafði viðhaft við fyrri flutning, án þess að vakin væri á því sérstök athygli eða óskað bókunar um hana þá.

V.

Í máli þessu er deilt um það, hvort stefnandi hefði stundað leigubílaakstur lögum samkvæmt, þegar hann var sviptur atvinnuleyfi sínu.

Fallast má á það með úthlutunarmönnum, að þeir gátu hvenær sem tilefni gafst til kallað stefnanda til sín og beðið hann um að færa sönnur að því, að hann stundaði leigubílaakstur lögum samkvæmt. Ósannað er, að stefnanda hafi verið gert skylt að leggja fram skattframtöl, heldur bera skjöl málsins með sér, að honum hafi verið gefinn kostur á að leggja þessi gögn fram máli sínu til stuðnings, enda hafði stefnandi ekki lagt fram önnur gögn, sem sönnuðu mál hans.

Ekki verður fallist á, að málsástæða stefnda, sem bókuð var við munnlegan málflutning, sé of seint fram komin, þar sem upplýst er, að stefnanda var ekki kunnugt um atriði þau, sem fram koma á dskj. nr. 23 og varða þessa málsástæðu, fyrr en skjalið var lagt fram í réttinum 13. nóvember 1979. Þykir því rétt, að þessi málsástæða stefnanda komi til álita við úrlausn þessa máls. Túlkun stefnanda á reglugerðarákvæðum skoðast ekki sem ný málsástæða. Samkvæmt dskj. nr. 23 kemur fram, að stefnanda var ekki veittur sá frestur, sem hann átti rétt á skv. ákvæði í 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 214/1972 til þess að koma málum sínum í horf gagnvart úthlutunarnefnd auk þess sem tikynningarskyldu skv. áðurnefndri reglugerð var ekki framfylgt. Þá er athugavert, að sami maður skyldi fjalla um mál stefnanda á áfrýjunarstigi. Atriði þessi leiða þó ekki til áfellisdóms að kröfum stefnanda, þar sem þau sanna ekkert um það, að stefnandi hafi stundað leigubílaakstur á umræddum tíma.

Stefnandi hefur hér fyrir dóminum m.a. lagt fram eftirfarandi gögn til stuðnings fullyrðingu sinni um, að hann hafi stundað leigubílaakstur sem aukastarf á áðurgreindum tíma: Yfirlýsingar stefnanda vegna tolleftirgjafar af leigubifreiðum, dags. 16. maí 1974 og 12. september s.á., ljósrit, sem sýnir greiðslu félagsgjalda stefnanda til Bifreiðastjórafélagsins Frama til ársins 1974, ljósrit af félagsskírteinum stefnanda í Vörubílastjórafélagið Þrótt og Bifreiðastjórafélagið Hreyfil, ljósrit af tryggingaskírteinum vegna leigubifreiðar, dags. 11. júlí 1974, ljósrit af aðflutningsskýrslum vegna bifreiða og vottorð frá Borgarbílastöðinni h.f., dags. 14. janúar 1981, svohljóðandi: „Bjarni Guðmundsson var hér á Borgarbílastöðinni þar til atvinnuleyfi hans var innkallað í maí 1974. Og var hann þá skuldlaus við B.B.S.“ Þegar framangreind skjöl eru skoðuð, þykir mega fallast á það með stefndu, að ekkert þeirra sanni, að stefnandi hafi stundað leigubílaakstur á umdeildum tíma. Yfirlýsingar stefnanda sjálfs og skjöl, byggð á yfirlýsingum hans, hafa þannig ekki sönnunargildi. Þá kemur ekki fram í vottorði Borgarbílastöðvarinnar h.f., hvort stefnandi stundaði leigubílaakstur frá stöðinni á þeim tíma, sem þar greinir, og greiðsla félagsgjalda sannar ekki, að félagsmaður hafi stundað leigubílaakstur.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir stefnandi ekki hafa sýnt nægilega fram á, að hann hafi stundað leigubílaakstur, hvorki sem aðal-

né aukastarf, á umræddum tíma, og ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Við munnlegan málflutning þann 7. september sl., viðhafði lögmaður stefnanda þau ummæli, að úthlutunarmenn hefðu „villt um fyrir stefnanda." Lögmaður stefndu krafðist þess, að ummæli þessi verði dæmd dauð og ómerk, en hann var einn af úthlutunarmönnum, sem ummæli þessi voru höfð um, og taldi hann þau ærumeiðandi. Lögmaður stefnanda mótmælti því, að ummælin væru ærumeiðandi, og kvað þau eiga fullan rétt á sér. Úthlutunarmenn hefu villt um fyrir stefnanda, m.a. með því að fullyrða við hann, að leigubílaakstur hans hefði átt að vera aðalstarf, sem sé rangt skv. 1. gr. laga nr. 25/1955, svo og með ummælum Ármanns Magnússonar fyrir dómi, þar sem hann hélt því fram, að heimild úthlutunarmanna til að krefjast skattframtala sé að finna í reglugerð. Þetta sé rangt. Þá sé fullyrðing úthlutunarmanna röng um, að réttindi stefnanda til leigubifreiðaaksturs fari ekki saman við starf hans sem vörubílstjóra, sbr. dskj. nr. 11. Allt þetta sé fallið til að villa um fyrir stefnanda og eigi ummælin því rétt á sér.

Framangreind krafa var ítrekuð við endurflutning málsins.

Ekki þykja næg efni til að ómerkja framangreind ummæli.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, úthlutunarmenn atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík og samgönguráðherra í nafni samgönguráðuneytisins, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Bjarna J. Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 1. nóvember 1984.

Nr. 65/1984. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Finnboga Ásbjörnssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Sýknað af ákæru fyrir brot á reglum um veiði göngusilungs. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 27. mars 1984. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Ágrip barst Hæstarétti 25. apríl 1984.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, en til vara lækkunar refsingar.

Í máli þessu er ákærði sóttur til saka fyrir að hafa „stundað silungsveiði í lagnet í sjó við Litlu-Brákarey í Borgarfirði" 22.—25. júní 1982, eins og nánar greinir í ákæru. Er atferli ákærða talið í ákæruskjali varða við reglur nr. 454/1980 um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sbr. 6. mgr. 14. gr., sbr. c lið 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Í 6. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 er kveðið svo á, að ráðherra sé heimilt að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, „enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi". Með reglum nr. 178/1977 var takmörkuð „veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu". Þessar reglur setti landbúnaðarráðherra, að fengnum meðmælum veiðifélags Hvítár og veiðifélags Borgarfjarðar og sýslunefnda Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu.

Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu reit landbúnaðarráðuneytinu bréf hinn 3. júlí 1980. Í því greinir frá því, að embætti ríkissaksóknara hafi ekki talið unnt að byggja ákæru á reglum nr.

178/1977, með því að í þeim sé ekki vitnað til þess lagaákvæðis, sem þær styðjast við, og í þær skorti refsiákvæði eða vitnun til þess. Bréfinu lýkur með þessum orðum: „Þess er nú óskað, að ráðuneytið endurskoði reglurnar og gefi þær út á ný með viðeigandi breytingum, svo að þær öðlist fullt lagagildi.“ Landbúnaðarráðherra setti að svo vöxnu reglur um þetta efni hinn 24. júlí 1980 nr. 454, og voru þær birtar hinn 9. september s.á. Eru þær sama efnis og reglur nr. 178/1977 að öðru leyti en því, að í þeim er vísað til IV. kafla laga nr 76/1970 að því er lagastoð varðar og um viðurlög til XVI. kafla sömu laga. Sýnt þykir, að reglum nr. 454/1980 sé ætlað að leysa reglur nr. 178/1977 af hólmi, þótt þær séu eigi afnumdar berum orðum með reglum nr. 454/1980.

Þegar reglur nr. 454/1980 voru settar, var eigi til að dreifa meðmælum sýslunefnda Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu með setningu þeirra, en sýslunefndirnar mæltu með þeim í ályktunum sínum 8. og 10. júní 1982, og segir í þeim, að sýslunefndirnar telji reglur þessar „efnislega vera í fullu samræmi við fyrri samþykktir sínar um það efni“. Eigi er sýnilegt af gögnum máls, að leitað hafi verið umsagnar veiðifélaga, er í hlut áttu, um setningu reglna nr. 454/1980. Samkvæmt því, sem nú var rakið, lágu eigi fyrir meðmæli sýslunefndanna tveggja og fyrrgreindra veiðifélaga á þeim tíma, er reglur nr. 454/1980 voru settar, svo sem 6. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 áskilur berum orðum. Þykir þetta valda því, að reglur þessar séu ekki löggiltur refsigrundvöllur, og koma eftirfarandi meðmæli sýslunefndanna eigi að haldi í því efni. Refsiheimild sú, sem ákæruvald reisir ákæru á, er skv. þessu eigi viðhlítandi að lögum, og ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Samkvæmt þessum úrslitum máls ber að leggja allan kostnað af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærða í héraði með þeirri fjárhæð, sem greinir í héraðsdómi, og svo málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í Hæstarétti, 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Finnbogi Ásbjörnsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti á að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærða í héraði með þeirri fjárhæð, er greinir í hérðsdómi, og svo málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í Hæstrétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 16. febrúar 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 16. febrúar, var á dómþingi sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem haldið var að Bjarnarbraut 2 í Borgarnesi af Ásgeiri Magnússyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Finnboga Ásbjörnssyni, sem tekið var til dóms 25. janúar sl.

Með ákæru, dags. 7. apríl 1983, var opinbert mál höfðað á hendur Finnboga Ásbjörnssyni, Sæunnargötu 6 í Borgarnesi, fæddum 15. júlí 1911 í Reykjavík, fyrir að hafa frá þriðjudeginum 22. júní 1982 til hádegis föstudaginn 25. sama mánaðar stundað silungsveiði í lagnet í sjó við Litlu-Brákarey í Borgarnesi.

Telst þetta varða við reglur um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu nr. 454/1980, sbr. 6. mgr. 14. gr., sbr. c lið 1. mgr. 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76, 1970.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að þola upptöku netsins samkvæmt 100. gr. laga um lax- og silungsveiði og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Miðvikudaginn 23. júní 1982, kl. 15.00, kom veiðieftirlitsmaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Rúnar Ragnarsson, að silunganeti, sem lá í lögn Finnboga Ásbjörnssonar, ákærða í máli þessu. Var lögn þessi við Litlu-Brákarey í Borgarnesi og merkt nr. 8 á dskj. nr. III-3. Reyndist netið vera um 20 metra langt með 2" möskva. Enginn fiskur var í netinu.

Er ákærði var yfirheyrður í sakadómi þ. 3. nóvember 1982 og aftur þ. 10. mars 1983, þá viðurkenndi hann að vera eigandi silunganetsins, og jafnframt kvaðst ákærði hafa stundað silungsveiði á þessum stað síðustu 35 árin og þar á undan hefði faðir sinn nýtt þessa lögn í fjölda ára. Ákærði kvaðst yfirleitt hefja veiðar sínar í apríl ár hvert og hætta þeim í september. Sagðist hann þó ávallt virða banntímann, sem um getur í 19 gr. l. nr. 76/1970. Vikuna, sem ákærði var kærður vegna veiðanna, sagðist hann

hafa lagt net sitt þriðjudagskvöldið 22. júní og tekið það upp um hádegisbil föstudaginn 25. júní 1983.

Ákærði viðurkenndi að hafa vitað af ákvæðum reglugerðarinnar nr. 454/1980, en hann hefði samt lagt net sín, því veiðimenn í Borgarnesi hefðu samþykkt sín í milli að leggja allir net sín, þar sem þeir teldu reglugerðina vera marklausa og að hún stæðist ekki gagnvart landslögum samkvæmt þeim upplýsingum, sem lögmaður þeirra, Jón E. Ragnarsson hrl., hefði gefið þeim. Sagði ákærði ljóst vera, að ós Hvítár væri alls ekki, þar sem hann var ákvarðaður með mati árið 1977, heldur væri hann nú mun utar í firðinum. Væri lögn sín því ótvírætt fyrir ofan ósa Hvítár og því alls ekki í sjó.

Vitnið Rúnar Ragnarsson, Skúlagötu 7, Borgarnesi, hefur og komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína.

Eftir að ákæra hafði verið gefin út í máli þessu, var Jón E. Ragnarsson hrl. skipaður verjandi í því þann 6. maí 1983 að ósk ákærða. Vegna annarra hliðstæðra mála, sem hann hafði og verið skipaður verjandi í og eins vegna veikinda verjandans fékk hann frest til að skila greinargerð í málinu til 20. júní 1983.

Vegna andláts Jóns E. Ragnarssonar hrl. og að ósk ákærða var Jón Oddsson hrl. síðar skipaður verjandi ákærða með bréfi, dags. 22. ágúst 1983. Skilaði hann skriflegri greinargerð í máli þessu þ. 25. janúar sl., og var málið þá tekið til dómsálagningar.

Niðurstaða.

Í 6. mgr. 14. gr. l. nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði er ráðherra veitt heimild til að banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma að ósk veiðifélags eða veiðinotenda samkvæmt meðmælum sýslunefndar eða bæjarstjórnar, ef veiði er fyrir bæjarlandi. Með útgáfu reglna nr. 178/1977 ákvað ráðherra að nýta sér þessa heimild varðandi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að fenginni umsögn sýslunefnda beggja sýslnanna og veiðifélaga Borgarfjarðar og Hvítár. Reglur þessar voru síðan endurútgefnar sem reglur nr. 454/1980 vegna vöntunar refsiheimildar í reglurnar frá 1977.

Með framburði ákærða sjálfs svo og framburði veiðieftirlitsmanns hér fyrir dómi þykir vera nægilega sannað, að ákærði hafi á þeim tíma, sem í ákæru greinir, haft fyrrgreint lagnet til silungsveiða í lögn sinni við Litlu-Brákarey í Borgarnesi.

Af hálfu ákærða hefur því hins vegar verið haldið fram, að net hans hafi alls ekki legið í sjó, heldur í Hvítá, þar sem ós Hvítár sé í raun mun utar í firðinum, og að yfirmatsgerð varðandi ósamörkin frá 6. desember

1977 hafi enga þýðingu í þessu sambandi. Einnig hefur því verið haldið fram af hálfu ákærða, að fyrrgreindar reglur nr. 454/1980 hafi ekki verið settar með stjórnskipulegum hætti, því þær hafi ekki verið réttilega lagðar fyrir sýslunefndir, og jafnframt séu þær andstæðar 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Með fyrrgreindri yfirmatsgerð frá 6. desember 1977 og framkvæmd var skv. 94. gr. laga nr. 76/1970 að beiðni Sigþórs Þórarinssonar, bónda í Einarsnesi, var ós Hvítár í sjó ákvarðaður svo: „. . . . úr kletti norðan Hvítár eftir línu, sem stefnir í Seleyrarodda og mörkuð er á uppdrátt Reynis Sigursteinssonar ráðunauts eftir fyrirsögn yfirmatsmanna“, sbr. dskj. nr. III-4. Mat á því, hvar ós Hvítár sé í skilningi 1. gr. laga nr. 76/1970, hefur ekki farið fram frá því fyrrgreind yfirmatsgerð var framkvæmd. Ekkert hefur heldur komið fram um, að niðurstaða mats þessa eigi ekki við rök að styðjast eða ranglega hafi verið staðið að því á einhvern máta. Þykir og ekki skipta máli í því sambandi, þó að ákærða hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta réttar síns, þegar yfirmatsgerðin fór fram, því telja verður, að afmörkun óss í sjó lúti algjörlega hlutlægum réttarreglum, en á engan hátt ráðstöfunarrétti veiðieigenda. Þykir því hér verða við það að miða, að yfirmat þetta sé ákvarðandi um það, hvar ós Hvítár sé í skilningi lax- og silungsveiðilaga.

Svo sem fyrr greinir lá net ákærða í lögn hans við Litlu-Brákarey í Borgarnesi. Samkvæmt því er ljóst, að net ákærða hefur verið alllangt neðan óss Hvítár í sjó, svo sem hann var ákvarðaður með yfirmatinu frá 1977, sbr. yfirlitskort á dskj. nr. XII og dskj. nr. III-3. Hefur netið því legið í sjó og veiði ákærða því fallið undir reglur nr. 454/1980.

Fram er komið í máli þessu að sýslunefndir bæði Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hafa staðfest það, að hinar endurútgefnu reglur nr. 454/1980 séu í fullu samræmi við fyrri samþykktir nefndanna, sem gerðar voru í tilefni setningar reglna nr. 178/1977, sem voru þeim efnislega samhljóða. Jafnframt óska sýslunefndirnar eftir því, að reglum þessum verði framfylgt.

Að þessu athuguðu þykir verða að líta svo á, að ákvæðið um takmörkun á veiðitíma göngusilungs í lagnet í sjó, sem fram kemur í 4. gr. reglna nr. 454/1980 og telja verður almenna friðunaraðgerð, eigi sér ótvíræða stoð í 6. mgr. 14. gr. l. nr. 76/1970 og að við setningu reglnanna hafi öllum lagaskilyrðum verið fullnægt. Með hliðsjón af þessu verður og ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar eigi talið standa í vegi fyrir beitingu reglna nr. 454/1980 sem refsiheimildar, enda kemur hér ekki til athugunar hvort ákærði eigi einhvern rétt til bóta vegna setningar þeirra.

Samkvæmt öllu framansögðu þykir því nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, er í ákæru greinir, og varðar þetta brot hans við 4., sbr. 5. gr. reglna nr. 454/1980, og þykir ákærði með því hafa unnið

til refsingar, er þykir hæfilega ákveðin 7.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs.

Ákærði er kominn yfir sjötugt og hefur ekki gerst brotlegur við landslög, svo kunnugt sé, síðastliðin 37 ár. Hefur hann játað verknað sinn fúslega og virðist hafa litið svo á, að lagning netsins væri ekki lögbrot. Að þessu athuguðu þykir mega skilorðsbinda refsinguna, og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rjúfi ákærði aftur á móti skilorðið, afplánast sektin með 10 daga varðhaldsvist, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá því honum er tilkynnt, að refsingu verði fullnægt.

Samkvæmt framansögðu skal net það og annar veiðibúnaður, sem ákærði notaði til veiðanna, upptækt gert til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00, sem ákvarðast með hliðsjón af því, að mál þetta er eitt af 7 ákærumálum, sem telja verður mjög hliðstæð og varnir verjanda því eins upp byggðar. Jafnframt ákvarðast málsvarnarlaun að upphæð kr. 1.500.00 til dánarbús Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, sem í upphafi var skipaður verjandi ákærða.

Dómsorð:

Ákærði, Finnbogi Ásbjörnsson, greiði krónur 7.000.00 í sekt til ríkissjóðs, en fresta skal fullnustu refsingar og falli hún niður eftir 2 ár frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rjúfi hann skilorðið, afplánast sektin með 10 daga varðhaldi, greiðist hún ekki innan 4ra vikna, frá því honum er tilkynnt að refsing verði framkvæmd.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddsonar hrl., kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun að upphæð kr. 1.500.00 til dánarbús Jóns E. Ragnarssonar hrl.

Upptækt til ríkissjóðs skal vera net það og annar veiðiútbúnaður, sem ákærði notaði við veiðarnar undan Litlu-Brákarey 22/6—25/6 1982.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30. október 1984.

Nr. 66/1984. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissasóknari)
gegn
Jóni Eggertssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Sýknað af ákæru fyrir brot á reglum um veiði göngusilungs. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 27. mars 1984. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Ágrip barst Hæstarétti 25. apríl 1984.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, en til vara lækkunar refsingar.

Í máli þessu er ákærði sóttur til saka fyrir að hafa „stundað silungsveiði í lagnet í sjó við sker norður af Litlu-Brákarey í Borgarnesi" frá 6. - 9. júlí 1982, eins og nánar segir í ákæru. Er atferli ákærða talið varða við reglur nr. 454/1980 um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sbr. 6. mgr. 14. gr., sbr. c lið 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Í 6. mgr. 14. gr laga nr. 76/1970 er kveðið svo á, að ráðherra sé heimilt að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, „enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi." Með reglum nr. 178/1977 var takmörkuð „veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra og Borgarfjarðarsýslu." Þessar reglur setti landbúnaðarráðherra að fengnum meðmælum veiðifélags Hvítár og veiðifélags Borgarfjarðar og sýslunefnda Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu.

Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu reit landbúnaðarráðuneytinu bréf hinn 3. júlí 1980. Í því greinir frá því, að embætti ríkissaksóknara hafi ekki talið unnt að byggja ákæru á reglum nr.

178/1977, með því að í þeim sé ekki vitnað til þess lagaákvæðis, sem þær styðjast við, og í þær skorti refsiákvæði eða vitnun til þess. Bréfinu lýkur með þessum orðum: „Þess er nú óskað, að ráðuneytið endurskoði reglurnar og gefi þær út á ný með viðeigandi breytingum, svo að þær öðlist fullt lagagildi." Landbúnaðarráðherra setti að svo vöxnu reglur um þetta efni hinn 24. júlí 1980 nr. 454, og voru þær birtar hinn 9. september s.á. Eru þær sama efnis og reglur nr. 178/1977 að öðru leyti en því, að í þeim er vísað til IV. kafla laga nr. 76/1970 að því er lagastoð varðar og um viðurlög til XVI. kafla sömu laga. Sýnt þykir, að reglum nr. 454/1980 sé ætlað að leysa reglur nr. 178/1977 af hólmi, þótt þær séu eigi afnumdar berum orðum með reglum nr. 454/1980.

Þegar reglur nr. 454/1980 voru settar, var eigi til að dreifa meðmælum sýslunefnda Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu með setningu þeirra, en sýslunefndirnar mæltu með þeim í ályktunum sínum 8. og 10. júní 1982 og segir í þeim, að sýslunefndirnar telji reglur þessar „efnislega vera í fullu samræmi við fyrri samþykktir sínar um það efni." Eigi er sýnilegt af gögnum máls, að leitað hafi verið umsagnar veiðifélaga, er í hlut áttu, um setningu reglna nr. 454/1980. Samkvæmt því, sem nú var rakið, lágu eigi fyrir meðmæli sýslunefndanna tveggja og fyrrgreindra veiðifélaga á þeim tíma, er reglur nr. 454/1980 voru settar, svo sem 6. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 áskilur berum orðum. Þykir þetta valda því, að reglur þessar séu ekki löggildur refsigrundvöllur, og koma eftirfarandi meðmæli sýslunefndanna eigi að haldi í því efni. Refsiheimild sú, sem ákæruvald reisir ákæru á, er skv. þessu eigi viðhlítandi að lögum, og ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Samkvæmt þessum úrslitum máls ber að leggja allan kostnað af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnaralaun skipaðra verjenda ákærða í héraði með þeirri fjárhæð, sem greinir í héraðsdómi, og svo málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í Hæstarétti, 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Eggertsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti á að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærða í héraði með þeirri fjárhæð, er greinir í héraðsdómi, og svo málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns 10.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðasýslu 16. febrúar 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 16. febrúar, var á dómþingi sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem haldið var að Bjarnarbraut 12 í Borgarnesi af Ásgeiri Magnússyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Jóni Eggertssyni, sem tekið var til dóms 25. janúar sl.

Með ákæru, dags. 13. apríl 1983, var opinbert mál höfðað á hendur Jóni Eggertssyni, Skallagrímsgötu 1 í Borgarnesi, fæddum 21. nóvember 1926 á Þórshöfn, fyrir að hafa, frá því á þriðjudagsmorguninn 6. júlí 1982 til föstudagskvöldsins 9. sama mánaðar stundað silungsveiði í lagnet í sjó við sker norður af Litlu-Brákarey í Borgarnesi.

Telst þetta varða við reglur um silungsveiði í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu nr. 454, 1980, sbr. 6. mgr. 14. gr., sbr. c lið 1. mgr. 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76, 1970.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til þess að þola upptöku netsins samkvæmt 100. gr. laga um lax- og silungsveiði og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Föstudaginn 9. júlí 1982 kom veiðieftirlitsmaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Rúnar Ragnarsson, að silunganeti, sem lá í lögn Jóns Eggertssonar, ákærða í máli þessu. Var lögn þessi út af skeri norður af Litlu-Brákarey í Borgarnesi og merkt nr. 9 á dskj. nr. III - 3. Reyndist netið vera 25 metra langt með 1¾" möskva. Enginn fiskur var í netinu.

Er ákærði var yfirheyrður í sakadómi þ. 3. nóvember 1982 og 10. mars 1983, þá viðurkenndi hann að vera eigandi silunganetsins og kvaðst hann hafa stundað silungsveiðar á þessum stað ásamt bræðrum sínum allt frá árinu 1940, en lögnin muni hafa verið nýtt allt frá árinu 1918. Ákærði kveðst yfirleitt hefja veiðar sínar í byrjun maímánaðar og hætta þeim um mánaðamótin ágúst-september. Hann sagðist þó ávallt virða banntímann skv. 19. gr. l. nr. 76/1970. Vikuna, sem ákærði var kærður vegna veiðanna, sagðist hann hafa lagt net sitt rétt eftir kl. 10.00 þriðjudagsmorguninn 6. júlí og tekið það upp fyrir kl. 22.00 föstudagskvöldið 9. júlí.

Ákærði viðurkenndi að hafa vitað um ákvæði reglugerðarinnar nr. 454/1980, en hann hefði samt lagt net sitt, því hann teldi reglugerð þessa vera marklausa og ekki gildandi lög. Jafnframt sagði hann ljóst vera, að net sitt hefði alls ekki verið í sjó, heldur í Hvítá, þar sem ós Hvítár væri nú mun utar í firðinum en hann var ákvarðaður með yfirmatinu frá 1977, líklega um ½ mílu fyrir utan Borgarnes, því allar forsendur fyrir ákvörðun á ós Hvítár hefðu breyst mjög mikið, frá því að Borgarfjarðarbrúin var byggð.

Vitnið Rúnar Ragnarsson, Skúlagötu 7, Borgarnesi, hefur og komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína.

Eftir að ákæra hafði verið gefin út í máli þessu, var Jón E. Ragnarsson hrl. skipaður verjandi í því þann 6. maí 1983 að ósk ákærða. Vegna annarra hliðstæðra mála, sem hann hafði og verið skipaður verjandi í og eins vegna veikinda verjandans fékk hann frest til að skila greinargerð í málinu til 20. júní 1983.

Vegna andláts Jóns E. Ragnarssonar hrl. og að ósk ákærða var Jón Oddsson hrl. síðar skipaður verjandi ákærða með bréfi, dags. 22. ágúst 1983. Skilaði hann skriflegri greinargerð í máli þessu þ. 25. janúar sl., og var málið þá tekið til dómsálagningar.

Niðurstaða.

Í 6. mgr. 4. gr. l. nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði er ráðherra veitt heimild til að banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma að ósk veiðifélags eða veiðinotenda samkvæmt meðmælum sýslunefndar eða bæjarstjórnar, ef veiði er fyrir bæjarlandi. Með útgáfu reglna nr. 178/1977 ákvað ráðherra að nýta sér þessa heimild varðandi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að fenginni umsögn sýslunefnda beggja sýslnanna og veiðifélaga Borgarfjarðar og Hvítár. Reglur þessar voru síðan endurútgefnar sem reglur nr. 454/1980 vegna vöntunar refsiheimildar í reglurnar frá 1977.

Með framburði ákærða sjálfs svo og framburði veiðieftirlitsmanna hér fyrir dómi þykir vera nægilega sannað, að ákærði hafi á þeim tíma, sem í ákæru greinir, haft fyrrgreint lagnet til silungsveiða í lögn sinni út af skeri norður af Litlu-Brákarey í Borgarnesi.

Af hálfu ákærða hefur því hins vegar verið haldið fram, að net hans hafi ekki legið í sjó, heldur í Hvítá, þar sem ós Hvítár sé í raun mun utar í firðinum, og að yfirmatsgerð varðandi ósamörkin frá 6. desember 1977 hafi enga þýðingu í þessu sambandi. Einnig hefur því verið haldið fram af hálfu ákærða, að fyrrgreindar reglur nr. 454/1980 hafi ekki verið settar með stjórnskipulegum hætti, því þær hafi ekki verið réttilega lagðar fyrir sýslunefndir, og jafnframt séu þær andstæðar 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Með fyrrgreindri yfirmatsgerð frá 6. desember 1977 og framkvæmd var skv. 94. gr. laga nr. 76/1970 að beiðni Sigþórs Þórarinssonar, bónda í Einarsnesi, var ós Hvítár í sjó ákvarðaður svo: „------ úr kletti norðan Hvítár eftir línu, sem stefnir í Seleyrarodda og mörkuð er á uppdrátt Reynis Sigursteinssonar ráðunauts eftir fyrirsögn yfirmatsmanna," sbr. dskj. nr. III - 4. Mat á því, hvar ós Hvítár sé í skilningi 1. gr. laga nr. 76/1970, hefur ekki farið fram frá því fyrrgreind yfirmatsgerð var framkvæmd. Ekkert hefur heldur komið fram um, að niðurstaða mats þessa eigi ekki við rök að styðjast eða að ranglega hafi verið staðið að því á einhvern máta. Þykir og ekki skipta máli í því sambandi, þó að ákærða hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta réttar síns, þegar yfirmatsgerðin fór fram, því telja verður, að afmörkun óss í sjó lúti algjörlega hlutlægum réttarreglum, en á engan hátt ráðstöfunarrétti veiðieigenda. Þykir því hér verða við það að miða, að yfirmat þetta sé ákvarðandi um það, hvar ós Hvítár sé í skilningi lax- og silungsveiðilaga.

Svo sem fyrr greinir, lá net ákærða í lögn út af skeri norður af Litlu-Brákarey í Borgarnesi. Samkvæmt því er ljóst, að net ákærða hefur verið alllangt neðan ósa Hvítár, svo sem þeir voru ákvarðaðir með yfirmatinu frá 1977, sbr. yfirlitskort á dskj. nr. III - 3, III - 4 og nr. XII. Samkvæmt framansögðu sýnist ljóst, að net ákærða hafi legið í sjó og að veiðar ákærða hafi því fallið undir reglur nr. 454/1980.

Fram er komið í máli þessu, að sýslunefndir bæði Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hafa staðfest það, að hinar endurútgefnu reglur nr. 454/1980 séu í fullu samræmi við fyrri samþykktir nefndanna, sem gerðar voru í tilefni setningar reglna nr. 178/1977, sem voru þeim efnislega samhljóða. Jafnframt óska sýslunefndirnar eftir því, að reglum þessum verði framfylgt.

Að þessu athuguðu þykir verða að líta svo á, að ákvæðið um takmörkun á veiðitíma göngusilungs í lagnet í sjó, sem fram kemur í 4. gr. reglna nr. 454/1980 og telja verður almenna friðunaraðgerð, eigi sér ótvíræða stoð í 6. mgr. 14. gr. l. nr. 76/1970 og að við setningu reglnanna hafi öllum lagaskilyrðum verið fullnægt. Með hliðsjón af þessu verður og ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar eigi talið standa í vegi fyrir beitingu reglna nr. 454/1980 sem refsiheimildar, enda kemur hér ekki til athugunar, hvort ákærði eigi einhvern rétt til bóta vegna setningar þeirra.

Samkvæmt öllu framansögðu þykir því nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, er í ákæru greinir. Varðar þetta atferli hans við 4., sbr. 5. gr. reglna nr. 454/1980, og þykir ákærði með því hafa unnið til refsingar, er þykir hæfilega ákveðin 7.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs.

Ákærði hefur ekki gerst brotlegur við landslög, svo kunnugt sé. Hefur hann játað verknað sinn fúslega og virðist hafa litið svo á að lagning neta

sinna væri ekki lögbrot. Að þessu athuguðu þykir mega skilorðsbinda refsinguna, og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rjúfi ákærði aftur á móti skilorðið, afplánast sektin með 10 daga varðhaldsvist, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá því honum er tilkynnt, að refsingu verði fullnægt.

Samkvæmt framansögðu skal net það og annar veiðibúnaður, sem ákærði notaði til veiðanna, upptækt gert til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.-, sem ákvarðast með hliðsjón af því, að mál þetta er eitt af 7 ákærumálum, sem telja verður mjög hliðstæð og varnir verjanda því eins upp byggðar. Jafnframt ákvarðast málsvarnarnarlaun að upphæð kr. 1.500.- til dánarbús Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, sem í upphafi var skipaður verjandi ákærða.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Eggertsson, greiði krónur 7.000.- í sekt til ríkissjóðs, en fresta skal fullnustu refsingar og falli hún niður eftir 2 ár frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rjúfi hann skilorðið afplánast sektin með 10 daga varðhaldi, greiðist hún ekki innan 4ra vikna, frá því honum er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 5.000.-, og málsvarnarlaun að upphæð kr. 1.500.- til dánarbús Jóns E. Ragnarssonar hrl.

Upptækt til ríkissjóðs skal vera net það og annar veiðiútbúnaður, sem ákærði notaði við veiðarnar norður af Litlu-Brákarey þ. 6/7 - 9/7 1982.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30. október 1984.

Nr. 67/1984. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Diljá Ólafsdóttur
(Jón Oddsson hrl.)

Sýknað af ákæru fyrir brot á reglum um veiði göngusilungs. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærðu með stefnu 27. mars 1984. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Ágrip barst Hæstarétti 25. apríl 1984.

Af hálfu ákærðu er aðallega krafist sýknu, en til vara lækkunar refsingar.

Í máli þessu er ákærða sótt til saka fyrir að hafa „stundað silungsveiði í lagnet í sjó út af Straumeyri í landi Hafnar" 7. - 9. júlí 1982, eins og nánar segir í ákæru. Er atferli ákærðu talið í ákæruskjali varða við reglur nr. 454/1980 um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sbr. 6. mgr. 14. gr., sbr. c lið 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Í 6. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 er kveðið svo á, að ráðherra sé heimilt að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, „enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi." Með reglum nr. 178/1977 var takmörkuð „veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu." Þessar reglur setti landbúnarráðherra að fengnum meðmælum veiðifélags Hvítár og veiðfélags Borgarfjarðar og sýslunefnda Borgarfjarðarsýslu og Mýrarsýslu.

Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu reit landbúnaðarráðuneytinu bréf hinn 3. júlí 1980. Í því greinir frá því, að embætti ríkissaksóknara hafi ekki talið unnt að byggja ákæru á reglum nr.

178/1977, með því að í þeim sé ekki vitnað til þess lagaákvæðis, sem þær styðjast við, og í þær skorti refsiákvæði eða vitnun til þess. Bréfinu lýkur með þessum orðum: „Þess er nú óskað, að ráðuneytið endurskoði reglurnar og gefi þær út á ný með viðeigandi breytingum, svo að þær öðlist fullt lagagildi.“ Landbúnaðarráðherra setti að svo vöxnu máli reglur um þetta efni hinn 24. júlí 1980 nr. 454, og voru þær birtar hinn 9. september s. á. Eru þær sama efnis og reglur nr. 178/1977 að öðru leyti en því, að í þeim er vísað til IV. kafla laga nr. 76/1970 að því er lagastoð varðar og um viðurlög til XVI. kafla sömu laga. Sýnt þykir, að reglum nr. 454/1980 sé ætlað að leysa reglur nr. 178/1977 af hólmi, þótt þær séu eigi afnumdar berum orðum með reglum nr. 454/1980.

Þegar reglur nr. 454/1980 voru settar, var eigi til að dreifa meðmælum sýslunefnda Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu með setningu þeirra, en sýslunefndirnar mæltu með þeim í ályktunum sínum 8. og 10. júní 1982, og segir í þeim, að sýslunefndirnar telji reglur þessar „efnislega vera í fullu samræmi við fyrri samþykktir sínar um það efni.“ Eigi er sýnilegt af gögnum máls, að leitað hafi verið umsagnar veiðifélaga, er í hlut áttu, um setningu reglna nr. 454/1980. Samkvæmt því, sem nú var rakið, lágu eigi fyrir meðmæli sýslunefndanna tveggja og fyrrgreindra veiðifélaga á þeim tíma, er reglur nr. 454/1980 voru settar, svo sem 6. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 áskilur berum orðum. Þykir þetta valda því, að reglur þessar séu ekki löggildur refsigrundvöllur, og koma eftirfarandi meðmæli sýslunefndanna eigi að haldi í því efni. Refsiheimild sú, sem ákæruvald reisir ákæru á, er skv. þessu eigi viðhlítandi að lögum, og ber að sýkna ákærðu af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Samkvæmt þessum úrslitum máls ber að leggja allan kostnað af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu í héraði með þeirri fjárhæð, sem greinir í héraðsdómi, og svo málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í Hæstarétti, 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Diljá Ólafsdóttir, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti á að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði með þeirri fjárhæð, er greinir í héraðsdómi, og svo málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmans 10.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 16. febrúar 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 16. febrúar, var á dómþingi sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem haldið var að Bjarnarbraut 12 í Borgarnesi af Ásgeiri Magnússyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Diljá Ólafsdóttur, sem tekið var til dóms 25. janúar sl.

Með ákæru, dags. 7. apríl 1983, var opinbert mál höfðað á hendur Diljá Ólafsdóttur, Höfn í Leirár- og Melahreppi, fæddri 16. nóvember 1927 á Akranesi, fyrir að hafa frá því á miðvikudaginn 7. júlí 1982, til föstudagskvöldsins 9. sama mánaðar stundað silungsveiði í lagnet í sjó út af Straumeyri í landi Hafnar.

Telst þetta varða við reglur um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu nr. 454/1980, sbr. 6. mgr. 14. gr., sbr. c lið 1. mgr. 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76, 1970.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar til þess að þola upptöku netsins samkvæmt 100. gr. laga um lax- og silungsveiði og til greiðslu alls sakakostnaðar.

Málavextir.

Föstudaginn 9. júlí 1982, kl. 21.00, kom veiðieftirlitsmaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Rúnar Ragnarsson, að silunganetum, sem lágu í þremur silungalögnum, sem tilheyra jörðinni Höfn í Leirár- og Melahreppi.

Reyndust netin vera 10 - 15 metra löng og með 1½“ möskva, og var enginn fiskur í þeim. Húsfreyjan að Höfn, Diljá Ólafsdóttir, ákærða í máli þessu, reyndist vera eigandi netanna. Voru lagnir þessar út af svonefndri Straumeyri í landi Hafnar.

Er ákærða var yfirheyrð í sakadómi 13. desember 1982 og 10. mars 1983, þá viðurkenndi hún að hafa lagt umrædd þrjú net. Kvað hún lagnirnar þrjár vera skráðar á nafn eiginmanns síns, Péturs Torfasonar, og væru veiðar þarna hlunnindi, sem metin væru sérstaklega í fasteignamati jarðarinnar og hefðu fylgt henni í áraraðir. Hefði Pétur t.d. þurft að greiða af henni skatta og skyldur á þessum tíma.

Ákærða viðurkenndi að hafa vitað af ákvæðum reglugerðarinnar nr. 454/1980, en hún hefði eigi að síður talið sig í fullum rétti til að leggja net sín, þar sem hún áliti veiðina vera hlunnindi, sem ekki væri hægt að afnema án bóta. Ákærða kvaðst þó ávallt virða banntímann skv. 19. gr. laga nr. 76/1970, og vikuna, sem hún var kærð, hefði hún lagt net sín miðvikudaginn 7. júlí og tekið þau upp að kveldi föstudaginn 9. júlí.

Vitnið Rúnar Ragnarsson, Skúlagötu 7, Borgarnesi, hefur og komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína.

Eftir að ákæra hafði verið gefin út í máli þessu, var Jón E. Ragnarsson hrl. skipaður verjandi í því þann 6. maí 1983 að ósk ákærðu. Vegna annarra hliðstæðra mála, sem hann hafði og verið skipaður verjandi í og eins vegna veikinda verjandans fékk hann frest til að skila greinargerð í málinu til 20. júní 1983.

Vegna andláts Jóns E. Ragnarssonar hrl. og að ósk ákærðu var Jón Oddsson hrl. síðar skipaður verjandi ákærðu með bréfi, dags. 22. ágúst 1983. Skilaði hann skriflegri greinargerð í máli þessu þ. 25. janúar sl., og var málið þá tekið til dómsálagningar.

Niðurstaða.

Í 6. mgr. 14. gr. l. nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði er ráðherra veitt heimild til að banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma að ósk veiðifélags eða veiðinotenda, samkvæmt meðmælum sýslunefndar eða bæjarstjórnar, ef veiði er fyrir bæjarlandi. Með útgáfu reglna nr. 178/1977 ákvað ráðherra að nýta sér þessa heimild varðandi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að fenginni umsögn sýslunefnda beggja sýslnanna og veiðifélaga Borgarfjarðar og Hvítár. Reglur þessar voru síðan endurútgefnar sem reglur nr. 454/1980 vegna vöntunar refsiheimildar í reglurnar frá 1977.

Með framburði ákærðu sjálfrar svo og framburði veiðieftirlitsmanns hér fyrir dómi þykir vera nægilega sannað, að ákærða hafi á þeim tíma, sem í ákæru greinir, haft fyrrgreind þrjú lagnet til silungsveiða í lögnum sínum við Straumeyri í landi Hafnar í Leirár- og Melahreppi.

Af hálfu ákærðu hefur því hins vegar verið haldið fram á seinni stigum málsins, að net hennar hafi alls ekki legið í sjó, heldur í Hvítá, þar sem ós Hvítár sé í raun mun utar í firðinum, og að yfirmatsgerð varðand ósamörkin frá 6. desember 1977 hafi enga þýðingu í þessu sambandi. Einnig hefur því verið haldið fram af hálfu ákærðu, að fyrrgreindar reglur nr. 454/1980 hafi ekki verið settar með stjórnskipulegum hætti, því þær hafi ekki verið réttilega lagðar fyrir sýslunefndir, og jafnframt séu þær andstæðar 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Með fyrrgreindri yfirmatsgerð frá 6. desember 1977 og framkvæmd var

skv. 94. gr. laga nr. 76/1970 að beiðni Sigþórs Þórarinssonar, bónda í Einarsnesi, var ós Hvítár í sjó ákvarðaður svo: „ ------ úr kletti norðan Hvítár eftir línu, sem stefnir í Seleyrarodda og mörkuð er á uppdrátt Reynis Sigursteinssonar ráðunauts eftir fyrirsögn yfirmatsmanna," sbr. dskj. nr. III - 3. Mat á því, hvar ós Hvítár sé í skilningi 1. gr. laga nr. 76/1970, hefur ekki farið fram frá því fyrrgreind yfirmatsgerð var framkvæmd. Ekkert hefur heldur komið fram um, að niðurstaða mats þessa eigi ekki við rök að styðjast eða að ranglega hafi verið staðið að því á einhvern máta. Þykir og ekki skipta máli í því sambandi, þó að ákærðu hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta réttar síns, þegar yfirmatsgerðin fór fram, því telja verður, að afmörkun óss í sjó lúti algjörlega hlutlægum réttarreglum, en á engan hátt ráðstöfunarrétti veiðieigenda. Þykir því hér verða við það að miða, að yfirmat þetta sé ákvarðandi um það, hvar ós Hvítár sé í skilningi lax- og silungsveiðilaga.

Svo sem fyrr greinir, lágu net ákærðu í lögnum út af svonefndri Straumeyri í landi Hafnar. Samkvæmt því er ljóst, að net ákærðu hafa verið alllangt neðan ósa Hvítár, svo sem þeir voru ákvarðaðir með yfirmatinu frá 1977, sbr. yfirlitskort á dskj. nr. III - 2 og III - 3. Hafa netin því legið í sjó og veiðar ákærðu því fallið undir reglur nr. 454/1980.

Fram er komið í máli þessu, að sýslunefndir bæði Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hafa staðfest það, að hinar endurútgefnu reglur nr. 454/1980 séu í fullu samræmi við fyrri samþykktir nefndanna, sem gerðar voru í tilefni setningar reglna nr. 178/1977, sem voru þeim efnislega samhljóða. Jafnframt óska sýslunefndirnar eftir því, að reglum þessum verði framfylgt.

Að þessu athuguðu þykir verða að líta svo á, að ákvæðið um takmörkun á veiðitíma göngusilungs í lagnet í sjó, sem fram kemur í 4. gr. reglna nr. 454/1980 og telja verður almenna friðunaraðgerð, eigi sér ótvíræða stoð í 6. mgr. 14. gr. l. nr. 76/1970 og að við setningu reglnanna hafi öllum lagaskilyrðum verið fullnægt. Með hliðsjón af þessu verður og ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar eigi talið standa í vegi fyrir beitingu reglna nr. 454/1980 sem refsiheimildar, enda kemur hér ekki til athugunar, hvort ákærða eigi einhvern rétt til bóta vegna setningar þeirra.

Samkvæmt öllu framansögðu þykir því nægilega sannað, að ákærða hafi gerst sek um brot það, er í ákæru greinir. Varðar þetta atferli hennar við 4., sbr. 5. gr. reglna nr. 454/1980, og þykir ákærða með því hafa unnið til refsingar, er þykir hæfilega ákveðin 7.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs.

Ákærða hefur ekki gerst brotleg við landslög, svo kunnugt sé. Hefur hún játað verknað sinn fúslega og virðist hafa litið svo á, að lagning neta sinna væri ekki lögbrot. Að þessu athuguðu þykir mega skilorðsbinda refsinguna, og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppsögu dómsins, haldi

ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rjúfi ákærða aftur á móti skilorðið, afplánast sektin með 10 daga varðhaldsvist, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá því henni er tilkynnt að refsingu verði fullnægt.

Samkvæmt framansögðu skulu net þau og annar veiðibúnaður, sem ákærða notaði til veiðanna, upptæk gerð til ríkissjóðs.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.-, sem ákvarðast með hliðsjón af því, að mál þetta er eitt af 7 ákærumálum, sem telja verður mjög hliðstæð og varnir verjanda því eins upp byggðar. Jafnframt ákvarðast málsvarnarlaun að upphæð kr. 1.500.-, til dánarbús Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, sem í upphafi var skipaður verjandi ákærðu.

Dómsorð:

Ákærða, Diljá Ólafsdóttir, greiði krónur 7.000.- í sekt til ríkissjóðs, en fresta skal fullnustu refsingar og falli hún niður eftir 2 ár frá uppsögu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rjúfi hún skilorðið, afplánast sektin með 10 daga varðhaldi, greiðist hún ekki innan 4ra vikna, frá því henni er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 5.000.-, og málsvarnarlaun að upphæð kr. 1.500.- til dánarbús Jóns E. Ragnarssonar hrl.

Upptæk til ríkissjóðs skulu vera net þau og annar veiðiútbúnaður, sem ákærða notaði við veiðarnar út af Straumnesi 7/7 - 9/7 1982.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1984.

Nr. 103/1982. **Þráinn Gíslason**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Sólveigu Aðalbjörgu Sæmundsdóttur
og gagnsök
(Jón Finnsson hrl.)

Líkamsmeiðingar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1982. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. maí 1982 og gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 73.737.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 29. maí 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 27. maí 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu héraðsdóms (21. apríl 1982) og síðan með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnar- og gjafsóknarmál, en gagnáfrýjanda var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með leyfi dómsmálaráðherra 2. júní 1982.

Telja verður að aðaláfrýjandi beri fébótaábyrgð gagnvart gagnáfrýjanda á meiðslum hennar, hvort sem lögð er til grundvallar sú staðhæfing hennar, að áverkana hafi hún hlotið við það, að aðal-

áfrýjandi hafi ráðist að henni með hnefahöggum, eða tekin er trúanleg sú skýring aðaláfrýjanda sjálfs, sem þó er ósennilegri en svo sem lemstrun gagnáfrýjanda var háttað, að meiðslin stafi af falli, sem orsakast hafi af ryskingum hans við Hauk Helgason.

Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfur sínar með sama hætti og fyrir héraðsdómi.

Um 1. - 3. kröfulið.

Með hliðsjón af aldri gagnáfrýjanda, örorku hennar, heilsuhögum að öðru leyti svo og atvinnutekjum hennar, áður en hún hlaut meiðsli sín, verður látið sitja við mat héraðsdóms á tjóni hennar vegna missis vinnutekna og varanlegrar örorku samkvæmt þessum kröfuliðum.

Um 4.kröfulið.

Gagnáfrýjandi lá á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans 30. maí - 7. júní 1977 vegna kjálkabrotsins. Brotið greri seint, og gagnáfrýjandi gekkst undir framhaldsaðgerð á lýtalækningadeild Landspítalans, þar sem hún lá 5. - 18. febrúar 1978. Hún virðist enn fremur hafa dvalist allmargar vikur á Heilsuhælinu í Hveragerði og um eitthvert skeið á Sjúkrahóteli Rauðakross Íslands. Samkvæmt vottorði Árna Björnssonar, sérfræðings í lýtalækningum, virðist hafa tekist að mestu leyti, en ekki alveg öllu, að ráða bót á þeirri óprýði, sem gagnáfrýjandi hlaut af meiðslunum, með aðgerðinni 5. - 18. febrúar 1978.

Þegar framangreint er virt, verða fébætur til gagnáfrýjanda vegna sársauka, óþæginda og óprýði ákveðnar 25.000.00 krónur.

Um 5. kröfulið.

Kröfuliður þessi er gögnum studdur og kröfufjárhæðinni ekki andmælt tölulega. Verður hann tekinn til greina.

Samkvæmt framansögðu verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 56.804.00 krónur með vöxtum, svo sem segir í héraðsdómi, en um vaxtaákvæði hans er enginn ágreiningur fyrir Hæstarétti. Þá ber og að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 18.000.00 krónur og renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, 18.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Þráinn Gíslason, greiði gagnáfrýjanda, Sólveigu Aðalbjörgu Sæmundsdóttur, 56.804.00 krónur ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð svo og málskostnað, eins og segir í dómsorði hins áfrýjaða dóms.

Aðaláfrýjandi greiði 18.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 18.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. apríl 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. mars sl., höfðaði Sólveig Aðalbjörg Sæmundsdóttir, nnr. 8315-3652, Grensásvegi 58, Reykjavík, gegn Þráni Gíslasyni, nnr. 9835-2511, Ásbraut 3, Kópavogi, áður til heimilis að Grundarstíg 11, Reykjavík, með stefnu, birtri 27. maí 1981.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 73.737.00 með 13% ársvöxtum frá 29. maí 1977 til 21. nóvember s.á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21 febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða að mati dómsins. Til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og einvörðungu teknar til greina að óverulegu leyti og málskostnaður felldur niður.

Sættir voru reyndar í máli þessu, en án árangurs.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Krafa stefnanda er um greiðslu bóta fyrir tjón af líkamsárás, sem hún segir stefnda hafa veitt sér 29. maí 1977, en líkamsárás þessa kærði stefnandi til Sakadóms Reykjavíkur með bréfi, dags. 3. júní 1977. Aðiljar og tvö vitni gáfu skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins á árunum 1977 - 1979 svo og skýrslu fyrir dóminum 19. mars sl.

Laugardaginn 28. maí 1977 kom kona að nafni Hulda Sigurðardóttir í heimsókn til stefnanda á heimili hennar. Stefnandi og Hulda þekktust sem vinnufélagar, en stefnandi kveður þó kunningskap þeirra ekki hafa verið mikinn. Að kvöldi þessa dags fóru þær á skemmtistað hér í borg og segjast báðar hafa neytt áfengis. Að skemmtuninni lokinni fór Hulda heim með stefnanda og gisti þar um nóttina, og kveður stefnandi það vera í fyrsta skipti, sem hún hafi gist á heimili sínu. Hulda dvaldi áfram hjá stefnanda næsta dag, en þá kom í heimsókn kunningi stefnanda að nafni Haukur Helgason. Stefnandi kveðst hafa þekkt Hauk frá árinu 1945, þegar þau hafi dvalið bæði sem sjúklingar á Vífilsstöðum. Kunningskapur þeirra hafi að mestu fallið niður þar til fyrir nokkrum árum, að þau hafi endurnýjað hann og verið nánir vinir um skeið. Þau hafi þá bæði verið fráskilin, en fyrir skömmu hafi Haukur aftur tekið upp sambúð við fyrri konu sína. Hafi þá dregið úr vináttu þeirra.

Um daginn kom og í heimsókn stefndi, Þráinn Gíslason, en hann kveðst hafa hringt í stefnanda og talað við hana og Huldu. Hafi stefnandi boðið sér að koma í heimsókn. Stefnandi segir stefnda hins vegar hafa beðið um að fá að koma í heimsókn, sem hún hafi heimilað. Stefndi kveðst hafa kannast lítillega við stefnanda, en þau Hulda hafi þekkst allt frá árinu 1974 eða 1975 og hafi verið búin að búa saman í eitt eða tvö ár á þessum tíma og hafi búið óslitið saman í óvígðri sambúð til þessa dags. Stefndi kveðst hafa verið búinn að neyta áfengis lítillega, áður en að hann fór í heimsóknina, en daginn áður hafi hann ekki neytt áfengis. Hann telur, að þær stefnandi og Hulda hafi verið búnar að neyta áfengis þá um daginn, áður en hann kom, en við það kannast stefnandi ekki. Vitnið Hulda telur þó, að þær hafi eitthvað lítils háttar drukkið af áfengi, áður en stefndi kom. Vitnið Haukur kveðst hafa verið illa á sig kominn af langvarandi áfengisneyslu, þegar hann kom í heimsókn.

Stefndi hafði með sér fulla flösku af áfengi og gítar. Þegar stefndi kom, var tekið til við áfengisdrykkju. Stefnandi kveðst þó lítið hafa drukkið, þar sem hún neyti yfirleitt ekki áfengis tvo daga í röð. Stefndi tók að spila á gítarinn, og upphófst gleðskapur.

Stefnandi lýsir aðdraganda þess, að hún hlaut áverkann svo, að stefndi hafi alltaf verið eitthvað ónotalegur við sig. Þegar þau hafi setið saman í sófanum inni í stofu, hafi hann eitthvað verið að hnippa í sig, þannig

að hún hafi fært sig þaðan í stól við hlið sófans. Kveður stefnandi sig gruna, að stefndi hafi talið, að hún spillti sambúð hans og Huldu, sem hafi verið að ósekju. Við þetta kannast stefndi ekki og telur sig ekkert hafa átt sökótt við stefnanda og hafi ekkert haft að athuga við, að Hulda gisti hjá henni. Stefnandi segir þau hafa spjallað áfram, en nokkru seinna hafi hún staðið upp og ætlað út úr stofunni. Þegar hún hafi verið komin að dyraopi, sem sé á milli stofunnar og hols fyrir framan hana, hafi stefndi komið á eftir sér, hún snúið sér við og þá hafi hann slegið sig í andlit og höfuð og víðs vegar um líkamann. Stefnandi kveðst hafa hnigið í gólfið, misst meðvitund og fengið taugaáfall. Stefnandi kveður útilokað, að hún hafi rekið sig á nokkuð, þegar hún féll í gólfið.

Á þessum tíma hafi vitnið Haukur setið á stól við síma frammi í holinu, og kveðst stefnandi muna eftir því, að þeir Haukur og stefndi hafi verið að slást, þegar hún hafi staulast á fætur, og hafi stefndi haft Hauk undir. Hún hafi engin afskipti haft af átökum þeirra. Stefndi kveðst ekki minnast þess, að hann hafi lent í neinum deilum við stefnanda né heldur hafi hann verið að ýta við henni þarna í gleðskapnum. Stefndi kveður, að verið geti, að þau Hulda hafi farið að deila, en kveðst ekki muna til þess, að stefnandi skipti sér neitt af því. Það hafi hafist átök á milli sín og Hauks út af einhverju, sem verið var að deila um, en stefndi kveðst ekki muna, út af hverju. Upphaf átakanna muni hafa verið þeim báðum að kenna. Stefnandi muni einhver afskipti hafa haft af ryskingunum og hljóti að hafa verið að reyna að skilja þá Hauk. Stefndi kveður stefnanda hafa slegið til sín, en kveðst ekki muna, hvernig hann hafi brugðist við því höggi, en muni þó, að hann hafi ekki lagt hendur á stefnanda og haldið áfram átökum við Hauk. Hann kveðst ekki muna, hvað stefnandi hafi gert, eftir að hún sló til sín, en hann hafi séð hana falla í gólfið. Stefndi kveðst ekki geta skýrt frá því, hvernig það hafi viljað til, en stefnandi hljóti að hafa henst til að völdum þeirra Hauks. Hann kveðst ekki muna, hvort þeir Haukur hafi haldið áfram átökum, eftir að stefnandi féll í gólfið, en kveðst vera viss um, að hann hafi ekki slegið til stefnanda með þeim afleiðingum, sem síðar komu í ljós.

Stefndi kveðst ekki muna, hvort Haukur hafi beðið þau Huldu að yfirgefa íbúðina, né heldur að hafa tekið símann af Hauki. Stefndi kvað útilokað, að hann hefði verið undir svo miklum áfengisáhrifum, að hann myndi ekki af þeim sökum, hvað gerðist þarna í íbúðinni.

Vitnið Hulda segir, að þau stefndi hafi verið að þrasa og hafi Haukur og stefndi farið að tuskast út af því. Stefnandi hefði eitthvað skipt sér af þrasi þeirra stefnda og síðan ætlað að ganga á milli hans og Hauks og þess vegna hafi stefnandi eflaust orðið fyrir áverkum. Ryskingarnar hafi átt sér stað inni í stofu og líka frammi í holi, en vitnið kveðst ekki muna

nákvæmlega, hvar þær hafi byrjað, en þær hafi borist fram í holið og inn í eldhús. Einhvers staðar í dyraopinu á milli stofu og hols muni stefnandi hafa hnigið í gólfið og hafi þeir stefndi og Haukur þá verið í átökum. Vitnið kveðst ekki hafa séð, að stefndi og stefnandi slægju hvort til annars. Það hafi gerst snögglega, að stefnandi hné í gólfið. Hún hafi ekki kallað til stefnda, hvort hann ætlaði að drepa stefnanda. Hins vegar hafi hún kallað til stefnanda, hvort hún ætlaði að láta þá drepa sig. Vitnið kveðst ekki hafa séð stefnanda detta á neitt í fallinu. Hún kveðst ekki muna, hvort þeir stefndi og Haukur hafi haldið áfram að slást, eftir að stefnandi féll í gólfið.

Vitnið kvað hafa verið erfiðleika í sambúð sinni og stefnda, stuttu áður en þetta gerðist, en kveðst ekki minnast þess að hafa sagt, að hún ætlaði að slíta sambúðinni við stefnda, en tekur þó ekki fyrir það. Stefndi hafi aldrei lagt á sig hendur. Vitnið Hulda kvaðst ekki vita til þess, að stefnandi og stefndi hefðu átt neitt sökótt hvort við annað.

Vitnið Haukur gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 7. september 1977 og skýrði þá svo frá, að sig minnti, að stefnandi hefði beðið stefnda að fara burt, þegar hann hafi verið orðinn allölvaður og leiðinlegur. Þegar stefndi hafi ekki sinnt því hafi hún beðið sig að koma honum út og hafi hann beðið stefnda að fara. Stefndi hafi neitað því algjörlega og tekið af sér símann, þegar hann hafi gert tilraun til þess að hringja í lögregluna til þess að fá hana til að fjarlægja stefnda. Vitnið kvaðst síðan hafa sofnað fram á skrifborðið, þar sem síminn hafi verið, og munað næst eftir því, að enginn hafi verið í íbúðinni nema Sólveig inni í rúmi sínu, hún hafi þá beðið sig um að hringja til læknis, þar sem hún væri veik, en hann hafi sagt henni, að hún væri ekkert veik, og ekki hafa hringt til læknis. Síðan hafði hann farið.

Hinn 13. mars 1979 gaf vitnið Haukur skýrslu á nýjan leik hjá rannsóknarlögreglunni og skýrði þá svo frá, að hann hefði reynt að hringja í lögreglu í því skyni að fá hana til þess að fjarlægja stefnda og vitnið Huldu að beiðni stefnanda, en stefndi hefði tekið af sér símann og hefði hann síðan sofnað í stól við símaborðið. Hann hefði vaknað við, að vitnið Hulda hrópaði upp yfir sig „ætlarðu alveg að drepa hana“ og þá séð, að stefnandi hafi legið á gólfinu í stofunni og stefndi staðið yfir henni og barið hana marg sinnis með hnefunum. Hann hafi þá ætlað að standa á fætur, en verið svo máttfarinn, að hann hafi ekki haft vald á sjálfum sér, hvað þá að hann gæti komið öðrum til hjálpar. Stefndi hafi hætt að berja stefnanda, eftir að vitnið Hulda hrópaði upp yfir sig, og hafi stefnandi þá farið inn í svefnherbergi.

Vitnið kveður ástæðuna fyrir því, að hann hefði ekki skýrt rétt frá í fyrri skýrslu sinni hjá rannsóknarlögrelgu ríkisins þá, að hann hefði talið, að

stefndi myndi viðurkenna að hafa ráðist á stefnanda. Hefði hann ekki viljað fá kvaðningu frá lögreglu til þess að gefa frekari skýrslu í máli þessu af ótta við, að eiginkona sín kæmist að því, að hann hefði verið þarna. Hefði hann einvörðungu hugsað um að bjarga eigin skinni. Eiginkona sín hefðu engu að síður komist að þessu og þá hafði ekki neinu verið að leyna lengur og þá hefði samviskan boðið sér að skýra satt og rétt frá atburðarásinni. Hann hefði heimsótt stefnanda á sjúkrahús og séð, að hún var öll blá og marin, en skýrslugjöf sín hefði aldrei komið til tals á milli sín og hennar. Vitnið kveðst vera visst um, að hann hefði séð stefnda berja stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa unnið við ræstingu í Iðnskólanum í nokkur ár, áður en hún varð fyrir áverkunum, þó ekki á sumrin. Hún hafi jafnframt unnið á saumastofu, en verið hætt því nokkru áður.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að upplýst sé í málinu, að stefnandi hafi orðið fyrir þeim miklu áverkum, sem lýst sé í skjölum málsins, á þeim stað og tíma, sem um sé getið í stefnu. Framburður stefnanda studdur af framburði vitnisins Hauks Helgasonar sé skýr og ótvíræður, þ.e.a.s. að stefndi hafi ráðist á stefnanda, er hún var á leið út úr stofunni, og veitt henni þá áverka, sem hún varð fyrir. Ekki sé öðrum til að dreifa en stefnda, sem getað hafi veitt stefnanda þessa áverka.

Vitnið Haukur Helgason hafi verið sjónarvottur að því, að stefndi hafi slegið stefnanda, og verði að líta á framburð stefnanda og vitnisins sem fulla sönnun fyrir því, að staðhæfing stefnanda um, hvernig hún fékk áverkana, sé rétt.

Vitnið Haukur Helgason hafi gefið fullnægjandi skýringu á því, hvers vegna hann hafi ekki skýrt rétt frá í fyrra skiptið, sem hann gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og sé engin ástæða til þess að draga sannleiksgildi seinni framburðar hans fyrir rannsóknarlögreglunni og framburðar fyrir dómi í efa.

Á skýrslum stefnanda og vitnisins Hauks verði að byggja niðurstöðu í málinu hvað sök varði, en atvikalýsing stefnda sé mjög á reiki og viti hann ekki nema að litlu leyti, hvað hafi gerst.

Fjárkröfur stefnanda byggjast m.a. á örorkumati og örorkutjónsútreikningi, sem lagður hefur verið fram í málinu, og sundurliðar hún þær svo:

1.	Bætur vegna tímabundinnar örorku	kr. 18.604.00
2.	Bætur vegna varanlegrar örorku	— 26.110.00
3.	Bætur vegna skertra lífeyrisréttinda	— 1.719.00
4.	Bætur vegna þjáninga, óþæginda, lýta og röskunar á stöðu og högum	— 25.000.00

5. Útlagður kostnaður	—	2.305.00
Samtals	kr.	73.737.00

Björn Önundason læknir mat örorku stefnanda, og er ályktun í matsgerð hans sem dagsett er 4. mars 1981, svohljóðandi:

„Það er um að ræða rúmlega 63 ára gamla konu, sem h. 29. maí '77 er sögð hafa orðið fyrir líkamsárás á heimili sínu. Við slys þetta hlaut slasaða slæmt brot á neðri kjálka á forjaxlasvæði beggja megin. Slasaða leitaði á Slysadeild Borgarspítalans h. 30. 5. '77 eða daginn eftir nefnda líkamsárás. Þann dag var gerð aðgerð af Jóni Viðar Arnórssyni, tannskurðlækni. Slasaða var útskrifuð af Háls- nef- og eyrnadeild Borgarspítalans h. 6. 6. '77, en var síðan til eftirlits hjá Jóni Viðar Arnórssyni, tannskurðlækni. Síðar var gerð aðgerð á lýtalækningadeild Landspítalans þ.e. í febr. '78. Slasaða var vistuð á lýtalækningadeild Landspítalans frá 5. 2. '78 til 18. 2. '78.

Telja verður að slasaða hafi verið óvinnufær vegna nefnds slyss frá því að hún varð fyrir árásinni h. 29. 5. '77 og þar til kjálkabrotið var gróið 19. 10. '78 eða samtals í 17 mánuði. Varanlega er hér um nokkra örorku að ræða.

Það er þannig um að ræða rúmlega 63 ára gamla konu, sem h. 29. 5. '77 varð fyrir líkamsárás með þeim afleiðingum að neðri kjálki brotnaði beggja vegna á forjaxlasvæði. Gera varð aðgerð á Borgarspítala í maí 1977, og enn síðar í febr. '78 á Landspítala. Brot þetta greri seint og hefur valdið slösuðu verulegum þjáningum. Erfiðlega hefur gengið að smíða gerfitennur í slösuðu og enn virðist vera bitskekkja fyrir hendi. Ekki eru taldar líkur á að frekari aðgerðir munu hér bæta úr. Nokkur lýti eru í andliti, sem vafalítið eru varanleg og hugsanlegt er, að slasaða eigi í framtíðinni í erfiðleikum með að fá passandi gervitennur.

Þar sem ekki þykir nú líklegt að um frekari bata á afleiðingum áðurnefnds slyss verði hér eftir að ræða þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku sem slasaða telst hafa hlotið af völdum þessa slyss og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í 17 mánuði	100%
Varanlega	15%“

Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda 13. apríl 1981, og segir m.a. svo í útreikningum hans:

„Sólveig er sögð fædd 27. september 1917 og hefur samkvæmt því verið 59 ára gömul, er hún varð fyrir ofangreindu slysi. Samkvæmt upplýsingum

yðar, herra lögmaður, hafði hún ekki fulla starfsorku fyrir slysið, var ein í heimili og vann utan heimilis sem svaraði hálfum vinnudegi. Á skattframtölum hennar kemur fram, að hún hefur notið örorkustyrks frá almannatryggingum. Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum hennar fyrir starfsárin 1974 - 1978 voru launatekjur hennar þau ár sem hér segir:

Árið 1974	kr.	3.574.-
Árið 1975	—	3.726.-
Árið 1976	—	3.966.-
Árið 1977	—	2.645.-
Árið 1978	—	0.-

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, hef ég miðað eftirfarandi útreikning við tvenns konar tekjugrundvöll, annars vegar við launatekjur Sólveigar árin fyrir slysið og hins vegar við dagvinnutekjur iðnverkamanns, svo sem nánar verður greint frá hér á eftir. Tvær ástæður geta verið fyrir því, að óeðlilegt þyki að nota fyrrnefnda tekjugrundvöllinn. Er fyrri ástæðan sú, að líta verður á hið metna orkutap sem hundraðshluta af fullri starfsorku, en eins og áður segir hafði Sólveig skerta starfsorku fyrir slysið. Í öðru lagi getur verið eðlilegt að meta að einhverju leyti til fjár heimilisstörf einstæðrar konu með eigið heimili, en litlar tekjur af vinnu utan heimilis. Þar sem tekjutap verður aldrei talið meira en sem svarar til þeirra starfa, sem slasaða hefði innt af hendi, ef hún hefði ekki slasast, hefur það veruleg áhrif á mat á tímabundnu tekjutapi, þ.e. fyrstu 17 mánuðina eftir slysið, hvort síðarnefnda sjónarmiðið er viðurkennt.

Þegar framangreindar launatekjur Sólveigar starfsárin 1974 - 1976, þ.e. þrjú starfsár fyrir slysið, eru umreiknaðar með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á kauptöxtum verkamanna, reiknast mér meðallaunatekjur hennar þessi þrjú ár verða sem hér segir:

Árið 1977, frá slysdegi	Kr.	7.727.-
Árið 1978	—	10.807.-
Árið 1979	—	15.450.-
Árið 1980	—	23.371.-
Árið 1981	—	31.944.-
Eftir þann tíma	—	32.246.-

Ef þessar tekjur eru lagðar til grundvallar tjónsútreikningi og tekjutap reiknað í samræmi við áðurnefnt örorkumat, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 17 mánuði	Kr.	11.889.-
Vegna varnalegs orkutaps eftir þann tíma	—	16.767.-
Samtals	Kr.	28.656.-

Sé gert ráð fyrir tapi lífeyrisréttinda í hlutfalli við tekjutap og réttindin reiknuð þannig til fjár, að þau teljist jafngilda framlagi vinuveitanda til lífeyrissjóðs, hækkar ofangreint verðmæti um kr. 1.719.-. Er þá gert ráð fyrir, að allar launatekjurnar séu gjaldskyldar til lífeyrissjóðs, en það er í samræmi við iðgjaldagreiðslur Sólveigar síðasta árið fyrir slysið.

Ef miðað er við föst mánaðarlaun samkvæmt 8. launaflokki Iðju í Reykjavík (2. launaflokki eldri kjarasamnings) með fullri starfsaldurshækkun, verða árlegar vinnutekjur sem hér segir:

Árið 1977, frá slysdegi	Kr.	12.020.-
Árið 1978	—	16.966.-
Árið 1979	—	23.892.-
Árið 1980	—	36.210.-
Árið 1981	—	49.826.-
Eftir þann tíma	—	50.297.-

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við örorkumatið reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 17 mánuði	Kr.	18.604.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	—	26.110.-
Samtals	Kr.	44.714.-

Tekið skal fram, að líta verður á ofangreindan tekjugrundvöll sem mælikvarða á lágmarkstekjur manns í fullu starfi, en ekki sem mælikvarða á algengar vinnutekjur launþega.

Reiknað er með 13% ársvöxtum og töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra kvenna 1951 - 1960."

Stefnandi segir miskabótakröfu sína áætlaða með hliðsjón m.a. af áverkum og varanlegum afleiðingum þeirra. Krafa um útlagðan kostnað sé samkvæmt greiddum reikningum. Engu breyti um bótarétt stefnanda, að hún hafi verið metin 75% öryrki á árinu 1961, en það hafi verið vegna berkla og asma.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að framburðir stefnda og vitnisins Huldu séu hinir sömu bæði fyrir rannsóknarlögreglu og dómi, en framburður vitnisins Hauks hafi tekið á sig ýmsar myndir og þær skýringar,

sem hann gefi á breytingunum, séu ekki sannfærandi. Haukur hafi og mikla hagsmuni af því að vera ekki talinn samábyrgur með stefnda fyrir tjóni stefnanda. Fyrri framburður Hauks fyrir rannsóknarlögreglu sé um margt svipaður framburðum stefnda og vitnisins Huldu, en á framburðum þeirra tveggja verði að byggja niðurstöðu í málinu. Í þessum framburðum komi fram, að stefndi hafi ekki ráðist á stefnanda og ekki hafi verið leidd í ljós nein sennileg ástæða fyrir því. Allt bendi til þess, að stefnandi hafi fallið í gólfið, þegar hún blandaði sér í átök stefnda og Hauks, sem hún hafi þó verið vöruð við af vitninu Huldu, en öllum beri saman um, að stefnandi hafi fallið í gólfið. Um sé að ræða óhappatilvik, sem stefndi beri ekki ábyrgð á.

Stefnandi hafi ekki sannað, að stefndi hafi veitt sér áverka.

Ekki sé byggt á því í málinu, að stefnandi hafi orðið fyrir höggi, sem stefndi ætlaði að greiða vitninu Hauki, en í því tilviki hefði orðið að stefna bæði vitninu Hauki og stefnda.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda, beri að lækka kröfur stefnanda samkvæmt dómvenjum í þeim efnum. Einnig beri að lækka kröfurnar á þeim forsendum, að stefnandi hafi verið 75% öryrki, áður en hún varð fyrir meiðslunum, og njóti 100% örorkustyrks og beri að draga þessar bætur frá bótum, sem dæmdar kunni að verða.

Miskabótakröfu sé mótmælt sem of hárri. Ekki sé mótmælt kröfu um greiðslu útlagðs kostnaðar né vaxtakröfu.

Niðurstaða.

Eins og að framan er rakið, byggir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi hafi með líkamsárás veitt sér áverka með þeim afleiðingum, að hún hafi orðið fyrir fjártjóni og miska. Stefndi hafnar þessu og telur, að um óhappatilvik hljóti að hafa verið að ræða og, beri hann ekki ábyrgð á því.

Fram kemur í áverkavottorði Jóns Viðars Arnórssonar tannskurðlæknis, sem lagt hefur verið fram í málinu og vitnað er til í örorkumati Björns Önundarsonar læknis, að fyrir utan slæmt brot á neðri kjálka á forjaxlasvæði sitt hvorum megin hafi athygli vakið, að stefnandi var víða marin um líkamann, þegar skoðun fór fram daginn eftir að stefnandi hlaut áverkana.

Ekki er upplýst né því haldið fram, að stefnandi hafi fengið áverka þessa á öðrum tíma né vegna annarra atvika en þeirra, sem komið hafa fram í málinu.

Þegar litið er til lýsingar á áverkum stefnanda, þykja þeir svo miklir, að útilokað sé, að hún hafi hlotið þá með þeim hætti, sem stefndi telur líklegan, þ.e.a.s. að stefnandi hafi henst til og í gólfið vegna afskipta

hennar af átökum, sem hann kveður hafa orðið á milli sín og vitnisins Hauks Helgasonar.

Vitnið Haukur kannast ekki við að hafa lent í átökum við stefnda með þessum afleiðingum, og er samræmi í framburðum hans að þessu leyti, en vitnið Hulda Sigurðardóttir telur, að svo hafi verið.

Yfirgnæfandi líkur þykja á, að stefnandi hafi hlotið áverkana vegna beinnar líkamsárásar, og á því verður að byggja. Þótt framburðir séu ósamhljóða um atvik málsins að þessu leyti, þykir ekki öðrum til að dreifa, sem líkamsárásina hefur getað framið, en stefnda, og verður hann talinn bera sök á henni.

Á þeim tíma, er stefnandi hlaut áverkana, vann hún utan heimilis við ræstingu einvörðungu, og samkvæmt skattframtölum hennar hefur hún ekki haft launatekjur af annarri vinnu frá árinu 1977. Árin 1975 og 1976 vann hún samhliða hjá öðrum atvinnurekendum, en hafði af þeirri vinnu mun minni tekjur en af ræstingarstörfunum.

Eins og fram hefur komið, var stefnandi metinn 75% öryrki á árinu 1961 vegna berkla og asma, en sú örorka mun ekki hafa verið metin að nýju samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar vegna fjártjóns á örorkutjónsútreikningum Guðjóns Hansen tryggingafræðings frá 13. apríl 1981. Tjón stefnanda er reiknað út á tvenns konar forsendum, annars vegar miðað við launatekjur stefnanda árin 1974 - 1978 og hins vegar miðað við föst mánaðarlaun samkvæmt 8. launaflokki Iðju í Reykjavík. Eins og málum er háttað, þykir við ákvörðun bóta vegna fjártjóns stefnanda réttara að hafa hliðsjón af þeim útreikningi tryggingafræðingsins, sem byggður er á launatekjum stefnanda.

Með framanskráð í huga og önnur atvik málsins þykja bætur til stefnanda fyrir fjártjón, þ.e. samkvæmt kröfuliðum 1 - 3, hæfilega ákveðnar kr. 29.500.00, og er þá tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis bótanna, en skilja verður málflutning stefnda svo, að hann geri kröfu til þess.

Ljóst er, að stefnandi hefur orðið fyrir umtalsverðum miska, og þykja bætur fyrir hann hæfilega ákveðnar kr. 16.000.00.

Stefndi hefur ekki mótmælt kröfu stefnanda um greiðslu útlagðs kostnaðar, kr. 2.304.00, og verður hún tekin til greina.

Niðurstaða dómsins er því sú, að stefnda beri að greiða stefnanda kr. 47.804.00.

Vaxtakrafa stefnanda hefur ekki sætt andmælum af hálfu stefnda. Engu að síður þykir ekki unnt að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu dómvaxta frá 1. júní 1980 samkvæmt lögum nr. 56/1979, 1. gr., þar sem stefna í málinu er ekki birt fyrr en 27. maí 1981. Vextir af tildæmdri fjár-

hæð ákveðast því sem hér segir: 13% ársvextir frá 29. maí 1977 til 21. nóvember s.á., 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvextir frá þeim degi til 27. maí 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvextir frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan hæstu lögleyfðu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 9.500.00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan, en dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna réttarhlés.

Dómsorð:

Stefndi, Þráinn Gíslason, greiði stefnanda, Sólveigu Aðalbjörgu Sæmundsdóttur, kr. 47.804.00 með 13% ársvöxtum frá 29. maí 1977 til 21. nóvember s.á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 27. maí 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan hæstu lögleyfðu innlánsvexti frá þeim degi til greiðsludags og kr. 9.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1984.

Nr. 47/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Þorsteini Hreggviðssyni
(Örn Clausen hrl.)

Ólöglegur innflutningur áfengis og sala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdóm kvað upp Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 25. janúar 1984. Er málinu einnig áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar refsingu, en að öðru leyti krefst ríkissaksóknari staðfestingar dómsins. Ágrip barst Hæstarétti 17. apríl 1984.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af ákæru fyrir það atferli, sem greint er í V. lið ákæru en að öðru leyti er krafist lækkunar refsingar.

Í héraði var mál þetta höfðað gegn sjö mönnum, en ákærði einn hefur óskað áfrýjunar þess.

I.

Um ákæruefni skv. V. lið ákæru.

Ákærði er í héraðsdómi réttilega sakfelldur fyrir kaup á áfengi því, er greinir í þessum lið ákæru, og gat honum ekki dulist, að það var ólöglega flutt til landsins. Háttsemi hans varðar við þau refsiákvæði, sem greinir í ákæru, en rétt er einnig að vísa við 71. gr. laga nr. 59/1969 til 2. gr. laga nr. 71/1976. Eigi verður talið, að brot þetta sé fyrnt.

II.

Um ákæruefni skv. VI. og VII. lið ákæru.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara um þessi ákæruefni. Athæfi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., sbr. 1. mgr. 61. gr. og

71. gr. laga nr. 59/1969, sbr. 2. gr. laga nr. 71/1976 svo og 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, en 5. gr. laga nr. 52/1978, er breytir 33. gr. áfengislaga, verður eigi beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákvæði 1. mgr. 1. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 63/1969 verður eigi beitt, þar sem ákvæði þeirra laga, sem brotin varða við skv. framansögðu, tæma sök.

III.

Um viðurlög og sakarkostnað.

Refsingu ákærða skv. framangreindum refsimælum ber að ákveða með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga, og um refsiákvörðun vegna brota, sem hann er sakfelldur fyrir í II hér að framan, ber að vísa til 2. mgr. 70. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30.000.00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 35 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Í ákæru var höfð uppi krafa um eignarupptöku, en henni var eigi sinnt í héraðsdómi. Er krafist staðfestingar á dóminum af hálfu ákæruvalds, svo sem að framan greinir. Kemur krafan eigi til álita í Hæstarétti.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 10.000.00 krónur.

Meðferð máls þessa í héraði hefur að nokkru farið aflaga. Samkvæmt dómsgerðum háði héraðsdómari síðast dómþing í máli þessu hinn 12. júní 1979, en eigi er neitt bókað um framlagningu varnar né um dómtöku málsins, sbr. 1. mgr. 125. gr. laga nr. 74/1974. Dómur er kveðinn upp hinn 29. desember 1980, en engin grein er gerð fyrir því, hvað valdið hafi þessum mikla drætti á dómsuppsögunni, svo sem boðið er í 165. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 3. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936. Enn er þess að geta, að héraðsdómari afgreiðir eigi dómsgerðir til ríkissaksóknara fyrr en með bréfi 21. desember 1982, andstætt ákvæðum 3. mgr. 177. gr. laga nr. 74/1974, og er engin grein gerð fyrir því, hverju þessi töf sæti. Eru þessi afbrigði frá réttum réttarfarsreglum aðfinnsluverð.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Hreggviðsson, sæti 30.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi í hennar stað 35 daga varðhald, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skulu vera óröskuð að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 10.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. desember 1980.

Ár 1980 mánudaginn 29. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birgi Þormar, fulltrúa yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 689-695/1980: Ákæruvaldið gegn J, Á, Þorsteini Hreggviðssyni, SH, D, B og SE.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. apríl 1979, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur eftirgreindum mönnum fyrir áfengis- og tolllagabrot framin á árinu 1977 svo sem rakið er:

— — —

3. Þorsteini Hreggviðssyni, stýrimanni, Sigtúni 35, Reykjavík, fæddum 31. janúar 1950 á Neskaupstað.

— — —

V.

Gegn ákærða Þorsteini Hreggviðssyni einum er málið höfðað fyrir að hafa í síðari hluta maí keypt 45 lítra af 75% vodka af meðákærða J í Reykjavík, sbr. IV. lið.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 61. gr., sbr. 71. gr. laga nr. 59, 1969, sbr. 1. gr. laga nr. 71, 1976.

VI.

Gegn ákærðu J, Þorsteini og SH er málið höfðað fyrir að hafa flutt 240 lítra af Potemkin vodka 75% hingað til lands frá útlöndum með m.s. Laxá við komu skipsins til Reykjavíkur 27. júní, en áfengi þetta, sem þeir þykja hafa ætlað til sölu hér á landi, keyptu þeir sameiginlega í Hamborg og áttu að jöfnu og földu síðan í lest skipsins.

Telst þetta varða við 60. gr., sbr. 1. mgr. 61. gr., og 71. gr., laga nr. 59, 1969, 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga og 1. mgr. 1. gr., sbr. 15. gr., laga nr. 63, 1969.

VII.

Gegn ákærðu J, Á, Þorsteini, SH og D er málið höfðað fyrir að hafa í framangreindri ferð m.s. Laxár, sbr. VI. lið, flutti hingað til lands a.m.k. 78 flöskur (58.5 lítra) af Potemkin vodka 75%, sem ákærðu keyptu í Hamborg og földu síðan um borð í skipinu.

— — —

Ákærði Þorsteinn seldi sinn hluta af áfenginu, 12 flöskur, 28. júní ótilgreindum manni við Sjómannaskólann í Reykjavík á kr. 3000 hverja flösku.

— — —

Teljast brot allra ákærðu í þessum lið varða við 60. gr., sbr. 1. mgr. 61. gr. og 71. gr. laga nr. 59, 1969, 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga og 1. mgr. 1. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 63, 1969, en brot ákærðu J, D, Þorsteins og SH auk þess við 2. mgr. 61. gr. laga nr. 59, 1969.

VIII.

Þess er krafist, að ákærðu verði allir dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar svo og sæti ákærðu J, Á, D, Þorsteinn og SH upptöku hver á sínum hluta andvirðis hins selda smyglvarnings samkvæmt 2. mgr. 72. gr. laga nr. 59, 1969."

Málavextir.

Með bréfi tollgæslustjóra, dagsettu 5. desember 1977, sendi hann rannsóknarlögreglustjóra ríkisins gögn frá vesturþýskum tollyfirvöldum, sem bentu til þess, að tilteknir skipverjar á m.s. Laxá hefðu keypt verulegt magn af áfengi í Hamborg í níu ferðum skipsins frá janúar til september 1977. Mál þetta var rannsakað af tollgæslunni í Reykjavík og Rannsóknarlögregla ríkisins. Verða nú málsatvik rakin í sömu röð og í ákæru samkvæmt skýrslum Rannsóknarlögreglu ríksins, tollgæslunnar, framburði ákærðu fyrir dómi og öðrum gögnum málsins.

— — —

IV.

Þeir ákærðu J og Á keyptu saman 100 lítra af Potemkin vodka 75%. Áfengið áttu þeir að jöfnu, og fór það um borð í m.s. Laxá þann 5. maí 1977. Þeir földu áfengið í blásara, sem blæs heitu lofti inn í íbúðirnar í skipinu. Áfengið var síðan flutt í land í Reykjavík, eftir að skipið kom þangað 16. maí. J seldi meðákærða Þorsteini Hreggviðssyni 45 lítra. Að

sögn Þorsteins borgaði hann 3.000 krónur fyrir hvern lítra, en J minnti, að hann hefði fengið 3.500 krónur fyrir hvern lítra. Á kveðst hafa notað 25 lítra til eigin neyslu, en afganginn seldi hann mönnum, sem hann ekki tilgreindi, og var söluverðið 3.000 krónur fyrir hvern lítra.

Telja verður sannað með framburði ákærðu og öðrum gögnum, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem greind er í þessum ákærulið og þar er rétt færð til refsiákvæða. Lagt verður til grundvallar, að ekki er sannað, að J hafi fengið meira en 3.000 krónur fyrir hvern lítra.

V.

Svo sem áður var greint, keypti ákærði Þorsteinn Hreggviðsson 45 lítra af meðákærða J af Potemkin vodka 75%, sem kom til landsins með m. s. Laxá 16. maí 1977. Kaupverðið var að sögn Þorsteins 3.000 krónur fyrir hvern lítra. Þorsteinn kveðst hafa verið að ljúka prófi frá Stýrimannaskólanum ásamt 20 öðrum um þetta leyti. Var safnað í sjóð peningum til áfengiskaupa vegna þessa tilefnis, en ákærði Þorsteinn sá um áfengiskaup. Ofangreint áfengismagn var notað í veisluhöld hjá þeim skólafélögunum að mestu, en afgangurinn skiptist milli manna, og kvaðst ákærði ekki vita, hve mikið hver þeirra fékk.

Telja verður sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hafi gerst sekur um það athæfi, sem honum er gefið að sök í þessum lið ákærunnar og þar er rétt fært til refsiákvæða.

VI.

Samkvæmt afgreiðsluseðli nr. A 66555 frá fyrirtækinu Georg P. Möller, Schiffsausrüstung, Hamborg, dagsettum 14. júní 1977, fóru 240 lítrar af Potemkin vodka 75% um borð í m.s. Laxá. Upplýst er, að notað var falskt nafn til að kvitta fyrir móttöku varningsins, og var það ákærði J, sem það gerði. Áfengi þetta keypti hann ásamt þeim meðákærðu Þorsteini og SH, og áttu þeir áfengið að jöfnu. Á leiðinni til Íslands var áfengið falið neðst í lest skipsins. Það var ekki tekið í land við komu skipsins til Reykjavíkur 27. júní. Áður en skipið fór frá Reykjavík, töluðu þeir þremenningarnir um að henda þessu áfengi í sjóinn vegna mikillar tollgæslu. Varð það úr, að þeir SH og Þorsteinn hentu þessum 240 lítrum í sjóinn á leið skipsins frá Reykjavík til Ísafjarðar.

Telja verður sannað með játningum ákærðu, að þeir hafi gerst sekir um þá háttsemi, sem greind er í þessum ákærulið og þar er rétt færð til refsiákvæða.

VII.

Samkvæmt framburði þeirra ákærðu J, Á, Þorsteins, SH og D voru 78 flöskur af Potemkin vodka 75%, um borð í m.s. Laxá við komu skipsins

til Reykjavíkur 27. júní 1977, en áfengi þetta höfðu þeir keypt í Hamborg og falið síðan í lest skipsins. Áfengi þetta fóru þeir með á land, þegar komið var til Reykjavíkur.

— — —

Eignarhluti Þorsteins var 12 flöskur. Hann kveðst hafa selt þær ótilgreindum manni fyrir 3.000 krónur flöskuna.

Telja verður sannað samkvæmt játningum ákærðu og öðrum gögnum málsins, að þeir hafi gerst sekir um þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í VII. kafla ákærunnar og er þar rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

— — —

Ákærði Þorsteinn Hreggviðsson:

1967 2/6 Reykjavík: Dómur: Varðhald í 2 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga.

1976 12/5 Hafnarfirði: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 12/5 1976.

1976 27/12 Hafnarfirði: Sátt, 170.000 kr. sekt fyrir brot á 60. sbr. 61. gr. sbr. 1. mgr. 12. gr. l. nr. 59, 1969, sbr. 2. gr. l. nr. 71, 1976, sbr. 3. gr. og 33. l. 82, 1969, sbr. 1. og 2. mgr., sbr. 8. gr., 15. gr. l. nr. 63, 1969.

— — —

Niðurstöður.

— — —

Refsing ákærða, Þorsteins Hreggviðssonar, þykir hæfilega ákveðin 2.000.000 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa en ella sæti ákærði varðhaldi í 40 daga.

— — —

Þá J, SH, Þorstein Hreggviðsson, Á og D ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar in solidum. Þá greiði þeir J, SH, og Þorsteinn Hreggviðsson hver um sig skipuðum verjanda sínum, Erni Höskuldssyni héraðsdómslögmanni, krónur 200.000 í málsvarnarlaun.

— — —

Dómsorð:

Ákærði Þorsteinn Hreggviðsson greiði krónur 2.000.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 40 daga.

— — —

Þeir J, SH, Þorsteinn Hreggviðsson, Á og D greiði allan kostnað sakarinnar in solidum. Þeir J, SH og Þorsteinn Hreggviðsson greiði hver skipuðum verjanda sínum, Erni Höskuldssyni héraðsdómslögmanni, krónur 200.000.

Miðvikudaginn 31. október 1984.

Nr. 151/1984. **Landssamband íslenskra útvegsmanna**
gegn
landbúnaðarráðuneytinu,
jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu,
byggingarfulltrúanum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og
byggingarnefnd Breiðuvíkurhrepps

Kærumál. Kröfugerð. Stefna. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. júlí 1984 og gert þær kröfur, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Enn fremur krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja er gerð krafa um staðfestingu hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðiljar höfðu með ýmsum hætti og á ýmsum tímum afskipti af málefni því, sem dómsmál þetta er risið af, og höfðu athafnir þeirra mismunandi gildi að lögum. Sóknaraðilja var rétt að gera í dómsmáli kröfu um, að tilteknar aðgerðir varnaraðilja yrðu metnar ógildar. Sóknaraðili gerir hins vegar ekki kröfu um ógildingu, heldur um viðurkenningu á því, að varnaraðiljar hafi „farið út fyrir lagamörk sín og beitt valdi sínu á ómálefnalegan hátt. . .“

Er kröfugerð þessi andstæð 67. gr. laga nr. 85/1936. Þá gerir sóknaraðili kröfu um viðurkenningu á því, að hann „fullnægi lagaskilyrðum jarðalaga nr. 65/1976 sbr. 1. mgr. 12. gr. og eigi rétt til þess að fá landspildu til eigin afnota undir 5 sumarbústaði. . .“ Enda þótt sóknaraðili eigi, eins og áður segir, rétt á að leita dómsúrlausnar um gildi stjórnvaldsákvarðana, er það eigi á valdi dómstóla að veita leyfi það, sem hér um ræðir. Kröfur sóknaraðilja þykja þannig ekki vera dómhæfar. Stefna í málinu er eigi í samræmi við reglur 88. gr. laga nr. 85/1936 og að miklu leyti skriflegur málflutningur. Þykir samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið eiga að staðfesta niðurstöðu hins kærða dóms.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilum hverjum um sig 8.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Landssamband íslenskra útvegsmanna, greiði varnaraðiljum, landbúnaðarráðuneytinu, jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, bygginarfulltrúanum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og byggingarnefnd Breiðavíkurhrepps, hverjum um sig 8.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1984.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 20. júní sl. um frávísunarkröfur allra stefndu, var höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 14. október 1982, af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, nnr. 5978-9406, Hafnarhvoli, Tryggvagötu, Reykjavík, 14. október 1982 gegn landbúnaðarráðuneytinu, nnr. 5978-6903, Arnarhvoli Reykjavík, og Landnámi ríkisins, nnr. 5978-7403, 20. október 1982 gegn jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, nnr. 4885-7663, Skólastíg 15, Stykkishólmi, 28. október 1982 gegn byggingarfulltrúanum í Vesturlandsumdæmi, Laufási, Borgarhreppi, Borgarfjarðarsýslu, og hinn 25. nóvember s.á. gegn byggingarnefnd Breiðuvíkurhrepps, Laugarbrekku, Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þannig, eins og þær voru gerðar með bókun í þinghaldi 29. júní 1983:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi fullnægi lagaskilyrðum jarðalaga nr. 65/1976, sbr. 1. mgr. 12. gr., og eigi rétt til þess að fá landspildu til eigin afnota undir 5 sumarbústaði í landi stefnanda, Skjaldartröð, Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsnessýslu, nánar tiltekið svæði, sem afmarkast af Sauðá að vestan, hraunkanti að austan, Fjártóft að norðan og hraunnös að sunnan, svonefnt „neðra svæði".

2. Að viðurkennt verði með dómi, að stefndu hafi farið út fyrir lagamörk sín og beitt valdi sínu á ómálefnalegan hátt, er þau með ákvörðunum sínum og athöfnum meinuðu stefnanda á grundvelli 1. mgr. 12. gr. jarðalaga nr. 65/1976 að fá áðurnefnda landspildu til eigin afnota undir 5 sumarbústaði.

Stefnandi fellur frá kröfu sinni í 3. tl. í stefnu, en áskilur sér jafnframt allan rétt til að höfða síðar skaðabótamál vegna þessa máls, gefi dómur í málinu tilefni til.

Stefnandi krefst og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi landbúnaðarráðuneytið, sem nú er einnig í fyrirsvari fyrir stefnda Landnám ríkisins, sem lagt var niður með lögum nr. 90 30. maí 1984, er gildi tóku 1. júní sl., en birt voru 13. júní sl., gerir þær dómkröfur *aðallega,* að málinu verði vísað frá dómi að því er hann varðar og honum dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara, að hann verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til þrautavara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu gerir þær dómkröfur *aðallega,* að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og málskostnaður úr hendi stefnanda í báðum tilvikum.

Stefndu byggingarfulltrúinn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem nú er kominn í stað byggingarfulltrúans í Vesturlandsumdæmi, og byggingarnefnd Breiðuvíkurhrepps gera þær dómkröfur *aðallega,* að málinu verði vísað frá dómi alveg eða að hluta, en til vara, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, og í öllum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda lögum samkvæmt.

Ítarlegar sáttaumleitanir fóru fram af hálfu dómarans, en þær báru engan árangur.

Í stefnu er málavaxtalýsing stefnanda á tíu þéttvélrituðum blaðsíðum, en málavextir eru í stuttu máli þeir, að stefnandi keypti jörðina Skjaldartröð, Breiðuvíkurhreppi á Snæfellsnesi hinn 22. júní 1978 til þess að reisa þar fimm sumarbústaði til afnota fyrir félagsmenn og starfsfólk stefnanda á svonefndu „neðra svæði", sem er hvammur undir háum hraunkanti í túnjaðri jarðarinnar, sem er austast í byggðinni að Hellnum. Hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps tilkynnti með bréfi, dags. 19. júlí 1978, að hún muni

ekki neyta forkaupsréttar í trausti þess, að jörðin verði leigð til lífstíðar þeim ábúanda, sem hreppurinn mæli með. Stefnandi leigði Jóhanni Hjörleifssyni jörðina til lífstíðarábúðar í ágúst 1978, og þá féllst jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu á að leyfa söluna á jörðinni til stefnanda. Stefnandi fékk þó ekki þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni tilskilin leyfi til þess að reisa sumarbústaðina á þeim stað á jörðinni, sem hann sjálfur vildi, á hinu „neðra svæði", og hefur því höfðað þetta mál, sem hann kveður eingöngu snúast um staðsetningu sumarbústaðanna.

Málsástæður og lagarök stefndu fyrir frávísunarkröfum.

Stefndu byggja allir frávísunarkröfur sínar á því, að málið fullnægi ekki ákvæðum einkamálalaga nr. 85/1936 um málatilbúnað og sakarefni.

Í fyrsta lagi sé allur málatilbúnaður stefnanda, framlagning skjala, form og umbúnaður málsins þannig, að brjóti gegn ákvæðum 88., 105. og 109. gr. eml. Stefnandi hafi lagt fram fjöldann allan af skjölum í málinu, sem geri það viðamikið, en þau séu þýðingarlaus og tilgangslaus. Stefnan í málinu og málavaxtalýsing í henni brjóti ein sér gegn ákvæðum 88. gr. laganna, sbr. lög nr. 28/1981, þar sem illt sé að greina málsástæður stefnanda og önnur atvik, sem varpa ættu ljósi á málið. Framlagning skjala af hálfu stefnanda brjóti beinlínis gegn 105. gr. laganna, þar sem fæst þeirra varði málatilbúnað, og 109. gr., þar sem þetta hljóti að teljast skriflegur málflutningur. Stefndu vísi í dóma Hæstaréttar, 1952, bls. 122 og 399, 1968, bls. 962, og 1975, bls. 87, þar sem mál var orðið „réttarfarsleg flækja" og braut gegn ákvæðum og anda einkamálalaganna um skýran málflutning og glöggan. Hið sama eigi við í þessu máli, það sé einfaldlega í svo slæmu formi, að hætta sé á, að rétt niðurstaða fáist ekki.

Í öðru lagi sé kröfugerð stefnanda svo gölluð, að dómur verði ekki á hana lagður, jafnvel þótt komist væri í gegnum hinn óskýra málatilbúnað. Kröfugerð stefnanda hafi verið á reiki, en hún sé nú sett fram í bókun í þinghaldi 29. júní 1983, eftir að lögmenn stefndu hafi í greinargerðum sínum andmælt upphaflegri kröfugerð sem andstæðri ákvæðum einkamálalaga. Breyting stefnanda á kröfugerðinni hafi í raun ekki orðið til annars en að uphaflegum töluliðum hafi verið víxlað og þriðji tölulíður felldur niður.

Í 1. tl. kröfugerðar stefnanda, eins og hann sé nú, sé krafist viðurkenningardóms þess efnis, að stefnandi fullnægi lagaskilyrðum jarðalaga nr. 65/1976, sbr. 1. mgr. 12. gr. og eigi rétt til þess að fá tiltekna landspildu til eigin afnota undir sumarbústaði. Samkvæmt þar tilgreindum lagaákvæðum þurfi auk jarðalaga að fá samþykki ýmissa stjórnvalda og uppfylla skilyrði nokkurra annarra laga og sé tilteknum stjórnvöldum ætlað að meta, hvort leyfa beri byggingu sumarbústaða á tilteknum svæðum. Starf stefndu landabúnðarráðherra og Landnáms ríkisins að þessum málum byggist á 1.

mgr. 12. gr. jarðalaga, eins og ákvæðið hafi verið orðað fyrir lagabreytinguna, sem gildi tók 1. júní 1984. Samkvæmt því ákvæði hafi ákvörðun Landnáms ríkisins byggst á frjálsu mati og við ákvörðun ráðherra hafi það verið skilyrði, að fyrir lægi samþykki jarðanefndar og Landnáms ríkisins. Að öðru leyti hafi ákvörðun ráðherra byggst á frjálsu mati. Það sé engan veginn í verkahring dómstóla að veita leyfi samkvæmt 1. mgr. 12. gr. jarðalaga eða öðrum lögum til að reisa sumarbústaði, þar sem skilyrði sé, að tiltekin stjórnvöld samþykki slíkar byggingar eða slíka nýtingu lands. Þessi kröfugerð feli í rauninni aðeins í sér beiðni um lögfræðilega álitsgerð, þar sem viðurkenningardómur um kröfuna geti ekki einn sér skapað honum rétt til að reisa sumarbústaðina á hinu tiltekna svæði.

Hið sama eigi við um 2. tl. kröfugerðar stefnanda. Kröfugerðinni sé beint sameiginlega gegn öllum hinum stefndu, en tengsl séu ekki á milli stefndu. Ekki sé tekið fram, við hvaða ákvarðanir og athafnir sé átt, þótt ákvarðanir stefndu hafi verið teknar á mismunandi tímum og hafi mismunandi gildi að lögum. Stefnandi krefjist ekki ógildingar á tilteknum athöfnum, en slíkt sé venja að gera, vilji menn fá ákvörðunum og athöfnum stjórnvalda hnekkt. Jafnvel þótt kveðinn væri upp dómur um þennan tölulið, eins og stefnandi fari fram á, þá raski sá dómur ekki ákvörðunum þeirra stjórnvalda, sem þau hafa tekið í þessu máli og geti því ekki skapað stefnanda rétt í sjálfu sér. Krafa þessa töluliðar sé því eins og 1. töluliðar andstæð 66. og 67. gr. einkamálalaga. Einnig skorti skilyrði þess, að kveðinn verði upp viðurkenningardómur, þar sem ákvæðum 69. gr. laganna sé ekki fullnægt, stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að það skipti hann máli að lögum að fá slíkan dóm. Dómur eigi að leiða réttaróvissu til lykta, en dómur að kröfum stefnanda myndi á engan hátt gera slíkt og færi því gegn 4. mgr. 71. gr. laganna.

Málsrök stefnanda.

Stefnandi andmælir frávísunarkröfum stefndu og krefst þess, að þeim verði hrundið og honum tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins. Hann útskýrir framlagningu skjala og málatilbúnað með því að benda á, að hér sé um að ræða viðamesta stjórnsýslumál í langan tíma. Málið fjalli alfarið um það, hvort stefnandi fái að byggja sumarbústaði sína á svæði því, sem hann sjálfur kjósi á landi, sem sé í hans eigu eða hvort stefndu geti synjað honum um það. Allir stefndu hafi komið í veg fyrir notkun stefnanda á landi sínu á grundvelli 12. gr. jarðalaga nr. 65/1976, en stefnandi telji, að þeir hafi gert það á ólögmætan hátt. Stefnandi reki synjanir stefndu, þær hafi komið fram í bréfum stefnda landbúnaðarráðuneytis, dags. 21. ágúst 1979, 18. janúar 1980 og 3. júní 1980. Stefndi landnámsstjóri hafi með bréfi sínu, dags. 13. júní 1979, vísað stefnanda á „efra

svæðið" á landi stefnanda, en það hafi stefnandi ekki viljað sjálfur og það hafi landnámsstjóri vitað fyrir og því hafi þetta í raun verið synjun af hálfu stefnda Landnáms ríkisins. Stefndi landnámsstjóri hafi síðan neitað að taka málið fyrir og stefndi jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hafi synjað um umfjöllun málsins. Allt séu þetta ólögmætar synjanir. Stefndi byggingarnefnd Breiðuvíkurhrepps hafi ítrekað synjað í bréfum 22. júní 1979 og 9. júlí 1980 eins og allir stefndu. Þessi langa saga af deilum aðilja geri málið viðamikið og hafi verið leitast við að setja það eins skýrlega fram og unnt sé.

Stefnandi andmæli því alfarið, að kröfur séu ekki dómtækar. Kröfurnar séu skýrt fram settar í tveimur töluliðum, en fallið hafi verið frá upphaflegri kröfu í 3. tl. stefnu, að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu. Stefnandi áskilji sér allan rétt til að höfða síðar skaðabótamál vegna þessa máls ef dómur í þessu dómsmáli gefi tilefni til. Núverandi kröfugerð sé til þess gerð að binda stefndu við dóm um að þola viðurkenningu á heimildum stefnanda skv. 12. gr. jarðalaga og að þeir hafi á ólögmætan hátt beitt valdi sínu og að um valdþurrð hafi verið að ræða. Stefnandi þurfi að fá 2. tl. dæmdan til þess að hafa grundvöll í hugsanlegu skaðabótamáli, enda hafi stefnandi orðið fyrir gífurlegu fjártjóni vegna aðgerða stefndu í langan tíma.

Stefnandi telji, að hann uppfylli skilyrði 69. gr. einkamálalaga til þess að fá viðurkenningardóm í máli sínu. Hann hafi lögvarða hagsmuni, sakarefnið sé afmarkað og dómurinn myndi leysa réttaróvissu. Fari dómur honum í vil, geti stefndu ekki lengur staðið í vegi fyrir, að stefnandi nýti sér land sitt. Þess vegna sé ekki eingöngu um lögfræðilega álitsgerð að ræða. Stefnandi telji, að í slíkum málum sé rúm heimild dómstóla til að meta gildi úrskurða og ákvarðana stjórnvalda og jafnframt rúm heimild til að þrengja kröfugerðina í dómi. Kröfur stefndu um frávísun lúti í raun að efnisatriðum í málinu eins og þeim, að stefndu hafi „frjálst mat" í slíkum málum, sem dómstóll geti ekki breytt. Þetta varði efni málsins og bíði efnismeðferðar. Dómstóllinn eigi fremur að beita sýknu en frávísun, þegar um slík viðamikil deilumál í stjórnsýslu sé að ræða. Máli sínu til stuðnings bendi stefnandi á dóma Hæstaréttar árið 1978, bls. 447, og 1979, bls. 1157. Þar hafi ekki verið vísað frá máli á þeim forsendum, að það ætti ekki undir dómstóla og dómurinn hafi túlkað og lagað til kröfugerðina. Stefnandi bendi og á það, að engin staðall sé til um lengd á málsútlistun í stefnu og framlagningu skjala og dómstólar hafi haft rúmar heimildir til að forma kröfur og málsefni.

Niðurstaða.

Stefnan í máli þessu er óhemju löng og erfitt að greina í henni á milli

málsástæðna og annarra atvika. Hún er því andstæð 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981 um meðferð einkamála í héraði. Fram hafa verið lögð af hálfu stefnanda allmörg skjöl, sem við nánari rannsókn snerta ekki kjarna málsins, og er það andstætt 105. og 109. gr. laganna.

Ekki verður talið, að unnt sé að koma málinu í löglegt horf úr því sem komið er. Með vísan til fordæmis Hæstaréttar í dómi 5. febrúar 1975, sem stefndu bera fyrir sig, verður að telja, að málatilbúnaður og kröfugerð af hálfu stefnanda sé slíkt brot á ákvæðum og anda einkamálalaganna um skýran og glöggan málflutning, að ekki verði hjá því komist að vísa málinu frá dómi þegar af þeirri ástæðu.

Með vísan til 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936, verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað, kr. 8.000.00 til hvers um sig.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Landssamband íslenskra útvegsmanna, greiði stefndu, landbúnaðarráðuneytinu, jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, byggingarfulltrúanum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og byggingarnefnd Breiðuvíkurhrepps, hverjum um sig kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1984.

Nr. 209/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

Unnari Sigurði Hansen

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag, og gert þá kröfu, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími

verði styttur. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. október 1984.

Ár 1984, mánudaginn 21. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur í kröfu sinni farið þess á leit, að Unnar Sigurður Hansen, Öldugranda 7, Reykjavík, fæddur þar í borg 17. september 1966, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 19. desember 1984, kl. 1700.

Kærði hefur mótmælt kröfunni og borið því við, að tíminn sé of langur.

Í greinargerð RLR kemur fram, að hjá þeim eru til meðferðar 20 innbrot og þjófnaðir, sem allir hafa verið framdir á árinu 1984 og kærði tengist með ýmsum hætti. Er þeim öllum lýst þar skilvirkilega (sic). Kemur fram, að rannsókn á 9 þeirra er lokið og málin tilbúin í hendur ríkissaksóknara. Í hinum 11 tilvikunum er einhverju ólokið, þótt rannsókn sé langt komin í sumum þeirra.

Kærði hefur viðurkennt þátttöku sína í öllum verknuðunum. Hann hefur í dóminum kannast við allar skýrslur sínar hjá RLR og staðfest réttar.

Af gögnum má sjá, að kærði hefur ásamt fleirum staðið í stöðugum innbrotum og þjófnuðum undanfarna 3 mánuði með litlum sem engum hléum, þrátt fyrir sífelldar kærur og lögreglurannsóknir, sem, eins og fram er komið, er ekki lokið enn í sumum tilvikum.

Þykja því ástæður 5. tl. 1. mgr. 67. gr. og að nokkru leyti 1. tl. sömu mgr. l. nr. 74, 1974 eiga við og því rétt að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 19. desember 1984, kl. 1700. Verknaðir kærða varða við 244. gr. alm. hgl. og fer því úrskurður eigi í bága við 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Úrskurðarorð:

Kærði, Unnar Sigurður Hansen, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 19. desember n.k., kl. 1700.

Miðvikudaginn 31. október 1984.

Nr. 43/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sverri Má Hafsteinssyni
(Örn Clausen hrl.)

Nauðgun (196. gr. alm. hegningarlaga). Réttarfarsvítur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar með stefnu 13. janúar 1984, en ákærði hafði eigi óskað áfrýjunar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 11. apríl 1984.

Telja verður sannað með framburði ákærða, sem er í aðalatriðum í samræmi við skýrslu E að ákærði hafi haft samfarir við hana gegn vilja hennar. Eigi verður séð, að ákærði hafi komið fram samförunum með líkamlegu ofbeldi, heldur hafi hann með hótunum hrætt E til þess að leyfa honum samfarirnar, án þess þó að talið verði, að hann hafi vakið henni ótta um líf hennar, heilbrigði eða velferð. Þykja hótanir þessar hafa verið með þeim hætti, að beita eigi 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um brot ákærða í stað 194. gr., og er það heimilt samkvæmt 118. gr. laga nr. 74/1974, enda var málflytjendum gefinn kostur á að reifa málið að því leyti við flutning þess fyrir Hæstarétti.

Staðfesta ber niðurstöður héraðsdóms um refsingu ákærða og um sakarkostnað í héraði.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Mál þetta var í héraði tekið fyrir 21. september 1983 og lögð fram gögn. Hinn 28. september kom ákærði fyrst fyrir dóm, og var honum þá kynnt ákæran og skýrsla tekin af honum, án þess að ákærða væri skipaður verjandi og án þess að sækjandi væri viðstaddur. Næst var þingað í málinu 11. október og bar E þá vitni. Hvorki

sækjandi né verjandi ákærða voru þá heldur viðstaddir, og bera gögn málsins ekki með sér, hvort verjandi hafði þá verið skipaður. Málflytjendur komu hins vegar í dóminn í næsta þinghaldi 24. október og luku þá flutningi málsins. Er háttur þessi á málsmeðferð andstæður reglum 131. - 134. gr. laga nr. 74/1974, sbr. og 1. mgr. 80. gr. sömu laga. Bar dómara að skipa verjanda, áður en málsmeðferð hófst, og hún átti síðan að fara fram að sækjanda og verjanda viðstöddum. Eigi þykir þó nauðsynlegt að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferðina af þessum sökum, þar sem sækjandi og verjandi áttu kost á því að fá ákærða og vitnið yfirheyrð á ný, ef þeir töldu þörf á.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Sverrir Már Hafsteinsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur,og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 12.000.00 krónur.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel brot ákærða varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, og tel refsingu hæfilega ákveðna 3 mánaða fangelsi óskilorðsbundið svo og 9 mánaða fangelsi skilorðsbundið, sbr. 57. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976, 9. gr. og verði fullnustu þess hluta refsingar frestað og falli hún niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ég er samþykkur ákvörðun meiri hluta dómara um sakarkostnað og athugasemdum þeirra um málsmeðferð.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. nóvember 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 17. nóvember, var á dómþingi Sakadóms, sem háð var í Borgartúni 7 í Reykjavík, af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 556/1983: Ákæruvaldið gegn Sverri Má Hafsteinssyni, sem tekið var til dóms 24. október 1983.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. apríl 1983, gegn ákærða, ,,Sverri Má Hafsteinssyni, verkamanni, Þórufelli 8, Reykjavík, fæddum 23. maí 1964 í Reykjavík, fyrir nauðgun, með því að hafa, laugardagsnóttina 4. desember 1982, þröngvað stúlkunni E til samræðis við sig á heimili stúlkunnar..., Reykjavík, þangað sem ákærði hafði fylgt henni og ruðst inn gegn vilja stúlkunnar og síðan beitt hana líkamlegu ofbeldi og jafnframt þrásinnis hótað henni líflláti eða öðrum óförum léti hún ekki að vilja hans í framangreindum efnum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1981 16/12 í Reykjavík: Sátt, 1.200 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 2 mán. frá 20/11 '81.

Málsatvik eru þessi:

Þriðjudaginn 18. janúar 1983 kom kona að nafni E á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins og skýrði frá eftirfarandi:

,,Föstudaginn 3. desember sl. var ég að skemmta mér í Óðali. Ungur maður, sem ég hafði ekki séð fyrr, sýndi mér áleitni. Sí-nauðaði hann í mér: ,,Gerðu það talaðu við mig.“ Ég dansaði ekki við hann en hann hélt áfram að nauða í mér og er ballið var búið féllst ég á að labba með honum einn hring í bænum og gerði ég það til þess að losna við hann. Ég gekk svo heim en hann gekk á eftir mér og reyndi að tala við mig á leiðinni. Þegar ég var komin að dyrunum heima hjá mér sagði ég við hann að hér ætti ég heima og ég væri farin inn en allan tímann á leiðinni hafði ég reynt að losa mig við hann. Er ég hafði opnað útidyrnar með lykli ýtti hann á þær og ruddist inn um leið og ég fór inn. Hann ýtti mér inn um leið og skellti hurðinni aftur. Við stóðum nokkuð lengi í útidyraganginum og ég þrefaði við hann þar og reyndi að fá hann til að fara heim. Þetta er lítið einbýlishús sem ég bý í og bý ég þar ein með 9 ára gamalli dóttur minni en hún var ekki heima þessa nótt. Ég tel að klukkan hafi verið um 04:00 þegar ég kom heim og maðurinn ruddist inn. Ég var undir áhrifum áfengis og maðurinn einnig en hvorugt okkar ofurölvi. Ég vissi vel hvað ég var að gera og ég tel að maðurinn hafi átt að vita það einnig.

Í útidyraganginum fór hann að hræða mig, eftir að ég hafði marg ítrekað reynt að koma honum út. Hann fór að segja að hann væri búinn að vera á Litla-Hrauni, ég skyldi bara hringja á lögregluna, honum væri alveg

sama. Hann sagði að honum þætti svo erfitt að hugsa er hann væri úti á lífinu en á Litla-Hrauni þyrfti hann ekki að hugsa. Hann sagði að sinn besti vinur hefði ráðist á konuna í Hátúninu. Hann hræddi mig mikið með þessu og ætlaði ég að hringja á lögregluna en alltaf er ég fór að símanum greip hann í mig og stoppaði mig af.

Hann fór síðan að hóta því að drepa mig ef hann fengi ekki að koma fram vilja sínum. Ég man ekki hvað hann sagði orðrétt. Fram að þessu hef ég reynt að gera mitt besta til að gleyma þessu. Maðurinn er stór og stæðilegur. Ég er 165 cm og 50 kg. Ég var mjög hrædd við manninn og fannst mér hann til alls líklegur þegar þarna var komið. Hann ýtti mér upp að ofni í stofunni og var ég þá orðin stíf eða hálf lömuð af hræðslu. Ég hafði frekar sótt inn í stofuna því þar var síminn.

Eftir að hann hafði ýtt mér upp að ofninum og vegg í stofunni, klæddi hann mig úr fötunum. Ég var í denim buxum og blússu, nærbuxum og sokkum. Einnig í úlpu en ég var ekki komin úr henni. Hann klæddi mig harkalega úr þessu öllu, hálf reif mig úr þessu, án þess þó að rífa fötin. Ég stóð kyrr á meðan og þorði ekki að berjast á móti manninum, ég var orðin verulega hrædd við hann og hann hótaði sífellt að drepa mig á meðan. Ef ég ætlaði að reyna að berjast á móti þessu, hristi hann mig til, harkalega og sagði: „Láttu ekki svona." Ekki man ég orðrétt hótanir hans en þær gengu alltaf út á það að drepa mig ef ég léti ekki að vilja hans.

Eftir að hann hafði klætt mig úr öllu, klæddi hann sjálfan sig úr öllu og skipaði mér að leggjast á gólfið. Hann hafði svo mök við mig þarna á stofugólfinu. Ég lagðist á bakið og hann lagðist ofan á mig. Hann sagðist aldrei hafa verið með kvenmanni áður og gekk honum illa að koma limnum inn í kynfæri mín. Hann skipaði mér þá að vera ofan á og þorði ég ekki annað en að hlýða honum. Hann kom lim sínum inn á stofugólfinu og honum tókst að hafa samfarir við mig þar, honum varð bara ekki sáðfall. Honum tókst bæði að halda uppi samfarahreyfingum er ég var liggjandi og er ég var ofan á honum. Hann vildi þá fara upp á loft en þar er svefnherbergi mitt. Ég vildi það ekki en að lokum fékk ég hann til að lofa því að fara eins og skot þegar hann væri búinn að ljúka sér af uppi á lofti.

Ég fór þá með honum upp í rúmið mitt og lagðist á bakið, hann ofan á og lét hann lim sinn inn í kynfæri mín þar og tókst að hafa við mig þar fullkomnar samfarir og varð honum sáðfall. Hann spurði í sífellu, á meðan hann var að þessu, hvort hann væri ekki æðislegur, hvort þetta væri ekki gott. Virtist hann hafa komplexa og áhyggjur yfir því að hann gerði þetta ekki vel. Ég held að klukkan hafi verið um 05:30 þegar hann fór en ég átta mig ekki á hvað hann hafði samfarirnar við mig lengi, tel ég í um 20 - 30 mínútur.

Eftir að honum hafði orðið sáðfall breyttist hann skyndilega. Hann marg bað mig afsökunar og virtist verða mjög aumur. Hann sagði að honum þætti vænt um mig. Hann neitaði þó að fara, eins og hann hafði lofað og vildi hafa við mig samfarir aftur. Það endaði með því að ég leyfði honum að hafa samfarir við mig aftur og var hann þá mjög fljótur og tel ég að honum hafi orðið sáðfall aftur. Honum gekk þetta mjög greiðlega í seinna skiptið og lét ég undan honum en ég gerði allt til að losna við hann út, það var það eina sem skipti mig máli, að koma honum út.

Eftir seinni samfarirnar varð hann aftur mjög meyr og aumur. Gaf hann mér þá upp nafn sitt og heimilisfang ef ég vildi kæra hann. Sagðist hann heita: Sverrir Már Hafsteins, Þórufelli (man ekki númer hvað) og símanúmer. Hann skrifaði þetta niður á blað, ég las það og henti því svo. Ég ætlaði mér ekki að kæra þetta, heldur gleyma þessu. Hann fór eftir að hafa skrifað nafn, heimilisfang og símanúmer niður á miða.

Um það bil tveim vikum seinna, á laugardagsnótt, líklega laust eftir að dansleikjum hafði lokið, þá hringir Sverrir dyrabjöllu hjá mér og ber húsið utan er ég opnaði ekki. Dóttir mín var þá heima hjá mér en hún vaknaði ekki.

Aðfaranótt sunnudagsins 9. jan. sl. kom hann aftur. Hann kom um kl. 02:00. Hringdi hann dyrabjöllu, bankaði og er það dugði ekki fór hann að kalla nafnið mitt. Ég klæddi mig þá og fór út í glugga og talaði við hann. Hann þrábað mig um að fá að koma inn. Hann aðeins ætlaði að tala við mig augnablik, hann myndi ekkert gera mér, ekki meiða mig og þrástagaðist hann á þessu. Hann spurði mig hvort ég vildi ekki hleypa honum inn út af því sem skeði síðast. Ég bað hann um að fara, ég vildi ekki hleypa honum inn, ég vildi bara fá að vera í friði og vildi ekkert með hann hafa. Ég sá að leigubíll beið eftir honum. Hann var greinilega drukkinn. Þegar ég hleypti honum ekki inn, fór hann svo að hóta mér. Sagðist hann mundu drepa mig og hótaði að berja mig í klessu ef hann sæi mig einhversstaðar.

Þegar honum gekk ekki heldur að hóta mér, gafst hann upp á að reyna að komast inn í húsið og fór með leigubílnum. Þriðjudaginn 11. jan. kl. 23:30 er svo dyrabjöllunni hringt. Hann var þá kominn aftur en nú edrú. Bað hann innilega afsökunar á framkomu sinni síðast, á nauðguninni þar áður og að honum þætti þetta mjög leiðinlegt. Bað hann um að fá að taka í höndina á mér og fá hjá mér fyrirgefningu. Ég þakkaði honum fyrir að biðja fyrirgefningar á þessu, tók ég í höndina á honum og hann fór og fannst mér eins og þessu væri nú lokið og hann kæmi ekki aftur. Ég varð ánægð og taldi þessu hér með lokið.

Ég vaknaði svo upp laust fyrir kl. 01:00 sl. nótt við að dyrabjöllunni er hringt. Ég lá kyrr og ætlaði ekki að svara en hann hringdi látlaust dyra-

bjöllunni. Ég gafst þá upp og fór út í glugga. Sverrir var þarna og virtist hann ekki mjög ölvaður en þó greinilega eitthvað. Nauðaði hann í mér um að fá að koma inn og spurði hvort það væri út af því sem hefði skeð áður að ég vildi ekki hleypa honum inn. Ég sagði svo vera. Hann hótaði þá að hætta ekki að hringja fyrr en ég hleypti honum inn og hringdi hann látlaust. Er það dugði ekki hótaði hann að brjótast inn. Ég fór þá og hringdi á lögregluna. Ég fór svo út í gluggann aftur en þá sá ég Sverrir standa nokkuð frá útidyrunum en samt hringdi dyrabjallan áfram. Lögreglubíllinn kom svo upp götuna en þá sá ég að einhver var með honum og hlupu þeir báðir í burtu og voru farnir er lögreglubíllinn kom að húsinu. Ég veit ekki hver getur hafa verið með honum, ég sá eingöngu að það var maður í ljósum jakka en ég sá rétt aftan á hann er hann hljóp.

Það voru svo tveir lögreglumenn hjá mér alla síðastliðna nótt og veit ég að talsverð leit var gerð í hverfinu en án árangurs.

Ég kæri mann þennan fyrir nauðgun og krefst þess að hann láti mig í friði. Krafa mín númer eitt er að ég fái frið fyrir þessum manni sem ég hef aldrei viljað eiga nokkur samskipti við. Ég hef jafnvel hugleitt að selja þetta hús mitt við ...götu til að forða mér undan manninum. Ég legg ekki mikið upp úr kærunni um nauðgun og ég sækist ekki eftir því frekar að manni þessum verði refsað, heldur einungis að ég fái frið fyrir honum."

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 18. janúar 1983 skýrði ákærði þannig frá atvikum máls þessa:

„Ég sá E fyrst í Óðali þann 3. des. sl. Ég var að tala við hana þar og fór út um leið og hún. Ég var þá frekar hátt uppi en hún ekki sjáanlega. Ég gekk í hring með henni í kring um Óðal og Planið og bað um að fá að fylgja henni heim en þá var hún að tala um að hún þyrfti að fara heim. Hún vildi ekki að ég fylgdi henni heim en svo féllst hún á að ég kæmi hálfa leiðina. Ég fór alla leiðina og er hún var að fara inn til sín, ýtti ég á hurðina og fór inn á eftir henni. Þetta er lítið gamalt hús sem hún býr í. Áður en ég ýtti á hurðina hafði ég beðið um að fá að koma inn með henni en hún neitaði og sagðist þurfa að mæta í vinnu í fyrramálið.

Ég fór svo að þrefa við hana í útidyraganginum. Ég man ekki hvað ég var að rugla en ég hræddi hana það mikið að hún sagði að ég mætti hafa samfarir við hana ef ég meiddi hana ekki. Ástæðan fyrir því að ég man ekki orðrétt neitt af því sem ég sagði við hana til að hræða hana er sú að ég var fullur og svo er orðið nokkuð langt liðið síðan. Ég man ekki sérstaklega eftir því að hafa hótað að drepa hana en ég get hótað og ruglað meiningarlaust er ég er fullur og ég hefði aldrei lagt á hana hendur og ekki meitt hana þó hún hefði ekki látið undan mér.

Fyrst hafði ég stoppað hana í því að hringja á lögregluna með því að taka í hana. Ég er mikið sterkari en hún en hún er bæði lágvaxin og grönn.

Ég ýtti henni svo upp að vegg í stofunni og þar sagði hún að ég mætti hafa samfarir við hana ef ég meiddi hana ekki. Hún var hrædd fyrst en mér fannst óttinn hjá henni minnka á meðan ég hafði samfarir við hana og á eftir.

Ég klæddi hana úr öllu að ofan á meðan hún stóð þarna í stofunni og það var eftir að ég hafði klætt hana úr að ofan sem hún lofaði því að ég fengi að hafa samfarir við hana ef ég meiddi hana ekki. Ég hneppti svo frá henni buxunum en hún kláraði að fara úr þeim og nærbuxunum og svo lögðumst við á gólfið. Mér gekk ekkert of vel að hafa við hana samfarir. Hún lagðist á bakið og ég ofan á hana og kom ég lim mínum inn í kynfæri hennar en þetta gekk samt illa og bað ég hana að fara ofaná mig og gerði hún það. Ég lá þá á bakinu og hún sat ofaná mér en það gekk ekki nógu vel svoleiðis. Ég bað hana um að koma upp en ég þóttist vita að svefnherbergið hennar væri þar. Hún neitaði því fyrst en sagðist svo skyldu fara með mér upp ef ég lofaði því að fara svo strax út þegar ég væri búinn að fá fullnægingu.

Við fórum svo upp og í hjónarúmið hennar. Þar lagðist hún á bakið en ég ofan á. Ég hafði svoleiðis samfarir við hana í um 30 mínútur. Þá fékk ég fullnægingu. Ég tel að hún hafi fengið fullnægingu líka því hún kófsvitnaði. Ég fór ekki eftir að hafa fengið fullnæginguna. Ég lagðist út af og hún lagði höfuð sitt á brjóstkassann á mér. Ég spurði hana hvort hún væri hrædd ennþá en hún svaraði: „Mitt á meðal."

Eftir smá tíma hafði ég samfarir við hana aftur og sýndist mér hún fús til þess. Ég lagðist ofaná hana og hafði samfarir við hana eins og áður. Nú hafði ég ekki samfarir við hana nema í nokkrar mínútur, þá fékk ég fullnægingu.

Eftir það fór hún fram á klósett en ég lá kyrr í rúminu. Þegar hún kom af klósettinu bað hún mig um að fara því ég hafi verið búinn að lofa því. Ég fór eftir u.þ.b. fimm mínútur og þá niður og klæddi mig í fötin en þau lágu á stofugólfinu.

Hún hringdi á leigubíl fyrir mig en ég skrifaði nafn mitt, heimilisfang og síma á miða og sagði að nú gæti hún kært mig ef hún vildi. Hún sagðist ekki ætla að kæra mig. Ég fór svo með leigubílnum.

Ég vissi að hún bjó ein með dóttur sinni en hún hafði sagt mér það. Ég fór svo aftur heim til hennar nokkrum vikum seinna. Ég hafði þá verið á balli, líklega í Óðali og fór með leigubíl á eftir. Ég lét bílinn bíða á meðan ég hringdi dyrabjöllunni en það heyrðist ekkert í henni, hún virtist hafa tekið dyrabjölluna úr sambandi. Ég bankaði þá og kom hún út í glugga á efri hæðinni. Hún sagðist muna eftir mér og þekkja mig og sagði mér að láta sig í friði. Ég fór þá og sá að ég myndi ekki komast inn til hennar. Ég hafði hugsað mér að tala við hana en ekki að hafa við hana samfarir.

Ég fór svo stuttu seinna og bað hana afsökunar. Ég var þá edrú og fór gangandi til hennar um kl. 22:30. Ekki man ég hvaða dag það var en það getur vel passað að það hafi verið fyrir viku síðan. Ég hringdi dyrabjöllunni og hún opnaði. Ég sagðist vera kominn til að biðja afsökunar og hún sagðist fyrirgefa mér. Sagðist hún vera mjög hrædd við mig og sýndi mér hvað höndin á henni titraði. Hún bað mig um að vera ekki að ónáða sig og ég sagði *já* og *bless* og fór.

Sigurður Hólm Sigurðsson hefur verið vinur minn frá því við vorum 15 ára. Við keyptum okkur flösku í gærkvöldi, á svörtu, og urðum vel þéttir. Þá vildi ég fara upp á ...götu og rölti Siggi með mér. Ég hringdi dyrabjöllunni þangað til hún kom út í glugga. Ég sagðist vilja tala við hana og var með eitthvað rugl. Ég var þó ekki að hóta henni. Hún hótaði mér lögreglunni eftir að hafa beðið mig um að fara. Siggi Hólm hringdi dyrabjöllunni einu sinni. Þá stóð ég og horfði upp í gluggann. Við sáum lögreglubíl koma og hlupum við þá í burtu. Klukkan var um 01:00 þegar við fórum til hennar.

Ég veit ekki af hverju við Siggi vorum að fara til hennar. Það var engin hugsun á bak við þessa heimsókn í þetta skiptið og ekki á bak við hinar heldur. Ég veit að Siggi Hólm hefur verið kærður fyrir nauðganir og annað ofbeldi. Hann hefur þó ekki sagt mér hvernig hann hefur farið að og ekkert sagt mér frá því. Hann hefur fullan hug á að bæta sig núna.

Ég gef loforð um að fara aldrei aftur á ...götuna og að ónáða E ekki á nokkurn hátt. Ég er kominn með góða vinnu á bíl sem fer út um landið. Lögreglan þarf ekki að óttast að ég fari þarna aftur."

Við yfirheyrslur fyrir dómi skýrðu þar ákærði og vitnið E öldungis á sömu lund frá atvikum máls þessa og þau höfðu áður gjört hjá rannsóknarlögreglu.

Ákærði kvaðst þó ekki minnast þess sérstaklega, að hann hefði beinlínis hótað E líflláti. Hann fullyrti, að hann hefði engin afskipti haft af stúlkunni, eftir að kæran var lögð fram.

Vitnið E kvaðst hafa búið eitt í húsinu ásamt ungu barni sínu, sem ekki hafði verið heima greint sinn. Vitnið sagðist ekki beinlínis hafa orðið fyrir líkamlegum meiðslum, en hins vegar miklu andlegu áfalli, sem það hefði enn ekki komist yfir. Vitnið E óskaði ekki eftir að koma að skaðabótakröfu í málinu.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, sem rakin hafa verið hér að framan, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæru er lýst, og varðar hún við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Refsing ákærða telst hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuðir.

Með vísan til ungs aldurs ákærða, hreinskilinnar játningar og þess, að

hann hefur eigi áður verið dæmdur sekur um brot gegn almennum hegningarlögum, sem og með sérstakri hliðsjón af aðdraganda og öllum atvikum máls þessa þykir eftir atvikum mega ákveða, að ákvörðun refsingar hans skuli fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Af hálfu ákæruvalds var í munnlegum flutningi málsins fallið frá skaðabótakröfu á hendur ákærða.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000, en Jónatan Sveinsson saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvalds, og málsvarnarlaun Arnar Clausen hrl., skipaðs verjanda síns, krónur 12.000.

Dómsorð:

Ákærði, Sverrir Már Hafsteinsson, sæti fangelsi 12 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000, en málið flutti af hálfu ákæruvalds Jónatan Sveinsson saksóknari, og málsvarnarlaun Arnar Clausen hrl., skipaðs verjanda síns, kr. 12.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1984.

Nr. 60/1983. **Verkamannafélagið Dagsbrún f.h. Tómasar A. Baldvinssonar**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
stjórn Verkamannabústaða í Reykjavík
(Jón Þorsteinsson hrl.)

Vinnusamningar. Uppsagnarfrestur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1983. Dómkröfur hans eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 38.051.00 krónur með 34% ársvöxtum frá 1. apríl 1982 til 14. september 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar að mun og að málskostnaður verði felldur niður.

Uppsagnarbréf áfrýjanda er eigi svo skýrt sem skyldi. Því orkar tvímælis, hversu lengi áfrýjandi hugðist starfa áfram hjá stefnda, eftir að hann afhenti uppsagnarbréfið.

Áfrýjandi hafði unnið svo lengi hjá stefnda, að hann átti rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti frá störfum skv. 1. gr. 1. mgr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, sbr. og 12.2. í kjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar við Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband Samvinnufélaganna og Reykjavíkurborg, dags. 27. október 1980. Samkvæmt 1. gr., 5. mgr., áðurnefndra laga og 12.3. í áminnstum kjarasamningi er uppsagnarfrestur þessi gagnkvæmur, og skulu allar uppsagnir vera skriflegar og miðast við mánaðamót.

Þykir verða að túlka uppsagnarbréf áfrýjanda í ljósi þessara ákvæða. Uppsagnarbréfið var afhent stefnda í febrúar 1982. Uppsagnarfestinn, einn mánuð, átti að miða við næstu mánaðamót. Áfrýjandi átti því rétt á og bar skylda til skv. framangreindum laga- og kjarasamningsákvæðum að vinna þann mánuð og bauð fram þjónustu sína sem járnamaður hinn 1. mars, en var þá vísað frá af verkstjóra stefnda. Af þessum sökum á áfrýjandi rétt á skaðabótum úr hendi stefnda. Eins og starfskjörum áfrýjanda hjá stefnda var háttað, þykir rétt að ákvarða þær bætur að álitum. Bætur þessar þykja hæfilegar ákveðnar 20.000.00 krónur. Ber stefnda að greiða áfrýjanda téða fjárhæð ásamt vöxtum, er í dómsorði greinir, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 15.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, stjórn verkamannabústaða í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Verkamannafélaginu Dagsbrún f.h. Tómasar A. Baldvinssonar, 20.000.00 krónur með 34% ársvöxtum frá 1. apríl 1982 til 14. september 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 15.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi Tómas A. Baldvinsson sagði upp starfi sínu hjá stefnda „frá og með 1. 3. 1982", svo sem segir í bréfi því, sem hann afhenti Gylfa Magnússyni verkstjóra. Í bréfinu var enginn fyrirvari gerður um það, að dagsetningu þessa bæri að skilja svo, að Tómas hygðist starfa uppsagnarfrest þann, sem gilti í vinnusambandi málsaðilja þ.e. mánuð frá 1. mars að telja. Naut Tómas þó að eigin sögn aðstoðar skrifstofustúlku hjá Verkamannafélaginu Dagsbrún við samningu bréfsins. Stefndi hlaut að gera ráð fyrir, að Tómas hygðist hætta störfum 1. mars. Tómas skýrði verkstjórunum Jóni

Björnssyni og Gylfa Magnússyni frá því 26. febrúar, að hann ætlaði að starfa út marsmánuð, en eigi verður séð, að hann hafi fyrr skýrt yfirmönnum sínum frá þeirri túlkun sinni á uppsögninni, og var honum þó kunnugt um það þegar hinn 22. febrúar, að stefndi hafði auglýst eftir járnamönnum til starfa. Samkvæmt þessu tel ég, að staðfesta ætti héraðsdóm og dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. desember 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 8. september 1982.

Sóknaraðili málsins er Verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík f.h. Tómasar A. Baldvinssonar verkamanns, Vesturbergi 52 hér í borg, nafnnúmer 8889-6999.

Varnaraðili er stjórn Verkamannabústaða í Reykjavík, Suðurlandsbraut 30 hér í borg, nafnnúmer 8527-5143.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur í málinu, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum kr. 38.051 með 34% ársvöxtum frá 1. apríl 1982 til 14. september 1982, en með dómvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Varnaraðili krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, en til vara, að kröfur sóknaraðilja verði verulega lækkaðar að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Samkvæmt lögum nr. 51/1980 annast varnaraðili byggingu verkamannabústaða í Reykjavík. Rekur varnaraðili í því sambandi allumfangsmikla byggingarstarfsemi og ræður til sín starfsfólk við verkframkvæmdina og greiðir því kaup. Er aðild varnaraðilja í málinu ekki umdeild.

Um áramótin 1980/1981 réðst Tómas A. Baldvinsson til varnaraðilja sem járnamaður. Tómas fékk greidd laun fyrir störf sín samkvæmt ákvæðisvinnutaxta, sem mun hafa verið í því fólginn, að varnaraðili greiddi honum ákveðið gjald af hverju kg járns, sem Tómas vann. Starf járnamanna er fólgið í því að búta niður steypustyrktarjárn, beygja það eftir þörfum og koma því síðan fyrir í steypumótum og binda það þar.

Eftir áramótin 1981/1982 hafði Tómas sér til aðstoðar mann, Bjarna Ólafsson. Ekki fékk Bjarni greitt samkvæmt ákvæðisvinnutaxta fyrir vinnu sína. Tómas greiddi honum hins vegar tímakaup kr. 60.00 fyrir hverja unna

klukkustund. Virðist Tómas hafa haft mjög gott kaup. Engu að síður ákvað hann að segja starfi sínu lausu. Segir Tómas, að tvær ástæður hafi aðallega verið fyrir því, að hann tók ákvörðun um að segja starfi sínu lausu. Önnur ástæðan hafi verið sú, að verkstjórinn, Jón Björnsson, hafi séð ofsjónum yfir því, hve hátt kaup hann (Tómas) fékk og hafi Jón því viljað fjölga járnamönnum. Einnig hafi verið um ósamkomulag þeirra í milli að ræða. Hin ástæðan hafi verið sú, að hann hafði fengið loforð fyrir vinnu annars staðar og þar hafi hann átt að byrja í apríl 1982. Eftir að Tómas hafði ráðfært sig við starfsstúlku á skrifstofu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, ritaði hann varnaraðilja uppsagnarbréf, og er meginefni textans svohljóðandi:

„Ég undirritaður Tómas A. Baldvinsson, járnamaður, segi upp starfi mínu hér hjá verkamannabústöðum frá og með 1.3. 1982."

Tómas kveðst hafa afhent bréfið, sem var ódagsett, þann 18. febrúar 1982. Tvö vitni, verkstjórar stefnda, þeir Jón Björnsson og Gylfi Magnússon, hafa hins vegar staðhæft hér fyrir dómi, að bréfið hafi Tómas afhent Gylfa miðvikudaginn 10. febrúar 1982. Verður sú staðhæfing þeirra lögð til grundvallar í málinu um afhendingardaginn.

Óumdeilt er í málinu, að samkvæmt kjarasamningi hafi uppsagnarfrestur af hálfu beggja aðilja, Tómasar og varnaraðilja, verið einn mánuður og átt að miðast við mánaðamót.

Tómas kveðst hafa lagt þann skilning í efni bréfsins, að mánaðaruppsagnarfresturinn byrjaði að líða 1. mars 1982, og hann kveðst hafa ætlað að vinna hjá varnaraðilja allan marsmánuð. Áðurgreindir verkstjórar varnaraðilja segjast hins vegar hafa lagt þann skilning í efni bréfsins að Tómas segði upp starfi sínu frá 1. mars og að hann myndi ekki mæta til vinnu þann dag.

Jón Björnsson segir, að þeir hafi fyrst reynt að ráða nýja járnamenn í gegnum kunningsskap. Það hafi ekki gengið. Hafi því verið auglýst í Morgunblaðinu eftir járnamönnum. Auglýsingin birtist 21. febrúar 1982. Réð Jón Björnsson þrjá járnamenn til varnarðilja. Hann segir, að Tómas hafi ekki mætt til vinnu föstudaginn 26. febrúar 1982, svo sem honum hafi borið. Af tilviljun, að því er virðist, hittu þeir Jón og Gylfi þó Tómas þennan dag í Kaffivagninum á Grandagarði, og var hann ekki vinnuklæddur. Kveðst Jón hafa snúið sér að Tómasi og spurt hann, hvort hann ætlaði ekki að taka dótið sitt af vinnusvæðinu, þar sem hann hefði sagt upp starfi sínu frá 1. mars. Tómas hafi þá sagt, að hann ætlaði að vinna í einn mánuð í viðbót. Kveðst Jón þá hafa sagt, að varnaraðili væri búinn að ráða nýja menn, þar sem hann hefði sagt upp störfum frá 1. mars. Kveðst Jón þá hafa boðið Tómasi að vinna almenna verkamannavinnu í einn mánuð, en Tómas hafi ekki þegið það.

Tómas og Bjarni Ólafsson mættu á vinnusvæði varnaraðilja þann 1. mars. Jón Björnsson tilkynnti þeim þá að koma sér út af vinnusvæðinu. Fóru þeir við svo búið. Tómas sneri sér strax sama daginn til Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Starfsmaður félagsins hafði þegar samband við framkvæmdastjóra varnaraðilja, en ekkert samkomulag náðist.

II.

Af hálfu sóknaraðilja er á það bent, að ekkert samráð hafi verið haft við Tómas eða hann látinn vita um það, að varnaraðili liti svo á, að Tómas ætlaði ekki að vinna uppsagnarfrest sinn, né hafi varnaraðili gengið úr skugga um, að svo væri. Þótt fallast megi á, að uppsagnarbréf Tómasar kunni að orka tvímælis um síðasta vinnudag hans, þá gildi sú almenna regla, að menn fari að settum lögum og kjarasamningi og megi þannig ætla, að Tómas hafi talið uppsagnarbréf sitt í samræmi við kjarasamning og lög, enda ekkert fram komið, sem bendi til annars. Starfsmönnum varnaraðilja hafi því borið að ganga úr skugga um, hvort Tómas hygðist rifta vinnuréttarsambandinu heilum mánuði of snemma, áður en varnaraðili réði menn í stað Tómasar. Þetta hafi starfsmenn varnaraðilja ekki gert. Þeir hafi heldur ekki leyft Tómasi að vinna út marsmánuð þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um strax þann 1. mars 1982. Með því og að Tómas hafi ekki þurft að sæta því að vinna almenna verkamannavinnu á uppsagnartímanum, beri varnaraðilja að greiða Tómasi kaup í einn mánuð, sem nemi stefnufjárhæðinni.

III.

Af hálfu varnaraðilja er aðalkrafa um sýknu studd þeim rökum, að uppsagnarbréf Tómasar verði ekki skilið öðruvísi en að hann hafi ákveðið að rjúfa vinnusambandið frá og með 1. mars 1982, þ.e. að hann lyki störfum sínum hjá varnaraðilja að kvöldi síðasta vinnudags í febrúar sem var föstudagurinn 26. febrúar.

Hafi Tómasi láðst að orða uppsagnarbréfið þannig, að meining hans kæmi fram, beri hann sjálfur ábyrgð á því.

Þegar deilan um gildi uppsagnarinnar hófst, hafi verið búið að ráða aðra járnamenn. Hafi Tómas því verið boðið til samkomulags almenn verkamannavinna allan marsmánuð, en því boði hafi hann hafnað.

Kaup Tómasar hafi annars vegar verið tímakaup og hins vegar bónus. Bónusgreiðslurnar hafi verið miklu hærri en tímakaupið. Hann hafi einnig notið bónusgreiðslna af vinnu Bjarna Ólafssonar, sem hafi starfað hjá varnaraðilja á vegum Tómasar. Af þessum sökum sé bótakrafa sóknaraðilja of há. Í reynd hafi Tómas verið sambland af verkamanni og verktaka. Verði ekki séð, að hann eigi rétt á að fá bætur fyrir gróða atvinnurek-

anda. Ef taka eigi bótakröfu sóknaraðilja til greina, sé eðlilegast að miða bótakröuna við laun þeirra, sem tóku við af Tómasi. Samkvæmt dómskjali nr. 14 hafi tveir járnamenn, varnaraðilja fengið í laun kr. 14.563.43 og kr. 15.756.64 í marsmánuði 1982. Eðlilegt sé að miða við meðaltal launa þeirra.

IV.

Tómas A. Baldvinsson hefur gefið skýrslu hér fyrir dómi ásamt vitnunum Gylfa Magnússyni, Jóni Björnssyni, Bjarna Ólafssyni og Halldóri Garðari Björnssyni.

Vitnið Gylfi Magnússon skýrði m.a. svo frá: „Ég er búinn að vera verkstjóri frá 1963. Það er mín reynsla, að það sé mjög sjaldgæft, að verkamenn segi skriflega upp starfi sínu. Algengast er, að menn fari úr vinnunni fyrirvaralaust, þegar þeir eru orðnir leiðir á starfinu eða af öðrum ástæðum. Menn voru þó ekki hýrudregnir, þar sem ég þekki til."

Þegar atvik málsins eru virt, verður að fallast á það með varnaraðilja, að varnaraðili hafi mátt leggja þann skilning í efni bréfs Tómasar, að vinnusambandinu skyldi lokið 1. mars 1982. Ber því að sýkna varnaraðilja af kröfum sóknaraðilja í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Varnaraðili, Stjórn verkamannabústaða í Reykjavík, skal vera sýkn af kröfum sóknaraðilja, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar f.h. Tómasar A. Baldvinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 2. nóvember 1984.

Nr. 30/1984. **Haraldur Jóhannsson og Sigurjón Hildibrandsson**
gegn
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Haraldur Jóhannsson og Sigurjón Hildibrandsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. nóvember 1984.

Nr. 56/1984. **Árni Björgvinsson**
gegn
Mosaik h/f

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árni Björgvinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Mosaik h/f, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 2.600.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóvember 1984.

Nr. 199/1984. **Ingvar Gýgjar Jónsson**
Olga Sigurbjörg Jónsdóttir og
Skafti Sveinbjörnsson
gegn
Friðrik Stefánssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ingvar Gýgjar Jónsson, Olga Sigurbjörg Jónsdóttir og Skafti Sveinbjörnsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 5. nóvember 1984.

Nr. 162/1982. **Bonnie Laufey Dupuis**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Svavari G. Jónssyni
(Gestur Jónsson hrl.)

Fasteignakaup. Greiðsla vaxta af áhvílandi skuld. Skaðabætur. Gallar. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1982 og gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 11.335.40 krónur með 19% ársvöxtum frá 20. febrúar 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september

1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 21.5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, ,,þó þannig að vextir af greiðslu stefnda til áfrýjanda verði áfram almennir innlánsvextir bankastofnana eftir dómsuppsögudag í héraði þann 28.5.82. Vaxtalýsing verði því eins og greinir í héraðsdómi til 1.11.1982, en verði 42% ársvextir frá þ.d. til 21.9.1983, 35% ársvextir frá þ.d. til 21.10.1983, 32% ársvextir frá þ.d. til 21.11.1983, 27% ársvextir frá þ.d. til 21.12.1983, 21.5% ársvextir frá þ.d. til 21.1.1984, 15% ársvextir frá þ.d. til greiðsludags.“ Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greint er í héraðsdómi, viðurkennir áfrýjandi skyldu sína til að gera stefnda skil á 1.664.58 krónum vegna vaxtagreiðslu af skuld talinni tryggðri með 3. veðrétti í Melgerði 4. Hefur hann dregið þá fjárhæð frá þeim 13.000.00 krónum, sem hann telur stefnda eiga ógoldnar af kaupverði hússins.

Í veðskuldabréfi því að fjárhæð 4.000.000 gkr., útgefnu 3. ágúst 1978, sem stefndi tók að sér að greiða með kaupsamningi sínum við áfrýjanda, segir skýrum stöfum, að skuldin beri 13% ársvexti frá 3. ágúst 1977 að telja og enn fremur að vexti þessa skuli greiða á sama gjalddaga og hinar árlegu afborganir af bréfinu, í fyrsta sinn 3. ágúst 1978. Greiðsla stefnda á afborgun og vöxtum hinn 9. ágúst 1978 var í samræmi við þessi ákvæði skuldabréfsins. Samkvæmt afdráttarlausu ákvæði kaupsamnings aðilja bar áfrýjanda að gera stefnda skil á þeim hluta vaxta af skuldum, er stefndi tók að sér að greiða, sem á féllu fram til 10. júní 1978. Enginn ágreiningur er um, að sá hluti umræddrar vaxtagreiðslu nam 447.778 gkr. Samkvæmt þessu og þar sem áfrýjandi hefur ekki leitt næg rök að staðhæfingum sínum um, að af öðrum ástæðum hafi stefnda þó

ekki verið rétt gagnvart sér að inna af hendi umrædda vaxtagreiðslu, var stefnda rétt að draga fjárhæð þessa frá þeim 1.300.000 gkr., sem honum bar að inna af hendi 20. febrúar 1979, er skuldaskil áttu fram að fara milli aðilja og áfrýjandi að gefa út afsal til stefnda.

Með beinu ákvæði í kaupsamningi aðilja bast áfrýjandi skyldu til að halda stefnda skaðlausum af því, ef raki kæmi fram í útveggjum hins selda húss. Héraðsdómur, sem skipaður var byggingafróðum meðdómendum, kannaði þetta atriði á vettvangi og komst að þeirri niðurstöðu, að þessi hefði orðið raunin á og að kostnaður við úrbætur væri hæfilega metinn á 3.000.00 krónur (nýkr.). Þessu hefur í engu verið hnekkt, og verður það því lagt til grundvallar dómi í málinu, að umrædd fjárhæð skuli koma til frádráttar kröfum áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en þó þannig, að frá 1. nóvember 1982 verði vextir af dæmdri fjárhæð þeir, sem áfrýjandi krefst og greint er í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að frá 1. nóvember 1982 til 21. september 1983 verði vextir af hinni dæmdu fjárhæð 42% ársvextir, en 35% ársvextir frá þeim degi til 21. október 1983, 32% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% ársvextir frá þeim degi til 21. desember 1983, 21.5% ársvextir frá þeim degi til 21. jánúar 1984, 15% ársvextir frá þeim degi til 11. ágúst 1984, en 17% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Bonnie Laufey Dupuis, greiði stefnda, Svavari G. Jónssyni, 11.000.00 kr. í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 28. maí 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ.m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Bonnie Laufeyju Dupuis húsfreyju, nnr. 1379-0590, Hofsvallagötu 59,

Reykjavík, á hendur Svavari G. Jónssyni lögreglumanni, nnr. 8677-7010, Melgerði 4 í Kópavogi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 13.000.00 með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 20. febrúar 1979 til 1. júní 1979, með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til 1. september 1979, 4.50% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til 1. júní 1980, 4.75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags — allt að frádregnum kr. 1.644.58 — auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og mati dómsins.

Aðalstefndi, Svavar G. Jónsson, krefst sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök og til vara stórfelldrar lækkunar á kröfunum. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda.

Með stefnu, útgefinni 23. júní 1980, höfðaði aðalstefndi gagnsök, og eru dómkröfur þær, að aðalstefnandi verði dæmdur til greiðslu kr. 12.200.36 með 19% ársvöxtum frá 20. febrúar 1979 til 1. júní s.á., en með 22% ársvöxtum frá þ.d. til 1. september s.á., en með 27% ársvöxtum frá þ.d. til 1. september s.á., en með 31% ársvöxtum frá þ.d. til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þ.d. til stefnubirtingardags 24. júní 1980, en með dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags. Ennfremur er sú krafa gerð, að aðalstefnanda verði gert skylt með dómi að gefa út afsal fyrir þinglýstum eignarhluta sínum í fasteigninni Melgerði 4 í Kópavogi honum til handa og verði veðbönd og aðrar kvaðir á eignarhlutanum í samræmi við kaupsamning aðilja, dags. 28. mars 1978. Allt gegn greiðslu á kr. 799.64 til aðalstefnanda, sem er mismunur á kröfum í aðalstök og gagnsök. Þá er krafist greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Þess er krafist jafnframt, að dómkröfur í gagnsök verði notaðar til skuldajöfnunar við kröfur aðalstefnanda í aðalsök að svo miklu leyti sem unnt er svo og að sjálfstæður dómur verði kveðinn upp um kröfu aðalstefnda, að fá útgefið afsal úr hendi aðalstefnanda. Til vara er krafist, að kveðinn verði upp sjálfstæður dómur um allar kröfur í gagnsök.

Aðalstefnandi krefst sýknu í gagnsök af öllum kröfum aðalstefnanda, sbr. viðurkenningu á skyldu til greiðslu kr. 1.664.58 vegna vaxtagreiðslu af 3ja veðréttarláni, en þessi greiðsla er dregin frá stefnukröfum í aðalsök. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðalstefnda að skaðlausu eftir mati dómsins. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á kröfum aðalstefnda og málskostnaðar.

Gagnsökin hefur verið sameinuð aðalsökinni og málið flutt þannig.

Samkvæmt fyrirliggjandi skjölum og öðrum gögnum eru málsatvik þau, að með kaupsamningi, gerðum 28. mars 1978, seldi aðalstefnandi aðalstefnda 4ra herbergja íbúð sína á 1. hæð Melgerði nr. 4 í Kópavogi fyrir gkr. 12.775.000. Útborgun var ákveðin gkr. 7.700.000 með 5 greiðslum,

sem dreifðust á eitt ár, og var síðasta greiðslan gkr. 1.300.000 hinn 20. apríl 1979. Þá tók aðalstefndi að sér greiðslu á eftirtöldum áhvílandi veðskuldum eins og greinir í samningnum: ,,3. veðréttarskuld við handhafa skv. 3 veðbréfum dags. 25/10'77 upphaflega að fjárhæð kr. 1.671.000 samtals, að eftirstöðum kr. 1.072.000 (einu bréfanna verði aflýst fyrir hinn 3/12'78). 4. veðréttar-óþinglýst skuld við handhafa að fjárhæð kr. 4.000.000.“

Afsal til aðalstefnda skyldi gefið út 20. febrúar 1979, er hann hefði fullnægt skuldbindingum sínum. Afnot íbúðarinnar fengi hann hinn 10. júní 1978. Þá var í samningnum svofellt ákvæði: ,,Verði vart við raka í útveggjum hússins skal kaupandi skaðlaus af því.“

Á fyrirhuguðum afsalsdegi, hinn 20. febrúar 1979, lá fyrir samkvæmt útreikningi fasteignasalans, er söluna hafði annast, að aðalstefndi hafði greitt í vexti af yfirteknum lánum samkvæmt kaupsamningi á 3ja veðrétti og 4ða veðrétti (óþinglýst) gkr. 614.236, sem aðalstefnandi taldi, að koma ætti í hlut aðalstefnanda samkvæmt viðteknum reglum um uppgjör vaxta.

Aðalstefndi hafði orðið var við raka í útveggjum íbúðarinnar og leitað fyrir sér um samkomulag við aðalstefnanda um bætur. Gengu bréf og orðsendingar milli lögmanna aðilja út af þessu ágreiningsefni frá því í mars 1979 fram á vor 1980. Í ársbyrjun 1980 tilkynnti aðalstefndi þá fyrirætlun sína að fá dómkvadda matsmenn til að skoða og meta galla þá, sem hann taldi fram komna vegna leka og raka. Með bréfi, dagsettu 20. febrúar 1980, beiddist aðalstefndi dómkvaðningarinnar, en þar segir svo m.a.:

,,1. Er hægt að greina, hverjar eru orsakir þess, að áðurnefndir veggir og loft hafa sprungið og lekið sem raun ber vitni. Og ennfremur er spurt, hvort þau atriði, er áður voru nefnd, flokkast undir galla eða vansmíði.

2. Hvað þarf að gera til lagfæringar á umræddum göllum? Í því sambandi óskast sérstaklega athugað, hvort nauðsynlegt er að rýma íbúðina á meðan viðgerð stendur, svo og hvort viðgerðin hafi í för með sér, að e.t.v. þurfi að mála alla íbúðina aftur eða hreingera hana. Þurfi að mati matsmanna að rýma íbúðina á meðan viðgerð, hluti hennar eða hún öll, fer fram, er þess óskað, að áætlaðar verði hæfilegar bætur til umbjóðanda míns vegna flutningsins og kostnaðar við hann. Þurfi jafnframt að mála íbúðina aftur eða hreingera hana, er ennfremur óskað eftir að sú framkvæmd verði metin til fjár.

3. Hvað kæmi umrædd viðgerð til með að taka langan tíma undir venjulegum kringumstæðum? Hvað er áætlað kostnaðarverð slíkra lagfæringa?

4. Verði matsmenn við skoðun varir við frekari galla eða vansmíðar heldur en sérstaklega eru taldar upp í beiðni þessari, er þess óskað,

að þeir láti í té rökstutt og sundurliðað álit á þeim í samræmi við framanritað.“

Til að framkvæma hið umbeðna mat voru hinn 25. febrúar 1980 dómkvaddir á bæjarþingi Kópavogs þeir Jósef Halldórsson húsasmíðameistari og Ólafur Bjarnason múrarameistari. Skiluðu þeir matsgerð, dagsettri 28. apríl 1980. Segir þar á þessa leið:

„*Vettvangsskoðun*
Stofa
Sýnileg raka og/eða leka ummerki á stofulofti undir svölum efri hæðar. Húseigandi kvað leka hafa hætt eftir að sett var gólftex á svalirnar. Rakaummerki á veggjum við svaladyr úr stofu.

Svefnherbergi
Í og við loftkverk á suðurvegg er rakamyndun, upphlaupin málning og flögnuð, einnig af gluggaáfellum og sólbekk.

Úti
Laus múr ofan við svaladyr og með þeim.
Laus múr við stofuglugga ofan og neðan við gluggann og einnig á bandi ofan við gluggann.
Laus múr á vesturvegg við stofuglugga og að suðurhorni húsveggs.

Úrbætur inni
Mála þarf stofu og svefnherbergi að öllu leyti.

Úrbætur utanhúss
Fjarlægja ca. 4 borð neðst af veggklæðningu efri hæðar (stofu). Hreinsa upp rauf milli blýkants og steinrennu. Sprauta í rifu þessa með þakkýtti eða silicon, beygja síðan járnkant ca. 25 cm. upp á vegginn og niður í rennuna. Undir þann járnflöt, sem í rennuna gengur er sett fyllerblokk (svampgúmmí). Síðan er klætt að nýju.
Mála svalir 2 yfirferðir með E 21 málningu.
Brjóta allan lausan múr og hreinsa upp sárin. Múrhúða að nýju og mála.
Engar óeðlilegar sprungur eru sjáanlegar innanhúss, né heldur vansmíði.
Ekki er að mati matsmanna ástæða til að rýma íbúðina vegna þessara framkvæmda.
Áætlaður verktími ca. 2 vikur.
Kostnað þennan teljum við hæfilega metinn á kr. 502.000. Fimm hundruð og tvö þúsund.“

Við aðalflutning málsins 18. þ.m. komu matsmennirnir fyrir dóminn og

staðfestu gerðina og gerðu grein fyrir sundurliðun matsupphæðarinnar. Aðspurðir kváðu þeir matsgerðina fjalla að mestu leyti um leka og raka og afleiðingar, en einnig um sprungur og lausa pússningu að utan. Þeir kváðu lögmenn beggja aðilja hafa verið boðaða til matsskoðunar, að þá best minnti, en þeir hefðu hvorugur komið. Hefði aðalstefndi einn verið við vettvangsgöngu með þeim.

Aðalstefnandi sagði í sinni skýrslu m.a., að hún hefði keypt umrædda íbúð af Einar Rafni Stefánssyni sölumanni í desember 1977. Hluta kaupverðsins, gkr. 4.000.000, hafi hún staðið skil á með því að taka að sér greiðslu á handhafaveðskuldabréfi í eigninni sömu fjárhæðar, dagsettu 3. 8. 1978, svo sem komist hefði verið að orði í kaupsamningnum. Hefði hún skilið það svo, að umrætt veðskuldabréf ætti að bera vexti frá útgáfudegi og fyrsti gjalddagi væri ári seinna. Kvað hún þetta umrædda veðskuldabréf vera hið sama og aðalstefndi hafði tekið að sér greiðslu á gagnvart sér í kaupum þeirra og síðan borgað af í ágúst 1978 án þess að hafa samband við sig eða hún við hann. Hún kvaðst eigi hafa gefið neina nákvæma lýsingu á téðu veðskuldabréfi við kaup þeirra Svavars. Bonnie kvað já við spurningu þess efnis, hvort Svavar hefði mátt ætla, að bréfið, sem hann borgaði af í águst 1978, væri skuldin, sem hann hefði tekið að sér greiðslu á í samningi þeirra.

Aðalstefnandi sagði, að ákvæðið um skaðleysi aðalstefnanda, ef vart yrði raka í útveggjum hússins, hefði verið sett í samninginn að sinni ósk. Hefði sér fundist rétt að skipa svo málum, þar sem hún hefði óskað eftir og fengið svipað ákvæði í kaupsamning sinn við Einar Rafn Stefánsson. Hún kvað aðalstefnda hafa gert sér viðvart um, að fram voru komnir gallar vegna leka og raka að hann taldi. Aðalstefnandi kvaðst eigi hafa orðið vör leka eða raka þá 6 mánuði, sem hún bjó í íbúðinni. Hún sagðist eigi hafa verið boðuð til matsgerðarinnar.

Aðalstefndi sagði í sinni skýrslu, að kaupsamningur aðalstefnanda og Einars Rafns Stefánssonar hefði ekki legið frammi, er þau gerðu samninginn um kaupin. Hann sagðist hafa skoðað íbúðina fyrir kaupin og þá tekið eftir því, sem virtist vera merki um rakaskemmdir í svefnherbergislofti. Við spurningu um þetta hefði hann fengið þau svör, að þarna hefði lekið, en búið væri að gera við það á fullnægjandi hátt. Þetta hefði hann tekið gott og gilt og skaðleysisákvæðið vegna raka í samningum hefði auðvitað ekki verið sér á móti skapi.

Svavar kvaðst hafa fengið upplýsingar um veðskuldabréfið að fjárhæð gkr. 4.000.000 á fasteignasölunni, er hann gerði skriflegt tilboð í eignina, þ.e. að gjalddagi væri í ágúst 1978, vextir væru 12% á ári og hvar greiða ætti af því. Þegar að gjalddaganum kom, hafi hann innt greiðsluna af hendi á lögfræðiskrifstofu Ingvars Björnssonar og Péturs Kjerúlfs í Hafnarfirði.

Hefði allt stemmt, sem um hefði verið talað áður, nema það, að bréfið bar 13% ársvexti. Hefði hann mótmælt því, en ekki talið sér fært annað en borga.

Þegar dró að fyrirhuguðum afsalsdegi, 20. febrúar 1979, kvaðst aðalstefndi hafa haft samband við fasteignasöluna og lýst áhuga sínum að ganga frá málum. Hafi hann verið tilbúinn með peningana, sem hann átti að greiða, en þá hafi sakir staðið svo, að óaflýst hafi verið veðum, sem átti að aflétta, og aðalstefnandi ekki orðin þinglýstur eigandi.

Árni Stefánsson viðskiptafræðingur, sem annaðist gerð kaupsamningsins, og Pétur Kjerúlf héraðsdómslögmaður hafa borið vitni í málinu. Eigi þykir ástæða til að rekja einstök atriði úr skýrslum þeirra hér.

Aðalstefnandi gerir þá grein fyrir kröfum sínum í aðalsök, að samkvæmt kaupsamningi aðilja, dagsettum 28. mars 1978, hafi aðalstefndi átt að greiða kr. 13.000.00 hinn 20. febrúar 1979. Þetta hafi hann ekki fengist til að gera þrátt fyrir hið skýra og skorinorða samningsákvæði. Hann hafi borið fyrir sig gagnkröfur, sem strax hafi verið vísað á bug sem röngum nema kröfu hans vegna vaxtagreiðslu, kr. 1.664.58, af 3ja veðréttarláni.

Varðandi gagnkröfur aðalstefnda að öðru leyti þá vísar aðalstefndi þeim alfarið á bug nema kröfunni um afsal sem slíkri, ef aðalstefndi efni að fullu allar greiðsluskuldbindingar sínar. Hann telur, að óþinglýst skuldabréf að upphæð gkr. 4.000.000, sbr. 7. tölulið kaupsamningsins, hafi alls ekki átt að bera vexti nema frá fyrirhuguðum útgáfudegi 3ja ágúst 1978 og vera með fyrsta gjalddaga ári seinna. Þar sem þessu hafi verið svo farið, hafi aðalstefndi innt greiðslu sína af hendi á sína eigin ábyrgð einvörðungu, þar sem hann hafði engin samráð, spurði hvorki kóng né prest, er hann borgaði. Eigi hann því enga framkröfu á sig.

Um gagnkröfur byggðar á matsgerð hinna dómkvöddu manna segir aðalstefnandi, að þeim sé alfarið mótmælt bæði tölulega og efnislega, m.a. vegna þess, að sér hafi hvorki verið gefinn kostur á að vera við dómkvaðninguna né matsskoðunina og gæta hagsmuna sinna. Aðalstefnandi bendir ennfremur á, að orðalag og ummæli í matsgerðinni svo og framburður matsmanna fyrir dóminum sýni skýrt og greinilega, að þar sé fjallað um miklu meira en þau atriði, sem beint séu tengd skaðleysisákvæðinu í kaupsamningnum, þ.e. matsgerðin fjalli að mestu leyti um úrbætur á atriðum, sem sjáanleg voru við skoðun. Þau atriði falli alls ekki undir nefnt samningsákvæði og séu ekki bótaskyld eftir neinum öðrum réttarheimildum.

Aðalstefndi rökstyður sýknukröfu sína í aðalstök með því, að gagnkröfur hans að fjárhæð kr. 12.200.36 og boð hans um greiðslu kr. 779.64 gangi móti kröfu aðalstefnanda, sem þannig sé fullgreidd. Hann mótmælir sérstaklega vaxtakröfum aðalstefnanda sem fordæmalausum og án nokkurrar lagastoðar.

Gagnkröfu sína að fjárhæð kr. 12.200.36 byggir hann á ákvæðum kaupsamnings aðilja, þ.e. 7. tölulið, og skaðleysisákvæðinu svo og á framlagðri matsgerð. Hann sundurliðar gagnkröfuna þannig, að kr. 1.664.58 séu vegna greiðslu vaxta af 3ja veðréttarláni, sem falli í hlut aðalstefnanda, kr. 4.477.78 sé hlutur aðalstefnanda af vaxtagreiðslu af 4ða veðréttarláni, kr. 5.020.00 vegna skaðabóta samkvæmt framlagðri matsgerð og kr. 1.038.00 vegna matskostnaðar, en samtals geri þetta kr. 12.200.36. Fyrsta liðinn hafi aðalstefnandi reyndar viðurkennt við munnlegan málflutning, en greiðsluskylda hans á vöxtum af óþinglýstu 4ða veðréttarláni til afhendingardags 10. júní 1978 byggist á skýrum og ótvíræðum reglum varðandi fasteignakaup og beinu ákvæði í kaupsamningi, þ.e. að hann sjálfur greiði af íbúðinni skatta og skyldur svo og vexti af áhvílandi lánum frá afhendingardegi, en aðalstefnandi sem seljandi til sama tíma. Upplýst sé, að hann hafi fullnægt samningsskyldum sínum með greiðslu afborgunar og vaxta af greindu láni, sem aðalstefnandi hafi sjálf undirgengist að standa straum af, er hún keypti, og síðan samið um að hann sæi um sem sína skuld framvegis.

Samkvæmt hinu skýlausa ákvæði um skaðleysi sitt, ef vart yrði raka í útveggjum, hafi aðalstefnandi undirgengist skilyrðislaust að bæta sér það tjón, sem af þessum sökum hlytist. Eftir þrálátar samningstilraunir og langlundargeð hafi hann neyðst til þess að óska eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta skaðann, sem hlotist hafi af raka- og lekaskemmdum. Matið liggi fyrir og hafi því eigi verið hnekkt. Beri því að taka kröfuna samkvæmt því svo og um matskostnað að fullu til greina.

Álit dómsins og niðurstaða.

Svo sem mál þetta er lagt fyrir og flutt, þykir eðlilegt að fjalla um báðar sakir jafnhliða og í samfelldu máli og draga úrslit saman í loknaniðurstöðu. Í samræmi við það verður ákvörðun um málskostnað í einu lagi fyrir báðar sakir.

Ágreiningslaust er, að aðalstefndi á eftir að greiða kr. 13.000.00 af kaupverði íbúðarinnar, sbr. 5. tölulið kaupsamningsins, að frádregnum lögmætum og viðurkenndum gagnkröfum, svo sem vegna vaxtagreiðslna af áhvílandi lánum, sem koma áttu í hlut aðalstefnanda samkvæmt fastri viðskiptavenju og beinu ákvæði í kaupsamningi.

Hinn 20. febrúar 1979, er umrædd lokagreiðsla skyldi fara fram og afsala átti í búðinni til aðalstefnda, stóðu svo sakir, að hann hafði greitt vexti af 3ja veðréttarláni, kr. 1.664.58, sem koma áttu í hlut aðalstefnanda, og sömuleiðis kr. 4.477.78 af óþinglýstu 4ða veðréttarláni, sem hann taldi, að koma ætti í hlut aðalstefnanda einnig. Hefur aðalstefnandi viðurkennt

skyldu sína til greiðslu greindra vaxta af fyrrgreinda láninu, en synjar fyrir hið síðara.

Þegar virt eru öll atvik varðandi ágreiningsefni þetta svo og rök aðilja, verður að álíta, að aðalstefnandi hafi réttilega verið að fullnægja skyldum sínum samkvæmt kaupsamningi aðilja, er hann greiddi af umræddu veðbréfi afborgun og vexti frá 9. desember 1977. Verður eigi talið, að honum hafi borið nokkur skylda til að leita samþykkis eða hafa samráð við aðalstefnanda um borgunina. Með tilvísun til kaupsamnings aðilja og viðskiptavenju bar aðalstefnandna að standa straum af greiðslu vaxta umræddra láns frá 7. desember 1977 til 10. júní 1978. Ber því að taka til greina gagnkröfu aðalstefnda reista á því.

Aðiljar eru á einu máli um það, að umrætt skaðabótaákvæði hafi verið sett í klaupsamninginn að ósk aðalstefnanda. Þykir rétt, svo sem öll atvik voru, að skýra umrætt ákvæði nákvæmlega eftir orðanna hljóðan, en ekki rúmt. Verður því talið, að aðalstefnandi hafi skuldbundið sig til að bæta aðalstefnda það tjón, sem beinlínis hlytist af raka og leka í útveggjum og aðgerðum til að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

Dómendur hafa farið á vettvang og gert skoðun. Það er álit þeirra, að matsgerð hinna dómkvöddu manna hafi í engu verið hnekkt af aðalstefnanda, enda fjalla mótmæli af hans hálfu gagnvart matinu hvorki um hæfi matsmannanna né um niðurstöður þeirra. Óhrakin er sú staðhæfing matsmannanna, að þeir hafi boðað lögmann aðalstefnanda til matsskoðunar. Þegar það er athugað, sem nú hefur verið rakið, þykir rétt að leggja matsgerðina til grundvallar bótum, sem aðalstefndi á rétt á vegna raka- og lekaskemmda í útveggjum.

Þegar matsgerðin er virt svo og framburður hinna dómkvöddu manna, er það álit dómsins, að hún fjalli um nokkuð víðtækara svið og fleiri þætti en bókstafstúlkun orðanna í greindu samningsákvæði gefur tilefni til. Kemur þetta greinilega fram við skoðun á staðnum og í sundurliðun matsmanna á matsupphæðinni, en þar eru stórir liðir, sem varða atriði, sem telja verður, að hafi verið sýnileg við skoðun, svo sem viðgerðir utanhúss vegna múrbrota. Að þessu athuguðu þykja bætur til handa aðalstefnda vegna leka og raka í útveggjum hæfilega ákveðnar kr. 3.000.00.

Um kröfu aðalstefndu til matskotnaðar, kr. 1.038.00, verður fjallað við ákvörðun málskostnaðar, sbr. 5. tölulið 175. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt því, sem nú er sagt, verða gagnkröfur aðalstefnanda á hendur aðalstefnanda að upphæð kr. 9.142.36 teknar til greina og verður aðalstefnandi dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar. Heildarniðurstaða í báðum sökum verður þá sú, að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 3.857.64 (13.000.00 ÷ 9.142.36), en með almennum innlánsvöxt-

um bankastofnana frá 20. febrúar 1979 til greiðsludags. Gegn greiðslu nefndrar fjárhæðar ber að dæma aðalstefnanda til útgáfu afsals til aðalstefnda fyrir greindri íbúð í samræmi við ákvæði kaupsamnings þeirra frá 28. mars 1978.

Eftir þessum úrslitum og með hliðsjón af öllum málsatvikum þykir rétt, að aðalstefndi greiði aðalstefnda kr. 4.000.00 upp í málskostnað, sem að öðru leyti falli niður.

Dómur þessi er uppkveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni héraðsdómara og meðdómendunum Kristni Kristinssyni húsasmíðameistara og Ólafi H. Pálssyni múrarameistara.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Svavar G. Jónsson, greiði aðalstefnanda, Bonnie Laufeyju Dupuis, kr. 3.857.64 með 19% ársvöxtum frá 20. 2. 1979 til 1. 6. 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 9. 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 12. 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1981 og með 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags — allt gegn afhendingu afsals úr hendi aðalstefnanda fyrir 4ra herbergja íbúð á 1. hæð hússins nr. 4 við Melgerði í Kópavogi í samræmi við ákvæði kaupsamnings aðilja frá 28. mars 1978.

Aðalstefnandi greiði aðalstefnda kr. 4.000.00 upp í málskostnað, sem að öðru leyti falli niður.

Fimmtudaginn 8. nóvember 1984.

Nr. 104/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
John Ernest Benedikz
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1984.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að ákærði verði sakfelldur og honum gerð refsing og viðurlög samkvæmt ákæru og til að greiða allan áfrýjunarkostnað. Ágrip málsins barst Hæstarétti 29. ágúst 1984.

Ákærði hafði gangsett bifreiðina R 45061 og tendrað ökuljós hennar, er lögreglumenn komu að honum aðfaranótt laugardagsins 26. nóvember 1983, eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Þá er sannað með framburði lögreglumannanna Ólafs Egilssonar og Skarphéðins Njálssonar svo og af hjólförum bifreiðarinnar í snjónum, að hún hafði færst úr stað. Af þessu verður að telja nægilega sannað þrátt fyrir framburð ákærða, að hann hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn.

Varðar brot ákærða við þau lagaákvæði, sem í ákæru greinir. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 8.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 ber að svipta ákærða ökuréttindum í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, John Ernest Benedikz, greiði 8.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1984.

Ár 1984, mánudaginn 13. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 58/1984: Ákæruvaldið gegn John Ernest Benedikz, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. janúar 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur John Ernest Benedikz, lækni, Óðinsgötu 24, Reykjavík, fæddum 30. apríl 1934 þar í borg, fyrir að aka, laugardaginn 26. nóvember 1983, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-45061 stuttan spöl í Ingólfsstræti í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt kærum og refsingum, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt laugardaginn 26. nóvember 1983 hafði lögreglan afskipti af ákærða í Ingólfsstræti við Bankastræti í Reykjavík, þar sem hann hafði gangsett bifreiðina, og lögreglumenn töldu, að hann hygðist aka af stað, en bifreiðin færðist úr stað. Fannst þá áfengisþefur af vitum hans, og sýndi öndunarsýni, sem tekið var, III. stig. Ákærði var færður á lögreglustöð til skýrslutöku hjá varðstjóra og eftir það á slysadeild Borgarspítalans til blóðtöku. Við rannsókn á blóðinu hjá Rannsóknastofu í lyfjafræði reyndist það hafa að geyma 1.37‰ af alkóhóli.

Ákærði hefur gefið skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og einnig hér fyrir dómi. Hann tjáði lögreglumönnum strax á staðnum, að hann hafi einungis ætlað að gangsetja bifreiðina. Ákærði kom einnig fljótt með þá skýringu, að bifreiðin ætti að seljast og hann hefði áhyggjur af gangsetningu hennar. Hann hefði lagt bifreiðinni í Ingólfsstræti, eftir að hann hætti vinnu á Landspítalanum um kl. 23:00, en þá hafi hann farið að skoða í búðarglugga.

Er hann hafi ætlað aftur á bifreiðinni, hafi hún ekki farið í gang og hafi hann þá gengið heim. Hann kvaðst síðan hafa verið heima, drukkið þar 3 - 4 glös af rauðvíni, en um kl. 02:00 hafi hann fengið sér göngutúr og gengið að bifreiðinni, þar sem hún stóð. Hafi hann haft af því nokkrar áhyggjur, hvort hún færi í gang, þar sem hann ætlaði að setja hana á bílasölu daginn eftir. Hann kvaðst því hafa sest upp í bifreiðina og sett hana

í gang og hafi hann ætlað að láta hana ganga smástund og fylgjast með gangi hennar. Hafi hann, er hann setti bifreiðina í gang, tekið hana úr gír og að hún við það runnið aftur á bak. Lögreglan hafi komið að í því og hafi honum brugðið við það og sennilega muni bifreiðin hafa kippst áfram um nokkra sentimetra, er hann setti hana í gír aftur.

Ákærði kvaðst ekki hafa ætlað að aka bifreiðinni. Það hafi verið tilgangur hans að fá sér göngutúr og hafi hann í leiðinni ætlað að líta við að Þingholtsstræti 17, en þar væri hann að standsetja íbúð. Hafi hann, eins og áður segir, gengið fram hjá, þar sem bifreiðin stóð og þar sem það olli honum talsverðum áhyggjum, hvort hún væri biluð hafi hann reynt gangsetningu til að fullvissa sig um, hvort hann þyrfti að gera frekari ráðstafanir að morgni. Hann hafi síðan ætlað að halda göngu sinni áfram, er hann hefði farið í Þingholtsstrætið, og ganga heim.

Framanritað er úr framburði ákærða hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 12. desember sl.

Ákærði hafði sama að segja fyrir dómi, en framburður hans var þessi: „Ákærði kveðst ekki hafa ætlað að aka bifreiðinni og telur raunar að hann hafi ekki ekið henni. Hann kveðst hafa gangsett bílinn einsog hann hafi þegar gefið skýrslu um. Hann kveðst ekki skilja bílinn eftir í bremsu þegar frost eru. Hann hafi tekið hann úr gír þegar hann gangsetti og ekki sett handbremsu á af ótta við frostið, því kunni bifreiðin að hafa runnið örlítið til. Ákærði bendir á að framhjólin hafi snúið beint fram en ekki til hliðar sem þó þurfi er bifreið er ekið út af stæði út á akbraut. Ákærði telur víst að lögreglumennirnir hafi tekið eftir því. Ákærði kveðst ekki þurfa bifreið til að aka milli Óðinsgötu 24 og Þingholtsstræti 17, en þangað gekk ákærði í þetta sinn og fór þá að bifreiðinni og gangsetti hana eins og fram er komið, til þess að láta vélina hitna en ákærði hafði áhyggjur af bílnum, þar sem átti að selja bílinn. En ákærði kveður gangsetningu bílsins erfiða ef hann var ekki gagnsettur á hverjum degi.

Ákærði kveður það algert „prinsipp" hjá sér að aka ekki undir áhrifum áfengis. Hann bendir á að hann hafi reikning hjá Bæjarleiðum og þeir aki sér ef svo komi fyrir að hann neyti áfengis og þurfi akstur."

Lögreglumennirnir Skarphéðinn Njálsson aðstoðarvarðstjóri og Ólafur Egilsson, er afskipti höfðu af ákærða, gáfu skýrslur fyrir dómi. Í framburði Skarphéðins kom fram, að þeir lögreglumenn hafi orðið varir við bifreið ákærða, er þeir komu að gatnamótum Ingólfsstrætis og Bankastrætis. Þeir hafi séð, að bifreiðin var með ljósum, og einnig merktu þeir örlitla hreyfingu.

Vitnið man, að ákærði leit til vinstri líkt og hann væri að aka af stað. Vitnið vill hins vegar ekki fullyrða, að ákærði hafi lagt á bifreiðina út í götuna. Vitnið sá aðeins hjólför bifreiðar ákærða úr lögreglubifreiðinni,

en vitnið minnir helst, að hann hafi ekki farið úr lögreglubifreiðinni. Lögreglubifreiðinni hafði verið ekið í fyrstu örlítið lengra en bifreið ákærða, en síðan bakkað að bifreið hans. Ólafur fór út og hafði tal af ákærða og mældi hjólförin. Ákærði hafði þá þegar drepið á bifreiðinni og kom strax yfir í lögreglubifreiðina. Vitnið man, að ákærði sagði strax þarna á staðnum, að hann hefði aðeins ætlað að gangsetja, og minnir vitnið, að ákærði hafi bætt því við, að það væri til að ganga úr skugga um, hvort hún væri í lagi, þannig að hún færi í gang. Vitnið segir, að ákærði hafi gefið nánari skýringar á þessu hjá varðstjóra.

Vitnið kvað ákærða hafa komið mjög kurteislega fram. Hann hafi verið sannfærandi í frásögn sinni, og vitninu finnst ekki ástæða til þess að rengja hann. Lögreglumanninum Ólafi Egilssyni sagðist svo frá, að þeir lögreglumenn hafi séð ákærða, er þeir óku suður Ingólfsstræti og komu að Bankastræti. Vitnið sá, að bifreið ákærða var með ljósum, og merkti hreyfingu á henni áfram. Lögreglubifreiðinni var ekið rétt fram fyrir bifreið ákærða, vitnið fór þá út úr lögreglubifreiðinni, hafði tal af ákærða og mældi hjólför bifreiðar hans. Vitnið segir ákærða hafa verið taugaóstyrkan, hann hafi eftir stutta umhugsun haldið því fram, að ætlan hans hafi einungis verið að gangsetja bílinn, en ekki að aka honum. Nánari skýringu gaf hann á þessu á leiðinni. Hann sagði þá, að ætlan hans væri að selja bílinn og hann því viljað vita, hvort vélin færi í gagn.

Vitnið segir hjólför bifreiðar ákærða hafa verið beint fram, hann hafi því ekki verið búinn að leggja á bifreiðina út í götuna.

Vitnið segir ákærða hafa verið kurteisan í framkomu.

Aðspurt kveður vitnið frásögn ákærða ekki hafa verið ótrúverðuga.

Í málinu liggur fyrir óyggjandi, að ákærði gagnsetti bifreiðina R 45061, aðfaranótt laugardagsins 26. nóvember 1983 í bifreiðastæði í Ingólfsstræti við Bankastræti í Reykjavík. Bifreiðin hreyfðist örlítið úr stað, bæði áfram og aftur á bak. Ákærði hefur staðfastlega neitað því að hafa ætlað að aka bifreiðinni. Í ljós hefur verið leitt, að ákærði hafði ekki lagt á bifreiðina út í götuna. Sögn hans um gangsetninguna er ekki ótrúverðug, eins og annar lögreglumannanna komst að orði í framburði sínum hér fyrir dómi. Hinum fannst ekki ástæða til að rengja frásögn hans. Hins vegar eru dæmi þess, að menn hafa verið dæmdir, ef bifreið þeirra hefur hreyfst úr stað. Það hefur án vafa ráðið kærunni á manninn og síðan útgáfu ákærunnar á hendur honum.

Við mat á sakargögnum verður að ætla, að ákærði hafi ekki hugsað sér að aka bifreiðinni. Gangsetningin verður því eigi talin liður í akstri hennar. Að mati dómarans verður hin lítilfjörlega hreyfing bílsins heldur ekki talin þáttur í akstri hennar. Hún kippist aðeins til fyrir hreinan klaufaskap. Ákærði verður því hvorki dæmdur fyrir akstur né tilraun til aksturs. Hann

verður því sýknaður af kröfum ákæruvaldsins og sakarkostnaður felldur á ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákærði, John Ernest Benedikz, er sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 9. nóvember 1984.

Nr. 211/1984. **H/f Eimskipafélag Íslands**
gegn
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja

Kærumál. Lögbann. Frávísun. Hafnað kröfu um áminningu á hendur fógeta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með tilvísun til lokaákvæðis 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. október 1984, sem barst Hæstarétti næsta dag. Hann krefst þess aðallega, að umbeðið lögbann verði lagt á, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að taka lögbannskröfuna til efnislegrar úrlausnar. Hvernig sem málið fari að öðruleyti, krefst hann þess, að setufógetanum verði veitt áminnig „fyrir að hafa synjað lögbannskröfu kæranda á þeim grundvelli að lögbann sé ekki tiltækt réttarúrræði í vinnudeilu svo sem fram kemur í forsendum úrskurðar hans." Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist að kröfu sóknaraðilja verði hrundið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Úrskurðir fógetaréttar um það, hvort fógetagerð skuli fara fram eða ekki, sæta samkvæmt a lið 3. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 eigi

kæru til Hæstaréttar. Verður því ekki hjá því komist að vísa aðalkröfu og varakröfu sóknaraðilja frá dómi, enda verða þær kröfur eigi studdar við lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Héraðsdómari verður eigi látinn sæta viðurlögum samkvæmt nefndu lokaákvæði 21. greinar fyrir rökstuðning sinn fyrir dómsúrlausn. Um hann verður eigi fjallað í Hæstarétti nema í sambandi við löglegt málskot dómsúrlausnar. Er því eigi fært að verða við kröfur sóknaraðilja um áminningu á hendur setufógetanum.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Krafa sóknaraðilja um, að Eggert Óskarssyni setufógeta verði veitt áminning, er eigi tekin til greina. Að öðru leyti er kröfum sóknaraðilja vísað frá dómi.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Úrskurður fógetaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 23. október 1984.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 22. október sl., er höfðað fyrir fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af H/f Eimskipafélagi Íslands, Pósthússtræti 2, Reykjavík, með lögbannsbeiðni, dags. 18. október sl.

Endanleg kröfugerð gerðarbeiðanda í málinu er sú, að lagt verði lögbann skv. 3. kafla. 1. nr. 18/1949 við ólögmætri hindrun verkfallsvarða B.S.R.B. við því, að tollafgreiðsla á skipi gerðarbeiðanda m/s Urriðafoss geti farið fram og uppskipun að fenginni tollafgreiðslu við bryggju á Grundartanga, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Lögbannsgerð þessi fari fram á ábyrgð gerðarbeiðanda og gegn þeirri tryggingu, sem rétturinn ákveði. Óskað er eftir, að úrskurði fylgi forsendur.

Endanleg kröfugerð gerðarþola, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, B.S.R.B., Grettisgötu 89 Reykjavík, nnr. 0950-5164, er sú, að synjað verði um framgang gerðarinnar, jafnframt því að krafist er málskostnaðar að mati réttarins. Ef fógeti teldi rétt að leggja lögbann á skv. kröfu gerðarbeiðanda er þess og krafist, að gerðarbeiðandi setji tryggingu að mati réttarins.

Mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 19. október sl., Kom þá fram krafa af hálfu gerðarþola, að sýslumaðurinn, Rúnar Guðjónsson, viki sæti í málinu. Með úrskurði, uppkveðnum í því þinghaldi, vék hinn reglulegi fógeti sæti í málinu. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. sama dag, var Eggert Óskarsson borgar-

dómari skipaður til þess að fara með mál þetta sem setudómari. Málið var tekið fyrir af setudómara 22. október sl., og í því þinghaldi breytti gerðarbeiðandi upphaflegri lögbannskörfu sinni í samræmi við breytt atvik, þar sem m/s Urriðafoss var lagstur við bryggju á Grundartanga. Málið var munnlega flutt og tekið til úrskurðar samdægurs.

— — —

Svo sem fram er komið, er í máli þessu ágreiningur milli aðilja um lögmæti greindra aðgerða verkfallsvarða gerðarþola og yfirvofandi aðgerða þeirra vegna væntanlegrar uppskipunar. Eins og hér hagar til, þar sem ágreiningsefni aðilja tengist víðtækri vinnudeilu, og með hliðsjón af því, hvernig atvik hafa þróast í máli þessu, verður ekki talið, að eðlilegt sé að beita lögbanni sem réttarúrræði í deilu aðilja, sem eiga þess kost að fá úrlausn þar um í venjulegu dómsmáli. Samkvæmt framansögðu ber að hafna því, að umbeðin lögbannsgerð fái fram að ganga, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson setudómari kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðið lögbann skal ekki ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 9. nóvember 1984.

Nr. 56/1983. **Ólafur Þorgeirsson**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Húsfélaginu Álftamýri 32-36
Húsfélaginu Álftamýri 32
Húsfélaginu Álftamýri 34 og
Húsfélaginu Álftamýri 36
(Jóhann Þórðarson hdl.)

Fjölbýlishús. Stefnubirting. Aðild. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1983 á hendur húsfélaginu „Álftamýri 32-36" sem dómhafa og fjárnámshafa samkvæmt hinum áfrýjaða dómi svo og húsfélaginu Álftamýri 32, húsfélaginu Álftamýri 34 og húsfélaginu Álftamýri 36, „sem vera kunna aðilar að dómkröfunum eða eiga réttar að gæta, ..."

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, „að málinu verði vísað frá héraðsdómi og hinum áfrýjaða dómi verði hrundið með þeim hætti, en hin áfrýjaða fjárnámsgerð ómerkt, og stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að áfrýjandi verði sýknaður af greiðslukröfum stefnda og lögveðrétti hafnað í búð hans að Álftamýri 36, en fjárnámsgerðin ómerkt á sama hátt, og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Til frekari vara er þess krafist, að áfrýjandi verði einungis dæmdur til að greiða stefnda kr. 5.510.29, auk umkrafinna vaxta frá 1. september 1980 af þeirri fjárhæð, og fjárnám einungis heimilað sem því svarar, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður. Í þessu tilviki er því hinsvegar ekki mótmælt, að lögveðréttur í íbúð áfrýjanda fyrir kr. 4.021.85 verði viðurkenndur."

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að

höfuðstóll dæmdrar fjárhæðar lækki í 13.121.85 krónur. Hann krefst og staðfestingar á fjárnámi, sem fram fór 12. janúar 1983 í eignarhluta áfrýjanda í 4. hæð til vinstri í húseigninni nr. 36 við Álftamýri til tryggingar greiðslu á dómskuldum samkvæmt hinum áfrýjaða dómi með lögveðrétti fyrir 4.021.85 krónum af dómskuldinni.

Stefndi krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Frávísunarkrafa áfrýjanda er í fyrsta lagi byggð á því, að héraðsdómsstefna hafi ekki verið löglega birt honum. Stefnan hafi verið birt fyrir Sveini Jónssyni, er búið hafi í sama húsi í íbúð, sem hann hafi verið orðinn eigandi að ásamt Sólveigu Sörensen. Sveinn hafi því verið aðili að húsfélagi því, sem talist hafi aðili málsins. Stefnubirting hafi því raunverulega farið fram fyrir stefnanda sjálfum. Geti slík birting ekki talist lögleg og geti ákvæði 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 ekki átt við, þegar þannig stendur á.

Frávísunarkrafa áfrýjanda er einnig byggð á því, að húsfélagið Álftamýri 32 - 34 - 36 eða 32 - 36 skorti hæfi til að vera aðili að dómsmáli.

Þá er frávísunarkrafan að lokum byggð á því, að ekki liggi fyrir að höfðun málsins sé byggð á lögmætri ákvörðun íbúðaeigenda, félagsins eða fyrir þeirra hönd. Hafi fundir, þar sem ákvarðanir voru teknar, verið haldnir löngu eftir að framkvæmdum þeim lauk, sem málið snýst um, og hafi þeir ekki verið fullskipaðir.

Samkvæmt vottorði stefnuvotta birtu þeir stefnu til héraðsdóms í máli þessu 7. maí 1982 fyrir Sveini Jónssyni á heimili hans að Álftamýri 36 hér í borg. Tók hann við afriti stefnunnar og lofaði að afhenda áfrýjanda.

Með afsali, dags. 3. september 1982, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, afsalaði Hannes Guðmundsson Sólveigu Sörensen og Sveini Jónssyni fjögurra herbergja íbúð á 2. hæð til hægri í húsinu nr. 36 við Álftamýri hér í borg. Var uppgjör tekna, vaxta og skatta miðað við 13. mars 1982, og verður við það að miða, að eignaryfirfærsla samkvæmt kaupsamningi hafi orðið þann dag. Verður samkvæmt þessu að telja, að stefnuvottum hafi ekki verið rétt að birta héraðsdómsstefnu málsins fyrir Sveini Jónssyni, sem í raun var einn af aðiljum húsfélagsins Álftamýri 36.

Í héraðsdómsstefnu er stefnandi sagður vera húsfélögin „32 - 34 - 36", en í hinum áfrýjaða dómi er stefnandi sagður vera húsfélagið „32 - 36" og er svo einnig í dómsorði.

Vegna annmarka þessara á höfðun málsins og málsmeðferð verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma stefndu húsfélagið Álftamýri 32, húsfélagið Álftamýri 34 og húsfélagið Álftamýri 36 in solidum til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 15.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er máli þessu vísað frá héraðsdómi.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndu, húsfélagið Álftamýri 32, húsfélagið Álftamýri 34 og húsfélagið Álftamýri 36, greiði in solidum áfrýjanda, Ólafi Þorgeirssyni, 15.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. desember 1982.

1.0. Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 16. 11. 1982, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri föstudaginn 7. maí sl., af Húsfélaginu Álftamýri 32 - 36 í Reykjavík (0254-5136) gegn Ólafi Þorgeirssyni, Álftamýri 36 (6797-9079), til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 13.241.85 með 46% ársvöxtum af kr. 7.720.00 frá 1. sept. 1980 til 15. sept. 1980, af kr. 9.220.00 frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. júní s.á., en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1982, af kr. 11.571.37 frá þeim degi til birtingardags stefnu, en með hæstu leyfilegum innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Þá gerir stefnandi og þá dómkröfu, að viðurkenndur verði með dómi lögveðréttur í búð stefnda á 4. hæð til vinstri í húsinu nr. 36 við Álftamýri

í Reykjavík til tryggingar greiðslu á framangreindum kröfum.

2.0. Málavextir eru þeir, að þann 10. nóvember 1962 var gefinn út af borgarstjóranum í Reykjavík lóðarsamningur vegna húsanna nr. 32, 34 og 36 við Álftamýri í Reykjavík, sem er fjölbýlishús. Upphaflegir lóðarhafar voru þrír, en þeir seldu íbúðirnar í fjölbýlishúsinu síðan til annarra aðilja, 36 að tölu, en fjölbýlishús þetta er með 36 íbúðum. Í lóðarsamningi er ráð fyrir því gert, að byggðir verði bílskúrar á lóðinni. Kvöð var í lóðarsamningi um gerð akbrautar og opin bílastæði á lóðinni. Lóðarsamningi fylgdi uppdráttur, þar sem fram kemur skipulag lóðarinnar.

Hinn 21. janúar 1981 var dregið um niðurröðun á bílskúrum á lóðinni, en skipulag gerði ráð fyrir því, að á lóðinni væru 18 bílskúrar. Stefndi, Ólafur Þorgeirsson, var einn þeirra, sem fékk bílskúrsrétt við úthlutun þessa, en niðurröðun eða úthlutun bílskúrsréttinda fór fram samkvæmt fyrirkomulagi, sem íbúar hússins voru ásáttir um.

Vorið 1979 var ákveðið af meiri hluta íbúa við Álftamýri 32-36 að gera gangstéttir, malbika bílastæði og steypa bílskúrsplötur á lóðinni. Samkvæmt málavaxtalýsingu stefnanda í sóknarskjölum málsins mun stefndi Ólafur einn íbúa hússins hafa verið andsnúinn þessum fyrirhuguðu framkvæmdum. Samkvæmt málavaxtalýsingu stefnanda eru ekki til bókaðar fundargerðir vegna framangreindrar ákvarðanatöku, en eftir því sem stefnandi upplýsir, eru allir íbúðaeigendur, að stefnda frátöldum, nú sammála um, að allir íbúar hússins hafi verið framkvæmdunum samþykkir, þegar ákveðið var að ráðast í þær.

Ekki er þess skýrlega getið í stefnu og greinargerð stefnanda, hvenær húsfélagið réðst í hinar umræddu framkvæmdir, en af öðrum gögnum málsins verður ráðið, að framkvæmdum lauk fyrir áramót 1980/1981. Má af stefnu og greinargerð stefnanda ráða, að þá hafi húsfélagið látið gera gangstéttir á lóðinni, malbika bílastæði og steypa bílskúrsplötur fyrir 18 bílskúra, þar með talið plötu fyrir bílskúr stefnda.

Allir íbúar hússins nr. 32-36 við Álftamýri, að stefnda frátöldum, veittu Ólafi M. Óskarssyni umboð til þess að sækja um og annast lántöku hjá lóðasjóði Reykjavíkur til þess að fjármagna hluta af hinum fyrirhuguðu framkvæmdum. Einnig var ákveðið, að íbúðaeigendur greiddu ákveðnar fjárhæðir til húsfélagsins til þess að standa undir kostnaði af framkvæmdunum, meðan á þeim stæði. Er því lýst í stefnu, hverjar fjárhæðir íbúðaeigendur skyldu þannig greiða og hvenær. Kemur þar fram, að fyrsta greiðslan skyldi innt af hendi þann 26/9 1979 og sú síðasta þann 15/9 1980. Samtals voru fjárhæðir þessar gkr. 910.000.

Íbúðaeigendur greiddu allir hinar tilskyldu fjárhæðir að stefnda frátöldum, sem, eins og fyrr greinir, var framkvæmdunum andvígur. Þann 21. október 1981 var boðað til almenns húsfélagsfundar í húsfélaginu, og var

sá fundur haldinn þann 29. október 1981, og var fundarefnið „bókanir vegna lóðaframkvæmda og önnur mál." Á fundi þessum var veitt eftirfarandi samþykki fyrir framkvæmdunum. Samþykki fyrir framkvæmdunum veitti 31 íbúðareigandi, þ.e.a.s. allir þeir, sem til náðist, að stefnda frátöldum.

Samkvæmt málavaxtalýsingu í sóknarskjölum málsins mun stefndi Ólafur jafnan hafa neitað að greiða þann hluta hinna umræddu framkvæmda, sem húsfélagið hafði jafnað niður á hann sem íbúðareiganda.

3.0. Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

a) Kostnaður við gerð stéttar var	Kr.	2.430.32
b) Kostnaður við gerð bílastæðis var	—	3.514.77
c) Gerð plötu undir bílskúra og frárennslislagnir. Kostnaður var	—	5.510.29
d) Skuld stefnda vegna vangoldinna húsfélagsgjalda feb.-júní 1980	—	120.00
e) Áfallnir vextir af framlögum stefnda til framkvæmdanna	—	1.666.48
Samtals er krafan	Kr.	13.241.85

Stefnandi kveðst ekki krefjast vaxta af vöxtum samkvæmt e lið.

4.0. Í máli þessu reisir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi hafi verið skyldur til þess að taka þátt í áðurgreindum framkvæmdum á sameiginlegri lóð við húsið nr. 32-36 við Álftamýri. Eigendum íbúða hússins hafi í upphafi verið gert skylt að gera bílastæði samkvæmt ákvæði í lóðarsamningi. Viðgerð á gangstétt teljist tvímælalaust til sameiginlegra framkvæmda og það sama sé að segja um sameiginlegar leiðslur fyrir vatn að og frá bílskúrum, sem séu undir bílskúrsplötu, og fyllingarefni þar. Plata sú, sem sé undir bílskúrunum, sé nátengd sameigninni og fari hagsmunir aðilja þar mjög saman. Verði að fara með þá sameign sem aðra sameign fjölbýlishússins og af því leiði að stefnda sé skylt að taka þátt í þeim kostnaði, sem af þessu leiði. Eftir því hafi verið gengið við stefnda, að hann seldi öðrum íbúum bílskúrsrétt sinn eða afsalaði sér honum, en á það hafi hann ekki viljað fallast. Þá bendir stefnandi og á, að ef stefnda hefði ekki verið skylt að taka þátt í hinum sameiginlegu framkvæmdum, hefði kostnaður vegna framkvæmdanna verið til muna meiri og allar sérframkvæmdir stefnda, þegar honum sjálfum hentaði, til óhagræðis og óþæginda fyrir aðra íbúa hússins.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi á ákvæði laga nr. 59/1976 frá 31. maí, einkum 2. mgr. 5. gr., 9. gr., 11. gr. og 13. gr. Einnig bendir stefnandi á 3. gr. reglugerðar nr. 28 frá 25. júní 1976.

5.0. *Álit dómsins.*

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma mál þetta eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Á það má fallast með stefnanda, að skuld sú, er hann krefur stefnda um í málinu, sé sameiginlegur kostnaður í skilningi laga nr. 59/1976. Ekki hafa verið lagðar fram í málinu samþykktir fyrir Húsfélagið Álftamýri 32-36. Hins vegar er ekkert fram komið í málinu, er hnekkt fær þeirri staðhæfingu stefnanda, að ákvörðun um margnefndar framkvæmdir hafi verið löglega tekin og samkvæmt húsfélagssamþykktum. Og þar sem hlutfallstala sú, er ræður skiptingu kostnaðar vegna framkvæmdanna á einstakar búðir, virðist í samræmi við hlutfallstölu íbúðar stefnda að því er hans kostnaðarhlut varðar, ber að taka til greina kröfu stefnanda um greiðsluskyldu stefnda.

Að því er varðar kröfu stefnanda um staðfestingu lögveðréttar er þess að gæta, að af stefnufjárhæðinni skyldi stefndi hafa greitt kr. 9.220.00 fyrir 15. sept. 1980. Lögveðréttur fyrir þeim hluta kröfunnar var því fallinn niður skv. ákvæðum 2. mgr. 13. gr. laga nr. 59/1976, er mál þetta var höfðað hinn 7. maí 1982. Við það verður hins vegar að miða, að eftirstöðvarnar af kröfu stefnanda, þ.e. kr. 4.021.85, hafi fyrst verið gjaldkræfar, þegar endanlegt uppgjör vegna framkvæmdanna lá fyrir, en það var 1. apríl 1982, sbr. dskj. nr. 18. Krafa stefnanda um staðfestingu lögveðréttar verður því tekin til greina að því er þann hluta kröfunnar varðar. Að þessu athuguðu ber að taka til greina allar kröfur stefnanda. Þá ber og að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.700.00.

Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Þorgeirsson, greiði stefnanda, Húsfélaginu Álftamýri 32-36, kr. 13.241.85 með 46% ársvöxtum af kr. 7.720.00 frá 1. september 1980 til 15. september s.á., af kr. 9.220.00 frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. júní s.á., með 37% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl 1982, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi af kr. 11.571.37 til greiðsludags, og kr. 2.700.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Viðurkenndur er lögveðréttur í íbúð stefnda á 4. hæð til vinstri í húsinu nr. 36 við Álftamýri í Reykjavík fyrir kr. 4.021.85 af hinni tildæmdu fjárhæð.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 12. janúar 1983.

Ár 1983 miðvikudaginn 12. janúar er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Álftamýri 36 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum. Fyrir er tekið málið A-46/1983: Húsfélagið Álftamýri 32-36 gegn Ólafi Þorgeirssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 5898/1982 svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhann Þórðarson, hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 13.241.85 með 46% ársv. af kr. 7.720.00 frá 1. sept. 1980 til 15. sept. 1980, af kr. 9.220.00 frá þ.d. til 1. mars 1981, með 42% ársv. frá þ.d. til 1. júní 1981, með 37% ársv. frá þ.d. til 1. apríl 1982, og af kr. 11.571.37 frá þ.d. til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnað, kr. 232.00, kr. 2.700.00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 390.00 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér en er ekki viðstaddur en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Þorsteinn Hjálmarsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt/greiða (sic).

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti fjárnám í eignarhluta gerðarþola, 4. hæð til vinstri, í húseigninni nr. 36 við Álftamýri með lögveðrétti skv. rskj. nr. 2 fyrir kr. 4.021.85 af tildæmdri upphæð.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 9. nóvember 1984.

Nr. 27/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Gunnari Einarssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu ákæruvalds til ákvörðunar refsingar með stefnu 13. janúar 1974, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. júlí sl.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Rúnar Geir Sigurpálsson lögreglumaður og Sigvaldi Jónsson hafa komið fyrir dóm og borið vitni. Sigvaldi vísar um málsatvik til skýrslu þeirrar sem hann gaf fyrir lögreglu og rakin er í héraðsdómi. Einnig hefur ákærði komið fyrir dóm á ný og hann og Sigvaldi síðan verið samprófaðir. Þá hefur verið aflað kúbeins þess, sem ákærði beitti.

Með framburði ákærða sjálfs og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás þá, sem honum er gefin að sök í ákæru. Ber að refsa honum samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, svo sem krafist er í ákæru. Við ákvörðun refsingar verður að hafa í huga, að árásina framdi ákærði í framhaldi af erjum, er urðu milli hans og Sigvalda og leiddu til þess, að Sigvaldi bjóst til að láta hendur skipta. Ber því að líta til 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga við refsiákvörðun, en á hinn bóginn einnig til þess, að ákærði veitti Sigvalda áverka á höfuð með hættulegu tæki.

Refsing ákærða verður ákveðin fangelsi 60 daga, en rétt þykir að ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingar skilorðsbundið til 3 ára.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem segir í dómsorði.

Í bréfi því til yfirsakadómarans í Reykjavík, dagsettu 11. apríl

sl., þar sem ríkissaksóknari óskaði eftir yfirheyrslu á ákærða og vitnum, beiddist hann einnig þess, að aflað yrði upplýsinga um kúbein það, sem ákærði beitti, m.a. ljósmyndar. Hér var um gögn að ræða, sem ákæruvald átti sjálft að réttu lagi að láta fylgja ákæru í málinu, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 5. gr. laga nr. 107/1976, í stað þess að fela sakadómi að afla þeirra.

Þá athugast, að héraðsdómari hefði átt að taka fjárkröfu Sigvalda Jónssonar til úrlausnar og gefa honum færi á að skýra hana, þar sem eigi verður séð, að af því hefði leitt tafir né óhagræði fyrir rekstur refsimálsins.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Einarsson sæti fangelsi 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakdóms Reykjavíkur 21. september 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 21. september, var á dómþingi Sakadóms, sem háð var í Borgartúni 7 Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 521/1983: Ákæruvaldið gegn Gunnari Einarssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 11. ágúst 1983, gegn ákærða, ,,Gunnari Einarssyni, til heimilis að Öldu við Blesugróf í Reykjavík, fæddum 1. september 1913 að Kotströnd, Ölfushreppi, fyrir líkamsárás, með því að hafa sunnudaginn 2. janúar 1983 að heimili sínu slegið Sigvalda Jónsson, fæddan 21. júní 1948, nokkur högg í höfuðið með kúbeini með þeim afleiðingum, að hann hlaut 6 skurði á höfuðið, sem sauma þurfti saman með 28 sporum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1930, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1942 14/11 Sátt, 50 kr. sekt f. ölvun og áflog.
1946 21/9 Sátt, 50 kr. sekt, 250 kr. skaðabætur fyrir ölvun og spell.
1955 30/3 Sátt, 100 kr. sekt f. brot á 7. gr. umfl.
1955 20/9 Dómur: 1500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mán. f. brot á áfl. og bifrl. og umfl.
1968 19/9 Sátt, 2.800 kr. sekt f. brot á 3. gr. áfl.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt sunnudagsins 2. janúar 1983, klukkan 02:00, var lögreglan kvödd að húsinu Öldunni í Blesugróf hér í borg. Þar á staðnum átti lögregla tal við Sigvalda Jónsson, fæddan 21. júní 1948, sem kvað ákærða hafa lamið sig með kúbeini. Síðan segir meðal annars þannig frá málsatvikum í lögregluskýrslu:

„Eftir að við höfðum komið Sigvalda í lögreglubifreið sem flutti hann á slysadeild fórum við að húsinu og knúðum þar dyra. Hittum við þá Gunnar en hann er húsráðandi. Hann viðurkenndi strax að hafa lamið Sigvalda með kúbeininu í höfuðið. Um aðdraganda þess hafði hann það að segja. Hann kvaðst hafa leigt Sigvalda herbergi þann 11. 09. 82, með aðgangi að eldhúsi. Frá því að Sigvaldi flutti í húsið hafi hann verið með yfirgang við sig og meðal annars lagt á sig hendur. Gunnar tjáði okkur að þá skömmu áður hafi Sigvaldi farið inn í eldhús og tekið þar kaffi frá sér og farið að hella upp á könnuna. Hann kvaðst hafa bannað honum það og tekið af honum kaffikönnuna. Hafi þá komið til átaka milli þeirra um könnuna. Kvaðst hann þá hafa flúið undan Sigvalda upp á loft, en stigi er úr eldhúsinu upp á loftið. Þegar hann hafi orðið þess var að Sigvaldi ætlaði á eftir sér upp hafi hann orðið hræddur og reiður. Hann kvaðst hafa tekið kúbein sem var við skörina, og þegar Sigvaldi hafi verið kominn upp í hálfan stigann hafi hann lamið hann nokkur högg í höfuðið, það er að segja þangað til hann snéri aftur frá. Eftir þetta kvaðst hann hafa heyrt að Sigvaldi fór inn í sitt herbergi og síðan út úr húsinu."

Við yfirheyrslu hjá varðstjóra hafði Sigvaldi eftirfarandi um málið að segja: „Hann kvaðst hafa ætlað að fara að hella kaffi á könnuna frammi í eldhúsi og er hann hafi verið að byrja á því hafi Gunnar orðið æstur og bannað sér það. Kvaðst hann þá hafa farið með könnuna og ketilinn inn í sitt herbergi og ætlað að halda þar áfram við það þar. Hann kvað þá Gunnar hafa komið þar inn og skvett þar á sig kaffi og rifið af sér könnuna. Kvaðst hann þá hafa orðið reiður og hafa sagt við Gunnar, að hann skyldi sýna honum hvað svona lagað mundi kosta hann. Sigvaldi viðurkenndi að hafa ætlað að leggja hendur á Gunnar, og í þeim tilgangi hafi

hann elt hann áleiðis upp á loftið, en þegar hann hafi verið kominn upp í hálfan stigann hafi Gunnar látið kúbeinið ríða á sér.“ Að yfirheyrslu lokinni var gerð tilraun til þess að koma Sigvalda heim til móður hans að Bollagötu 9, en húsráðandi þar neitaði að taka við honum, og þar sem Sigvaldi hafði ekki í nein hús að venda var hann vistaður í fangageymslu.

Vitnið Sigvaldi Jónsson, til heimilis að Bollagötu 9, Reykjavík, kvaðst hafa verið leigjandi hjá ákærða og á leigutímanum oftsinnis legið við handalögmálum þeirra á millum af litlu tilefni. Umrætt sinn hafi vitnið verið að laga sér kaffi í herbergi sínu og til þess notað eldhúsáhöld ákærða. Ákærði hefði skyndilega komið inn í herbergi vitnisins, þrifið af því hraðsuðuketil og kaffikönnu og farið með fram í eldhúsið. Vitnið kvaðst hafa elt ákærða sem helt hefði innihaldi kaffikönnunnar á vitnið. Af þessu kvaðst vitnið hafa fundið nokkurn sársauka, orðið afar brátt, ætlað að berja ákærða og í því skyni ætt að honum. Ákærði hefði hörfað undan og upp stiga, sem lá að herbergi ákærða á efri hæð hússins. Þar hefði ákærði þrifið kúbein og lamið því nokkrum sinnum í höfuð vitnisins. Vitnið náði kúbeininu af ákærða, fór í nærliggjandi hús og hringdi á lögreglu. Vitnið kvaðst hafa verið lítillega undir áhrifum.

Ákærði kvaðst greint sinn hafa verið heima hjá sér ásamt leigjanda sínum, Sigvalda Jónssyni, sem hafði á leigu eitt herbergi ásamt afnotum af eldhúsi og baðherbergi. Leigjandinn hefði allt í einu tekið upp á því að fara að laga sér kaffi með eldhúsáhöldum, sem honum voru óviðkomandi og ákærði átti. Ákærða kvaðst hafa mislíkað þetta (sic) og tekið áhöldin af leigjandanum, sem elt hefði ákærða upp á loftið. Ákærði kvaðst hafa álitið, að leigjandinn hefði haft í hyggju að misþyrma sér, ákærði verið hræddur við hann, enda miklu sterkari en ákærði, sem er ellilífeyrisþegi, og því í einhverju fljótræði gripið til þess bragðs að slá hann nokkur högg í höfuðið með kúbeini, sem nærtækt var. Ákærða kvaðst síðan hafa tekist (sic) að loka á milli efri og neðri hæðar og þannig komist undan, þar til lögreglan kvaddi dyra.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Leifs Jónssonar læknis um meiðsl þau, sem Sigvaldi Jónsson hlaut. Í vottorðinu, sem dagsett er 8. febrúar 1983, segir meðal annars:

„Þann 2/1 1983 kl. 02:30 var komið með ofanskráðan sjúkling á Slysadeild Borgarspítalans. Hann hafði skömmu fyrir komu orðið fyrir árás og verið laminn með kúbeini í höfuðið margoft. Ekki mun hann hafa misst meðvitund við barsmíðina en við skoðun hér finnast 6 skurðir víðsvegar um höfuðið.

Skurðir þessir voru þrifnir og saumaðir, samtals með 28 sporum. Sjúkl. fékk endurkomutíma 10/1 1983 og þann dag kom hann hingað og voru sár þá öll gróin og saumar teknir.

Ekki hafði hann neinar kvartanir fram að færa þann daginn og ekki hefur hann sótt Slysadeildina heim síðan vegna þessarar barsmíða."

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar refsingu samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Sigvaldi Jónsson hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærða, samtals að fjárhæð kr. 2.150, meðal annars fyrir skemmdir á armbandsúri og endurgreiðslu á húsaleigu. Ákærði hefur mótmælt bótakröfunni, sem er alls órökstudd. Með vísan til 145. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 29. gr. laga nr. 107, 1976, kemur skaðabótakrafa ekki til úrlausnar í máli þessu.

Þar sem ákærði hefur ekki áður verið dæmdur sekur um hegningarlagabrot og eins og atvikum málsins er háttað, þykir mega ákveða, að ákvörðun refsingar hans skuli fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Fresta skal ákvörðun refsingar ákærða, Gunnars Einarssonar, og fellur refsiákvörðun niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1984.

Nr. 9/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ólafi Gunnari Grímssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1983. Var það gert að ósk ákærða, en ríkissaksóknari áfrýjaði einnig til þyngingar. Ágrip málsins barst Hæstarétti 29. mars sl.

Mál þetta er risið af atburði, sem var 5. janúar 1979 í íbúð í Reykjavík. Þar bjó Guðlaug Helga Sveinsdóttir og sambýlismaður hennar, ákærði í málinu. Að kvöldi þessa dags, þegar þau voru komin frá vinnu, kom til deilna þeirra í milli. Kom Guðlaug Helga skyndilega að ákærða, þar sem hann hafði lagst fyrir, og otaði að honum búrhnífi. Þau greina hvort með sínum hætti frá því, sem síðan gerðist. Segist ákærði hafa tekið hnífinn af Guðlaugu Helgu, en hún kveðst hafa farið frá ákærða og lagt hnífinn frá sér í öðru herbergi. Sammála eru þau hins vegar um það, að til frekari stimpinga kom og að ákærði sló konuna í andlitið. Afleiðingar þess urðu þær, að hún kjálkabrotnaði. Eru atburðir þessir raktir nánar í héraðsdómi.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás, sem refsiverð er eftir 218. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1981, 11. gr. og lög nr. 19/1940, 2. gr. Einnig ber að fallast á það með héraðsdómara, að 12. gr. laga nr. 19/1940 eigi ekki við. Refsing verður ákveðin með hliðsjón af 218. gr. a, lokaákvæði 3. mgr., sömu laga. Þykir hún hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi skilorðsbundið til þriggja ára.

Ákærði krefst sýknu af fébótakröfu Guðlaugar Helgu Sveindóttur, en til vara lækkunar hennar. Hann mótmælir ekki kröfunni

tölulega, en reisir kröfuna um lækkun á því, að skipta beri sök, þar sem Guðlaug Helga hafi átt upptökin að átökunum.

Á það má fallast, að rétt sé að lækka fébætur til Guðlaugar Helgu af framangreindri ástæðu. Þykir eftir atvikum rétt að dæma henni samkvæmt þessu heildarbætur vegna tjóns síns 12.000.00 krónur með vöxtum, svo sem segir í dómsorði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 10.000.00 krónur.

Mál þetta var þingfest í sakadómi Reykjavíkur 25. nóvember 1980. Frá apríl 1981 og þar til í desember á sama ári var ekkert aðhafst í málinu, það séð verði, og ekki heldur frá janúar 1982 og þar til í október á sama ári. Dómur var kveðinn upp 6. desember 1982, en hann var ekki sendur embætti ríkissaksóknara fyrr en 22. nóvember 1983. Er þessi dráttur á málsmeðferð ámælisverður.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Gunnar Grímsson, sæti fangelsi 3 mánuði. Fullnustu refsingar skal frestað, og falli hún niður eftir þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur 12.000.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 5. janúar 1979 til 1. júní s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. desember 1982.

Ár 1982, mánudaginn 6. desember, er í sakadómi Reykjavíkur, sem háður er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 478/1982: Ákæruvaldið gegn Ólafi Gunnari Grímssyni, sem tekið var til dóms. 9. f.m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 19. maí 1980, „á hendur Ólafi Gunnari Grímssyni, bifreiðastjóra, Selási 16, Reykjavík, fæddum 22. desember 1921 í Reykjavík, fyrir að hafa, föstudagskvöldið 5. janúar 1979, lagt hendur á sambýliskonu sína, Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, í íbúð þeirra í Rofabæ 43, Reykjavík, og m.a. slegið hana þungt högg í andlitið með þeim afleiðingum, að Guðlaug Helga hlaut við höggið brot á neðri kjálka beggja megin (sic), sem spengja þurfti saman í svæfingu.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Við munnlegan flutning málsins gerði ákæruvaldið sömu kröfu og í ákæru, en að heimfærsla brotsins yrði undir 1. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940, eins og henni var breytt 1. október 1981.

Af hálfu kærða var þess krafist aðallega, að hann yrði sýknaður bæði af refsi- og bótakröfum, en til vara, að ákærða yrði ekki gerð refsing, sbr. niðurlag 74. gr. laga nr. 19/1940. Í báðum tilvikum var þess krafist, að málsvarnarlaun ákærða yrðu greidd úr ríkissjóði.

Í skýrslu Stefáns Þorsteinssonar lögregluþjóns segir, að kl. 23.26 föstudaginn 5. janúar 1979 hafi hann og annar starfsfélagi hans verið sendir á Borgarspítalann „til að kanna aðdraganda að meiðslum konu, sem var það stödd." Læknir upplýsti, að konan væri tví-kjálkabrotin og þyrfti að gangast undir aðgerð af þeim sökum. Konan kvaðst heita Guðlaug Helga Sveinsdóttir, til heimilis að Rofabæ 43 hér í borg, fædd 26. september 1929. Guðlaug Helga kvaðst hafa lent í deilu við sambýlismann sinn, ákærða í málinu, sem jókst orð frá orði, þar til hún greip til brauðhnífs „og otaði að honum og hótaði að reka hann í gegn. Hún hafi síðan lagt frá sér brauðhnífinn og hann þá ráðist að henni og snúið hana niður. Síðan hafi hann barið hana í andlitið mörgum sinnum með knýttum hnefum. Að þessu loknu hafi hann hringt á sjúkrabifreið, sem flutti hana á Slysadeild-

ina.“ Lögreglan náði ekki sambandi við ákærða þrátt fyrir „nokkrar tilraunir.“

Hinn 12. janúar 1979 fór rannsóknarlögreglumaður að sjúkrahóteli Rauða krossins í Skipholti 21 að ræða við Guðlaugu Helgu samkvæmt ósk hennar. Hún tjáði lögreglumanninum, að hún vildi leggja fram kæru á hendur ákærða vegna framangreindrar líkamsárásar. Hún skýrði svo frá, að hún og ákærði hefðu farið að rífast fyrir mat og við matborðið út af matseldi og framreiðslu o.þ.h. Ákærði hefði m.a. sagt henni að ná sér sjálf í súpu, er hún bað hann að rétta sér súpu á disk. Kærandi reiddist talsvert og hefði ákærði einnig verið í æstu skapi. Hún hafði þá orð á, að „hún ætti ekki annað eftir en að stinga hann.“ Ákærði svaraði engu, stóð upp, fór fram í stofu og lagði sig á svefnbekk. Ákærði var þá í náttbuxum einum fata. Kærandi tók þá af borðinu og setti leirtauið í eldhúsvaskinn. Síðan tók kærandi brauðhníf úr eldhússkúffu og gekk með hann að svefnbekknum. Hún hélt hnífnum með báðum höndum að kvið sér, þannig að hnífsblaðið vísaði niður. Stóð hún yfir ákærða og sagði eitthvað, sem hún mundi ekki, hvað var. Kærandi gekk síðan aftur fram í eldhús með hnífinn án þess að ota honum að ákærða og setti hnífinn aftur í skúffuna. Kærandi fór á ný til stofu. Þá var ákærði að læsa forstofuhurðinni. Ákærði gekk síðan að henni, snéri hana í gólfið og barði hana mikið högg í andlitið. Kærandi fann til mikils sárauka og varð kjálkinn máttlaus. Kærandi stóð aftur á fætur og ætlaði út úr íbúðinni. Ákærði réðst þá á hana „marg oft“, snéri upp á hendur hennar og höfuð og dró hana inn í svefnherbergið og sagði henni að fara að sofa. Kærandi hrópaði á hjálp og öskraði af sársauka, og inni í svefnherberginu tók hún út úr sér gerfitennurnar vegna mikils sársauka í kjálkanum. Kærandi fór aftur fram og reyndi að komast út úr íbúðinni. Ákærði varnaði henni útgöngu og barði hana aftur í andlitið. Síðan spurði ákærði kæranda, hvort hún vildi komast til læknis. Hún játaði því og spurði, hvort honum væri ekki ljóst, að hún væri mikið slösuð. Ákærði fór þá að klæða sig. Kærandi komst þá fram á gang og hitti þar Guðmund Waage, einn af íbúum fjölbýlishússins. Kærandi fór síðan aftur inn og klæddi sig, hún hefði áður aðeins verið í náttslopp og náttkjól. Á meðan hringdi síminn. Ákærði sagði í símann, að kærandi væri upptekinn. Síðar frétti kærandi að vitnið Sjöfn Ragnarsdóttir hefði hringt. Ákærði hringdi síðan á sjúkrabifreið og fór með vitninu í henni á spítalann. Þar sagði ákærði að hún hefði orðið fyrir slysi. Kærandi sagði, að þau hefðu bæði verið alsgáð, er þetta átti sér stað. Kærandi kvaðst hafa búið með ákærða í 15 ár. Á þeim tíma hefði gengið á ýmsu og hefði ákærði „marg oft“ lagt á hana hendur og þá oftast með því að berja hana í kviðinn. Oft hefði séð á henni eftir misþyrmingarnar, en hún hefði ekki leitað læknis fyrr en nú.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni kannaðist ákærði við „að hafa lent í átökum við kæranda. Þeim hefði orðið sundurorða við matborðið, m.a. út af súpudisk. Er ákærði hafði lokið við sína súpu, lagðist hann fyrir í sófa í stofunni og horfði á fréttirnar, sem voru að byrja. Ákærði var aðeins klæddur í náttbuxur. Ákærði varð var við, að kærandi fór fram í eldhús. Síðan kom hún í stofuna og sagði honum að fara úr sófanum, sem væri sín eign. Ákærði ansaði þessu engu, en kærandi fór aftur fram í eldhús. Ákærði varð þess síðan aftur var, að kærandi var kominn að sófanum og heyrði hana segja „með skipandi tón" viltu kaffi eða ekki kaffi?" Ákærði leit til hennar og sá, að hún var með oddmjóan eldhúshníf í höndunum og beindi hnífsblaðinu að honum. Ákærði sagði henni, að henni væri kunnugt, að hann vildi helst ekki kaffi á kvöldin. Hún otaði þá hnífnum að ákærða, þannig að blaðsoddurinn „snerti hörundið á kviðnum á mér." Ákærði sá á svip kæranda, að hún var í æstu skapi, og honum kom til hugar, að hún hefði hótað, að hún ætti ekki annað eftir en að reka hann í gegn. Í því skyni að firra frekari vandræðum greip ákærði skyndilega með hægri hendi um úlnlið kæranda og snéri hnífinn úr höndum hennar. Hún féll á hnén, og ákærði tók hnífinn úr hendi hennar. Ákærði fór síðan fram í eldhús með hnífinn og lét hann í skúffuna, þar sem hann er venjulega geymdur. Kærandi hefði komið í eldhúsið og reynt að komast ofan í skúffuna, en ákærði hindraði það. Kærandi reyndi þá að hrifsa af ákærða gleraugun, eins og hún hefði áður gert í orðadeilum. Þá henti hún þeim á gólfið og braut þau. Ákærði gat vikið sér undan þannig að hún lenti með neglurnar á hálsinum á honum hægra megin og klóraði ákærða, þannig að blæddi úr. Þá sló ákærði „þéttingsfast" frá sér flötum lófa, og lenti höggið á vinstri kinn. Kærandi féll niður á hnén, og fannst ákærða að kærandi lenti með andlitið utan í borðröndina á fasta eldhúsborðinu. Er kærandi kraup á eldhúsgólfinu, sagði hún, að hún findi mikið til í kjálkanum og væri sennilega kjálkabrotin. Ákærði hjálpaði henni á fætur, og virtist honum þá hún fá „hálfgert móðursýkiskast", þar sem hún hljóðaði mikið. Ákærði kvaðst þá hringja á sjúkrabíl, úr því hún væri meidd. Kærandi var óróleg og vildi fara fram á gang. Ákærði kvaðst í fyrstu hafa hindrað það, þar sem hún var nakin, því sloppurinn, sem hún var í, hafði fallið af henni. En kannaðist svo við, að hún hefði komist fram, en hann sótt hana. Ákærða tókst að róa hana og hringdi á sjúkrabifreið og fór með henni á Borgarspítalann.

Ákærði kannaðist við, að Sjöfn Ragnarsdóttir hefði hringt, á meðan beðið var eftir sjúkrabifreiðinni. Ákærði kvaðst hafa sagt Sjöfn, að kærandi væri heima og kallaði til kæranda, að Sjöfn vildi tala við hana. Kærandi svaraði því til, að hún vildi ekki tala við Sjöfn og bað hann að segja, að hún væri í baði.

Ákærði óskaði að taka fram, að ósamkomulag hefði verið á milli þeirra í nokkurn tíma út af fullorðnum syni Guðlaugar Helgu, sem hún vildi taka inn á heimilið.

Kærandi og ákærði voru samprófuð af rannsóknarlögreglunni, en ekki fékkst neitt samræmi í skýrslur þeirra. Þá hafa þau bæði verið yfirheyrð í dóminum, hvort í sínu lagi og sameiginlega. Ekki náðist samræmi í framburði þeirra.

Í dóminum hefur kærandi skýrt á svipaðan hátt frá missætti við borðið og hjá rannsóknarlögreglunni að því viðbættu, að hún hafi lagt á borðið þriðja diskinn, sem hún hefði ætlað syni sínum, Jóni Ólafssyni, sem þá var heimilismaður hjá henni, er hann kæmi heim. Það vissi kærandi ekki fyrir víst. Ákærði sagði þá: „Ætlar þú að hafa hann sem brjóstmylking til þrítugs." Kæranda sárnaði þetta gífurlega, enda hefði ákærði haft horn í síðu barna hennar beggja hin seinni ár.

Eftir borðhaldið fór ákærði fram í stofu og lagðist þar fyrir í sófa og horfði á sjónvarpið. Ákærði var þá í náttbuxum einum fata. Í sárindum sínum yfir ummælum ákærða kvaðst kærandi hafa tekið brauðhníf úr eldhússkúffu og gengið til ákærða, þar sem hann lá í sófanum, og sagt við hann: „Nú er mælirinn fullur." Kærandi kvaðst hafa haldið hnífnum, á meðan fyrir ofan ákærða, án þess þó að hnífurinn snerti hann. Ákærði sagði eitthvað, sem kærandi mundi ekki, hvað var, en kærandi fór fram með hnífinn og lagði hann aftur í sömu skúffu. Rangt væri, að ákærði hefði tekið af henni hnífinn og látið hann í eldhússkúffuna.

Eftir að kærandi var búinn að láta hnífinn í skúffuna, fór hún aftur fram í stofuna. Þá veittist ákærði að kæranda. Kærandi taldi, að hann hefði slegið hana eitt gott högg og fleygt henni í gólfið oftar en einu sinni. Kærandi gaf frá sér öll möguleg mannleg hljóð og leitaði að útgöngudyrunum aftur og aftur, en ákærði varnaði henni alltaf leiðina, uns kærandi komst loksins fram og hitti þar mann, sem bjó í íbúðinni á móti.

Fram kom hjá kæranda, að ekki hefði verið hurð á milli eldhúss og stofu. Þau hefðu borðað í stofunni og ákærði hefði legið endilangur í sófa að horfa á sjónvarpið, er hún kom með hnífinn. Sófinn var ekki þvert fyrir sjónvarpsskerminn, heldur langsum, og vissu fætur ákærða að sjónvarpinu, og hnakkinn snéri að nokkru að dyraopi eldhússins. Kærandi gekk úr eldhúsinu svolítið til hægri fram hjá borðstofuborðinu, meðfram sófahliðinni, sem ákærði hafði höfuðið við, og síðan fram fyrir sófann. Kærandi gekk eðlilega, en læddist ekki.

Kærandi sagði, að ákærði eða maður, sem lá eins og hann, hafi ekki verið í aðstöðu til að fylgjast með mannaferðum úr eldhúsinu og hún hefði ekki verið að hugsa um að vinna ákærða mein, og aðspurð, hvort hún hafi ætlað að hræða hann eða ógna honum, kvaðst hún helst telja, að þetta

hafi verið gert í hugarangist og eins konar andleg uppreisn vegna þess, sem á undan var gengið þetta kvöld og áður í hinni þrúgandi sambúð.

Kærandi var spurð, hvort nokkuð hafi verið því til fyrirstöðu, að hægt hafi verið að laumast að ákærða, ef hún hafi haft illt í huga. Þá sagði hún orðrétt: „Mér hefði aldrei dottið í hug að vinna manninum tjón á þennan hátt." Kærandi fór upp á Borgarspítala á milli kl. 20.00 og 21.00 og því hljóti að vera um misskilning að ræða í læknisvottorði frá 11/4 1979 um, að það hafi dregist í 10 klst.

Kærandi kvaðst hafa farið af Rauðakrossheimilinu eins og í læknisvottorðinu greindi og farið í íbúðina að Sogavegi 196, sem hún hafði útvegað sér. Kærandi hafði fótaferð allan tímann, sem hún var á Rauðakrossheimilinu, en var með festingarnar og því aðeins nærst á fljótandi fæðu. Kærandi kvaðst hafa verið mjög langt niðri andlega, á meðan hún dvaldi á heimilinu, en hafi þó getað sofið með svefnlyfjum. Vitnið kvaðst hafa haft þrautir í báðum kjálkum, einkum neðri kjálkum, og vitnið átti mjög erfitt með að kyngja. Þá átti vitnið erfitt með að vera ein, er sambýliskona á stofu var fjarstödd. Þá tók vitnið fram, að það hafi verið með höfuðveiki (migreni) í ein 15 ár og haft við henni meðul. Vitnið sagði, að þessi höfuðveiki aukist við spennu og hafi það einnig sagt til sín.

Vitnið kvaðst ekki vera orðið jafngott af áverkunum (10.04.81), sagði, að eftirköstin lýstu sér í því, að hún væri miklu orkuminni við vinnu og er líða taki á vinnudag, finni hún til pirrings á áverkastöðum og dofa og sé eins og neðrivörin sé laus frá, þar eð tilfinningu vantar. Þá sagði vitnið, að munnvatnsrennslið væri óeðlilegt, einkum á morgnana.

Aðspurt, hvort vitnið hafi verið frekar undir læknishendi en fram kemur í framlögðum vottorðum, sagði vitnið, að svo væri ekki með þeirri undantekningu, að hún hafi leitað til heimilislæknis síns, Jóns Hjaltalíns Gunnarssonar, sem hafi fylgst með líðan sinni og gefið sér svefnlyf (mogadon).

Einnig taldi vitnið meðal eftirkasta, að það fyndi mjög til í kjálkunum í kulda og frosti. Einnig tók vitnið fram, að það þurfi að bera óeðlilega oft á varirnar vegna varaþurrks. Það gerði vitnið með venjulegum varalit.

Fyrir meiðsli sín kveðst vitnið hafa verið í fullu starfi hjá félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar við að fara á heimili aldraðra og sjúkra þeim til umönnunar og hjálpar við heimilisstörf.

Vitnið kvaðst hafa fengið greitt kaup í 6 vikur hjá félagsmásstofnuninni, eftir að hún varð óvinnufær. Vitnið kveðst ekki muna, hvenær það byrjaði að vinna aftur, en minnti fastlega, að það hafi farið of skarpt af stað.

Í dóminum hefur ákærði sagt það rangt hjá kæranda, að hún hafi sjálf farið með hnífinn fram eldhús, eftir að hún otaði honum að ákærða, þar sem hann lá nakinn að ofan í sófanum og var að horfa á sjónvarpið, því hann hefði tekið hnífinn af henni í stofunni með því að snúa hana niður

í mjúkan sófann, án þess að um nokkra barsmíð væri að ræða. Síðan fór ákærði með hnífinn fram í eldhús og lét hann í skúffu, þar sem hann var venjulega geymdur. Kærandi reyndi þá að komast í skúffuna og reyndi um leið að nota „gamalt bragð", sem hún hafði beitt áður, þ.e. að þrífa af ákærða gleraugun, eins og hún hafði gert einu sinni áður og brotið þau, en þetta mistókst. Þá kvaðst ákærði hafa slegið kæranda þéttingsfast með flötum lófanum og féll hún þá undan högginu á fast eldhúsborð. Þá gaf hún í skyn, að hún hefði meiðst. Bauðst þá ákærði til að kalla til sjúkrabíl, en ákærða virtist hún hafa lítinn áhuga á því, var eins og að hún fengi móðursýkiskast og hefði mestan áhuga á að láta heyrast sem mest í sér.

Ákærði neitar því afdráttarlaust að hafa slegið konuna nema ofangreint eitt högg, en hins vegar hafi hann varnað henni að fara fram, þar sem hún var nakin og hefði hann ekki getað hringt, þar sem hún sótti svo mjög að fara fram. Ákærði kvaðst aðeins hafa gert það með þeim hætti að fara fram að hurðinni og standa í vegi fyrir henni án þess að leggja á hana hendur. Ákærði kvaðst hafa hjá rannsóknarlögreglunni skýrt satt og rétt frá atvikum.

Ákærði bar, að undir það síðasta hafi framkoma konunnar breyst og hann hafi haft það á tilfinningunni, að hún vildi slíta sambandi þeirra, sem hefði staðið í ein 15 ár. Hún hafi átt það til að hverfa og meira að segja einu sinni fimm sólarhringa. Ákærði sagði, að ekki hafi verið um að ræða að konan væri í drykkjuskap þótt fyrir kæmi, að af henni væri vínlykt, þegar hún kom heim, eins og hann hélt umrætt kvöld.

Ákærði sagði, að ekki hefði verið til að dreifa, að konan hafi verið erfið í sambúð, en ef hún reiddist, þá reiddist hún illa. Ákærði bar, að sér hafi fundist konan undir það síðasta ekki verið í eins góðu jafnvægi og áður, og lét sér detta í hug, að það væri vegna þess, að hún væri „á breytingaskeiðinu."

Að gefnu tilefni vegna niðurlags í lögregluskýrslu kvaðst ákærði hafa farið heim að Rofabæ 43 frá slysadeildinni og hann hafi ekki orðið var við neinar tilraunir lögreglunnar til að hafa samband við sig. Hins vegar varð hann var við, að sonur konunnar kom við annan mann og reyndi að komast inn í íbúðina með lykli, en til að firra vandræðum hafi hann ekki hleypt þeim inn.

Ákærði kvaðst ekki geta fallist á framkomna bótakröfu eða á bótaskyldu, þótt hins vegar það kæmi til greina, „úr því að svona illa tókst til, að ganga eitthvað á móts við konuna á samningsgrundvelli."

Við samprófunina í dóminum tókst ekki að fá samræmi í það, hvort ákærði kom heim á undan kæranda umrætt kvöld. Ákærði hafði frá upphafi haldið því fram, en kærandi, að hún hefði komi heim á undan og verið í baði, er ákærði kom heim.

Ákærði bar, að sófinn, sem hann lá í, í stofunni, er hann var að horfa á sjónvarpið, hafi staðið upp við vegg og hafi bakið snúið að veggnum. Ákærði kvaðst hafa legið endilangur í sófanum og sjónvarpið hafi verið beint fyrir framan hann. Til að komast að ákærða, þar sem hann lá, úr eldhúsinu, þurfti að ganga þvert yfir alla stofuna. Vitnið Guðlaug Helga bar, að lýsing ákærða á staðsetningu sófans væri rétt, en sagði þó bakhlið sófans hafa snúið út að glugga.

Vitnið hélt fast við, að það hafi sjálft farið með hnífinn aftur inn í eldhús og látið hann þar í skúffu, og ákærði við, að hann hafi gripið um úlnlið vitnisins, um leið og hann hálfreis upp, og seig hún þá í sófann, og náði ákærði hnífnum úr hendi hennar. Ákærði sagði þá af og frá, að hún hafi meiðst. Ákærði kvaðst síðan hafa farið með hnífinn fram í eldhús og látið hann þar í skúffu, enda hafi hann aðeins haft áhuga á að sjá fréttirnar í sjónvarpinu. Ákærði hélt síðan fast við það, sem á að hafa skeð við eldhússkúffuna, og það var þá sem hann veitti henni þung högg með flötum lófanum.

Vitnið hélt fast við, að það hafi verið í stofunni sem ákærði veittist að henni, eftir að hún hafði sjálf sett hnífinn í eldhússkúffuna.

Ákærði kvaðst vilja taka fram, að hann teldi, að vitnið rugli saman því, að hann hafi reynt að hindra hana, eftir að hann sló hana, í því að fara nakta fram á gang með því að standa við dyrnar og því að hafa lagt hendur á hana, eftir að hann sá, að hún meiddist í eldhúsinu. Vitnið sagði, að hún hafi verið í slopp, er hún reyndi að fara fram, og hélt fast við, að ákærði hafi slegið sig í stofunni. Ákærði sagði, að vitnið hafi verið í slopp, er hún var með hnífinn, og hann muni hafa fallið af henni í sviptingunum í elshúsinu.

Ákærði kvaðst ekki hafa veitt vitninu athygli er hún kom gangandi frá eldhúsinu með hnífinn í hendinni. Hann hafi ekki orðið var við hana, fyrr en hún var komin fast að sér og hafi reyndar haldið að hún væri í eldhúsinu. Ákærði bar, að vitnið hafi ekki lagt beint til sín með hnífnum. Hún hafi haldið utan um skaftið með báðum höndum og hnífsoddurinn hafi numið við hörundið.

Ákærði bar, að vitnið hafi ekki verið með hnífinn í höndunum, er hann sló það í eldhúsinu, enda hafi það ekki haft tækifæri til þess. Hins vegar reyndi vitnið að taka af ákærða gleraugun.

Vitnið Sjöfn Ragnarsdóttir húsmóðir, Hásteinsvegi 64, Vestmannaeyjum, (áður Frostaskjóli 14, Reykjavík), fædd 25. apríl 1947 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að hún hafi hringt í móðursystur sína, Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, á tímabilinu kl. 20.00-21.00 föstudagskvöldið 5. janúar. Ákærði svaraði í símann. Vitnið spurði um frænku sína. Vitnið bar hjá lögreglu, að ákærði hafi ekki svarað því, en í sakadómi Vestmannaeyja, að hann

hafi sagt sér að bíða. Eftir bið sagði ákærði Gulaugu Helgu vera í baði og hún gæti ekki komið í símann. Ekki heyrði vitnið ákærða tala við neinn, á meðan það beið í símanum.

Vitnið Guðmundur Magnússon Waage prentmyndasmiður, Rofabæ 43, fæddur 17. nóvember 1940 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að íbúð sín væri beint á móti íbúðinni, sem kærði og ákærði bjuggu í, eða vinstra megin, þegar gengið er upp. Í íbúðinni á milli bjuggu vitnin Ólöf Einarsdóttir og Hannes Haraldsson. Vitnið Þorsteinn Helgason hefði komið niður til vitnisins og spurði, hvort það hefði ekki orðið vart við „lætin" í íbúðinni á móti. Þorsteinn sagði mikil læti hafa verið í íbúðinni, og skildist vitninu á honum, að þar hefðu verið einhver átök. Vitnið hafði ekki heyrt neitt, enda var sjónvarpið hátt stillt. Vitnið opnaði forstofudyr sínar til að kanna, hvort hann heyrði eitthvað. Í því kom Guðlaug Helga fram á gang. Klædd í síðbuxur og brjóstahaldara. Hún kom strax til vitnisins og spurði, hvort að vildi vera til vitnis um það, sem á hefði gengið. Vitni kvaðst ekkert hafa heyrt. Þá sagðist konan halda, að hún væri kjálkabrotin. Konan fór síðan inn í sína íbúð og lokaði hurðinni. Ekki sá vitnið sambýlismann hennar. Vitnið veitti því athygli nokkru seinna, að Guðlaug Helga fór út í sjúkrabifreið og einhver maður með henni, sambýlismaður hennar að því er vitnið hélt.

Vitnið Þorsteinn Helgi Helgason öryrki, Rofabæ 43, fæddur 14. júlí 1925 á Ísafirði, hefur borið, að það búi á 3., eða efstu, hæð hússins, en Guðlaug Helga hafi verið á 2. hæð. Þrjár íbúðir séu á hvorri hæð, en á 1. hæð aðeins 2 íbúðir. Vitnið byggi í miðíbúð, en Guðlaug Helga bjó í íbúðinni til hægri á sinni hæð. Vitnið var á leið niður stigann, er það heyrði hávaða úr íbúð Guðlaugar Helgu. Þá heyrði vitnið kvenmannsrödd kalla eitthvað á þá leið „hættu þessu, hættu þessu" og svo „ég finn svo til". Voru þetta sársaukahljóð, og heyrði vitnið, að þarna var eitthvað ósætti. Vitnið fór síðan upp til sín og svo aftur niður til vitnisins Guðmundar.

Vitnið Ólöf Einarsdóttir húsmóðir, Skarðshlíð 16 F, Akureyri, (áður Rofabæ 43, Reykjavík), fædd 3. júlí 1960 hefur skýrt svo frá, að hún hafi búið við hliðina á Guðlaugu Helgu. Vitnið var statt ásamt unnusta sínum, Hannesi Haraldssyni, í íbúð þeirra að Rofabæ 43, er þau heyrðu hróp og köll frá íbúð Guðlaugar Helgu. Vitnið heyrði strax, að það var kvenmaður, sem hrópaði, og fannst vitninu eins og verið væri að leggja hendur á hana. Vitnið fór fram á stigagang, og var greinilegt, að hrópin komu frá íbúð Guðlaugar Helgu. Vitnið heyrði, að hún „öskraði" Óli, og einnig heyrði vitnið hana veina „æi, æi," og fannst vitninu þá vera nokkuð dregið af henni. Hrópin og öskrin stóðu nokkurn tíma, og taldi vitnið, að það hefði verið í um 10-15 mínútur. Vitnið óskaði að taka það fram, að það hafði það á tilfinningunni, að verið væri að misþyrma konunni, þar sem hljóðin

frá henni virkuðu á sig eins og sársaukavein. Ekki heyrði vitnið annan hávaða frá íbúðinni. Er sjúkraliðsmenn komu nokkru seinna með sjúkrabörur, sagði sambýlismaður Guðlaugar Helgu, að ekki þyrfti börur.

Vitnið Hannes Haraldsson bifvélavirki, Skarðshlíð 16 F, Akureyri, (áður Rofabæ 43, Reykjavík), fæddur 1. ágúst 1958, hefur skýrt svo frá, að hann hafi heyrt hróp, sem voru greinilega frá kvenmanni, og urðu ópin sífellt háværari og samfelldari. Vitnið hreyrði, að hrópin komu frá íbúð við hliðina á sinni íbúð, en mundi ekki nöfn íbúanna þar. Vitninu fannst þessi hljóð vera sársaukavein, sérstaklega þegar þau voru búin að vera nokkurn tíma, en vitnið heyrði þau í um 10-15 mínútur. Vitnið heyrði konuna hrópa inn á milli: „Ég skal gera það, ég skal gera það." Vitnið heyrði ekki annan hávaða frá íbúðinni og ekki í neinni annarri manneskju. Vitnið fór ekki fram, einungis unnusta þess.

Vitnið Ellen Helgadóttir, húsmóðir og skrifstofumaður, Rofabæ 43, fædd 27. júní 1942 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að það búi í íbúðinni fyrir ofan íbúðina, sem Guðlaug Helga bjó í. Vitnið heyrði þetta kvöld einhvern hávaða eða sársaukahljóð, er það var statt í stofu sinni. Vitninu fannst hljóðin koma frá húsagarðinum. Vitnið fór þá í austara herbergið að norðanverðu í íbúðinni. Er vitnið kom út í gluggann þar, heyrði það, að hljóðin komu frá næstu íbúð fyrir neðan, en þar bjó Guðlaug Helga. Vitnið heyrði, að sagt var eitthvað á þessa leið: „Hættu þessu Óli, æ farðu, láttu mig í friði". Vitninu fannst röddin gefa til kynna karlmann, og hélt vitni, að þetta væri sonur Guðlaugar Helgu og hann væri undir áfengisáhrifum og vildi fá að vera í friði. Vitnið heyrði hljóðin í um 10-15 mínútur. Þá fór vitnið fram og hitti aðra íbúa í húsinu. Rætt var um, hvort rétt væri að grípa inn í, en hætt var við það, þar sem hljóðin hættu.

Í málinu hafa verið lögð fram tvö læknisvottorð um áverka Guðlaugar Helgu. Hið fyrra (1.) frá Borgarspítalanum, háls-, nef- og eyrnadeild, dagsett 11.04.79, undirritað af Jóni Viðari Arnórssyni tannlækni. Hið síðara (2.), dagsett 1. apríl 1981, frá sama tannlækni. Vottorðin eru svohljóðandi: 1. „Sjúklingur var að eigin sögn, slegin á kjálkann af sambýlismanni sínum, að kvöldi 05.01.79. Sjúklingur kom á Slysadeild Borgarspítalans 06.01.79, u.þ.b. 10 klukkustundum eftir áverkann og var þá að lokinni rannsókn lögð inn á háls-, nef- og eyrnadeild til aðgerðar.

Skoðun: Það er talsverð bólga yfir neðri kjálka og mar á höku beggja megin, eins er mar og bólga inni í munni, á jaxlasvæði í báðum hliðum og undir tungu. Sjúklingur er dofinn í neðri vör. Hakan er laus og greinilega brotin frá öðrum hluta kjálkans.

Röntgenrannsókn sýnir, brot í gegnum miðjan neðri kjálkann, í báðum hliðum og er þó nokkuð úr lagi fært.

Aðrir áverkar voru ekki greindir.

Meðferð: Gert var að kjálkabrotum í svæfingu 06.01.79 og sjúkl. útskrifaður af Borgarspítalanum 11.01.79 og hafði þá heilsast vel eftir aðgerð. Spengja þurfti kjálkann þannig að hann hreyfðist ekki eftir aðgerðina, á meðan hann væri að gróa. Og gert var ráð fyrir að sjúklingur þyrfti að hafa þessa festingar í allt að 6 vikur. Henni var ráðlagt frá því að vinna við líkamlega vinnu þann tíma og útvegað pláss á Rauða-Kross-heimilinu, þar sem hún dvaldi til lok febrúar 1979.

Brotið hefur gróið vel og eðlilega og kemur ekki til með að valda útlitslýti hjá sjúkling, en hún er enn með tilfinningalausa neðri vör vegna skemmda á taugum, sem um kjálkann liggja.

Óvíst er um fullan bata hvað þetta snertir."

2. „Varðandi Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, fædd 26/9 '29. Samkvæmt sjúkraskýrslum varð Helga fyrir líkamsárás 5. janúar 1979, og var lögð inn á Borgarspítalann þennan sama dag. Við rannsókn kom í ljós að Helga var tvíbrotin á neðri-kjálka, á jaxlasvæði vinstra megin og á augntannarsvæði hægra megin. Bæði brotin voru mjög laus og úr réttri legu. Kjálkinn var tannlaus og auk þess rýr undan langri notkun gervitanna og því veikari fyrir en ella. Skurðaðgerð var framkvæmd í svæfingu 6/1 '79 og brotum komið fyrir í rétta legu. Brotin höfðust vel við í fyrstu, svo unnt reyndist að fjarlægja allar festingar sem notaðar voru í munninum 22/2 '79.

Þann 20/4 '79 kom Helga til mín bólgin vinstra megin, en sú bólga hjaðnaði og hvarf við lyfjameðferð. Síðan hefur ekki orðið vart aukaverkana.

Við það að neðri kjálkinn brotnaði, rifnuðu skyntaugar, sem liggja eftir honum og senda greinar til neðri vararinnar. Þess vegna var Helga í fyrstu alveg dofin í neðri vör, en eftir því sem á leið lagaðist þetta að því marki að í dag 1. apríl '81 er hægri helmingur vararinnar með því næst eðlilega skynjun, en vinstri helmingur aðeins að hluta. Óvíst er hvort vörin nái nokkurntíma eðlilegri tilfinningu. Útlitslega er ekkert óeðlilegt að sjá, en Helga segir dofann í vörinni há sér t.d. við að drekka úr bolla og eins sé vörin óeðlilega „þurr". Að öðru leyti er ekkert óeðlilegt að finna, en á samtölum við Helgu er ljóst að þessi meðsli og það, sem þeim fylgdu hafa haft slæm „andleg" áhrif á hana."

Mikið ber á milli ákærða og kæranda, eins og rakið hefur verið, um, hvað þeirra fór í milli. Ákærði hefur þó ekki dregið í efa, að áverkar kæranda megi til athafna hans rekja, þótt hann sjálfur haldi því fram, að hann sé vítalaus af þeim. Þegar hinir alvarlelgu áverkar eru hafðir í huga og framburðir sambýlisfólks kæranda verður að telja framburð ákærða firn mikil, sem taka verður með mikilli varúð, en framburð kæranda trúverðugan. Framburðir vitnanna benda til, að átök hafi átt sér stað og þau hafi staðið lengur en ákærði vildi vera láta, eða í um 10-15 mínútur. Með vísan til þessara gagna er það skoðun dómsins, að sannað sé, að ákærði hefur

lagt hendur á kæranda á þann hátt sem í ákæru greinir. Samkvæmt læknisvottorðum urður meiðsli hennar slík, að háttsemi ákærða, sem er rétt lýst í ákæru, varðar við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Jafnframt ber að hafa í huga, að framferði kæranda var afleitt, fyrst tal við matborðið um, að hún ætti bara eftir að stinga ákærða, og síðan í nokkuð beinu framhaldi gáleysilega og stórvítaverða meðferð hennar með hnífinn, er ákærði lá fyrir.

Ekki er þó ástæða til að ætla, að hún hafi í reynd ætlað að vinna honum mein, sem henni hefði verið auðvelt, þar sem ákærði veitti henni ekki athygli, fyrr en hún stóð yfir honum. Samt verður að telja nokkuð skiljanlegt, að viðbrögð ákærða hafi verið nokkuð skörp, þótt hann hafi farið langt út fyrir þau mörk, sem lögleg og afsakanleg mega teljast. Ljóst er af öllum málavöxtum, að ákærði átti alls kostar við konuna, og honum hefur engin hætta stafað af henni, eftir að hún var hníflaus. Því hafnar dómurinn með öllu, að verknaðurinn hafi verið ákærða refsilaus samkvæmt 12. gr. laga nr. 19, 1940 um neyðarvörn. Ekki eru heldur efni til að láta refsingu falla niður að öllu leyti samkvæmt niðurlagi 74. gr., sbr. 1. tölulið sömu laga. Hins vegar verður að telja, þegar atvik öll eru virt, að atferli ákærða sé ekki eins refsivert og ella hefði orðið.

Ákærði hefur sætt kærum og refsingum sem hér greinir:

— — —

Með vísan til framangreinds þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 1 mánuð og sekt að fjárhæð 7.500 krónur til ríkissjóðs. Fullnustu refsivistarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnu 1 ári, haldi ákærði almennt skilorð og hið sérstaka bótaskilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Greiði ákærði ekki sektina innan 4 vikna, kemur í hennar stað 15 daga varðhald.

Örn Höskuldsson héraðsdómslögmaður hefur gert þá kröfu fyrir hönd Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur, að ákærði greiði henni í skaðabætur kr. 19.906.90. Er krafan sundurliðuð þannig:

A.	Útlagður kostnaður.		
	1. Læknisvottorð (Mat)	63.00	
	2. Tannmeðferð	150.00	
	3. Greiðsla upp í aðgerð	70.00	
	4. Endursmíði góma	3.559.40	
	5. Skoðun og myndataka	125.00	kr. 3.967.40
B.	Atvinnutekjutap í 6 vikur		— 2.910.00
C.	Miski		— 11.000.00
D.	Kostnaður vegna aðstoðar lögmanns		— 2.029.50
		Samtals	kr. 19.906.50

Lagðir hafa verið fram reikningar fyrir liðum A 1. til A 5. Þeim hefur eigi verið mótmælt tölulega. Þessir liðir verða því teknir til greina að fullu.

Lagt hefur verið fram vottorð frá heimilisþjónustu félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar um, að Helga hafi hafið störf að nýju 2. apríl 1979. Guðlaug Helga vann 40 tíma í viku hjá stofnuninni. Kröfulið þessum er stillt í hóf og verður tekinn til greina að fullu. Fram kemur í málinu, að kærandi fékk laun í 6 vikur eftir árásina og þessi liður sé fyrir næstu 6 vikur þar á eftir.

Þegar hinir miklu áverkar Guðlaugar Helgu eru virtir og hve lengi hún hafði óþægindi af þeim, og ekki er reyndar enn séð fyrir um lok þeirra, telst fégjald samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga vera hæfilega metið kr. 8.000.-.

Þar sem krafan er höfð uppi og dæmd í opinberu máli, verður ekki dæmt um lögmannsþóknun.

Ákærði dæmist því til að greiða Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, Suðurhólum 26, Reykjavík, kr. 3.967.40 + 2.190.00 + 8.000.00, samtals kr. 14.877.40 með vöxtum, sem ákveðast eins og krafist er, 19% ársvextir frá 5. janúar 1979, til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1779, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu á sakarkostnaði málsins, m.a. á saksóknarlaunum til ríkissjóðs að fjárhæð 4.000 krónur, en málið flutti af hálfu ákæruvalds Jónatan Sveinsson saksóknari, og málsvarnarlaunum til Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns að fjárhæð 6.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Gunnar Grímsson, sæti fangelsi í 1 mánuð og greiði sekt að fjárhæð 7.500 krónur til ríkissjóðs.

Fullnustu refsivistarinnar skal fresta og fellur hún niður að liðnu 1 ári, haldi ákærði almennt skilorð og hið sérstaka bótaskilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Greiði ákærði ekki sektina innan 4 vikna, kemur í hennar stað 15 daga varðhald.

Ákærði greiði Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, Suðurhólum 26, Reykjavík, kr. 14.877.40 með vöxtum, sem ákveðast: 19% ársvextir frá 5. janúar 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir fra þeim degi til 1 desember 1979. 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. saksóknarlaun til ríkissjóðs að

fjárhæð 4.000 krónur, og málsvarnarlaun Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns að fjárhæð 6.000 krónur.

Mánudaginn 12. nóvember 1984.

Nr. 121/1983. **Baldur h/f**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Ólafi Magnússyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Kaupgjaldsmál. Sjómannalög. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1983. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að málskostnaður verði felldur niður, ef meginkröfur stefnda verða teknar til greina.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi, hlaut stefndi meiðsl þau, sem í málinu greinir, er hann æfði tök á svifdreka með því að hlaupa með drekann niður aflíðandi brekku. Ber að fallast á það með héraðsdómi, að þessi atvik að meiðslum stefnda séu eigi slík, að stefndi verði talinn hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 6. málsgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, sbr. 1. gr. laga nr. 49/1980. Þarf þá ekki að taka afstöðu til þess, hvernig líta bæri á iðkun eiginlegs svifdrekaflugs frá sjónarmiði nefnds ákvæðis. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 19.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Baldur h/f, greiði stefnda, Ólafi Magnússyni, 19.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. mars 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. janúar 1983. Stefnandi málsins er Ólafur Magnússon sjómaður, Hásteinsvegi 17, Vestmannaeyjum, nafnnúmer 6776-1316. Stefndi er Baldur h.f., Vestmannaeyjum, nafnnúmer 0908-6986.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 60.102.70 með 37% ársvöxtum frá 1. september 1982 til 1. nóvember 1982, 45% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 18. janúar 1982, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar.

Þá krefst stefnandi sjóveðréttar í m/b Baldri, VE 24, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður, ef meginkröfur stefnanda verða teknar til greina. Samkomulag er með aðiljum að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Sáttaumleitanir af hálfu dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Stefnandi starfaði sem matsveinn á skipi stefnda m/b Baldri VE 24, sem er fiskibátur og gerður út af stefnda. Stefnandi átti helgarfrí dagana 19. - 20. júní 1982. Sunnudaginn 20. júní 1982 tók stefnandi þátt í svonefndri hólahoppsæfingu með svifdreka, en hólahoppsæfingar eru byrjendaæfingar fyrir þá, sem síðar hyggjast þreyta svifdrekaflug. Æfingar þessar fara þannig fram, að hlaupið er með svifdreka niður aflíðandi brekku í golu eða hægum vindi til þess að finna, hvernig drekinn tekur vind, án þess að flogið sé. Æfingin fór fram við Hafrahlíð í Mosfellssveit. Stefnandi

hljóp nokkrum sinnum niður hallann með svifdrekann og gerði hólahoppsæfingar undir leiðsögn, og gekk það vel þar til í einni ferðinni, að honum skrikaði fótur, og féll hann með svifdrekann með þeim afleiðingum, að hann handleggsbrotnaði.

Vegna þessa óhapps varð stefnandi frá vinnu frá slysdegi 20. júní 1982 til 28. ágúst 1982.

Stefnandi telur sig eiga ótvíræðan rétt til forfallalauna, kr. 55.480.71, auk orlofs, kr. 4.621.99, eða samtals kr. 60.102.70.

Stefnandi telur sér óskylt að greiða kröfu þessa.

Hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

II.

Stefnandi hefur í aðiljaskýrslu skýrt svo frá:

„Ég hef alltaf verið mikill áhugamaður um flugmál, t.d. hef ég haft svifflugpróf og hef flogið um 100 tíma í svifflugi, auk þess hef ég líka haft vélflugpróf og flogið þar um 300 tíma, auk þess hef ég núna síðustu árin haft mikinn áhuga á og tekið þátt í smíði og flugi með fjarstýrðum flugmódelum. Þegar svifdrekaflug fór fyrst að tíðkast hér á landi, fékk ég mikinn áhuga á að taka þátt í því og aflaði mér bóka þar sem hægt var að finna upplýsingar um svifdrekaflug. Það hefur lengi blundað í mér að fara að æfa svifdrekaflug og eignast dreka, en einhvern veginn hefur ekkert orðið úr því ennþá. Það var svo í júní sl. að ég hafði sambandi við Einar Eiríksson, formann Svifdrekafélags Reykjavíkur, og spurði hann hvernig menn bæru sig til við að gerast félagar. Hann sagði að helgina 19. - 20. yrði mót hjá Svifdrekafélaginu og upplagt fyrir mig væri að koma og fylgjast með því og kynna mér þannig svifdrekaflug. Ég átti helgarfrí þessa helgi og fór á mótið. Á mótinu hitti ég nokkra félaga í Svifdrekafélaginu og spurði þá um ýmis atriði varðandi svifdrekaflug. Ég spurði líka Einar Eiríksson um það, hvort ég væri of gamall til þess að taka þátt í svifdrekaflugi, en hann sagði það ekki vera og benti á að eldri menn en ég stunduðu svifdrekaflug. Ég leitaði fyrir mér um það hvort hægt væri að fá lánaðan svifdreka, en þá var mér sagt að það væru reglur hjá Svifdrekafélaginu að bannað væri að lána svifdreka, og ef menn seldu dreka þá væri skylda að leiðbeina kaupandanum þar til hann hefði lokið svokölluðu hólahoppsprófi. Eftir nokkurn tíma þá leitaði ég hófana um kaup á svifdreka og keypti loks svifdreka af Markúsi Jóhannssyni á kr. 6.000.00, en Markús gat samkvæmt reglum félagsins ekki látið mig hafa drekann fyrr en að undirbúningsþjálfun væri lokið. — Ég fór svo á svokallaða hólahoppsæfingu uppi við Hafrafell þann 20. júní sl. Kennarar voru Einar Eiríksson og Markús Jóhannsson. Hólahopp er samheiti yfir undirbúningsæfingar fyrir svifdrekaflug, og felast þessar æfingar í því að menn hlaupa með

drekana niður aflíðandi brekku. Tilgangurinn með þessu er að láta drekann taka vind þannig að hægt sé að fá þjálfun í að stýra drekanum og fá tilfinningu fyrir því hvernig svifdrekaflug er, án þess að fljúga. Hólahopp er sem sagt ekki svifdrekaflug, heldur hlaup með drekann til þess að kenna mönnum að stýra drekanum og láta þá fá tilfinningu fyrir því hvernig bregðast beri við. Ég var því að hlaupa með drekann niður aflíðandi brekku í Hafrafellinu og hafði gert það nokkrum sinnum þegar mér varð fótaskortur og ég datt með drekann. Þegar ég datt hélt ég, eins og skylt er að gera, um álþríhyrning á drekanum, og í fallinu sleppti ég ekki þríhyrningnum til þess að hafa sem mest vald á drekanum. Við fallið kom átak á hægri handlegg sem brotnaði illa. Varð ég óvinnufær í langan tíma og geri kröfu um að fá forfallalaun greidd. Ég vil sérstaklega taka fram að ég fór eftir öllum þeim reglum, sem fyrir mig voru lagðar og æfingin fór fram í miklu blíðskaparveðri og þurrki, þannig að veður hafði engin áhrif á það að slysið varð."

Vitnið *Einar Eiríksson,* sem kveðst hafa verið kennari hjá Svifdrekafélagi Reykjavíkur frá árinu 1979, annaðist kennslu á hólahoppsæfingunni, sem stefnandi tók þátt í. Hann skýrði m.a. svo frá: „Ólafur var á þessum venjulegu frumbyrjunaræfingum þar sem nemandi er látinn hlaupa í litlum halla ca. 10% halla á sléttu mjúku landi á móti mjög hægri golu með dreka. Hann hafði hlaupið nokkrum sinnum, 3, 4, 5 sinnum og allt gengið vel, þegar í eitt skiptið honum skrikaði fótur og hann datt með þessum afleiðingum. Þetta var alls ekki svifdrekaflug, það var bara æfing undir svifdrekaflug. Undir slíkri æfingu þá lyftist maðurinn aldrei frá jörðu, heldur er meiningin með þessu eingöngu, að hann fái tilfinningu fyrir því, hvernig svifdrekinn hagar sér. Svifdrekinn togar aðeins í hann og léttir hann á hlaupunum, en hann lyftist aldrei frá jörðu í slíkum tilfellum. Ólafur lyftist aldrei frá jörðu. Það eru mörg vitni að því. Ég er búinn að kenna tugum manna og þetta er eina skiptið, sem maður hefur slasað sig svona þar sem ég hefi verið nálægt, en menn hafa hins vegar hruflað sig og fengið blóðnasir."

Vitninu var bent á, að stefnandi hafi verið 48 ára að aldri, þegar slysið varð. Aðspurt, hvort aldur skipti einhverju máli í þessu sambandi, svaraði vitnið: „Ef maður er líkamlega vel á sig kominn, þá á hann ekki að skipta neinu máli." Þá var spurt: En líkamsþyngd? Það er talað um, að Ólafur hafi verið 108 kg á þessum tíma. Svar: „Ég get ekki svarað því öðru vísi til en mér fannst maðurinn mjög sterklegur og stæðilegur maður. Mér sýndist maðurinn vel á sig kominn líkamlega. Það geta verið miklir kostir að vera sterkur og geta haft gott vald á drekanum. Það náttúrulega segir sig sjálft, að stór og þungur maður, sem dettur, getur átt meiri hættu á að brotna en aðrir, og þá náttúrulega gildir það í öllu, ekkert frekar í þessu

heldur en í öðrum hlutum. Það er mikið um það, að fullorðnir menn og eldri menn stundi þessa íþrótt erlendis. Þegar menn hyggja á æfingar í svifdrekaflugi, skiptir það mjög miklu máli, að menn hafi þekkingu á flugeðlisfræði, undirstöðuþekkingu á henni og hegðan flugs og vinds. Okkur var kunnugt um þekkingu Ólafs og reynslu af flugi. Hann sagði okkur frá því. Gerði það hann tvímælalaust hæfari til að taka þátt í æfingum undir svifdrekaflug."

Aðspurt um tíðni slysa í þessari íþróttagrein var svarið á þá leið: „Í flestum nágrannalöndum þar sem þessi íþróttagrein hefur náð útbreiðslu er slysatíðni síst meiri en í öðrum íþróttagreinum að því er okkur skilst og við höfum fréttir af. Það munu vera 3000 til 3500 virkir svifdrekamenn í Bretlandi, og á síðasta ári voru þrjú alvarleg slys, dauðaslys. Það hefur orðið eitt dauðaslys hér á landi í Vestmannaeyjum. Það var verið að æfa svokallað tógflug, þar sem menn eru dregnir á loft með ákveðinni gerð af spili. Nánari tildrög eru þau, að flugmaðurinn, sem var nokkuð reyndur í svifdrekaflugi, dýfði skyndilega dreka sínum án þess að loka, án þess að sleppa króknum, einhverra hluta vegna, með þeim afleiðingum, að það kom hnykkur á drekann og það brotnaði annað vængrörið og hann hrapaði." Vitnið hvað þó nokkur önnur slys hafa orðið hér á landi í svifdrekaflugi, m.a., beinbrot. Spurningunni: Telur þú, að svifdrekaflug sé ein af þeim íþróttum, eins og skíðaiðkun, sundiðkun og knattleikjaiðkun, sem teljast til almenningsíþrótta þar sem fjölskyldan geti verið í þessu eða hinn venjulegi maður?, svaraði vitnið: „Tvímælalaust hinn venjulegi maður, en ég geri ekki ráð fyrir að svifdrekaflug verði fjöldaíþrótt."

Vitnið *Markús Jóhannsson,* sem seldi stefnanda svifdrekann, kvaðst hafa verið sjónarvottur að slysinu. Einar Eiríksson hafi fyrst byrjað að sýna stefnanda, hvernig hann ætti að bera sig að við æfinguna. Ólafur hafi haft þetta eftir. Þeir hafi þá ekki verið spenntir í svifdrekann. Síðar hafi stefnandi farið að hlaupa með svifdrekann. Hafi hann gert það nokkrum sinnum, án þess að óhapp ætti sér stað. Svo hafi honum skrikað fótur í einni æfingunni og dottið. Vitnið kveðst hafa staðið neðar í hallanum og séð, að stefnandi féll, þegar hann ætlaði að draga úr hraðanum eða stoppa. Það er álit vitnisins, að stefnandi hefði átt að sleppa álþríhyrningi drekans, þegar svifdrekinn rakst í jörð í nefnt sinn. „Í öllum tilfellum hjá okkur þá sleppum við. Við reynum ekki að halda okkur, þegar við dettum í dreka, því drekinn fer framyfir sig og við rúllum fram í hann. Þetta var misskilningur hjá Ólafi. Hann átti að sleppa. Það skiptir ekki máli, hvað maður er þungur. Maður getur fengið dreka fyrir hverja þyngd. Ólafur er að mínu áliti mjög hraustur og vel byggður maður. Ég sagði honum náttúrulega, að þetta væru ekkert nema strákar, sem flygju hér, en hins vegar eru eldri menn, sem fljúga, en hann í dag."

III.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Forfallalaun	Kr. 55.480.71
2.	Orlof	— 4.621.99
		Kr. 60.102.70

Af hálfu stefnanda er á það lögð áhersla, að hinar svokölluðu hólahoppsæfingar með svifdreka hafi verið með þeim hætti, að stefnandi hafi ekki lyftst frá jörðu og því alls ekki flogið. Veður hafi verið hið ákjósanlegasta og aðstæður allar. Stefnandi hafi gert æfingarnar undir stjórn og leiðsögn þjálfaðs kennara. Stefnandi, sem hafi haft þjálfun bæði sem svifflugmaður og flugmaður, hafi gætt allrar þeirrar varúðar, sem af honum mátti krefjast, það sé því fjarri lagi, að stefnandi hafi sýnt af sér gáleysi og þá enn síður ásetning, þegar slysið varð. Augljóst sé því, að stefnandi eigi rétt á forfallalaunum úr hendi stefnda. Er af hálfu stefnanda vísað til 3. mgr. 18. gr. sjómannalaganna nr. 67/1963, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 49/1980. Auk þess er vísað til 2. mgr. 28. gr. kjarasamnings sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að 4. mgr. 18. gr. laga 67/1963, sbr. 6. mgr. 1. gr. laga 49/1980 eigi ekki við í þessu tilviki sbr. dóm Hæstaréttar 1966, bls. 236. Kröfuna um greiðslu orlofsfjár, 8.33% af launum, styður stefnandi við lög nr. 87/1971 með síðari breytingum og 31. gr. ofangreinds kjarasamnings. Kröfuna um sjóveðrétt styður stefnandi við 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaganna nr. 66/1963.

Af hálfu stefnanda er öllum kröfum og málsrökum stefnda andmælt sem þýðingarlausum fyrir mál þetta.

IV.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á 4. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, sbr. 6. mgr., 1. gr. laga nr. 49/1980.

Samkvæmt þessu ákvæði eigi skipverji ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann er ekki starfhæfur vegna meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Með hugtakinu ásetningur í merkingu sjómannalaganna sé ekki aðeins átt við beinan ásetning, heldur einnig að sjómaðurinn hafi vitað eða mátt vita, að athöfn hans eða athafnaleysi myndi leiða til eða leiði að öllum líkindum til meiðsla. Með vísan til þessara hugtaka, sé það í samræmi við tilgang laganna að meta það út frá sanngirnissjónarmiðum, hverjum standi næst að bera áhættuna á slysum atvinnurekandanum eða launþeganum.

Þessi fyrirvari laganna um ásetning eða stórfellt gáleysi nái einnig til vissra tilvika, t.d. að sjúkdómurinn eða meiðslin hafi gerst undir kringumstæðum, sem einkenna megi sem samþykkt (accept af risiko). Teljist það svo, sé það launþegans að bera sitt tjón sjálfur, enda ósanngjarnt, að hægt sé að láta þriðja aðilja bera bótaábyrgðina.

Slys og óhöpp, sem verða við íþróttaiðkanir eða aðra frítímasýslan, sem teljast vera þáttur í almennu og venjulegu lífsmunstri, „et led i et normal livsudfoldelse," beri atvinnurekanda að bæta í formi veikinda- og slysakaups. Sé almenna reglan sú, að frítímaforföll beri að greiða. Hvað varði slys við íþróttaiðkanir, þá verði að meta það hverju sinni, hvort iðkun viðkomandi íþróttar sé bundin mikilli áhættu eða ekki, og þá um leið, hvort launþeginn eað atvinnurekandinn beri ábyrgðina.

Svifdrekaflug sé hættuleg íþrótt, sem ekki teljist til almenningsíþrótta, sem langflestir geta stundað á einn eða annan hátt. Svifdrekaflug sé íþrótt þeirra ungu og kjörkuðu manna, sem eru mjög vel á sig komnir líkamlega og andlega og sem búa yfir bæði kröftum og snerpu. Ein mistök, missir handtaks í svifdrekaflugi, rangt mat á vindstraumum eða uppstreymi geti kostað örkuml eða dauða.

Svifdrekaflug sé alls ekki íþrótt fyrir miðaldra stóra og svera menn eins og stefnanda, sem hafi verið 48 ára gamall og 108 kg að þyngd á slysdegi.

Að svifdrekaflug sé hættuleg íþrótt, lýsi sér best í því, að á þeim stutta tíma, sem svifdrekaflug hafi verið iðkað hér á landi, hafi orðið eitt banaslys og a.m.k. þrjú alvarleg slys með tilheyrandi beinbrotum. Sé slysatíðni í þessari íþrótt mjög há miðað við þennan stutta tíma og þá fáu tiltölulega, sem stundað hafi þessa íþrótt. Þá verði að leggja áherslu á það, hve slysin séu alvarlegs eðlis.

Svifdrekaflug teljist ekki til tómstundaiðkana, sem almenningur stundar „et led i et normal livsudfoldelse," eins og segja megi um flestar íþróttir, svo sem skíðaíþrótt, sund, hnit og ýmsa knattleiki. Gagnstætt svifdrekaflugi sér þar um almenna og algenga tómstundaiðju að ræða, sem ungir sem aldnir geti stundað og þá sniðið sér stakk eftir vexti, þ.e. aldri, þoli eða þreki. Að sjálfsögðu fylgi allri íþróttaiðkun viss áhætta á, að slys verði, eins og menn þekkja, en þó teljist þær íþróttir ekki vera hættulegar. Hér sé um svokallaðar almenningsíþróttir að ræða gagnstætt svifdrekaflugi.

Dómur sá, sem lögmaður stefnanda vísi til máli sínu til stuðnings, H-1966-236, fjalli um kröfu launþega um slysakaup vegna slyss, sem hann varð fyrir á knattspyrnuæfingu, en algengt sé, að menn sparki fótbolta í frítíma sínum og telja megi „et led i et normal livsudfoldelse."

Stefndi telur, að hnefaleikar, „karate" og judo" teljist óumdeilanlega til hættulegra íþrótta og atvinnurekandi beri ekki ábyrgð á slysum, sem verði við iðkun slíkra íþrótta. Þá sé svifdrekaflug að því leyti hættulegra,

að ýmis ytri skilyrði, svo sem sviftivindar, uppstreymi o.þ.h., sem menn ráði ekki við, geri þessa íþrótt svo hættulega. Missi menn handfestu, sé voðinn vís.

Stefndi telur, að strax og stefnandi hóf að æfa svifdrekaflug, teljist hann hafa verið að stunda hættulega íþrótt, þótt slysið hafi gerst á byrjunarstigum hennar. Stefnandi verði því að bera tjón sitt sjálfur.

V.

Í 3. mgr. 18. gr. sjómannalaganna nr. 67/1963, sbr. lög nr. 48/1980, er svofellt ákvæði:

„Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausu fríi, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju.“ Í 28. gr. áðurgreinds kjarasamnings eru ákvæði þess efnis, að útgerðarmaður skuli greiða slysa- og veikindabætur til skipverja, sem verður fyrir slysi um borð í skipi við skyldustörf, eins og sjómannalög ákveða á hverjum tíma, og um rétt og skyldur í slysa- og veikindatilvikum skipverja fari að öðru leyti samkvæmt sjómannalögum nr. 67/1963, sbr. lög nr. 49/1980.

Í 6. mgr. 18. gr. sjómannalaganna er nú svofellt ákvæði: „Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir, ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.“

Eigi verður á það fallist með stefnda, að stefnandi hafi valdið meiðslum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi í skilningi 6. mgr. 18. gr. sjómannalaganna. Ber stefnda því að greiða stefnanda veikindabætur, svo sem stefnandi gerir kröfu til í málinu, en fjárhæð kröfunnar sætir ekki andmælum. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 60.102.70 með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 14.000.00.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Baldri, VE 24 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Baldur h/f greiði stefnanda, Ólafi Magnússyni, kr. 60.102.70 með 37% ársvöxtum frá 1. september 1982 til 1. nóvember 1982, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 18. janúar 1983 og með hæstu

innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Baldri, VE 24, til tryggingar framangreindum kröfum.

Mánudaginn 12. nóvember 1984.

Nr. 156/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Hallgrími Elíssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Kjartan Þorkelsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 27. júní 1984. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 11. f.m.

Samkvæmt gögnum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni ölvaður, svo sem greinir í ákæru. Miðað við alkóhól, er mældist í blóði ákærða, hefur hann með þessu brotið gegn 2., sbr., 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, en eins og ákæru er háttað, verður honum þó einungis refsað fyrir brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. greinar.

Ákærði hafði eigi ökuleyfi, er þetta gerðist, þar sem hann hafði undirgengist sviptingu ökuleyfis í eitt ár með dómsátt 28. október 1982. Hann hefur því með akstri sínum brotið gegn 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Ákærði verður ekki dæmdur fyrir brot gegn 37. gr. umferðarlaga, þar sem ákæra geymir eigi verknaðarlýsingu, er svari til þess ákvæðis.

Refsing ákærða verður samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ákveðin varðhald 30 daga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða, sem eigi hafði ökuleyfi, er ákæra var gefin út. Þá ber að staðafesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Hallgrímur Elísson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og um sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Rangárvallasýslu 28. maí 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. maí sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 19. ágúst 1983, á hendur Hallgrími Elíssyni, Lækjarbakka, Vestur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu, fæddum að Helgastaðarhjáleigu í Austur-Landeyjahreppi 7. október 1952 fyrir að aka fimmtudaginn 24. mars 1983 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni L-2517 frá Reykjavík áleiðis heim til sín, uns bifreiðin hafnaði utan vegar á Suðurlandsvegi, Hellisheiði, skammt austan Sandskeiðis.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Fimmtudaginn 24. mars 1983, kl. 20:49, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um umferðarslys á Suðurlandsvegi skammt austan Sandskeiðis. Umferðarslysið varð með þeim hætti, að bifreiðinni L-2517 var ekið austur

Suðurlandsveg, og skammt austan Sandskeiðis var henni ekið út af veginum með þeim afleiðingum, að hún valt.

Ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, sem var mjög áberandi ölvaður, hafði komið sér upp á þjóðveginn, er lögreglan kom að, og fengið inni í bifreið, er hafði stöðvað þar. Var ákærði lítillega skrámaður, en kenndi sér ekki meins að öðru leyti.

Var ákærði síðan fluttur á Árbæjarstöð lögreglunnar í Reykjavík, þar sem hann var leiddur fyrir varðstjóra. Ákærði viðurkenndi þar ekki áfengisneyslu, en kvaðst hafa ætlað að aka til Selfoss. Að öðru leyti fengust ekki frekari upplýsingar frá ákærða, þar sem hann var ekki viðræðuhæfur sökum ölvunarástands.

Við yfirheyrslu hjá varðstjóra fór ákærði að kenna sé meins í hálsi, og var hann því fluttur á slysadeild Borgarspítalans með sjúkrabifreið. Var þar tekið úr honum blóðsýni. Ákærða var síðan leyft að fara, þar sem ekkert hafði fundist að honum annað en fyrrgreindar skrámur. Alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist vera 2.24 ‰.

Á staðnum gaf sig fram vitni Ágúst Halldórsson, Réttarholti 4, Selfossi.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá lögreglu 13. maí 1983, og skýrði ákærði svo frá: „Í umrætt sinn fór ég frá Reykjavík um kl. 20:00 og ætlaði heim til mín austur í Landeyjar. Ég var einn í bifreiðinni, en hún var geymd á Skólavörðuholtinu og tók ég á hana bensín á Shell-stöðinni við Miklubraut. Hálka og snjór var á veginum. Þegar óhappið vildi til hafði bifreiðin runnið til á veginum, fyrst til hægri, síðan til vinstri, en þá var bifreið að koma á móti, lagði ég þá á stýrið snögglega til hægri og fór bifreiðin út af og valt. Eftir veltuna man ég lítið hvað gerðist og veit ekki hvað gerðist á eftir, en man eftir að hafa komið á Árbæjarstöðina og Slysavarðstofuna þar sem gert var að skrámum á höndum, einnig var ég slæmur í hálsi, en eftir aðgerð var mér leyft að fara.

Þennan dag hafði ég ekki bragðað áfengi og ekki í þrjá sólarhringa. Í bifreiðinni átti ég einn pela af whisky og eitt glas af brennslusprittí. Varðandi áfengismagnið sem mældist í blóði mínu tel ég það helst koma til greina, að ég hafi tekið whisky-pelann, eftir að bifreiðin valt, og sturtað í mig úr honum. Aðra skýringu hef ég ekki. Daginn eftir að þetta skeði fór ég suður í Hafnarfjörð að skoða bifreið mína, þar sem hún var geymd hjá Júlíusi Ingvarssyni. Þá fann ég ekki whisky-pelann, en sprittglasið var þar. Ég vil taka það skýrt fram að áfengi hafði ég ekki bragðað áður en bifreiðin valt.“

Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis, áður en hann valt (sic bifreið sinni. Ákærði kvaðst ekki minnast þess, að hann hafi neytt neins áfengis, eftir að hann velti bifreiðinni, en í henni hafi verið whisky-fleygur, sem hann telur sig hafa getað drukkið.

Ákærði minnist þess ekki að hafa verið lengi í bílnum, og kvaðst reyndar lítið muna þar til hann kom að Árbæjarstöðinni. Ákærði kvaðst vilja taka fram, að hann hafi fengið mikið högg, er bifreiðin valt, og jafnvel fengið hátalara, sem hann taldi ca 1. kg að þyngd, í höfuðið.

Teknar voru skýrslur af þeim lögreglumönnum, er við rannsókn málsins unnu, og verður (sic) meginatriði þeirra rakin hér á eftir. Vitnið Ingi Þór Þorgrímsson lögreglumaður, Norðurtúni 15, Bessastaðahreppi, skýrði svo frá hjá lögreglu: „Fimmtudaginn 24. mars sl. var ég með Ellert Vigfússyni og Guðmundi Sigmundssyni lögregluþjónum við löggæslu. Fengum við þá boð um fjarskipti að bifreiðin L-2517 hefði verið á ferð í borginni, og var talin ástæða til að kanna með ökumann bifreiðarinnar. Við fórum austur Suðurlandsveg og svipuðumst við eftir L-2517. Er við höfðum ekið langleiðina upp að Bláfjallaafleggjaranum snérum við til baka enda töldum við að L-2517 hefði vart verið ekið austur Suðurlandsveg þar sem við sáum ekkert til ferða bifreiðarinnar. Þegar við höfðum ekið til baka og vorum komnir að Lögbergi fengum við kall um fjarskipti að umferðarslys hefði orðið á Suðurlandsvegi við Sandskeið. Fórum við þegar á slysavettvang og liðu ekki nema örfáar mínútur þar til við vorum komnir þangað. Þarna hafði L-2517 farið út af veginum að sunnanverðu. Ökumaður L-2517 sat þá í bifreið sem þarna hafði komið að. Þegar við höfðum tal af ökumanni L-2517 kom hann mér fyrir sjónir sem ofurölvi. Hann var mjög óstöðugur, sterkan áfengisþef lagði frá vitum hans og frásögn hans öll ruglingsleg. Hann röflaði einverja vitleysu og var öll hegðun hans þannig að það var enginn vafi á því að maðurinn var undir miklum áhrifum áfengis.

Ökumaður L-2517 sagði ekki til nafns meðan hann var á vettvangi og gerði ég því leit í bifreiðinni að skilríkjum og skoðunarvottorði bifreiðarinnar, einnig gerði ég leit að áfengi. Ég fann enga áfengisflösku, en þar var gosflaska og var áfengislykt úr henni, þar var líka meðalaglas þarna en ég man ekki hvaða lyfjum það var merkt. Ég vil geta þess að ökumaður L-2517 hafði með sér skjalatösku, en það var ekki leitað í henni. Ellert og Guðmundur fóru síðan með ökumann L-2517 í Árbæjarstöð lögreglunnar, og hafði ég ekki frekari afskipti af honum. Ég varð eftir á vettvangi og leitaði ég að áfengisflösku bæði þá og eins gerði ég það áður þegar ég var að teikna vettvangsuppdrátt, en ég varð ekki var við neina flösku.“

Fyrir dómi skýrði vitnið frá í öllum meginatriðum á sama hátt og fyrir lögreglu að því undanskildu að vitninu (sic) minnti, að engin áfengislykt hafi verið úr þargreindri gosflösku, en aðspurt um þetta misræmi kvað vitnið vera langt um liðið og því sé það rétt sem greini í lögregluskýrslu um þetta atriði. Vitnið kvað ökumann L-2517, ákærða í máli þessu, augsýnilega hafa verið mjög áberandi ölvaðan og hafi hann af þeim sökum ekki getað gengið óstuddur. Vitnið kvað mikla leit hafa verið gerða í bifreiðinni

að áfengi og lyfjum. Vitnið kveðst ekki hafa gert leit á ákærða, en leitað hafi verið í nágrenni slysstaðar án árangurs.

Af hálfu verjanda var framburði þessa lögreglumanns sérstaklega mótmælt sem röngum, vilhöllum og óstaðfestum.

Vitnið Guðmundur Sigmundsson lögregluþjónn, Leirubakka 26, Reykjavík, skýrði í meginatriðum eins frá atburðum, og verður framburður hans því ekki rakin hér.

Vitnið Ellert Vigfússon lögreglufulltrúi, Seilugranda 20, Reykjavík, skýrði á sama hátt frá, en kvaðst ennfremur á vettvangi hafa haft tal af ökumanni bifreiðarinnar, sem komið hafði á slysstað, en framburður hans verður rakinn hér á eftir.

Vitnið Björn Ágúst Einarsson lögregluflokksstjóri, Brekkuseli 34, Reykjavík, sem gegndi störfum varðstjóra í Árbæjarstöð lögreglunnar í umrætt sinn og tók af honum varðstjóraskýrslu (sic). Hann kvað ákærða hafa verið áberandi ölvaðan, sterkan áfengisþef hafa lagt frá vitum hans, andlitið þrútið og augun rauð og blóðhlaupin. Hann hafi verið óstöðugur, óhreinn og málfar hans allt þvöglulegt. Frásögn hans hafi verið samhengislaus og ruglingsleg.

Teknar voru skýrslur af vitnum sem mættu ákærða í umrætt sinn, og verða þær raktar hér.

Vitnið Ágúst Halldórsson ýtustjóri, Réttarholti 4, Selfossi, skýrði svo frá, að hann hafi verið á leið til Reykjavíkur og nálgast bifr. L-2517 við vetrarveg við Sandskeið og hefði þá ökumaður þeirrar bifreiðar tapað stjórn á henni og bifreiðin farið út af. Mætti (sic) kveðst þegar hafa snúið við og séð, hvar bifreiðin hefði farið út af, en í sömu svipan hefði borið að bíl frá Selfossi. Vitnið kvaðst hafa séð ökumanninn, er farþegar í aðkomubílnum voru að aðstoða hann út úr bifreiðinni, og hefði hann borið ótvíræð merki ölvunar. Mjög sterk áfengislykt hefði verið af honum og hann hefði einungis „röflað." Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða vera með neitt áfengi undir höndum. Vitnið kvaðst hafa beðið eftir lögreglu og hefði ákærði beðið í bifreið sinni á meðan og hefði hann ekki orðið var við, að hann neytti þar neins áfengis og ekki að hann væri með neitt meðferðis.

Vitnið Ingimar Baldvinsson verkamaður, Birkivöllum 28, Selfossi, kvaðst hafa séð, er L-bifreiðin hafi farið út af. Vitnið kvaðst þá hafa stöðvað strax og farið að bifreiðinni og hafi í mesta lagi liðið 2 mínútur frá því að bifreiðin fór út af þar til hann hafi verið kominn að bifreiðinni. Vitnið kvað ökumanninn hafa verið blóðugan á höndum og haldið á skjalatösku sinni í annarri hendinni. Hann kvað ökumanninn hafa verið dauðadrukkinn og hafi hann ásamt félögum sínum orðið að styðja hann upp á veg. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neitt áfengi hjá ákærða, en mikil áfengislykt

hafi stafað frá honum. Vitnið kvað þá félaga hafa aðstoðað ákærða inn í bifreið Ágústs og síðan farið af staðnum.

Vitnið Valgeir Vilmundarson verkamaður, Egilsbraut 14, Þorlákshöfn, kvað L-bifreiðina hafa komið á móti í umrætt inn og hefði hún farið út af og hefði hann strax farið að bílnum ásamt félögum og hefði maður verið í bílnum með tösku í hendi. Hann hefði greinilega verið dauðadrukkinn og hefði verið mikil áfengislykt af honum. Hann kvað þá hafa stutt hann upp á veg og þar hefði hann farið inn í bíl. Vitnið kvaðst ekki minnast þess að hafa séð áfengi hjá ákærða. Vitnið kvað í mesta lagi hafa liðið 2 - 3 mínútur frá því að ákærði fór út af veginum og þar til þeir hefðu komið að honum.

Af hálfu verjanda var vitnaframburðum mótmælt sem röngum og óstafestum, að svo miklu leyti sem þeir samrýmdust ekki framburði og málsútlistun ákærða í málinu.

Niðurstaða.

— — —

Telja verður nægilega sannað með framburði allra fyrrnefndra vitna sem og því, sem rakið hefur verið hér að framan, og niðurstöðu alkohólrannsóknar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, og þannig gerst brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Samkvæmt sakavottorði ákærða frá 15. ágúst 1983 hefur ákærði sætt kærum og refsingum sem hér segir:

— — —

1976 20/10 í Kópavogi: sátt, 25.000,- kr. sekt fyrir brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 10.10. 1976.

1982 28/10 í Rang.: Sátt 5.500,- kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 28.10. 1982.

Dómsátt 28. október 1982 fyrir sakadómi Rangárvallasýslu hefur ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 á brot ákærða, sem hér er fjallað um, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess. Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkv. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. l. 54/1976, og þykir hún hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Skv. 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl. kr. 6.000.-.

Dómsorð:

Ákærði, Hallgrímur Elísson, sæti varðhaldi í 15 daga. Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 6.000.-.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1984.

Nr. 219/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Unni Ágústdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 6. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag, og krefst hún þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 6. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Unnur Ágústsdóttir, f. 06. 06. 1955, til heimilis að Skúlagötu 56 hér í borg, verði úrskurðuð til að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 14. nóvember n.k., kl. 17:00.

Kærða hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir eru þessir:

RLR rannsakar nú innbrot og þjófnaði úr læknastofunni að Miklubraut 50 og tannlæknastofunni að Laugavegi 74 hér í borg, sem talið er, að hafi átt sér stað 1. og 2. nóvember sl. Jafnframt er nú unnið að rannsókn á innbrotsþjófnaði í húsi Osta- og smjörsölunnar, Snorrabraut 54, Reykjavík, sem framinn var að kvöldi 23. júní sl.

Samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 4. þ.m. var heimiluð húsleit að Skúlagötu 56 hér í borg, heimili kærðu og var kærða handtekin þar ásamt Margréti Ágústsdóttur og Atla Bergmann, sem þar búa einnig. Við húsleitina fundust ýmsir munir, þ. á m. sterk lyf og myndavél sem talið er, að horfið hafi í famangreindum innbrotum. Kærða hefur neitað að vita nokkuð um, hvernig munir þessir hafa borist inn á ofangreint heimili hennar.

Þá hefur Matthildur Eiðsdóttir, f. 18. 03. 1961, sem handtekin var að kvöldi 3. nóvember sl., borið, að kærða hafi fengið henni tékkhefti á Sparisjóð Vestmannaeyja, sem fannst á Matthildi og hún var búin að selja tékka úr. Kærða hefur hins vegar neitað því að hafa afhent Matthildi tékkhefti þetta.

Í þágu rannsóknar mála þessara þykir rétt skv. framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina til þess að koma í veg fyrir, að kærða geti með óskertu frelsi sínu torveldað rannsóknina. Skal kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. nóvember 1984, kl. 17:00. Kærða er grunuð um brot, sem gætu varðað fangelsisrefsingu, m.a. skv. XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940, og eru því ákv. 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærða, Unnur Ágústsdóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. nóvember 1984, kl. 17:00.

Mánudaginn 12. nóvember 1984.

Nr. 220/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Margréti Ágústsdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 6. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag, og krefst hún þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Þá krefst hún málskostnaðar úr ríkissjóði. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 6. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Margrét Ágústsdóttir, f. 06. 10. 1957, til heimilis að Skúlagötu 56 hér í borg, verði úrskurðuð til að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 14. nóvember n.k., kl. 17:00.

Kærða hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir eru þessir:

RLR rannsakar nú innbrot og þjófnaði úr læknastofunni að Miklubraut 50 og tannlæknastofunni að Laugavegi 74 hér í borg, sem talið er, að hafi átt sér stað 1. og 2. nóvember sl. Jafnframt er nú unnið að rannsókn á innbrotsþjófnaði í húsi Osta- og smjörsölunnar, Snorrabraut 54, Reykjavík, sem framinn var að kvöldi 23. júní sl.

Samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 4. þ.m. var heimiluð húsleit að Skúlagötu 56 hér í borg, heimili kærðu, og var kærða handtekin

þar ásamt Unni Ágústsdóttur og Atla Bergmann, sem þar búa einnig. Við húsleitina fundust ýmsir munir, þ. á m. sterk lyf og myndavél, sem talið er, að horfið hafi í framangreindum innbrotum. Kærða hefur neitað að vita nokkuð um, hvernig munir þessir hafa borist inn á ofangreint heimili hennar.

Þá hefur Matthildur Eiðsdóttir, f. 18. 03. 1961, sem handtekin var að kvöldi 3. nóvember sl., borið, að Unnur Ágústsdóttir hafi fengið henni tékkhefti á Sparisjóð Vestmannaeyja, sem fannst á Matthildi við handtökuna. Kvað Matthildur, að kærða hafi vitað um afhendinguna á tékkhefti þessu og jafnframt hafi kærða látið hana hafa ökuskírteini sitt, sem einnig fannst á henni, og kvaðst Matthildur hafa ritað nafn kærðu sem útgefanda tékka úr heftinu og framvísað ökuskírteini kærðu, er hún seldi þá. Kærða hefur alfarið neitað að vita nokkuð um tékkhefti þetta eða hafa látið Matthildi hafa ökuskírteini sitt.

Í þágu rannsóknar mála þessara þykir rétt samkvæmt framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina til þess að koma í veg fyrir, að kærða geti með óskertu frelsi sínu torveldað rannsóknina. Skal kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. nóvember 1984, kl. 17:00. Kærða er grunuð um brot, sem gætu varðað fangelsisrefsingu, m.a. samkvæmt XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærða, Margrét Ágústsdóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. nóvember 1984, kl. 17:00.

Þriðjudaginn 13. nóvember 1984.

Nr. 80/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Matthíasi Guðmundi Gilssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar með stefndu 29. júlí 1983, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. júlí sl.

Samkvæmt gögnum málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, er sannað að ákærði ók bifreið sinni ölvaður aðfaranótt laugardagsins 30. október 1982 og aftur aðfaranótt mánudagsins 29. nóvember sama ár, en eigi aðfaranótt sunnudagsins 28. nóvember svo sem mishermt er í ákæru. Varða brot þessi, þegar litið er til alkohóls, er mældist í blóði ákærða, við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi sínu með dómi og hefur hann því með akstri sínum í þessi tvö skipti brotið gegn 27. gr. sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og sakaferli ákærða hæfilega ákveðin varðhald 60 daga.

Ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi ævilangt er hann framdi brot sitt. Ber því samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að árétta að ævilöng ökuleyfissvipting hans haldist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði Matthías Guðmundur Gilsson sæti varðhaldi 60 daga.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi sínu ævilangt.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 8. apríl 1983.

Ár 1983, föstudaginn 8. apríl, er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Finnboga H. Alexanderssyni kveðinn upp dómur í saksdómsmálinu nr. 218/1983: Ákæruvaldið gegn Matthíasi Guðmundi Gilssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefir ríkissaksóknari höfðað með ákæru, útgefinni 9. febrúar sl., á hendur Matthíasi Guðmundi Gilssyni kjötiðnaðarmanni, Melgerði, Mosfellssveit, fæddum 21. september 1949 í Reykjavík, fyrir að aka undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni G-17411 sem hér segir:

1. Frá veitingahúsinu Klúbbnum við Borgartún í Reykjavík, aðfaranótt laugardagsins 30. október 1982 áleiðis heim til sín, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Laugarásvegi.

2. Frá veitingahúsinu Hollywood við Ármúla í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 28. nóvember 1982 um Hallarmúla, Skúlagötu, Tryggvagötu og að Ránargötu 2, en lögreglan hafði afskipti af honum, skömmu eftir að akstri hans laun þar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1965 9/11 í Reykjavík: Kærður f. þjófnaðartilraun. F.n. 2. 12. 1965 skv. br. saks.

1971 17/11 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt f. brot á 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 8/10 1971.

1972 19/4 í Reykjavík: Dómur: 30 daga varðhald f. brot g. 3. mgr. 80. gr. umfl.

1972 25/8 í Reykjavík: Dómur: 20 daga varðhald f. brot g. 25. gr. og 3. mgr. 80. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 25/8 1972.

1980 5/3 á Húsavík: Sátt, 100.000 kr. sekt fyrir brot á 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 21. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 22/2 1980.

1980 2/8 í S.-Múlas.: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfl.
1981 28/5 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 31/3 1981.

Málavextir.

1. Ákærði var á dansleik í veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík aðfaranótt lagardasins 30. október sl. Ákærði neytti áfengis á dansleiknum, aðallega Cointreau líkjörs blönduðum (sic) vatni. Áfenisneyslan fór fram á tímabilinu 23.00-02.30. Um kl. 03.00 ók ákærði af stað í bifreið sinni, G-17411, eftir að hafa árangurslaust reynt að útvega sér leigubifreið. Ákærði var á heimleið, er lögreglan í Reykjavík stöðvaði akstur hans á Laugarásvegi. Ákærði kvaðst hafa fundið til einhverra áfengisáhrifa við aksturinn. Þar sem greinilegan áfengisþef lagði frá vitum ákærða og öndunarsýni sýndi 3-4 stig, var farið með hann á lögreglustöðina í Reykjavík, þar sem tekin var af honum varðstjórasskýrsla. Í skýrslu varðstjóra er útliti og öðrum einkennum ákærða svo lýst, að talsverður áfengisþefur hafi verið af andardrætti, andlit fölt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu dauf, jafnvægi stöðugt, málfar þvöglulegt og framburður greinargóður.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist áfengismagn í blóði ákærða vera 2.70 ‰. Er ákærði ók umrætt sinn, var hann sviptur ökuréttindum ævilangt frá 31. 3. 1981 skv. dómi sakadóms Reykjavíkur 28. 5. 1981. Ákærði viðurkenndi brot sitt fyrir dómi.

2. Aðfaranótt mánudagsins 29. nóvember sl., kl. 01.45, fóru lögreglumenn að Ránargötu 2, Reykjavík, vegna ölvunar þar utan dyra. Er þeir komu á staðinn, sáu þeir ákærða koma út úr bifreiðinni G-17411. Haft var tal af ákærða, og fannst af honum sterkur áfengisþefur. Ákærði kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni. Hann kvaðst hafa hitt son móðurbróður síns í Hollywood og hafi hann ekið bifreið ákærða að Ránargötu 2, þar sem ákærði væri réttindalaus.

Haukur Þórisson, f. 14. 6. 1959, sem var farþegi í bifreið ákærða frá Hollywood, kvað ákærða sjálfan hafa ekið. Ákærði var færður fyrir varðstjóra, og neitaði hann stöðugt að hafa ekið bifreiðinni. Í skýrslu varðstjóra er útliti og öðrum einkennum ákærða svo lýst, að sterkur áfengisþefur hafi verið af andardrætti, andlit þrútið, fatnaður velktur, framkoma kurteis (sic), æstur, ósvífinn, kærulaus og þrætugjarn, augu vot og rauð, jafnvægi mjög óstöðugt, málfar þrætugjarn (sic) og framburður samhengislaus. Ákærði var settur í fangageymslu til morguns, en áður var honum tekið blóð í þágu rannsóknar málsins til alkóhólákvörðunar. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist áfengismagn í blóði ákærða vera 2.31 ‰.

Við yfirheyrslu morguninn eftir neitaði ákærði staðfastlega að hafa ekið bifreiðinni G-17411 fyrr um nóttina. Hann kvað frænda sinn hafa ekið bifreiðinni að veitingahúsinu Hollywood. Þar kvaðst ákærði hafa drukkið 3 glös af þreföldum brennivín (sic) og Chartreau (sic) á tímabilinu 23.00-00.30. Ákærði kveðst fyrst hafa hitt frænda sinn, sem hann vissi ekki hvað hét, fyrir utan Broadway. Ákærði kvað frænda sinn síðan hafa ekið bifreiðinni frá Hollywood og að Ránargötu 2 og hafi hann verið farinn af staðnum, áður en lögreglan kom þangað. Tekin var skýrsla af frænda ákærða, Helga Leifssyni, f. 1. 2. 1945, og kvaðst hann hafa hitt ákærða og rætt við hann í Hollywood umrætt sinn, en síðan hafi leiðir þeirra skilist og hafi hann alls ekki ekið fyrir ákærða. Tekin var skýrsla af ákærða kl. 16:15 þennan dag, og viðurkenndi hann þá að hafa ekið bifreið sinni umrætt sinn undir áfengisáhrifum og sviptur ökuréttindum ævilangt. Ákærði kvað það hafa verið tilbúning hjá sér að benda á Helga Leifsson sem ökumann.

Ákærði viðurkenndi brot sitt fyrir dómi.

Niðurstaða.

Með eigin framburði ákærða, skýrslum lögreglunnar og niðurstöðum alkóhólákvarðana þykir sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsiákvæða.

Þann 28. maí 1981 var ákærði með dómi sakadóms Reykjavíkur dæmdur til að greiða kr. 6.000 í sekt til ríkissjóðs og sviptur ökuréttindum ævilangt frá 31. 3. 1981 vegna brots á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Dómurinn hefur ítrekunaráhrif í máli þessu samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir skv. 80. gr. umferðarlaga, sbr. l. nr. 54. 1976, hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði ennfremur kr. 15. 000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuréttindi ævilangt frá 28. nóvember 1982 að telja.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Matthías Guðmundur Gilsson, sæti varðhaldi í 20 daga,

en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. l. nr. 22, 1955.

Ákærði greiði kr. 15.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuréttindi ævilangt frá 28. nóvember 1982 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 13. nóvember 1984.

Nr. 212/1984. **Ellert Guðmundsson**
gegn
Búnaðarbanka Íslands
Jóni Sólmundssyni
Kaupfélagi Borgfirðinga
Lífeyrissjóði Sóknar
Sverri Vilhjálmssyni
sveitarsjóði Staðarsveitar
Guðrúnu Jónu Halldórsdóttur og
Jóhannesi Árnasyni sýslumanni

Kærumál. Kröfu um, að dómari víki sæti, hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í a lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. f.m., sem barst Hæstarétti 25. s.m.

Frá sóknaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð. Verður að skýra kæru hans svo, að hann krefjist þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekkt.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent kröfur né greinargerð.

Enda þótt sóknaraðili, sem er ólöglærður, hafi, hvorki er hann mætti á uppboðsþingi 26. september 1984 né síðar, haft uppi neinar ákveðnar kröfur eða mótmæli varðandi sölu jarðarinnar Barðastaða á nauðungaruppboði, verður þó að ætla, að með því að mæta í uppboðsréttinum og leggja fram þann leigusamning, sem greindur er í hinum kærða úrskurði, hafi hann viljað gerast aðili uppboðsins í því skyni að vernda réttindi, sem hann telji sér veitt með samningi þessum, sbr. 8. gr. laga nr. 57/1949.

Ekki eru fram komin nein haldbær rök fyrir kröfum sóknaraðilja um að uppboðshaldari víki sæti í máli þessu samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður uppboðsréttar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 11. október 1984.

Í þinghaldi í máli þessu, er fram fór í gær, miðvikudaginn 10. október 1984, á sýsluskrifstofunni í Stykkishólmi, var mættur Ellert Guðmundsson, Barðastöðum, Staðarsveit, og gerði kröfu til þess, að hinn reglulegi uppboðshaldari, Jóhannes Árnason sýslumaður, viki sæti í málinu.

Málavextir eru þessir:

Að framkomnum uppboðsbeiðnum frá Búnaðarbanka Íslands, Inga Ingimundarsyni hrl., sveitarsjóði Staðarsveitar, Ásgeiri Thoroddsen hdl., Sigurði I. Halldórssyni hdl. og Guðjóni Á. Jónssyni hdl. var auglýst uppboð á jörðinni Barðastöðum í Staðarsveit á venjulegan hátt í Lögbirtingablaði, dagblöðum og útvarpi. Uppboðsmálið var þingfest á uppboðsþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem háð var á skrifstofu embættisins í Stykkishólmi 13. júní 1984. Málinu var þá frestað til uppboðssölu, sem fram fór á eigninni sjálfri 6. júlí s.á., en þá kom fram krafa um, að annað og síðasta uppboð á eigninni færi fram síðar. Í þinghaldi 10. september 1984 var ákveðið, að annað og síðasta uppboð færi fram 26. sama mánaðar. Í þinghaldi þann dag, sem fram fór á eigninni sjálfri, var mættur áðurnefndur Ellert Guðmundsson og lagði fram leigusamning um jörðina, dags. 1. júlí 1984, þar sem uppboðsþoli, Guðrún Jóna Halldórsdóttir, þinglýstur eigandi Barðastaða, leigir honum jörðina til 25. ára frá dagsetningu leigu-

samningsins. Af hálfu uppboðsbeiðanda var gildi leigusamnings þessa þá þegar mótmælt, og gerði mætti Ellert þá kröfu til þess að fá að leggja fram greinargerð og gögn varðandi gildi samningsins. Aðiljar voru sammála um, að tilkoma samnings þessa hindraði ekki framgang uppboðsins og þrátt fyrir ágreining um gildi hans, færi uppboðið fram, en ágreiningsefni þar að lútandi yrði ráðið til lykta með úrskurði réttarins, áður en uppboðsafsal yrði gefið út. Uppboðið fór síðan fram, og uppboðshaldari tók sér tilskilinn 14 daga frest til að taka afstöðu til framkominna boða samkvæmt uppboðsskilmálum.

Með símskeyti til Ellerts Guðmundssonar, Barðastöðum, dags. 1. október 1984, áréttar sýslumaður frest til greinargerðar og gagnasöfnunar vegna framkomins leigusamnings, og er frestur veittur til kl. 14.00 hinn 10. október 1984.

Í þinghaldi þann dag lagði Ellert Guðmundsson fram svofellda bókun:

„Ég undirritaður, Ellert Guðmundsson, geri hér með kröfu um að Jóhannes Árnason, sýslumaður, víki sæti viðkomandi leigusamningi mínum við Guðrúnu Jónu Halldórsdóttur um Barðastaði vegna framkominna kæru frá mér Ellert og Guðrúnu Jónu, sem framlagðar voru hjá ríkissaksóknara 2. október 1984. Óska ég eftir úrskurði réttarins um þetta atriði.

Stykkishólmi 10. okt. 1984.

Ellert Guðmundsson“

Í þinghaldi þessu lagði Ellert hvorki fram greinargerð né gögn varðandi gildi leigusamningsins, sem fresturinn var þó veittur til.

Ástæður þess, að sýslumaður skuli víkja sæti við úrlausn um gildi leigusamningsins, tilfærir Ellert þær, að hann og Guðrún Jóna Halldórsdóttir hafi hinn 2. október 1984 lagt fram kærur hjá ríkissaksóknara á hendur sýslumanni. Sýndi hann afrit af kærunum. Kærur þessar varða hvarf á 67 fuglum í varpi og að sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hafi gerst offari í starfi og ennfremur að kærandi Ellert, hafi sætt ólögmætri handtöku og ólögmætri upptöku á haglabyssu.

Ekki verður séð, að kæruatriði þessi, sem eru alls óskyld uppboðsmálinu, geri sýslumann á nokkurn hátt vanhæfan til þess að fjalla endanlega um framangreint uppboðsmál, hvorki til þess að úrskurða um leigusamninginn, ef til kemur, né semja úthlutunargerð og gefa út uppboðsafsal fyrir hinni seldu eign, en þess er ekki krafist, að uppboðshaldari víki sæti við meðferð málsins að öðru leyti en varðandi umræddan leigusamning. Í málinu hafa enn engar kröfur komið fram varðandi samninginn, hvorki á hendur aðiljum uppboðsmálsins né uppboðshaldara.

Framangreindri kröfu um, að sýslumaður, Jóhannes Árnason, víki sæti í uppboðsmáli þessu er því synjað með vísun til framanritaðs.

Því úrskurðast:

Hinn reglulegi uppboðshaldari í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Jóhannes Árnason, víkur ekki sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1984.

Nr. 113/1983. **Matthías Einarsson og Mercury h/f**
gegn
Hermanni Björgvinssyni

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Er mál þetta skyldi munnlega flutt í gær, kröfðust áfrýjendur þess, að það yrði fellt niður.

Stefndi samþykkti niðurfellingu málsins, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður. Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjendur, Matthías Einarsson og Mercury h/f, greiði stefnda, Hermanni Björgvinssyni, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1984.

Nr. 191/1983. **Pétur Einarsson**
gegn
Kristjóni Benediktssyni

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Er mál þetta skyldi flutt munnlega í gær sótti enginn þing af hálfu áfrýjanda.

Stefndi krafðist, að sér yrði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 75/1973 ber að fella málið niður og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Ákveðst hann 15.000.00 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, Pétur Einarsson, greiði stefnda, Kristjóni Benediktssyni, 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. nóvember 1984.

Nr. 97/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Halldóri Einarssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 27. mars 1984. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. ágúst sl.

Staðfesta ber niðurstöður héraðsdóms um sakarmat og færslu brota ákærða til refsiákvæða.

Ákærði sætti fyrst refsidómi hinn 27. apríl 1983, en eigi 29. apríl, svo sem mishermt er í sakavottorði. Var hann þá sakfelldur fyrir innbrotsþjófnað, framinn 11. mars 1983, en ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið. Þá var hann dæmdur hinn 15. nóvember 1983 fyrir þjófnað, framinn 24. desember 1982. Voru málin bæði réttilega dæmd í einu lagi samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga og refsing ákveðin 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi. Ber nú enn samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að dæma í einu lagi refsingu fyrir þau brot, sem dómur 15. nóvember 1983 tekur til, og fyrir brot þau, sem hann er saksóttur fyrir í þessu máli, og hafa hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga svo og 78. gr., þar sem brot ákærða gegn lögum um ávana- og fíkniefni voru framin, áður en nefndur dómur 15. nóvember 1983 var kveðinn upp. Refsing verður ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Einarsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 2. febrúar 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 2. febrúar var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðmundi Benediktssyni ftr. við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 121/1983: Ákæruvaldið gegn Halldóri Einarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 12 janúar sl., er af hálfu ríkissaksóknara höfðað með ákæru, dags. 27. október 1983, á hendur Halldóri Einarssyni, Sólvallagötu 25, Reykjavík, fæddum þar í borg 21. apríl 1960, fyrir eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, framin á árinu 1981:

„I. Í janúar lagt fram fé til hasskaupa erlendis í félagi við Heimi Baldursson og Ámunda Sigurðsson, sem keypti um 460 gr af efninu í Kaupmannahöfn og flutti það hingað til lands. Í hlut ákærða komu 170-180 gr, sem hann móttók af nefndum Ámunda að Laugavegi 27 í Reykjavík og seldi að verulegum hluta ótilgreindu fólki.

II. Í maí/júní í Reykjavík keypt 50 gr af hassi af nefndum Ámunda á kr. 120 hvert gramm og selt hluta þess ónafngreindu fólki á kr. 140-150 hvert gramm.

III. Um sama leyti móttekið 66 gr af hassi að heimili sínu af nafngreindum skoskum manni og nefndum Ámunda."

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. nú 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómkröfur verjanda ákærða eru aðallega, að hann verði sýknaður af öllum liðum ákærunnar. Til vara, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa. Málsvarnarlauna er ekki krafist.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1977 3/5 í Reykjavík: Sátt, 30.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Ökul. svipting 12. mán. frá 3/5 1977.

1978 28/6 í Reykjavík: Sátt, 100.000 kr. sekt f. brot g. 25., 27. og 59. gr., sbr. 60. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 12. mán. frá 8/5 1978.

1980 í Reykjavík: Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. ákæru frestað skb. í 2 ár frá 8/9 1980.

1983 29/4 Dómur: Sakfelldur f. brot g. 244. gr. hgl. Ákvörðun um refsingu frestað skb. 2 ár. frá 29/4 1983.

1983 23/8 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt f. brot g. 41. gr. umfl.

1983 15/11 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi skb. 2 ár f. brot g. 244. gr. hgl.

Málsatvik.

Sumarið 1981 var þetta mál aðallega til rannsóknar hjá lögreglu í Reykjavík og hér fyrir dómi, og er það hluti af umfangsmiklu máli, þar sem um 60 ungmenni gerðust sek um fíkniefnamisferli. Hefur þetta mál tafist nokkuð af þessum sökum.

Ákærði viðurkenndi ekki í fyrstu fíkniefnamisferli, sem borið var á hann. Eftir að ákærða hafði verið gert ljóst, að aðiljar málsins voru búnir að skýra frá málinu, játaði hann sinn hlut að því.

Ákærði skýrði svo frá í yfirheyrslu hjá lögreglu 24. 6. 1981, að í janúar það ár hafi hann lagt Ámunda Sigurðssyni kr. 10.000.00 til fíkniefnakaupa. Þá hafi Heimir Baldursson einnig lagt Ámunda fé til fíkniefnakaupa og þeir tveir farið utan til kaupa á hassefni. Ákærði kvað þá tvo hafa svo komið hingað til lands með um ½ kg af hassi og hafi hann fengið í sinn hlut 170-180 gr. Ekki kvaðst hann vita, hvernig afgangur efnisins skiptist milli hinna tveggja, en telur hlut Ámunda þó hafa verið stærri en Heimis.

Skipting hassefnisins fór fram að Laugavegi 27 að sögn ákærða, og voru þeir allir þrír viðstaddir. Kvaðst ákærði hafa selt sinn hluta að mestu ónafngreindu fólki.

Nefndur Ámundi bar efnislega á sama veg, en sagði heildarmagn hafa verið um 460 gr og hlut ákærða um 180 gr.

Þá kvaðst ákærði hafa keypt nokkru síðar af nefndum Ámunda 50 gr af hassi á 120 kr. hvert gramm og endurselt að hluta ótilgreindu fólki á 140-150 kr. hvert gramm.

Þessi framburður ákærða er í samræmi við framburð nefnds Ámunda, sem kvaðst hafa selt ákærða 50 gr af hassi í júní það ár og hafa átt að fá 120 kr. fyrir hvert gramm, en ekki verið búinn að fá greitt fyrir þetta hassefni.

Loks viðurkenndi ákærði að hafa móttekið af nefndum Ámunda og nafngreindum skoskum manni 66 gr af hassi að heimili sínu um sama leyti. Framburður margnefnds Ámunda er samhljóða, en hann kvað ákærða enn skulda andvirði efnisins.

Ákærða var birt ákæran 13. desember sl., og hafði hann engar athugasemdir fram að færa um efni hennar.

Niðurstaða.

Ákærði hefur samkvæmt ofansögðu viðurkennt að hafa haft í frammi háttsemi þá, er í ákæru greinir, og er sú játning studd framburðum annarra og öðrum gögnum málsins.

Þykir því sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Ekki verður fallist á aðalkröfu verjanda, að ákærði verði sýknaður vegna fyrningar, því hér á við 2. tl. 81. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 20, 1981.

Greind háttssemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. nú 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10 gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. 77. gr. alm. hgl.

Ákærði varð uppvís að broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, og var ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8/9 1980 að telja. Ákærði rauf því skilorð það, sem honum var gert með þessari frestun ákæru. Vegna framangreinds dráttar á máli og vegna síðari dóma yfir ákærða verða bæði málin ekki tekin til meðferðar. Dæmt verður því einungis í þessu máli.

Ljóst er af sakavottorði ákærða, að hann hefur hlotið tvo dóma fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga og sátt fyrir brot gegn umfl., allt á árinu 1983. Við ákvörðun refsingar verður þetta háttalag ákærða tekið til greina, sbr. 5. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga, sbr. einnig 79. gr. almennra hegningarlaga i.f.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsins ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Með vísan til 141. gr., 1. mgr., laga nr. 74, 1974 ber að dæma ákærða í máli þessu til greiðslu alls sakarkostnaðar. Verjandi ákærða gerir ekki kröfu til málsvarnarlauna, og verða þau því ekki dæmd.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Einarsson, fæddur 21. apríl 1960 í Reykjavík, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 15. nóvember 1984.

Nr. 214/1984. **Afl h/f**

gegn

Valverki s/f

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Gísli Kjartansson, aðalfulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Með ódagsettri kæru, sem barst fógeta 13. september sl., kærði sóknaraðili úrskurð, uppkveðinn í fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 16. ágúst sl.

Kærumálið barst Hæstarétti 2. þ.m.

Sóknaraðili, sem sjálfur krafðist þess, að fram færi innsetningargerð sú, er fógeti synjaði með hinum kærða úrskurði, gerir þær dómkröfur í kærumáli þessu, að innsetningarbeiðni hans „verði vísað frá fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu."

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að kröfur sóknaraðilja verði ekki teknar til greina. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Hinn 9. ágúst 1984 beiddist sóknaraðili, Afl h/f, þess af sýslumanni Mýra- og Borgafjarðarsýslu, að jarðýta af Caterpillargerð, sem nánar var lýst í beiðninni, eign sóknaraðilja, yrði tekin úr umráðum gerðarþola, Valverks s/f, og fengin sér í hendur með beinni fógetagerð. Einnig krafðist sóknaraðili málskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja var því mótmælt, að gerðin næði fram að ganga. Hann krafðist og málskostnaðar.

Með úrskurði sínum 16. ágúst 1984 synjaði fógeti, að hin umbeðna innsetningargerð næði fram að ganga. Var sá úrskurður án forsendna, enda gerðu aðiljar ekki kröfu um, að forsendur fylgdu ályktarorði, sbr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981.

Kærugögnum fylgir bréf fógetafulltrúa þess, er kvað upp úrskurðinn, um, að hann hafi tilkynnt umboðsmanni sóknaraðilja um

uppkvaðningu úrskurðarins og efni hans símleiðis, þegar hinn 17. ágúst. Í kæru sinni til Hæstaréttar staðhæfir umboðsmaðurinn, Steingrímur Þórmóðsson héraðsdómslögmaður, hins vegar, að hann hafi ekki verið kvaddur til að vera við uppsögu úrskurðarins og hafi hann ekki fengið vitneskju um efni hans fyrr en 3. september 1984. En hvað sem framangreindu líður, ber að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti þegar af þeirri ástæðu, að það verður ekki borið undir Hæstarétt með kæru, sbr. a lið 3. tl. 21. greinar laga nr. 75/1973.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 4.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Kæra máls þessa var að ófyrirsynju og vítaverð.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Afl h/f, greiði varnaraðilja Valverki s/f, 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. nóvember 1984.

Nr. 238/1982. **Guðbjörg Egilsdóttir**
(Þórður S. Gunnarsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Fasteignagjöld. Lögtak. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1982. Hún krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins 24. maí 1983 var áfrýjanda veitt gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 94/1976 skal skráð matsverð fasteignar vera „gangverð umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum ... miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar ...“ Um íbúð áfrýjanda gilda ákvæði IV. kafla laga nr. 60/1984, sbr. áður lög nr. 51/1980 og enn áður lög nr. 30/1970. Íbúðir þær, sem þar um ræðir, eru látnar í té þeim, sem þess eru taldir verðugir, með sérstökum kjörum. Þeir geta hins vegar ekki selt þær á frjálsum markaði fyrr en eftir tiltekinn árafjölda og þá að frágengnum forkaupsrétti sveitarstjórnar. Þessar íbúðir hafa því ekki gangverð, svo sem skilja verður það orð, þ.e. þær eru ekki söluandlag á frjálsum markaði. Í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 94/1976 eru ákvæði um það, við hvað miða skuli, er matsverð er ákveðið á eignum sem ekki hafa slíkt gangverð. Matsverðið skal þá ákveðið „eftir bestu fáanlegri vitneskju um sambærilegt gangverð með hliðsjón af kostnaði við gerð mannvirkja, aldri þeirra legu eignar með tilliti til samgangna, nýtingarmöguleikum, hlunnindum, jarðvegsgerð, gróðurfari, náttúrufegurð og öðrum þeim atriðum, sem kunna að hafa áhrif á gangverð eignarinnar.“ Ákvæði þetta verður að skilja svo, að matsverð eigna, sem eigi hafa gangverð eða frjálst markaðsverð, skuli miða við verð sambærilegra eigna, ef til eru, sem seldar verða á frjálsum markaði, en annars ákveðið með hliðsjón af byggingarkostnaði og öðrum þeim atriðum, sem í málsgreininni segir.

Miðað við þennan skilning á ákvæðum 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 94/1976 þykja niðurlagsákvæði 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 406/1978 um fasteignaskráningu og fasteignamat ekki stangast á við framangreind lagaákvæði og setning ákvæðisins því heimil samkvæmt 4. mgr. 17. gr. laga nr. 94/1976.

Við framangreindar lagaskýringar hefur einnig verið haft í huga að gjald það, sem hér um ræðir, er bráttóskattur, sem miða á við raunverulegt verðmæti fasteignar án tillits til gjaldþols þess, sem skráður er eigandi eignar, eða þess, hvernig eignarrétti og skuldastöðu er háttað.

Samkvæmt því, sem að ofan greinir, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann um annað en málskostnað, sem rétt þykir að fella niður, m.a. vegna almennrar þýðingar úrslita málsins. Ákveða ber, að gjafsóknarkostnaður áfrýjanda skuli greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Þórðar S. Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000.00 krónur.

Dómsorð:

Umbeðið lögtak skal fara fram hjá gerðarþola, Guðbjörgu Egilsdóttur, á ábyrgð gerðarbeiðanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Þórðar S. Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000.00 krónur.

Sératkvæði
Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara og Sigurðar Líndal prófessors.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða úrskurði, telur áfrýjandi, að við álagningu fasteignagjalda árið 1981 hafi fasteignaskattur, lóðarleiga og vatnsskattur af íbúð hennar að Stífluseli 5 í Reykjavík verið ákveðinn hærri en lög hafi heimilað, þar sem fasteignamat íbúðarinnar hafi verið hærra en það mátti vera.

Um íbúð áfrýjanda giltu ákvæði IV. kafla laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, þegar hún keypti hana af Reykjavíkurborg 18. mars 1977. Lög nr. 51/1980 komu í stað laga nr. 30/1970, og giltu þau um þetta efni, þegar hin umdeildu fasteignagjöld voru lögð á.

Í 17. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna segir m.a.:

„Skráð matsverð fasteignar skal vera gangverð umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má, að eignin hefði í kaupum og sölum í nóvembermánuði næst á undan matsgerð, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma.

...

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um mat fasteigna."

Í niðurlagi 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 406/1978 um fasteignaskráningu og fasteignamat segir: „Eigi skal taka tillit til sérstakra ákvæða eða reglna um hámarkssöluverð fasteigna."

Í lögum nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, 3. gr., segir, að fasteignaskatt skuli miða við fasteignamat. Óumdeilt er í málinu, að með samþykkt borgarráðs Reykjavíkur 9. desember 1980 hafi verið ákveðið, að hlutfall lóðarleigu eftir íbúðahúsalóðir skyldi 1981 vera 0,145% af fasteignamatsverði. Loks segir í lögum nr. 93/1947 um aðstoð til vatsnveitna, 8. gr., að vatnsskatt skuli miða við fasteignamatsverð.

Fram er komið, að fasteignamat íbúðar áfrýjanda miðað við nóvember 1980 var 301.010.00 krónur, en lóðarmatið 11.810.00 krónur. Í matinu var ekki tekið tillit til þess, að íbúðin var háð ákvæðum IV. kafla laga nr. 51/1980, Reykjavíkurborg var þó bæði rétt og skylt að kaupa íbúðina, ef áfrýjandi vildi selja hana, á lægra verði en fasteignamatinu nam. Deila aðiljar um verð þetta, sem Húsnæðismálastofnun ríkisins reiknaði 272.807.00 krónur, en áfrýjandi 159.694.65 krónur. Sá ágreiningur varðar ekki úrslit máls þessa.

Telja verður, að eftir skýrum orðum upphafs 17. gr. laga nr. 94/1976 hafi borið að miða fasteignamatsverð íbúðar áfrýjanda við gangverð, þ.e. við það verð, sem ákveðið er eftir reglum IV. kafla laga nr. 51/1980. Fær reglugerðarákvæði ekki breytt því.

Með vísan til þessa teljum við, að hið umbeðna lögtak eigi ekki að ná fram að ganga.

Eftir þessu teljum við, að stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, ætti að greiða áfrýjanda 30.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og að 20.000.00 krónur af þeirri upphæð ættu

að renna í ríkissjóð, en áfrýjandi hafði gjafsókn hér fyrir dómi. Greiða ætti allan gjafsóknarkostnað úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Þórðar S. Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, sem við teljum hæfilega ákveðin af meiri hluta dómenda.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. október 1982.

Mál þetta milli Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Guðbjargar Egilsdóttur, Stífluseli 5, Reykjavík, nafnnr. 2803-0401, var tekið til úrskurðar af Páli Þorsteinssyni borgarfógeta 4. október 1982, sem síðan kvað upp eftirfarandi úrskurð.

Almennur lögtaksúrskurður vegna vangoldinna fasteigna- og brunabótaiðgjalda árið 1981 var uppkveðinn 21. apríl 1981 og birtur á tilskilinn hátt.

Endanlegar kröfur gerðarbeiðanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, eru, að lögtak verði gert til tryggingar ógreiddum fasteignagjöldum af Stífluseli 5 árið 1981, nú að eftirstöðvum kr. 1.974.- ásamt 4.75% mánaðarvöxtum af kr. 739.- frá 15. 1. 1981 til 28. 2. 1981, 4.75% mánaðarvöxtum af kr. 1.476.- frá 1. 3. 1981 til 14. 4. 1981, 4.75% mánaðarvöxtum af kr. 2.213.- frá 15. 4. 1981 til 31. 5. 1981, 4.5% mánaðarvöxtum af sömu fjárhæð frá 1. 6. 1981 til 20. 4. 1982, 4% mánaðarvöxtum af sömu fjárhæð frá 21. 4. 1982 til 7. 5. 1982 og 4% mánaðarvöxtum af kr. 1.974.- frá 8. 5. 1982 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati fógeta.

Samkvæmt greinargerð gerðarbeiðanda er kröfuupphæðin sundurliðuð þannig:

Fasteignaskattur	Kr.	1.564.-
Lóðarleiga	—	17.-
Vatnsskattur	—	393.-
Brunabótaiðgjald	—	103.-
Viðlagatryggingargjald	—	91.-
Söluskattur af iðgjöldum	—	45.-
Samtals	Kr.	2.213.-

Upphæðin átti að greiðast í þrennu lagi. Fyrsti hlutinn 15. janúar 1981, annar hlutinn 1. mars 1981 og þriðji hlutinn 15. apríl 1981. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur skýrt svo frá í réttinum, að gerðarþoli hafi greitt kr. 239.- upp í áðurgreind gjöld, en það svari brunabótaiðgjaldinu, viðlagatryggingargjaldinu og söluskatti af iðgjöldum og sé litið svo á, að þau gjöld sé nú greidd, en vextir ógreiddir, eins og nánar greini í endanlegri kröfugerð.

Krafa Guðbjargar Egilsdóttur, gerðarþola í máli þessu, er *aðallega* að synjað verið um lögtak og henni verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður, en *til vara,* að lögtak verði aðeins gert til tryggingar lægri fjárhæð en gerðarbeiðandi krefst en umboðsmaður gerðarþola sundurliðaði þá upphæð þannig við munnlegan flutning málsins:

Fasteignaskattur	Kr.	798.-
Vatnsskattur	—	207.-
Lóðarleiga	—	17.-
Samtals	Kr.	1.022.-

Auk þess verði henni dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Þann 9. sept. 1981 barst fógeta beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að gera lögtak hjá gerðarþola vegna vangreiddra fasteignagjalda af íbúð hans að Stífluseli 5. Hann mótmælti gerðinni með bréfi til fógeta, dags. 8. okt. 1981. Samkomulag varð síðan með aðiljum að fresta frekari aðgerðum, uns úrskurður yfirfasteignamatsnefndarinnar lægi fyrir, en til hennar hefði gerðarþoli kært álagninguna, sbr. rskj. nr. 3 - 5.

Úrskurður yfirfasteignamatsnefndarinnar uppkveðinn 10. nóv. 1981 er svohljóðandi:

— — —

„Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 406/1978 skal við mat fasteigna eigi taka tillit til sérstakra ákvæða eða reglna um hámarkssöluverð fasteigna. Kærandi er eigandi umræddrar fasteignar og leigutaki leigulóðar í skilningi 4. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt þessu verður kæran ekki tekin til greina."

Gerðarþoli sætti sig ekki við niðurstöðu yfirfasteignamatsnefndarinnar og mótmælti enn lögtaki, og er málið því hér til úrskurðar.

Gerðarbeiðandi heldur fram, að gjöldin séu rétt lögð á bæði hvað varðar form og efnishlið, og styður kröfu sína um réttmæti álagningar sömu rökum og fram koma í úrskurði yfirfasteignamatsnefndar. Hann telur að sjálfsagt sé að leggja fasteignagjöld á íbúð gerðarþola á sama hátt og aðrar sambærilegar íbúðir, þó þær síðarnefndu séu ekki bundnar ákvæðum 66. gr. laga nr. 51/1980 um kaupskyldur sveitarfélaga. Hann segir það slík forréttindi að fá að eignast íbúð með þeim kjörum sem íbúð gerðarþola, að það vegi meira en upp í þá ókosti sem gerðarþoli telji, að því fylgi, og komist miklu færri en vilji að slíkum kaupum. Ef litið sé til sveitarfélagsins, sem ráðstafi fasteignagjöldunum, þá sé þjónusta þess við íbúðareigendur á borð við gerðarþola alveg sú sama og þjónusta við aðra eigendur fasteigna í borginni og því sé jöfnuður gjalda réttmætur.

Gerðarbeiðandi telur, að varakrafa gerðarþola geti alls ekki komið til álita í fógetarétti. Það sé ekki í verkahring fógeta að leggja á gjöld á þann hátt sem gerðarþoli krefjist.

Í ræðu sinni dró umboðsmaður gerðarbeiðanda í efa, að fógeti væri bær um að endurmeta efnislega niðurstöðu fasteignamatsins, án þess þó að gera nokkrar réttarkröfur í því sambandi.

Gerðarþoli heldur fram, að synja beri um lögtak, vegna þess að grundvöllur álagningar sé byggður á röngu fasteignamati á íbúð hans. Hann segir að Fasteignamat ríkisins hafi ekki gegnt skyldu sinni um að skrá upplýsingar um íbúð sína og ekki metið kvaðir, sem á henni hvíli, til peningaverðs og þar með til lækkunar á fasteignamati. Hann segir, að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi honum ekki tekist að fá fullnægjandi upplýsingar frá fasteignamatinu um, hvernig að því sé staðið, en ljóst sé, að fasteignamat á íbúð hans sé byggt á tölulega röngum forsendum og sé því ógild stjórnvaldsákvörðun, a.m.k. beri gerðarbeiðanda, eins og málið sé vaxið, að sanna hið gagnstæða.

Gerðarþoli rökstyður kröfu sína m.a. á sama hátt og í kæru sinni til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins, sbr. rskj. nr. 3 - 5. Hann telur og, að nefndin geri ekki greinarmun á gjaldskyldu og gjaldstofni í úrskurði sínum. Gerðarþoli telur, að gjaldskyldu hans beri að miða við gjaldstofn, sem taki mið af hreinni eign hans í íbúðinni að Stífluseli 5 í nóvember 1980, ef íbúðin hefði verið seld þá með lögbundnum kjörum. Þessa ályktun kveðst hann draga af 17. gr. laga nr. 94/1976 með samanburði við 66. gr. laga nr. 51/1980. Hann telur, að skilningur yfirfasteignamatsnefndarinnar á 2. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1980 eigi sér ekki stoð í forsögu laga um fasteignaskatt.

Gerðarþoli segir, að ákvæði 3. ml. 3. tl. 8. gr. reglugerðar nr. 406/1976 fái ekki staðist, þar sem það eigi sér ekki stoð í lögunum nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna, sem reglugerðin er annars byggð á. Umrætt reglugerðarákvæði sé í hrópandi ósamræmi við lögin og raunar við reglugerðina sjálfa. Gerðarþoli vitnar til 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar til stuðnings skoðun sinni um ólögmæti reglugerðarákvæðisins.

Varakröfu sína byggir gerðarþoli á því, sem hann telur rétt fasteignamat á íbúð sinni í nóvember 1980, þ.e. matsverði kr. 159.694.-. Upphæð þessa kveður hann vera í samræmi við reglu 1. mgr. 17. gr. laga nr. 94/1976 með hliðsjón af þeim eina markaði sem íbúðin geti gengið kaupum og sölum á, þ.e. skv. reglum 66. gr. laga nr. 51/1980, sbr. nánari útlistun í rskj. nr. 5. Fasteignaskattur á matsupphæð, sem fundin sé með þessu móti, sé kr. 798.-, vatnsskattur kr. 207.- og lóðarleiga kr. 17.-.

Umboðsmaður gerðarola krafðist þess í flutningi málsins, að fógeti hefði forsendur fyrir úrskurði sínum.

Krafa gerðarbeiðanda er í lögmæltu formi og verður samkvæmt efni sínu

fullnægt. Lögtaksréttur gerðarbeiðanda er út af fyrir sig ekki dreginn í efa af gerðarþola, heldur beinast mótmæli hans gegn framkvæmd fasteignamats á íbúð hans að Stífluseli 5 og álagningu gjalda á grundvelli þess.

Að mati fógeta er kaupskyldu eða forkaupsréttur sveitarfélaga samkvæmt 66. gr. laga nr. 51/1980 ekki kvöð á eign gerðarþola í skilningi laga nr. 94/1976. Fógeti telur ákvæði 3. ml. 3. tl. 8. gr. reglugerðar nr. 406/1978 fá staðist samkvæmt lögum nr. 94/1976 og sé það til skýringar á 1. og 2. mgr. 17. gr. þeirra laga.

Gerðarþoli lætur að því liggja, að skattstofn sá sem hér um ræðir og persónuleg greiðsluskylda hans fari ekki saman. Með vísun til rskj. nr. 13, þar sem gerðarþoli tekur að sér með samningi við Reykjavíkurborg að greiða skatta og skyldur af umræddri íbúð, verður ekki á þessa greiningu gerðarþola fallist.

Þar sem fógeti fellst á þennan hátt á kröfu gerðarbeiðanda, kemur varakrafa gerðarþola ekki til álita.

Gerðin fer því fram að kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Eftir atvikum þykir rétt að leggja málskostnað á gerðarþola. Telst hæfilegur málskostnaður vera kr. 1.500.-.

Ámælisvert er, að gerðarþoli hefur lagt fram skjöl, sem einungis fela í sér skriflegan málflutning hans, sbr. rskj. nr. 16 og nr. 19.

Því úrskurðast:

Umbeðið lögtak skal fram fara hjá gerðarþola á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Guðbjörg Egilsdóttir, nafnnr. 2803-0401, Stífluseli 5 hér í borg, greiði gerðarbeiðanda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, kr. 1.500.- í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. nóvember 1984.

Nr. 213/1984. **Reykjavíkurborg**
gegn
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Kærumál. Félagsdómur. Kröfu um frávísun máls hafnað. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 26. október 1984, sem barst Hæstarétti 30. s.m., hefur sóknaraðili með heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938, sbr. VII. kafla laga nr. 29/1976, kært til Hæstaréttar úrskurð Félagsdóms 22. október sl., þar sem hafnað er frávísunarkröfu í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja.

Sóknaraðili krefst frávísunar máls þessa frá Félagsdómi og kærumálskostnaðar frá varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með tilvísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Félagsdóms 22. október 1984.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ.m. um framkomna frávísunarkröfu, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, birtri 5. október 1984, og var málið þingfest sama dag.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Stefndi er borgarstjórinn í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar.

Í stefnu hefur stefnandi gert þær dómkröfur, „að Félagsdómur dæmi, að sú ákvörðun stefnda að greiða þann 1. október 1984 einungis laun fyrir tímabilið 1.-3. október 1984 til þeirra starfsmanna sinna, sem starfað hafa a.m.k. eitt ár samfellt hjá stefnda og hafa skriflega á þar til gerð eyðublöð óskað eftir fyrirframgreiðslu fastra launa, enda sé viðkomandi starfsmaður í a.m.k. 50% starfi, sé ólögmæt og brjóti í bága við sérkjarasamning aðilja frá 3. maí 1984 og reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar."

Þá er krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati Félagsdóms.

Stefndi hefur í greinargerð, sem er dagsett 10. þ.m., gert þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá Félagsdómi en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Munnlegur málflutningur fór fram 12. þ.m. um frávísunarkröfu stefnda.

Í þessum þætti málsins er þess krafist af hálfu stefnda, að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

Af hálfu stefnanda er þess krafist í þessum þætti málsins, að frávísunarkröfunni verði hrundið og að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað.

I.

Málavextir eru þeir, að þann 4. september 1984 boðaði stefnandi verkfall hjá stefna frá og með 19. september 1984. Með ákvörðun sáttanefndar var verkfallinu frestað til 4. október 1984. Verkfallið hófst síðastgreindan dag.

Eftir að verkfallsboðunin hafði borist stefnda, urðu umræður í borgarstjórn um það, hvort borgarsjóði væri skylt að greiða laun fyrirfram þann 1. október fyrir allan októbermánuð. Af því tilefni ritaði starfsmannafélagið borgarráði bréf, dagsett 24. september 1984, þar sem það skýrði sjónarmið sín og hvatti til þess, að borgarráð tæki af öll tvímæli um, að borgarstarfsmenn fengju laun sín greidd fyrirfram á hefðbundinn hátt.

Borgarráð tók síðan þá ákvörðun f.h. Reykjavíkurborgar, að einungis skyldu greidd út laun fyrir þrjá fyrstu daga októbermánaðar til þeirra starfsmanna borgarinnar, sem nytu fyrirframgreiðslu launa. Þó voru undanskildir þessari ákvörðun þeir starfsmenn, sem borgaryfirvöld töldu fyrirsjáanlegt, að yrðu úrskurðaðir til vinnu af kjaradeilunefnd samkvæmt ákvæðum 26. gr. reglugerðar nr. 236/1976, ef til vekfalls kæmi.

Við útborgun launa þann 1. október var ofangreind ákvörðun borgarráðs lögð til grundvallar launagreiðslum.

Stefnandi hefur ekki viljað una þessu og hefur því höfðað mál þetta.

II.

Í september 1977 boðaði Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar til verkfalls hjá borginni og kom það til framkvæmda 11. október s.á. Þrátt fyrir verkfallsboðunina greiddi borgin föstum starfsmönnum sínum laun fyrirfram fyrir allan októbermánuð. Þau laun, sem greidd voru fyrir þá daga, sem verkfallið stóð voru síðan dregin af launum viðkomandi starfsmanna við næstu útborgun, eftir að verkfallinu lauk. Ýmsum borgarstjórnarmönnum mun hafa þótt þetta fyrirkomulag óeðlilegt, og borgarráð samþykkti þann 25. apríl 1978 breytingu á reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar. Hin nýja samþykkt hafði m.a. að geyma eftirfarandi ákvæði:

„1. Að hætta fastráðningum.

. . .

3. Að greiða ekki laun fyrirfram til annarra en þeirra, sem nú fá laun þannig greidd."

Áður höfðu fastráðnir starfsmenn Reykjavíkurborgar fengið föst laun sín greidd fyrirfram fyrsta dag hvers mánaðar, en fastráðningu hlutu starfsmenn samkvæmt umsókn eftir tiltekinn starfstíma hjá borginni.

Þann 28. mars 1984 var lögð fram af hálfu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar skrifleg kröfugerð til stefnda vegna nýs sérkjarasamnings. Fyrsti töluliður í kröfugerðinni var: „Fyrirframgreiðsla launa."

Sérkjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. mars 1984 til 31. mars 1985 var undirritaður 3. maí 1944 af hálfu Reykjavíkurborgar var samningurinn undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs. Jafnframt voru gefnar út tvær yfirlýsingar. Önnur þeirra hljóðar svo:

„Borgarráð mun í framhaldi af endanlegri staðfestingu samnings þessa gera þær breytingar á reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, að 3. liður samþykktar borgarráðs frá 25. apríl 1978 falli niður og þess í stað bætist við nýr liður sem hljóðar svo:

Starfsmaður sem starfað hefur í a.m.k. eitt ár samfellt hjá Reykjavíkurborg á rétt á að fá föst mánaðarlaun greidd fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar enda óski hann skriflega á þar til gerðu eyðublaði eftir þeirri tilhögun launagreiðslna og sé ráðinn í a.m.k. 50% af fullu starfi. Ósk starfsmanns um fyrirframgreiðslu í stað greiðslu eftir á skal hafa borist a.m.k. einum mánuði áður en hún kemur til framkvæmda. Breyting þessi kemur fyrst til framkvæmda 1. september 1984."

Ofangreind yfirlýsing er dagsett 3. maí 1984 og undirrituð af forseta borgarstjórnar og formanni starfsmannafélagsins.

Þann 9. maí 1984 ritaði borgarstjóri starfsmannafélaginu svofellt bréf:

„Á fundi borgarráðs í gær var lagður fram sérkjarasamningur Reykjavíkurborgar ásamt yfirlýsingu, dags. 3. þ.m.

Borgarráð samþykkti samninginn.

Jafnframt var lagt fram bréf starfsmannastjóra frá 6. þ.m. varðandi breytingu á reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, sbr. 3. lið samþykktar borgarráðs frá 25. apríl 1978 varðandi fyrirframgreiðslu launa, sem fylgir í ljósriti.

Borgarráð samþykkti framangreinda breytingu."

III.

Frávísunarkrafan er af hálfu stefnda studd eftirgreindnum rökum:

1. Eigi verði á það fallist með stefnanda, að ágreiningsefni máls þessa eigi undir úrskurðarvald Félagsdóms samkvæmt ákvæðum VII. kafla reglugerðar nr. 236/1976 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þar sé ekki að finna viðhlítandi grundvöll fyrir málsmeðferðinni fyrir dóminum. Í 42. gr. reglugerðarinnar sé sagt, að hún sé sett samkvæmt 41. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í 41. gr. nefndra laga sé hins vegar aðeins sagt, að starfsmenn borgar-, bæjar- og sveitarstjórna svo og sýslufélaga hafi samningsrétt samkvæmt ákvæðum laganna. Fráleitt sé að telja, að ákvörðun 34. gr. reglugerðarinnar um sérstaka dómsmeðferð í málum falli undir hugtakið samningsréttur. Af þessu sé ljóst, að ákvæði VII. kafla reglugerðarinnar skorti lagastoð. Hitt sé einnig ljóst, að sérstök heimild þurfi að vera í settum lögum, ef víkja eigi dómsmálum til hinar sérstöku meðferðar fyrir Félagsdómi. Og þar sem slík heimild sé hvergi í lögum, beri að vísa málinu frá Félagsdómi. Í þessu sambandi sé rétt að taka fram, að heimildar til þessarar meðferðar málsins verði ekki leitað í 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, enda verði þau lög ekki talin eiga við um afstöðu sveitarstjórna til starfsmanna sinna.

2. Dómkrafa stefnanda hljóði um, að veittur verði viðurkenningardómur um, að tiltekin ákvörðun, sem stefndi tók fyrir nokkru, sé ólögmæt. Með þessu sé sjálfsagt átt við, að framkvæmd ákvörðunarinnar 1. október 1984 hafi verið ólögmæt. Dómur um þetta nú hafi aðeins sögulega þýðingu. Þannig sé ljóst, að jafnvel þótt fallist yrði á kröfuna, segi það ekkert um skyldu stefnda á dómsuppsögudeginum. Ef t.d. dómur yrði kveðinn upp 15. október og verkfall stæði þá enn, væri auðvitað engin afstaða tekin til þess með dómsorði, hvort greiða ætti októberlaunin þá. Virðist einsýnt, að slíkt væri óskylt, þar sem félagsmenn starfsmannafélagsins væru enn í verkfalli og ekki sé ágreiningur um, að í verkfalli eigi þeir ekki rétt á launum. Og alla vega væri óskylt að greiða fyrir tímabilið 4.-15. október.

Af þessu sé ljóst, að dómsorðið hefði einungis sögulega þýðingu, en enga í lögskiptum aðilja. Dómurinn væri með því að gefa álit um lögfræðilegt efni, þannig að í bága færi við 67. gr. laga nr. 85/1936. Að vísu sé hugsanlegt vegna ákvæðis 34. gr. laga nr. 29/1976 sbr. 32. gr. reglugerðar nr. 236/1976, að Félagsdómur hafi að einhverju leyti rýmri hendur í þessu efni heldur en almennir dómstólar. Hins vegar sé ljóst, að krafa verði að vera um, að dómsorð leysi berlega úr ágreiningi um skilning á kjarasamningi þannig, að gildi hafi í lögskiptum aðilja. Í 69. gr. laga nr. 80/1938 sé vísað til laga um meðferð einkamála í héraði. Verði engan veginn talið, að gerð hafi verið með ákvæði 34. gr. laga nr. 29/1976 svo veigamikið frávik frá reglu 67. greinar laga nr. 85/1936, að dugi til að veita dóm um kröfu stefnanda. Af þessum sökum beri að vísa málinu frá Félagsdómi.

3. Þá er frávísunarkrafan studd þeim rökum, að stefnandi geti ekki borið undir Félagsdóm dómkröfur um, hvernig skilja beri ákvæði í samþykktum eða reglugerðum, sem kjörin borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett um starfsemi sína. Hér sé um það að ræða, að borgarráð gerði sérstaka samþykkt 25. apríl 1978, sem m.a. hafi falið í sér, að ekki skyldu greidd laun fyrirfram til annarra en þeirra, sem þá fengu laun þannig greidd. Fyrir þennan tíma hafi fastráðnir starfsmenn borgarinnar fengið mánaðarlaun sín greidd fyrirfram, án þess að nokkurs staðar væru bein ákvæði um það efni í reglugerðinni um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar né kjarasamningi. Samþykkt borgarráðs 25. apríl 1978 hafi auðvitað verið einhliða ákvörðun yfirvalda borgarinnar um þetta efni. Hafi samþykktin hlotið staðfestingu borgarstjórnar með sama hætti og aðrar ákvarðanir borgarráðs. Hafi samþykktin verið prentuð sem viðauki við 6. gr. í reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 7. desember 1967. Í borgarráði 8. maí 1984 hafi síðan verið gerð breyting á þeim hluta samþykktarinnar frá 1978, sem varðaði fyrirframgreiðslu launa. Aðdragandi þessarar breytingar hafi verið sá, að samningamenn Reykjavíkurborgar við gerð sérkjarasamnings 3. maí 1984 höfðu gefið yfirlýsingu um, að borgarráð myndi í framhaldi af endanlegri staðfestingu samningsins gera þessar breytingar á reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Stefnandi sé hér að bera undir Félgsdóm, hver sé réttur skilningur á þessari samþykkt borgarráðs. Þetta geti hann ekki gert. Samþykktin feli í sér einhliða fyrirmæli um, hvernig borgin hagi ákveðnum háttum í starfsemi sinni og styðjist við 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961. Þessi stjórnvaldsfyrirmæli eigi enginn formlegan þátt í að setja nema stjórnvaldið sjálft, sem fyrirmælin setur. Gildi þá einu, þótt aðdragandinn að gerð samþykktarinnar hafi verið yfirlýsing af hálfu Reykjavíkurborgar í tengslum við gerð kjarasamnings. Nafnritun Haralds Hannessonar, formanns Starfsmanna-

félags Reykjavíkurborgar, undir yfirlýsinguna hafi verið óþörf og ekki átt við og stafað af mistökum. Sé augljóst af efni yfirlýsingarinnar, að hún hafi verið gefin einhliða af fulltrúum Reykjavíkurborgar, enda hafi fulltrúar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar enga aðild getað átt að breytingunni á samþykktinni. Ef t.d. ætti að breyta þessari samþykkt eða öðrum ákvæðum reglugerðarinnar á nýjan leik, myndi það ekki gerast með samningum við stefnanda, heldur formlegri meðferð í borgarráði og borgarstjórn. Hér sé því ekki um að ræða „ágreining um skilning á kjarasamningi" eins og segi í 34. gr. laga nr. 29/1976 og 32. gr. reglugerðar nr. 236/1976.

Til að skýra þessi sjónarmið enn frekar skuli bent á, að B.S.R.B. hafi sjálft réttilega tekið þá afstöðu, að ekki tjái að bera undir Félagsdóm ágreining við fjármálaráðherra um skýringu á 20. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, vegna þess að þar sé ekki um að ræða „ágreining um skilning á kjarasamningi". Þessi afstaða B.S.R.B. væri vitaskuld jafnrétt, þó að aðdragandinn að setningu ákvæðis 20. gr. hefði verið sá, að fjármálaráðherra með meirihluta Alþingis á bak við sig hefði lýst yfir því við kjarasamningsgerð, að hann myndi beita sér fyrir setningu lagaákvæðisins. Slíkur aðdragnandi hefði ekki gert ákvæðið að hluta kjarasamnings, sem Félagsdómur ætti að skýra. Hér sé máli formlega eins vaxið. Með yfirlýsingu sinni hafi samningamenn Reykjavíkurborgar meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur á bak við sig ekki gert annað en að lýsa yfir því, að þeir myndu beita sér fyrir breytingu á reglugerðinni í borgarstjórninni. Og Félagsdómur sé á sama hátt vanhæfur til að dæma um efni einhliða settra reglugerða og fyrirmæla Reykjavíkurborgar, þótt þessi hafi verið aðdragandi þeirra. Beri að vísa málinu frá Félagsdómi einnig af þessari ástæðu.

IV.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að reglugerð nr. 236/1976 hafi fulla lagastoð í 41. gr. laga nr. 29/1976. Lagagreinina beri að skýra þannig, að lög nr. 29/1976 skuli ná til starfsmanna borgar-, bæjar- og sveitarstjórna svo og sýslufélaga á sama hátt og lögin nái til starfsmanna í þjónustu ríkisins með þeirri heimild til breytinga, er um geti í greininni. Samkvæmt því hafi VII. kafli reglugerðarinnar einnig stoð í 41. gr. laga nr. 29/1976.

Að því er varðar 67. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, er því haldið fram af hálfu stefnanda, að um sé að ræða raunverulegan réttarágreining, sem hafi verulega þýðingu í lögskiptum aðiljanna. Stefnandi hafi lögmæta hagsmuni af því að fá efnisdóm um dómkröfur sínar, meðal annars vegna hugsanlegra fjárkrafna, sem einstakir félagsmenn kunni að gera á hendur

stefnda síðar. Einnig hafi efnisdómur þýðingu í verkföllum, sem síðar kunni að verða boðað til að óbreyttum lögum.

Af hálfu stefnanda er lögð á það áhersla, að með bréfi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar til borgarráðs Reykjavíkur hinn 28. mars 1984 hafi m.a. verið gerð krafa um fyrirframgreiðslu launa í tilefni af fyrirhugaðri gerð sérkjarasamnings félagsins við Reykjavíkurborg. Þessi krafa hafi verið tekin til greina af hálfu samninganefndar Reykjavíkurborgar. Því til staðfestu hafi verið gefin út og undirrituð af fulltrúum beggja aðilja margnefnd yfirlýsing. Yfirlýsingin sé hluti af sérkjarasamningnum á dómskjali nr. 4, bls. 16, og ekki skipti máli, þótt borgarráð Reykjavíkur hafi síðar breytt reglum sínum um réttindi og skyldur starfsmanna sinna til samræmis við hinn nýja kjarasamning. Þá beri upphaf yfirlýsingarinnar það með sér, að hún sé hluti samningsins. Kjarasamningar þurfi ekki að vera formbundnir. Skipti því ekki máli, þótt hluti samningsins komi undir fyrirsögninni yfirlýsing.

Samkvæmt framansögðu beri að hafna kröfu stefnda um frávísun málsins.

V.

Álit dómsins.

Skýra verður 41. gr. laga nr. 29/1976 svo, að um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga og sýslunefnda skuli gilda hliðstæðar reglur og um kjarasamninga starfsmanna ríkisins að öðru leyti en því, að viðurkennd félög starfsmanna sveitarfélaga og sýslunefnda fara með samningsréttinn gagnvart viðsemjendum sínum. Í þessari lagagrein er ennfremur mælt fyrir um, að félagsmálaráðherra skuli að höfðu samráði við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja setja um þessi efni nánari ákvæði með reglugerð og megi þar auk þeirra atriða, sem lög nr. 29/1976 taka til, kveða á um samsvarandi efni og um getur í 29. gr. laga nr. 38/1954. Hefur félagsmálaráðherra samkvæmt þessari lagaheimild sett reglugerð nr. 236/1976 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Verður ekki fallist á það með stefnda, að þau ákvæði þeirrar reglugerðar, sem hér skipta máli, hafi ekki lagastoð. Verður frávísunarkrafa hans því ekki tekin til greina á þeim grundvelli.

Samkvæmt 32. gr. reglugerðar nr. 236/1976 ber Félagsdómi að dæma um ágeining málsaðilja um skilning á kjarasamningi þeirra. Dómkrafa stefnanda lýtur að því að fá úr því skorið, hvort launagreiðslur stefnda til félagsmanna stefnanda hinn 1. október 1984 hafi verið í samræmi við sérkjarasamning aðiljanna. Það leiðir af hinu sérstaka hlutverki Félagsdóms, að honum ber, ef því er að skipta, að kveða upp viðurkenningardóm um skilning á efni kjarasamnings, sbr. ummæli í dómi Hæstaréttar í LIII.

bindi, bls. 1160. Hér er um að ræða ágreining, sem stefnandi á lögvarða hagsmuni af að fá dómsúrlausn um, enda getur sú úrlausn orðið grundvöllur frekari kröfugerðar félagsmanna stefnanda á hendur stefnda, ef krafa stefnanda í málinu verður tekin til greina. Verður því ekki á það fallist með stefnda, að kröfugerð stefnanda feli einungis í sér beiðni um lögfræðilega álitsgerð, sem hann eigi ekki rétt á að bera undir dóminn vegna ákvæða 67. gr. laga nr. 85/1936.

Svo sem áður var rakið, var krafa um fyrirframgreiðslu launa ein þeirra krafna, sem Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar setti fram við borgarráð Reykjavíkur fyrir gerð sérkjarasamnings aðiljanna. Um þessa kröfu náðist samkomulag, sem tekið er orðrétt upp í kafla II. hér að framan. Er hér um að ræða kjaraatriði, sem aðiljarnir höfðu fullt samningsforræði yfir og voru ekki háðir vilja þriðja aðilja um, að fram gæti náð að ganga. Verður þessari yfirlýsingu því að þessu leyti ekki jafnað til þess, er bókanir fylgja kjarasamningum þess efnis að aðilja muni beita sér fyrir t.d., að tilteknum lagaákvæðum verði breytt. Með því að laun eru almennt ekki greidd fyrirfram nema til komi sérstök ákvæði þar að lútandi í lögum eða kjarasamningi, var og eðlilegt, að samkomulag þess efnis væri tekið upp í sérkjarasamninginn. Þegar þessi atriði eru virt, þykir ljóst, að skýra verður umrædda yfirlýsingu svo, að hún sé hluti þess sérkjarasamnings, sem hún fylgir og lagður er fram í málinu á dskj. 4. Styðst þessi niðurstaða einnig við orðalagið „. . . endanlegri staðfestingu samnings þessa . . .“ í upphafi yfirlýsingarinnar. Getur það engu breytt í þessu sambandi, að til samræmis við þennan lið samningsins hafi verið talið nauðsynlegt að breyta reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, enda eru þær reglur settar einhliða af borgarstjórn Reykjavíkur og teljast ekki til sjálfstæðra réttarheimilda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir ágreiningur í máli þessu varða skilning á kjarasamningi málsaðiljanna, sem stefnandi hefur lögvarða hagsmuni af að fá úr skorið, og telst málsefnið falla innan dómsvalds Félagsdóms. Verður frávísunarkrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málkostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda í máli þessu er hafnað.
Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Bjarna Kristins Bjarnasonar og Gunnlaugs Briem.

Svo sem að framan er rakið, samþykkti borgarráð Reykjavíkur hinn 25.

apríl 1978 að greiða ekki laun fyrirfram til annarra en þeirra, sem þá fengu laun þannig greidd. Var samþykktin prentuð í 3. tl. viðauka við 6. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 7. desember 1967 ásamt áorðnum breytingum.

Hinn 3. maí sl. var undirritaður sérkjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. mars 1984 til 31. mars 1985. Samningurinn var gerður af samningamönnum Reykjavíkurborgar með fyrirvara um samþykki borgarráðs. Borgarráð samþykkti síðan samninginn hinn 8. sama mánaðar.

Jafnframt þessu undirritaði Markús Örn Antonsson, forseti borgarstjórnar, yfirlýsingu, þar sem segir, að borgarráð muni í framhaldi af endanlegri staðfestingu samnings þessa gera þær breytingar á reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, að 3. liður samþykktar borgarráðs frá 25. apríl 1978 falli niður og þess í stað bætist nýr liður, þar sem segir, að starfsmaður, sem starfað hefur a.m.k. eitt ár samfellt hjá Reykjavíkurborg, eigi rétt á að fá föst mánaðarlaun greidd fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar að uppfylltum þeim skilyrðum, sem þar nánar greinir. Þessi breyting á reglugerðinni skuli fyrst koma til framkvæmda 1. september 1984. Borgarráð samþykkti breytinguna hinn 8. maí sl., eða sama dag og sérkjarasamninginn.

Svo sem yfirlýsingin um breytingu á reglugerðinni ber með sér, var hún gerð einhliða af hálfu Reykjavíkurborgar, og skiptir ekki máli í þessu sambandi, þótt Haraldur Hannesson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, hafi ritað nafn sitt undir hana. Yfirlýsingin var gerð í tengslum við sérkjarasamninginn og samþykkt í borgarráði í framhaldi af honum. Var efni hennar ekki sett inn í samninginn, svo sem nærtækt hefði verið, ef ætlunin var, að hún yrði hluti hans.

Framangreind breyting á reglugerðinni var ákvörðun borgarstjórnar og er því stjórnvaldsákvörðun. Er eigi unnt að líta svo á, að hún sé jafnframt kjarasamningur í merkingu 6. gr. laga nr. 80/1938. Eigi verður heldur talið, að yfirlýsing Markúsar Arnar Antonssonar sé kjarasamningur í merkingu nefndrar lagagreinar. Félagsdómur á því ekki úrskurðarvald um ágreining um gildi yfirlýsingarinnar í samskiptum málsaðilja samkvæmt 32. gr. reglugerðar nr. 236/1976, sem hefur lagastoð í 41. og 34. gr. laga nr. 29/1976, en Félagsdómur er sérdómstóll, og ber að skýra ákvæði 32. gr. reglugerðarinnar þröngt.

Með hliðsjón af framansögðu ber að vísa máli þessu frá Félagsdómi, en eigi er, eins og hér stendur á, ástæða til að fjalla frekar um málsástæður fyrir frávísunarkröfum stefnda.

Rétt þykir þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. nóvember 1984.

Nr. 69/1983. **Þorleifur Helgi Eyjólfsson,**
eigandi Stóra-Botns,
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Jóni Þorkelssyni, Sigríði Þorkelsdóttur,
Helga H. Jónssyni, Jóni Skaftasyni,
Pétri Geirssyni, Pétri M. Jónssyni og
Sturlu Jónssyni, eigendum Litla-Botns
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 25. mars 1983. Hann krefst þess, „að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið að landamerki þau, er um er deilt í máli þessu verði ákveðin þannig: Bein lína úr punktinum merktum A og í punktinn merktan B og þaðan bein lína í punktinn merktan C á uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings dags. 7. júlí 1981, svo ráði Litla-Botnsá úr því.“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Þegar mál þetta var þingfest fyrir landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 3. október 1975, voru aðiljar þess varnarmegin

þau Jón Þorkelsson, Málfríður Þorkelsdóttir, Sigríður Þorkelsdóttir, Þorkell Pétursson, Kristín Pétursdóttir og Sigríður Pétursdóttir. Samkvæmt eignarheimildarvottorði frá 13. desember 1982 eru eigendur Litla-Botns þá þau Jón Þorkelsson að ¼, Sigríður Þorkelsdóttir að ¼, Helgi H. Jónsson og Jón Skaftason að ¼, Hvalfjarðarstrandarhreppur að 1/12, Pétur Geirsson að 1/12 og þeir Helgi H. Jónsson, Pétur M. Jónsson og Sturla Jónsson að 1/12 hluta saman. Samkvæmt afsali frá 15. júní 1982, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, er Jón Þorkelsson nú eigandi þess hluta, sem Hvalfjarðarstrandarhreppur er talinn eiga samkvæmt framangreindu vottorði. Aðild varnarmegin breytist því frá upphafi málsins samkvæmt ofangreindu, og er réttilega stefnt í áfrýjunarstefnu.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda, að fallið væri frá varakröfu þeirri, sem hann gerði í héraði og áfrýjunarstefnu um staðfestingu niðurstöðu fyrri héraðsdóms frá 24. nóvember 1976.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Dómendur Hæstaréttar gengu á vettvang þriðjudaginn 6. nóvember 1984 ásamt áfrýjanda og 2 stefndu og lögmönnum aðilja.

Landamerkjalýsingar jarðanna Litla-Botns frá 1886 og Stóra-Botns frá 1890 eru samrýmanlegar í öllu, er máli skiptir. Áfrýjandi reisir kröfur sína á viðauka þeim, sem færður hefur verið á landamerkjalýsingu Stóra-Botns og nánar er lýst í héraðsdómi. Ekkert er upplýst í málinu um aðdraganda viðauka þessa. Af orðalagi hans, gögnum málsins og skoðun á vettvangi verður ekki ráðið, hvert efni hann hefur haft að geyma. Þykir því ekki verða á honum byggður réttur í máli þessu. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorleifur Helgi Eyjólfsson, greiði stefndu, Jóni Þorkelssyni, Sigríði Þorkelsdóttur, Helga H. Jónssyni, Jóni Skaftasyni, Pétri Geirssyni, Pétri M. Jónssyni og Sturlu Jóns-

syni, samtals 25.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 15. janúar 1983.

Mál þetta var upphaflega þingfest fyrir landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 3. október 1976, og var dómur kveðinn upp í því 24. nóvember 1976. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1977, og kvað Hæstiréttur upp dóm í því 10. júní 1980. Var hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Byggði Hæstiréttur niðurstöðu sína á því, að kröfulýsing í hinum áfrýjaða dómi væri ekki í samræmi við endanlega kröfugerð eigenda Litla-Botns fyrir héraðsdómi. Eigi hafi heldur verið getið raka þeirra, er þessir aðiljar færðu fram til stuðnings kröfum sínum og að þær sæti ekki beinni úrlausn dómsins. Þessi málsmeðferð sé svo gölluð, að samkvæmt 1. mgr. 193. gr. laga nr. 89/1936, sbr. 14. gr. laga nr. 41/1919 og 1. gr. laga nr. 69/1954, verði ekki komist hjá því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málið var síðan tekið fyrir á nýjan leik í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 10. júní 1981 og rekið fyrir þeim dómi allt þar til í síðasta þinghaldi 13. desember sl., en þá var málið tekið fyrir í aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu í samræmi við ákvæði laga nr. 28/1981 um breytingu á einkamálalögunum og er rekið sem aukadómþingsmálið nr. 73/1982. Málið var dómtekið 13. desember 1982.

Stefnandi málsins er Þorleifur Helgi Eyjólfsson, Miklubraut 3, Reykjavík, nafnnúmer 3957-0157, eigandi jarðarinnar Stóra-Botns.

Stefndu eru Jón Þorkelsson, Stóra-Botni, Hvalfjarðarstrandarhreppi, nafnnúmer 5205-0820, Sigríður Þorkelsdóttir, Rauðalæk 32, Reykjavík, nafnnúmer 7679-8370, Helgi H. Jónsson, Engihjalla 9, Kópavogi, nafnnúmer 3971-8332, Jón Skaftason, Sunnubraut 8, Kópavogi, nafnnúmer 5186-2902, Pétur Geirsson, Hreðavatnsskála, Norðurárdal, nafnnúmer 7089-6340, Pétur M. Jónsson, Álfheimum 70, Reykjavík, nafnnúmer 7100-1946, og Sturla Jónsson, Hraunbæ 18, Reykjavík, nafnnúmer 8530-7517, eigendur jarðarinnar Litla-Botns.

Aðild málsins varnarmegin hefur breyst nokkuð, frá því að málið var upphaflega þingfest, bæði vegna þess að jarðarhlutar hafa gengið kaupum og sölum og gengið í arf.

Dómendur málsins eru Rúnar Guðjónsson sýslumaður, dómsformaður, og meðdómendurnir Bjarni Arason héraðsráðunautur og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi skólastjóri. Eru dómendur hinir sömu og í upphafi máls

utan dómsformaður, en hann tók sæti Ásgeirs Péturssonar, fyrrverandi sýslumanns.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, aðallega: Að landamerki þau, sem um er deilt í máli þessu, verði ákveðin þannig: Landamerki Stóra-Botns og Litla-Botns skulu vera um Litlu-Botnsá frá því áin fellur úr Stóru-Krókatjörn að punkti merktum A á uppdrætti dómsins, en sá punktur er við brúna á Litlu-Botnsá. Þaðan ráði girðing um punktinn B til punktarins C, sem er hornstólpi girðingarinnar, en frá þeim punkti bein lína í punktinn O á uppdrætti héraðsdóms frá 24. nóvember 1976. Síðan ræður Stóra-Botnsá til sjávar. Til vara: Bein lína úr punktinum merktum A og í vörðubrot merkt B og þaðan bein lína í punkt merktan C á uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings, dags. 7. júlí 1982, sbr. dómskjal nr. 59, svo ráði Litla-Botnsá úr því. Til þrautavara: Að dómur landamerkjadómsins, uppkveðinn þann 24. nóvember 1976, verði staðfestur. Í öllum tilfellum er krafist málskostnaðar úr höndum varnaraðilja að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær: Að viðurkennt sé með dómi réttarins að, Litla-Botnsá ráði merkjum milli Litla-Botns og Stóra-Botns á svæðinu frá brúnni hjá punkti C á uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings, dags. 7. júlí 1981, að ósi við Stóru-Botnsá, merktum O á sama uppdrætti, en þaðan ráði Stóra-Botnsá til sjávar.

Að viðurkennt sé til hagræðingar, að línan C-M-S-Ó á sama uppdrætti sé landamerkjalína á ofangreindu rennslissvæði Litlu-Botnsár frá C-Ó.

Að stefnanda sé gert að greiða öllum stefndu málskostnað.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en án árangurs.

Jarðir þær, sem um ræðir í máli þessu, eru Stóri-Botn og Litli-Botn í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu, í svonefndum Botnsdal fyrir botni Hvalfjarðar.

Upphaf máls þessa er það, eftir því sem ráðið verður af gögnum málsins, að stefnandi ritaði bréf hinn 27. september 1973 til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og fór þess á leit, að hann leitaði sátta í deilu varðandi mörk jarðanna Litla-Botns og Stóra-Botns. Sýslumaður tók málið fyrir í landamerkjadómi 27. nóvember 1974, þar sem sáttatillaga kom fram. Í þessu þinghaldi var bókað, að aðiljar mundu vinna að því að eigendur jarðanna samþykktu sáttatillöguna. Svo varð ekki, og hinn 10.júní 1975 fór stefnandi þess á leit í bréfi til sýslumanns, að málið fengi venjulega málsmeðferð, sbr. lög nr. 41/1919 um landamerki. Var málið síðan þingfest fyrir landamerkjadóminum 3. október 1976, svo sem áður greinir.

Lögð hafa verið fram endurrit úr landamerkjabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu með landamerkjalýsingum fyrir báðar jarðirnar svo og frumrit landamerkjalýsingar fyrir jörðinni Litla-Botni. Með því að hér er um

grundvallargögn í málinu að ræða, þykir rétt að tilgreina orðrétt þá kafla bréfanna, sem fjalla um merki milli jarðanna.

Í landamerkjalýsingu Stór-Botns segir svo:

„Fyrir jörðinni Stórabotni eru landamerki þannig: á milli Litlabotns og ofangreindrar jarðar ræður Stórabotnsá neðan frá vognum þar til Litlabotnsá hefur að fornu í hana fallið, og þar frá ræður Litlabotnsá til upptaka, sem eru í svonefndri Stórukrókatjörn á miðri Botnsheiði.

— — —

Samþykkt af hlutaðeigendum með eiginhandarundirskriftum. Sem umboðsmaður Þingvallakirkjutorfunnar undirskrifa:

Jón Einarsson, Starhaga
Björn Eyvindsson, (handsalað)
Helgi Einarsson, Litlabotni
Jón Thorsteinsson
Sigurður Vigfússon í Efstabæ
Jón B.P. Ottesen
Ingunnarstöðum

Þorkell Þorláksson, Þyrli.

Stórabotni 14. maí 1890
Gísli Gíslason, bóndi í Stórabotni.

Lesið á manntalsþingi að Saurbæ 6. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu No. 123.

Sigurður Þórðarson.“

Neðst í endurritinu segir svo:

„Stórabotnsá ræður frá Botnsvog þar til Litlabotnsá hefur að fornu í hana fallið. Þá taka við vörður á miðjum hólma norðan við árnesið svo ræður Litlabotnsá úr því.

Þorkell Pétursson. Helgi Jónsson.

Innritað samkv. l. nr. 72 27/6 1921.

G. Björnsson.“

Í landamerkjalýsingu Litla-Botns segir svo:

„-------Litlabotnsá ræður merkjum milli Stórabotns og Litlabotns, frá því áin fellur úr ofangreindri tjörn (Stórukrókatjörn, innskot dómsins) þar til hún fellur í Stórabotnsá, að undanskildum hólmum, sem Litlabotnsá hefur brotið af á móts við bæinn í Litlabotni og tilheyra þeir nýnefndri jörðu, en eftir dalnum til sjávar fram er Stórabotnsá merki milli nýnefndra jarða.

Litlabotni 18. júnímánuð 1886.

Helgi Einarsson
ábúandi jarðarinnar

Guðmundur Ólafsson
bóndi á Fitjum.
samþykkur

Gísli Gíslason
Stórabotni

Þorkell Þorláksson
á Þyrli
samþykkja.

Hvstr. hr. No. 217-89"

Í endurriti úr landamerkjabók er undir þessu skjali eftirfarandi áritun:
„Lesið á Saurbæjarmanntalsþingi 19. júní 1886.
Fyrir hönd sýslum. G. Pálss.
Sigurður Þórðarson cand. jur.
Innfært í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu No. 47.
Sigurður Þórðarson
(settur).
Innr. samkv. l. nr. 72 27/6 1921.
19/3 1923
G. Björnsson."

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að landamerkjabréfum beggja jarðanna frá 1886 og 1890 hefur verið þinglýst hin sömu ár og þau voru gerð. Eigi verður séð hvenær viðbót sú við landamerkjalýsingu Stóra-Botns, sem fyrr greinir, var gerð, og eigi verður heldur af gögnum málsins ráðið, að viðbótinni hafi verið þinglýst. Landamerkjabréfin frá 1886 og 1890 voru innrituð í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu, þegar eftir að þau voru gerð, og síðan endurinnrituð skv. l. nr. 72/1921 um afsals- og veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu í nýja landamerkjabók, eftir að bækur embættisins brunnu á árinu 1920, þar á meðal veðmálabækur og landamerkjabækur. Var landamerkjabréfið fyrir Litla-Botn innritað 19/3 1923, en landamerkjabréfið fyrir Stóra-Botn virðist hafa verið innritað 12/6 1923. Viðauka þess, sem fyrr getur við landamerkjalýsingu Stóra-Botns, er getið við síðari innritun á bréfinu.

Síðan héraðsdómur gekk, eða við framhaldsmeðferð málsins, hefur verið aflað ýmissa gagna. Meðal annars lögðu dómendur fyrir lögmenn málsaðilja að afla sameiginlegs uppdráttar af deilusvæðinu, unnins eftir síðustu fáanlegri loftmynd, og útfæra á uppdráttinn endanlegar kröfur sínar, svo sem kennileiti og örnefni eftir því sem þeir kæmu sér saman um. Uppdráttur þessi var lagður fram sem dskj. nr. 59. Þess skal þó getið hér, að stefnandi byggir endanlega kröfugerð sína á uppdrætti héraðsdóms frá 24. nóvember 1976. Er hér um að ræða þriðju útgáfu af kröfugerð stefnanda frá upphafi


málsins. Einnig lögðu dómendur fyrir lögmann stefnanda í þinghaldi 28. janúar 1982, að hann fengi dómkvadda sérfróða matsmenn til þess að semja ítarlega vísindalega álitsgerð um það, hvar Litla-Botnsá muni hafa runnið neðan brúar á þeim tíma, þegar landamerkjabréf fyrir jarðirnar Stóra-Botn og Litla-Botn voru gerð, og þá jafnframt hvort farvegur hennar, einkum aðalfarvegur, hafi breyst frá þeim tíma og þá hvernig, enda hefur stefnandi haldið því fram, að Litla-Botnsá hafi haft allt annan farveg en hún hefur nú, sbr. t.d. dskj. nr. 59. Lögmaður stefnanda fór þess á leit í bréfi til sýslumanns, dags. 11. mars 1982, að umræddir matsmenn yrðu dómkvaddir, en matsandlag var að vísu skilgreint með nokkuð öðrum orðum en dómendur höfðu óskað eftir, sbr. dskj. nr. 68. Lögmaður stefndu mótmælti matsbeiðninni með bréfi, dags. 13. apríl 1982, sem settri fram á röngum forsendum og væntanlegu mati sem þýðingarlausu fyrir úrslit dómsmálsins. Lögmaðurinn óskaði hins vegar ekki eftir því að mæta við fyrirtekt matsmálsins þrátt fyrir boðun.

Matsmenn voru dómkvaddir hinn 26. mars 1982, jarðfræðingarnir Haukur Tómasson og prófessor Þorleifur Einarsson. Skiluðu þeir greinargerð sinni, dags. 9. september 1982, sjá dskj. nr. 72. Í niðurlagi greinargerðar þeirra segir svo. „Á aurkeilum kvíslast ár mjög oft og er það sennilega verk Vegagerðarinnar að Litla-Botnsá er nú í einum farvegi. Við getum ekki sagt út frá jarðfræðilegum aðstæðum hvar Litla-Botnsá hafi runnið á tímum landamerkjabréfanna. Það getur hvort heldur verið í eða við núverandi farveg, eða við svokallaðan „forna farveg“ eða í báðum.“

Áður höfðu verið lagðar fram í málinu álitsgerðir Guttorms Sigurbjörnssonar jarðfræðings og Sigurjóns Rist vatnamælingamanns. Eru niðurstöður allra þessara vísindamanna líkar að því leyti til, að erfitt sé að afmarka með vissu fornan farveg Litlu-Botnsár út frá jarðfræðilegum forsendum. Eftir að héraðsdómur gekk, var aflað matsgerðar yfirmatsmanna skv. 4. lið 94. gr. laga nr. 76/1920 um það, hvar ós Litlu-Botnsár í Stóru-Botnsá væri, sbr. dskj. nr. 52. Aflað hefur verið loftmyndar af deilusvæðinu, sem tekin var 31/7 1979.

Í málinu voru teknar skýrslur af aðiljunum Þorleifi Helga Eyjólfssyni og Jóni Þorkelssyni og vitnunum Jóni Helgasyni, Hermanni Helgasyni, Magnúsi Maríassyni, Þórmundi Erlingssyni, Sigurði Helgasyni, Jónínu Margréti Ólafsdóttur og Þorkeli Guðmundssyni, einnig voru lögð fram vottorð Þórmundar Erlingssonar, Jóhanns Helgasonar og Guðmundar Brynjólfssonar.

Eigi þykir ástæða til að rekja vitnaframburði í heild, en segja má, að öll vitnin, sem mjög eru gagnkunnug í Botnsdal, séu sammála um það, að landamerki milli jarðanna séu talin vera um Litlu-Botnsá frá upptökum og að ármótum Stóru-Botnsár og einnig að Litla-Botnsá hafi svo lengi sem



Sýslumaður sat dómi
héraðsdóms í aukadóm-
þingsmálum nr. 73/1982.

Kristmundur Guðjónsson
dómsformaður

Hluti af löndum
STÓRA-BOTNS og LITLA-BOTNS
Strandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu

Kort teiknað eftir stækkaðri loftljósmynd,
sem tekin var af Landmælingum Íslands 31. júlí 1977

Mælikvarði nálægt 1:5000

100 50 0 100 200 300 400 500 m

Reykjavík 7. júlí 1981 — Skúli Jóhannsson, verkfr.

Að ósk formanns héraðsdóms hef ég fjarlægt nokkrar fyrri merkingar. jan/1983 Skúli Jóhannsson

þau muna runnið því sem næst í þeim farvegi, sem hún nú rennur, en vitnin muna tímana tvenna, fædd á árunum 1892 og 1914.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því, eins og segir í greinargerð hans á dskj. nr. 5, að „þann 27. júní 1921 var innritað í veðmálabækur svofellt samkomulag varðandi landamerki þau, er hér er um deilt: „Stórabotnsá ræður frá Botnsvog þar til Litlabotnsá hefur að fornu í hana fallið. Þá taka við vörðubrot á miðjum hólma norðan við árnesið, svo ræður Litlabotnsá úr því." Í greinargerð stefnanda er eigi getið frekari raka til stuðnings kröfum hans. Í málflutningi hefur hann haldið því fram, að með bréfinu frá 1921, sem hann nefnir svo, hafi eigendur Litla-Botns og Stóra-Botns samið um ný landamerki milli jarðanna á frjálsum samningsgrundvelli og að þá hafi verið gerð sú meginbreyting á landamerkjum, að horfið var frá því að láta Litlu-Botnsá ráða merkjum, og hafi merkin verið færð norðar og upp í hólmann, sem hann kveður vera fyrir norðan Árnesið, eða allt svæðið milli Litlu-Botnsár og svonefnds forns farvegs Litlu-Botnsár, frá ármótum Botnsár og Litlu-Botnsár upp að Langamel, sbr. uppdrátt Skúla Jóhannssonar verkfræðings, dags. 7. júlí 1981, á dskj. nr. 59. Hann telur hólmann hafa verið ranglega staðsettan í héraðsdómi 24. nóvember 1976. Í viðbótinni telur stefnandi vera um allt annan hólma að ræða en í landamerkjalýsingu fyrir Litla-Botn frá 1886. Hann kveður fyrrnefnda viðbót við landamerkjabréfið vera skuldbindandi fyrir alla aðilja og staðreynd sé, að viðbótin sé rituð á sjálft landamerkjabréfið frá 1890. Stefnandi telur sig geta bent á vörðubrot þau, sem um getur í viðbótinni, sbr. merkingar á fyrrnefndum uppdrætti Skúla Jóhannssonar.

Stefnandi hefur einnig haldið því fram, að forn farvegur Litlu-Botnsár sé miklu norðar en núverandi farvegur, eða neðan túns á Litla-Botni, sbr. merkingar á fyrrnefndum uppdrætti Skúla Jóhannssonar, en stefndu telja þar hins vegar vera um að ræða farveg eftir bæjarlækinn í Litla-Botni, sem geti orðið allstór í miklum leysingum.

Stefndu halda því fram, að dómkröfur þeirra séu í fullu samræmi við landamerkjabréf fyrir Stóra-Botn frá 1890 og landamerkjalýsingu fyrir jörðinni Litla-Botni frá 18. júní 1886, endurnýjaðri með þinglýsingu 19/3 1923 skv. lögum nr. 72/1921, er sett hafa verið vegna bruna á þinglýsingabókum sýslumannsembættisins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Engin vissa sé fyrir því, hvenær Þorkell Pétursson og Helgi Jónsson undirrituðu viðbótina á landamerkjabréfið, sem stefnandi vitni til, en það virðist hafa verið gert áður en bréfið var innritað að nýju skv. fyrrgeindum lögum nr. 72/1921.

Stefndu kveða viðaukann á landamerkjabréfið gildislausan. Hér komi til

ákvæði laga nr. 72/1921, 10. gr., þar sem segi, að ekki skuli þinglýsa skjölum að nýju, sem sýna, að þeim hafi verið þinglýst fyrir 12. nóvember 1920. Skjalið hafi átt að innritast óbreytt samkvæmt lögum þessum. Engin þinglýsing hafi farið fram vegna viðaukans, svo sem skylt var samkvæmt lokaákvæði 10. gr. Gildi þinglýsingar væri mikilvægt hér. Stefndu telja, að viðaukinn hafi ekki verið þinglýsanlegur, því að hann hafi gengið í berhögg við landamerkjabréf Litla-Botns, sem innfært hafi verið athugasemdalaust á ný 19. mars 1923.

Þá vitna stefndu til áritunar á Stóra-Botnsbréfið og segja, að svo virðist, að átt sé við hið sama og greini í landamerkjalýsingu Litla-Botns, að einhverjir hólmar hafi myndast við Litlu-Botnsá móts við bæinn í Litla-Botni og tilheyri því þeir hólmar Litla-Botni, eins og þar segi, en þessir hólmar, sem nú muni vart sjáanlegir, hafi síðar átt að skiptast milli jarðanna. Þá er því mótmælt, að áletrun þessi á bréfið hafi nokkurt gildi til breytinga á fyrri landamerkjabréfum, enda sé hennar að engu getið á landamerkjabréfi Litla-Botns. Ósannað sé, að Þorkell Pétursson og Helgi Jónsson hafi verið hinir einu réttu aðiljar til þess að gera nokkurn samning til breytinga á landamerkjabréfinu og að þeir hafi á bréfið ritað undirskriftir sínar með eigin hendi. Því er mótmælt sem hreinni fjarstæðu, að Litla-Botnsá hafi nokkru sinni, og allra síst á þessari öld, runnið í farvegi þeim, sem sóknaraðili telur nú, að verið hafi, og vörðumerki þau, sem sóknaraðili þykist hafa fundið, séu algerlega landamerkjunum óviðkomandi.

Þá er því haldið fram, að alla tíð, sem frásagnir eru til um, hafi Litla-Botnsá, eins og hún rennur nú, verið látin ráða merkjum milli margnefndra jarða. Þannig hafi veiði frá nyrðri bakka árinnar ávallt verið nýtt af eigendum og ábúendum Litla-Botns. Það sé því augljóst, að hvernig sem lesið verði úr tilvitnunum viðauka sóknaraðilja á landamerkjabréfi Stóra-Botns, þá hafi Litli-Botn unnið það landsvæði, sem Stóri-Botn vill nú tileinka sér með hefð.

Niðurstaða.

Dómendur hafa gengið á vettvang til skoðunar.

Svo sem fyrr er rakið, byggir stefnandi kröfu sína á niðurlagsorðum á endurriti landamerkjalýsingar fyrir Stóra-Botn, svo sem hún er innfærð í landmerkjabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þ.e. að Stóra-Botnsá ráði merkjum milli Stóra-Botns og Litla-Botns, þar til Litla-Botnsá hafi að fornu í hana fallið. Þá taki við vörðubrot á miðjum hólma norðan við árnesið, svo ráði Litla-Botnsá úr því. Telur stefnandi að kröfulína sú, sem hann hefur dregið með rauðum lit inná uppdrátt á dskj. nr. 67, sé í samræmi við ofanritað orðalag landamerkjabréfsins. Stefndu hafa hins vegar mótmælt því, að sú viðbót við landamerkjalýsingu Stóra-Botns frá 1890,

sem áður getur, hafi nokkurt gildi, af ýmsum ástæðum, sem fyrr eru tilgreindar. Hins vegar telja þeir, að dómkröfur þeirra þess efnis, að Litla-Botnsá ráði merkjum milli Litla-Botns og Stóra-Botns á svæðinu frá brúnni hjá punkti C á uppdrætti Skúla Jóhannssonar á dskj. nr. 59 að ósi við Stóru-Botnsá, merktum Ó á sama uppdrætti, en þaðan ráði Stóra-Botnsá til sjávar, séu í samræmi við landamerkjalýsingu jarðanna.

Eigi hefur frumrit landamerkjalýsingar fyrir Stóra-Botn verið lagt fram í málinu, og er það talið glatað. Viðbót sú, sem virðist hafa verið gerð við bréfið og áður getur, er ódagsett. Ókleift er að geta sér til um það skv. gögnum málsins, hvenær umrædd viðbót var gerð. Hins vegar virðist innritun merkjalýsingarinnar í heild í landamerkjabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hafa átt sér stað 12/6 1923. Innritun fór þá fram samkvæmt lögum nr. 72, 1921 um afsals- og veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, en þau lög voru sett vegna þess, að á árinu 1920 brann húsnæði embættis sýslumanns í Borgarnesi ásamt innbúi og þar á meðal embættisbókum. Um það er ekki deilt í málinu, að þeir Þorkell Pétursson og Helgi Jónsson hafi lengi verið eigendur umræddra jarða, án þess að fyrir liggi nákvæmar upplýsingar um upphafs- og lokaár þessa eignarréttar þeirra. Viðbótin við landamerkjabréfið er að því er virðist óvottfest og óþinglýst. Taka má því undir það með stefndu, að viðbót þessi sé ýmsum formlegum annmörkum háð. Þrátt fyrir þessa formlegu annmarka, sem á yfirlýsingunni eru, og þótt hennar sé einungis getið í landamerkjabréfi annarrar jarðarinnar, en sjálfsagt var að geta hennar í bréfum beggja jarða, sem endurinnrituð voru í landamerkjabók með stuttu millibili á árinu 1923, svo sem fyrr greinir, þá telja dómendur, að eigi séu alveg næg efni til þess að líta á hana sem ógilda og þá einkum vegna þess, að hún virðist hafa fylgt landamerkjalýsingu jarðarinnar Stóra-Botns í landamerkjabók sýslumannsembættisins í nærfellt 60 ár, athugasemdalaust að því er best verður séð.

Þá liggur fyrir að aðgæta orðalag margnefndrar yfirlýsingar þeirra Þorkels og Helga með tilliti til staðhátta. Af orðalagi hennar verður í dag, miðað við staðhætti, ekki með neinni vissu ráðið, hvar merki milli jarðanna skuli vera, og eigi verður á það fallist, að leifar af landamerkjavörðum (vörðubrot) séu til staðar. Dómendur geta ekki fallist á rök stefnanda hér að lútandi.

Við samanburð á landamerkjalýsingum fyrir jarðirnar frá 1886 og 1890 kemur í ljós, að þær eru að mestu samhljóða um það, að Litla-Botnsá skuli ráða merkjum milli jarðanna frá upptökum árinnar og þar til hún fellur í Stóru-Botnsá. Í bréfi Litla-Botns er þó minnst á einhverja hólma, sem tilheyra eigi Litla-Botni, en þeir hólmar eru ekki sjáanlegir í dag. Þess er og að geta, að landamerkjalýsing fyrir Stóra-Botn er 4 árum yngri en landa-

merkjalýsing Litla-Botns og er undirrituð af sömu aðiljum hvað þessar jarðir áhrærir. Í þessari landamerkjalýsingu er á því svæði, sem hér skiptir máli, einungis talað um Litlu-Botnsá sem landamerki milli jarðanna.

Af þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, þ.e. greinargerðum sérfræðinga og vætti vitna, þykir dóminum mega draga þá ályktun, að Litla-Botnsá hafi í gegnum aldirnar kvíslast niður malareyrarnar á því svæði, sem deilan stendur um. Mörg rök hníga þó að því, að aðalrennsli hennar og aðalfarvegur hafi verið, þar sem áin rennur nú. Í vatnavöxtum hafa kvíslar úr ánni runnið norðan núverandi farvegs og jafnvel einnig í þeim farvegi, sem stefnandi nefnir fornan farveg, sbr. dskj. nr. 59, en engin rök eru til þess að ætla það hafa verið þann forna farveg Litlu-Botnsár, sem nefndur er í landamerkjabréfum jarðanna. Þvert á móti virðist slíkt óhugsandi og raunar í algeru ósamræmi við önnur atriði landamerkjabréfanna, sem skipta máli.

Með þetta í huga getur dómurinn eigi heldur fallist á það með stefnanda, að hólmi sá, sem um getur í margnefndri viðbót við landamerkjalýsingu Stóra-Botns, sé þar, sem hann heldur fram, auk þess sem það væri í ósamræmi við viðtekna málvenju að nefna malareyrarnar hólma. Miklu sennilegra er, að hólmi sá, sem um getur, hafi verið lítill kjarri- eða skógivaxinn hólmi í ánni, sem ekki verður með nokkru móti ráðið, hvar verið hafi, þar sem ummerki hans finnast ekki í dag. Og þótt stefnandi hafi m.a. haldið því fram, að orðalagið „norðan við árnesið," í viðbótinni við landamerkjalýsingu Stóra-Botns útilokaði, að um hólma á móts við bæinn í Litla-Botni, sem um getur í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, gæti verið að ræða, þá telja dómendur augljóst, að hólminn gat hafa verið hvar sem er á hinu umdeilda svæði, enda skeri orðalagið ekki úr um það. Aðiljar eru hins vegar sammála um, að svonefnt Árnes sé skógivaxna totan milli Stóru-Botnsár og Litlu-Botnsár ofan frá Langamel og niður að ármótunum.

Gögn málsins benda til þess, að þeir einu hagsmunir, sem eigandi Stóra-Botns hafi af því að eignast hlutdeild í hólma þessum, hafi verið vegna skógarnytja, þótt þessir hagsmunir hans hafi jafnvel aldrei orðið virkir.

Með hliðsjón af öllu því, sem að ofan getur, og með vísan til vitnisburða margra gagnkunnugra vitna þykir dóminum verða að taka kröfu stefndu til greina og ákveða merki milli jarðanna Stóra-Botns og Litla-Botns á hinu umdeilda svæði um Litlu-Botnsá allt ofan frá brú ofan bæjarins á Litla-Botni og niður í ós Litlu-Botnsár í Stóru-Botnsá, eða frá punkti C á uppdrætti Skúla Jóhannssonar að ósi við Stóru-Botnsá, merktum Ó á sama uppdrætti, en þaðan ráði Stóra-Botnsá til sjávar. Verður og að telja þessa niðurstöðu í bestu samræmi við landfræðilega staðhætti.

Eftir öllum atvikum þykir rétt með hliðsjón af 178. gr. laga nr. 85/1936, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Landamerki milli Stóra-Botns og Litla-Botns skulu vera um Litlu-Botnsá, frá því að áin fellur úr Stóru-Krókartjörn og niður í ós í Stóru-Botnsá, en þaðan ráði Stóra-Botnsá til sjávar.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. nóvember 1984.

Nr. 222/1984. **Dómsmálaráðherra f.h. Landhelgisgæslu Íslands**
gegn
Hálfdáni Henryssyni

Kærumál. Fyrirsvar í dómsmáli. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Eggert Óskarsson borgardómari hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í c lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru hinn 17. október 1984, er barst Hæstarétti 13. þ.m. Báðir aðiljar hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, „að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá lund að Benedikt Guðmundsson gefi skýrslu fyrir dómi sem vitni í bæjarþingsmálinu nr. 3212/1984: Hálfdán Henrysson gegn Landhelgisgæslu Íslands." Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með stefnu, dags. 8. maí 1984, höfðaði varnaraðili mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur sóknaraðilja til greiðslu á 6.695.00 krónum ásamt nánar tilteknum dráttarvöxtum frá 21. október 1983 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar. Fjárkrafa þessi er í stefnunni sögð vera vangoldið svonefnt biðkaup

varnaraðilja sem stýrimanns hjá Landhelgisgæslunni fyrir dagana 9.-18. október 1983. Er kröfugerð þessi talin reist á kjarasamningi milli stéttarfélags hans, Stýrimannafélags Íslands, og Landhelgisgæslu Íslands, dags. 12. ágúst 1982.

Sóknaraðili krafðist sýknu af framangreindri fjárkröfu með skírskotun til þess, að varnaraðili teldist hafa verið í orlofi umræddda daga og ætti því ekki rétt til biðkaups fyrir þann tíma.

Á dómþingi 15. október sl. kom varnaraðili fyrir bæjarþingið og gaf aðiljaskýrslu. Að því loknu beiddist sóknaraðili þess, að tekin yrði vitnaskýrsla af Benedikt Gunnari Guðmundssyni, starfsmannastjóra Landhelgisgæslunnar. Af hálfu varnaraðilja var því mótmælt, að starfsmannastjórinn kæmi fyrir dóminn til vitnisburðar, enda væri staða hans slík, að líta bæri á hann sem talsmann Landhelgisgæslunnar, er gefið gæti aðiljaskýrslu, en ekki borið vitni í málinu. Tók dómarinn ágreining þennan því næst til úrskurðar. Kvað hann samdægurs upp svofelldan úrskurð án forsendna um ágreiningsefnið:

„Mætti, Benedikt Guðmundsson, hefur aðilastöðu varnarmegin í máli þessu."

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 25/1967 fer forstjóri, er forseti skipar, með stjórn Landhelgisgæslu Íslands, en undir yfirstjórn dómsmálaráðherra, sbr. 2. gr. laganna. Starfsmannastjóri Landhelgisgæslunnar er ekki til þess bær samkvæmt greindum lögum eða ákvæðum annarra laga að vera í fyrirsvari fyrir Landhelgisgæsluna í dómsmáli. Er honum ekki heldur stefnt til fyrirsvars í dómsmáli því, sem hér er um að tefla. Verður því að líta svo á, að Benedikt Gunnar Guðmundsson starfsmannastjóri geti ekki komið fyrir dóm til að gefa aðiljaskýrslu samkvæmt ákvæðum 115. gr. laga nr. 85/1936 í bæjarþingsmáli þessu, heldur verði hann aðeins kvaddur til skýrslugjafar eftir þeim reglum, sem gilda um vitni.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilja 3.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Skýrsla sú, er Benedikt Gunnar Guðmundsson gefur um málsatvik í framangreindu bæjarþingsmáli, skal tekin af honum sem vitni í málinu.

Varnaraðili, Hálfdán Henrysson, greiði sóknaraðilja, dómsmálaráðherra f.h. Landhelgisgæslu Íslands, 3.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21.nóvember 1984.

Nr. 53/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Vilhjálmi Kristni Garðarssyni
Viktori Scheving Ingvarssyni og
Elíasi Bjarnhéðni Bjarnhéðinssyni
(Jón Hjaltason hrl.)

Áfengislög. Lögreglusamþykkt. Sýknað af ákæru um brot gegn 209. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var að ósk ákærðu áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 2. mars 1984. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. apríl. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur ríkissaksóknari gert þá varakröfu, að atferli ákærðu verði talið varða við 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og 8. gr., sbr. 72. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar nr. 320/1979. Hefur málið verið flutt fyrir Hæstarétti með tilliti til þess.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu, að ákærðu hafi gerst sekir um atferli það, sem þeim er gefið að sök. Þykir það varða við 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, og 8. gr., sbr. 72. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar, sbr. 17. gr. laga nr. 75/1982, en framangreindum ákvæðum lögreglusamþykktar má beita skv. 118. gr. laga

nr. 74/1974. Hins vegar þykir 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ekki eiga við háttsemi ákærðu.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um refsingu og um sakarkostnað í héraði.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða óskipt áfrýjunarkostnað sakarinnar eftir því sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu Vilhjálmur Kristinn Garðarsson, Viktor Scheving Ingvarsson og Elías Bjarnhéðinn Bjarnhéðinsson, greiði in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 10.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 30. desember 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 22. þ.m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali, dagsettu 15. júní 1983, á hendur Vilhjálmi Kristni Garðarssyni nema, Foldahrauni 41, fæddum 3. september 1960 í Vestmannaeyjum, Viktori Scheving Ingvarssyni, verkamanni, Vestmannabraut 57, fæddum 20. desember 1964 í Hafnarfirði, Grétari Þór Sævaldssyni sjómanni, Hrauntúni 46, fæddum 24. júlí 1960 í Vestmannaeyjum, og Elíasi Bjarnhéðni Bjarnhéðinssyni verslunarmanni, fæddum 6. júlí 1964 í Vestmannaeyjum, öllum til heimilis í Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa, laugardaginn 12. febrúar 1983, er ákærðu voru ölvaðir og farþegar í bifreiðinni V-164 (sic) á ferð um götur í Vestmannaeyjakaupstað, girt niður um sig er bifreiðin ók um Strandveg og sýnt á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. lög nr. 52, 1978.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Laugardaginn 12. febrúar 1983, kl. 17.25, hafði ónafngreind kona í Vest-

mannaeyjum símleiðis samband við lögregluna þar í kaupstaðnum. Skýrði hún frá því, að farþegar í bifreiðinni V-1648 „væru að reka bera þjóhnappa sína út um glugga bifreiðarinnar."

Einn lögreglumaður fór þegar í stað að svipast um eftir bifreið þessari og fann hana eftir nokkra leit, en þá var ökumaður hennar, Páll Þór Guðmundsson, búinn að skila af sér farþegunum.

Páll sagði, að fjórir farþegar hefðu sýnt á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar. Gaf hann lögreglumanninum upp nöfn á þeim, og eru þeir hinir ákærðu í máli þessu.

Hann kvað menn þessa hafa komið fullklædda inn í bifreiðina, en klætt sig þar úr. Efst á Hólagötu hefðu þeir farið úr bifreiðinni á nærbuxunum einum fata. Kvaðst hann hafa beðið þá að hætta þessari vitleysu, en þeir hefðu verið ölvaðir og ekki viljað hlusta á sig.

Við lögregluranns6kn málsins skýrði ákærði Vilhjálmur Kristinn svo frá, að hann hefði verið farþegi í bifreiðinni V-1648 umræddan dag, um kl. 17, ásamt meðákærðu, en ökumaður hefði verið Páll Þór Guðmundsson. Þá hefði verið í bifreiðinni farþegi að auki, sem hann mundi ekki hver var.

Er bifreiðinni var ekið eftir Strandvegi, kvað hann ákærðu hafa girt niður um sig, snúið berum sitjandanum að gluggum bifreiðarinnar og þrýst að gluggarúðum hennar.

Kvað hann þá hafa verið að heilsa vegfarendum með þessum hætti.

Ákærði kvað ökumann bifreiðarinnar hafa beðið þá að láta af þessum fíflalátum, en þá hefðu þeir verið hættir, þar eð ekkert gaman hefði verið af þessu lengur.

Við lögregluranns6kn málsins skýrði ákærði Elías Bjarnhéðinn svo frá, að hann hefði verið farþegi í bifreiðinni V-1648 umræddan dag ásamt meðákærðu og Viðari Hjálmarssyni, en ökumaður hefði verið Páll Þór Guðmundsson.

Ekki kvaðst ákærði minnast þess, að þeir félagar hefðu sýnt á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar í umrætt sinn, en þeir hefðu aftur á móti klætt sig úr öllum fötunum í bifreiðinni, þó að undanskildum nærbuxum. Þá kvað hann alla farþegana hafa verið meira og minna undir áfengisáhrifum.

Ákærði Viktor Scheving skýrði svo frá við lögregluranns6kn málsins, að hann hefði verið farþegi í bifreiðinni V-1648 hinn umrædda dag ásamt meðákærðu, en ökumaður áðurnefndur Páll Þór.

Kvaðst hann hafa verið ofurölvi og því muna óljóst, hvað gerðist. Hann kvaðst ekki muna eftir því, að hann eða félagar hans hefðu girt niður um sig og sýnt á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar. Gæti hann hvorki játað þessu né neitað.

Ákærði Grétar Þór skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði

verið farþegi í bifreiðinni V-1648 umræddan dag ásamt meðákærðu, en ökumaður margnefndur Páll Þór.

Kvað hann alla farþegana hafa verið mjög ölvaða. Er þeir voru staddir á Strandvegi, kvað hann alla ákærðu hafa girt niður um sig buxurnar og sett beran sitjandann út að lokuðum gluggum bifreiðarinnar. Taldi ákærði, að þeir hefðu verið að heilsa vegfarendum með þessum hætti.

Svo sem fyrr segir, var Páll Þór Guðmundsson, Hrauntúni 48 hér í bæ, ökumaður bifreiðarinnar V-1648, er atburður sá, sem hér er til umfjöllunar, átti sér stað. Við lögreglurannsókn málsins staðfesti hann, að allir hinna ákærðu hefðu verið farþegar í bifreiðinni umræddan dag, en auk þeirra hefðu Viðar Hjálmarsson og Birgir Rögnvaldsson verið þar farþegar.

Vitnið kvað ákærðu hafa girt niður um sig buxurnar og sett beran sitjandann að lokuðum gluggum bifreiðarinnar, en ekki kemur fram í skýrslu Páls Þórs, hvar þetta átti sér stað. Hann hefði beðið þá að hætta þessum fíflalátum, en þeir hefðu haft þau tilmæli hans að engu. Kvað hann þá alla hafa verið ölvaða og galsi verið í þeim.

Með bréfi, dagsettu 28. apríl sl., var málið sent ríkissaksóknara til fyrirsagnar. Heimilaði hann með bréfi, dagsettu 18. maí sl., að málinu yrði lokið með dómsáttum, enda féllust hinir kærðu á að greiða hæfilegar sektir auk sakarkostnaðar. Þótti brot þeirra varða við 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Hinn 25. sama mánaðar komu allir ákærðu fyrir dóm, og var þeim kynnt efni bréfs ríkissaksóknara. Höfnuðu þeir allir að ljúka málinu með ofangreindum hætti.

Málið var þá endursent ríkissaksóknara og ákæra gefin út hinn 15. júní, svo sem fyrr greinir.

Verða nú raktir framburðir ákærðu fyrir dómi:

Ákærði Elías Bjarnhéðinn neitaði því að hafa girt niður um sig og sýnt á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar V-1648 laugardaginn 12. febrúar sl., er henni var ekið um Strandveg. Hins vegar kvaðst hann hafa verið farþegi í bifreiðinni umræddan dag í sama skipti og margnefndur atburður átti sér stað. Hann hefði þó ekki verið ölvaður heldur „timbraður" eða „þunnur", enda hefði hann neytt áfengis nóttina áður.

Er ákærða var kynnt skýrsla vitnisins Páls Þórs Guðmundssonar hjá rannsóknarlögreglu sagði hann, að hann kannaðist eftir sem áður ekki við að hafa átt hér hlut að máli. Ákærða voru einnig kynntar skýrslur þær, sem teknar voru af meðákærðu við lögreglurannsókn málsins. Kvaðst hann enn sem fyrr ekki muna eftir því, að atburður sá, sem þeim félögum væri gefinn að sök í ákæruskjali, hefði átt sér stað.

Ákærði Vilhjálmur Kristinn kvað háttsemi sinni ekki nákvæmlega rétt lýst í ákæruskjali. Í fyrsta lagi myndi hann ekki til að hafa verið ölvaður

í bifreiðinni umræddan dag. Þá sagði ákærði, að hann hefði ekki vísvitandi sýnt á sér beran sitjandann. Hann hefði að vísu girt niður um sig í bifreiðinni og snúið berum sitjandanum að glugga, þannig að það gæti hafa sést utan af götu. Þá væri ekki ólíklegt, að þetta hefði átt sér stað, er bifreiðinni var ekið eftir Strandvegi.

Ákærði kvaðst muna, að meðákærðu voru farþegar í bifreiðinni í sama skipti, en hvort þeir hefðu haft í frammi svipaða tilburði og hann, myndi hann ekki.

Er ákærða var kynnt skýrsla sú, sem tekin var af honum við lögreglurannsókn málsins, kvaðst hann nú muna, hvers vegna þeir „moonuðu", þ.e. sýndu á sér beran sitjandann. Kvað hann þá með þessum hætti hafa verið að heilsa einum félaga sinna, Páli Scheving Ingvarssyni, sem þá hefði verið á göngu á Strandvegi.

Þá voru ákærða kynntar skýrslur þær, sem teknar voru af meðákærðu og vitninu Páli Þór Guðmundssyni. Í þessu sambandi sagði ákærði, að hann treysti sér ekki til að segja til um, hvort hann hefði verið ölvaður í umrætt sinn.

Ákærði Viktor Scheving kvað háttsemi sinni um ölvunina rétt lýst í ákæruskjali, en síðara atriðið, sem honum væri gefið að sök, kannaðist hann ekki við, þ.e. að hafa sýnt á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar V-1648 umræddan dag.

Er ákærða var kynnt skýrsla vitnisins Páls Þórs Guðmundssonar hjá rannsóknarlögreglu, sagði hann, að hann myndi að vísu ekki, hvað gerst hefði í bifreiðinni, en honum væri sagt, að hann hefði ekki sýnt af sér þá háttsemi, sem í ákæru greinir.

Ákærði Grétar Þór kvað háttsemi sinni rétt lýst í ákæru. Hann kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni V-1648 laugardaginn 12. febrúar sl., ásamt meðákærðu. Kvaðst hann hafa verið ölvaður og hið sama ætti við um meðákærðu. Ökumann kvað hann hafa verið Pál Þór Guðmundsson.

Síðdegis þennan dag, er bifreiðinni var ekið eftir Strandvegi, kvaðst ákærði hafa girt niður um sig og sýnt á sér beran sitjandann í framgluggum bifreiðarinnar. Jafnframt sagði hann, að meðákærðu hefðu sýnt af sér sams konar athæfi.

Ákærði kvað einhverja farþega hafa verið í bifreiðinni auk hans og meðákærðu, en hverjir þeir voru, mundi hann ekki.

Vitnið Birgir Rögnvaldsson kvað það rétt vera, að það hefði verið farþegi í bifreiðinni V-1648 hinn 12. febrúar sl., þegar nokkrir af farþegum bifreiðarinnar girtu niður um sig og sýndu á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar.

Sagði vitnið, að þeir farþegar, sem þetta gerðu, hefðu verið þeir Vilhjálmur Garðarsson, Grétar Sævaldsson og Viktor Ingvarsson.

Vitnið kvað þennan atburð hafa átt sér stað síðari hluta dags og ökumaður hefði verið Páll Þór Guðmundsson.

Vitnið sagði, að áfengi hefði ekki verið haft um hönd í bifreiðinni, og það minntist þess ekki, að farþegarnir hefðu verið undir áfengisáhrifum.

Er vitnið var að því spurt, hvort Elías Bjarnhéðinsson hefði verið farþegi í bifreiðinni umrætt sinn, sagði vitnið, að það gæti vel verið. Vitnið var þá spurt að því, hvort áðurnefndur Elías hefði verið einn þeirra, sem sýndu á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar. Það kvaðst ekki muna þetta, enda væri þessi atburður sér ekki í fersku minni.

Vitnið Viðar Hjálmarsson kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni V-1648 umræddan dag, þegar fjórir farþegar hennar, ákærðu í máli þessu, tóku upp á því að girða niður um sig buxurnar og sýna á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar. Ekki kvaðst vitnið geta sagt til um, hvar þetta átti sér stað í bænum. Sömuleiðis kvaðst vitnið ekki muna, hvort einhver þeirra hefði haft sig öðrum fremur í frammi. Það kvað Pál Þór Guðmundsson hafa verið ökumann bifreiðarinnar í umrætt sinn.

Vitnið kvaðst hafa setið aftast í bifreiðinni ásamt öðrum pilti, en sá hefði ekki haft sig í frammi.

Vitnið kvað alla 4 piltana hafa verið undir áfengisáhrifum án þess þó að geta lýst ölvunarástandi þeirra nánar, en áfengi hefði verið haft um hönd í bifreiðinni.

Vitnið Páll Þór Guðmundsson skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði verið ökumaður bifreiðarinnar V-1648 umræddan dag, þegar ákærðu, sem allir voru farþegar í bifreiðinni, girtu niður um sig og sýndu á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar.

Sagði vitnið, að atburður þessi hefði átt sér stað, þegar það ók bifreiðinni austur Strandveg. Kvað það Vilhjálm hafa haft sig einna minnst í frammi.

Minnti vitnið, að tveir piltanna, sem einkum höfðu sig í frammi, hefðu verið í framsætinu við hlið ökumanns og sýnt á sér beran sitjandann við framrúðu og hliðarrúðu bifreiðarinnar. Kvaðst vitnið með fortölum hafa reynt að fá piltana ofan af þessu háttalagi, en án árangurs.

Vitnið kvað fólk hafa verið á ferli, er umræddur atburður átti sér stað. Þá kvað það alla piltana hafa verið undir áfengisáhrifum, en þó mismikið. Ennfremur sagði vitnið, að þeir hefðu haft áfengi um hönd.

Eins og fyrr er frá greint, var það ónafngreind kona, sem tilkynnti lögreglunni um atburð þann, sem hér er til umfjöllunar. Af hálfu ákæruvaldsins var talið nauðsynlegt að yfirheyra konu þessa, áður en málið yrði dómtekið.

Af þessu tilefni var Geir Jón Þórisson lögregluvarðstjóri kvaddur fyrir dóminn. Vitnið kvaðst hafa verið á vakt, er umrædd kona tilkynnti margnefndan atburð. Kvaðst það hafa spurt konuna að nafni, en hún hefði ekki

viljað segja til nafns, og ekki kvaðst vitnið hafa þekkt, hvaða kona þetta var. Vitnið kvaðst hafa skilið konuna þannig, að hún hefði verið stödd á Hólagötu, er hún varð vör við gerðir bifreiðarinnar V-1648, en það þyrfti ekki endilega að þýða, að hún ætti þar heima. Loks kvaðst vitnið hafa látið kanna í húsum í grennd við Hólagötu 48, hvort konan ætti heima þar í nánd, en svo hefði ekki reynst vera. Taldi vitnið því, að ógjörlegt væri að upplýsa, hvaða konu hefði verið hér um að ræða.

Vegna þeirra ummæla ákærða Vilhjálms Kristins, að ákærðu hefðu verið að heilsa Páli Scheving Ingvarssyni með því að sýna á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar V-1648, var nefndur Páll Scheving kvaddur fyrir dóm. Hann kvaðst hins vegar ekki minnast þess að hafa verið á göngu á Strandvegi um þetta leyti umræddan dag, heldur hefði hann verið við vinnu þennan laugardag á vinnustað sínum Skipalyftunni h.f..

Af hálfu ákærðu er haldið uppi vörnum í málinu. Krefst verjandi ákærðu þess, að þeir verði allir sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og sér tildæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Niðurstöður.

Í ákæruskjali er bifreið sú, sem um er rætt í máli þessu, ranglega tilgreind V-164, en á að vera V-1648. Hafa allir hinna ákærðu bent á þetta atriði fyrir dómi. Verjandi ákærðu hreyfir hins vegar þeirri vörn, að vegna þessarar villu í ákæruskjali beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna af ákæruatriðum. Þrátt fyrir þessa misritun er unnt að leggja dóm á ákæruefnið, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu tveggja hinna ákærðu, þeirra Viktors Scheving og Grétars Þórs, er viðurkennt bæði fyrir lögreglu og dómi, að þeir hafi verið ölvaðir í bifreiðinni V-1648 hinn umrædda dag. Ákærði Elías Bjarnhéðinn segir í skýrslu sinni hjá lögreglu, að þeir félagar hafi allir verið meira og minna undir áhrifum áfengis, en fyrir dómi kveðst hann einungis hafa verið „timbraður" eða „þunnur." Vætti vitnanna Páls Þórs Guðmundssonar og Viðars Hjálmarssonar, sem einnig fá stoð í framburði ákærðu Viktors Scheving og Grétars Þórs, þykja veita lögfulla sönnun þess, að hið sama hafi átt við um ákærðu Vilhjálm Kristinn og Elías Bjarnhéðinn þrátt fyrir neitun þeirra fyrir dómi þar að lútandi.

Ákærðu Grétar Þór og Vilhjálmur Kristinn hafa báðir viðurkennt að hafa girt niður um sig og sýnt á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar V-1648, þegar henni var ekið eftir Strandvegi hinn 12. febrúar 1983. Ákærði Elías Bjarnhéðinn neitar hins vegar alfarið að hafa átt hér hlut að máli, og ákærði Viktor Scheving ber við minnisleysi um þetta ákæruatriði sakir ölvunar. Vætti vitnanna Páls Þórs Guðmundssonar, Viðars

Hjálmarssonar og að hluta Birgis Rögnvaldssonar, sem einnig fá stoð í framburði ákærða Grétars Þórs og öðrum þræði einnig í framburði Vilhjálms Kristins, benda hins vegar til þess, að allir hinna ákærðu hafi sýnt af sér það athæfi, sem áður er lýst.

Verjandi ákærðu bendir á í vörn sinni, að þær athafnir, sem gerast í bifreið, séu ekki og geti ekki almennt talist til þeirra athafna, sem gerast á almannafæri í skilningi refsilaga. Maður í bifreið sé innan sinna einkamarka og gildi þar jafnt um, hvort hann sé farþegi í bifreið eða ökumaður, hvort hann eigi bifreiðina eða hafi hana til afnota.

Í þessu sambandi er á það að líta, að 21. gr. áfengislaga tekur til ölvunar í bifreiðum samkvæmt beinu orðalagi sínu. Þá er það staðreynd, að Strandvegur er ein af aðalgötum Vestmannaeyjakaupstaðar, þar sem ávallt má búast við fólki á ferli.

Telja verður, að með háttalagi sínu hafi tilgangur ákærðu verið sá að vekja á sér athygli á stað, þar sem almennt mátti búast við mannaferðum, en háttsemi sem þessi er almennt til þess fallin að valda opinberu hneyksli og misbjóða almennu velsæmi. Á hinn bóginn þykir mega fallast á það með verjanda ákærðu, að hér hafi enginn kynferðislegur þáttur verið í.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, telst nægilega sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í ákæruskjali og þar er heimfærð til réttra refsiákvæða. Þykir það ekki hafa áhrif á ofangreinda niðurstöðu, að ekki tókst að hafa upp á konu þeirri sem tilkynnti lögreglu atburðinn.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hefur enginn þeirra sætt kæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin þannig, að hver þeirra um sig greiði kr. 4.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakakostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærðu, Vilhjálmur Kristinn Garðarson, Viktor Scheving Ingvarsson, Grétar Þór Sævaldsson og Elías Bjarnhéðinn Bjarnhéðinsson, greiði hver um sig kr. 4.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. nóvember 1984.

Nr. 225/1984. **Anna Norris**
gegn
Gunnari H. Pálssyni
Sigrúnu S. Pálsdóttur
Brynjólfi Ámundasyni
Guðrún Ámundadóttur
Sigmundi Ámundasyni og
Ingimar Ámundasyni

Kærumál. Erfðamál. Opinber skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 30. október 1984, sem barst Hæstarétti 15. nóvember 1984, hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 26. október 1984. Krefst hann þess, ,,að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og *aðallega* að málinu verði vísað frá skiptaréttinum, en *til vara* að synjað verði kröfu um endurupptöku skipta í db. Þormóðs Guðmundssonar og töku bús hans til opinberra skipta.“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi kærðu fyrir skiptaréttinum og kærumálskostnaðar.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og þeim tildæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Með vísan til 71. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 26. október 1984.

I.

Í máli þessum, sem tekið var til úrskurðar, að loknum munnlegum málflutningi þann 11. október sl., krefst Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður þess fyrir hönd Gunnars H. Pálssonar, Hágörðum 24, Seltjarnarnesi, Sigrúnar S. Pálsdóttur, Stórageröi 6, Reykjavík, Brynjólfs Ámundasonar, Háaleitisbraut 17, Reykjavík, Guðrúnar Ámundadóttur, Eyjabakka 9, Reykjavík, Sigmundar Ámundasonar, Hjarðarholti 11, Selfossi, og Ingimars Ámundasonar, Melum, Svarfaðardal, að skipti á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar, er lést 15. ágúst 1980, verði tekin upp að nýju og búið tekið til opinberra skipta. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili, Anna Norris, Bárugötu 22, Reykjavík, krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá skiptarétti, en til vara, að synjað verði um kröfu sóknaraðilja um endurupptöku skipta í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar. Í báðum tilvikum krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Í þinghaldi þann 13. júní 1984, þá er greinargerð varnaraðilja var lögð fram, töldu lögmenn aðilja ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um frávísunarkröfu varnaraðilja á því stigi málsins.

Sáttatilraunir í málinu hafa reynst árangurslausar.

II.

Málavextir eru þeir, að þann 2. febrúar 1933 gerðu hjónin Jónína Hansdóttir og Þormóður Guðmundsson með sér sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, en þau létu ekki eftir sig niðja. Samkvæmt erfðaskránni átti hið langlífara að erfa hið skammlífara að öllum eignum, en að því langlífara látnu skyldi búinu skipt, „eins og það er þá, að jöfnu milli lögerfingja okkar beggja eftir lögunum eins og engin arfleiðsluskrá hefði verið gerð.". Þessi erfðaskrá var notarialstaðfest.

Jónína Hansdóttir lést þann 6. apríl 1962. Samkvæmt erfðafjárskýrslu, dags. 11. júlí 1963, tók Þormóður arf eftir Jónínu sem einkaerfingi samkvæmt framangreindri erfðaskrá. Þá hefur verið lögð fram kvittun, dags. 11. nóvember 1963, fyrir því að þann dag hafi Þormóður greitt „erfðafjárskatt og skiptakostnað vegna skipta á búi sínu og eiginkonu sinnar Jónínu Hansdóttur, ..."

Þann 5. október 1964 gerði Þormóður erfðaskrá, þar sem segir:

„1. Fósturdóttir mín, Anna Norris (nú Bellere), Bárugötu 22 hér í borg, skal að mér látnum eignað íbúð 1. hæðar hússins Bárugötu 22 í Reykjavík ásamt 2 útigeymslum og bílskúr, sem fylgir húsinu, svo og hlutdeild í þvottahúsi í hlutfalli við stærð eignarhlutans. Þá skal hún og eignast innbú mitt í ofangreindri íbúð.

2. Systkinin Gunnar Hans Pálsson, Skaftahlíð 4, Reykjavík og Sigrún Steinþóra Pálsdóttir, Bárugötu 22, Reykjavík, systurbörn konu minnar heitinnar, skulu sameiginlega og að jöfnu eignast íbúð efri hæðar (rishæðar) hússins Bárugötu 22 ásamt 1 útigeymslu og hlutdeild í þvottahúsi í hlutfalli við eignarhlutann.

3. Að öðru leyti fer um eignir mínar samkvæmt lögum."

Arfleiðsluskrá þessi var notarialstaðfest.

Þormóður Guðmundsson gerir enn erfðaskrá þann 3. janúar 1979. Samkvæmt henni átti fyrrnefnd Anna Norris að erfa allar eigur hans, og er tekið fram, að erfðaskrá frá 5. október 1964 sé felld úr gildi. Þessi erfðaskrá var sem og hinar fyrri notarialstaðfest.

Þormóður Guðmundsson lést þann 15. ágúst 1980. Þann 12. febrúar 1982 veitti skiptaráðandinn í Reykjavík Önnu Norris leyfi til einkaskipta á dánarbúi Þormóðs, og í beiðni hennar til einkaskipta kom fram, að hún studdi arfstilkall sitt við erfðaskrá. Þann 23. september 1982 greiddi Anna Norris erfðafjárskatt vegna arftöku sinnar úr búinu, og samkvæmt erfðafjárskýrslu, dags. 22. sama mánaðar, eru einu eignir búsins tvær íbúðir að Bárugötu 22, Reykjavík og Anna einkaerfingi í búinu.

Í vitnaskýrslu Jóns Brynjólfssonar, Bárugötu 20, Reykjavík, en hann aðstoðaði Önnu við skiptin eftir Þormóð, kemur fram, að áður en gengið var frá skiptum eftir Þormóð, lá fyrir vitneskja um allar erfðaskrárnar, þ.e. frá 1933, 1964 og 1979, og að Helga Jónsdóttir, þáverandi fulltrúi skiptaráðanda, sem tók við erfðafjárskýrslu, vissi einnig um þær.

Eins og áður er fram komið, voru hjónin Jónína Hansdóttir og Þormóður Guðmundsson barnlaus. Árið 1942 tóku þau í fóstur óskilgetna dóttur Körlu Nielsen á Akranesi, Önnu Norris, sem fædd var 1. nóvember 1942. Faðir hannar var talinn vera Jim Norris, breskur hermaður, sem hér mun hafa dvalist þá nokkru áður. Í greinargerð varnaraðilja er því haldið fram, að þau hjón hafi viljað ættleiða Önnu, en að það hafi verið erfitt, eins og á stóð, þar sem faðir þess var óþekktur dáti, sem aldrei hafi haft neitt samband við barn sitt og hafi því í stað ættleiðingar verið gerður samningur við móður Önnu árið 1945 um endurgjaldslaust fóstur hennar og menntun, þar til hún hefði náð sjálfræðisaldri. Í barnaskóla var Anna sögð Þormóðsdóttir, og er því haldið fram, að hún hafi verið nefnd Anna Þormóðs allt

til þess er hún giftist. Samkvæmt vottorði Hagstofunnar, dags. 23. maí 1984, er Anna skráð Norris frá 1958, en frá upphafi þjóðskrár 1952 til þess tíma var hún skráð sem Anna Nielsen.

Með bréfi, dags. 28. mars 1983, leitaði Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður upplýsinga skiptaráðenda um, hvort dánarbúi Jónínu Hansdóttur og Þormóðs Guðmundssonar hafi verið skipt. Í svarbréfi, dags. 6. apríl 1983, vísar skiptaráðandi um skipti á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar til einkaskiptaleyfis og erfðafjárskýrslu Önnu Norris, en um skipti á dánarbúi Jónínu Hansdóttur segir: „Erfðafjárskýrsla eða önnur gögn varðandi skipti dánarbús Jónínu Hansdóttur hafa ekki fundist og í dánartilkynningabók embættisins frá 1962 er þess ekki getið, að frá skiptum hafi verið gengið."

Með bréfi, dags. 19. apríl 1983, óskaði Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður fyrir hönd sóknaraðilja máls þessa, að dánarbú Jónínu Hansdóttur yrði tekið til opinberra skipta, en umbjóðendur sína kvað hann vera lögerfingja Jónínu. Með bréfi, dags. 30. júní 1983, tilkynnti skiptaráðandi lögmanninum, að ekki væri unnt að verða við beiðni hans, þar sem „fyrir liggur að eignum búsins hefur verið skipt, sbr. meðfylgjandi ljósrit erfðafjárskýrslu nr. 202/1982, dags. 22. september 1982, í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar, nafnnúmer 9702-8664, ekkils Jónínu Hansdóttur, en hann lést hinn 15. ágúst 1980."

Með bréfi, dags. 5. ágúst 1983, krafðist lögmaðurinn þess, að kveðinn yrði upp úrskurður um, hvort opinber skipti ættu að fara fram á dánarbúi Jónínu.

Í úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 15. september 1983, var málatilbúnaður sóknaraðilja skilinn svo, að þess væri krafist, að dánar- og félagsbú Jónínu Hansdóttur og Þormóðs Guðmundssonar verði tekið til opinberra skipta og „að einkaskipti í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar verði ógild." Lagði skiptarétturinn þann skilning í kröfugerðina, að verið væri að krefjast þess, að bú Þormóðs Guðmundssonar yrði tekið til opinberra skipta, til þess að arfstilkall lögerfingja Jónínu Hansdóttur í skjóli erfðaskrárinnar frá 2. febrúar 1933 gæti komið til úrlausnar. Hafnaði skiptarétturinn kröfunnni á þeirri forsendu, að skiptum í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar hefði verið lokið þann 23. september 1982 og að hvorki í lögum nr. 3/1878 né öðrum lögum væri að finna stoð fyrir því, að heimilt væri eða skylt að endurupptaka skipti dánarbús eftir lok þeirra, þótt fyrir lægi ástæða til að ætla, að rangur aðili hafi að einhverju eða öllu leyti tekið arf.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur frá 15. september 1983 var kærður til Hæstaréttar og þess krafist, að „einkaskipti í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar verði ógilt og lagt fyrir skiptaráðandann í Reykjavík að taka

til opinberra skipta dánar- og félagsbú Þormóðs Guðmundssonar og Jónínu Hansdóttur."

Hæstiréttur felldi hinn kærða úrskurð úr gildi með dómi, uppkveðnum 19. desember 1983, og lagði fyrir skiptaráðanda að taka málið til úrlausnar að nýju. Í forsendum hæstaréttardómsins segir: „Í 7. kapítula skiptalaga nr. 3/1878 er fjallað um erfingjaskipti. Í kafla þessum er m.a. svofellt ákvæði, sem er hluti 71. gr. laganna: „...Nú gefa sig síðar fram fleiri erfingjar, og geta þeir þá krafið þess, að búið sé tekið til opinberra skipta ....". Af sambandi ákvæðisins við aðrar reglur 7. kafla verður ráðið, að því sé aðallega ætlað að taka til þess, ef erfingjar gefa sig fram, áður en einkaskiptum er lokið. Því hefur engu að síður verið beitt, þó að skiptum hafi verið lokið, og samræmist það almennum reglum íslensks réttar um endurskoðun ákvarðana skiptaréttar, ef nýjar upplýsingar koma fram. Verður því ekki fallist á röksemdir þær, er fram koma í forsendum hins kærða úrskurðar.

Eins og segir í hinum kærða úrskurði, var hagsmuna bréferfingjans Önnu Norris ekki gætt fyrir skiptarétti, þegar þar var fjallað um kröfu þá, sem hér er til úrlausnar.

Ekki verður séð, að skiptaráðandi hafi kannað hina sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá Þormóðs Guðmundssonar og Jónínu Hansdóttur, konu hans, frá 2. febrúar 1933, er hann leyfði einkaskipti og tók við erfðafjárskatti. Eftir gögnum þeim, sem fram hafa komið, eru líkur til, að sóknaraðiljar hafi, þegar Þormóður andaðist, átt rétt til að krefjast hluta eigna hans, en þörf er á frekari könnun málsins."

Eftir uppkvaðningu hæstaréttardómsins kom í ljós, að einkaskiptum í dánarbúi Jónínu var lokið og að Þormóður hafði hinn 11. nóvember 1963 greitt erfðafjárskatt vegna hennar.

III.

Eins og áður er fram komið, eru kröfur sóknaraðilja þær, að skipti á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar verði tekin upp að nýju og búið tekið til opinberra skipta. Þess er og krafist, að við þau skipti verði lögð til grundvallar erfðaskrá Þormóðs Guðmundssonar og konu hans, Jónínu Hansdóttur, frá 2. febrúar 1933 um arf til sóknaraðilja.

Kröfur sínar rökstyður lögmaður sóknaraðilja með því, að ekki hafi verið staðið löglega að skiptum á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar. Hafi skiptaráðanda í það minnsta átt að vera ljós tilvist erfðaskrár þeirra hjóna frá 2. febrúar 1933 og að Anna Norris hafi vitað um hana og jafnframt að lög stóðu ekki til þess, að hún fengi meira en sem nam helmingi dánar- og félagsbús Þormóðs og Jónínu. Þá hafi Gunnar H. Pálsson, einn af sóknaraðiljum máls þessa, farið á fund skiptaráðenda skömmu eftir lát Þor-

móðs og fengið afrit af erfðaskránni frá 1933. Hafi hann tilkynnt munnlega, að erfingjar Jónínu myndu gæta réttar síns, þegar skiptameðferð hæfist.

Þá telur lögmaður sóknaraðilja, að einkaskipti séu ekki dómsathöfn og að heimilt sé fyrir skiptaráðanda að taka þau upp og að í hæstaréttardóminum frá 19. desember 1983 felist að taka hefði átt málið upp að nýju.

Lögmaður varnaraðilja byggir frávísunarkröfu sína á því, að í skiptalögum sé ekki sérstaklega kveðið á um það, hvort skiptaráðandi, sem framselt hefur dánarbú til einkaskipta, geti breytt ákvörðun eftir skiptalok og tekið dánarbúið til opinberrar skiptameðferðar vegna þess, að fram kemur erfðatilkall af hendi manna, sem ekki tóku þátt í einkaskiptunum. Hann telur, að sú ákvörðun skiptaréttar að veita einkaskiptaleyfi og samþykkja skipti á grundvelli þess og gildrar arfleiðsluskrár sé í raun „res judicata" um úrlausn þessa sakarnefnis. Jafnframt segir lögmaður varnaraðilja, að í málinu sé upplýst, að dómur Hæstaréttar sé reistur á röngum upplýsingum í greinargerðum til Hæstaréttar og forsendum skiptaréttar, því að í greinargerð sóknaraðilja sé því ranglega haldið fram, að vanræksla skiptaráðanda hafi valdið sóknaraðiljum réttarspjöllum. Varðandi fyrstu kröfur um skipti á dánarbúi Jónínu Hansdóttur vísar hann til bréfa, dags. 19. apríl 1983 á bls. 11 í dómskjali nr. 2, 5. ágúst 1983, á bls. 13 í sama dómskjali og 25. ágúst 1983 á bls. 14-15, en skiptum hafi lokið 20 árum áður, eða 11. júlí 1963. Fyrir Hæstarétti hafi sóknaraðili krafist skipta á dánar- og félagsbúi Þormóðs Guðmundssonar og Jónínu Hansdóttur og nú sé gerð krafa um endurupptöku á skiptum í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar. Með hliðsjón af framanrituðu telur lögmaður sóknaraðilja, að vísa eigi málinu frá dómi.

Kröfu um synjun rökstyður lögmaður varnaraðilja með sömu rökum og kröfu um frávísun og því, að sóknaraðiljar vissu um arfleiðsluskrár þeirra Jónínu og Þormóðs þegar eftir lát Þormóðs á árinu 1980. Hins vegar gáfu þeir sig ekki fram með erfðatilkall eftir Jónínu fyrr en tveim árum, sjö mánuðum og tveim vikum eftir lát Þormóðs og rúmum 6 mánuðum eftir lok einkaskipta. Með hliðsjón af þessu og því, sem fram hefur komið eftir uppkvaðningu hæstaréttardómsins frá 19. desember 1983, telur lögmaður varnaraðilja, að synja beri kröfu sóknaraðilja með vísun til 93. gr. og 96. gr. skiptalaga.

Þá telur lögmaður varnaraðilja að Þormóður hafi haft heimild til að ráðstafa öllum eigum sínum að sér látnum, þar sem erfðaskráin frá 1933 hafi verið fallin niður vegna brostinna forsendna. Segir lögmaðurinn, að þegar erfðaskráin frá 2. febrúar 1933 var gerð, hafi þau Jónína Hansdóttir og Þormóður Guðmundsson verið barnlaus, eins og erfðaskráin ber með sér, og barnleysið sé forsenda fyrir gerð erfðaskrárinnar. Þessar forsendur breyttust árið 1942, þegar þau hjón tóku í fóstur óskilgetna dóttur Körlu

Nielsen, Önnu Norris, sem er fædd 1. nóvember 1942, en faðir hennar var talinn vera Jim Norris, breskur hermaður, sem hér dvaldist nokkru áður. Segir lögmaðurinn, að þau hjón hafi viljað ættleiða barnið, en það hafi verið erfitt, þar sem faðir þess var „óþekktur dáti," sem aldrei hafði samband við barn sitt. Segir lögmaðurinn, að í stað ættleiðingar hafi hjónin gert samning, við móður Önnu um endurgjaldslaust fóstur hennar og menntun, þar til hún hefði náð sjálfræðisaldri, á árinu 1945. Segir lögmaðurinn, að samningurinn og áframhaldandi samband fósturbarns og fósturforeldra, eftir að Anna varð sjálfráða, sé í raun ígildi ættleiðingar. Til frekari áréttingar er bent á, að eftir að fóstufaðir Önnu var orðinn einn og óvinnufær fyrir aldurs sakir, flytji Anna aftur til Íslands og annist um hann, þar til hann lést.

Þá telur lögmaðurinn, að Jónína og Þormóður hafi frá upphafi litið á Önnu sem eigin dóttur og hafi ætlað henni öll réttindi sem slíkri. Þá hafi hún í barnaskóla verið skráð Þormóðsdóttir og ætíð nefnd Anna Þormóðs, þar til hún giftist.

IV.

Í máli þessu liggur fyrir, að hjónin Jónína Hansdóttir og Þormóður Guðmundsson gerðu erfðaskrá 2. febrúar 1933, sem var notarialstaðfest. Í 2. gr. erfðaskrárinnar kemur fram, að að því látnu, sem lengur lifir, skuli búinu skipt, eins og það þá er að jöfnu milli lögerfingja beggja eftir lögunum, eins og engin arfleiðsluskrá hefði verið gerð, og í 1. gr., að það, sem lengur lifir, skuli erfa allar eftirlátnar eignir þess skammlífari.

Í máli þessu hefur ekkert komið fram, sem bendir til, að erfðaskrá þessari hafi verið breytt eða hún felld úr gildi, og er Jónína lést á árinu 1962 tók Þormóður allan arf eftir hana með vísun til erfðaskrárinnar.

Árið 1942 tóku Jónína og Þormóður fósturdóttur, Önnu Norris, og gengu árið 1945 frá fóstursamningi við móður hennar, þar sem þau taka að sér að fóstra meðgjafarlaust og kosta skólagöngu Önnu til 16 ára aldurs. Í málinu er því haldið fram, að samningurinn um fóstur og áframhaldandi samband Önnu við fósturforeldra, eftir að hún varð sjálfráða, sé ígildi ættleiðingar, en erfitt hafi verið að koma ættleiðingu við, þar sem faðirinn var „óþekktur dáti," og með hliðsjón af því sé erfðaskráin fallin niður vegna brostinna forsendna.

Jónínu og Þormóði mátti vera það ljóst, að með fóstursamningnum stofnaðist ekki erfðaréttur og ef til stóð að hún erfði þau þyrfti annaðhvort að koma til breyting á erfðaskránni frá 1933 eða að Anna yrði ættleidd. Fæst ekki séð, að til staðar séu brostnar forsendur fyrir gildi erfðaskrárinnar frá 2. febrúar 1933, enda, eins og áður segir, lá hún til grundvallar við

skipti eftir Jónínu. Ef hugur þeirra hjóna stóð til að ættleiða Önnu, er ljóst, að aðrar ástæður en lagahindranir komu í veg fyrir það.

Hæstiréttur hefur í máli þessu þegar tekið afstöðu til þess, að lög standi ekki í vegi fyrir því, að hægt sé að taka skipti upp að nýju, þótt einkaskiptum sé lokið og erfðafjárskattur greiddur, og því vafasamt, að lengur sé til „dánarbús" í venjulegum skilningi þess orðs. „res judicata" er því ekki til staðar í máli þessu.

Í forsendum úrskurðar skiptaréttar Reykjavíkur frá 15. september 1983, sem kærður var til Hæstaréttar, er vikið að þeim tíma, sem leið frá andláti Þormóðs og þar til sóknaraðiljar gerðu kröfur í máli þessu vegna hugsanlegs réttar síns. Í máli þessu hefur komið fram, að sóknaraðiljar vissu fljótlega eftir andlát Þormóðs um erfðaskrána frá 1933, og þeir hafa haldið því fram, að þeir hafi skýrt skiptaráðanda munnlega frá því, að þeir myndu gæta réttar síns við skipti á dánarbúi hans. Það er fyrst rúmum tveimur og hálfu ári síðar og sex mánuðum eftir lok einkaskipta sem sóknaraðiljar láta næst frá sér heyra.

Í dómi Hæstaréttar frá 19. desember 1983 í framangreindu kærumáli er ekki vikið að þessu tómlæti sóknaraðilja. Verður hætaréttardómurinn ekki skilinn öðruvísi en svo, að framangreint aðgerðarleysi komi ekki í veg fyrir, að fallist verði á kröfur sóknaraðilja í máli þessu.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, ber að taka upp skipti á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar, sem lést 15. ágúst 1980, og taka búið til opinberra skipta.

Ekki verður talið með hliðsjón af því, sem fram er komið í málinu, að Anna Norris hafi tekið arf eftir Þormóð með sviksamlegum hætti. Af þeirri ástæðu og því, hversu seint sóknaraðiljar hafa uppi kröfur í málinu, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Með úrskurði, uppkveðnum 7. ágúst 1984, vék Jón Skaftason yfirborgarfógeti sæti í máli þessu. Með bréfi, dags. 19. september 1984, var Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, skipaður setudómari í framangreindu skiptaréttarmáli. Hefur hann farið með málið frá þeim tíma og kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Taka ber upp skipti á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar, er lést 15. ágúst 1980, og taka búið til opinberra skipta.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. nóvember 1984.

Nr. 226/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

Sigmundi Heiðari Árnasyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. þ.m., er barst Hæstarétti 19. þ.m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldsvist verði stytt. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. nóvember 1984.

Ár 1984, föstudaginn 16. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Sigmundur Heiðar Árnason, atvinnulaus, til heimilis að Stillholti 11, Akranesi, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald til miðvikudagsins 9. janúar 1985 á grundvelli 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir.

Hinn 14. nóvember sl. sá rannsóknarlögreglumaður Má Kjartansson, Gnoðarvogi 36 hér í borg, fara með hlut, sem lögreglumaðurinn fullyrti, að væri skotvopn, inn í húsið nr. 86 við Hverfisgötu hér í borg. Var að kröfu RLR heimiluð húsleit á staðnum með úrskurði sakadóms Reykjavík-

ur að kvöldi sama dags, og fannst þar rifill vafinn inn í taudúk bak við þvottavél. Aðili, sem staddur var í húsinu umrætt sinn, hefur borið, að kærði hafi beðið Má um að fara út í bifreið, sem stóð fyrir utan húsið, og ná þar í áfengisflösku og „það sem væri undir sætinu í bílnum." Kærði kveðst hafa vitað, að um byssu væri að ræða, en neitar alveg að vita um, hvernig hún komst í bifreiðina.

Kærði hefur viðurkennt að hafa í félagi við aðra brotist inn í útibú ÁTVR á Akranesi í sl. mánuði og stolið þar áfengi og tóbaki, sem að verðmæti er talið vera að fjárhæð kr. 160.000. Sætti kærði gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar þess máls, og losnaði hann úr því í sl. viku.

Kærði hefur jafnframt viðurkennt að hafa gefið út tékka að fjárhæð kr. 77.000 í ágúst sl. úr ávísanahefti, sem stolið var úr húsi hér í borg. Sætti kærði gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar þess máls frá 24. ágúst til 5. september sl.

Kærði hefur einnig verið sakaður um að hafa í félagi við tvo aðra menn fara inn í húsið nr. 60 við Miklubraut hér í borg hinn 14. ágúst sl. og ógnað þar stúlku. Kærði hefur játað hafa verið þarna greint sinn, en neitað að hafa ógnað stúlkunni. Þá hefur kærði jafnframt verið sakaður um að hafa ruðst inn í annað hús hér í borg hinn 9. þ.m. og ógnað þar konu og stolið byssu. Kærði hefur játað að hafa stolið byssunni, en neitar að hafa ógnað konunni.

Samkvæmt sakavottorði hefur kærði einu sinni hlotið dóm vegna brots gegn almennum hegningarlögum, þann 20. september sl., en þann dag var hann dæmdur í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið 3 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. laganna með dómi sakadóms Reykjavíkur.

Kærði hefur ekki stundað atvinnu síðan í mars sl. og verið að meira og minna leyti í drykkjuskap og reiðuleysi frá þeim tíma.

Svo sem að framan er rakið, hefur kærði á sl. 4 mánuðum tvisvar sætt gæsluvarðhaldi vegna ætlaðra brota hans gegn almennum hegningarlögum. Í báðum tilvikum er um veruleg verðmæti að ræða. Þá hefur kærði, eins og að framan getur, tvisvar verið kærður fyrir ógnanir og tvisvar fyrir að hafa stolið skotvopnum jafnframt því sem hann hefur verið í mikilli óreglu sl. mánuði. Kærði hefur ekki látið af brotastarfsemi, þrátt fyrir að hann hafi tvisvar sætt gæsluvarðhaldi, og eftir að hann losnaði úr varðhaldi í síðara skiptið í sl. viku, hefur hann játað á sig þjófnað á skotvopni og verið kærður fyrir að hafa ógnað konu. Samkvæmt framansögðu verður því að telja verulega hættu á, að kærði haldi áfram afbrotum, ef hann verður látinn laus, meðan málum hans er ekki lokið. Þá er rannsókn máls þess, sem frá er greint í upphafi málavaxtalýsingar, á frumstigi, og þykir hætta á, að kærði geti torveldað rannsókn þess, er hann hefur óskert frelsi. Þykir því rétt með skírskotun til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74.

1974 að taka kröfu RLR til greina, og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 9. janúar 1985, kl. 17:00. Kærði er sakaður um brot, sem gætu varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XVII., XXV. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigmundur Heiðar Árnason, sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 9. janúar 1985, kl. 17:00.

Fimmtudaginn 22. nóvember 1984.

Nr. 227/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhanni Davíð Richardssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 18. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess, að úrskurðaður gæsluvarðhaldstími verði styttur. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Eins og sakarefni og atvikum máls þessa er háttað, þykja eigi efni til þess að raska niðurstöðu hins kærða úrskurðar um lengd gæsluvarðhaldstíma. Ber að staðfesta úrskurðinn.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 17. nóvember 1984.

Ár 1984, laugardaginn 17. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni ftr. við undirritaða votta og þá kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Laust eftir miðjan dag í gær, föstudag 16.11., var Jóhann Davíð Richardsson, f. 11.11. 1964, handtekinn á Keflavíkurflugvelli við komu hingað til lands frá Kaupmannahöfn.

Við leit á Jóhanni fundust 103.5 grömm af amfetamíni, 1.1 gramm af kókaíni og 226 stykki af LSD (mikró). Fíkniefnin hafði Jóhann falið í holum skósólum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu í gærdag og fyrir dómi í dag kvaðst Jóhann hafa haldið utan til Kaupmannahafnar 10. 11. sl. og þaðan haldið með lest til Amsterdam. Jóhann kvaðst síðan á miðvikudeginum 14.11. hafa fest kaup á fíkniefnum þeim, er fundust á honum við komu til landsins í gærdag. Jóhann kvaðst hafa keypt efnin af sér ókunnum aðilja, er Jóhann kvaðst hafa náð sambandi við á ónafngreindumn skemmtistað í Amsterdam. Jóhann kvaðst hafa greitt 5.800 hollensk gyllini fyrir fíkniefnin. Jóhann kvaðst síðan á miðvikudagskvöldið hafa haldið með lest aftur til Kaupmannahafnar og haldið þaðan flugleiðis til Íslands 16.11.

Jóhann kvaðst alfarið hafa staðið einn að utanför sinni og fíkniefnakaupum og engan aðilja hitt ytra, er hann þekkti.

Jóhann bar fyrir dómi í dag að hafa í júní í sumar er leið haldið í 6 vikna ferð um ýmis Evrópulönd ásamt nafngreindum kunningja sínum. Jóhann kvað engin fíkniefni hafa verið höfð um hönd í ferð þessari, en grunsemdir eru um, að svo hafi verið sbr. dómskjal nr. 1.

Jóhann kvaðst hafa fjármagnað báðar sínar utanferðir og fíkniefnakaup ytra með vinnutekjum sínum, en hann vann á bensínafgreiðslu á Húsavík, þangað til hann hætti þar fyrir u.þ.b. þremur vikum síðan.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka meint brot Jóhanns Davíðs Richardssonar á lögum nr. 65, 1974 og reglugerð nr. 390, 1974.

Gæti meint sök Jóhanns, ef sönnuð þætti, varðað hann fangelsisrefsingu, og eru því ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Svo sem skjöl málsins bera með sér og rakið hefur verið, er Jóhann grunaður um frekari innflutning fíkniefna en hann hefur þegar viðurkennt. Eftir er að rannsaka mun ítarlegar fjármögnun utanferða Jóhanns á árinu og

fjármögnun fíkniefnakaupa hans, en hann keypti ytra óvenjulega sterk og hættuleg fíkniefni, m.a. 226 stykki af LSD.

Eftir er að yfirheyra Jóhann mun ítarlegar og hugsanleg vitni og/eða samseka.

Með vísan til alls framanritaðs og með vísan til framlagðra skjala og loks með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr.laga nr. 74, 1974 þykir rétt að verða við fram kominni kröfu um gæsluvarðhald yfir Jóhanni. Þykir gæsluvarðhaldstími hæfilega afmarkaður allt til mánudagsins 17. desember 1984, kl. 11.23 að telja.

Úrskurðarorð:

Jóhann Davíð Richardsson, fæddur 11.11. 1964, til heimilis að Hagamel 37, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 11.23 mánudaginn 17. desember 1984 að telja.

Fimmtudaginn 22. nóvember 1984.

Nr. 221/1984. **Guðjón F. Teitsson**

gegn

Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. þ.m., sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Fallast ber á með héraðsdómara, að málatilbúnaði sóknaraðilja sé svo áfátt, að staðfesta megi hinn kærða frávísunardóm.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 3.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðjón F. Teitsson, greiði varnaraaðilja Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, 3.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. október 1984.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 17. október sl., höfðaði Guðjón F. Teitsson, nnr. 2932-7491, Hofsvallagötu 55, Reykjavík, gegn Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, nnr. 6088-9406, Laugavegi 114, Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. maí 1984.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að dæmt verði, að eftirlaun hans frá upphafi, þ.e. 1. nóvember 1975, miðist við launakjör skipstjóra á skipum ríkisins í hæsta launaflokki og byggt verði á meðalmismuni þess, að nefnd laun skipstjóra voru við upphaf eftirlaunatöku stefnanda 54.53% hærri en tilsvarandi viðmiðunarlaun stefnanda, en eru nú frá 1. apríl 1984 43.75% hærri, en stefnandi telur meðalmismun þennan á tímabilinu nema 49.14%. Stefnandi kveður fjárkröfu sína með vöxtum, vaxtavöxtum og verðbótum samkvæmt byggingarvísitölu nema kr. 1.525.108.00 miðað við 1. apríl 1984. Hann krefst þess, að af þessari fjárhæð verði honum dæmdir frá 1. apríl 1984 5% vextir og ennfremur verðbætur eftir því sem byggingarvísitala kann að hækka úr 46.483 stigum frá sama tíma hvort tveggja til greiðsludags.

Stefnandi kveður fjárkröfu sína vera byggða á 84% réttindum, sem stefndi hafi reiknað sér frá upphafi, en kveðst óska þess, að úrskurðað verði, hvort honum beri ekki 88% réttindi, a.m.k. frá gildistöku laga nr. 98/1980.

Stefnandi gerir tvær varakröfur og tvær þrautavarakröfur. Fyrri varakrafa hans er sú,, að hann fái dæmdar bætur fyrir ómælda yfirvinnu 45 tíma á mánuði, kr. 1.396.619.00, en síðari varakrafa, að hann fái dæmdar bætur fyrir ómælda yfirvinnu 40 tíma á mánuði, kr. 1.241.439.00.

Fyrri þrautavarakrafa stefnanda er sú, að hann fái dæmdar bætur fyrir ómælda yfirvinnu 25.7 tíma á mánuði, kr. 797.625.00, og síðari þrautavarakrafa, að hann fái dæmdar bætur fyrir ómælda yfirvinnu 20 tíma á mánuði, kr. 620.720.00.

Stefnandi kveður varakröfur og þrautavarakröfur vera miðaðar við 1. apríl 1984 og krefst þess, að frá þeim tíma til loka málsins verði reiknað með 5% vöxtum og verðbótum eftir því sem vísitala byggingarkostnaðar kann að hækka úr 46,483 stigum til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda, og til þrautavara, að stefnukröfur verði lækkaðar. Stefndi krefst í öllum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Munnlegur flutningur um frávísunarkröfu stefnda fór fram 17. október sl.

Af hálfu stefnda var því haldið fram, að kröfugerð stefnanda væri óljós, vanreifuð og ódómtæk. Kröfugerðin væri að hluta til þannig úr garði gerð, að verið væri að leita álits dómins, þ.e. um það, hvort eftirlaunaréttindi stefnanda ættu ekki að miðast við 88% af kaupi hans í stað 84%.

Ekki komi fram, á hvaða málsástæðum stefnandi byggi dómkröfur sínar utan eina tilvitnun í lagagrein, sem stefndi telur á misskilningi byggða. Í sóknarskjölum stefnanda sé hver aðiljaskýrslan á fætur annari og sömuleiðis hafi þau að geyma skriflegan málflutning stefnanda. Mörg framlagðra skjala séu þýðingarlaus fyrir málið. Málatilbúnaður stefnanda sé allur andstæður reglum einkamálalaganna um skýran og ljósan málatilbúnað.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að kröfugerð hans sé skýr, skilmerkileg og sanngjörn. Það sé því hótfyndni af hálfu stefnda að krefjast frávísunar málsins. Óhjákvæmilegt hafi verið að leggja fram dómskjöl nr. 6-17 til þess að sýna fram á, hve mikla vinnu stefnandi hafi lagt í þetta mál, og rökstyðja þannig málskostnaðarkröfu. Erfitt hafi verið að afla gagna frá stefnda, t.d. hafi aðeins eitt svarbréf borist frá fjármálaráðuneytinu við ítrekuðum bréfaskrifum stefnanda.

Niðurstaða

Þótt aðalkrafa stefnanda nái til ákveðins árafjölda og sé miðuð við laun skipstjóra á ákveðinni stærð skipa, þá skortir í stefnu eða greinargerð reiknингslega útfærslu bæði á launum stefnanda fyrir hvert ár, sem aðalkrafa nær til, og eins á þeim launum, sem miðað er við, þannig að glöggt sjáist, hver hinn raunverulegi munur er, í stað útreikninga, sem byggja á meðaltali mismunar launa í nóvember 1976 og apríl 1984.

Þá skortir, að í stefnu sé sundurliðun á aðalkröfunni í höfuðstól, vexti og verðbætur.

Þá ber að athuga, að stefna í málinu er að verulegu leyti aðiljaskýrsla stefnanda og skriflegur málflutningur. Sama máli gegnir um mörg þeirra

skjala, sem lögð hafa verið fram, en þau hafa og að geyma efni, sem lítt eða ekki kemur við kröfugerð stefnanda.

Tilgreining málsástæðna stefnanda fyrir aðalkröfu er harla óljós og sundurlaus. Engar haldbærar upplýsingar er t.d. að finna um það, hvaða eftirlaun eru greidd af launum þeirra skipstjóra, sem stefnandi miðar aðalkröfu sína við. Krafa stefnanda um, að úrskurðað verði, hvort hann eigi ekki rétt á, að lífeyrir hans sé miðaður við 88% af launum í stað 84%, a.m.k. frá gildistöku laga nr. 98/1980, er ódómtæk, eins og hún er sett fram.

Þá eru málsástæður og lagarök fyrir varakröfum og þrautavarakröfum stefnanda tæpast tilgreindar í nokkru.

Skortir þannig á, að málatilbúnaður stefnanda sé skýr og glöggur, og þegar framangreint er virt, þykir óhjákvæmilegt samkvæmt ákvæðum c, d og e liðar 88. gr. laga nr. 85/1936 að vísa máli þessu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 28. nóvember 1984.

Nr. 85/1982. **Páll A. Pálsson**
(Garðar Garðarsson hdl.)
gegn
Sjálfseignarfélaginu
Dýraspítala Watsons og
Erik Ramskov Garbus
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

Dýralæknar. Stjórnsýsla. Umsögn um leyfisumsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. apríl 1982. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og þeir dæmdir til að greiða honum óskipt málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 31/1970 um dýralækna, nú lög nr. 77/1981, veitir landbúnaðarráðherra dýralæknum lækningaleyfi, „að fengnum meðmælum yfirdýralæknis." Í ofangreindum lögum segir ekki, hvernig meðmæli þessi skuli úr garði gerð í einstökum atriðum. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 31/1970 skal yfirdýralæknir m.a. vera ríkisstjórn til ráðuneytis og hafa með höndum stjórn og eftirlit með starfsemi þeirra dýralækna, sem læknisleyfi hafa. Þegar þetta er haft í huga, verður að telja, að yfirdýralæknir hafi allrúmar hendur um það, hvaða atriði hann tekur upp í umsögn sína til landbúnaðarráðherra, enda byggi hann niðurstöðu sína á málefnalegum forsendum.

Í umsögn yfirdýralæknis til landbúnaðarráðherra frá 16. júní 1980 getur hann þess, að sér sé ókunnugt um, að Erik Ramskov Garbus hafi kynnt sér sérstaklega aðstæður, sem íslenskir dýralæknar starfa við, eða þau lög og reglugerðir, sem í gildi eru hér á landi um störf og starfsemi dýralækna, sjúkdóma húsdýra, heilbrigðiseftirlit og heilbrigðislöggjöf, er varðar dýr og afurðir þeirra, eða þær reglur og lög, sem lúta að sölu, vörslu, dreifingu og afhendingu lyfja. Bendir yfirdýralæknir á það, að það sé almenn regla, „að nýir dýralæknar, sem til landsins koma, setji sig inn í þessi mál, áður en læknisleyfi er veitt."

Enn fremur vekur yfirdýralæknir athygli á því, að Erik Ramskov Garbus hafi hafið almenn dýralækningastörf án tilskilinna leyfa yfirvalda.

Telja verður, að ofangreindar ástæður séu fullnægjandi forsendur fyrir því, að yfirdýralæknir, sem hafa skal með höndum stjórn og eftirlit með starfsemi dýralækna, sbr. 3. gr. þágildandi laga nr. 31/1970, treysti sér ekki „til þess að mæla með því að hr. E.R. Garbus verði veitt læknisleyfi til þess að stunda dýralækningar hér

á landi samanber lög nr. 31/1970," eftir að nefndur dýralæknir hafi orðið ber að því að brjóta þau lög, sem honum hefði borið að starfa eftir og yfirdýralækni bar að framfylgja.

Í umsögn yfirdýralæknis víkur hann að því, að danska dýralæknafélagið og Dýralæknafélag Íslands hafi sýnt því andstöðu, að Erik Ramskov Garbus réði sig til dýralæknisstarfa á Íslandi. Yfirdýralæknir hefur borið fyrir rétti, að hann hafi getið þessa stjórnvöldum til upplýsingar. Telja verður þetta annmarka á umsögninni, en þó eigi slíkan, að ógildingu varði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefndu í máli þessu.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu óskipt til að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 20.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Páll A. Pálsson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefndu, Sjálfseignarfélagsins Dýraspítala Watsons og Erik Ramskov Garbus, í máli þessu.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 20.000.00 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. mars 1982.

I. Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi hinn 8. mars sl., hefur stjórn „Sjálfseignarfélagsins Dýrapítali Watsons," Víðidal við Vatnsveituveg í Reykjavík, og Erik Ramskov Garbus, áður til heimilis að Hraunbæ 148, Reykjavík, nú búsettur í Danmörku, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri þriðjudaginn 24/6 1980, gegn yfirdýralækni, Páli Agnari Pálssyni, Sóleyjargötu 7, Reykjavík.

Dómkrafa stefnenda er sú, að viðurkennt verði með dómi, að synjun yfirdýralæknis um meðmæli með því, að Erik Ramskov Garbus verði veitt lækningaleyfi til starfa við Dýraspítala Watsons, sé ólögmæt og hún af þeim sökum felld úr gildi. Þá krefjast stefnendur og málskostnaðar úr hendi stefnda samkv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkrafa stefnda, yfirdýralæknis Páls A. Pálssonar, er sú, að hann

verði sýknaður af kröfum stefnenda og stefnendur dæmdir til þess að greiða honum málskostnað in solidum eftir mati réttarins.

Sættir voru reyndar, en eigi bar sú viðleitni neinn árangur.

II. Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 26. júní 1980. Með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 5. des. 1980, var máli þessu vísað frá dómi, þar sem dómkrafa stefnenda þótti að mati héraðsdómara andstæð ákvæðum 67. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Frávísunardóm þennan kærðu stefnendur til Hæstaréttar með kæru, dags. 20. des. 1980. Með dómi meiri hluta Hæstaréttar, uppkveðnum 19. mars 1981, var héraðsdómurinn úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

III. Forsaga máls þessa er sú, að með gjafabréfi, dags. 11. febrúar 1974 gaf maður að nafni Mark Watson, sem nú mun látinn, eftirtöldum aðiljum dýraspítala sem er verksmiðjuframleitt hús ásamt öllum viðeigandi lækningaáhöldum. Félög þessi eru: 1) Samtök sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi, 2) Dýraverndunarfélag Reykjavíkur, 3) Hundavinafélag Íslands, 4) Hestamannafélagið Fákur, 5) Samband Dýraverndunarfélaga á Íslandi og 6) Reykjavíkurborg. Þiggjendur gjafarinnar stofnuðu með sér sjálfseignarfélagið „Dýraspítali Watsons" og gerðu með sér skipulagsskrá fyrir félagið. Var sú skipulagsskrá staðfest í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þann 3. maí 1977.

Stjórn Dýraspítala Watsons mun þá þegar hafa hafist handa um að fá dýralækni til starfa að spítalanum, og skyldi sá vera þar í fullu starfi. Stjórn spítalans kveðst hafa auglýst í dagblöðum og útvarpi eftir lækni auk þess sem hún hefði leitað til íslenskra lækna, bæði innanlands og utan, en öll sú viðleitni hefði verið án árangurs.

Þegar stjórn spítalans taldi fullreynt, að ekki yrði unnt að ráða íslenskan lækni að spítalanum, sótti félagið með bréfi, dags. 24. ágúst 1977, um lækningaleyfi fyrir Andrew Lees, dýralækni frá Bretlandi, til starfa við spítalann. Mun þeirri umsókn hafa verið synjað með bréfi landbúnaðarráðuneytisins, dags. 5. sept. 1977. Í undanfarandi umsögn yfirdýralæknis fyrir framangreindri synjun ráðuneytisins mun yfirdýralæknir, að sögn forsvarsmanna spítalans, hafa bent stjórn spítalans á að snúa sér til þeirra íslensku dýralækna, sem störfuðu erlendis eða væru að ljúka námi þar.

Stjórn spítalans segist hafa farið að ábendingu yfirdýralæknis og leitað til íslenskra dýralækna erlendis og dýrlæknanema, en ekki hafi tekist að fá dýralækni í fullt starf að spítalanum, svo sem verið hefði tilætlun forsvarsmanna hans.

Þegar svo var komið málum, að stjórn spítalans taldi fullreynt að ekki yrði unnt að ráða íslenskan lækni að spítalanum í fullt starf, reyndi stjórnin enn að leita eftir því að fá erlendan dýralækni til starfa og nú frá Dan-

mörku. Mun sú tilraun spítalans hafa borið þann árangur, að eigandi Östjysk dyrehospital, Laurbjerg í Danmörku, Hans Breth Hansen dýralæknir, lýsti sig reiðubúinn til þess að veita ráðgjöf við að koma rekstri spítalans á fót og aðstoða við að ráða danskan lækni að honum. Í framhaldi af því sendi stjórn dýraspítalans hinn 14. maí 1980 umsókn til landbúnaðarráðuneytisins um lækningaleyfi til handa Erik Ramskov Garbus til starfa við spítalann. Með bréfi, dagsettu 16. júní 1980, tilkynnti landbúnaðarráðuneytið stjórn spítalans, að lækningaleyfi yrði ekki veitt með vísan til þess, að hörð mótmæli stjórnar Dýralæknafélags Íslands hefðu borist ráðuneytinu gegn ráðahag þessum, og svo vegna þess, að yfirdýralæknir „treystir sér ekki til að mæla með, að dýralækni E. R. Garbus verði veitt læknisleyfi til að stunda dýralækningar á Íslandi."

Málshöfðun þessi er til komin vegna framangreindrar meðmælasynjunar yfirdýralæknis, sem stefnendur telja reista á ólögmætum sjónarmiðum. Vegna eðlis sakarefnisins þykir rétt að birta í heild bréf það, er yfirdýralæknir sendi landbúnaðarráðuneytinu 16. júní 1980, þar sem yfirdýralæknir tilkynnir ráðuneytinu, að hann treysti sér ekki til þess að mæla með því, að E. R. Garbus verði veitt lækningaleyfið:

„YFIRDÝRALÆKNIRINN
REYKJAVÍK. Reykjavík 16. júní 1980.

Landbúnaðarráðuneytið
Reykjavík.

Með bréfi frá 16. maí 1980, óskaði landbúnaðarráðuneytið eftir umsögn minni sbr. lög nr. 31/1970 um erindi frú Sigríðar Ásgeirsdóttur, lögmanns, en hún fór þess á leit að fá starfsleyfi fyrir danskan dýralækni, Erik Ramskov Garbus, til að starfa hér á landi við almennar dýralækningar um 6 mánaða skeið við dýraspítala Watsons í Reykjavík. Ekki fylgdu umsókn þessari nein gögn um próf þessa læknis eða upplýsingar um störf hans.

Með bréfi dagsettu 27. maí 1980 greindi ég landbúnaðarráðuneytinu frá því að ekki væri unnt að fjalla um þetta erindi, þar sem öll nauðsynleg gögn skorti.

Síðan hefi ég ekkert af máli þessu frétt þar til 13. þ.m. að formaður Dýralæknafélags Íslands tjáði mér að vottorð um dýralæknispróf hr. Garbus hefði borist honum í sambandi við að hann var beðinn um umsögn varðandi atvinnuleyfi til handa hr. E. R. Garbus hér á landi.

Samkvæmt þeim gögnum sem ég hefi aflað mér að öðrum leiðum og áreiðanleg mega teljast, lauk E.R. Garbus prófi frá dýralæknaháskólanum í Kaupmannahöfn árið 1972. Síðan hefur hann starfað lengst af hjá H.

Breth Hansen í Laurbjerg á Jótlandi og hefur auk þess farið í námferð til Bandaríkjanna árið 1972.

Ekki er mér kunnugt um að E.R. Garbus hafi kynnt sér sérstaklega aðstæður sem íslenskir dýralæknar starfa við eða þau lög og reglugerðir sem í gildi eru hér á landi um störf og starfsemi dýralækna, sjúkdóma húsdýra, heilbrigðiseftirlit og heilbrigðislöggjöf sem lúta að sölu, vörslu, dreifingu og afhendingu lyfja, en það er almenn regla að nýir dýralæknar, sem til landsins koma, setji sig inn í þessi mál, áður en læknisleyfi komi til.

Mér er kunnugt um að Danska dýralæknafélagið fór þess á leit bréflega við húsbónda E.R. Garbus, H. Breth Hansen dýralækni að hann réði sig ekki til dýralækningastarfa á Íslandi í andstöðu við Dýralæknafélag Íslands, og mun E. R. Garbus hafa verið kunnugt um þá afstöðu Danska Dýralæknafélagsins.

Dýralæknafélag Íslands hefur tilkynnt mér bréflega að það sé andvígt því að erlendur dýralæknir hefji hér almenn dýralækningastörf, þar sem nú er svo komið málum að tiltækir eru íslenskir dýralæknar til starfa, ef starf losnar. Gildir það jafnt um störf á dýraspítala Watsons sem önnur störf, enda hafa íslenskir dýralæknar boðist til að taka að sér störf við þennan spítala, ef starfslaun væru tryggð svo sem hinu háa ráðuneyti mun kunnugt, jafnvel boðist til að taka rekstur hans alveg að sér. Hinsvegar liggur það ljóst fyrir að Dýralæknafélag Íslands og héraðsdýralæknirinn í Reykjavík hafa verið því samþykk að hingað yrði fenginn erlendur maður með sérþekkingu á rekstri dýraspítala sem ráðgjafi um skamma hríð meðan starfsemi þar væri að komast á rekspöl og þá að sjálfsögðu í samstarfi við íslenska dýralækna. Er það í samræmi við tilhögun sem þráfaldlega hefur tíðkast, þegar erlendir menn hafa verið kvaddir til að leysa af hendi sérstök verkefni, sem sérþekkingu hefur þurft til og þá í samstarfi við hérlenda menn.

Um þetta atriði var gert sérstakt samkomulag milli H. Breth Hansen og Dýralæknafélags Íslands, þar sem lögð var á það megin áhersla að um sérfræðilega aðstoð yrði að ræða í samstarfi og að ósk íslenskra dýralækna og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst héraðsdýralæknirinn í Reykjavík. Um þetta atriði var hr. E.R. Garbus vel kunnugt.

Nú hefur mér borist bréf héraðsdýralæknis í Reykjavík um það að hr. E.R. Garbus hafi tekið til starfa við dýraspítala Watsons á eigin spítur, án samráðs við hann eða aðra dýralækna hérlenda. Fylgir ljósrit af bréfi héraðsdýralæknis hér með. Gengið hefur verið úr skugga um að rétt er hermt um atvik þau sem bréfið greinir frá.

Í Morgunblaðinu 14. þ.m. er frá því greint að margnefndur dýralæknir Garbus hafi hafið almenn dýralækningastörf, án þess að hafa tilskilin leyfi yfirvalda, enda þótt honum hafi verið fullljóst af formanni Dýralækna-

félags Íslands að slíkt væri óheimilt. Mun slík óskammfeilni fátíð sem betur fer. Því virðist ljóst að hr. E.R. Garbus virðir íslensk lagaákvæði að vettugi, sem og það samkomulag sem bundið var fastmælum milli Dýralæknafélags Íslands og H. Breth Hansen fyrir hans hönd.

Með tilliti til þess sem hér er rakið treysti ég mér ekki til þess að mæla með því að hr. dýralækni E.R. Garbus verði veitt læknisleyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi samanber lög nr. 31/1970.

Virðingarfyllst,
Páll A. Pálsson"

IV. Skal nú næst vikið að því að gera grein fyrir atvikum máls þessa, svo sem þau horfa við málsaðiljum, málsástæðum þeirra og lagarökum.

Stefnendur reisa kröfur sínar í málinu á því, að samkvæmt 1. gr. laga nr. 31/1970 um dýralækna sé svo kveðið á, að þeir einir skuli taldir dýralæknar, sem lokið hafa prófum við dýralæknaháskóla, sem viðurkenndur sé af íslenskum stjórnvöldum, og sem hlotið hafi lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðuneytinu með þeim skilyrðum og skuldbindingum, sem sett kunni að vera í því efni á hverjum tíma og að fengnum meðmælum yfirdýralæknis. Það sé ljóst af ákvæðum greinar þessarar, nú 1. gr. laga nr. 77/1981, svo og af lögskýringu meiri hluta Hæstaréttar í málinu nr. 4/1981: Dýraspítali Watsons og Erik Ramskov Garbus gegn Páli A. Pálssyni yfirdýralækni, að því aðeins sé landbúnaðarráðuneytinu gerlegt að veita lækningaleyfi, að fyrir liggi meðmæli yfirdýralæknis með veitingunni.

Af framansögðu megi ljóst vera, að vald yfirdýralæknis sé mikið í þessum efnum, þar sem lækningaleyfi verði ekki veitt, mæli hann gegn tilteknum umsækjanda. Það sé hins vegar svo, að yfirdýralæknir hafi það ekki í hendi sér, hverjar forsendur hann velji sér, þegar hann mælir með eða synjar um að mæla með tilteknum umsækjanda. Í þeim efnum setji löggjöfin yfirdýralækni tilteknar skorður. Í 1. gr. laga nr. 31/1970 sé það að vísu ekki skýrt tekið fram, í hvaða tilgangi yfirdýralæknir gefi veitingavaldinu umsögn um umsækjendur til læknisembættis. Hins vegar sé í 3. gr. laganna rætt nokkuð um starfssvið yfirdýralæknis. Samkvæmt niðurlagsákvæði þeirrar lagagreinar skuli yfirdýralæknir hafa með höndum stjórn og eftirlit með starfssemi héraðsdýralækna og annarra þeirra dýralækna, sem læknisleyfi hafi. Þegar þetta sé virt og það haft í huga, að hinn formlegi veitingavaldshafi, landbúnðarráðherra, hafi ekki sérþekkingu til að bera til þess að meta hæfni einstakra umsækjenda um læknisstarf, sé það augljóst mál, að yfirdýralæknir, sem vera eigi ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt er varði heilbrigðismál búfjár, eigi einvörðungu að tjá sig um hæfi umsækjanda til þess að gegna starfi dýralæknis. Því eigi yfirdýralæknir að taka gagngera afstöðu til þess, hvort umsækjandinn sé hæfur til þess að

gegna starfinu eða ekki. Komist yfirdýralæknir að þeirri niðurstöðu í umsögn sinni, að umsækjandann skorti á hæfisskilyrði, sé honum rétt að synja um að veita meðmæli, en út frá öðrum sjónarmiðum en hæfisskilyrðum eingöngu sé honum ekki fært að synja um meðmæli, þar sem honum sé ekki ætlað að taka afstöðu til annarra atriða.

Stefnendur telja í fyrsta lagi, að algjörlega skorti á, að yfirdýralæknir hafi í téðri umsögn tekið faglega afstöðu til hæfis umsækjandans, en auk þess hafi hann byggt synjun sína um meðmæli á atriðum, sem honum ýmist sé ekki ætlað að taka afstöðu til eða enga þýðingu hafi. Því sé synjunin byggð á forsendum, sem ekki rúmist innan þeirra marka, er lög setji yfirdýralækni, og þar af leiði, að hún sé ólögmæt og því beri að taka til greina þá kröfu stefnenda að synjunin verði úr gildi tekin.

Skal nú rakinn rökstuðningur stefnenda í einstökum greinum. Því er í fyrsta lagi haldið fram af hálfu stefnenda, að algjörlega skorti á, að yfirdýralæknir hafi tekið faglega afstöðu til hæfis umsækjandans til þess að gegna starfi því, sem hann sótti um leyfi til þess að gegna. Í 4. mgr. umsagnarinnar, þar sem fjallað sé um nám og störf umsækjandans, sé ekki að því vikið, hvort umsækjandinn vegna náms síns og starfa á sviði dýralækninga geti talist hæfur til þess að gegna starfi því, er hann sótti um, og hvergi annars staðar í umsögn yfirdýralæknis sé slíkt mat að finnna. Við það eitt sé látið sitja að geta þess, að umsækjandinn hafi lokið prófi frá dýralæknaháskólanum í Kaupmannahöfn, starfað síðan á tilteknu sjúkrahúsi og farið eina námsferð til Bandaríkjanna. Þetta sé ekki fullnægjandi, því að til viðbótar þessari upptalningu hafi yfirdýralækni borið að tjá sig um, hvort umsækjandi með slíkt nám og starf að baki teldist hæfur til þess að gegna læknisstarfi því, er hann sótti um.

Í öðru lagi halda stefnendur því fram, að samkvæmt umsögn yfirdýralæknis sé það ljóst mál, að synjun hans sé að verulegu leyti byggð á atriðum, sem enga þýðingu eigi að hafa varðandi hæfnismat á umsækjandanum. Þess sé getið af yfirdýralækni í 5. mgr. umsagnarinnar, að yfirdýralækni hafi ekki tekist að afla gagna um það, hvort umsækjandinn hafi hlotið sérstaka viðurkenningu sem sérfræðingur á sviði dýralækninga. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 31/1970 skuli þeir einir taldir dýralæknar, sem lokið hafi prófum frá dýralæknaháskóla, sem sé viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum og sem hlotið hafi lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðuneytinu með þeim skilyrðum og skuldbindingum, sem sett kunni að vera í því efni á hverjum tíma. Það hafi aldrei verið sett sem skilyrði fyrir veitingu læknisleyfis til dýralækninga, hvorki fyrr né síðar, að umsækjandinn hafi sérstaka viðurkenningu til að bera sem sérfræðingur á sviði dýralækninga. Það sé á valdi landbúnaðarráðuneytisins að setja einstök skilyrði fyrir veitingu læknisleyfa að svo miklu leyti sem þau skilyrði stríði ekki gegn lögum. Því

geti yfirdýralæknir ekki tekið það upp hjá sjálfum sér að gera það að skilyrði fyrir meðmælum, að umsækjandinn í þessu tiltekna falli hafi sérfræðiviðurkenningu. Umsækjandinn E.R. Garbus hafi lokið prófi frá dýralæknaháskólanum í Kaupmannahöfn, og samkvæmt framburði yfirdýralæknis fyir dómi hinn 29. maí 1981 sé sá skóli viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum. Þá hafi það að auki komið fram hjá yfirdýralækni í framangreindri yfirheyrslu, að það hafi aldrei verið gert að skilyrði, að umsækjandi, hvorki innlendur né erlendur, hafi þurft að hafa viðurkenningu sem sérfræðingur á sviði dýralækninga til þess að hljóta hér á landi leyfi til lækninga.

Í 6. mgr. umsagnar yfirdýralæknis sé þess getið, að yfirdýralækni sé ekki kunnugt um, að umsækjandinn hafi kynnt sér sérstaklega aðstæður, sem íslenskir dýralæknar starfa við, eða þau lög og reglugerðir, sem í gildi eru hér á landi um störf og starfsemi dýralækna, sjúkdóma húsdýra, heilbrigðiseftirlit og heilbrigðislöggjöf, er varðar dýr og afurðir þeirra, eða þær reglur og lög, sem lúta að sölu, vörslu, dreifingu og afhendingu lyfja, en það sé almenn regla, að nýir dýralæknar, sem til landsins komi, setji sig inn í þessi mál, áður en læknisleyfi sé veitt. Stefnendur eru þeirrar skoðunar, að það sé að vísu æskilegt, að nýir dýralæknar kynni sér atriði þau, sem upp séu talin í 6. mgr. umsagnar yfirdýralæknis. Því sé hins vegar þannig varið, að þessi atriði hafi af hálfu þess aðilja, er lækningaleyfi veitir, ekki verið gert að skilyrði fyrir veitingu, hvorki við þennan umsækjanda né aðra. Því geti yfirdýralæknir heldur ekki tekið það upp hjá sjálfum sér að gera framangreind atriði að forsendu fyrir meðmælum. Þá sé það heldur ekki rétt með farið hjá yfirdýralækni, að umsækjandinn hafi ekki kynnt sér framangreind atriði, því að umsækjandinn hafi dvalið hjá héraðsdýralækninum í Búðardal um einhvern tíma til þess að kynna sér starfsaðstöðu íslenskra lækna og þau lög og reglur, sem þeir starfa við. Yfirdýralæknir hefði getað gengið úr skugga um þetta með því að hafa samband við umsækjandann og kanna það hjá honum, þar sem umsækjandinn hafi verið hér á landi, þegar umsögnin var rituð. Af þessu megi ljóst vera, að yfirdýralæknir byggir neikvæða umsögn sína á atriðum, sem séu beinlínis röng og hann ekki gengið úr skugga um. Geti atriði þessi af framangreindum ástæðum því ekki orðið grundvöllur neikvæðrar umsagnar af hálfu yfirdýralæknis.

Í þriðja lagi telja stefnendur, að sá annmarki sé á umsögn yfirdýralæknis, að hann hafi byggt synjun sína á atriðum, sem ekki rúmist innan starfssviðs hans að taka afstöðu til, sem sé því atriði, hvort æskilegt sé, að erlendur læknir verði ráðinn til dýralækninga hér á landi eða ekki. Umsögn yfirdýralæknis eigi að vera faglegt mat á því, hvort umsækjandinn sé hæfur til þess að gegna dýralæknisstarfinu, en það sé hins vegar á valdi félagsmála-

ráðherra að veita umsækjandanum starfsleyfi eftir þeim reglum, sem fyrir sé mælt í 3. gr. laga nr. 39/1951 um rétt erlendra manna til þess að stunda atvinnu á Íslandi. Því rúmist það ekki innan þeirra marka, er lög setji umsögn yfirdýralæknis, að hann geri atriði þetta að forsendu fyrir jákvæðri umsögn. Stéttahagsmunagæsla af þessu tagi í þágu íslensku dýralæknastéttarinnar sé ekki innan verkahrings yfirdýralæknis, svo sem ljóst megi vera af ákvæðum 3. gr. laga nr. 31/1970.

Það hafi ljóst verið frá upphafi, að samtök íslenskra dýralækna hafi verið því alfarið mótfallin, að hingað til lands yrði ráðinn erlendur dýralæknir til starfa við Dýraspítala Watsons. Sem dæmi um það megi benda á, að landbúnaðarráðuneytið vísi til þess sérstaklega í bréfi sínu frá 16. júní 1980 til stjórnar dýraspítalans, að ráðuneytinu hafi borist hörð mótmæli Dýralæknafélags Íslands gegn því að erlendur dýralæknir tæki hér upp störf. Einnig sé þess getið í 8. mgr. umsagnar yfirdýralæknis, að honum hafi verið tilkynnt það bréflega, að Dýralæknafélag Íslands væri því andsnúið, að erlendur dýralæknir hefji hér á landi almenn dýralæknisstörf, þar sem nú sé svo komið málum, að tiltækir séu hér á landi íslenskir dýralæknar, ef starf losni. Undirrót þessarar andstöðu íslensku dýralæknastéttarinnar gegn ráðningu E.R. Garbus hingað til lands og að Dýraspítala Watsons sé að rekja til þess, að héraðsdýralæknirinn í Reykjavík, Brynjólfur Sandholt, hafi ávallt verið því mótfallinn, að annar dýralæknir en hann sjálfur fengi leyfi til þess að stunda dýralækningar í Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi, en ef af því yrði, að erlendur læknir yrði ráðinn við spítalann, þá hafi héraðsdýralæknirinn í Reykjavík áskilið sér aðild að rekstri spítalans. Þessara erinda hafi yfirdýralæknir gengið fyrir héraðsdýralæknirinn í Reykjavík og dýralæknastéttina í heild og hin neikvæða afstaða umsagnaraðiljans í garð umsækjandans, svo sem hún birtist í bréfi yfirdýralæknis til landbúnðarráðuneytisins frá 16. júní 1980 ráðist fyrst og fremst af framangreindum sjónarmiðum, en ekki faglegum sjónarmiðum. Þetta sjáist hvað gleggst af dómskjali nr. 7, sem er úrklippa úr Morgunblaðinu frá 21. júní 1980 af viðtali við yfirdýralækni í tilefni synjunar hans. Þar sé orðrétt haft eftir yfirdýralækni: „Páll sagði, að í umsögn sinni fælist ekkert mat á viðkomandi manni sem dýralækni, en aðstaðan væri þannig, að hann gæti ekki sett sig upp á móti dýralæknastéttinni".

Þá benda stefnendur á, að áður en að því hafi komið, að yfirdýralæknir synjaði um meðmælin, hafi átt sér stað um nokkurn tíma samningaviðræður um hugsanlegt rekstrarfyrirkomulag á Dýraspítala Watsons og hverjir ættu að eiga aðild þar að, svo sem skjöl málsins beri með sér. Augljóst sé af t.d. bréfaskiptum milli yfirdýralæknis og Hans Breth Hansen, vinnuveitanda E.R. Garbus, annars vegar og svo hins vegar bréfaskiptum Brynjólfs Sandholt við Hans Breth Hansen, að yfirdýralæknir hafi tekið

að sér að gæta hagsmuna héraðsdýralæknisins í Reykjavík og því óbeint gert það að skilyrði fyrir veitingu leyfis til erlends umsækjanda, að samvinna tækist við Brynjólf Sandholt. Þannig segi yfirdýralæknir m.a. í bréfi sínu til H.B. Hansen, dags. 9. des. 1979, sbr. dómskjal nr. 10.: „Jeg var også interesseret i at höre, hvorledes De har tænkt Dem at tilrettelægge samarbejdet med distriktsdyrlæge Sandholt og hans medhjælper, der begge er statsansatte og derfor representerer det af Staten drevne veterinærvæsen her i landet. Her kommer jo også uvægerligt ökonomiske interesser ind i billedet."

Í bréfi H.B. Hansen til yfirdýralæknis, dags. 15.4. 1980, sbr. dómskjal nr. 12, segir svo: „Jeg vil derfor med denne baggrund være Dem taknemmelig om De, som vi talte om, vil være mig behjælpelig med tilladelse eller anden form for officiel accept, til at virke som dyrlæge på Island i denne 6 måneders periode." Og síðar kom í sama bréfi „Jeg forstår som nævnt fuldt ud kollega Sandholts problemer, og er i vid udstrækning indstillet på at gøre mit til deres løsning..." Fleiri bréfaskipti megi rekja til þess að sýna fram á, að yfirdýralæknir hafi haft veruleg afskipti af fyrirhugaðir ráðningu erlends dýralæknis að Dýraspítala Watsons og í þeim efnum gætt hagsmuna héraðsdýralæknisins í Reykjavík og dýralæknastéttarinnar og síðan synjað um meðmæli af þeirri ástæðu, að stjórn Dýraspítala Watsons vildi ekki una þeirri tilhögun, sem yfirdýralæknir og starfsbræður hans lögðu til.

Loks benda stefnendur, málstað sínum til stuðnings, á dómskjal nr. 26, sem sé skrifleg aðiljaskýrsla yfirdýralæknis dags. í apríl 1981, en í skýrslu þessari, sem yfirdýralæknir nefndi „Vegna synjunar," skýri hann þær ástæður, sem legið hafi að baki synjun sinni. Beri þar allt að sama brunni. Yfirdýralæknir tilgreini þar 6 ástæður, sem ráðið hafi afstöðu sinni og séu þær þessar:

1) Íslenskir dýralæknar voru tiltækir til starfans. Því hafi verið óþarfi að ráða erlendan dýralækni auk þess sem umsækjandinn, E.R. Garbus, hafi haft vel launað starf í Danmörku.
2) Umsækjandinn hafi ekki kunnað íslensku og verið ókunnur starfsskilyrðum og starfsreglum hér á landi.
3) Umsækjandinn hafi ekki haft sérfræðiviðurkenningu.
4) Danska dýralæknafélagið hafi verið ráðningunni andvígt.
5) Íslenska dýralæknafélagið hafi verið ráðningunni andvígt.
6) Umsækjandinn hafi byrjað störf án tilskilinna leyfa.

Allt þetta hafi því hlotið að leiða til synjunar af hálfu sinni. Telja stefnendur að ekki þurfi frekari vitna við, þar sem augljóst sé af framansögðu,

að yfirdýralæknir hafi byggt synjun sína á ólögmætum sjónarmiðum. Því beri að taka kröfu stefnenda um ógildingu synjunarinnar til greina og fella hana úr gildi, enda hafi stefnendur af því ótvíræða lögvarða hagsmuni.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að synjun sín um meðmæli með umsækjandanum, í tilviki því sem um sé fjallað í málinu, sé stjórnsýslulegs eðlis, byggð á löglegum forsendum og á réttum grundvelli, bæði formlega og efnislega séð, og séu því að öllu leyti innan löglegra og lögskipaðra marka. Því bresti dómstóla heimild og vald til þess að hnekkja henni.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 31/1970, er í gildi hafi verið, þá er atvik máls þessa hafi átt sér stað, hafi yfirdýralæknir verið og sé enn lögskipaður umsagnaraðili um umsækjendur til dýralæknisstarfa hér á landi. Ekki sé það tekið fram í þeim lögum, í hvaða tilgangi landbúnaðarráðherra skuli leita umsagnar yfirdýralæknis, og engin stoð sé af lögskýringargögnum. Í raun setji lögin yfirdýralækni engar skorður að því er umsögnina varðar. Því verði að ætla yfirdýralækni rýmri heimild en ella til þess að tjá sig um þau atriði, sem hann sem umsagnaraðili telur máli skipta. Megi leiða þetta sjónarmið m.a. af ákvæðum 3. gr. laga nr. 31/1970, nú 3. gr. laga nr. 77/1981, en samkvæmt þeirri lagagrein skuli yfirdýralæknir vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um hvaðeina, er varði heilbrigðismál búfjár og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða og hafa eftirlit með starfsemi héraðsdýralækna og annarra þeirra dýralækna, er lækningaleyfi hafi. Því verði að ætla, að yfirdýralæknir sem ráðunautur ríkisstjórnarinnar í þessum málum hafi heimild til þess að tjá sig um það í umsögn sinni, hvort hann telji það æskilegt, að hér á landi starfi erlendir dýralæknar. Það geti því aldrei varðað ógildi umsagnar yfirdýralæknis, að hann sem umsagnaraðili tjái sig um atriði, sem honum lögum samkvæmt beri að tjá sig um.

Stefndi er þeirrar skoðunar, að hver einstök ástæða, sem tilgreind sé fyrir synjuninni, geti ein sér ekki verið forsenda synjunar. En þegar ástæðurnar séu allar metnar saman og virtar í samhengi, sé augljóst mál, að synjun um meðmæli hafi verið efnislega rétt niðurstaða. Tiltækir hafi verið íslenskir dýralæknar til þess að taka að sér störf á dýraspítalanum og því hafi engin ástæða verið til þess að veita erlendum lækni slíkt starfsleyfi. Sé þetta sérstaklega augljóst mál, þar sem í hlut hafi átt umsækjandi, sem ekki hafi skilið íslensku og á engan hátt þekkt til aðstæðna og starfsskilyrða hér á landi og það af síður þekkt til laga- og reglugerðarákvæða, er varði störf og starfsskyldur þeirra, er hér á landi stundi dýralækningar.

Stefndi andmælir því eindregið, að í umsögn hans sé ekki að finna faglegt mat á umsækjandanum. Eins og 4.-6. mgr. umsagnarinnar beri með sér, hafi stefndi tekið til sérstakrar og rækilegrar umfjöllunar nám umsækjandans, bæði í heimalandi hans sem og utan þess, störf hans að námi loknu

og starfshæfni og svo sérstaklega hæfni umsækjandans til þess að gegna dýralæknisstarfi hér á landi. Það eitt nægi ekki, að meta almennt hæfi erlends umsækjanda til þess að gegna læknisstarfi. Meta þurfi, hvort umsækjandinn sé hæfur til þess að gegna dýralæknisstarfi hér á landi. Mat á því hljóti m.a. að ráðast af því, hvort umsækjandinn hafi þau tök á íslenskri tungu, að hann geti kynnt sér þær starfsreglur og þau starfsskilyrði, sem hann kemur til með að búa við í starfi hér á landi, og hvort hann geti gert sig skiljanlegan við þá, er hann á samskipti við í starfi sínu. Þar sem umsækjandinn hafi enga kunnáttu haft á íslenskri tungu, hafi verið útilokað að ætla, að hann geti gegnt læknisstarfi hér á landi með viðunandi hætti.

Stefndi telur, að þegar virt sé það, sem að framan er rakið, hafi það verið efnislega rétt niðurstaða, eins og málum hafi verið háttað, að synja fyrir að veita umsækjandanum meðmæli. Dómstóla skorti þar fyrir utan vald til þess að þnekkja slíku faglegu mati, sem í umsögn yfirdýralæknis felist, sérstaklega þegar það sé einvörðungu byggt á sjónarmiðum, sem rúmist innan þeirra marka, er ætla verði, að lög setji, eins og hagi til í þessu tilviki. Telur stefndi sig hafa leitt að því næg rök, að synjun hans hafi einvörðungu verið byggð á atriðum, sem honum sem lögskipuðum umsagnaraðilja hafi borið að tjá sig um. Því sé fráleitt, að ætla, að nokkur rök geti leitt til þeirrar staðhæfingar stefnenda, að umsögnin verði metin ólögmæt.

Loks er það sjónarmið stefnda, án þess þó að hann af því tilefni geri sérstaka frávísunarkröfu, að málsókn stefnenda sé, eins og nú hagi til, andstæð ákvæðum 67. gr. laga nr. 85/1936. Nú sé búið að ráða að spítalanum íslenskan dýralækni í fullt starf og E.R. Garbus farinn héðan af landi brott. Því séu nú alls eigi lögvarðir hagsmunir á bak við stefnukröfurnar. Eigi þetta að leiða til frávísunar málsins frá dómi ex officio. Ekki kveðst stefndi þó gera af því tilefni frávísunarkröfu, enda sé það ex officio skylda dómara að ganga úr skugga um dómhæfi kröfugerðar stefnenda í dómsmáli.

V. *Álit dómsins. Niðurstaða.*

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 31/1970, nú lög nr. 77/1981, veitir landbúnaðarráðherra dýralæknum lækningaleyfi, „að fengnum meðmælum yfirdýralæknis". Umsögn yfirdýralæknis er því lögskipaður undanfari fyrir veitingu leyfis til dýralækninga, „og má eigi veita leyfi, nema hann mæli með því," svo sem segir í dómi meiri hluta Hæstaréttar frá 19. mars 1981. Ágreiningur málsaðilja varðar það hver mörk löggjafinn setji umsagnaraðiljanum, þ.e. hverra sjónarmiða hann skuli gæta, er hann lætur uppi álit sitt á því, hvort lækningaleyfi skuli veitt, og svo hitt, hvort synjun yfirdýralæknis um meðmæli frá 16. júní 1980 hafi haft nægan lagagrundvöll.

Lög nr. 31/1970 segja það ekki berum orðum, hverra sjónarmiða yfirdýralæknir skuli gæta, þá er hann lætur uppi álit sitt samkv. 1. gr. laganna, og í þeirri grein er ekki að finna neina skýringu á því, í hvaða tilgangi landbúnaðarráðherra skuli leita álits yfirdýralæknis, áður en ráðherrann veitir lækningaleyfi. Önnur ákvæði laganna hafa heldur ekki að geyma skýringu á tilgangi álitsumleitunar, og takmörkuð stoð er af lögskýringargögnum. Þó segir í athugasemdum með 1. gr. frumvarps til laga nr. 31/1970, að 1. gr. frumvarpsins komi í stað 5. gr. þágildandi laga um dýralækna, þ.e.a.s. laga nr. 124/1947, og sé efnislega eins. Ákvæði þess efnis, að veitingavaldshafinn skuli leita álits yfirdýralæknis, kom fyrst í lög með 5. gr. laga nr. 124/1947. Var ákvæðið þá svo orðað, að landbúnaðarráðherra veitti lækningaleyfi, „að fengnum tillögum yfirdýralæknis". Í þeim lögum var ekki að finna neina skýringu á tilgangi álitsumleitunar, og í greinargerð með frumvarpi til laganna var það heldur ekki skýrt með ótvíræðum hætti. Þó sagði í athugasemdum um frumvarpið, að á dýralæknum hvíldu ýmis ábyrgðarmikil störf, sem haft gætu mikla þjóðhagslega þýðingu. Síðan sagði orðrétt: „Með frumvarpi þessu á að tryggja, að til þessara starfa veljist menn, sem öðlast hafa haldgóða þekkingu með háskólanámi, og er þetta ákvæði í samræmi við þá stefnu, sem ríkjandi er meðal nágrannaþjóða vorra í þessum málum." Ekki er af greinargerðinni ljóst, hvort hin tilvitnuðu orð eiga við 5. gr. frumvarpsins eða frumvarpið í heild. En hverju sem því líður, verður að ætla, þegar virt er framangreind forsaga 1. gr. laga nr. 31/1970 og laganna í heild, og haft er í huga það fyrirkomulag, sem lögin bjóða varðandi veitingu leyfa til dýralækninga, að tilgangur löggjafans með hinni lögboðnu álitsumleitan hafi verið sá að tryggja, að veitingavaldshafinn hefði við að styðjast faglega umsögn frá þeim aðila, er samkvæmt 3. gr. sömu laga skyldi vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum, er búpening varðar. Því er það álit réttarins, að hinni lögboðnu umsögn yfirdýralæknis séu settar þær lagaskorður, að hún skuli vera innan faglegra marka, þ.e. að yfirdýralæknir skuli láta uppi álit sitt á því, hvort umsækjandi í tilteknu falli sé hæfur eða ekki til þess að gegna dýralæknisstarfi. Af því leiðir, að niðurstaða umsagnarinnar á að byggjast á mati umsagnaraðiljans á almennum og sérstökum hæfisskilyrðum umsækjandans, enda þykir öldungis óeðlilegt að lögskýra títtnefnda 1. gr. dýralæknalaganna svo, að álit umsagnaraðiljans geti bundið hendur veitingarvaldsins um önnur atriði en þau, er gagngert varða hæfi umsækjandans.

Liggur þessu næst fyrir að meta, hvort synjun sú um meðmæli, er fram kemur í umsögn yfirdýralæknis frá 16. júní 1980 sé gild, þ.e. hvort hún hafi haft nægan lagagrundvöll.

Umsögn yfirdýralæknis frá 16. júní 1980 er að meginstefnu tvíþætt. Í 4.-6. málsgrein hennar er vikið að námi, störfum og þekkingu umsækjand-

ans, en í 7.-11. málsgrein er getið annarra atriða. Í 12. málsgrein segir svo: „Með tilliti til þess, sem hér er rakið, treysti ég mér ekki til þess að mæla með því að hr. dýralækni E.R. Garbus verði veitt lækningaleyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi samanber lög 31/1970."

Nú er það að vísu ekki á valdi réttarins að hnekkja sérfræðilegri álitsgerð umsagnaraðiljans með sjálfstæðu mati á hæfi umsækjandans, enda ekki gerð um það krafa af hálfu stefnenda. Rétturinn er hins vegar valdbær til þess að meta, svo sem krafist er af hálfu stefnenda, hvort ummæli þau í álitsgerðinni, sem til meðmælasynjunar leiddu, hafi haft nægan lagagrundvöll. Það er mat réttarins, þegar umsögnin er athuguð í einstökum greinum, að í henni sé að finna umfjöllun af hálfu umsagnaraðiljans um atriði, sem ekki eigi að hafa árhif á faglegan úrskurð hennar. Er hér um að ræða atriði eins og þau, að íslensku og dönsku dýralæknasamtökin hafi verið leyfisveitingunni andsnúin og umsækjandinn sýnt af sér þá fátíðu óskammfeilni að hefja störf án tilskilinna leyfa yfirvalda. Að vísu þykir slík umfjöllun ein sér ekki nægja til þess að meta niðurstöður umsagnarinnar ógildar, svo lengi sem þessi atriði leiða ekki til neikvæðrar niðurstöðu. Ber í því sambandi að hafa í huga, að yfirdýralæknir er ráðunautur ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki, svo sem áður greinir, og verður því að ætla honum sem slíkum rúma heimild til þess að benda veitingarvaldinu á önnur atriði, sem hann telur máli skipta. En þegar það er virt, að umsögnin ber það glögglega með sér, að atriði þau, sem greind eru í 7.-11. málsgrein, hafa að verulegu leyti ráðið niðurstöðu umsagnarinnar, og svo hitt, að í þeim þætti umsagnarinnar, sem að námi, störfum og þekkingu umsækjandans lýtur, er ekki tekin afdráttarlaus afstaða til þess, hvort umsækjandinn sé hæfur til þess að gegna læknisstarfinu eða ekki, er það álit réttarins, að framangreind synjun sé ekki á lagagrundvelli reist. Ber því að fella synjunina úr gildi, svo sem stefnendur krefjast.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnendum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp dóm þennan. Nokkur dráttur hefur orðið á meðferð málsins. Stafar hann af því, að stefnendur óskuðu eftir fresti til þess að afla gagna erlendis frá.

Dómsorð:

Framangreind synjun yfirdýralæknis, Páls A. Pálssonar, frá 16. júní 1980 er úr gildi felld.

Stefndi greiði stefnendum málskostnað, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. desember 1984.

Nr. 236/1983. **Guðmundur Sigurjónsson**
Þóra B. Ágústsdóttir og
Varmi bílasprautun h.f.
gegn
Ævari Guðmundssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Guðmundur Sigurjónsson, Þóra B. Ágústdóttir og Varmi bílasprautun h/f, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 4. desember 1984.

Nr. 110/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Miroslav Peter Baly og
Gabriele Uth-Baly
(Örn Clausen hrl.)

Fuglafriðunarlög. Tilraun. Fjársvik. Upptaka. Réttarfarsvítur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1984 að því er varðar ákærða, Miroslav Peter Baly, og samkvæmt ósk

hans. Ákærða Gabriele Uth-Baly hafði hins vegar lýst yfir því, að hún óskaði eigi áfrýjunar. Með nýrri stefnu 22. júní 1984 var málinu einnig áfrýjað að því er ákærðu varðaði, en þá hafði borist ósk frá henni um áfrýjun. Ákærða var þá horfin úr landi, en samkvæmt umboði frá henni tók Guðmundur Jónsson héraðsdómslögmaður, skipaður verjandi hennar í héraði, við birtingu áfrýjunarstefnu fyrir hennar hönd. Í ákæru þessari krefst ríkissaksóknari þess einnig, að Guðmundi Jónssyni verði dæmd sekt samkvæmt 188. gr. laga nr. 74/1974 fyrir ummæli í bréfi til héraðsdómara 29. maí, en með því kom hann á framfæri beiðni ákærðu um áfrýjun.

Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar að því er bæði hinna ákærðu varðar.

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá í Þýskalandi (Bundeszentralregister) var ákærði, Miroslav Peter Baly, dæmdur í héraðsdómi í Köln hinn 11. júní 1982 í eins árs refsivist, skilorðsbundið til 3 ára, fyrir þrjú meiri háttar þjófnaðarbrot, og hinn 27. ágúst 1982 var hann dæmdur í sama dómi í 20 dagsektir, 30 mörk hverja, fyrir að aka bifreið, sem eigi var tryggð skyldutryggingu.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að ákærði komst úr landi í júnímánuði þrátt fyrir farbann, sem lagt hefur verið á hann. Þá hefur einnig verið frá því skýrt, að ákærða hafi, áður en hún fór úr landi, sett að tryggingu víxil, samþykktan af verjanda hennar í héraði. Víxillinn, sem er nú að fjárhæð 285.000.00 krónur, er varðveittur í dómsmálaráðuneytinu.

Um ákærulið I. Með þessum ákærulið eru ákærðu saksótt fyrir tilraun til eggjatöku í ferð sinni til Íslands 1983.

Refsiákvæði í lögum nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun er að finna í 37.-40. gr. laganna, sbr. nú 47. gr. laga nr. 75/1982. Mælir 37. gr. fyrir um refsingu fyrir ólöglegar fulgaveiðar, 38. gr. fyrir ólöglega eggjatöku, 39. gr. fyrir brot gegn 29.-35. gr. laganna og 40. gr. fyrir að hleypa skoti af í landareign annars manns án leyfis o.fl. Í 2. mgr. 37. gr. segir, að refsa skuli fyrir tilraun til ólöglegra fuglaveiða svo og hlutdeild í slíkum brotum. Samsvarandi ákvæði er ekki að finna í 38.-40. gr. Eins og hér stendur á, þykir eigi tækt að refsa fyrir tilraun til eggjatöku samkvæmt lögjöfnun frá 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, heldur þykir verða að gagnálykta frá 2. mgr. 37. gr. laga nr. 33/1966, að eigi verði

refsað fyrir tilraun til annarra brota gegn lögunum en ólöglegra fuglaveiða. Samkvæmt þessu verður að sýkna ákærðu af þessum ákærulið.

Um ákæruliði II og III. Ákærði lýsti yfir því við meðferð máls þessa, að þessir ákæruliðir væru réttir. Kemur sú játning hans heim við skýrslur, sem hann hafði gefið við rannsókn málsins, en í þeim hafði hann skýrt frá því, að hann hefði komið til Íslands til þess að ná í fálkaegg handa Lütke nokkrum og tekið tvö egg úr hreiðri í Hlíðardal, tvö við Geitafell og fjögur við Harrastaði á Fellsströnd. Ennfremur kannaðist hann við, að hann hefði leitað eftir eggjum í fleiri hreiðrum, án þess að árangur bæri. Þykir ákærði samkvæmt þessu sannur að brotum þeim, sem honum eru gefin að sök í ákærulið II, og ber að refsa honum fyrir eggjatökuna samkvæmt 38. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 33/1966, sbr. 47. gr. laga nr. 75/1982. Tæmir ákvæði þetta sök að því er varðar ákærða, þannig að honum verður ekki jafnframt refsað fyrir vörslur á eggjunum samkvæmt 34. gr., sbr. 39. gr. laganna, svo sem krafa virðist vera gerð um í ákærulið III.

Refsing verður eigi dæmd fyrir tilraun til eggjatöku eða tilraun til þess að flytja eggin úr landi, sbr. niðurstöður um I. ákærulið hér að framan.

Ákærða hafði í vörslum sínum umrædd 8 egg, er ákærðu voru handtekin. Í skýrslu, sem hún gaf fyrir rannsóknarlögreglu, kannaðist hún við handhöfn sína á eggjunum og kvaðst hafa tínt þau á víðavangi sama dag. Síðar breytti hún framburði sínum á þann veg, að ákærði hefði fengið henni eggin í hendur. Ákærði hefur í skýrslum sínum fyrir rannsóknarlögreglu verið inntur nokkuð eftir þætti ákærðu. Af þeim kemur eigi fram, svo greinilegt sé, að ákærða hafi tekið þátt í leit að eggjum eða töku á þeim, þó að ljóst sé, að hún var í fylgd með ákærða alla ferðina. Ákærði hefur ekkert verið spurður um það við meðferð málsins, hvort ákærða hafi verið samverkamaður hans við brotin, og ákærða hefur sjálf engum spurningum svarað um sakarefnið. Gögn málsins þykja eigi fullnægjandi sönnun þess, að ákærða hafi staðið að brotum ákærða með honum, en upphafleg skýrsla ákærðu um, að hún hafi tínt eggin á víðavangi, er augljós markleysa. Samkvæmt þessu þykir ákærða einungis verða sakfelld fyrir ólöglegar vörslur á fálkaeggj-

um, og varða þær við 34. gr., sbr. 8. gr. og 39. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Um ákærulið IV. Ákærði hefur kannast við, að hann hafi tekið vegmæla bifreiðanna úr sambandi og ekið hluta leiðarinnar með mælana ótengda. Hann telur sig ekki hafa gert þetta í þeim tilgangi að komast hjá greiðslu á fullu gjaldi, en segir þó, að hann hafi ætlað sér að leyna því, hve langt hann hefði ekið. Slík launung hefði leitt til lægri greiðslu en ákærða bar að inna af höndum, og hefur ákærði einnig kannast við, að sér sé það ljóst. Samkvæmt þessu verður að líta á þennan verknað ákærða sem tilraun til fjársvika, er varðar við 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða, Miroslav Peter Baly, ber að hafa hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og þar sem fjárvinningur vakti einnig fyrir honum með brotunum gegn lögum nr. 33/1966, þykir rétt samkvæmt 2. mgr. 49. gr. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976, að dæma honum sekt ásamt refsivist. Er refsingin hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi og 100.000.00 króna sekt. Vararefsing sektar skal vera 75 daga fangelsi. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaga er rétt að draga gæsluvarðahaldsvist ákærða í 4 daga frá fangelsisrefsingu hans.

Refsing ákærðu, Gabriele Uth-Baly, þykir hæfilega ákveðin 80.000.00 króna sekt, en vararefsing sektar 60 daga varðhald.

Samkvæmt 38. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun ber að gera upptæk þau 8 fálkaegg, sem hald var lagt á. Upptökukrafa í ákæru lýtur að öðru leyti að áhöldum og útbúnaði, sem notaður var við framningu brotanna, og ber einnig að fallast á þann hluta kröfunnar samkvæmt 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærðu til þess að greiða in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Í áðurnefndu bréfi Guðmundar Jónssonar héraðsdómslögmanns til héraðsdómarans er það haft eftir ákærðu, að ákvörðun sína um að falla frá ósk um áfrýjun hafi hún tekið við harla furðulegar aðstæður. Hafi henni verið kynnt, að krafa yrði gerð á hendur henni um farbann, ef hún tæki þann kost að áfrýja. Mundi tryggingin ein ekki opna henni leið úr landi, og væri henni sú ein leið fær að una dómi og setja tryggingu fyrir sekt. Síðan segir svo í bréfi

lögmannsins:

„Af heilsufarsástæðum og fleiri persónulegum ástæðum höfðaði þetta „tilboð" ríkissaksóknara svo til umbj.m. að hún tók því í þeim tilgangi að komast úr landi.

Slík „verslun" með grundvallarrétt þann, sem felst í heimild til að áfrýja dómi sínum til æðra dómstigs, telur umbj.m. augljóst brot á grundvallarreglum ísl. sakamálaréttarfars, og til þess eins fallið að grafa undan trú manna á réttarríkinu Íslandi."

Þess er getið í bréfinu, að afrit þess séu send til ríkissaksóknara og þýska sendiráðsins.

Tilvitnuð ummæli lögmannsins eru ósæmileg, og ber að víta hann fyrir þau samkvæmt 188. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði, Miroslav Peter Baly, sæti fangelsi 3 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans 4 daga. Ákærði greiði 100.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 75 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða, Gabriele Uth-Baly, greiði 80.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptæk skulu 8 fálkaegg ásamt umbúðum, klaktaska með rafhitunarbúnaði og rafleiðslum, spennubreytir, sigbúnaður, 4 landabréf og 2 ljósmyndafilmur.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærðu greiði in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000.00 krónur.

Sératkvæði
Stefáns M. Stefánssonar prófessors.

Miðað við málsatvik veita hvorki 188. gr. l. nr. 74/1974 né aðrar reglur réttarfarslaga næga heimild til þess að taka til meðferðar kröfu ákæruvaldsins um sektir á hendur Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

En jafnvel þó svo væri, ber að líta á, að í bókun sakadóms Reykjavíkur frá 23. maí sl. er að finna yfirlýsingar, sem skilja má þannig, að krafa ríkissaksóknara um farbann hafi verið tengd ákvörðun ákærðu um áfrýjun á óeðlilegan hátt. Fullnægjandi skýringar hafa ekki verið gefnar á þeim yfirlýsingum, sem þarna fóru fram. Af þessum sökum er heldur ekki grundvöllur til að taka til greina kröfu ákæruvaldsins á hendur Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni.

Að öðru leyti er ég sammála meiri hluta dómenda í öllum greinum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. maí 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 23. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 246-247/1984: Ákæruvaldið gegn Miroslav Peter Baly og Gabriele Uth-Baly, sem tekið var til dóms í gærdag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. maí 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Miroslav Peter Baly, fæddum 19. apríl 1961 í Plana í Tékkóslóvakíu og Gabriele Uth-Baly, fæddri 21. júní 1964 í Köln í Vestur-Þýskalandi, báðum vestur-þýskum þegnum, til heimilis í Flandrische Strasse nr. 16 í Köln þar í landi.

I.

Fyrir að hafa, er ákærðu voru hér á landi vikuna eftir 6. maí 1983, ferðast víða um Mývatnssveit í Suður-Þingeyjarsýslu og um sveitir Dalasýslu, leitað uppi mörg fálkahreiður, sem ákærðu vissu um á þessum svæðum, í því skyni að taka úr þeim fálkaegg og flytja með sér úr landi til útungunar í Þýskalandi.

Telst þetta athæfi ákærðu varða við 1., sbr. 2. og 3. mgr. 8. gr., sbr. 38 gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33, 1966, sbr. 47. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980 og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75, 1982, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Fyrir að hafa á ný eftir komu hingað til lands, hinn 22. apríl sl., ferðast dagana 23. til 27. apríl, um Mývatnssveit og Ásbyrgi, norður um Melrakkasléttu og inn Þistilfjörð og síðan á ný til Mývatnssveitar, leitað að fálkahreiðrum, sem ákærðu vissu um á þessum svæðum, í því skyni að taka úr þeim fálkaegg, farið að mörgum hreiðrum í þessu skyni, og tekið, föstudaginn 27. apríl sl., tvö fálkaegg úr hreiðri við eða í Námafjalli og tvö fálkaegg úr hreiðri í Geitafelli.

Ennfremur fyrir að hafa, mánudaginn 30. apríl sl., ferðast um Hvammssveit, Fellsströnd, Klofning, Skarðsströnd og Saurbæjarhrepp í Dalasýslu, leitað að fálkahreiðrum í sama skyni, m.a. við Teig í Hvammssveit, og að hafa tekið fjögur fálkaegg úr hreiðri við Harastaði í Fellsstrandarhreppi.

Telst taka ofangreindra átta fálkaeggja varða við 1., sbr. 2. og 3.mgr. 8. gr., sbr. 38. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. 47. gr. nefndra laga nr. 75, 1982, sbr. 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga, en leit ákærðu að fálkaeggjum þykir varða við sömu lagaákvæði, sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Fyrir að hafa eftir töku framangreindra fálkaeggja úr hreiðrum, eins og rakið hefur verið, haft eggin á brott með sér, búið um þau í sérstakri klaktösku með rafhitunarbúnaði og flutt í bifreiðum, fyrst með fjögur egg í R-38779 til Akureyrar, haft þau þar í fórum sínum, dagana 27. til 29. apríl, síðan flutt þau með sér með sama umbúnaði í bifreiðinni A-5122 vestur til Búðardals, þar sem ákærðu gistu til morguns hinn 30. apríl. Flutt þau með sér í bifreiðinni þann dag um sveitir Dalasýslu ásamt þeim fjórum eggjum, sem tekin voru við Harastaði, þar til þau voru handtekin við Ólafsdal í Saurbæjarhreppi, en þá hafði ákærða Gabriele Uth-Baly falið öll eggin innanklæða, allt í því skyni að flytja eggin úr landi til Þýskalands.

Telst þetta athæfi ákærðu varða við 1. mgr. 32. gr. og 34. gr., sbr. 39. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. 47. gr. nefndra laga nr. 75, 1982, sbr. 1. mgr. 2. gr. og sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga að því er tekur til 1. mgr. 32. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.

IV.

Á hendur ákærða Miroslav Peter Baly einum fyrir að hafa, er hann ferðaðist um í framangreindum bifreiðum, R-38779, sem hann hafði tekið á leigu hjá bílaleigu Rósu Jóhannsdóttur, Grýtubakka 30 í Reykjavík, og A-5122, sem hann hafði tekið á leigu hjá Bílaleigu Akureyrar, Tryggvabraut 14 þar í bæ, tekið vegmæli bifreiðanna úr sambandi og ekið hluta leiðarinn-

ar með mælana ótengda í því skyni að komast hjá því að greiða hluta af leigugjaldi fyrir bifreiðarnar.

Telst þetta athæfi varða við 248. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til þess að sæta upptöku átta fálkaeggja ásamt umbúðum, klaktösku ásamt rafhitunarbúnaði og rafleiðslum, spennubreytis, sigbúnaðar, þ.e. mjaðmabeltis, brjóstbeltis, allra lykkja, klemma og lása auk tauga allra og festa, fjögurra landabréfa, þar sem fálkahreiður eru merkt og tveggja ljósmyndafilma, þar sem m.a. sjást varpstaðir fálka, samkvæmt 38. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun og 69. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu beggja hafa þau ekki sætt refsingum hér á landi, svo kunnugt sé.

Samkvæmt vottorðum, sem borist hafa frá Vestur-Þýskalandi, hefur ákærða Gabriele Baly, ættarnafn föður er þá ókunnugt, ekki gerst brotleg við lög. Ákærði Miroslav Peter Baly hefur hins vegar verið dæmdur 11. júní 1982 í Köln fyrir þjófnað í 1 árs fangelsi (freiheitsstrafe) skilorðsbundið í 3 ár frá 19. júní 1982, en verknaður framinn 28. september 1981. Ennfremur dæmdur þann 27. ágúst 1982 fyrir umferðarlagabrot.

Þá kemur fram í persónuskýrslu, sem gerð er af rannsóknarlögreglu, að hann hefur hlotið dóm sem unglingur, 14 daga vist á unglingastofnun

Málavextir.

Þann 28. apríl 1984, kl. 19:25, hringdi Ólafur Karl Nielsen fuglafræðingur til lögreglunnar á Húsavík og upplýsti, að egg hefðu verið tekin úr fálkahreiðri í Dimmuborgum í Mývatnssveit. Ennfremur að grunur væri á, að tekin hefðu verið egg úr hreiðri í Vindbelgjarfjalli í sömu sveit og Geitafellshnúk í Reykjahverfi. Lögregluvarðstjóri á Húsavík fór með Ólafi í Dimmuborgir og ljósmyndaði spor eftir gönguskó (fjallaklossa) og önnur minni eftir skó með fínriffluðum sóla. Þessi fótspor lágu að fálkahreiðrinu í Valsbjargi í Dimmuborgum. Ennfremur voru teknar ljósmyndir af förum eftir hjólbarða bifreiðar. Fuglafræðingurinn fékk síðan staðfest, að egg höfðu verið tekin úr fálkahreiðri í Vindbelgjarfjalli.

Daginn eftir staðfesti nefndur fuglafræðingur við lögregluna, að egg hefðu verið tekin úr fálkahreiðri í Geitafelli í Reykjahverfi. Sömu hjólför og skóför væri að finna í Geitafelli og í Dimmuborgum og greinilega sama fólk þar á ferð.

— — —

Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) var tilkynnt um málið sunnudaginn 29. apríl, er Ævar Petersen, fuglafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands,

hringdi til þeirra (sic) og tjáði, að undanfarna daga hefðu 2 þjóðverjar verið á ferð í Mývatnssveit, maður og kona.

RLR fékk fregnir af því, að fólk þetta hefði tekið á leigu bifreiðina A-5122 á Akureyri. Var lýst eftir bifreiðinni, sem er gul að lit með hvítan topp, af gerðinni Chevrolet Blazer. Gerðar voru ráðstafanir til þess, að fólkið slyppi ekki úr landi.

Þá fékk RLR þær upplýsingar hjá lögreglunni á Húsavík, að ákærðu hefðu verið í Mývatnssveit á bifreiðinni R-38779, silfurgrárri af Daihatsu-gerð. Reyndist sú bifreið tekin á leigu hjá bílaleigu í Reykjavík.

Upplýsingar fengust hjá gistihúsi í Reykjavík um það, að ákærðu höfðu gist þar aðfaranótt mánudagsins 23. apríl, en aðeins dvalið þá einu nótt. Hefðu þau hins vegar gist þar einnig 13. maí 1983, þá eina nótt og farið daginn eftir utan.

Að kvöldi mánudagsins 30. apríl voru ákærðu handtekin við Ólafsdal í Saurbæjarhreppi, eftir að fylgst hafði verið með þeim allt frá morgni þess dags, bæði af hálfu sýslumannsins í Dalasýslu og vegalögreglu úr Reykjavík.

Kristinn Jónsson, héraðslögreglumaður, Skarði á Skarðsströnd, sá um það fyrir sýslumann Dalasýslu að fylgjast með ákærðu. Hann hefur skýrt svo frá fyrir dómi þann 16. þ.m.

„Að morgni 30. f.m. hafði sýslmaður Dalasýslu samband við mig símleiðis og fór þess á leit, að ég færi í bifreiðinni, óeinkennisklæddur, suður á Fellsströnd til að hyggja að og fylgjast með tveim þjóðverjum, karli og konu sem þar mundu verða á ferð í bifreið, af gerð Chervolet Blazer með A-númeri, gulum og hvítum að lit. Lagði ég af stað innan stundar þessara erinda. Þegar ég kom að svonefndri Hafnará, sem kemur í Hvammsfjörð milli bæjanna Knarrarhafnar og Teigs, veitti ég athygli bifreið er svaraði til framanskráðrar lýsingar og hafði henni verið lagt Teigsmegin við Hafnará, neðan vegar. Bar bifreiðin einkennisstafina A-5122 og var hún mannlaus.

Vitnið fór þá heim að Teigi og hafði tal af bónda þar og móður hans, sem kvaðst hafa séð tvo menn ganga þar fyrir neðan bæ í áttina að eyðibýlinu Ketilsstöðum sem er þar utar á ströndinni. Hafði vitnið þá samband við sýslumann, sem óskaði að fylgst væri með áðurnefndum bíl og fólki án þess þó að tortryggni þess yrði vakin.

Þar sem á þessu svæði er ekki unnt að veita fólki eftirför óséður, beið ég í Teigi, þangað til það kom til baka. Klukkan var þá tæplega 16:00, og gengu ferðalangar þessir samhliða að bifreiðinni. Í sjónauka sá ég að þarna var um karl og konu að ræða, og bar maðurinn grænan bakpoka nokkuð úttroðinn, en konan dökka tösku, sem hún bar á hægri öxl. Gekk maðurinn aftur fyrir bifreiðina og fleygði pokanum inn í farangursgeymslu

bifreiðarinnar, en konan opnaði hægri hurð bifreiðarinnar og fór inn í aftursæti þar sem hún virtist vera að athafna sig eitthvað. Mun hafa liði um hálf klukkustund uns bifreiðinni var ekið af stað í átt að Fellsstrandarvegi og síðan til vesturs.

Vitnið, sem var í rússajeppa, fylgdi fljótlega á eftir umræddri Blazerbifreið allt vestur fyrir klif, rétt fyrir vestan bæinn Harrastaði en þar ók vitnið fram á þennan bíl, kyrrstæðan. Vitnið sá jafnframt til ferðar manns upp í hlíð og hvarf hann þar á bak við stein. Stúlkan, sem vitnið taldi þá sömu, er hann hafði áður séð við bifreiðina nærri Teigi, sá hann ganga með sjónum neðan þjóðvegar.

Vitnið ók bifreið sinni áfram út til Ytra-Fells og dvaldi þar u.þ.b. 15 mínútur, en sneri þá aftur sömu leið. Þegar vitnið nálgaðist Blazerinn, sá hann stúlkuna kom í átt að honum frá sjónum, en þegar hún virtist hafa komið auga á bifreið vitnisins, sneri hún við í átt til sjávar. Manninn kveðst vitnið ekki hafa séð að þessu sinni.

Þessu næst ók vitnið til Staðarfells og fékk bóndann þar til að aka sér í öðrum bíl að fyrrnefndu Klifi, en þá var Blazerbifreiðin farin af staðnum. Ætlar vitnið heildardvöl hennar á staðnum muni hafa verið sem næst klukkustund.

Vitnið fór nú aftur að Staðarfelli og lét koma boðum til lögreglumannanna Viðars Vaage og Ólafs Gunnarssonar um að Blazerbifreiðin muni vera á leið til Skarðsstrandar."

Næst þegar vitnið sá fólkið, hafði það verið handtekið.

Við leit á ákærðu, Gabriele Uth-Baly, fundust 8 fálkaegg í vösum hennar. Ýmis búnaður fannst í bifreiðinni, bæði til eggjatöku og geymslu eggja við rétt hitastig. Í ljós kom, að grannar rafleiðslur höfðu verið tengdar við rafgeymi bifreiðarinnar, og á enda þeirra var tengikló, sem hægt var að tengja hitabúnaðartækið við. Sams konar búnaður var í hinni bifreiðinni.

Ákærðu höfðu fátt um ferðir sínar að segja í fyrstu. Fljótlega kom þó að því, að ákærði Miroslav Peter Baly gaf ítarlega skýrslu, sem kom heim og saman í flestu við þær grunsemdir, sem vaknað höfðu um töku fálkaeggja.

Ákæruskjal var síðan samið á grundvelli játningar hans og þá einnig stuðst við takmarkaða skýrslu ákærðu, Gabriele Uth-Baly. Verður nú fjallað um einstaka kafla hennar:

I. kafli ákæru:

— — —

Ákærðu hafa gefið skýrslu um þessa ferð hjá RLR. Skýrsla ákærða, Miroslav Peter Baly, er greinargóð. Hann segir þar, að hann hafi ákveðið að fara til Íslands á vegum annars manns til að sækja fálkaegg. Sá maður

hafi greitt sér fyrirfram vegna ferðakostnaðar og annarra útgjalda 5.000 DM. Hann hafi síðan átt að fá 15% af söluandvirði hvers fugls, sem úr eggi kæmi. Hann hafi tekið konu sína með og þau komið til landsins 6. maí 1983. Þau hafi þá haft meðferðis sömu kort af landinu með punktamerkingum og þau hafi verið með í ár. Þau hafi farið á hreiðurstaði í Mývatnssveit og einnig á því svæði, sem þau voru handtekin nú. Kvað hann fálkahreiðrin hafa verið tóm og því engin egg verið tekin. Þau hafi því farið tómhent af landi brott eftir vikutíma. Þá hafi verið ályktað, að þau hafi verið of seint á ferð, og því ákveðin önnur ferð 2 vikum fyrr að ári.

Ákærða, Gabriele Uth-Baly, hefur sagt, að hún hafi verið með manni sínum í fyrra og hann þá verið að leita fálkaeggja.

Ákærði Miroslav Peter Baly vildi fyrir dómi draga úr framburði sínum. Hann hélt því þar fram, að ferðin í fyrra hafi einungis verið undirbúningsferð fyrir ferðina í ár.

Ekki er unnt að leggja trúnað á þessa breytingu í framburði ákærða, þótt fyrir dómi sé gefin. Hún er öllu ósennilegri. Þar kemur fram, að egg finnist ekki í fálkahreiðrum, þegar komið sé það langt fram í maí, sbr. skýrslu ákærða fyrir dóminum. Í málinu liggur fyrir skýrsla Ólafs Karls Nielsen fuglafræðings, sem fyrr hefur verið vitnað til, og þar kemur fram, að egg voru tekin úr hreiðri í Geitafelli í Reykjahverfi dagana 10.-15. maí 1983.

Ákærða, Gabriele Uth-Baly, hefur ekki viljað tjá sig neitt fyrir dómi, hvorki um þetta né annað.

Niðurstaða.

Sannað telst með framburðum ákærðu beggja og stoð í öðrum gögnum, að ákærðu voru hér á ferð í maí í fyrra og frömdu verknað, sem lýst er í I. kafla ákæru. Verknaðurinn varðar við 1., sbr. 2. og 3. mgr. 8. gr., sbr. 38. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33, 1966, sbr. 47. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. og III. kafli ákæru:

— — —

Ákærði, Miroslav Peter Baly, viðurkenndi fyrir dómi, að lýsingin í ákæru væri rétt í öllum atriðum. Hann vísaði jafnframt til skýrslna sinna hjá RLR og staðfesti þær.

Ákærða, Gabriele Uth-Baly, vildi ekki tjá sig fyrir dóminum. Hún staðfesti einungis, að hún hefði gefið skýrslur hjá RLR og undirritað sumar þeirra.

Hún hefur verið afar treg að gefa rétta mynd af ferðum þeirra hjóna. Hún hefur tjáð sig um það, að henni hafi verið ljós tilgangur ferðar í ár;

en ekki verið ljóst, að þau væru að fremja refsiverðan verknað. Ákærða hefur einnig borið því við, að henni hafi ekki verið ljóst, að eggin voru úr fálkahreiðrum.

Þessum fullyrðingum hennar verður að vísa á bug. Öll sú leynd, er hvíldi yfir ferðum þeirra, hlýtur að gefa tilefni til að trúa því, að ákærðu, Gabriele Uth-Baly, hafi verið fyllilega ljóst, að þau hjón voru hér að fremja refsiverðan verknað. Enda er slíkur verknaður refsiverður víðar en á Íslandi.

Þá verður það að teljast aldeilis ómögulegt, að hjón fari saman til Íslands til að kanna fálkahreiður og síðan á ný til að ræna þau eggjum og aðeins manninum, en ekki konunni, hafi verið ljóst, að eggin, sem þau báru með sér, voru fálkaegg, en ekki egg anda eða máva.

Ákærðu hafa bæði haldið því fram, að einungis eiginmaðurinn hafi farið að hreiðrunum og tekið eggin. Konan hafi ekki komið nærri hreiðrum nema af tilviljun á gönguferðum þeirra, hvað þá að hún hafi tekið úr þeim egg. Þessi saga er mjög ótrúverðug, og virðist maðurinn með framburði sínum vera að bera blak af konu sinni.

Skóför við hreiður og vætti vitna, er sáu hjónin ganga bæði í átt til hreiðurstaða hljóta að benda til þess, að konan hafi farið með að einhverjum hreiðranna. Og vissulega er hægt að gera fleira en príla í klettum að hreiðrum og nappa (sic) sjálfum eggjunum. Mjög er líklegt, að ákærða, Gabriele Uth-Baly, hafi á meðan staðið vörð og með því verið manni sínum til fyllsta halds og trausts.

Þá hafa ákærðu bæði borið hjá RLR, að eiginmaðurinn hafi verið fenginn til þess af öðrum að fara báðar ferðirnar til Íslands. Hann hefur sjálfur lýst því, að hann hafi fengið fyrirfram vegna ferðar í ár 7.000.- DM. Hann hefur þá væntanlega átt að fá 15% af andvirði fugla, er úr eggjum kæmu, eins og til stóð í fyrra. Ekkert liggur fyrir, er hnekki þessu eða því, að ákærða, Gabriele Uth-Baly, hafi farið í ferðina með manni sínum án vitneskju þess, er sendi hann.

Þá má að lokum benda á, að eggin fundust á ákærðu, Gabriele Uth-Baly, þegar þau hjón voru handtekin. Hún hefur haldið því fram, að maður hennar hafi látið þau þar, en hann haldið því fram, að hún hafi haft nægilega stóra vasa, en hann reiknað með því, að ekki yrði leitað á þeim við handtöku.

Í málinu liggur fyrir bréf frá menntamálaráðuneytinu, þar sem fram kemur, að ákærðu höfðu ekki aflað sér heimildar til töku eggja úr hreiðrum villtra fugla eða flytja slík egg úr landi.

Samkvæmt skýrslu Ævars Petersen fuglafræðings eru engin önnur egg hér á landi lík fálkaeggjum. Önnur skýrsla sama manns fjallar um merkingar á kortum, er hjónin höfðu með sér, svo og um hugsanlegt verðmæti

fálkaeggjanna, ef tekist hefði að koma þeim í verð með útungun og sölu fálka. Ævar Petersen fékk áðurnefndan Ólaf Karl Nielsen fuglafræðing sér til ráðgjafar, en hann stundar doktorsnám í Cornellháskóla í Bandaríkjunum, og er íslenski fálkinn doktorsverkefni hans. Ólafur er, segir skýrslugjafinn, orðinn mjög kunnugur fálkastöðum á Norðausturlandi eftir 3ja ára rannsóknir.

Í skýrslunni segir, að af 62 staðarmerkingum á kortunum samanlagt sé vitað um, að fálki verpi eða hafi orpið á a.m.k. 34 þeirra staða.

Um verðmætið segir í skýrslunni, að verð á fálkum fari mikið eftir lit fuglanna. Þeir séu sendir til Miðausturlanda fullvaxnir, en Arabar temji þá oftast sjálfir. Því hvítari sem fuglarnir eru því meira er verð þeirra. Fullvaxinn hvítfálki selst á 700-740 þús. krónur. Hvítfálkinn á heima á Grænlandi, en kemur hingað að vetrarlagi. Íslenskir fálkar eru mismunandi hvítir og verð eftir því breytilegt, frá 440-590 þús. krónur.

Þá segir í skýrslunni, að sú fálkategund, sem fyrirfinnist hér á landi (Falco rusticolos) sé eftirsóknarverðasta fálkategundin í Miðausturlöndum og því verðmætust þeirra allra.

Í skýrslunni segir að lokum, að klakárangur sé breytilegur, en unnt sé að hugsa sér 40-80%, eða 3-6 egg. Ef þau yrðu að fullvöxnum fálkum, gæti söluverðmæti þeirra verið 1.4—2.8 milljónir ísl. króna brúttó.

Niðurstöður II. III. kafla.

Ákærðu eru bæði sek fundin um að hafa framið þau brot, er verknaðarlýsing ákærunnar nær til. Byggist það á viðurkenningum þeirra og öðrum gögnum málsins.

Telst taka átta fálkaeggja varða við 1., sbr. 2. og 3. mgr. 8. gr., sbr. 38. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. 47. gr. nefndra laga nr. 75, 1982, en önnur leit ákærðu að fálkaeggjum þykir varða við sömu lagaákvæði, sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Handhöfn fálkaeggjanna þykir varða við 34. gr., sbr. 39. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. 47. gr. nefndra laga nr. 75, 1982, en ætlun þeirra að fara með eggin úr landi tekur til 1. mgr. 32. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

IV. kafli ákæru.

Ákærði, Miroslav Peter Baly, hefur viðurkennt að hafa, „er hann ferðaðist um í framangreindum bifreiðum, R-38779, sem hann hafði tekið á leigu hjá bílaleigu Rósu Jóhannsdóttur, Grýtubakka 30 í Reykjavík, og A-5122, sem hann hafði tekið á leigu hjá Bílaleigu Akureyrar, Tryggvabraut 14 þar í bæ, tekið vegmæli bifreiðanna úr sambandi og ekið hluta leiðarinn-

ar með mælana ótengda í því skyni að komast hjá því að greiða hluta af leigugjaldi fyrir bifreiðarnar."

Hann hefur sagt, að ástæðan til þessa verknaðar hafi eingöngu verið sú að leyna þeim vegarlengdum, sem hann ók, en hann hafi ekki haft í hyggju að svíkja út fé. Hann var spurður þess, hvort hann ætlaði að greiða eftir einhverju öðru en stöðu vegmæla. Hann kvaðst þá mundu óhjákvæmilega hafa orðið að greiða samkvæmt þeim. Af hans hálfu hefur einnig verið bent á, að gjaldið hafi verið gert upp að fullu.

Að mati dómarans er um sérstakt brot að ræða, en ekki hluta af öðrum brotum ákærða.

Verknaðarlýsing er rétt í ákæru, og telst verknaður sannaður með stoð í játningu og öðrum gögnum og þykir varða við 248. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvörðun refsinga o.fl.

Kaþólski biskupinn í Reykjavík hefur skrifað dóminum bréf, þar sem hann lýsir kynnum sínum af ákærðu, Gabriele Uth-Baly. Ber hann henni vel söguna og biður henni vægðar. Einnig hefur verið lagt fram í málinu vélritað eftirrit af segulbandi, þar sem systir ákærðu, Gabriele Uth-Baly lýsir uppvexti hennar og ýmsum atvikum í lífi hennar til þessa. Einnig þar fær ákærða góð ummæli systur sinnar, sem er 4 árum eldri en ákærða.

Ákærðu hafa hvorug verið dæmd hér á landi. Ákærði, Miroslav Peter Baly, hefur hlotið dóma í heimalandi sínu, en ákærða, Gabriele Uth-Baly, ekki svo kunnugt sé.

Ákærðu hafa framið verknaði, sem stuðla að því að gera íslenska náttúru fábreyttari. Náttúruvernd er mjög rík í huga fólks hér á landi, og hefur áhugi fyrir henni farið ört vaxandi. Vegið er að hagsmunum heillar þjóðar, náttúru lands hennar. Skiptir þá litlu hagnaður af hverju einstöku eggi eða uppkomnum fálka úr því, þótt sannarlega geti hann verið mikill. Verðmætamatið á náttúru lands hefur verið breytilegt og er breytilegt á hverjum tíma, en í dag verður að líta svo á, að með verknaði, sem hér er ákært fyrir, sé verið að ræna þjóðina verðmætum, sem ekki verði metin til fjár.

Íslensk löggjöf hefur að þessu leyti verið rýmkuð mjög. Í dag varðar brot á fuglafriðunarlögum sekt, sem getur hæst orðið kr. 1.000.000.00, varðhaldi eða fangelsi um ótilgreindan tíma. Þessi rýmkun á refsiákvæðum fuglafriðunarlaga varð með gildistöku laga nr. 75, 1982 í júní 1982. Áður varð einungis refsað með sektum og það fremur lágum. Ekki liggur vafi á, hvað að baki býr. Löggjafinn ætlast til, að þungt sé tekið á brotum gegn þessum lögum.

Í málinu liggur fyrir atlaga að lífríki Íslands tvö ár í röð. Fyrra árið var ekki um töku neinna eggja að ræða, svo kunnugt sé, en tilraun til töku

og flutnings úr landi. Í ár voru ákærðu handtekin með 8 fálkaegg, tekin úr þremur hreiðrum. Þau hafa játað á sig að hafa leitað í fleiri hreiðrum, en segjast ekki hafa fundið fleiri egg.

Þá hefur ákærði, Miroslav Peter Baly, viðurkennt að hafa tekið vegmæla tveggja bifreiða úr sambandi, sem óhjákvæmilega hefði leitt til fjársvika, hefðu ákærðu komist á leiðarenda.

Þegar virða skal refsingu ákærðu, verður litið til þess, að margt í máli þessu bendir til nokkru sterkari brotavilja ákærða, Miroslav Peter Baly, en konu hans, ákærðu Gabriele Uth-Baly.

Refsing ákærða, Miroslav Peter Baly, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði og sekt kr. 300.000.00 í ríkissjóð.

Refsing ákærðu, Gabriele Baly, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði og sekt kr. 200.000.00 í ríkissjóð.

Rétt þykir að fresta fullnustu fangelsisrefsingar beggja í 3 ár frá dómsuppkvaðningu, enda haldi ákærðu hvort um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærðu sátu í gæsluvarðhaldi hvort um sig í 4 daga, og skal sá tími dreginn frá, ef refsing kemur til framkvæmda.

Sektir greiðist innan 4 vikna frá dómsbirtingu, ella sæti ákærði, Miroslav Peter Baly, varðhaldi í 5 mánuði, en ákærða, Gabriele Uth-Baly, varðhaldi 3 mánuði.

Upptæk skal gera til ríkissjóðs 8 fálkaegg, sem hald var lagt á við rannsókn málsins. Frekari heimild er ekki í 38. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. lög nr. 75, 1982, 47. gr., þar sem vísað er beint til 69. gr. almennra hegningarlaga og kveðið á um upptöku eggja og hagnaðar af ólöglegri eggjatöku. Þar er því tæmandi talið.

Ákærði, Miroslav Peter Baly, greiði réttargæslu- og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 20.000.00.

Verjandi ákærðu, Gabriele Uth-Baly, Guðmundur Jónsson hdl., hefur afsalað sér réttargæslu- og málflutningslaunum.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Ákærði, Miroslav Peter Baly, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærða, Gabriele Uth-Baly, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Fullnustu refsinga beggja skal fresta, og fellur refsing niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærðu hvort um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955. Komi refsing til framkvæmda, skulu dragast frá 4 gæsluvarðhaldsdagar hjá hvoru um sig.

Þá greiði ákærði, Miroslav Peter Baly, 300.000.00 króna sekt í ríkissjóð og ákærða, Gabriele Uth-Baly, kr. 200.000.00.

Í stað sektar komi varðhald, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu, hjá ákærða, Miroslav Peter Baly, 5 mánaða varðhald og hjá ákærðu, Gabriele Uth-Baly, 3 mánaða.

Upptæk skulu vera til ríkissjóðs 8 fálkaegg, sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Ákærði, Miroslav Peter Baly, greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 20.000.00, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 98/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurbirni Halldórssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds til þyngingar með stefnu 2. maí 1984, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. ágúst sl.

Samkvæmt nýjum gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, ákvað dómsmálaráðuneytið hinn 27. apríl 1984, að ákærða skyldu veitt ökuréttindi að nýju samkvæmt umsókn hans. Mun hinn áfrýjaði dómur, sem upp var kveðinn 17. s.m., þá ekki hafa verið orðinn kunnur ráðuneytinu. Vegna dómsins hefur ákærði ekki fengið afhent ökuskírteini sitt að nýju.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi framið þau brot, sem honum eru gefin að sök. Með því að aka bifreið ölvaður hefur hann brotið gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þar sem ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi, hefur hann með akstri sínum einnig brotið gegn 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga. Í ákæru hefur láðst að tilgreina lagastað, er svari til þessa ákæruatriðis, en þar sem verknaðarlýsing í ákæru er ótvíræð, má með heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 dæma ákærða áfall fyrir nefnt brot, enda hefur málið verið flutt fyrir Hæstarétti með tilliti til þess.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og sakaferli ákærða hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Þá ber skv. 81. gr. umferðarlaga að ákveða, að ákærði eigi að vera sviptur ökuréttindum ævilangt.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Halldórsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 17. apríl 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, 17.04. 1984, hefur höfðað ríkissaksóknari með ákæruskjali, útgefnu 3. apríl 1984, á hendur Sigurbirni Halldórssyni sjómanni, Lönguhlíð 22, Bíldudal, fæddum að Hóli í Suðurfjarðarhreppi 22. apríl 1960, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 11. febrúar 1984 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni B-296 um götur á Bíldudal, uns hann missti bifreiðina út fyrir veg við Dalbraut 42 þar í þorpinu.

Í ákæru er þetta talið varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þá er þess krafist í ákæru, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar rétti til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þeir, að kl. 11.00 laugardaginn 11. febrúar 1984 var óskað aðstoðar lögreglunnar á Patreksfirði vegna bifreiðarinnar B-296, sem reyndist vera utan vegar við Dalbraut 42 á Bíldudal, en eigandi bifreiðarinnar B-296 er ákærði í máli þessu. Lögreglan fór þegar á staðinn og handtók ákærða. Skýrði hann svo frá fyrir lögreglu, að hann hefði að kveldi 10. febrúar hafið neyslu áfengis og hafi hann síðar um kvöldið ekið bifreiðinni B-296. Ákærði kveðst hafa ekið um götur á Bíldudal, en um nóttina út af veginum móts við Dalbraut 42. Ákærði viðurkenndi að hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn.

Er ákærði kom fyrir sakadóm, þá skýrði hann á sömu lund frá málsatvikum.

Tekið var blóðsýni úr ákærða í umrætt sinn, merkt V-Barð. nr. 5, sem sýndi 0.78‰ alkóhóls í blóði.

Ákærði, sem er sakhæfur og er fæddur 22. apríl 1960 að Hóli, Suðurfjarðarhreppi, hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir.

1979 20/11 í Barðastrandarsýslu: Sátt 100.000 kr. sekt fyrir brot g. 2. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 8. mán. frá 23/8 1979.

1980 8/10 í Barðastrandarsýslu: Dómur: 270.000.00 kr. sekt. f. brot g. 2. mgr., 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 22/8 1980.

1980 7/11 í Barðastrandarsýslu: Sátt, 60.000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl. og 231 gr. hgl.

1980 30/12 í Barðastrandarsýslu: Sátt, 100.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl.

Með eigin viðurkenningu ákærða, og þar sem ekkert hefur komið fram, sem veikir hana, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæru.

Ákærði var sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi 8/10 1980. Var ákærði því sviptur ökuréttindum ævilangt, svo sem lýst er í ákæru þótt 1. mgr. 27. gr. umfl. sé ekki talið meðal ákvæða í ákæru, sem ákærði hafi brotið gegn. Þykir þrátt fyrir það ekki óvarlegt að dæma ákærða fyrir brot gegn því ákvæði, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu gerst brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 16.000 króna sekt, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna.

Samkvæmt 81. gr. umfl. ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Fulltrúi sýslumanns, Tryggvi Bjarnason, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Halldórsson, greiði 16.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna.

Ákærði skal vera sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 82/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Fjölni Má Baldurssyni
(Svala Thorlacius hrl.)

Nytjastuldur. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 12. mars 1984. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. júlí sl.

Fyrir Hæstarétti er leitt í ljós, að ákærði fékk gefið út ökuskírteini 9. febrúar 1979, en það gilti eigi lengur en til 9. febrúar 1980. Hafði hann því ekki fullgild ökuréttindi, er hann framdi brot sitt.

Sannað þykir með framburði ákærða og öðrum gögnum, að hann hafi aðfararnótt sunnudagsins 7. mars 1982 tekið bifreið í heimildarleysi og ekið henni ölvaður um götur Ísafjarðar. Í ákæru hefur láðst

að geta ártalsins, en dæma má ákærða áfall eigi að síður samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Heimildarlaus notkun bifreiðarinnar varðar við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, og ölvunaraksturinn við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. um refsingu 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var ákærði daginn eftir að hann framdi brot sín, eða 8. mars 1982, dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað. Ber nú skv. 60. gr. hegningarlaga að taka bæði málin fyrir og dæma þau í einu lagi. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

Mál þetta var þingfest í héraði 8. desember 1982, en eigi 1983, eins og segir í héraðsdómi. Kom ákærði þá fyrir dóm og gekkst skýlaust við brotum sínum. Var síðan ekkert aðhafst í málinu fyrr en 16. febrúar 1984, er það var dómtekið að ákærða fjarstöddum og dómur kveðinn upp. Verður að átelja þennan mikla drátt.

Dómsorð:

Ákærði, Fjölnir Már Baldursson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og um sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Svölu Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 16. febrúar 1984.

Mál þetta, sem þingfest var 8. des. sl. og dómtekið er í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómnum með ákæruskjali, dagsettu 19. október 1982, á hendur „Fjölni Má Baldurssyni, Hjallavegi 5, Ísafirði, fæddum 2. september 1961 þar í bæ, fyrir að taka í heimildarleysi bifreiðina Í-4562

og aka henni sunnudaginn 7. mars (sic) undir áhrifum áfengis úr Hrannargötu á Ísafirði um götur bæjarins og að Brúarnesti þar í bænum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956, 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Sunnudaginn 7. mars 1982, kl. 01:02, var lögreglan á Ísafirði í eftirlitsferð og ók Stofnbraut til norðurs. Veitti hún þá athygli bifreiðinni Í-4562, þar sem henni var ekið suður Stofnbraut. Aftan í bifreiðinni var kerra, þar sem sátu tveir menn. Lögerglan snéri við og veitti bifreiðinni eftirför að Brúarnesti, þar sem hún stöðvaði, í því að lögregluna bar þar að.

Lögreglan hafði tal af ökumanni bifreiðarinnar, ákærða Fjölni Má Baldurssyni. Þar sem sterkan áfengisþef lagði frá vitum ákærða og í samræðum við hann kom í ljós, að hann hefði tekið bifreiðina ófrjálsri hendi, var hann færður á lögreglustöðina á Ísafirði og þar fyrir varðstjóra, sem tók af honum skýrslu.

Bifreiðin Í-4562 var skráð fyrir þrjá farþega auk ökumanns, en farþegar í bifreiðinni umrætti sinn voru fimm.

Kl. 04:30 tók læknir blóðsýni úr ákærða til ákvörðunar á magni alkóhóls í blóði hans, sem merkt var ÍS-12-82.

Sunnudaginn 7. mars, kl. 13:45, gaf ákærði skýrslu fyrir lögreglunni. Ákærði skýrði þá svo frá, að hann hefði um kl. 03:00 sl. nótt, er hann var á gangi að loknum dansleik í Hrannargötu, veitt því athygli, að lyklar voru í kveikjulás bifreiðarinnar Í-4562, sem þar stóð. Ákærði kvaðst hafa farið inn í bifreiðina, sett hana í gang og ekið Hrannargötu út á Hafnarstræti og þaðan niður að höfn og síðan sömu leið til baka. Á móts við „Íssól" hafi hann séð nokkra kunningja sína og boðið þeim í bíltúr, sem þeir hafi þegið. Síðan kvaðst hann hafa ekið Hafnarstræti og þaðan inn Skutulsfjarðarbraut, uns lögreglan stöðvaði aksturinn við Brúarnesti.

Ákærði viðurkenndi fyrir lögreglu að hafa verið búinn að neyta áfengis, en gat ekki sagt til um magn þess, á dansleik þeim, sem hann var á til kl. 03:00, og að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn umrætt sinn.

Ákærði staðfesti framburð sinn fyrir lögreglu, fyrir sakadómi Ísafjarðar þann 8. des. 1982.

Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu í lyfjafræði, dags. 30. mars 1982, reyndist magn alkóhóls í blóðsýni merktu Í-12-82, vera 1.39‰.

Niðurstaða.

Með viðurkenningu ákærða á heimildarlausri töku bifreiðarinnar Í-4562 umrætt sinn og á neyslu áfengis undanfarandi akstri hennar, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er borinn í ákæru og þar er rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 10. febrúar 1984, hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1977		á Ísafirði: Uppvís að broti á 244. og 244. (sic) gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 17/3 '77.
1977		á Ísafirði: Uppvís að broti á 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 1/3 '77.
1980	5/4	á Ísafirði: Dómur: 150.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hgl., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. umfl.
1982	8/3	á Ísafirði: Dómur: 2 mán. fangelsi, skb. í 2 ár, f. brot g. 244. gr. alm. hgl. 19/1940.
1983	15/8	á Ísafirði: Sátt, 1.200 kr. sekt f. brot g. 21. gr., sbr. 33. gr. áfl.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 og 80. gr. umferðarlaga.

Þess skal getið, að dómurinn frá 5/4 1980 hefur ekki ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er til meðferðar, þar sem ákærði var ekki fullra 18 ára, er hann 21/1 1979 framdi brot það, sem þar er dæmt fyrir.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 25 daga varðhald og 12.000.00 kr. sekt í ríkissjóð. Ákveða þykir mega, að fullnustu varðhaldsrefsingar skuli fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 verður haldið.

Ákærða ber að inna sektargreiðsluna af hendi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti hann varðhaldi í 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem þar greinir, í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, sbr. 141. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði, Fjölnir Már Baldursson, sæti varðhaldi í 25 daga, en fullnustu varðhaldsrefsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 ár-

um frá lögbirtingu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði skal greiða kr. 12.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 83/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Erlingi Hjálmarssyni
(Svala Thorlacius hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds til þyngingar með stefnu 12. mars 1984, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. júlí sl.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms. Þar sem alkóhól í blóði ákærða mældist 0.76‰, hefur hann með akstri sínum brotið gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og þar sem hann hafði verið sviptur ökuleyfi, hefur hann einnig brotið gegn 27. gr., sbr. 81. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54/1976 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin varðhald 25 daga.

Staðfesta ber sakarkostnaðarákvæði héraðsdóms og dæma

ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Erlingur Hjálmarsson, sæti varðhaldi 25 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Svölu Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 18. nóvember 1983.

Mál þetta, sem þingfest var þann 1. mars 1983 og dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 10. janúar 1983, höfðað á hendur Erlingi Hjálmarssyni kennara, Engjavegi 15, Ísafirði, fæddum 4. ágúst 1953 á Akranesi, „fyrir að aka, mánudaginn 1. ágúst 1982, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni A-1926 frá Akureyri áleiðis til Bárðardals uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn á þjóðveginum í Ljósavatnsskarði.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Mánudaginn 1. ágúst 1982, er lögreglan á Húsavík var á eftirlitsferð við Vaglaskóg, veitti hún athygli bifeiðinni A-1926, þar sem henni var ekið á undan lögreglubifreiðinni leiðina frá Vaglaskógi að þjóvegi nr. 1, þar sem henni var beygt, án þess að stefnuljós væri gefið. Lögreglan veitti bifreiðinni eftirför og stöðvaði akstur hennar. Virtist henni ökumaður bifreiðarinnar, ákærði Erlingur Hjálmarsson, vera undir áhrifum áfengis og var hann látinn blása í öndunarsýnisblöðru, sem sýndi 3ja stig. Ákærði var þá fluttur á lögreglustöðina á Húsavík, þar sem læknir tók úr honum blóðsýni til ákvörðunar á magni alkólhóls í blóði hans. Var blóðsýnið merkt Hú-23/82.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá rannsóknarlögreglunni á Ísafirði (sic) þann 3. desember 1982. Ákærði skýrði þá svo frá, að hann hafi sunnudagskvöldið 31. júlí farið á dansleik í Sjálfstæðishúsinu á Akureyri, þar sem

hann hafi verið að drekka áfengi, þar til dansleiknum lauk. Eftir dansleikinn kvaðst hann hafa farið til kunningja síns að Eikarlundi 1, Akureyri, þar sem hann hafi sofið það, sem eftir var nætur. Um kl. 16:00-17:00 næsta dag kvaðst hann hafa fengið bifreiðina A-1926 lánaða hjá kunningja sínum, þar sem hann hafði í hyggju að aka til Bárðardals. Hann hafi síðan farið af stað og ekið sem leið liggur áleiðis þangað, þar til hann var stöðvaður af lögreglu á Fnjóskárafleggjaranum inn á þjóðveg nr. 1. Ákærði kvaðst ekkert áfengi hafa drukkið frá því á dansleiknum nóttina áður og ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði staðfesti þessa frásögn sína fyrir sakadómi Ísafjarðar þann 1. mars sl. er honum var birt ákæran í máli þessu.

Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 10. ágúst 1982, reyndist magn alkóhóls í blóðsýni, merktu Hú-23/82, vera 0.76‰.

Niðurstaða.

Sannað þykir með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum þessa máls, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru, og varðar hún við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Samkvæmt sakavottorði, dagsettu 13. október 1982, staðfestu í nóvember 1983, hefur ákærði sætt eftirtöldum refsingum:

1979 6/2 í Reykjavík. Sátt, 100.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 15/12 1979.

1981 8/10 í Reykjavík. Dómur: 4.500 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirt. 12/5 1982.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Þykir refsing með hliðsjón af dómssáttinni frá 6. febrúar 1979 og dóminum frá 8. október 1981 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin 30 daga varðhald. Rétt þykir að láta ákærða njóta ákvæðis 57. gr. a, alm. hgl. nr. 19/1940 og skilorðsbinda refsingu ákærða, þannig að frestað skuli fullnustu varðhaldsrefsingarinnar og hún niður falla að 3 árum liðnum frá 18. nóvember 1983 að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, sbr. 1. mgr. 141. gr. l. nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Erlingur Hjálmarsson, sæti 30 daga varðhaldi, en fullnustu varðhaldsrefsingar skal frestað og hún niður falla að 3 árum liðnum frá 18. nóvember 1983 að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 84/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Gunnsteini Jónssyni
(Svala Thorlacius hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds til þyngingar með stefnu 12. mars 1984, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. júlí sl.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að refsing ákærða ákveðst 45 daga varðhald óskilorðsbundið.

Ákærða ber að dæma til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnsteinn Jónsson, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns, Svölu Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 21. nóvember 1983.

Mál þetta, sem þingfest var hinn 10. júní sl. og dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 4. febrúar 1983, höfðað á hendur Gunnsteini Jónssyni, Hlíðarvegi 34, Ísafirði, fæddum 20. ágúst 1961 „fyrir að aka, aðfaranótt laugardagsins 16. október 1982, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni Í-1231 frá Hlíðarvegi 34 á Ísafirði og um götur kaupstaðarins, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Hafnarstræti.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Aðfaranótt laugardagsins 16. október 1982 stöðvaði lögreglan á Ísafirði bifreiðina Í-1231 í Hafnarstræti. Ökumaður reyndist vera ákærði í máli þessu. Hjá lögreglumönnunum vaknaði grunur um, að hann væri ölvaður, og var hann færður á lögreglustöðina. Þar gaf ákærði skýrslu fyrir varðstjóra kl. 05:42. Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni Í-1231. Hann kvaðst hafa drukkið eina flösku af íslensku brennivíni á dansleik í Sjálfstæðishúsinu fyrr um kvöldið, en kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Að lokinni skýrslutöku kl. 05:53 tók læknir úr ákærða blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Blóðsýnið var merkt ÍS-66-82. Samkvæmt vottorði frá Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 2. nóvember 1982, reyndist magn alkóhóls í blóðsýni þannig merktu vera 1.55‰.

Ákærði bar á sama veg fyrir rannsóknarlögregulunni á Ísafirði (sic) þann 1. desember 1982, nema hvað hann viðurkenndi þar að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði staðfesti framburð sinn hjá rannsóknarlögreglu fyrir sakadómi Ísafjarðar þann 10. júní 1983, er honum var birt ákæran í máli þessu. Ákærði kannaðist við, að ákæran varðaði sig, þrátt fyrir að hann gerði athugasemd um, að húsnúmer væri rangt greint í ákæru, og kvað háttsemi sinni þar rétt lýst. Gögn málsins voru þá og borin undir ákærða, og kvaðst hann ekkert hafa við þau að athuga.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða, skýrslum lögreglunnar og niðurstöðu alkóhólákvörðunar þykir fram komin full sönnun fyrir því, að ákærði hafi gerst

sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dags. 20.10. 1982, staðfestu 16.11. 1983, hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1977 á Ísafirði: Uppvís að broti gegn 244. gr. hgl. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 17/3 1977.

1977 á Ísafirði: Uppvís að broti gegn 244. gr. hgl. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 1/3 1977.

1981 9/5 á Ísafirði: Sátt, 1000.- kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 9/5 1981.

1981 12/5 á Ísafirði: Dómur: 3.500.- kr. sekt og 30 daga varðhald, skilorðsbundið í 2 ár frá 15/6 1981, fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hgl., 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 9/8 1981.

Dómurinn frá 12/5 1981 hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Með broti því, sem hér er ákært fyrir, hefur ákærði rofið skilorð dómsins frá 12/5 1981. Ber því samkvæmt ákv. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að ákveða ákærða refsingu í einu lagi fyrir brot þau, sem dómurinn frá 12/5 1981 fjallar um, og þau, sem ákærði er dæmdur fyrir í máli þessu. Ber að tiltaka refsinguna samkvæmt 1. mgr. 77. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, og þykir hún hæfilega ákveðin 40 daga varðhald.

Þykir eftir atvikum rétt að láta ákærða njóta ákvæða 57. gr. a (sic), alm. hgl. nr. 19/1940 og skilorðsbinda refsingu ákærða þannig, að fresta skuli fullnustu varðhaldsrefsingar ákærða og hún falli niður að 3 árum liðnum frá 21. nóvember 1983, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl..

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, þ.m.t. ákvæði um ítrekunaráhrif, ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt, og gildir sviptingin frá 01.12. 1982, er ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, samanber 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnsteinn Jónsson, sæti varðhaldi í 40 daga, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 3 árum liðnum frá

21. nóvember 1983 að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði skal sæta sviptingu ökuréttinda ævilangt frá 1. desember 1982 að telja.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 137/1982. **Ögurvík h/f**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Ólafi Bjarnfreðssyni
(Hjörtur Torfason hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Einar Ingimundarson, sýslumaður og bæjarfógeti.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1982. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að stafesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 11.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ögurvík h/f, greiði stefnda, Ólafi Bjarnfreðssyni,

11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 23. mars 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ.m., er höfðað með stefnu, útgefinni 4. febrúar 1980.

Stefnandi er Ólafur Bjarnfreðsson sjómaður, Kleppsvegi 56, hér í borg.

Stefndi Ögurvík h/f, Týsgötu 1 hér í borg.

Endanlegar dómkröfur stefndanda:

Að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 4.550.54 með 16% ársvöxtum af kr. 706.64 frá 5. apríl 1975 til 5. nóvember 1976, en af kr. 4.550.54 frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda:

Að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Krafa stefnanda er byggð á því, að á starfstíma sínum hjá stefnda hafi hann tvisvar þurft að leggjast á sjúkrahús vegna gamalla meiðsla. Hafi hann af þeim sökum verið frá vinnu 23. mars til 15. apríl 1975 og 5. október til 29. nóvember 1976. Læknismeðferð sú og endurhæfing, sem hann hafi hlotið, á meðan hann dvaldist á sjúkrahúsi greind tímabil, hafi átt rætur að rekja til slyss, sem hann hafi orðið fyrir haustið 1972, eftir að hann réðst til stefnda, en áður en hann hóf starf sitt. Hafi fyrirsvarsmönnum stefnda verið fullkunnugt um slysið. Að lokinni sjúkrahúsvist eftir slysið hafi hann verið talinn vinnufær af læknum. Hafi stefnandi svo starfað óslitið hjá stefnda og starfi enn við höfðun málsins.

Er því haldið fram, að samkvæmt ákvæði 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 eigi stefnandi rétt á launum úr hendi stefnda, á meðan hann var frá vinnu í þessum veikindaforföllum. Hafi stefnandi í báðum tilvikum verið haldinn sjúkdómi í skilningi greinds lagaákvæðis.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að dvöl stefnanda á sjúkrahúsi greind tímabil hafi verið til endurhæfingar vegna slyss, sem hann varð fyrir, áður en hann réðst til stefnda og starfaði hjá öðrum vinnuveitanda. Verði að miða upphaf ráðningartíma stefnanda við lögskráningu hans á bv. Ögra. Við umrætt slys hafi stefnandi hlotið varanlega örorku og sé fráleitt að stefnda beri að greiða vinnutjón stefnanda við að leita úrbóta á henni. Hafi skipstjóranum, sem réð stefnanda, verið ókunnugt um, að hann þyrfti síðar að fara á sjúkrahús til frekari aðgerða. Af framangreindum ástæðum sé

ekki fullnægt skilyrðum 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga, að stefnandi hafi orðið óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hafi orðið fyrir á ráðningartímanum.

Stefnandi hlaut varanlega örorku af völdum slyss þess, sem hann varð fyrir 11. september 1972. Hann höfðaði skaðabótamál til heimtu bóta úr hendi vinnuveitanda þess, sem hann starfaði hjá þá. Var vinnuveitandinn sýknaður af kröfum stefnanda með dómi, uppkveðnum 13. apríl 1981.

Niðurstaða.

Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnda, að ekki sé byggt á því, að stefnandi hafi leynt því, er hann réðst til starfa hjá stefnda, að hann hafði orðið fyrir umræddu slysi.

Brynjólfur Gunnar Halldórsson skipstjóri hefur skýrt svo frá því, að hann hafi verið búinn að gefa stefnanda vilyrði fyrir skipsrúmi á skipi sínu, er það kæmi til landsins. Nokkur töf hafi orðið á því, að skipið kæmi, og hafi stefnandi ráðið sig til vinnu við kartöfluupptöku, á meðan hann beið. Hann hafi vitað, að stefnandi hafi orðið fyrir slysi við þá vinnu. Hafi af þeirri ástæðu orðið nokkur töf á, að stefnandi gæti komið til skips. Stefnandi hafi svo sagst vera orðinn vinnufær að dómi lækna og hafi hann þá ráðið stefnanda. Hafi hann ekki vitað, að stefnandi þyrfti síðar að fara til frekari læknisaðgerða. Stefnandi hafi svo farið í sjúkrahús á árunum 1975 og 1976 og hafi átt að laga handlegginn, sem skaddast hafði við slysið.

Það er ekki annað fram komið en að stefnandi hafi verið talinn vinnufær af læknum þeim, sem önnuðust hann, er hann réðst til starfa hjá stefnda. Er ekki fram komið, að þá hafi verið ráðgerðar aðgerðir síðar til úrbóta á meiðslum hans af völdum slyssins, sem hann varð fyrir 11. september 1972.

Samkvæmt framburði Brynjólfs skipstjóra hefur stefnandi gengt störfum sínum um borð í skipi hans fullkomlega.

Stefnandi hefur skýrt frá því, að er hann leitaði til lækna á árunum 1975 og 1976, hafi meiðslin verið farin að há sér við vinnu.

Samkvæmt því, sem fram er komið, vistaðist stefnandi í sjúkrahús greind tímabil á árunum 1975 og 1976 til að láta kanna, hvort hægt væri að bæta úr sjúklegu ástandi, sem var afleiðing slyss þess, sem hann varð fyrir, áður en hann kom til skips og var lögskráður á skip stefnda.

Ákvæði 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga taka til þess, er sjómaður verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartímanum stendur.

Samkvæmt 4. mgr. 18. gr. greindra laga á skipverji ekki rétt á kaupi fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur þagað sviksamlega um við ráðningu sína. Frá þessu ákvæði

þykir mega gagnálykta, að skipverji eigi rétt á kaupi þann tíma, sem ákveðinn er í 3. mgr., þótt hann sé óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur hlotið, áður en hann réðst til skipsrúms, ef hann skýrir frá þessu líkamsástandi sínu.

Stefnandi skýrði Brynjólfi skipstjóra frá slysinu. Samkvæmt því og með vísan til þess, sem áður hefur verið rakið, á stefnandi rétt til kaups framangreind tímabil.

Fjárhæð endanlegrar dómkröfu stefnanda hefur ekki sætt tölulegum andmælum, og verður hún því tekin til greina. Verður stefnda gert að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, sem ekki hafa sætt sérstökum andmælum, og ákveðast þeir 16% ársvextir af kr. 706.64 frá 5. apríl 1975 til 5. nóvember 1976, en af kr. 4.550.54 frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til þingfestingardags, 22. febrúar 1980, 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s.á., 35% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvextir frá þeim degi til uppkvaðningar dóms í málinu og síðan dómvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 3.500.00 í málskostnað.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hauki Kristjánssyni yfirlækni.

Dómsorð:

Stefndi, Ögurvík h/f, greiði stefnanda, Ólafi Bjarnfreðssyni, kr. 4.550.54 með 16% ársvöxtum af kr. 706.64 frá 5. apríl 1975 til 5. nóvember 1976, af kr. 4.550.54 frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 22. febrúar 1980, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 23. mars 1982 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 3.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. desember 1984.

Nr. 105/1983. **Haraldur Árnason**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Ingva Óðinssyni
(Helgi V. Jónsson hrl.)

Samningar. Félag. Framkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 sama dag. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó með þeirri breytingu, að vextir af hinni dæmdu fjárhæð verði ákveðnir 4.75% mánaðarvextir frá 3. mars 1981 til 1. júní s.á., 4.5% mánaðarvextir frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% mánaðarvextir frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 5% mánaðarvextir frá þeim degi til 21. október 1983, 4.75% mánaðarvextir frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 4% mánaðarvextir frá þeim degi til 21. desember s.á., 3.25% mánaðarvextir frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2.5% mánaðarvextir frá þeim degi til 1. september s.á., og 2.75% mánaðarvextir frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Af þeim ástæðum, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber á það að fallast, að áfrýjanda hafi verið skylt gagnvart stefnda að greiða að hluta reikning þann vegna byggingar Núpasíðu 8, sem mál þetta er risið af. Og þar sem enginn ágreiningur er um það, að skipta eigi reikningsfjárhæðinni að jöfnu milli aðilja, ef áfrýjandi verður á annað borð talinn gagnvart stefnda meðábyrgur fyrir rekstri Hamars s/f, og þar sem ekki er neinn tölulegur ágreiningur um fjárhæð stefnukröfunnar að öðru leyti, þá ber að staðfesta hinn

áfrýjaða dóm, þó þannig, að vextir af dæmdri fjárhæð verði 42% ársvextir frá 25. mars 1981 til 1. júní s.á., 37% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 45% ársvextir frá þeim degi til 21. september 1983, 37% ársvextir frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvextir frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af dæmdri fjárhæð verði 42% ársvextir frá 25. mars 1981 til 1. júní s.á., 37% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 45% ársvextir frá þeim degi til 21. september 1983, 37% ársvextir frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvextir frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Haraldur Árnason, greiði stefnda, Ingva Óðinssyni, 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 29. október 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. október s.l., hefur Ingvi Óðinsson, Grundargerði 7 D, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 7. apríl 1981, á hendur Haraldi Árnasyni, Vallargerði 2 F, Akureyri. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 11.140.10 auk 4.75% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 03.03.1981 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómsins.

Helstu málsatvik eru þau, að í ársbyrjun 1978 hófust viðræður milli stefnanda og Rögnvalds Reynissonar um stofnun byggingafyrirtækis til að

reisa hús. Síðar tók stefndi þátt í þessum viðræðum. Varð niðurstaðan sú, að fyrirtæki með nafninu Hamar s/f var stofnað og tilkynnt til firmaskrá Akureyrar með tilkynningu, dagsettri 1. maí 1978, þar sem aðiljar að því voru tilkynntir Rögnvaldur Reynisson og stefnandi, en stefndi taldi sig ekki geta tekið þátt í stofnuninni á þeim tíma sökum starfa sinna hjá Akureyrarbæ. Ekki var gerður skriflegur félagssamningur. Fyrirtækið Hamar s/f hóf þegar byggingastarfsemi bæði sem verktaki og byggingaraðili eigin íbúða til sölu. Tók fyrirtækið m.a. að sér smíði íbúða fyrir aldraða á vegum Akureyrarbæjar samkv. tilboði, ennfremur hófu þeir smíði tveggja raðhúsa á eigin vegum, Núpasíðu 6 og Núpasíðu 8. Með tilkynningu til firmaskrár Akureyrar, dagsettri 1. júlí 1979, tilkynnti Rögnvaldur Reynisson, að hann hefði hinn 1. janúar það ár gengið úr firmanu byggingaverktakinn Hamar s/f og væru skuldbindingar firmans eftir þann tíma honum óviðkomandi.

Frá upphafi og fram til þessa tíma hafði stefndi unnið að málefnum fyrirtækisins ásamt stefnanda og Rögnvaldi Reynissyni. Þegar Rögnvaldur Reynisson gekk úr firmanu var hugmynd þeirra félaga, að stefndi gerðist formlegur aðili að firmanu, og fóru fram viðræður um það. Á þessum tíma varð stefndi hins vegar afhuga aðild að firmanu, og lauk málum svo, að stefndi hætti afskiptum sínum af því. Í ljós kom, að rekstur firmans hafði á þessum tíma gengið illa, og var tap á verkum þess, svo sem byggingu íbúðanna fyrir aldraða og smíði raðhúsanna. Vildi stefnandi ekki una því að bera tap þetta einn, og fóru fram viðræður milli hans og stefnda um þátttöku stefnda í tapinu. Samkomulag tókst ekki með aðiljum, og hefur stefnandi höfðað mál þetta til að fá úr því skorið, hvort stefndi beri ábyrgð á rekstri firmans á framangreindu tímabili sem meðeigandi í því, og er það úrlausnarefnið í þessu máli.

Fjárhæð sú, sem stefnt er til greiðslu á, er samkvæmt reikningum, sem stefnandi hefur greitt vegna Núpasíðu 8, og er ekki ágreiningur um, að stefnda beri að greiða fjárhæð þessa, verði hann talinn hafa verið meðábyrgur fyrir rekstri framangreinds firma. Þá eru aðiljar sammála um, að miða beri við helmingsábyrgð þeirra hvors um sig, þannig að hlutdeild áðurnefnds Rögnvalds Reynissonar í rekstrinum sé máli þessu óviðkomandi.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi þegar í upphafi gerst meðeigandi að fyrirtækinu, þótt ekki kæmi hann fram formlega fyrst í stað sökum starfa sinna hjá Akureyrarbæ. Það hafi hins vegar verið ákveðið, að stefndi kæmi formlega inn í félagið síðar. Stefndi hafi frá upphafi starfað við fyrirtækið sem eigandi þess, hann hafi tekið þátt í ákvörðunum og lagt félaginu til vinnu, peninga og ábyrgðir gagnvart skatti. Hafi hann talið sig meðeiganda í fyrirtækinu og verið skattlagður sem slíkur. Beri öll afskipti stefnda af fyrirtækinu þess vott, að hann hafi í raun verið meðeigandi þess. Beri

honum því að sínum hluta að standa undir því tapi, er á fyrirtækinu varð, og er krafa stefnanda í máli þessu á því reist.

Stefndi viðurkennir, að í upphafi hafi hann ætlað að gerast meðeigandi í fyrirtæki stefnanda og haft áhuga á því allt fram á árið 1979, er hann varð því afhuga. Hann hafi hins vegar aldrei gerst meðeigandi og aldrei undirritað nein skjöl í þá veru. Hafi hann verið starfsmaður Tækniteiknistofunnar og hafi vinna sú, er hann innti a hendi í þágu fyrirtækisins, verið vinna á vegum Tækniteiknistofunnar, sem selt hafi stefnanda bæði teiknivinnu og ráðgjafaþjónustu. Séu skuldbindingar fyrirtækis stefnanda sér því allsendis óviðkomandi, og er sýknukrafa stefnda á þessu reist.

Eins og að framan er rakið, tók stefndi þátt í viðræðum stefnanda og Rögnvalds Reynissonar um stofnun téðs fyrirtækis, og er það viðurkennt af stefnda, að ástæðan fyrir því, að hann gerðist ekki formlegur meðaðili í upphafi, hafi verið störf hans hjá Akureyrarbæ á þeim tíma. Ennfremur hefur stefndi viðurkennt að hafa ætlað að gerast formlegur meðeigandi síðar, eða þegar hann hætti störfum hjá Akureyrarbæ, en horfið frá því. Fram er komið í málinu, að stefndi annaðist margháttuð störf í þágu fyrirtækisins auk þess að taka þátt í ákvörðunum með stefnanda um málefni þess. Má þar nefna alla teiknivinnu, undirbúning að útboðum, samningsgerð, bæði að því er varðaði verksamninga og samninga um sölu íbúða, sem fyrirtækið byggði, svo og verðlagningu þeirra. Þá er fram komið, að stefndi hafði á hendi fjárreiður fyrir fyrirtækið, tók m.a. við greiðslum fyrir þess hönd og ráðstafaði þeim að einhverju leyti. Fram er komið, að stefndi lánaði fyrirtækinu fé. Þá veðsetti stefndi fasteign sína, Vallargerði 2 F, Akureyri, fyrir fjárhæð gkr. 6.000.000 til tryggingar verksamningi firmans við Akureyrarbæ. Ennfremur veðsettu þeir í félagi, stefnandi og stefndi, fasteignir sínar til tryggingar láni gkr. 8.000.000, sem firmað tók í Landsbanka Íslands. Þá er upplýst, að stefndi kom fram fyrir firmans hönd gagnvart Valtý Hreiðarssyni, sem annaðist bókhald fyrir félagið, og kveðst Valtýr hafa litið á hann sem einn af eigendum fyrirtækisins, og undirritaði stefndi skattframtal félagsins árið 1980, þar sem gefið er upp, að hann sé eigandi að helmingi í fyrirtækinu. Fyrirtækið varð hins vegar aldrei sjálfstæður skattaðili, og fóru fram bréfaskipti milli skattstofunnar og stefnda út af því, sem enduðu með því, að hann var persónulega skattlagður sem helmingseigandi í fyrirtækinu, að því er virðist án þess að gera við það nokkrar athugasemdir.

Þegar litið er til þess, sem nú hefur verið rakið, svo og annarra gagna málsins, sem eru í samræmi við það, þykir sannað að stefndi hafi með óformlegum hætti gerst eignaraðili að nefndu fyrirtæki, og ber hann ábyrgð á skuldbindingum þess samkvæmt því á þeim tíma, sem hér um ræðir, og breytir þar engu um, þótt ekki hafi verið send um það formleg tilkynning

til firmaskrár og eigi hafi verið gerður skriflegur félagssamningur, eins og áður er rakið. Ber samkvæmt því og með vísan til þess, sem áður er rakið um samkomulag aðilja um kröfufjárhæð og hlutdeild aðilja í fyrirtækinu, að taka kröfu stefnanda til greina að fullu, þó þannig, að vextir verða dæmdir í samræmi við breytingar á vöxtum frá útgáfu stefnu, þótt þeim hafi eigi sérstaklega verið mótmælt, þ.e. 4.75% mánaðarvöxtum (sic) frá 3. mars 1981 til 1. júní 1981, 4.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 20. apríl 1982, en 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum þykir eiga að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 6.500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Haraldur Árnason, greiði stefnanda, Ingva Óðinssyni, kr. 11.140.10 ásamt 4.75% mánaðarvöxtum frá 3. mars 1981 til 1. júní s.á., 4.5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20. apríl 1982, en 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, og kr. 6.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. desember 1984.

Nr. 85/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Reyni Gunnarssyni
(Jón Kr. Sólnes hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Erlingur Óskarsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds til

þyngingar með stefnu 20. mars 1984, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. ágúst sl.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsing verður ákveðin fangelsi 4 mánuði, skilorðsbundið 2 ár.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Reynir Gunnarsson sæti fangelsi 4 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Siglufjarðar 27. desember 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákæruvaldinu með ákæru, útgefinni 29. apríl 1983, af ríkissaksóknara á hendur Guðmundi Reyni Gunnarssyni bifreiðarstjóra, Fossvegi 11 á Siglufirði, fæddum 28. ágúst 1949 á Urriðaá, Ytri-Torfustaðahreppi í Vestur-Húnavatnssýslu, fyrir að hafa fimmtudaginn 26. ágúst 1982 eða daginn eftir stolið kr. 31.534.86 úr afgreiðslukassa pósthússins á Siglufirði og með því að hafa laugardaginn 12. febrúar 1983 stolið peningakassa, sem í voru allt að 40.000.00 krónum í peningum og tékkum úr Bílastöðinni, Hvanneyrarbraut 29, Siglufirði.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1971 14/7 í Vestur-Hún: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 6. gr., 3. mgr. 16. gr. 18. gr. og 46. gr. áfengisl. og 2. mgr. 61. gr. l. um tollheimtu og tolleftirlit.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 12. febrúar 1983, kl. 19.50, kom á lögreglustöðina á Siglufirði Ingimar Þorláksson, forstöðumaður Bílastöðvar Siglufjarðar, og

skýrði frá því, að þá fyrr um daginn hefði peningakassi með peningum og tékkum í horfið úr peningaskáp í skrifstofu stöðvarinnar.

Við eftirgrennslan kom í ljós, að ákærði í máli þessu hafði þennan sama dag fengið leyfi til þess að nota síma, sem staðsettur er í skrifstofu stöðvarinnar. Í stað þess að nota símann stal ákærði peningakassanum og öllu, sem í honum var, úr peningaskápnum. Eftir verknaðinn hvarf ákærði af vettvangi um bakdyr stöðvarinnar, án þess að til hans sæist, í bifreið sína F-797, sem stóð við bakdyrnar. Að því búnu ók ákærði sem leið liggur heim til sín að Fossvegi 11 og kom kassanum fyrir á háalofti í húsinu. Peningakassinn fannst síðar í vörubifreiðinni F-137, sem ákærði er ökumaður á. Eftir að ákærði hafði játað verknaðinn, skilaði hann peningakassanum og öllu, sem í honum var og ákærði hafði ekki notað í eigin þágu, sem voru um 4.400.00 krónur, en þær hefur ákærðu nú endurgreitt, eins og dómskj. nr. 5 ber með sér. Við yfirheyrslu hjá lögreglunni þann 16. febrúar sl. játaði ákærði að hafa áður framið slíkan verknað.

Féll nú grunur á, að ákærði hefði verið valdur að peningastuldi í pósthúsinu á Siglufirði fimmtudaginn 26. ágúst eða föstudaginn 27. ágúst 1982.

Við yfirheyrslur í sakadómi Siglufjarðar þann 16. febrúar 1983 játaði ákærði að hafa verið valdur að þjófnaðinum í pósthúsinu umrætt sinn. Ákærði kvaðst hafa komið í pósthúsið föstudaginn 27. ágúst sl. að loknum vinnudegi, um kl. 16.00, til þess að sækja böggul. Í afgreiðslunni hafi verið ein stúlka og þegar hún hefði brugðið sér frá til þess að sækja böggulinn, hafi ákærði teygt sig yfir afgreiðsluborðið og tekið peninga úr peningaskúffu, sem stúlkan hafi skilið eftir opna, 30.000.00 krónur. Við svo búið hafi ákærði farið úr pósthúsinu. Peningana notaði ákærði síðan í eigin þágu.

Álit dómsins.

Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið, svo og með vísan til játningar ákærða verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í báðum liðum ákæruskjalsins. Brot ákærða er í ákæruskjalinu réttilega færð undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákvörðun refsingar.

Með vísan til þess, að ákærði hefur átt við taugaveiklun að stríða frá unga aldri, að hann stundar fulla vinnu og hefur fyrir fjölskyldu að sjá, og með vísan til 1. mgr. 8. tl. 74. gr. og 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að liðnum 2 árum frá

uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Reynir Gunnarsson, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. desember 1984.

Nr. 198/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Lee Reyni Freer
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1984 eftir ósk ákærða, Lee Reynis Freer, og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Málinu er eigi áfrýjað að því er varðar meðákærðu í héraði, en hún vildi una héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 22. f.m.

Fram hefur komið fyrir Hæstarétti, að ákærði hefur greitt fébætur þær, sem hann var dæmdur til að greiða með héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er ákærða varðar, þó svo, að refsing ákærða er hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Ákærða ber að dæma til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Lee Reynir Freer, sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. ágúst 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 22. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 406-407/1984: Ákæruvaldið gegn Lee Reyni Freer og Þ sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 5. júlí 1984, gegn ákærðu, Lee Reyni Freer, refsifanga á Litla-Hrauni, fæddum 3. ágúst 1945 í Reykjavík og Þ, „fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot framin í Reykjavík á árinu 1984:

I.

Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 16. maí 1984 brotist inn í íbúð á 2. hæð hússins nr. 2 við Grettisgötu og stolið þar 1.500 krónum og hljómflutningstækjum, plötuspilara, útvarps- og segulbandstæki, magnara, tónjafnara og tveim heyrnartækjum.

II.

Ákærða Lee Reyni er einum gefið að sök:

1) Að hafa aðfaranótt sunnudagsins 15. apríl 1984 brotist inn í risíbúð að Grettisgötu 56A og stolið þar 11.000 krónum.

2) Aðfaranótt mánudagsins 7. maí brotist í þjófnaðarskyni inn í íbúð að Egilsgötu 20 og leitað þar að fjármunum, en horfið síðan af vettvangi vegna mannaferða.

3) Framangreinda nótt brotist í þjófnaðarskyni inn í íbúðir hússins nr. 11 við Leifsgötu, en lögreglumenn komu að honum á vettvangi.

Telst framangreint atferli ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningar-

laga nr. 19, 1940, en háttsemin samkvæmt ákæruliðum II 2 og II 3 við 244. gr. sbr. 20. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og ákærði Lee Reynir jafnframt til greiðslu skaðabóta."

I.

Aðfaranótt miðvikudagsins 16. maí sl. braust ákærði, Lee Reynir Freer, inn í íbúð á 2. hæð hússins nr. 2 við Grettisgötu með því að fara inn um eldhúsglugga, sem hann reif festingu úr. Húsráðandi var sofandi í íbúðinni, er þetta var. Ákærði Lee Reynir sló þar eign sinni á sambyggt hljómflutningstæki af gerðinni Marantz, þ.e. útvarps- og segulbandstæki, plötuspilara, magnara, tónjafnara svo og tvö heyrnartæki. Hljómflutningstækin voru í skáp, sem ákærði hafði á brott með sér. Einnig stal ákærði kr. 1.500 úr seðlaveski, sem var í fötum í svefnherbergi, þar sem húsráðandi svaf. Á meðan ákærði fór inn í íbúðina, beið meðákærða fyrir utan húsið. Lét ákærði meðákærðu hafa framangreinda peninga, sem fundust á henni við handtöku, en ákærðu voru handtekin skammt frá innbrotsstað. Peningarnir og framangreind hljómflutningstæki komust til skila.

Ákærði, Lee Reynir, hefur viðurkennt framangreindan verknað. Hann kvaðst hafa verið með vinkonu sinni, meðákærðu, umrædda nótt, og voru þau peningalaus. Kom honum þá í hug að brjótast inn. Meðákærða hafi ekki tekið þátt í innbrotinu, en beðið úti á meðan. Ákærða hafi að þrábeiðni hans tekið við peningunum, þegar hann kom út, og falið þá.

Ákærða Þ kvaðst hafa verið með meðákærða Lee Reyni þess nótt. Hann hafi brotist inn á 3 - 4 stöðum, en ekki vissi hún til, að hann hefði haft fémæti upp úr því nema í síðasta húsinu. Þar stóð hún á bak við húsið, meðan ákærði braust inn um glugga. Hann hafi komið þaðan út með stóra hljómflutningssamstæðu. Auk þess hafi hann látið hana hafa 1.500 kr. í peningum. Tækin hafi þau ætlað að eiga. Þau hafi verið á leið frá húsinu og ætlað að ná sér í leigubifreið, þegar þau voru handtekin. Ákærða kvaðst hafa hitt ákærða á skírdag og þau hafi verið saman síðan. Hún hafi ekki fastan samastað, en hafi mest dvalið á geðdeild Landspítalans.

Engar bótakröfur voru lagðar fram vegna málsins.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þau hafi gerst sek um þann verknað, sem þau eru ákærð fyrir í þessum lið ákæru, og varðar verknaður þeirra beggja við 244. gr. alm. hegningarlaga.

II.

Aðfaranótt sunnudagsins 15. apríl sl. fór ákærði í heimildarleysi inn um kjallaraglugga hússins nr. 56 A við Grettisgötu. Úr stigagangi hússins fór

hann inn í ólæsta risíbúð og stal þar um 11.000 kr. í peningum úr tösku í forstofu og seðlaveski, sem var í svefnherbergi, þar sem stúlka var sofandi. Af peningunum komust kr. 7.870 til skila. Ákærði hefur að auki greitt kæranda kr. 500. Ákærði hefur samþykkt að greiða Ingu Þöll Þórgnýsdóttur kr. 2.630 í skaðabætur.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um framangreindan verknað, sem varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

III.

Aðfaranótt mánudagsins 7. maí sl. braust ákærði inn í húsið Egilsgötu 20 með því að brjóta upp glugga í þvottahúsi. Ákærði hugðist finna eitthvað fémætt, en áður en til þess kom, vaknaði húsráðandinn, sem var kona, við að ákærði var kominn inn í svefnherbergi hennar.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreindur verknaður hans sannaður, og varðar hann við 244. gr., sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga.

IV.

Sömu nótt var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að maður væri að reyna að komast inn í íbúðir að Leifsgötu 11. Lögreglumenn handtóku ákærða í húsinu. Hafði hann komist inn um glugga í kjallara og farið í leit að verðmætum inn í íbúð í kjallara, og þaðan komst hann upp á næstu hæðir hússins, þar sem hann var handtekinn.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um framangreindan verknað, sem varðar við 244. gr., sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga.

V.

Ákærði er síbrotamaður, sem á langan brotaferil að baki. Brýst hann iðulega inn í íbúðir manna að næturlagi og valsar þar um híbýli sofandi fólks. Vílar hann ekki fyrir sér að fara inn í svefnherbergi sofandi manna og kvenna í leit að fjármunum.

Hann hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum dómum á árunum 1964 - 1984:

1964 26. febr. 20 daga varðhald, skb. í 3 ár, fyrir líkamsárás.
1965 15. sept. 6 mán. fangelsi, skb. í 3 ár, fyrir þjófnað.
1966 3. júní 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað og líkamsárás.
1966 12. sept. 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og brot gegn 231. gr. alm. hgl.

1968 31. júlí 10 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1968 30. sept. 2. mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1969 10. okt. 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1970 18. mars 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1970 17. apríl 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað (hegn. auki).
1971 2. des. 10 mán fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og fjársvik.
1974 8. júlí 12 mán. fangelsi fyrir þjófnað og tilraun til þjófnaðar.
1975 26. febr. 12 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1977 19. jan. 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1977 16. febr. 3. mán. fangelsi fyrir skjalafals.
1977 25. ágúst 8 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1978 20. jan. 15 mán. fangelsi fyrir brot gegn 209. gr., 231. gr. og 244. gr. alm. hgl.
1979 23. mars 3. mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1980 29. okt. 8 mán. fangelsi fyrir brot gegn 209. gr., 231. gr., 233. gr., 244. gr. og 244. gr., sbr. 20. gr. alm. hgl.
1981 21. maí 2 mán. fangelsi fyrir fjársvik.
1982 6. maí 45 daga fangelsi fyrir þjófnað og fjársvik.
1982 4. nóv. 3. mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1983 23. mars 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1983 26. júlí 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1983 15. nóv. 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað og tilraun til þjófnaðar (hegningarauki).
1983 28. nóv. Sakfelldur fyrir fjársvik. Refsing ekki dæmd.
1984 21. maí 5 mán. fangelsi vegna þjófnaðar.

Refsing ákærða, sem er hegningarauki við dóminn frá 21. maí sl., þykir með hliðsjón af 72., 77., 78. gr. og 255. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Refsing ákærðu Þ þykir hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi, en þar sem ákærða hefur aldrei áður sætt kærum eða refsingu, þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og láta hana niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. l. nr. 22, 1955.

Þá er ákærði Lee Reynir Freer dæmdur til að greiða Ingu Þöll Þórgnýsdóttur, Grettisgötu 56A, kr. 2.630 í skaðabætur.

Ákærðu eru dæmd til að greiða allan kostnað sakarinnar in solidum:

Dómsorð:

Ákærði, Lee Reynir Freer, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærða, Þ sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal

fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. alm. hgl.

Ákærði, Lee Reynir Freer, greiði Ingu Þöll Þórgnýsdóttur kr. 2.630 í skaðabætur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Þriðjudaginn 11. desember 1984.

Nr. 188/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Vilhjálmi Ásgrími Sveinssyni
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1984 að því er varðar ákærða Vilhjálm Ásgrím Sveinsson og eftir ósk hans. Áfrýjunin tekur eigi til þeirra tveggja manna, sem ákærðir voru ásamt honum, en þeir óskuðu eigi áfrýjunar héraðsdóms. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 13. nóvember 1984.

Af hálfu ákæruvalds er fyrir Hæstarétti eigi gerð krafa um, að ákærði verði sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ.e. óheimil not bifreiðar. Verður því eigi um það atriði dæmt í Hæstarétti. Að öðru leyti er málinu áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar að því er varðar ákærða Vilhjálm Ásgrím.

Telja verður sannað, að ákærði hafi haft hönd á stýri bifreiðarinnar og stýrt henni, er hann og félagar hans reyndu að ræsa vél hennar með því að ýta bifreiðinni áfram með handafli. Þar sem ákærði var með áfengisáhrifum, þykir þetta atferli hans verða að

teljast brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þegar litið er til hinna sérstæðu málsatvika þykir refsing hans samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, hæfilega ákveðin 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs og vararefsing sektar 12 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða og um sakarkostnað að því er hann varðar.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Vilhjálmur Ásgrímur Sveinsson, greiði 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða og um sakarkostnað að því er ákærða varðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 28. maí 1984.

Ár 1984, mánudaginn 28. maí, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 652/1983: Ákæruvaldið gegn D, H og Vilhjálmi Ásgrími Sveinssyni.

Mál þetta, sem þingfest var 14. júní 1983 og dómtekið 22. mars sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dags. 4. maí 1983, á hendur D, H og Vilhjálmi Ásgrími Sveinssyni sjómanni, Ásabraut 15, f. 9. jan. 1961, öllum fæddum og búsettum í Keflavík, „fyrir að taka í heimildarleysi, föstudaginn 24. desember 1982, bifreiðina R-53540 við Faxabraut 16 í Keflavík og gegn ákærða Vilhjálmi Ásgrími fyrir að aka henni þaðan, undir áhrifum áfengis, að Hringbraut og gegn ákærða D fyrir að reyna að aka, undir áhrifum áfengis, nefndri bifreið í greint sinn á Hringbraut við Skólaveg.

Telst þetta atferli ákærðu varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956, en atferli ákærða Vilhjálms Ásgríms auk þess við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og ákærða D við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., hvort tveggja sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar, en ákærði Vilhjálmur Ásgrímur og ákærði D jafnframt til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga."

Aðfaranótt laugardagsins 24. desember 1982 veittu lögreglumenn athygli ljóslausri og kyrrstæðri bifreið á Hringbraut í Keflavík á móts við biðskýli S.B.K. við íþróttavöllinn. Stóðu þrír menn utan hennar. Fóru lögreglumennirnir að bifreiðinni R-53540, gerð Cortina, og sat þá stúlka undir stýri. Tjáði hún þeim, að hún væri að gangsetja bifreiðina, en mennirnir þrír væru að ýta henni, þar sem hún væri rafmagnslaus. Í lögregluskýrslunni segir síðan, að vél bifreiðarinnar hafi verið í gangi, er þeir lögreglumennirnir komu að og hafi mennirnir þrír verið að setjast inn í hana. Þar sem allt reyndist vera í lagi hjá ökumanni var honum leyft að halda áfram för sinni.

Lögreglumennirnir óku þessu næst áfram suður Hringbraut að mótum hennar og Faxabrautar og veittu þá athygli bifreiðinni Ö-7795, þar sem hún stóð á Faxabraut vestan hringbrautar í gangi og með fullum ökuljósum. Enginn ökumaður var hins vegar sjáanlegur, en farþegar í bifreiðinni sögðu lögreglumönnunum, að ökumaðurinn hefði farið að aðstoða þrjá menn við að gangsetja bifreið að gerðinni Cortina. Óku lögreglumennirnir til baka norður Hringbraut, og er þeir komu að skólavegi, sáu þeir nefnda Cortinu, þar sem hún var kyrrstæð á móts við Skólaveg 14. Sat ákærði D undir stýri, en stúlkan í hægra framsæti. Hinir mennirnir tveir voru að gera sig líklega til að ýta bifreiðinni, en vél hennar var ekki í gangi þarna. Enginn mannanna gat upplýst lögregluna um hver væri eigandi títtnefndrar bifreiðar, en þeir hefðu tekið hana við Faxabraut 16. Voru mennirnir, ákærðu í máli þessu, færðir á lögreglustöðina svo og stúlkan, G. Kvaðst hún hafa verið að aka á bifreiðinni Ö-7795 suður Hringbraut, er ákærðu veifuðu henni við mót Faxabrautar. Hafi þeir beðið hana að setjast undir stýri Cortinunnar, svo að þeir gætu allir ýtt henni, og jafnframt hefðu þeir sagt henni, að hún væri rafmagnslaus. Hafi hún orðið við þessari beiðni, enda sá hún ekkert athugavert við hana, þar sem henni hafi virst ákærði D er hafði orð fyrir ákærðu, vera ódrukkinn. Aldrei hafi hún séð ákærðu aka bifreiðinni, en D hafi verið rétt sestur undir stýri hennar, er lögregluna bar að á Skólaveginum. Hafi ástæðan fyrir því verið sú, að hún var eitthvað klaufsk við að koma bifreiðinni í gang. Er á lögreglustöðina var komið, hafði hún veitt því eftirtekt, að D var allnokkuð ölvaður.

Lögreglan yfirheyrði ákærðu, en þar sem framburður þeirra var ekki samhljóða, voru þeir færðir í fangageymslu, og jafnframt var þeim tekið blóðsýni til alkóhólákvörðunar.

Ákærði D kvað þá ákærðu hafa verið að koma frá Faxabraut 14 í umrætt sinn. Hafi hann verið talsvert ölvaður. Þeir hafi komið að Cortinunni og hann þá sagt við meðákærðu, hvort hann ætti ekki að reyna að opna bifreiðina. Hafi hann sagt þetta, án þess að honum hafi verið alvara. Hann hafi síðan tekið upp lyklakippu og getað opnað bifreiðina með einum lyklanna. Hafi hann orðið jafnhissa og hinir, þegar þetta varð. Hann kvaðst síðan hafa stungið sama lyklinum í kveikjulás bifreiðarinnar og getað snúið honum, en bifreiðin hefði ekki farið í gang. Mál hefðu síðan þróast eins og lýst hefur verið. Ákærðu hefðu ýtt bifreiðinni, en ekki mundi hann, hver átti upptökin að því. Í rannsóknarskýrslu mundi hann ekki heldur, hver stýrði bifreiðinni, en fyrir dómi kvað hann Vilhjálm fyrst hafa stýrt henni gegnum gluggann ökumannsmegin, en síðan hefðu þeir hitt G, sem settist undir stýri. Hefðu þeir allir ýtt bifreiðinni norður Hringbraut, en bifreiðin ekki farið í gang, heldur rétt tekið við sér. Bifreiðinni hefði síðan verið ýtt austur Skólaveg, en rétt þar á eftir hafi lögreglan komið og handtekið þá félaga. Sat hann þá undir stýri og var þá einungis að taka lykilinn úr „svissinum." Hann kvaðst ekkert áður hafa haft af bifreið þessari að segja né vitað, hver væri eigandi hennar. Hann sagðist aldrei hafa sagt meðákærðu, að hann ætti R-53540, og ekki gæti það staðist, að hann hefði boðið þeim far.

Ákærði H kvaðst hafa verið undir áfengisáhrifum sem og meðákærðu í umrætt sinn. Hann hafi komið á Faxabraut 14 um kl. 23.30 og skömmu síðar, að hann minnti, komu meðákærðu samtímis. Eftir dvöl þarna fóru þeir saman út og komu þá að bifreiðinni R-53540. Hafi D gengið að framhurð hennar, ökumannsmegin, opnað hana og spurt þá, hvort þeir vildu far. Hafi þeir jánkað því og D þá reynt að gangsetja bifreiðina með lykli, sem hann var með. Ekki tókst það sökum rafmagnsleysis hennar, og var þá ákveðið að ýta henni í gang. Fóru hann og D afturfyrir bifreiðina og ýttu af stað, en Vilhjálmur stýrði. Ekki mundi H, hvort Vilhjálmur sat undir stýri eða stýrði henni í gegnum glugga. Hann kvað vél bifreiðarinnar einu sinni hafa tekið við sér án þess þó að fara í gang, og sat þá G undir stýri. Ekki mundi hann, hvar D var staðsettur, þegar lögreglan kom að þeim á Skólavegi.

H kvað D hafa sagst eiga bifreiðina, er hann bauð meðákærðu far, og það hafi aldrei hvarflað að sér að stela bifreiðinni.

Ákærði Vilhjálmur kvað þá alla hafa verið undir áhrifum áfengis, er þeir komu út úr íbúðinni á Faxabraut 14. Skömmu eftir að þeir komu út, hafi D sagt við þá, hvort þeir vildu ekki koma í ökuferð. Hafi hann bent þeim

á títtnefnda Cortinu og sagt, að hann væri með lyklavöldin að bifreiðinni. Dró hann síðan upp lykla og opnaði hurð bifreiðarinnar með þeim. Reyndi hann síðan að gangsetja bifreiðina, en ræsir hennar virkaði ekki, líklega sökum rafmagnsleysis. Þeir hafi ákveðið að ýta bifreiðinni út á Hringbraut og gangsetja hana þar með því að láta hana renna niður hallann, sem þar er. Ýttu þeir allir bifreiðinni, en D hafi haft hendurnar á stýri hennar og stýrt. Einnig kvaðst Vilhjálmur hafa stýrt bifreiðinni nokkurn spöl á þennan hátt. Á horni Hringbrautar og Faxabrautar hafi G komið til skjalanna og þeir beðið hana að aka bifreiðinni fyrir þá. Samþykkti hún það og settist undir stýri bifreiðarinnar, en ákærðu ýttu henni. Vél bifreiðarinnar hafi aldrei farið í gang, en hún hefði þó tekið við sér. Á mótum Hringbrautar og Skólavegar hafi lögreglan síðan komið og handtekið þá. Minnti hann, að G hefði þá enn verið undir stýri.

Ákærði kvaðst hafa haldið, að D ætti bifreiðina eða hefði að minnsta kosti umráðarétt yfir henni. Ekki hefði hvarflað að sér, að hann væri að stela bifreiðinni.

Vitnið G sagðist í dómi ekki muna vel eftir atvikum. Hún kvað einn þeirra ákærðu hafa verið undir stýri bifreiðarinnar, er þeir báðu hana um aðstoð. Hafi hún sest undir stýri, en ákærðu ýtt. Komu þeir bifreiðinni einu sinni í gang, en hún drap jafnskjótt á sér. Hana minnti, að D hefði setið undir stýri R-53540, þegar henni var beygt inná Skólaveg, en ekki var hún þó viss á þessu atriði. Aldrei fór vél bifreiðarinnar í gang, meðan D sat undir stýri. Hún kvaðst vera nokkuð viss á því, að sami maðurinn hafi setið undir stýri R-53540, er hún kom fyrst að og þegar lögreglan hafði afskipti af þeim á Skólavegi.

Vitnið Valur Ármann Gunnarsson lögrelgumaður kvað bifreiðina hafa verið algerlega rafmagnslausa. Hann kvað ákærða D hafa verið undir stýri og G í farþegasæti, er þeir lögreglumennirnir komu. Hann gat þess, að hann hefði sjálfur átt sams konar bifreið og hér um ræðir og hafi lykill hennar gengið að kveikjulás R-53540 sem og í allar skrár hennar. Einnig hafi aðrir lyklar gengið að bifreiðinni.

Hinn lögreglumaðurinn, sem afskipti hafði af máli þessu, er nú búsettur úti í Bandaríkjunum og var því eigi kvaddur til skýrslugjafar í máli þessu.

Magn alkóhóls í blóði D mældist 1.78‰, H 1.96‰ og Vilhjálms 1.19‰.

Framburðir allra ákærðu benda eindregið til þess, að rekja megi upphafið að töku bifreiðarinnar R-53540 til athafna ákærða D. Ákærðu H og Vilhjálmur fullyrtu raunar, að ekki hafi hvarflað að þeim að stela bifreiðinni, heldur hafi D boðið þeim far. Hafi hann annað hvort nefnt, að hann ætti bifreiðina eða hefði umráð hennar, en D kvaðst aldrei hafa viðhaft slík ummæli. Allt að einu þykir ætlað brot ákærðu H og Vilhjálms á 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. ósannað, þegar framanskráð er virt, og eru þeir

því sýknir af þeim lið ákærunnar, sem að þessu lýtur. Ákærði D telst hins vegar sekur um brot gegn nýnefndri lagagrein, og er háttsemi hans að þessu leyti rétt lýst í ákæru.

Ákærði Vilhjálmur kvaðst hafa stýrt bifreiðinni R-53540 eftir Faxabraut í umrætt sinn, og kom þetta einnig fram í framburðum meðákærðu. Var Vilhjálmur þarna stjórnandi bifreiðarinnar í skilningi umferðarlaga nr. 40/1968 og hefur þar með brotið gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. laganna.

Ákærði D sagðist einungis hafa verið að taka lykilinnn úr kveikjulás R-53540, er lögreglan kom að þeim á Skólavegi, og þykja framburðir meðákærðu og vitnanna ekki eindregið mæla gegn þessu atriði. Telst því ósannað, að hann hafi reynt að aka margnefndri bifreið á Hringbraut við Skólaveg, eins og hann er ákærður um, og er hann því sýkn af þessari málsókn ákæruvaldsins.

— — —

Sakaferill Vilhjálms er svohljóðandi:

1979 14/5 í Keflavík: Sátt, 70.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi 6 mán. frá 14.5. 1979.

1980 8/7 í Keflavík: Sátt, 60.000 kr. sekt f. brot g. 244. gr. hgl.

Refsing ákærða D þykir hæfilega ákveðin 30 daga varðhald. Skal fresta fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl., sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Refsing ákærða Vilhjálms þykir, eins og málsatvikum er háttað, hæfilega ákveðin 4.000 kr. sekt í ríkissjóð, er greiðist innan 4ra vikna frá dómsbirtingu, en ella sæti ákærði 5 daga varðhaldi.

Ákærði Vilhjálmur hefur unnið til ökuleyfissviptingar samkv. hinum fortakslausu ákv. 81. gr. umferðarlaga. Er sviptingin ævilöng frá dómsbirtingu, þar sem hér er um ítrekað ölvunarakstursbrot að ræða.

Ákærða D verður ekki gerð ökuleyfissvipting með tilvísan til framanlýstra úrslita, hvað hann varðar.

Ákærði D greiði laun skipaðs verjanda síns, Jóns G. Briem hdl., kr. 5.000.00, og ákærði Vilhjálmur laun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hrl., kr. 5.000.00, en annan kostnað sakarinnar greiða báðir þessir ákærðu in solidum. Laun Vilhjálms Vilhjálmssonar hdl., skipaðs verjanda ákærða H, kr. 5.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Rekstur máls þessa hefur dregist vegna mikilla anna dómarans við önnur störf á vegum embættisins.

Dómsorð:

Ákærði H er sýkn af ákærunni í máli þessu.

Ákærði D sæti 30 daga varðhaldi. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl., sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Vilhjálmur Ásgrímur Sveinsson greiði sekt, kr. 4.000.00, í ríkissjóð, og komi varðhald í 5 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

Ákærði D greiði laun skipaðs verjanda síns, Jóns G. Briem hdl., kr. 5.000.00, og ákærði Vilhjálmur laun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hrl., kr. 5.000.00, en annan kostnað sakarinnar greiða báðir þessir ákærðu in solidum. Laun Vilhjálms Vilhjálmssonar hdl., skipaðs verjanda ákærða H, kr. 5.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 11. desember 1984.

Nr. 150/1982. **Dánarbú Rannveigar Jónsdóttur**
(Ólafur Gústafsson hdl.)
gegn
Úlfhildi Hermannsdóttur og
Jóni Ólafi Hermannssyni
(Jón Halldórsson hdl.)

Eignardómsmál. Skipti. Hefð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen og Rúnar Guðjónsson sýslumaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1982. Hann gerir þær dómkröfur, að honum verði dæmdur eignarréttur að jörðinni Eyrarkoti í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu og að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa veri lögð fyrir Hæstarétt, m.a. útskrift úr uppskriftarbók Kjósarhrepps 15. mars 1957, leigusamningur frá 18. nóvember 1970, úttektargerð 12. júní 1966, bréf Ríkisendurskoðunar frá 10. maí 1984 og skýrsla um útreikning erfðafjárskatts, dagsett 30. nóv. 1984.

Samkvæmt framangreindri uppskriftargerð frá 15. mars 1957 voru eignir búsins þá taldar kr. 51.450.00, þar af jörðin Eyrarkot kr. 12.800.00. Með leigusamningi 18. nóvember 1970 selur Rannveig Jónsdóttir ásamt Hirti Þorsteinssyni, Eyri, landspildu úr Eyrarbæjarlandi (sameign með Eyri) á leigu til 50 ára. Samkvæmt framangreindu bréfi Ríkisendurskoðunar frá 10. maí 1984 finnst erfðafjárskýrsla vegna dánarbús Hermanns Guðmundssonar frá Eyrarkoti í Kjós ekki í skjalasafni Ríkisendurskoðunar, en jafnframt er tekið fram, að aðrar erfðafjárskýrslur frá sýslumannsembættinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu finnist ekki heldur og sé getum að því leitt, að þær hafi eyðilagst í bruna Iðnaðarbankahússins 1967, en þá hafi Ríkisendurskoðun verið þar til húsa. Samkvæmt skýrslu um útreikning á erfðafjárskatti, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, svo sem að framan greinir, er erfðafjárskattur af 16.000.00 krónum á árinu 1958 miðað við 1. erfð og þágildandi erfðafjárskattsreglur eftir ákvæðum A liðs 2. gr. laga nr. 30/1921 500.00 krónur (gkr.), en það samrýmist heildarerfðafjárskatti í búinu samkvæmt kvittun 12. febrúar 1958 og arfi að fjárhæð 16.008.04 krónur fyrir hvern erfingja.

Samkvæmt framangreindu bréfi Ríkisendurskoðunar frá 10. maí 1984 verður að leggja það til grundvallar, að allar erfðafjárskýrslur frá sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu vegna ársins 1958 hafi farist í eldsvoða. Undirrituð erfðafjárskýrsla vegna dánarbús Hermanns Guðmundssonar hefur ekki fundist annars staðar og ekki heldur formleg skiptagerð eða önnur skjöl, sem veiti fullar sönnur fyrir því, að dánarbúi þessu hafi verið skipt. Hins vegar veita greiðsla erfðafjárskatts, sem er rétt reiknaður miðað við þær fjárhæðir, sem greinir á afriti því af erfðafjárskýrslu, sem fjallað er um í héraðsdómi, móttaka hans hjá embætti skiptaráðanda svo og

kvittun stefndu Úlfhildar fyrir móttöku arfs og bókhald lögmannaskrifstofunnar um arfshluta Jóns Ólafs miklar líkur fyrir því, að búskipti hafi farið fram. Ljóst er af gögnum málsins, að ekkjan, Rannveig Jónsdóttir, taldi skipti hafa verið gerð, og aðgerðarleysi stefndu Úlfhildar og Jóns Ólafs í 23 ár þykir benda til þess sama að því er þau varðar. Það er fyrst þegar Rannveig þarf að fá formlega eignarheimild fyrir jörðinni sem þau gera ágreining, en upplýst er, að stefnda Úlfhildur hafði áður falast eftir kaupum á jörðinni af stjúpu sinni, en verið synjað.

Rannveig Jónsdóttir hafði óslitið eignarhald á jörðinni í fullan hefðartíma samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um hefð nr. 46/1905. Miðað við málsatvik og með hliðsjón af tilgangi lagareglna um hefð verður ekki talið, að stefndu hafi sýnt fram á, að Rannveig Jónsdóttir hafi náð eða haldið umráðum eignarinnar með þeim hætti, að ákvæði 2. mgr. eða 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 útiloki það, að hún megi hefð vinna.

Þykir því mega taka til greina aðalkröfu áfrýjanda um, að viðurkenndur verði eignarréttur dánarbús Rannveigar Jónsdóttur að jörðinni Eyrarkoti í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefndu in solidum til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en hann þykir hæfilega ákveðinn samtals 30.000.00 krónur.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur áfrýjanda, dánarbús Rannveigar Jónsdóttur, að jörðinni Eyrarkoti í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu.

Stefndu, Úlfhildur Hermannsdóttir og Jón Ólafur Hermannsson, greiði áfrýjanda in solidum 30.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Stefndu, Úlfhildur Hermannsdóttir og Jón Ólafur Hermannsson, voru ekki viðstödd uppskriftargerð þá, sem fram fór 15. mars 1957.

Ég tel, að líta verði svo á, að skiptum í dánarbúi Hermanns Guðmundssonar hafi ekki verið lokið, er mál þetta var höfðað. Tel ég, að áfrýjandi hafi ekki öðlast eignarrétt á jörðinni Eyrarkoti fyrir hefð, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

Ég tel því, að staðfest eigi hinn áfrýjaða dóm og láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómur aukadómsþings Kjósarsýslu 7. maí 1982.

Ár 1982, föstudaginn 7. maí, var á aukadómþingi Kjósarsýslu, sem haldið var á sýsluskrifstofunni í Hafnarfirði af Hlöðver Kjartanssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. f.m.

Tildrög málsins eru þau, að með bréfi, dags. 11. febrúar 1981, fór Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður f.h. Rannveigar Jónsdóttur, Stuðlaseli 26, Reykjavík, þess á leit við sýslumanninn í Kjósarsýslu, að gefin yrði út eignardómsstefna af því tilefni, sem hér skal greina og í bréfinu segir:

„Eiginmaður umbjóðanda míns, Hermann Guðmundsson, andaðist 21. janúar 1957. Var hann þinglesinn eigandi jarðarinnar Eyrarkots í Kjósarhreppi. Aðrir erfingjar Hermanns voru Þórir, sonur hans og umbjóðanda míns, og tvö önnur börn Hermanns, Jón Ólafur og Úlfhildur. Fengu börnin sinn arfshluta greiddan út í peningum, en umbjóðandi minn skyldi m.a. hljóta jörðina Eyrarkot. Fyrir fórst þó að formlega væri gengið frá skjölum um þetta, og hefur umbjóðandi minn aldrei fengið formlega eignarheimild að jörðinni. Hefur hún haft full eignarráð jarðarinnar í meira en fullan hefðartíma, eða allt frá andláti Hermanns heitins.

Með hliðsjón af framansögðu og svo því, að umbjóðanda mínum er nauðsyn á að fá formlega eignarheimild að jörðinni, leyfi ég mér með vísan til 220. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að óska þess, að umbjóðanda mínum verði leyft að höfða eignardómsmál fyrir aukadómþingi Kjósarsýslu.“

Á grundvelli bréfs lögmannsins var síðan af hálfu sýslumannsins í Kjósarsýslu gefin út eignardómsstefna 17. febrúar 1981, sem birtist í 22. tbl. 74. árgangs Lögbirtingablaðsins, er út kom 4. mars 1981. Stefnukröfur voru þær, að stefnanda, Rannveigu Jónsdóttur, yrði dæmdur „eignarréttur að jörðinni Eyrarkot í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu, ásamt öllu því sem jörðinni fylgir og fylgja ber.“ Málið var þingfest 10. júní 1981, en stefnt var hverjum þeim, sem kynni að telja til réttar yfir nefndri eign. Rannveig Jónsdóttir var þá látin. Hafði hún andast 25. eða 26. apríl 1981. Hinn 27. maí 1981 fékk Þórir Hermann Hermannsson, sem áður er getið, einkasonur Rann-

veigar og einkaerfingi, leyfi skiptaráðandans í Reykjavík til einkaskipta á dánarbúi hennar, og tók dánarbúið við sóknaraðild að málinu. Í greinargerð stefnanda var jafnframt gerð sú krafa, að kæmu fram mótmæli við stefnukröfunni, yrði þeim, sem slík mótmæli hefði uppi, gert að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins. Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi síðan málskostnaðar úr höndum varnaraðilja in solidum.

Til varna í máli þessu hafa tekið Úlfhildur Hermannsdóttir, Ösp, Mosfellshreppi, og Jón Ólafur Hermannsson, Hrísateigi 5, Reykjavík, sem áður eru nefnd, en þau telja bæði til réttar yfir hinni umdeildu jörð. Endanlegar dómkröfur þeirra eru, að dómkröfum stefnanda verið synjað og að stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað að mati réttarins.

Fjárhæðir, sem greindar verða, eru allt gamlar krónur.

Að öðru leyti en þegar er fram komið virðast málavextir þeir, að Rannveig Jónsdóttir hafi eftir andlát eiginmanns síns, Hermanns Guðmundssonar, leitað til málflutningskrifstofu þeirra Einars B. Guðmundssonar, Guðlaugs Þorlákssonar og Guðmundar Péturssonar með skipti á dánarbúi Hermanns í huga og Guðlaugur, sem nú er látinn, hafið skiptameðferð á dánarbúinu. Ekki var þessi ráðstöfun gerð að höfðu samráði við börn Hermanns af fyrra hjónabandi, þau Úlfhildi, f. 28. nóvember 1929 og Ólaf, f. 26. mars 1934, varnaraðilja í máli þessu, að þeirra sögn, en Þórir var þá ófjárráða, enda fæddur 19. desember 1946.

Verður nú vikið að þeim gögnum, sem stefnandi hefur aflað hjá greindri málflutnignsskrifstofu og hann telur sýna, að efnisleg skipti á dánarbúi Hermanns Guðmundssonar hafi farið fram. Þessi gögn eru: reikningur (dskj. 5), dags. 31. mars 1958 og undirritaður af Guðlaugi Þorlákssyni, vélritað erfðaafsal (dskj. 6) „til eiginkonu hins látna, Rannveigar Jónsdóttur" varðandi hina umdeildu jörð, dags. 28. apríl 1958, en óundirritað, erfðafjárskýrsla A (dskj. 7), óundirritað handrit, en dags. 27. desember 1957, kvittun (dskj. 8) dags. 12. febrúar 1958 og undirrituð af varnaraðilja Úlfhildi Hermannsdóttur, en í texta kvittunarinnar segir, að málflutningsskrifstofan hafi „í dag greitt undirrituðum arfahluta minn úr db. Herm. Guðmundss. kr. 16.008.04 að frádr. erfðafjársk. kr. 500.-" eða kr. 15.508.04, kvittun (dskj. 9) sýslumannsins í Kjósarsýslu til dánarbúsins fyrir greiðslu erfðafjárskatts að fjárhæð kr. 2.000.-, dags. 24. febrúar 1958 og undirrituð af Einari Árnasyni, þáverandi gjaldkera, og loks viðskiptareikningur varnaraðilja Ólafs Hermannssonar árið 1958 (dskj. 18) forsvarsmanns sóknaraðilja Þóris Hermannssonar árið 1958 (dskj. 19), svo og dánarbúsins vegna ársins 1958 (dskj. 20) og vegna ársins 1957 (dskj. 21).

Í erfðafjárskýrslunni (dskj. 7) eru eignir dánarbúsins taldar þessar: Jörðin, sem deilt er um í máli þessu, kr. 52.200.00, sem mun vera fasteignamat hennar á þessum tíma „ásamt með húsum, mannvirkjum og öllu, sem jörð-

inni fylgir og fylgja ber að engu undanskildu", að því er fram kemur á dskj. 6, búfé kr. 25.550.-, húsbúnaður o.fl. kr. 2.000.00, skuldabréf o.fl. kr. 5.800.- og peningar kr. 50.304.33, en í þeim lið hefur verið strikað yfir fjárhæðina kr. 55.220.-. Síðastgreinda fjárhæðin virðist samkvæmt dskj. 5 og 21 samanstanda af greiðslu frá „Sjóvátryggingarfél. v/bíltrygg. kr. 20.000.00" og „andvirði bifreiðar kr. 35.220.00." Þessar fjárhæðir eru færðar innborgaðar á dskj. 21, 16. apríl og 16. september 1957. Aðrar innborganir eru ekki á reikningnum það ár. Til lækkunar á þessum lið virðist samkvæmt dskj. 5 hafa komið „Sölukostnaður og auglýs. út af bifreið kr. 861.00", "Skattur af bifreið kr. 526.10" og Héðinn h/f kr. 1.442.57", eða samtals kr. 2.829.67. Mismunurinn, kr. 2.086.00 (55.220.00 ÷ 50.304.33 ÷ 2.829.67), hefur ekki verið útskýrður. Lögmaður stefnanda bendir hins vegar á, að séu greiðslufærslur út af reikningi á dskj. 21, hinn 12. júní kr. 126.00 vegna auglýsingar, hinn 13. ágúst kr. 21.00 vegna símareiknings, hinn 24. október kr. 526.10 vegna skatts af bifreið og hinn 28. október kr. 1.442.57 vegna Héðins h.f. svo og út af reikningi á dskj. 20 hinn 22. febrúar kr. 2.000.00 vegna erfðafjárskatts, allt samtals að fjárhæð kr. 4.115.67, taldar til lækkunar þessum lið komi fram óútskýrður mismunur að fjárhæð kr. 800.- (55.220.00 ÷ 50.304.33 ÷ 4.115.67). Ekki verður af gögnum málsins ráðið, hvernig eignaliðirnir búfé, húsbúnaður o.fl. og skuldabréf o.fl. eru fengnir. Samtals væru eignir dánarbúsins samkvæmt þessu plaggi taldar kr. 135.854.33, skuldir kr. 7.790.00, sem ekki hafa verið skýrðar, hreinar eignir búsins kr. 128.064.33, búshluti ekkjunnar kr. 64.032.17 og til skipta kr. 64.032.16.

Varðandi undirritun erfðafjárskýrslunnar hefur verið ráðgert, að Guðlaugur Þorlaksson gerði það fyrir hönd Þóris Hermannssonar sem „skip. fjárhaldsmaður," en í bréfi sýslumannsins í Kjósarsýslu, Einars Ingimundarsonar, dags. 8. janúar 1982 (dskj. 23), þar sem hann svarar fyrirspurn í bréfi lögmanns stefnanda á dskj. 22, kemur eftirfarandi fram:

„Vegna bréfs yðar, hr. hrl., dags. 5. nóv. s.l. viðkomandi hugsanlegum skiptum á dánarbúi Hermanns Guðmundssonar, Eyrarkoti í Kjósarhreppi, sem lézt þann 21. jan. 1957 - vil ég tjá yður, að eftir athugun, eins nákvæma og unnt er að gera, verður ekki séð af bókum og skjölum embættisins, að bú þetta hafi verið tekið til skipta, eftir lát mannsins. Ekki verður það heldur séð, eftir athugun á tiltækum skjölum embættisins, að Þóri Hermannssyni, syni hins látna, en Þórir var ófjárráða, er faðir hans andaðist, hafi verið skipaður sérstakur fjárhaldsmaður um þetta leyti.

Mikil leit hefur af hálfu þessa embættis verið gerð að erfðafjárskýrslu viðkomandi umræddu dánarbúi og haldið uppi spurnum um slíka skýrslu, m.a. hjá Ríkisendurskoðun, en sú leit og fyrirspurnir hafa engan árangur borið."

Samkvæmt 1. gr. og 7. gr. þágildandi erfðalaga nr. 42/1949 skyldi eftirlifandi maki Hermanns Guðmundssonar erfa ¼ hluta eigna og börn hans ¾ hluta að jöfnu. Arfur eftir hann átti því að skiptast í 4 jafna hluta. Telur stefnandi kr. 64.032.16 hafa komið til skipta og hver arfshlutur þá numið kr. 16.008.04. Þann arfahlut hafi varnaraðilinn Úlfhildur Hermannsdóttir móttekið og kvittað fyrir á dskj. 8 sem áður greinir.

Skil á arfshlut varnaraðiljans Ólafs Hermannssonar verði rakin í gögnum málsins. Á dskj. 21 komi fram greiðsla bókuð til hans 16. september 1957 að fjárhæð kr. 5.000.-. Á dskj. 20 greiðsla að fjárhæð kr. 1.000.00 bókuð 14. febrúar 1958. Sama dag er bókuð greiðsla að fjárhæð kr. 15.508.04 til varnaraðilans Úlfhildar Hermannsdóttur. Millifærsla 31. desember 1958 af dskj. 20 á dskj. 18 að fjárhæð kr. 6.008.04, sem virðist þar ráðstafað til greiðslu skuldar við „Steðja" að fjárhæð kr. 8.808.04 millifærðri sama dag á dskj. 18, en reikningseigandi greitt sjálfur inná reikninginn 11. ágúst 1958 mismuninn kr. 2.800.-. Aðrar færslur koma ekki fram á dskj. 18, viðskiptareikningi Ólafs Hermannssonar. Samtals geri þessar fjárhæðir kr. 12.008.04 (5.000.- + 1.000.- + 6.008.04). Upp á fullan arfshlut hans vanti þá kr. 3.500.-, en komi fram á reikningi vegna dánarbúsins frá málflutningsskrifstofunni á dskj. 5, sem hér skal tekinn upp til glöggvunar:

„1957				
Apr. 16	Pro:	Innb. Sjóvátryggingarfél. v/ bílatrygg.		20.000.00
Des.	Pro:	Innb. andvirði bifreiðar		35.220.00
	An:	Sölukostnaður og auglýs. út af bifreið	861.00	
	An:	Skattur af bifreið	526.10	
	An:	Héðinn h/f	1.442.57	
1958		Arfahlutur með erfðafjárskatti og kostn:		
		1. Úlfhildur Hermannsdóttir	16.508.04	
		2. Ólafur Hermannsson	16.508.04	
		3. Þórir H. Hermannsson	16.508.04	
		Erfðafjárskattur v/ Rannveigar	500.00	
	Pro:	Endurgreiðsla frá Ólafi Hermannssyni		3.500.00
	An:	Mismunur	5.866.21	
			Kr. 58.720.00	Kr. 58.720.00
	Pro:	Inneign		Kr. 5.866.21"

Inneignin á dskj. 5 kr. 5.866.21 er bókuð greidd á dskj. 20 til ekkjunnar, Rannveigar Jónsdóttur, hinn 30. apríl 1958. Af dskj. 5 virðist mega ráða, að dánarbúið hafi borið kr. 500.00 í kostnað vegna arftöku hvers niðja arfleifanda um sig.

Sama fjárhæð, og samkvæmt framangreindu var ráðstafað til hvors varnaraðilja, er millifærð 31. desember 1958 af dskj. 20 á dskj. 19, en til viðbótar eru þá einnig millifærðar kr. 450.00, sem ekki hafa verið skýrðar, eða samtals kr. 15.958.04. Engar aðrar færslur eru á dskj. 19, viðskiptareikningi Þóris Hermannssonar, en hann kveður Guðlaug Þorlákssson munu hafa verið fjárhaldsmanns sinn við skiptin, þar sem hann hafi, er hann síðar keypti íbúð, fengið úr höndum Guðlaugs bankabók, sem í hafi verið um kr. 16.000.00.

Þess er áður getið, að innborganir á reikning dánarbús Hermanns Guðmundssonar árið 1957 (dskj. 21) námu kr. 55.220.00. Inn á reikninginn árið 1958 (dskj. 20) er bókuð innborgun frá „sjóvá" 23. júní að fjárhæð kr. 3.625.00. Ekki er upplýst, hvað þar er um að ræða. Samkvæmt niðurstöðutölum reikningsins í lok ársins 1958 kemur fram inneign dánarbúsins að fjárhæð kr. 450.00, en svo vill til, að það er sama fjárhæð og millifærð var á reikning Þóris Hermannssonar, auk þeirrar fjárhæðar kr. 16.008.04, að frádregnum erfðafjárskatti kr. 500.-, sem samkvæmt framanrituðu var ráðstafað til niðja Hermanns Guðmundssonar úr dánarbúi hans. Í þessu sambandi verður jafnframt að hafa í huga, að hafi greindar kr. 3.625.00 fallið í arf eða átt að koma til skipta, þá nam búshluti ekkjunnar kr. 1.812.25 og arfshluti hvers erfingja kr. 1.812.25 : 4 = 453.06.

Hvað varðar kvittun á dskj. 9 að fjárhæð kr. 2.000.00, þá er sú upphæð rétt erfðafjárskattsgreiðsla miðað við 4 arfshluta að fjárhæð kr. 16.008.04 samkvæmt þágildandi 2. gr., A-lið, laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt.

Fram kemur á dskj. 27, sem er afsal, dags. 31. maí 1945, að söluverð hinnar umdeildu jarðar til Hermanns Guðmundssonar nam kr. 30.000.00, sem hann hefur greitt „í peningum við undirskrift afsals" að upphæð kr. 26.134.66 og mismuninn með yfirtöku skulda. Eftir kaup hans á jörðinni hefur aðeins verið þinglýst á hana skuld hans við Jón Ólaf Hermannsson, varnaraðilja í máli þessu, að fjárhæð kr. 8.277.58 samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu 30. desember 1947.

Í upphafi byggingarbréfs á dskj. 16 segir:

„Ég Rannveig Jónsdóttir eigandi jarðarinnar Eyrarkots í Kjósarhreppi, byggi hér með Karli Andréssyni, Hálsi, Kjósarhreppi, nefnda jörð mína frá næstkomandi fardögum með eftirgreindum skilmálum.

1. Ábúð jarðarinnar skal vera til 5 ára frá fardögum að telja 1966 til fardaga ársins 1971."

Í 4. tl. skilmálanna segir:

„Tekið er fram í leigusamningi þessum, að byggingarefni „Sandur og möl" tekur eigandi jarðarinnar undan og áskilur sér jafnhliða umferðarrétt til sands og malarflutnings á sjó og landi kvaðalaust."

Byggingarbréfið er undirritað af „landsdrottni og leiguliða" og vottað af úttektarmönnunum Gísla Andréssyni og Gísla Ellertssyni. Bréfi þessu var ekki þinglýst né heldur öðru bréfi (dskj. 17), þar sem „Rannveig Jónsdóttir eigandi jarðarinnar Eyrarkots í Kjósarhreppi" byggði „Karli Andréssyni núverandi ábúanda Eyrarkots, nefnda jörð mína," eins og í bréfinu segir, „áfram í 5 ár eða til fardaga ársins 1976, með sömu skilmálum og um getur í byggingarbréfi frá fardögum 1966."

Árið 1976 var þinglýst á jörðina samningi (dskj. 28), dags. 1. janúar 1975, um nánar tiltekinn einkarétt til handa Vinnuvélum h.f., Esjubergi, Kjalarnesi, til efnistöku og efnisvinnnslu í landi jarðanna Eyrar og Eyrarkots. Leigusalar samkvæmt þeim samningi eru Hjörtur Þorsteinsson og Rannveig Jónsdóttir: „Eigendur jarðanna Eyrar og Eyrarkots í Kjósarhreppi ..." Samningur þessi var hinn 29. júní 1976 fyrirfram innritaður til þinglestrar á manntalsþingi Kjósarhrepps það ár og á hann skráð þessi athugasemd: „Hermann Guðmundsson er þingl. eigandi að Eyrarkoti. Leigusala skortir því þinglýsta heimild til ráðstöfunar á réttindum er varða Eyrarkot."

Á dskj. 25, sem er ljósrit úr skrá Fasteignamats ríkisins um skráningu og mat fasteigna árið 1981, er Rannveig Jónsdóttir skráður eigandi jarðarinnar Eyrarkots ásamt mannvirkjum, ræktuðu landi og hlunnindum vegna sand- og malarnáms. Þar er Karl Andrésson skráður ábúandi. Meðal mannvirkja, sem þar eru talin og byggð eftir andlát Hermanns Guðmundssonar, eru véla- og verkfærageymsla, byggð árið 1961, og fjárhús, byggt árið 1971.

Þórir Hermannsson kveður móður sína hafa sagt sér 15 eða 16 ára gömlum, að gengið hefði verið hreint frá skiptum á dánarbúi föður hans. Hann kveður það hafa komið í sinn hlut á árinu 1974 að segja Úlfhildi frá því, að hún vildi ekki selja jörðina. Móðir hans hafi heimsótt Úlfhildi einu sinni eftir þetta og þær ekki talast við eftir það. Eftir þessa síðustu heimsókn til Úlfhildar hafi móðir hans sagt: „Guði sé lof að það var þá gengið hreint frá skiptum." Hún hafi verið þess einlæglega viss, að hún væri fullomlega réttur eigandi að jörðinni, en seinast á árinu 1979 eða í byrjun árs 1980 orðið ljóst, að hún var ekki þinglesinn eigandi. Þórir kveðst hafa vitað til þess, að til var samningur um töku efnis úr landi jarðarinnar. Hann kveðst enga aðild hafa átt að þeirri samningsgerð og hvergi hafa komið þar nærri.

Úlfhildur Hermannsdóttir hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá, að hún hafi ekki verið beðin um að mæta við nein skipti á árunum 1957 og 1958. Það hafi ekki verið fyrr en Guðlaugur Þorlaksson hafi beðið hana að koma

og sækja peninga. Það hafi hún gert og kvittað fyrir þeim peningum, sem þá voru hjá honum, en hann hafi sagt við sig: „Þetta er ekki fullfrágengið og ég læt þig vita það þegar það verður og þá færð þú það sem eftir er af þínum hluta.“ Fram hafi komið, að þetta væri hennar hluti vegna vörubifreiðar í góðu lagi á þeirra tíma mælikvarða og jarðarinnar eftir mati, en ekkert hafi verið farið út í, hvaða mat var átt við. Hún kveður sér hafa skilist orðalag kvittunarinnar á dskj. 8 vera, að það væri hluti þess, sem henni bæri. Hún kveður erfðafjárskýrsluna á dskj. 7 og erfðaafsalið á dskj. 6 ekki hafa verið lagt fyrir sig. Hún kveðst engan hlut hafa átt að afskiptum Guðlaugs Þorlákssonar af dánarbúinu og heldur að stjúpa sín hafi snúið sér til hans og beðið hann að annast fyrir sig allt, sem með þurfti. Hún kveður þau Ólaf engin samráð hafa haft á þessum tíma varðandi skipti dánarbúsins. Síðan hafi liðið nokkrir mánuðir. Þá hafi stjúpa hennar komið og sagt, að hún ætti 800.00 krónur á skrifstofu Guðlaugs Þorlákssonar. Aðspurð hafi stjúpa hennar sagt, að það væri hennar hluti af andvirði bifreiðar, sem seld hafi verið ónýt eftir slysið, sem faðir hennar lenti í. Úlfhildur kveðst þá hafa farið að hugsa málið. Hún hafi ekki talið þetta vera það, sem hún hafi búist við. Úlfhildur kveðst aldrei hafa vitjað þessara peninga til Guðlaugs Þorlákssonar, en aldrei hafa sagt stjúpu sinni það og ekki vita, hvort henni var um það kunnugt. Þó gæti hún hafa fengið þær upplýsingar frá Guðlaugi Þorlákssyni, sem annast hafi mikil viðskipti fyrir hana eftir þetta. Mál þetta hafi verið mjög viðkvæmt fyrir stjúpu hennar, sem hafi fundist matið á jörðinni mjög hátt og þau fengju alveg nóg. Af hennar hálfu hafi málið því verið þaggað niður og aldrei hreyft því meir við stjúpu sína, sem henni hafi þótt mjög vænt um og ekki viljað gera neitt til miska, þar sem hún hafi vitað, að það væri mjög viðkvæmt fyrir hana. Þó hafi stjúpa hennar sennilega ekki haft góða samvisku, þar sem hún hafi oft sagt við föðursystur hennar, að hún væri ekki ánægð með þessi skipti og þyrfti að bæta þeim systkinunum upp það, sem þau hefðu fengið (sic). Úlfhildur kveðst hafa vitað til þess, að Guðlaugur Þorláksson hafi verið fjárhaldsmaður Þóris á árunum 1957 og 1958, og telur það hafa komið til fyrir beiðni stjúpu sinnar. Hún kveðst hafa vitað til þess, að faðir sinn hafi verið líftryggður, allavega meðan þau bjuggu í Reykjavík, en Þórir kveður foreldra sína hafa byrjað búskap í Eyrarkoti árið 1946. Úlfhildur kveðst alltaf hafa beðið eftir því, að hún þyrfti að undirrita eitthvert erfðaafsal, þar sem fyrr væri þetta ekki farið út úr bókunum á réttan hátt. Hún kveðst líta þannig á, að skiptum á dánarbúi föður síns hafi ekki verið lokið, en sjálfsagt hafi stjúpa hennar litið svo á, að formlegum og endanlegum skiptum dánarbúsins hafi lokið. Hún kveðst aldrei hafa sagt við stjúpu sína, að ekki væri búið að ljúka skiptum. Úlfhildur kveðst hafa falast eftir jörð-

inni til kaups af stjúpu sinni árið 1968 og síðan nokkrum sinnum eftir það fram til ársins 1974, en síðast 11. ágúst það ár. Þeim óskum hafi ekki verið sinnt. Hún kveðst hafa haft áhuga á að kaupa jörðina, en einnig hafi henni fundist, að þá myndi hennar hlutur í jörðinni skýrast. Þetta myndi þannig koma af sjálfu sér. Úlfhildur kveðst hafa vitað, að stjúpa sín hafi alla tíð álitið sig eiga jörðina. Hún kveður stjúpu sína aldrei hafa leitað til sín með ráðstafanir varðandi jörðina. Hún hafi ekki vitað fyrr en eftir á, að hún hefði byggt jörðina til ábúðar. Við það hafi hún engar athugasemdir gert. Það mál hafi hún látið alveg afskiptalaust.

Ólafur Hermannsson kveður sér hafa verið kunnugt um afskipti Guðlaugs Þorlákssonar, vegna beiðni Rannveigar Jónsdóttur, af dánarbúi föður síns fljótlega eftir lát hans, en ekki muna vel að skýra frá málavöxtum frá þessum tíma. Þó hafi Rannveig Jónsdóttir komið heim til sín með átta eða níu þúsund krónur, sem hann hafi móttekið sem greiðslu úr dánarbúinu. Það hafi verið fljótlega eftir að þetta var frágengið. Hann kveðst ekki muna, hvort hann kvittaði fyrir móttöku á þessum peningum eða undirritaði einhver skjöl þessu varðandi. Hann kveður Guðlaug Þorláksson ekki á þessum tíma hafa haft neitt með hans fjármál að gera. Verið geti að hann hafi samkvæmt beiðni Guðlaugs komið til hans, en kveðst ekki muna, hvort þá hafi verið lögð fyrir hann skjöl, svo sem erfðafjárskýrsla, erfðaafsal eða önnur skjöl varðandi afskipti Guðlaugs af dánarbúinu. Ólafur kveðst ekkert hafa verið um það að hugsa, hvort skiptum hefði lokið eða ekki. Hann hafi reiknað með, að búið væri að ljúka því, og í framhaldi af því ekkert verið að hugsa um það meira. Hann heldur, að hann hafi ekkert verið um það að hugsa, hvort skiptin væru frágengin eða ekki. Ólafur telur, að reikningur, sem millifærður er á dskj. 18, viðskiptareikningi á hans nafni að fjárhæð kr. 8.808.04, sé vegna viðgerðar á vörubifreið hans. Hann getur ekki ímyndað sér, að það sé neitt annað, sem komi greina, og faðir hans hafi þá séð um greiðslu á þeirri viðgerð. Ólafur minnist þess þó ekki að hafa verið skuldugur föður sínum, er hann lést. Hann kveðst aldrei hafa fengið hreint uppgjör á arfi eftir föður sinn. Hann hafi aldrei fengið arfshluta að fjárhæð kr. 16.008.04, hvorki með millifærslum né á annan hátt til fullnustu. Hann kannast ekki við að hafa fengið yfirlit í samræmi við þær færslur, sem hann varða, í gögnum málflutningsskrifstofunnar. Ólafur kveðst ekki minnast þess að hafa síðar rætt við Rannveigu Jónsdóttur um búskiptin sérstaklega. Hann líti svo á, að gagnvart sér hafi skiptum á dánarbúi föður hans ekki verið lokið. Ólafur tekur og fram og gerir athugasemd við, að hún hafi enga heimild haft til þess að gera samning um efnistöku úr landinu og láta þinglýsa honum.

Stefnandi byggir á því, að Rannveig Jónsdóttir hafi við skipti á dánarbúi eiginmanns síns tekið sinn búshelming og arfshluta með því að fá í sinn

hlut jörðina Eyrarkot, en farist hafi fyrir að ganga frá formlegri eignarheimild henni til handa. Við búskiptin hafi eigna- og skuldatalning erfðafjárskýrslunnar á dskj. 7 verið lögð til grundvallar og greiðsla arfs farið eftir því. Varnaraðilinn Úlfhildur Hermannsdóttir hafi kvittað fyrirvaralaust fyrir móttöku á arfshluta sínum að fjárhæð kr. 16.008.04 hinn 12. febrúar 1958, sbr. dskj. 8. Þar með hafi hún viðurkennt að hafa fengið sinn arfshluta og skuldbundið sig með því gagnvart öðrum erfingjum. Einnig komi hér til eftirfarandi aðgerðarleysi hennar. Henni hafi borið án tafar að gera athugasemd, teldi hún upphæð arfshlutans ekki rétta. Það hafi hún ekki gert og verði henni nú til réttarspjalla, telji hún sig eiga frekari arf. Því er og sérstaklega mótmælt sem ósönnuðu, að hún hafi fengið tilkynningu um, að hún ætti ógreiddar á málflutnignsskrifstofunni kr. 800.- úr dánarbúinu. Svo afdráttarlausar kvittanir fyrir móttöku varnaraðiljans Ólafs Hermannssonar sem kvittun varnaraðiljans Úlfhildar liggi ekki fyrir, enda muni málflutningskrifstofan á þessum tíma hafa annast fjárhald fyrir hann og staðið honum skil á arfshlutanum með millifærslum á viðskiptareikning hans og öðrum hætti, eins og að framan er rakið. Samkvæmt þessu hafi lögskipti aðilja verið með þeim hætti, að skiptum erfingja hafi efnislega lokið, þó ekki hafi verið formlega að þeim staðið, enda verði samkvæmt gögnum málsins að leggja til grundvallar, að dánarbúið hafi ekki verið tekið til opinberra skipta, svo sem lögskylt var samkvæmt 5. gr. laga nr. 3/1878, eða skiptaráðandi veitt formlegt leyfi til einkaskipta. Þrátt fyrir ákvæði 10.-11. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt virðist einnig verða að leggja til grundvallar, að ekki hafi verið gengið formlega frá erfðafjárskýrslu með undirritun. Stefnandi mótmælir því sérstaklega, að Rannveig Jónsdóttir hafi setið í óskiptu búi, þar sem til þess hafi hún þurft formlega heimild samkvæmt þágildandi reglum um óskipt bú í VIII. kafla laga nr. 20/1923. Jafnframt hafi ekki verið fyrir hendi skilyrði til slíks leyfis, þar sem vantaði hafi samþykki varnaraðilja samkvæmt 2. mgr. 61. gr. laga nr. 20/1923, sbr. nú 3. mgr. 7. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Hvað sem þeirri málsástæðu líði, að efnislegum skiptum dánarbúsins hafi lokið, byggir stefnandi á því sem sjálfstæðri málsástæðu, að Rannveig Jónsdóttir hafi með óskoruðum eignarráðum yfir jörðinni um meira en 20 ára skeið unnið á henni fullnaða eignarhefði samkvæmt lögum nr. 46/1905 um hefð. Rannveig Jónsdóttir hafi talið, að málflutningsskrifstofan hefði annast fullnaðarfrágang allra skjala varðandi skiptin, m.a. um þinglýsingu á eignarheimild hennar fyrir jörðinni Eyrarkot. Alla tíð síðan hafi hún haft eignarráð jarðarinnar og ekki vitað fyrr en á árinu 1980, að eignarheimild hennar hafði ekki verið þinglýst.

Varnaraðiljar halda því fram, að erfðafjárskýrslan á dskj. 7 hafi aðeins átt að vera til grundvallar erfðafjárskatti. Jafnframt mótmæla þeir því, að

það skjal hafi verið fyrir þá lagt við afskipti Guðlaugs Þorlákssonar af dánarbúinu á þessum tíma. Jörðin sé þar talin til eignar á fasteignamati og ekki metin hlunnindi vegna sand- og malarnáms. Kaupverð jarðarinnar hafi verið kr. 30.000.00 árið 1945. Frá þeim tíma hafi byggingarvísitala hækkað úr 388 stigum í 1144 stig. Miðað við þá hækkun hefði verð jarðarinnar a.m.k. átt að vera kr. 87.680.00, reiknað út frá kaupverði hennar. Telja varnaraðiljar búfé væntanlega talið til eignar samkvæmt skattmati þess tíma, en ekki liggi fyrir, um hvaða skuldir að fjárhæð kr. 7.790.00 hafi verið að ræða. Allt sé þetta dæmi þess tíma um grundvöll greiðslu erfðafjárskatts, en skiptin síðan getað orðið með öðrum hætti. Uppskrift hafi ekki farið fram. Ekkert samráð hafi verið haft við varnaraðilja varðandi skiptin og hvað Úlfhildi varðar, hafi hún verið kvödd einu sinni á nefnda málflutningsskrifstofu til að veita viðtöku peningum úr dánarbúinu, sbr. dskj. 8. Hún hafi litið svo á, að verið væri að greiða upp í arfshluta hennar. Þar hafi ekki verið um fullnaðargreiðslu að ræða, enda síðar orðið raunin á, að hún hafi átt að fá frekari greiðslu, er hún hafi fengið boð frá málflutningsskrifstofunni um, að hún ætti ógreiddan arfshluta að fjárhæð kr. 800.00, sem hún gæti sótt. Þá greiðslu hafi hún ekki sótt, enda svo verið komið, að varnaraðiljar hafi ekki fallist á skiptingu eigna dánarbúsins. Skriflegt samþykki erfingjanna um skiptingu búsins liggi ekki fyrir, en telja verði slíkt samþykki þurfa að vera fyrir hendi, til þess að skipti teljist endanleg, samkvæmt meginreglum laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsúum o.fl. Mótmælt er þeirri fullyrðingu í greinargerð stefnanda, að greiðsla erfðafjárskatts teljist sönnun þess, að skiptum sé lokið. Viljayfirlýsing erfingjanna eða úrskurður skiptaráðanda um skiptingu eigna hljóti að teljast eina lögmæta sönnun þess, að skiptum sé lokið. Rannveig Jónsdóttir hafi því setið í óskiptu búi, þrátt fyrir að skriflegt samþykki varnaraðilja hafi ekki legið fyrir. Greiðslur málflutningsskrifstofunnar á peningum til varnaraðilja telja þeir greiðslu upp í arf. Mál þetta heyri því undir skiptarétt. Varnaraðiljar benda á, að viðskiptareikningur dánarbúsins á dskj. 20 sýni, að skiptum hafi ekki verið lokið. Þar komi fram viðbótargreiðsla til dánarbúsins að fjárhæð kr. 3.625.00, sem varnaraðiljar telja tilkomna vegna fráfalls föður þeirra. Annað, sem bendi til þess, að skiptum hafi ekki verið lokið, sé, að Guðlaugur Þorláksson hafi í raun verið aðili að skiptunm sem fjárhaldsmaður eins erfingjans. Hann hafi lagt drög að skiptunum, en eftir hafi verið að leggja málið fyrir skiptafund og skiptaráðanda. Af hálfu varnaraðiljans Ólafs Hermannssonar var því ekki mótmælt við munnlegan flutnings málsins, að hann hafi fengið úr dánarbúinu þær greiðslur að fjárhæð kr. 5.000.00 og kr. 1.000.00, sem fram koma á viðskiptareikningi dánarbúsins á dskj. 20 og 21, en meiri vafi leiki á um millifærslu að fjárhæð kr. 6.008.04 (dskj. 18 og 20), sem gerð hafi verið án

hans vitundar, þar sem hann hafi ekki skuldað föður sínum neitt og hugsanlegt, að dánarbúið hafi átt að greiða reikninginn frá „Steðja" að fjárhæð kr. 8.808.04 (dskj. 18). Dskj. 20 sýni heldur ekki, hvernig sem þessu er varið, að Ólafur hafi fengið kr. 3.500.00 úr dánarbúinu með einum eða öðrum hætti. Sú fjárhæð á reikningnum á dskj. 5 geti eins hafa verið skuld dánarbúsins við hann og hafi hann skuldað dánarbúinu þessa fjárhæð, sé ljóst, að sú inneign hefði átt að koma til skipta. Af framangreindu leiði að skiptum, hvorki formlegum né efnislegum, hafi verið lokið né uppgjöri dánarbúsins og greiðslum í því sambandi. Varnaraðiljar mótmæla því sérstaklega, að túlka megi aðgerðarleysi þeirra með tilliti til skiptingu dánarbúsins á þann hátt, að þeir hafi afsalað sér rétti til jarðarinnar.

Varnaraðiljar halda því fram, að Rannveig Jónsdóttir hafi setið í óskiptu búi allt frá andláti eiginmanns síns hinn 21. janúar 1957 til þess dags, er hún lést í apríl 1981. Slíkur umráðaréttur á eign skapi ekki hefð samkvæmt 3. mgr. 2. gr.laga nr. 46/1905 og fráleitt hjá stefnanda að halda því fram, að hefð geti unnist í þessu tilviki þótt engin skipti hefðu farið fram.

Álit réttarins.

Samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum, sem fram hafa komið í málinu og málflutningi aðilja, virðist ágreiningslaust, að ekki hafi verið staðið formlega að skiptum dánarbús Hermanns Guðmundssonar, er lést 21. janúar 1957 og síðast bjó að Eyrarkoti, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu. Við það verður að miða, að uppskrift og mat á eignum dánarbúsins hafi eigi farið fram. Dánarbúið hafi eigi verið tekið til opinberra skipta né heldur skiptaráðandi veitt erfingjum heimild til einkaskipta á síðara stigi eða erfingjanum Þóri Hermannssyni, sem þá var ófjárráða, verið skipaður fjárhaldsmaður við væntanleg skipti dánarbúsins. Þá er ekkert fram komið um, að erfingjarnir hafi undirritað erfðafjárskýrslu A og B, erfðaafsal, skiptagerð eða skipayfirlýsingu í þessu sambandi. Samkvæmt þessu þykir eigi verða á það fallist með stefnanda, að varnaraðiljar hafi samþykkt beint eða óbeint, að eignir og skuldir dánarbúsins og það, sem kæmi til skipta milli erfingja, skyldi nema þeim fjárhæðum, sem greinir á handrit erfðafjárskýrslu A á dskj. 7. Að vísu hefur varnaraðilinn Úlfhildur Hermannsdóttir á sínum tíma kvittað fyrirvaralaust fyrir arfshluta sínum í samræmi við þær fjárhæðir, sbr. dskj. 8, en kveðst samt hafa litið svo á, að þar væri um að ræða hluta þess arfs, sem henni bæri, enda Guðlaugur Þorláksson tekið fram, að þetta væri ekki fullfrágengið og hún fengi síðar það, sem eftir væri af hennar hluta. Raunin hafi líka orðið sú, er hún hafi fengið skilaboð um að vitja 800.00 króna til viðbótar. Eigi virðast efni til að vefengja þessa frásögn, sem gegn mótmælum stefnanda er þó ósönnuð. Hins vegar er ljóst, að mjög skorti á formlega meðferð við þær skiptatilraunir,

sem fram fóru og að framan greinir. Að framanrituðu athuguðu, og þegar það er virt ennfremur, sem greint var um innborgun á viðskiptareikningi dánarbúsins hinn 23. júní 1958 og stöðu hans í árslok 1958, sbr. dskj. 20, og hve ófullkomin gögn hafa komið fram um móttöku varnaraðiljans Ólafs Hermannssonar á arfi sínum, þykir verða að líta svo á, að fullkomnum skiptum umrædds dánarbús hafi aldrei lokið. Varnaraðiljar hafa aftur á móti ekki gert reka að því, að búskiptum lyki, svo sem með því að gera kröfu um opinber skipti, en eftirfarandi aðgerðarleysi þeirra í þeim efnum þykir ekki eiga að leiða til hins gagnstæða. Í þessu máli þykja varnaraðiljar því eigi verða að þola eignardóm stefnanda til handa fyrir hinni umþrættu jörð, byggðan á því, að ekkjan Rannveig Jónsdóttir, sem nú er látin, hafi orðið réttur og löglegur eigandi jarðarinnar við skipti dánarbúsins eða eftirfarandi aðgerðarleysi varnaraðilja með tilliti til búskiptanna, enda þótt ljóst virðist, að jörðin hafi átt að falla í hennar hlut eða komið til með að gera það með formlegum hætti við samþykkt skiptalok.

Það er óumdeilt, að Rannveig Jónsdóttir hafði, meðan hún lifði, full eignarráð jarðarinnar og fór þannig með hana sem sína persónulegu eign í meira en hefðartíma fullan samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905, án þess að varnaraðiljar hreyfðu athugasemdum við því. Einnig virðist óumdeilt, að varnaraðiljum hafi verið ljóst, að hún taldi sig réttan og löglegan eiganda jarðarinnar. Samkvæmt framangreindu verður hins vegar að líta svo á, að skiptum umrædds dánarbús sé ekki lokið, hvorki að öllu né að hluta, og af því leiði, að skilyrði hefðar séu ekki fyrir hendi samkvæmt þeim skilnigi, sem ákvæði 3. mgr. 2. gr. nefndra laga byggist á.

Samkvæmt framanrituðu verður niðurstaða máls þessa sú, að dómkröfur stefnanda verða eigi teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Hlöðver Kjartansson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfu stefnanda, dánarbús Rannveigar Jónsdóttur, um, að því verði dæmdur eignarréttur að jörðinni Eyrarkot í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu ásamt öllu því, sem jörðinni fylgir og fylgja ber, er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 18. desember 1984.

Nr. 116/1982. **Tollstjórinn í Reykjavík**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Sigurði Jónssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Aðflutningsgjöld. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s.m. Kröfur hans eru þessar:

Aðalkrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 7.227.00 með 2% dráttarvöxtum á mánuði frá 17. febrúar 1976 til 20. nóvember 1976, með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 21. nóvember 1976 til 31. júlí 1977, 3% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. ágúst 1977 til 31. maí 1979, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1979 til 31. ágúst 1979, 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. september 1979 til 31.maí 1980, 4.75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1980 til 31. maí 1981, 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1981 til 20. apríl 1982, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá 21. apríl 1982 til 31. október 1982, 4.75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. nóvember 1982 til 20. nóvember 1983, 4% dráttarrvöxtum á mánuði frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 3.25% dráttarvöxtum á mánuði frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 21. janúar 1984 til 31. ágúst 1984 og 2.75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. september 1984 til greiðsludags.

Varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 7.227.00 með 13% ársvöxtum frá 17. febrúar 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá 21. nóvember 1977 til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá 21. febrúar 1978 til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá 1. júní 1979 til 31. ágúst 1979, 27% ársvöxtum frá 1. september 1979 til 30. nóvember 1979, 31% ársvöxtum frá 1. desember

1979 til 31. maí 1980, 46% ársvöxtum frá 1. júní 1980 til 28. febrúar 1981, 42% ársvöxtum frá 1. mars 1981 til 31. maí 1981, 37% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til 31. október 1982, 45% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, 37% ársvöxtum frá 21. september 1983 til 20. október 1983, 36% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 25% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984 og 19% ársvöxtum frá 21. janúar 1984 til greiðsludags.

Þrautavarakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 7.227.00 með 13% ársvöxtum frá 17. febrúar 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá 21. nóvember 1977 til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá 21. febrúar 1978 til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá 1. júní 1979 til 31. ágúst 1979, 27% ársvöxtum frá 1. september 1979 til 30. nóvember 1979, 31% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 31. maí 1980, 35% ársvöxtum frá 1. júní 1980 til 31. maí 1981, 34% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til 31. október 1982, 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, 35% ársvöxtum frá 21. september 1983 til 20. október 1983, 32% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 27% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 21.5% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá 21. janúar 1984 til 10. ágúst 1984 og 17% ársvöxtum frá 11. ágúst 1984 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda, „málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti ... en til vara, að málskostnaður verði felldur niður."

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í héraðsdómi, sá Ásgeir Sigurðsson um útvegun á bifreið fyrir stefnda veturinn 1975-1976. Bifreiðina keypti Ásgeir í Þýskalandi fyrir 20.292.50 mörk, en fram var lagður falsaður reikningur, þegar tollafgreitt var í Reykjavík, 12.250.00 mörk. Var þess vegna krafið um lægri aðflutningsgjöld en rétt hefði verið. Hluta mismunarins greiddi stefndi 1977 eða 1978, þegar fram var komið, að smíðaár bifreiðarinnar var rangt tilgreint, þegar hún var

flutt inn. Í máli þessu er þess krafist, sem enn er ógreitt af aðflutningsgjöldum auk vaxta.

Hér fyrir dómi styður stefndi sýknukröfu sína tveimur röksemdum, svo sem hann gerði í héraði og rakið er í hinum áfrýjaða dómi.

Kemur fyrst til athugunar, hvort stefndi hafi átt þann þátt í innflutningi bifreiðarinnar, að honum beri vegna lagaákvæða um aðflutningsgjöld að greiða kröfu áfrýjanda.

Aðflutningsskýrsla hefur verið lögð fram, dagsett 15. mars 1971. Í reit fyrir undirskrift er undirritun skipaafgreiðslu Jes Zimsen „Samkvæmt umboði innflytjanda og framlögðum gögnum." Í skýrslunni segir, að stefndi sé innflytjandi. Hann hefur þó staðfastlega neitað því, að hann hafi gefið skipaafgreiðslunni umboð til að gera skýrsluna, en fram er komið, að fyrirtækið hafði umboð frá Ásgeiri Sigurðssyni til að undirrita aðflutningsskýrslur. Verður ekki á því byggt, að skipaafgreiðslan hafi haft umboð frá stefnda, og verður því ekki af skýrslunni ráðið, að hann hafi verið innflytjandi bifreiðarinnar.

Gögn málsins sýna, að gagnvart hinum þýska seljanda bifreiðarinnar kom Ásgeir Sigurðsson fram sem kaupandi. Ásgeir keypti og gjaldeyri í banka hér á landi til að greiða hluta bílverðsins. Þá er fram komið, að Ásgeir og stefndi höfðu um það samið, áður en Ásgeir keypti bifreiðina, að hann skyldi útvega stefnda bifreið tiltekinnar gerðar. Áður en bifreiðin kom til landsins, skýrði Ásgeir stefnda frá kaupunum. Stefndi greiddi Ásgeiri fé, sem svaraði til kaupverðs bifreiðarinnar, kostnaðar við flutning hennar til landsins og aðflutningsgjalda, sem greidd voru 1976. Stefndi kveðst hafa greitt jafnvirði 12.250.00 marka, og verður að því vikið hér á eftir. Verður af þessu ráðið, að Ásgeir hafi verið umsýslumaður við bifreiðakaupin, en stefndi umsýsluveitandi hans.

Áfrýjandi byggir kröfu sína á því, að stefndi hafi verið innflytjandi, viðtakandi og eigandi bifreiðarinnar og að hann beri ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjaldanna, sem málið snýst um, eftir 54. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og 15., 16., 18. og 20. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o.fl. Í 54. gr. laga nr. 59/1969 eru ákvæði um lögveð í innfluttum vörum, uppboð á þeim, án þess að fógetagerð þurfi fyrst fram að fara, og um lögtak í öðrum eignum viðtakanda. Í þeim greinum í tollskrárlögum, sem til er

vitnað, eru ákvæði um skyldu, sem „viðtakandi (innflytjandi, eigandi eða annar)“ ber til að afhenda aðflutningsskýrslu og vöruna sjálfa, svo og um skyldu viðtakanda til að leggja fram reikninga, sem sýna verð vörunnar, o.fl. gögn.

Eftir hinum tilvitnuðu ákvæðum þarf fyrst að athuga, hvort stefndi hafi verið „viðtakandi“ bifreiðarinnar, sem málið snýst um. Sem fyrr segir, var hann umsýsluveitandi Ásgeirs Sigurðssonar, sem annaðist innflutninginn. Átti stefndi því ríkan rétt yfir bifreiðinni. Þá verður á því að byggja, að greiðslur hans fyrir bifreiðina hafi verið miðaðar við verð það, sem greitt var í raun í Þýskalandi, þ.e. 20.292.50 mörk, en ekki 12.250.00 mörk, auk kostnaðar og þóknunar til umsýslumanns. Að þessu athuguðu ber að telja stefnda viðtakanda bifreiðarinnar.

Í 54. gr. laga nr. 59/1969 segir m.a., sem fyrr greinir, að heimilt hafi verið að „gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum .. í öðrum eignum viðtakanda ...,“ ef ekki næst til vörunnar, sem gjald skyldi af greitt. Þetta verður að skýra svo, að með því sé lögð persónuleg ábyrgð á viðtakanda, svo sem talið er í hinum áfrýjaða dómi.

Að þessari niðurstöðu fenginni þarf að fjalla um þá lagaröksemd stefnda, að krafa áfrýjanda sé fyrnd. Í 7. gr. laga nr. 14/1905 segir: „Ef skuldari dregur sviksamlega dul á, eða vanrækir að skýra frá atvikum, er krafan byggist á, eða valda því, að hún verður gjaldkræf, og skuldaranum bar skylda til að segja frá, þá fyrnist skuldin ekki, hvað sem öðru líður, fyrr en 4 ár eru liðin frá þeim degi, er kröfueigandinn fékk vitneskju um þessi atvik ...“ Fallast verður á það með héraðsdómara, sem fyrr segir, að stefndi sé skuldari. Bar honum því að skýra tollyfirvöldum frá verði, sem greitt var fyrir bifreiðina í Þýskalandi. Þar sem hann gerði það ekki, fyrnist krafan, sem mál þetta snýst um, á 4 árum frá þeim degi á árinu 1980, er íslensk yfirvöld fengu vitneskju um hið rétta verð. Verður að hafna þeirri lögskýringu stefnda, að 7. gr. fyrningarlaga leiði því aðeins til, að fyrningarfrestur lengist, að vitneskja berist kröfueiganda fyrir lok fyrningarfrests, sem fundinn er eftir öðrum reglum laganna frá 1905. Á slík skýring sér ekki stoð í orðum greinarinnar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að taka til greina kröfu áfrýjanda um greiðslu á 7.227.00 krónum. Deila aðiljar ekki

um útreikning upphæðarinnar. Vextir verða ákveðnir eins og segir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 20.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi Sigurður Jónsson, greiði áfrýjanda, tollstjóranum í Reykjavík, 7.227.00 krónur með mánaðarlegum dráttarvöxtum sem hér segir: 2% frá 17. febrúar 1976 til 20. nóvember 1976, 2.5% frá þeim degi til 1. ágúst 1977, 3% frá þeim degi til 1. júní 1979, 4% frá þeim degi til 1. september 1979, 4.5% frá þeim degi til 1. júní 1980, 4.75% frá þeim degi til 1. júní 1981, 4.5% frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 4.75% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3.25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2.5% frá þeim degi til 1. september 1984 og 2.75% frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndi áfrýjanda samtals 20.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundur Jónssonar og
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Við teljum stefnda ekki hafa verið viðtakanda umræddrar bifreiðar í skilningi tollskrárlaga nr. 6/1974, nú lög nr. 120/1976, eða laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit. Því ber þegar af þeirri ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 20.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 18. desember sl., hefur tollstjórinn í Reykjavík höfðað með birtingu sátta-

kæru 2. apríl sl. gegn Sigurði Jónssyni bakarameistara, Auðarstræti 11, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 7.227.00 ásamt 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 17. febrúar 1976 til 20. nóvember 1976, 2.5% dráttarvöxtum frá 21. nóvember s.á. til 31. júlí 1977, 3% dráttarvöxtum frá 1. ágúst 1977 til 31. maí 1979, 4% dráttarvöxtum frá 1. júní 1979 til 31. ágúst 1979, 4.5% dráttarvöxtum frá 1. september 1979 til 31. maí 1980, 4.75% dráttarvöxtum frá 1. júní 1980 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og jafnframt þess, að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Upphaflega beindi stefnandi kröfum sínum jafnframt að Ræsi hf., Skúlagötu 59, Reykjavík, en í þinghaldi hinn 23. september sl. féll stefnandi frá öllum kröfum á hendur Ræsi h.f., en nánari grein verður gerð fyrir því síðar.

Dómarinn reyndi sættir árangurslaust með málsaðiljum, en eigi bar sú viðleitni neinn árangur (sic).

Mál þetta var munnlega flutt hinn 4.11. 1981 og dómtekið að loknum þeim flutningi. Eftir dómtöku þótti dómara bresta á skýrleik í yfirlýsingum aðilja, og var málið endurupptekið 17.11. sl. Var þá aflað frekari gagna, eins og síðar verður rakið, en málið síðan flutt að nýju hinn 18. desember sl. og dómtekið að flutningi loknum.

II.

Málsatvik eru þau, að í desember 1975 ákvað stefndi að kaupa sér bifreið af gerðinni Mercedes Benz, en slíka bifreið hafði hann átt um 15 ára skeið. Snéri stefndi sér til bifreiðainnflutningsfyrirtækisins Ræsis hf., Skúlagötu 59, Reykjavík, sem vera mun umboðsaðili fyrir Mercedes Benz verksmiðjurnar hér á landi.

Að sögn stefnda bentu starfsmenn Ræsis hf. honum á að snúa sér til Ásgeirs nokkurs Sigurðssonar, sem hefði með höndum innflutning notaðra Benz bifreiða frá Þýskalandi. Fór stefndi að ábendingu þessari. Stuttu síðar mun Ásgeir Sigurðsson hafa hringt til stefnda og skýrt honum svo frá, að hann, þ.e. Ásgeir, hefði keypt bifreið í Þýskalandi, sem von væri á til Íslands í febrúar eða mars 1976. Fylgdist stefndi með komutíma bifreiðarinnar hingað til lands, og kveðst hann hafa skoðað hana við komuna á geymslusvæði við Sundahöfn. Að sögn stefnda sá Ásgeir þessi um kaup bifreiðarinnar erlendis, heimflutning hennar og tollafgreiðslu, ryðvörn og skrásetningu hér á landi, og kveðst stefndi þar hvergi hafa komið nærri. Segist stefndi síðan hafa fengið bifreiðina fullfrágengna og tilbúna til notkunar hér á landi og þá hafi kaup um hana gerst milli sín og Ásgeirs Sigurðs-

sonar. Kveðst stefndi hafa greitt Ásgeiri kaupverð bifreiðarinnar, er hann hafi fengið hana afhenta, og hafi kaupverðið verið kr. 2.360.988 (gkr.). Þá kveðst stefndi hafa greitt Ásgeiri þóknun fyrir milligöngu hans, er numið hafi kr. 119.012 (gkr.).

Kaup um bifreið þá, er mál þetta snýst um og hér er að framan getið, gerðust í Þýskalandi hinn 12. febrúar 1976. Bifreiðin kom hingað til landsins hinn 17. febrúar 1976, og var hún tollafgreidd hjá tollstjóraembættinu í Reykjavík hinn 16. mars 1976. Við tollafgreiðslu framvísaði innflytjandi bifreiðarinnar vörureikningi þeim, sem er að finna á dómskjali nr. 5 í málinu. Á reikningi þessum var kaupverð bifreiðarinar sagt vera DM 12.250.00. Mun bifreiðin hafa verið tolluð samkvæmt þeim upplýsingum. Hinn 24. júní 1980 kveðst stefnandi hafa fengið í hendur fyrir milligöngu rannsóknarlögreglu ríksins og þýskra lögregluyfirvalda hinn raunverulega vörureikning vegna kaupanna, en á reikningi þessum, sem er að finna á dómskjali nr. 6 í málinu, kemur fram, að kaupverð bifreiðarinnar var DM 20.292.50. Telur stefnandi, að aðflutningsgjöld bifreiðarinnar hafi verið vanreiknuð vegna rangra upplýsinga innflytjanda. Af því tilefni er málshöfðun þessi sprottin. Sækir stefnandi stefnda til greiðslu hinna vangoldnu aðflutningsgjalda.

Ágreiningur málsaðilja að því er málavexti varðar lýtur að því, hvort stefndi Sigurður hafi verið kaupandi, innflytjandi og/eða viðtakandi nefndrar bifreiðar, en því er haldið fram af hálfu stefnanda. Því er og haldið fram af hálfu stefnanda, að við kaup bifreiðarinnar erlendis, heimflutning hennar og tollafgreiðslu hafi Ásgeir Sigurðsson komið fram sem starfsmaður eða umboðsmaður stefnda Sigurðar. Báðum þessum staðhæfingum er eindregið andmælt af hálfu stefnda, sem kveðst hafa keypt umrædda bifreið af Ásgeiri Sigurðssyni, eftir að bifreiðin kom hingað til lands, og kaup á henni erlendis, heimflutningur og tollafgreiðsla hafi verið sér algjörlega óviðkomandi. Skal nú rakið það, sem fram er komið í málinu, er þetta atriði varðar sérstaklega.

Stefndi Sigurður kom fyrir dóm í málinu hinn 26.10. 1981. Hann skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði keypt bifreiðina af Ásgeiri, eftir að hún kom hingað til lands, og hefði hann þá fyrst greitt kaupverðið til Ásgeirs Sigurðssonar. Samningurinn um kaupin á bifreiðinni hefði verið munnlegur. Þá skýrði stefndi svo frá, að hann hefði skoðað bifreiðina á geymslusvæði við Sundahöfn, er hún kom til landsins.

Samkvæmt aðflutningsskýrslu, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu á dómskjali nr. 4, er stefndi, Sigurður Jónsson, tilgreindur sem innflytjandi bifreiðarinnar, en skýrsla þessi er dagsett 15.3. 1976. Er skýrslan undirrituð af skipaafgreiðslu Jes Ziemsen samkvæmt umboði innflytjanda, eða eins og segir í skýrslunni sjálfri: „Undirrituð samkvæmt umboði innflytjanda

og framlögðum gögnum ...“ Stefndi var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 5. mars 1980. Við þá yfirheryslu neitaði hann eindregið að hafa verið innflytjandi bifreiðarinnar, eins og tilgreint sé í aðflutningsskýrslunni, og sagði nafn sitt þar tilgreint algerlega í óleyfi. Hann hafi ekkert umboð veitt skipaafgreiðslu Jes Ziemsen til þess að útfylla aðflutningsskýrslu í sínu nafni. Er stefndi kom fyrir dóm í máli þessu, ítrekaði hann framburð sinn hjá rannsóknarlögrelgu að því er þetta atriði varðar.

Fram hefur verið lagt í málinu á dómskjali nr. 25 umboð frá Ásgeiri Sigurðssyni til skipaafgreiðslu Jes Ziemsen, svohljóðandi:

„Ásgeir Sigurðsson
Reykjavík.
Nafnnr. 0676-3340

Ég undirritaður innflytjandi heimila skipaafgreiðslu Jes Ziemsen að gera og undirrita aðflutningsskýrslur á mína ábyrgð samkvæmt þeim gögnum er ég legg fram.

Ásgeir Sigurðsson.“

Hinn 17. nóvember sl. kom fyrir dóm í málinu sem vitni Ingibjörg Anna Guðlaugsdóttir, f. 11.4. 1954, starfsmaður skipaafgreiðslu Jes Ziemsen. Sagði hún helsta starfssvið þess fyrirtækis vera þjónustustarfsemi fyrir þá, sem annist inn- og útflutning, þar á meðal gerð tollskýrslna fyrir inn- og útflytjendur. Hún kvað Magnús Pálsson, fyrrverandi starfsmann skipaafgreiðslunnar, hafa séð um að útfylla aðflutningsskýrsluna á dómskjali nr. 4. Magnús hafi nú látið af störfum hjá skipaafgreiðslunni. Eigi að síður kvaðst hún vita til þess, að aðflutningsskýrsla þessi hafi verið gerð vegna innflutnings þeirrar bifreiðar, sem mál þetta snýst um. Sagði hún, að umboð það, sem vitnað væri til í aðflutningsskýrslunni, væri umboðið á dómskjali nr. 25. Þannig hagi til í rekstri skipaafgreiðslunnar, að afgreiðslan undirriti einungis aðflutningsskýrslur, ef hún hafi til þess umboð frá innflytjanda, en ella undirriti innflytjandinn skýrsluna sjálfur. Kvaðst hún vita, að umboð það, sem vitnað sé til í aðflutningsskýrslunni, sé ekki komið frá stefnda Sigurði. Þá sagði hún, að þau framlögðu gögn, sem vitnað væri til í aðflutningsskýrslunni, hefðu verið fengin frá Ásgeiri Sigurðssyni, en ekki stefnda Sigurði. Hún kvaðst ætla, að nafn stefnda hefði verið sett í aðflutningsskýrsluna að beiðni Ásgeirs, en ekki kvaðst hún muna, hvort samráð hafi verið haft um það atriði við stefnda Sigurð.

Samkvæmt hinum ranga vörureikningi, sem lagður var fram við tollafgreiðslu bifreiðarinnar, en reiknngur þessi er frá Sportwagen Zentrum Paulinen-Garage, er viðtakandi samkvæmt reikningnum „Herrn Sigurdsson/Reykjavík/Island.“ Á vörureikningi á dómskjali nr. 6, sem mun vera

hinn rétti vörureikningur vegna kaupanna, er kaupandi bifreiðarinnar tilgreindur Ræsir hf. í Reykjavík. Í greinargerð Ræsis hf., sem lögð var fram sem dómskjal nr. 20, er svo frá málsatvikum skýrt, að Ásgeir Sigurðsson hafi verið staddur í verksmiðjum Daimler Benz í Shindelfingen í Þýskalandi og hafi hann haft samband við Ræsi hf. sem umboðsaðilja Daimler Benz á Íslandi og óskað eftir milligöngu Ræsis hf. um kaup á nefndri bifreið. Ásgeir, sem stundað hafi innflutning á notuðum bifreiðum hingað til lands, hafi rekist á bifreiðina á lager í Shindelfingen. Tilgangurinn með milligöngu Ræsis hf. hafi verið sá að fá bifreiðina á „export verði", þ.e. án þýska söluskattsins, en til þess að svo hafi mátt verða, hafi Daimler Benz þurft að gefa út vörureikning á nafn erlends umboðsaðilja, í þessu tilviki á nafn Ræsis. Ræsir hf. hafi fyrir sitt leyti samþykkt þessa milligöngu, enda skyldi Ásgeir greiða Daimler Benz beint og skyldi bifreiðin vera á hans ábyrgð frá verksmiðjunum. Hafi þar með lokið afskiptum Ræsis hf. af máli þessu.

Samkvæmt telexskeyti Daimler Benz til Ræsis hf. á dómskjali nr. 21, dags. 24.6. 1981, sem Ræsir hf. lagði fram í málinu, var bifreið sú, er um getur í málinu, send beint frá lager Daimler Benz í Shindelfingen í Þýskalandi 2. febrúar 1976 til Ásgeirs Sigurðssonar. Í þinghaldi í máli þessu hinn 23. september sl. féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur stefnda Ræsi hf., þar sem hann taldi fram komið, að Ræsir hf. hefði ekki verið eigandi hinnar innfluttu bifreiðar, heldur Sigurður Jónsson, stefndi í máli þessu.

Eins og fyrr getur var bifreiðin flutt hingað til landsins með Laxfossi (sic), og var komudagur 17. febrúar 1976. Samkvæmt farmbréfi Eimskipafélagsins var Ásgeir Sigurðsson viðtakandi farmsins, og mun hann samkvæmt reikningi Eimskipafélagsins hafa greitt fyrir flutninginn, en reikningur þessi á dómskjali nr. 18 er dags. 17.02. 1976.

Samkvæmt dómskjali nr. 16, sem stefndi hefur lagt fram, sótti Ásgeir Sigurðsson um gjaldeyrisyfirfærslu hinn 15. mars 1976, og var erlend upphæð yfirfærslunnar DM. 12.250.00. Stefndi skýrði svo frá, er hann kom fyrir dóm í umrætt sinn, að hann hefði greitt Ásgeiri Sigurðssyni kaupverð bifreiðarinar, eftir að hún kom til landsins, og við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni kvaðst hann hafa greitt kaupverðið í íslenskum peningum.

Eins og fyrr greinir, mun stefnandi hafa fengið um það upplýsingar hinn 24. júní 1980, að við tollafgreiðslu bifreiðarinnar hafi rangur vörureikningur verið lagður fram og bifreiðin því tollafgreidd á röngum forsendum. Á árinu 1977 mun stefnandi að eigin sögn einnig hafa fengið í hendur gögn,, sem sýndu, að smíðaár umræddrar bifreiðar muni hafa verið ranglega tilgreint á dómskjali nr. 5. Var smíðaárið þar sagt vera 1975, en hið rétta mun vera 1976. Er þetta kom í ljós, var stefndi Sigurður krafinn um viðbótaraðflutningsgjöld og þau þá miðuð við verksmiðjuverð nýrrar bif-

reiðar, þ.e. bifreiðar af árgerðinni 1976. Þau gjöld greiddi stefndi hinn 6. mars 1978 með kr. 711.134 (gkr.), þ.e.a.s. kr. 522.893.00 að viðbættum vöxtum. Þegar stefandi gerði viðbótarkröfu sína í september 1977, mun hafa verið miðað við verksmiðjuverð nýrrar bifreiðar, sem var DM 15.750.00. Hinn rétti vörureikningur á dómskjali nr. 6 hljóði hins vegar upp á DM 20.192.50. Munur verksmiðjuverðs og raunverulegs kaupverðs mun hafa stafað af ýmsum lúxusbúnaði, sem fylgdi bifreiðinni, en búnaður þessi mun að sögn tollyfirvalda aðflutningsgjaldskyldur.

Fram fór umfangsmikil rannsókn hjá rannsóknarlögreglu ríkissins og Sakadómi Reykjavíkur á innflutningstarfsemi Ásgeirs Sigurðssonar. Hinn 5. mars 1980 var Ásgeir þessi yfirheyrður um ýmis atriði, er varða bifreiðainnflutning af hans hálfu, og þá m.a. um vörureikning nr. 01 301698, en það er vörureikningurinn á dómskjali nr. 6 í máli þessu. Hefur endurrit þessarar yfirheyrslu verið lagt fram í máli þessu sem dómskjal nr. 26. Í yfirheyrslunni segir svo m.a.: „Varðandi reikning þann sem næstur er talinn upp segir mætti, að þar sé um að ræða ónotaða bifreið, er mætti hafi sjálfur pantað og alfarið án aðstoðar frá umboðinu hér á landi." Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 3. mars, 1980 var Ásgeir Sigurðsson yfirheyrður um tilurð vörureiknings frá Sportwagen Zentrum Paulinen-Garage, dags. 06.02. 1976, að upphæð DM. 12.250.-, en það mun vera vörureikningurinn á dómskjali nr. 5 í þessu máli. Í yfirheyrslunni kom þetta fram hjá Ásgeiri:

„Kærði kveðst viðurkenna að hafa flutt til landsins bifreið þá sem hér er til rannsóknar.

Kærða er sýnt skjal 129, bls. 3, sem er vörureikningur frá Sportwagen-Zentrum, Paulinen-Garage, dags. 06.02. 76 að upphæð DM. 12.250.00.

Kærði kveðst viðurkenna að hann hafi falsað þennan vörureikning á hvítt eyðublað frá áðurgreindu fyrirtæki. Upphæð vörureikningsins sé röng og mun lægri en bifreiðin raunverulega kostaði.

Kærði kveðst hafa keypt þessa bifreið með sama hætti og greinir frá í skjali 127.

Kærði kveðst hafa verið staddur í Stuttgart og hringt í verksmiðjuna Daimler-Benz AG í Stuttgart. Kærði kveðst hafa keypt tvær bifreiðar og sé þetta önnur þeirra. Bifreiðin hafi verið ný og ónotuð, en verið framleidd um það bil ári fyrr en kærði keypti hana.

Kærða er sýnt skjal 129, bls. 15, sem er ljósrit af kvittun vegna yfirfærslu á DM. 12.250.00, en kærði kveður það vera þá fjárhæð, sem hann fékk yfirfærslu á vegna kaupa á þessari bifreið. Mismuninn á rétta kaupverði og upphæð ranga vörureikningsins hafi hann síðan fengið með því að selja ísl. peninga í banka í Þýskalandi.

Kærða er sýnt skjal 129, bls. 17, sem er ljósrit (staðfest) af rétta vöru-

reikningnum, stílaður á Ræsir hf. dags. 12.02. 76, að upphæð DM. 20.292.50, sem er cif verð bifreiðarinnar.

Kærði kveður þennan reikning vera rétta vörureikninginn, þar sem tilgreindar séu réttar fjárhæðir, en kærði kveðst hafa fengið afslátt á þessari bifreið sem nam DM. 2.020.00 sem er fyrir loftkælingu sem fyrir var í bifreiðinni, en þrátt fyrir að kaupverðið hafi verið lækkað sem þessari fjárhæð nam, þá hafi þessi loftkæling ekki verið tekin úr bifreiðinni hjá framleiðanda.

Kærði er spurður, hvers vegna vörureikningur þessi er stílaður á Ræsir hf. einkaumboð Daimler-Benz AG á Íslandi?

Kærði kveður skýringuna felast í því, að sem einkaumboð á Íslandi, þá fái Ræsir hf. afrit af vörureikningnum. Kærði kveðst ekki hafa fengið neina fyrirgreiðslu né leitað eftir henni frá Ræsir hf.

Kærða er skýrt frá því, að fyrir liggi í máli þessu, að fyrirtækið Daimler-Benz AG. í Stuttgart selji ekki nýjar bifreiðar til annara en einkaumboðsmanna sinna.

Kærði kveðst vita það, að einkaumboð fyrir þessa verksmiðju fái vitneskju um hverja bifreiðasölu, en þeir hafi ekki haft neina milligöngu um kaup kærða á þessari bifreið.

Kærða er kynntur nýr útreikningur ríkisendurskoðunar sbr. skjal 129, bls. 9, þar sem kaupverðið samkvæmt rétta vörureikningnum er lagt til grundvallar. Vangreiðsla nemur kr. 1.110.507.00.

Kærði kveðst telja þennan útreikning réttan og lýsir sig ábyrgan fyrir þessari vangreiðslu. Kærði kveðst vilja greiða þessa fjárhæð, en þar sem hann er gjaldþrota og eignalaus, þá kveðst kærði ekki geta greitt þessa fjárhæð. Yfirheyrslu lokið kl. 16:55. Lesið, staðfest rétt.

Ásgeir Sigurðsson Hannes Thorarensen

rannsóknarlögreglum."

III.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar í máli þessu á því, að stefndi Sigurður hafi verið kaupandi, eigandi, innflytjandi og viðtakandi umræddrar bifreiðar, er hún var flutt hingað til lands og tollafgreidd í mars 1976. Beri stefndi því ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðinni samkv. 54. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 15., 16., 18. og 20. gr. laga nr. 120/1976, tollskrárlaga. Það sé fram komið í málinu, að Ásgeir Sigurðsson hafi keypt bifreiðina erlendis og hafi hann gert það sem umboðsmaður og/eða starfsmaður stefnda Sigurðar. Hafi bifreiðin því verið keypt erlendis, flutt hingað til lands og tollafgreidd af Ásgeiri Sigurðssyni sem umboðsmanni og/eða starfsmanni stefnda Sigurðar.

Við tollafgreiðslu bifreiðarinnar í mars 1976 hafi rangur vörureikningur vegna bifreiðakaupanna verið lagður fram og bifreiðin því tollafgreidd á röngum forsendum. Gjalddagi aðflutningsgjalda sé samkvæmt 50. gr. laga nr. 59/1969, þegar far taki höfn, þar sem vara verði affermd. Far það, er flutt hafi bifreiðina til landsins, hafi tekið höfn 15. mars 1976. Samkvæmt 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 fyrnist aðflutningsgjöldin á 4 árum frá gjalddaga. Hluti aðflutningsgjaldanna hafi verið greiddur við tollafgreiðslu 16. mars 1976. Sá hluti gjaldanna, sem ekki hafi verið greiddur hinn 16. mars 1976, ætti því að öllu jöfnu að vera fyrndur samkv. áður tilvitnaðri grein fyrningarlaganna. Svo sé þó ekki, þar sem starfsmaður og/eða umboðsmaður stefnda, Ásgeir Sigurðsson, hafi lagt fram rangan vörureikning við tollafgreiðslu og þannig leynt stefnanda um rétt tollverð. Stefnandi hafi fyrst hinn 24. júní 1980 fengið vitneskju um hið rétta kaupverð bifreiðarinnar. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 14/1905 hafi fyrningarfrestur eftirstöðva gjaldanna ekki byrjað að líða fyrr en stefnandi hafi fengið í hendur gögn frá ríkisendurskoðun um tilvist viðbótarkröfunnar, en það hafi verið hinn 24. júní 1980. Við það tímamark beri að miða upphaf fyrningarfrests viðbótargjaldanna, þ.e. þeirra gjalda, sem um er deilt í máli þessu. Þeim fyrningarfrsti hafi verið slitið með birtingu sáttakæru í máli þessu hinn 2. apríl 1981.

Stefnandi telur það engum vafa undirorpið, að Ásgeir Sigurðsson hafi keypt bifreiðina erlendis sem umboðsmaður og/eða starfsmaður stefnda Sigurðar. Aðflutningsskýrsla vegna innflutnings bifreiðarinnar hafi verið gerð í nafni stefnda eins og tilætlun Ásgeirs og stefnda Sigurðar hafi verið. Eins og samningssambandi þeirra hafi verið háttað, þá hafi stefnda ekki tekist að sýna fram á, að gerð aðflutningsskýrslunnar í hans nafni hafi verið í heimildarleysi. Þar sem Ásgeir Sigurðsson hafi verið starfsmaður eða umboðsmaður stefnda, beri stefndi ábyrgð á athöfnum hans, þar með talið því atferli hans að leggja fram rangan vörureikning við tollafgreiðslu bifreiðarinnar. Stefndi sé því skuldari samkv. 7. gr. fyrningarlaga. Krafa á hendur skuldara fyrnist ekki, hafi hann eða þeir, sem hann ber ábyrgð á, umboðsmaður eða starfsmaður, dregið sviksamlega dul á tilvist kröfu, fyrr en 4 ár eru liðin frá þeim degi, er kröfueigandi fékk vitneskju um tilvist kröfunnar.

Þá telur stefnandi, að þó svo, að ekki yrði á það fallist, að Ásgeir Sigurðsson hafi við kaup bifreiðarinnar erlendis og tollafgreiðslu hér á landi komið fram sem starfsmaður stefnda, þannig að skuldbindandi væri fyrir stefnda, þá beri stefndi eigi að síður sem viðtakandi bifreiðarinnar persónulega greiðsluábyrgð á vangoldnum innflutningsgjöldum, sbr. 54. gr. laga nr. 59/1969. Almennt sé það svo, að innflytjandi beri ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Aðflutningsgjaldskyldar vörur séu hins vegar að veði

fyrir vangoldnum aðflutningsgjöldum og haldist veðrétturinn eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Náist ekki til aðflutningsgjaldskyldrar vöru, megi lögtak gera fyrir aðflutningsgjöldunum í öðrum eigum viðtakanda. Stefndi sé ótvírætt viðtakandi hinnar innfluttu vöru. Í lögtaksheimild 1. mgr. 54. gr. laga 59/1969 felist það, að viðtakandi sé jafnframt innflytjanda persónulega skyldur til greiðslu aðflutningsgjaldanna og sé greiðsluskylda innflytjanda og viðtakanda solidarisk. Því sé tollheimtuyfirvöldum heimilt að beina kröfum sínum að viðsemjanda innflytjanda, þ.e.a.s. viðtakanda innfluttrar vöru.

Loks telur stefnandi, að stefndi hafi með því að greiða viðbótaraðflutningsgjöld þegar á árinu 1978 slitið fyrningu á öllum vangoldnum eftirstöðvum aðflutningsgjaldanna. Þegar af þeirri ástæðu sé krafa hans á hendur stefnda ekki fyrnd.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í málinu á því að kaup hinnar umræddu bifreiðar erlendis, flutningur hennar hingað til lands og tollafgreiðsla hafi verið sér með öllu óviðkomandi. Eins og gögn málsins sýni, þá hafi Ásgeir Sigurðsson keypt bifreiðina í Þýskalandi í eigin nafni og fyrir eigin reikning og síðan flutt hana hingað til lands og látið tollafgreiða og jafnframt sótt um gjaldeyrisyfirfærslu sjálfur vegna greiðslu kaupverðsins. Stefndi hafi þar hvergi komið nærri og Ásgeir hafi hvorki verið starfsmaður né umboðsmaður stefnda, enda samningssambandi þeirra ekki þannig háttað. Samningur þeirra hafi gengið út á það eitt, að stefndi keypti hér á landi bifreið, sem Ásgeir ætlaði að kaupa erlendis og flytja hingað til lands. Það sé fram komið í máli þessu, að gerð aðflutningsskýrslunnar í nafni stefnda hafi verið í heimildarleysi. Það hafi verið Ásgeir Sigurðsson, sem hafi gefið starfsmönnum skipaafgreiðslu Jes Ziemsen umboð til þess að gera aðflutningsskýrsluna og leysa bifreiðina úr tolli, en alls ekki stefndi. Það, að nafn stefnda var sett á skýrsluna, hafi verið án hans heimildar og án hans vitundar. Greiðsluskylda sín á hinum vangoldnu aðflutningsgjöldum verði því ekki á því reist, að hann, þ.e. stefndi, hafi verið kaupandi bifreiðarinnar erlendis og innflytjandi hennar hingað til lands.

Rök stefnda fyrir sýknukröfunni eru þau, að krafan í málinu sé fyrnd. Aðflutningsgjöld falli í gjalddaga, þegar far taki höfn, þar sem varan verður affermd, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969. Samkvæmt 54. gr. sömu laga fylgi lögtaksréttur slíkum kröfum um aðflutningsgjöld. Af því leiði, að krafan sé fyrnd, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, því að samkvæmt þessari lagagrein fyrnist kröfur, sem lögtaksréttur fylgir, á fjórum árum. Bifreiðin hafi komið til landsins í febrúar 1976 og því hafi krafan verið fallin niður fyrir fyrningu í febrúar 1980. Um þessa lagareglu sé ekki ágreiningur, sbr. bréf stefnanda á dskj. nr. 13, liður 8, þar sem því sé haldið fram, að hugsanlega hafi

greiðslan, sem Sigurður innti af höndum 1978, slitið fyrningu, og ennfremur er bent á 7. gr. laga nr. 14/1905 en í þeirri grein segi, ef skuldari dragi sviksamlega dul á eða vanræki að skýra frá atvikum, er krafa byggist á, eða valda því, að hún varð gjaldkræf, og skuldaranum bar skylda að segja frá, þá fyrnist skuldin ekki fyrr en 4 ár eru liðin frá því að kröfueigandinn fékk vitneskju um þessi svik. Varðandi 7. gr. laga nr. 14/1905 sé það skilyrði samkvæmt greininni, að launungin verði að vera sviksamleg, þ.e. að skuldara verður sjálfum að vera kunnugt um atvik öll. Stefndi Sigurður hafi ekki haft hugmynd um hinn ranga innkaupareikning, auk þess sem hann sé ekki skuldari aðflutningsgjaldanna í venjulegri merkingu þess orðs, þótt hins vegar hann verði lögum samkvæmt að þola lögveð í bifreið sinni sem viðtakandi bifreiðarinnar, sbr. 54. gr. laga nr. 59/1969. Ekki hafi verið höfðað opinbert mál á hendur stefnda Sigurði vegna innflutningsins á bifreiðinni og standi ekki til. Það sé þannig augljóst mál, að 7. gr. laga nr. 14/1905 eigi ekki við í þessu sambandi. Skilyrðum greinarinnar sé ekki fullnægt í þessu máli. Stefndi Sigurður hafi greitt viðbótaraðflutningsgjöldin 1978. Hann hafi greitt það, sem þá hvíldi á bílnum og vitað var um. Hafi tollyfirvöld átt viðbótarkröfur, þá fyrnist þær sjálfstætt frá 1976 og þess vegna geti greiðslan 1978 ekki skoðast sem greiðsla upp í skuld, sem eigi að leiða til slita á fyrningu. Ef vitað hafi verið um kröfuna alla og skuldari greitt hluta þeirrar kröfu, sem vitað var um, hafi hann viðurkennt hana með greiðslu sinni og því slitið fyrningarfresti. Stefndi hafi hins vegar greitt þá kröfu, sem þá var vitað um, og hefir ekki á nokkurn hátt viðurkennt, að hann standi í frekari skuld við stefnanda. Krafan um hin vangoldnu aðflutningsgjöld, sem sé stefnufjárhæð máls þessa, kr. 4.715.00, hafi orðið til í febrúar 1976 og því hafi hún fallið niður fyrir fyrningu í febrúar 1980. Skuldari verði að viðurkenna skuld sína, til þess að um slit á fyrningarfresti sé að ræða. Í þessu felist, að kröfuhafi verði að hafa ástæðu til að skilja framkomu skuldara á bá leið, að hann bæði kannist við, að skuldin sé til og lofi að greiða hana. Stefndi Sigurður hefur aldrei gefið til kynna, að hann hafi vitað um þessa viðbótarskuld. Þvert á móti hafi hann haldið, að hann væri laus allra mála, er hann galt gjöldin 1978. Þaðan af síður hafi hann lofað að greiða hugsanleg viðbótargjöld. Samkvæmt þessu ætti að vera ljóst, að stefnanda sé ekkert hald í greiðslunni 1978 sem atriði, er slitið hafi fyrningarfresti. Stefndi Sigurður hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna viðskipta sinna við Ásgeir Sigurðsson. Hann hafði keypt bílinn við ákveðnu verði, en neyðst til þess árið 1978 að greiða viðbótaraðflutningsgjald af bílnum auk vaxta, eða samtals kr. 711.134, til þess að firra sig því, að tollyfirvöld tækju bílinn og seldu hann á uppboði til lúkningar viðbótaraðflutningsgjöldunum. Stefndi Sigurður lýsti þessari tjónkröfu í þrotabú Ásgeirs, sbr. dskj. nr. 19. Þessi viðbrögð

stefnda Sigurðar segi einnig þá sögu, að hann hafi verið í góðri trú um öll þessi viðskipti við Ásgeir.

IV.

Álit dómsins. Niðurstaða.

Það er ágreiningslaust með málsaðiljum, að þá er kaup gerðust um bifreið þá, er mál þetta snýst um í Schindelfingen í Þýskalandi í febrúar 1976, hafi Ásgeir Sigurðsson komið fram gagnvart seljandanum sem kaupandi bifreiðarinnar, en ekki Ræsir hf., þó svo að það firma sé skráður kaupandi á vörureikningnum á dómskjali nr. 6. Er ekki um það deilt, að Ræsir hf. hafi enga aðild átt að umræddum kaupum og jafnframt að framangreindur vörureikningur muni réttur að öðru leyti. Ágreiningur málsaðilja um staðreyndir málsins lýtur hins vegar að því, hvort Ásgeir Sigurðsson hafi við umrædd kaup, svo og við tollafgreiðslu bifreiðarinnar hér á landi í mars 1976, komið fram sem umboðsmaður stefnda eða starfsmaður hans, þannig að skuldbindandi væri fyrir stefnda.

Það er fram komið í málinu, að í desember 1975 mun stefndi hafa komið að máli við Ásgeir Sigurðsson og þeir átt viðræður um hugsanleg kaup stefnda á notaðri Mercedes Benz bifreið frá Þýskalandi, en innflutning slíkra bifreiða hafði Ásgeir þá stundað um nokkurt skeið. Stefndi hefur hins vegar haldið því fram, að kaup milli hans og Ásgeirs Sigurðssonar um umrædda bifreið hafi ekki gerst fyrr en eftir tollafgreiðslu hennar hér á landi. Þegar virt eru gögn máls þessa, verður eigi talið sannað gegn eindregnum andmælum stefnda, að kaup um hina margnefndu bifreið í Schindelfingen í febrúar 1976 hafi verið gerð af Ásgeiri Sigurðssyni í nafni stefnda og fyrir hans reikning né heldur að kaupunum staðið á annan þann hátt, að ljóst megi vera, að við kaupin hafi Ásgeir verið að skuldbinda stefnda. Fær þetta og samrýmst því, er fram kom við yfirheyrslur yfir Ásgeiri Sigurðssyni hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 3. og 5. mars 1980, en endurrit þeirrar rannsóknar að svo miklu leyti sem við kemur sakaratriðum þessa máls hafa verið lögð fram í málinu.

Aðflutningsskýrsla vegna innflutnings bifreiðarinnar var af hálfu Skipaafgreiðslu Jes Ziemsen gerð í nafni stefnda, „...samkvæmt umboði innflytjanda ...," eins og í skýrslunni segir. Það er hins vegar upplýst, að umboð það, sem vitnað er til, var frá Ásgeiri Sigurðssyni, en ekki stefnda. Gegn eindregnum andmælum stefnda verður eigi talið, að stefnanda hafi tekist að sýna fram á, að sú nafngreining hafi verið gerð með vitund og vilja stefnda. Þegar það er virt, sem hér er að framan rakið um margnefnd bifreiðarkaup í Þýskalandi og tollafgreiðslu bifreiðarinnar hér á landi, verður að leggja til grundvallar þá staðhæfingu stefnda, að kaup milli hans og Ásgeirs Sigurðssonar um bifreiðina hafi gerst eftir tollafgreiðslu hennar hér

á landi og stefndi þá fyrst greitt Ásgeiri kaupverðið. Greiðsluskylda stefnda á aðflutningsgjöldunum verður því ekki á því byggð, að stefndi hafi í raun verið innflytjandi bifreiðarinnar og beri sem slíkur ábyrgð á athöfnum Ásgeirs Sigurðssonar.

Í skilningi 54. gr. laga nr. 59/1969 er stefndi Sigurður sem viðsemjandi innflytjanda viðtakandi bifreiðarinnar. Skilja ber greint lagaákvæði svo, að samkvæmt því eigi tollyfirvöld sjálfstæðan rétt til þess að krefja viðtakandann sem slíkan um vangoldin aðflutningsgjöld af bifreiðinni, hvað svo sem líður kröfu þeirra á hendur innflytjandanum. Samkvæmt 50. gr. laga nr. 59/1969 er gjalddagi aðflutningsgjaldanna, þegar far tekur höfn. Far það, er flutti umræddda bifreið hingað til lands, tók höfn 17. febrúar 1976. Samkvæmt 3. tl. 3. gr.laga nr. 14/1905, sbr. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 59/1969, fyrnist krafa tollyfirvalda á hendur viðtakanda á 4 árum frá gjalddaga aðflutningsgjaldanna. Fram er komið, að við tollafgreiðslu bifreiðarinnar hinn 16. mars 1976 var af hálfu innflytjanda lagður fram rangur vörureikningur, en um það fengu tollyfirvöld vitneskju hinn 24. júní 1980. Þar sem stefnanda hefur eigi tekist að sýna fram á, að stefndi hafi átt aðild að því að leggja fram hinn falsaða vörureikning né heldur að stefnda hafi verið kunnugt um, að svo var gert, verður ekki talið, að fyrningarfrestur á kröfu tollyfirvalda á hendur honum sem viðtakanda geti vegna ákvæða 7. gr. laga nr. 14/1905 framlengst. Krafa tollyfirvalda á hendur stefnda var því fyrnd, þegar mál þetta var höfðað hinn 2. apríl 1981, enda er ekki unnt að fallast á það með stefnanda, að stefndi hafi með viðurkenningu slitið fyrningu þeirrar kröfu, er mál þetta snýst um, þá er hann greiddi viðbótaraðflutningsgjöld hinn 6. mars 1978 af því tilefni, að smíðaár bifreiðarinnar var ranglega tilgreint á vörureikningi þeim, sem innflytjandi lagði fram við tollafgreiðslu, enda var þá ekki vitað um tilvist kröfu þeirrar, sem mál þetta snýst um. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Að þessari niðurstöðu fenginni ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.843.00.

Þorgeir Örlygsson fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Jónsson, skal sýkn af kröfum stefnanda, tollstjórans í Reykjavík í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 3.843.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. desember 1984.

Nr. 49/1983. **Finnbogi Björnsson**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Bæjarfógetanum í Hafnarfirði
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Aðflutningsgjöld. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1983, að fengnu áfrýjunarlevfi 7. s.m. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þessar kröfur:

„*Aðalkrafa:* Að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda kr. 3.270.80 með 7% ársvöxtum frá 18. september 1972 til 1. október 1973, 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1974, 1.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. janúar 1978, 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1979, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1979, 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1980, 4.75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1981, 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 20. desember 1983, 3.25% dráttarvöxtum á mánuði frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 21. janúar 1984 til 31. ágúst 1984 og 2.75% dráttarvöxtumá mánuði frá 1. september 1984 til greiðsludags.

Varakrafa: Að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda kr. 3.270.80 með 7% ársvöxtum frá 18. september 1972 til 30. apríl 1973, 9% ársvöxtum frá 1. maí 1973 til 14. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá 15. júlí 1974 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá 21. nóvember 1977 til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá 21. febrúar 1978 til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá 1. júní 1979 til 31. ágúst

1979, 27% ársvöxtum frá 1. september 1979 til 30. nóvember 1979, 31% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 31. maí 1980, 46% ársvöxtum frá 1. júní 1980 til 28. febrúar 1981, 42% ársvöxtum frá 1. mars 1981 til 31. maí 1981, 37% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til 31. október 1982, 45% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, 37% ársvöxtum frá 21. september 1983 til 20. október 1983, 36% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 25% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984 og 19% ársvöxtum frá 21. janúar 1984 til greiðsludags.

Þrautavarakrafa: Að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda kr. 3.270.80 með 7% ársvöxtum frá 18. september 1972 til 30. apríl 1973, 9% ársvöxtum frá 1. maí 1973 til 14. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá 15. júlí 1974 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá 21. nóvember 1977 til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá 21. febrúar 1978 til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá 1. júní 1979 til 31. ágúst 1979, 27% ársvöxtum frá 1. september 1979 til 30. nóvember 1979, 31% ársvöxum frá 1. desember 1979 til 31. maí 1980, 35% ársvöxtum frá 1. júní 1980 til 31. maí 1981, 34% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til 31. október 1982, 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, 35% ársvöxtum frá 21. september 1983 til 20. október 1983, 32% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 27% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 21.5% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá 21. janúar 1984 til 10. ágúst 1984 og 17% ársvöxtum frá 11. ágúst 1984 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er þess krafist að staðfest verði ákvörðun héraðsdómara um málskostnað í héraði og að áfrýjanda verði gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar en til vara að málskostnaður verði felldur niður."

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að vextir verða dæmdir eins og í dómsorði segir í samræmi við aðalkröfu stefnda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi Finnbogi Björnsson, greiði stefnda, bæjarfógetanum í Hafnarfirði, 3.270.80 krónur með 7% ársvöxtum frá 18. september 1972 til 1. október 1973, 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1974, en mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þeim degi þannig: 1.5% til 1. janúar 1978, 3% frá þeim degi til 1. júní 1979, 4% frá þeim degi til 1. september 1979, 4.5% frá þeim degi til 1. júní 1980, 4.75% frá þeim degi til 1. júní 1981, 4.5% frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3.25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2.5% frá þeim degi til 1. september 1984 og 2.75% frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað er staðfest. Áfrýjandi greiði stefnda 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Bifreið sú, er mál þetta er af risið, kom til Reykjavíkur með m/s Írafossi 23. ágúst 1972. Féllu þá í gjalddaga aðflutningsgjöld bifreiðarinnar samkvæmt 50. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit. Gjöldum þessum fylgir lögtaksréttur eftir 54. gr. sömu laga, og fyrnast þau því á 4 árum skv. 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Féllu þau því niður fyrir fyrningu 23. ágúst 1976. Athugasemdir ríkisendurskoðunar um hin vanreiknuðu aðflutningsgjöld af bifreiðinni komu fram 24. nóvember 1977, eða meira en ári eftir að krafan féll úr gildi. Ég tel, að samkvæmt 7. gr. laga nr. 14/1905 hafi fyrningarfrestur kröfunnar ekki framlengst með því, að vitneskjan um hin vangreiddu aðflutningsgjöld barst stefnda ekki fyrir lok framangreinds fyrningarfrests þeirra.

Samkvæmt framanrituðu tel ég, að sýkna beri áfrýjanda af kröfu stefnda.

Eftir atvikum telst rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 29. júní 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 29. júní sl., hefur tollstjórinn í Hafnarfirði höfðað með birtingu stefnu 4. nóvember 1981 gegn Finnboga Björnssyni framkvæmdastjóra, Melbraut 6, Garði, Gerðahreppi, Gullbringusýslu, til greiðslu vangoldinna aðflutningsgjalda auk viðauka að fjárhæð samtals kr. 3.270.80 auk 7% ársvaxta frá 18. september 1972 til 1. október 1973, 12% ársvaxta frá þeim degi til 1. nóvember 1974, en mánaðarlegra dráttarvaxta frá þeim degi, 1.5%, til 1. janúar 1978, 3% frá þeim degi til 1. júní 1979, 4% frá þeim degi til 1. september 1979, 4.5% frá þeim degi til 1. júní 1980, 4.75% frá þeim degi til 1. júní 1981 og 4.5% frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómara.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hans hendi á grundvelli gjaldskrár L.M.F.Í.

Dómarinn reyndi sættir með málsaðiljum, en eigi bar sú viðleitni árangur.

Mál þetta var munnlega flutt hinn 29. júní og dómtekið að loknum þeim flutningi.

II.

Stefnandi kveður skuld þessa stafa af vangreiddum aðflutningsgjöldum, er stefndi keypti og flutti til landsins frá Þýskalandi árið 1972 fólksbifreið af tegundinni Mercedes Benz, 280 SE, árgerð 1971, verksmiðjunúmer 108018-12-072593. Bifreiðin var tollafgreidd við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði þann 18. september 1972. Aðflutningsskýrslan, sem fékk afgreiðslunúmerið 1954/1974, var undirrituð af stefnda og einnig bifreiðalýsing, sem fylgdi aðflutningsskýrslunni. Í bifreiðalýsingunni var árgerð bifreiðarinnar ranglega tilgreind 1968 og verksmiðjunúmerið 108016-10-001805. Einnig fylgdu aðflutningsskýrslunni rangur vörureikningur, þar sem kaupverð bifreiðarinnar var sagt D.M. 6.200.00, en það var í raun og veru D.M. 13.333.33. Samkvæmt þessu væru aðflutningsgjöldin vanreiknuð í aðflutningsskýrslunni og þar af leiðandi vangreidd við tollafgreiðslu bifreiðarinnar.

Stefnandi segir raunverulegt kaupverð, árgerð og verksmiðjunúmer bifreiðarinnar, sem skráð var með réttu verksmiðjunúmeri beint á nafn stefnda sem árgerð 1971 við fyrstu skráningu hér í landi þann 20. september 1972 og á skráningarmerkið G-364, hafa fyrst komist upp við opinbera rannsókn rannsóknarlögreglu ríkisins, sem aflaði ljósrita af réttum gögnum frá því landi, sem bifreiðin var keypt. Í framhaldi af því hafi ríkisendur-

skoðun fyrst getað gert og gerði athugasemd við tollafgreiðslu þann 24. nóvember 1977 og síðan að nýju þann 31. október 1980.

Stefndi kveður málavexti vera þá, að árið 1972 hafi Ásgeir nokkur Sigurðsson, Hofsvallagötu 40, Reykjavík, boðið stefnda til kaups bifreið af gerðinni Mercedes Benz, en Ásgeir hafði það að atvinnu sinni að flytja inn notaðar bifreiðar frá Þýskalandi. Stefndi samdi um fast verð á bifreiðinni við Ásgeir. Eðlilega hafi Ásgeir alfarið séð um kaup á bifreiðinni frá Þýskalandi, heimsendingu hennar, tollafgreiðslu og nýskráningu. Ásgeir tjáði stefnda á sínum tíma, að undirskrift hans þyrfti undir tvö skjöl, svo afgreiðsla bifreiðarinnar gæti farið fram. Stefndi minnist þess að hafa undirritað tvö skjöl þessu viðvíkjandi, er hann hitti Ásgeir á götu í Reykjavík. Efni þessara skjala, sem síðar kom í ljós, að var aðflutningsskýrsla (dskj. nr. 3) og bifreiðalýsing (dskj. nr. 5), var stefnda alveg ókunnugt. Stefndi, sem var alls ófróður um innflutning, áleit, að hér væri um formsatriði eitt að ræða. Eftir að Ásgeir hafði tollafgreitt bifreiðina og látið skrá hana á númer stefnda, þá afhenti hann honum bifreiðina, eins og til stóð. Málavaxtalýsingu stefnanda á dskj. nr. 1 og 2 mótmælir stefndi alfarið að því er varðar það, að stefndi hafi verið hinn raunverulegi innflytjandi bifreiðarinnar, ennfremur að Ásgeir hafi starfað í nokkru umboði stefnda, enda kemur það fram í framburði Ásgeirs á dskj. nr. 16, að svo var ekki.

Ágreiningur málsaðilja að því er málavexti varðar lýtur að því, hvort stefndi hafi verið kaupandi, innflytjandi og eða viðtakandi nefndrar bifreiðar, en því er haldið fram af hálfu stefnanda. Því er einnig haldið fram af hálfu stefnanda, að við kaup bifreiðarinnar erlendis, heimflutning hennar og tollafgreiðslu hafi Ásgeir Sigurðsson komið fram sem starfsmaður eða umboðsmaður stefnda Finnboga. Stefnandi heldur því einnig fram, að stefndi hafi ekki verið í góðri trú varðandi innflutning og tollafgreiðslu nefndrar bifreiðar.

Samkvæmt aðflutningsskýrslu, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu á dskj. nr. 3, dags. 18. september 1972, er stefndi tilgreindur sem innflytjandi bifreiðarinnar, og er skýrslan undirrituð: „Finnbogi Björnsson." Í dálki þeim, sem ætlaður er til undirskriftar, er svohljóðandi vélritaður texti: „Undirskrift (staðfesting innflytjanda, að skýrsla sé rétt og gildi jafnframt sem undirskrift undir yfirlýsingu á bakhlið 4. eintaks.)." Á bakhlið forms 4. eintaks aðflutningsskýrslu (dskj. nr. 13) er prentuð svohljóðandi yfirlýsing: „Innflytjandi eða sá, sem hefur fullt umboð til að skuldbinda hann, skal undirrita aðflutningsskýrslu. Með því móti er jafnframt lýst yfir að viðlagðri ábyrgð að lögum, sbr. 32. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., *að* framlagður vörureikningur og önnur skjöl séu rétt, *að* hið tilgreinda tollverð í skýrslunni sé í samræmi við ákvæði 5-7 gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., *að* öll sölu og viðtökuskilyrði séu tilgreind í vörureikn-

ingnum og/eða skýrslunni, *að* frá tollverðinu í skýrslunni hafi ekki verið og sé ekki dreginn afsláttur eða önnur verðlækkun sem ekki komi greinilega fram í vörureikningum og/eða skýrslunni, *að* viðtakandi (innflytjandi viti ekki til þess, að hið tilgreinda söluverð á vörureikningum sé undir markaðsverði erlendis á þeim stað og tíma sem kaup voru gerð." 32. gr. laga nr. 120/1976 er samhljóða 37. gr. eldri tollskrárlaga nr. 1/1970, og 5-7. gr. laga nr. 120/1976 er samhljóða 5-7. gr. eldri tollskrárlaga.

Stefndi skýrir svo frá, 21. október 1980 við yfirheyrslu hjá RLR (dskj. nr. 16,) að Ásgeir Sigurðsson hafi í tilefni innflutnings bifreiðarinnar fengið stefnda til að undirrita eitthvað skjal varðandi tollafgreiðsluna, sem stefndi kveðst nú ekki muna, hvað var. Er stefnda var sýnd áðurnefnd aðflutningsskýrsla kveðst hann þekkja undirritun sína á framlögðu skjali og segist þekkja þar rithönd sína. Stefndi kveðst hvorki hafa útfyllt framlagða aðflutningsskýrslu né álitið sig innflytjanda bifreiðarinnar. Stefndi hefur staðfest skýrslu þessa hér fyrir dóminum. Ásgeir Sigurðsson kom fyrir dóminn í máli þessu. Kveðst hann hafa beitt þeirri aðferð við innflutning nefndrar bifreiðar að falsa skjöl í þeim tilgangi, að bifreiðin væri við tollafgreiðslu talin vera árgerð 1968, en ekki árgerð 1971, eins og raunin var á, og þannig lækka aðflutningsgjöld af bifreiðinni. Ásgeir segir sér ekki kunnugt um, að stefnda í máli þessu hafi verið ljóst, að brögð væru í tafli, fyrr en stefndi var kallaður fyrir hjá RLR. Vitnið kveðst ekki muna, hvernig kaupum á þessari bifreið væri háttað, en telur, að þau hafi verið í samræmi við, sem venja hans var, þegar hann flutti inn notaðar bifreiðar frá Þýskalandi á þessum tíma. Ásgeir segir, að hann hafi útbúið efni aðflutningsskýrslunnar (sbr. dskj. nr. 3), en stefndi Finnbogi Björnsson hafi undirritað hana. Þó kann að vera, að Finnbogi Björnsson hafi undirritað skýrsluna in blanco, en vitnið síðan fyllt hana út. Í yfirheyrslu hjá RLR 14. febrúar 1978 skýrir Ásgeir svo frá, að Finnbogi hafi enga hugmynd haft um, hvernig að þessum innflutningi var staðið, og hefur Ásgeir staðfest þá skýrslu hér fyrir dóminum sem rétta.

Stefnandi hefur lagt fram á dskj. nr. 4 „vörureikning," sem er fylgiskjal með dskj. nr. 3. Á þessum vörureikningi, sem dags. er 25.7. '72, í Stuttgart, er kaupandi tilgreindur „Finnbogi Björnsson, Gardi, Gardur, Island," en seljandi AUTO-ECK, Paulinen Garage, Stuttgart. Andlag kaupanna er **Mercedes Benz 280, verksmiðjunúmer 108016-10-001805. Kaupverð er til**greint D.M. 6200.00. Undirskrift kaupanda er „Ásgeir Sigurðsson." Ásgeir Sigurðsson hefur hér fyrir dómi játað, að efni skjalsins sé tilbúningur, en undirskrift AUTO-ECK sé ófölsuð. Á dskj. nr. 7 er hinn raunverulegi reikningur kaupanna, dags. 27.06. '72 í Stuttgart, og þar er tilgreindur kaupandi: „Herra Bjoernsson Finnbogi, Gardi, Gerdum/Island." Seljandi er Bayerishe Motoren Werke, Aktiengesellschaft, Niederlassung, Stuttgart.

Andlag kaupanna er Mercedes Benz 280SE og verksmiðjunúmer 1207259. Kaupverð er DM. 13.333.33. Ásgeir kveður þennan reikning vera þann rétta, en segir, að nafn stefnda hljóti að hafa komist í skjalið fyrir mistök sín.

Á dómskjali nr. 5, sem er fylgiskjal, með dómskjali nr. 3, er bifreiðalýsing nefndrar bifreiðar. Bifreiðinni er lýst sem Mercedes Benz, árgerð 1968, með verksmiðjunúmerin 108016-10-001805. Skjalið er undirritað: „Finnbogi Björnsson." Stefndi hefur við yfirheyrslu hjá RLR 21. október 1980 svo og hér fyrir dóminum kannast við undirritun sína, en kveðst ekki hafa útfyllt skjal. Stefndi minnist þess, að tildrög undirritunarinnar hafi verið þau, að Ásgeir Sigurðsson hafi hitt sig á Tryggvagötu í Reykjavík, komið aðsvífandi með þessi skjöl, þ.e. aðflutningsskýrsluna, sbr. dskj. nr. 3, og bifreiðalýsinguna á dskj. nr. 5, og sagt „þessa undirskrift verð ég að fá." Stefndi hafi verið alls ófróður um innflutning og reki ekki minni til þess að hafa lesið skjölin við undirritunina. Ásgeir Sigurðsson hefur hér fyrir dóminum skýrt frá því, að bifreiðalýsingin hafi verið fyllt út, eftir að hún hafi verið undirrituð. Bifreiðin var skráð fyrsta sinni hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins hinn 20. september 1972 og þá á nafn stefnda, Finnboga Björnssonar. Árgerð bifreiðarinnar er réttilega greind 1971 og einnig verksmiðjunúmer, 108018-12-072593, sbr. dskj. nr. 6. Páll Ingimarsson, fyrrv. bifreiðaeftirlitsmaður, gaf þá skýringu á þessu misræmi við yfirheyrslu einnig 13/1 1978 hjá RLR, að hann telji líklegast, að Ásgeir Sigurðsson hafi komið með bifeiðina til skráningar ásamt bifreiðalýsingu, og síðan hafi Páll fært inn á spjaldskrána hið rétta verksmiðjunúmer og árgerð bifreiðarinnar, annað hvort samkvæmt tilsögn Ásgeirs eða þá að hann hafi lesið númerin sjálfur af bifreiðinni. Kveðst Páll hafa aðstoðað Ásgeir við þessa misfærslu, hafi Ásgeir sjálfur komið með bifreiðina til skráningar.

Stefndi kveðst hafa greitt eitthvað fyrirfram vegna kaupanna, en kaupverð var gkr. 650.000 og var greitt í íslenskum peningum en ekki hafi hann þurft að sækja um gjaldeyrisyfirfærslu. Að sögn stefnda gengu engir skriflegir samningar eða kvittanir á milli hans og Ásgeirs Sigurðssonar. Bifreiðina hafi hann selt á árinu 1980 fyrir gkr. 4 milljónir. Ásgeir Sigurðsson skýrir svo frá hér fyrir dóminum, að þrátt fyrir það að hann hafi ætlað sér nokkurn ágóða af innflutningi umræddrar bifreiðar, hafi kaupverðið engu að síður verið kaupandanum hagstætt. Engir skriflegir samningar eða kvittanir hafi gengið milli hans og stefnda vegna viðskiptanna.

III.

Málsástæður stefnda eru þær, að hann var í góðri trú um allt það, er að innflutningi bifreiðarinnar laut, og í raun kom hann ekkert nálægt innflutningnum né tollafgreiðslu bifreiðarinnar, þó svo, að hann hafi af þekk-

ingarleysi undirritað tvö skjöl að beiðni hins raunverulega innflytjanda, Ásgeirs Sigurðssonar. Stefndi bendir sérstaklega á framburð Ásgeirs hjá lögreglu, dskj. nr. 16, bls. 3, en þar segir Ásgeir orðrétt, „Finnbogi hafði enga hugmynd um hvernig að þessum innflutningi var staðið," hér sé komið að kjarna málsins, sem hafi afgerandi þýðingu.

Lagarök fyrir sýknukröfunni eru þau, að krafan í málinu sé fyrnd. Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga, þegar far tekur höfn, þar sem varan verður affermd, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969. Samkvæmt 54. gr. sömu laga fylgir lögtaksréttur slíkum kröfum um aðflutningsgjöld. Af því leiði, að krafan sé fyrnd, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annara kröfuréttinda, því að samkvæmt þessari lagagrein fyrnast kröfur, sem lögtaksréttur fylgir, á fjórum árum. Bifreiðin kom til landsins 23.8. 1972, sbr. dskj. nr. 3, og því hafi krafan verið fallin niður fyrir fyrningu í ágústmánuði 1976. Stefnandi hefur haldið því fram, að 7. gr. laga nr. 14/1905 standi því í vegi, að krafan sé niðurfallin fyrir fyrningu, og er því rétt að fara um þetta atriði nokkrum orðum. Varðandi 7. gr. laga nr. 14/1905 bendir stefndi á, að það sé skilyrði samkvæmt greininni, að launungin verði að vera sviksamleg, það er að skuldari verður sjálfum að vera kunnugt um atvik öll. Eins og rakið hefur verið og fram kemur á dskj. nr. 16, framburði stefnda sjálfs fyrir lögreglu svo og Ásgeirs Sigurðssonar, þá sé það staðreynd málsins, að stefndi vissi ekkert, hvernig að innflutningi bifreiðarinnar var staðið. Ekki hafi verið höfðað opinbert mál á hendur stefnda Finnboga vegna innflutnings á bifreiðinni og honum ekki kunnugt um, að það standi til. Það sé þannig augljóst mál, að 7. gr. laga nr. 14/1905 á ekki við í þessu sambandi. Hinum huglægu skilyrðum greinarinar sé ekki fullnægt í þessu máli.

Kröfur sínar á hendur stefnda byggir stefnandi á því, að stefndi hafi verið innflytjandi bifreiðarinnar og komið fram gagnvart stefnanda sem slíkur með þeim skyldum, sem því fylgir, m.a. um greiðslu aðflutningsgjaldanna, sbr. dskj. nr. 3, og jafnframt viðtakandi bifreiðarinnar, sem skráð var nýskráningu hér á landi beint á nafn stefnda, sbr. dskj. nr. 6. Kröfurnar byggjast þannig á ákvæðum tollskrárlaga og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit um ábyrgð innflytjanda og viðtakanda aðflutningsgjaldskyldrar vöru. Þau ákvæði, sem einkum fjalla um ábyrgð viðtakanda (innflytjanda, viðtakanda eða annars) aðflutningsgjaldskyldrar vöru á aðflutningsgjöldum svo og á því, að tollskjöl (aðflutningsskýrsla og fylgiskjöl með henni) séu rétt, eru í VI. kafla, sbr. einkum 54. gr. laga nr. 59/1969, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga um tollskrá o.fl. og 15., 16., 18. og 20. gr. þeirra laga. Samkvæmt þessu og þar sem tollskjölin, sem lögð voru fram við tollafgreiðslu bifreiðarinnar, dskj. 3, 4 og 5, hafi reynst röng og aðflutningsgjöldin því vangreidd ætti ekki að vera ágreiningur um, að stefnandi beini

kröfum sínum réttilega gegn stefnda og því óþarfi að fara um það frekari orðum.

Af hálfu stefnda hefur verið borin fram sú viðbára, að krafa stefnanda sé fallin niður fyrir fyrningu, sbr. dskj. nr. 11, en stefnandi heldur því fram, að svo sé ekki. Í þessu sambandi heldur stefnandi því fram, að 7. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda komi til álita og fyrningarfrestur byrjað skv. því ákvæði að líða þann 24. nóvember 1977, sem er dagsetning athugasemdar ríkisendurskoðunar á dskj. nr. 8, enda liggi fyrir, að gagnvart stefnanda dró stefndi sviksamlega dul á *eða* vanrækti að skýra frá atvikum, er krafan byggist á, *eða* valda því, að hún verður gjaldkræf, og stefnda, skuldaranum, bar skylda til að segja frá, svo sem áður greinir, um skyldu stefnda til að leggja fram rétt tollskjöl, ábyrgð hans á afleiðingum þess, væri það ekki gert, og um greiðsluskyldu stefnda og í því sambandi tilvitnuð ákvæði laga um tollskrá o.fl., og laga um tollheimtu og tolleftirlit (sic). Af þessum sömu ástæðum og einnig almennum umboðsreglum stoði það eigi heldur fyrir stefnda að bera fyrir sig, að hann hafi verið í algjörlega góðri trú eins og haldið er fram á dskj. nr. 11, um afskipti Ásgeirs Sigurðssonar af tollafgreiðslu bifreiðarinnar, enda fráleitt, að réttarsamband stefnanda og stefnda skuli raskast við það, að nefndur Ásgeir kunni að hafa blekkt stefnda og hugsanlega bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart stefnda og/eða stefnanda.

Því er ennfremur haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi hafi vitað eða mátt vita í síðasta lagi, er bifreiðin hafði verið skráð á hans nafn þann 20. september 1972 sem árgerð 1971, sbr. dskj. nr. 6, að bifreiðin var ekki árgerð 1968, eins og segir í bifreiðalýsingu á dskj. nr. 8, en efni þess skjals, sem stefndi undirritaði, verður að telja hafa verið honum kunnugt eða mátt hafa verið honum kunnugt. Því er þess vegna mótmælt, að stefndi hafi verið í góðri trú, ef á reynir, allavega átti hann ekki að vera í góðri trú.

Þá skal á það bent, að stefndi mun hafa selt umrædda bifreið, sem var skráð árgerð 1971, þann 25. nóvember 1980. Gefur að skilja, að bifreiðin hafi verið seld sem þeirra árgerðar en ekki árgerð 1968 og stefndi þannig við eignarhald og sölu bifreiðarinnar notið hagsbóta og fjárhagslegs ávinnings af hinni röngu tilgreiningu árgerðarinnar á kostnað kröfueiganda. Sé sú staðreynd enn til stuðnings greiðsluskyldu stefnda gagnvart stefnanda, þ.e. ábyrgð stefnda sem viðtakanda, skv. ákvæðum laga um tollskrá o.fl. og 54. gr. laga nr. 59/1969, þar sem kveðið er á um lögveð í aðflutningsgjaldskyldum vörum og auk þess lögtaksrétt í öðrum eignum viðtakanda, náist ekki til þeirrar vöru, sem gjaldið átti af að greiða, fyrir aðflutningsgjöldum, sektum, dráttarvöxtum og kostnaði, en af því leiðir beina persónulega greiðsluskyldu viðtakanda, sem hann ábyrgist með öllum eignum sínum.

IV.

Telja verður, að með undirritun sinni á aðflutningsskýrslu hafi stefndi tekið á sig þá ábyrgð, sem því fylgir, og verður hann talinn innflytjandi bifreiðarinnar gagnvart tollyfirvöldum í merkingu þágildandi laga um tollskrá o.fl. nr. 1/1970 og laga um tollheimtu og tollaeftirlit nr. 59/1969. Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga, þegar far tekur höfn, sbr. 50. gr. laga nr. 59/1969. Far það, er flutti umrædda bifreið hingað til lands, tók höfn 18. september 1972. Samkvæmt 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 59/1969, fyrnist krafa tollyfirvalda á hendur innflytjanda á 4 árum frá gjalddaga aðflutningsgjaldanna. Líta verður svo á, að Ásgeir Sigurðsson hafi gagnvart tollyfirvöldum komið fram sem umboðsmaður stefnda. Fram er komið í málinu, að tollyfirvöldum var afhent röng aðflutningskýrsla. Vörureikningur og bifreiðalýsing voru einnig röng um mikilvæg atriði, sem krafan byggist á. Stefndi, Finnbogi Björnsson, hefur játað að hafa undirritað téða aðflutningsskýrslu og bifreiðalýsingu, en kveðst hafa undirritað þau skjöl óútfyllt. Sú skýring verður hér ekki tekin til greina, enda er slík óvarkárni í hæsta máta óvenjuleg og í andstöðu við góða og skynsamlega reglu. Niðurstaða þessi styðst og við önnur gögn í málinu, en framburður Ásgeirs Sigurðssonar þykir eigi standa hér í vegi.

Verður því að telja, að fyrningarfrestur hafi eigi tekið að líða fyrr en við gerð athugasemdar ríkisendurskoðunar hinn 24. nóvember 1977, sbr. 7. gr. laga um fyrningu skulda og annara kröfuréttinda nr. 14/1905. Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu hinn 4. nóvember 1981, og er því krafan eigi fyrnd, sbr. 50. og 1. mgr. 54. gr. laga nr. 59/1969 og 3. tl. 3. gr. og 7. gr. laga nr. 14/1905.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að taka kröfu stefnanda til greina.

Stefnandi byggir kröfu sína á athugasemd ríkisendurskoðunar, dags. 24. nóvember 1977, og síðari athugasemd, dags. 31. október 1980. Sundurliðast sú krafa svo, að tollur er gkr. 175.754, innflutningsgjald gkr. 48.821, álag skv. 20. gr. laga nr. 1/1970 gkr. 57.489, og söluskattur gkr. 45.016, samtals gkr. 327.080. Jafnframt er krafist vaxta og málskostnaðar að skaðlausu. Stefndi hefur eigi mótmælt útreikningi stefnukröfunnar. Verður hún því tekin til greina að fullu, og ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda nýkr. 3.270.80 ásamt vöxtum eins og krafist er. Stefnda ber að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst nýkr. 3.000.00.

Sveinn Sigurkarlsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Finnbogi Björnsson, greiði stefnanda, tollstjóranum í Hafnarfirði, kr. 3.270.80 auk 7% ársvaxta frá 18. september 1972 til 1. október 1973, 12% ársvaxta frá þeim degi til 1. nóvember 1974,

en mánaðarlegra dráttarvaxta frá þeim degi, 1.5% til 1. janúar 1978, 3% frá þeim degi til 1. júní 1979, 4% frá þeim degi til 1. september 1979, 4.5% frá þeim degi til 1. júní 1980, 4.75% frá þeim degi til 1. júní 1981 og 4.5% frá þeim degi til 21.4. 1982, en 4% dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda kr. 3.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja inna 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desember 1984.

Nr. 26/1983. **Reynir Ásmundsson og**
Elísabet Brynjólfsdóttir
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Oddvita Stokkseyrarhrepps
f.h. hreppsins
(Sigurður Baldursson hrl.)
og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Enginn)

Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. janúar 1983. Þau krefjast þess, að Stokksevrarhreppi verði gert að þola viðurkenningardóm á því, að réttur áfrýjenda samkvæmt afsali á eigninni Eyjaseli 4, Stokksevri, útgefnu 29. nóvember 1979 og þinglýstu 3. desember s.á., gangi framar rétti stefnda Stokksevrarhrepps samkvæmt tveimur kvrrsetningum, gerðum í eigninni Eyjaseli 4 þann 14. febrúar 1979, annarri til tryggingar kröfu hreppsins að fjárhæð 15.743.78 krónur, en hinni til tryggingar kröfu hreppsins að fjárhæð 8.254.60 krónur, sem færðar voru til þinglýsingar þann

20. febrúar 1979. Þá krefjast þau málskostnaðar úr hendi stefnda Stokksevrarhrepps bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Á hendur réttargæslustefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur.

Stefndi Stokksevrarhreppur krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Af hálfu réttargæslustefnda ríkissjóðs var ekki sótt þing og engar kröfur gerðar.

Svo sem í héraðsdómi greinir, afsalaði Jóhannes Reynisson foreldrum sínum, áfrýjendum þessa máls, fasteigninni nr. 4 við Eyjasel í Stokksevrarhreppi hinn 29. nóvember 1979. Söluverð var **20.000.000 gkr. Afsalsgerð var, að því er veðbönd og kvaðir varða,** byggð á veðbókarvottorði frá sýslumanni Árnessýslu, útgefnu 22. sama mánaðar. Á því veðbókarvottorði voru greind veðbönd til Stokksevrarhrepps vegna lögtaks að fjárhæð 413.600 gkr. auk kostnaðar og vegna kyrrsetningar að fjárhæð 2.680.100 gkr. auk kostnaðar. Afsali var þinglýst 3. desember 1979 án athugasemda, en í því voru veðbönd tilgreind nákvæmlega eftir veðbókarvottorði.

Í héraðsdómi virðist það lagt til grundvallar úrlausn í málinu, að áfrýjendur, sem eru foreldrar seljandans Jóhannesar Reynissonar, hefðu vegna vitneskju um málaferli milli hans og Stokksevrarhrepps átt að ganga úr skugga um það, hvort ekki kynnu að vera fleiri kyrrsetningar eða önnur höft á fasteign hans til tryggingar kröfum Stokksevrarhrepps. Þar sem þau hafi látið þetta undir höfuð leggjast, teljist þau ekki grandlaus í skilningi 19. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Á þessa niðurstöðu verður ekki fallist. Áfrýjendur, sem hafa viðurkennt vitneskju um málaferli Stokksevrarhrepps gegn syni þeirra, gátu séð það af veðbókarvottorði, að hreppurinn hafði leitað fullnustu (lögtaks) og tryggingar (kyrrsetningar) í Eyjaseli 4, og höfðu þau því ekki ástæðu til að gera frekari reka að rannsókn á því, hvort veðbókarvottorð væri rétt að þessu leyti. Verður úrlausn máls þessa því ekki byggð á slæmri trú áfrýjenda.

Af ljósriti úr þinglýsingabókum Árnessýslu varðandi eignina Eyjasel 4 sést, að kyrrsetningar þær, sem mál þetta snýst um og lagðar voru á eignina hinn 14. febrúar 1979, að fjárhæð 1.574.378 gkr. og 825.460 gkr., eru ritaðar á blað eignarinnar fyrir neðan kyrrsetningu þá, sem lögð var á sömu eign 4. maí 1979 að fjárhæð

2.680.100 gkr. en síðastgreinda fjárhæðin var, eins og að framan greinir, á veðbókarvottorðinu frá 22. nóvember 1979. Bendir þetta eindregið til þess, að kyrrsetningar frá 14. febrúar 1979 hafi verið færðar í þinglýsingabók síðar en talið er. Vöntun þeirra á veðbókarvottorð bendir og til þess, að það hafi ekki verið gert fyrr en eftir útgáfu veðbókarvottorðsins í nóvember 1979 og eftirfarandi þinglýsingu afsals. Þessa niðurstöðu styrkja ummæli lögmanns sýslumanns Árnessýslu í greinargerð fyrir héraðsdómi, en þar segir m.a.: „Þessi mistök sín hafði þinglýsingardómarinn ekki uppgötvað, er veðbókarvottorðs um Eyjasel 4 var óskað í lok nóvember 1979 og afsal til handa stefnendum þinglesið hinn 3. desember 1979."

Fallast má á það með héraðsdómara, að sóknaraðiljar þurfi ekki að hafa orðið fyrir tjóni til að skilyrðum A liðar 18. gr. þinglýsingalaga teljist fullnægt, heldur sé nægilegt, að gert sé líklegt, að þau verði fyrir óverðskulduðu tjóni, eins og áskilið er í lagagreininni. Þinglýsing veðskulda, sem eru eiganda eignar óviðkomandi, skerðir lánstraust hans og gerir sölu eignar erfiðari en ella. Þá eru þær líklegar til þess að valda verðlækkun eignar, sem selja á.

Samkvæmt því, sem að framan greinir um grandleysi áfrýjenda, verður að telja tjón þeirra, framkomið eða yfirvofandi, óverðskuldað. Fallast má á það með héraðsdómara í hagsmunamati, sem hann leggur á samkvæmt ákvæðum 18. gr. þinglýsingalaga, að það yrði áfrýjendum bagalegra að þurfa að greiða kröfur þær, sem kyrrsetningarnar eiga að tryggja, heldur en næmi hagsmunum hreppsins í þessu sambandi. Er þá ekki vikið sérstaklega að því tjóni, sem áfrýjendur yrðu fyrir af sölutregðu eða söluverðslækkun vegna kvaða þessara. Verður því að telja, að fullnægt sé skilyrðum A og B liða 18. gr. þinglýsingalaga.

Ber því að taka til greina dómkröfur áfrýjenda.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda Stokkseyrarhrepp til þess að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en hann þykir hæfilega ákveðinn samtals 50.000.00 krónur.

Dómsorð:

Viðurkennt er, að réttur áfrýjenda, Reynis Ásmundssonar og Elísabetar Brynjólfsdóttur, samkvæmt afsali á eigninni Eyja-

seli 4, Stokkseyri, útgefnu 29. nóvember 1979 og þinglýstu 3. desember s.á., gangi framar rétti stefnda Stokkseyrarhrepps samkvæmt tveimur kyrrsetningum, gerðum í eigninni Eyjaseli 4 þann 14. febrúar 1979. Var önnur til tryggingar kröfu hreppsins að fjárhæð 15.743.78 krónur, en hin til tryggingar kröfu hreppsins að fjárhæð 8.254.60 krónur.

Stefndi Stokkseyrarhreppur greiði áfrýjendum 50.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Selfoss 10. nóvember 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f.m., var upphaflega höfðað með stefnu, útgefinni 26. nóvember 1981, birtri 3. og 4. desember 1981, á hendur sýslumanni Árnessýslu, Hörðuvöllum, Selfossi, sem þinglýsingadómara og hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps. Var málið þingfest 16. desember 1981.

Með dómi, uppkveðnum 19. apríl sl., var kröfum sóknaraðilja á hendur sýslumanni Árnessýslu sem þinglýsingadómari vísað frá dómi. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 3. júní sl., var frávísunardómurinn staðfestur að niðurstöðu til.

Með stefnu, útgefinni 13. september sl., birtri og þingfestri 14. s.m., stefndi varnaraðili fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til réttargæslu í máli þessu.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að varnaraðilja verði gert að þola viðurkenningardóm á því, að réttur sóknaraðilja samkvæmt afsali á eigninni Eyjaseli 4, Stokkseyri, útgefnu 29. nóvember 1979 og þinglýstu 30. nóvember 1979, gangi framar rétti varnaraðilja samkvæmt tveimur löghöldum gerðum í eigninni Eyjaseli 4 þann 14. febrúar 1979, annað til tryggingar fjárhæð kr. 15.743.78, hitt til tryggingar fjárhæð kr. 8.254.60 og sem færð voru til þinglesturs þann 20. febrúar 1979.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt mati réttarins.

Á hendur réttargæslustefnda eru ekki gerðar sérstakar kröfur í máli þessu. Réttargæslustefndi hefur sótt þing, en ekki gert neinar kröfur.

Í stefnu segir, að mál þetta sé höfðað fyrir „dómþingi Árnessýslu," en því var stefnt inn á reglulegt bæjarþing á Selfossi, þar sem mætt var af

hálfu varnaraðilja. Hafa aðiljar síðar lýst því yfir, að þeir telji, að málið sé réttilega rekið fyrir bæjarþingi Selfoss.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að seinni hluta árs 1978 kemur til tals á milli sóknaraðilja og Jóhannesar Reynissonar, sonar þeirra, að þau kaupi af honum eign hans Eyjasel 4, Stokkseyri. Frá kaupum var gengið árið 1979, og var kaupverð gkr. 20.000.000. Formlegur kaupsamningur var ekki gerður. Þann 14. febrúar 1979 gerði varnaraðili tvö löghöld og eitt lögtak í framangreindri eign til tryggingar eftirfarandi fjárhæðum: kr. 15.743.78, kr. 8.254.60 og kr. 4.136.00, og var síðastgreinda fjárhæðin lögtak vegna vangoldinna opinberra gjalda.

Löghöldin voru afhent til þinglýsingar 20. febrúar 1979 og sögð færð í þinglýsingabók 14. mars s.á., en lögtakið var afhent til þinglýsingar 23. mars 1979 og sagt fært inn í þinglýsingabók 25. apríl 1979. Loks gerði hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps löghald í Eyjaseli 4 þann 4. maí 1979 til tryggingar kröfu að fjárhæð kr. 26.801.00. Löghald þetta var afhent til þinglýsingar 12. maí 1979 og sagt fært í þinglýsingabók 22. maí 1979.

Í nóvember 1979 gaf Jóhannes Reynisson út afsal á eignina Eyjasel 4 til handa sóknaraðiljum máls þessa og vegna afsalsgerðarinnar fékk hann veðbókarvottorð hjá sýslumannsembættinu á Selfossi, og er það gefið út 22. nóvember 1979. Var afsalið útbúið samkvæmt því vottorði hvað áhvílandi kvaðir varðar. Þann 30. nóvember 1979 var afsalið afhent til þinglýsingar og því síðan þinglýst án nokkurra athugasemda um efni þess, áhvílandi veðskuldir eða takmarkanir á rétti.

Um sumarið 1980 ákveða sóknaraðiljar að selja Eyjasel 4, og í júní eða júlí það ár var fengið nýtt veðbókarvottorð fyrir eignina. Var verulegt misræmi á milli veðbókarvottorðsins frá 22. nóvember 1979 og samkvæmt þinglýstu afsali annars vegar og nýrri veðbókarvottorða hvað varðar kvaðir á eigninni Eyjaseli 4. Samkvæmt veðbókarvottorðinu frá 22. nóvember 1979 og afsalinu, sem þinglýst var án athugasemdar, var af hálfu varnaraðilja aðeins þinglýst einu löghaldi frá 4. maí 1979 til tryggingar kröfu að fjárhæð kr. 26.810.00 og einu lögtaki frá 14. febrúar 1979 fyrir kröfu að fjárhæð kr. 4.136.00. Lögtakinu frá 14. febrúar 1979 var aflýst 11. mars 1980. Á nýrra veðbókarvottorði voru, auk framangreinds löghalds, einnig áður umrædd tvö löghöld frá 14. febrúar 1979, annað til tryggingar kröfu að fjárhæð kr. 15.743.78 og hitt til tryggingar kröfu að fjárhæð kr. 8.254.60.

Er löghöldin frá 14. febrúar 1979 voru gerð, mætti í réttinum af hálfu gerðarþola, Jóhannesar Reynissonar, þáverandi eiginkona hans, Sigríður Ólafsdóttir.

Sóknaraðiljar, Reynir Ásmundsson og Elísabet Brynjólfsdóttir, hafa

komið fyrir dóm. Þá hafa vitnin Jóhannes Reynisson, Sigríður Ólafsdóttir og Helgi Ólafsson fasteignasali komið fyrir dóm.

Sóknaraðili Reynir Ásmundsson sagði, að kaupverð eignarinnar Eyjasels 4 hafi verið 20.000.000 gkr., en hann sagðist ekki muna, hvenær kaupverðið var ákveðið. Sagði hann, að ekki hafi verið gengið frá formlegum kaupsamningi, heldur hafi samkomulagið verið „okkar á milli." Sagðist hann ekki geta gert grein fyrir greiðsluskilmálum. Sagðist Reynir fyrst hafa frétt af löghöldunum frá 14. febrúar 1979, er Helgi Ólafsson fasteignasali hafi sagt honum frá þeim eftir að hafa fengið nýtt veðbókarvottorð fyrir eignina. Sagðist hann ekki hafa haft grun um löghöldin. Reynir kvaðst hafa vitað um málaferli varnaraðilja gagnvart Jóhannesi. Þá kom fram hjá honum, að hann hafi fyrst frétt af lögtakinu, er hann sá veðbókarvottorðið. Hann sagðist ekki hafa spurt um, hvort til staðar væru aðrar skuldir. Reynir sagðist hafa orðið fyrir beinu fjárhagstjóni vegna tilvistar löghaldanna, en hann gæti ekki gert sér grein fyrir, hversu miklu.

Sóknaraðili Elísabet Brynjólfsdóttir sagðist fyrst hafa frétt af umdeildum löghöldum, þegar þau hafi ætlað að endurselja húsið. Ekki kvaðst hún muna, hvort Jóhannes hafi verið spurður um, hvort fleira hvíldi á húsinu. Hún vissi um málaferli varnaraðilja á hendur Jóhannesi.

Vitnið Sigríður Ólafsdóttir sagðist hafa skýrt Jóhannesi frá löghöldunum og lögtakinu, strax og hann kom heim. Hún sagði, að ekki hafi verið rætt um löghöldin, þegar afsal var gefið út, og að hún hafi ekki sagt sóknaraðiljum frá þeim og að hún vissi ekki til að þeim væri kunnugt um þau.

Vitnið Jóhannes Reynisson skýrði á sama hátt og Reynir frá aðdraganda kaupanna, kaupverði og uppgjöri. Hann vissi um tilvist löghaldanna, en sagðist hafa haldið, að þeim hefði ekki verið þinglýst og að hann hafi ekki skýrt sóknaraðiljum frá tilvist þeirra. Þá sagðist hann telja, að sóknaraðiljar hafi orðið fyrir fjárhagstjóni vegna löghaldanna, en hann kvaðst ekki vita, hversu miklu.

Vitnið Helgi Ólafsson sagði, að það hefði komið sóknaraðiljum á óvart, þegar hann sagði þeim frá því, að löghöldin frá 14. febrúar 1979 hvíldu á eigninni, og hann taldi, að þeim hefði ekki verið kunnugt um þau. Sagðist hann hafa haft kaupanda að eigninni, en sá hafi hætt við vegna löghaldanna. Sagði vitnið, að söluverðið í febrúar 1981 hafi verið í lægri kantinum og að löghöldin hafi haft áhrif á það. Taldi hann, að eðlilegt söluverð hafi verið um kr. 250.000. Þá sagðist hann telja, að kaupverð hússins á árinu 1979 hafi verið í efri kantinum.

Sóknaraðiljar byggja kröfugerð sína aðallega á 18. gr. laga um þinglýsingar nr. 39/1978, en vísa einnig til 7. gr., 5. mgr., 15. gr., 1. mgr., og loks 19. gr. sömu laga. Telja þau öll skilyrði 18. gr. vera til staðar.

Telja sóknaraðiljar, að þar sem réttindi varnaraðilja voru ekki færð í

þinglýsingabók innan lögmælts frests og eftir að afsali til þeirra var þinglýst, þá leiði grandleysi þeirra til þess, að veðbönd þau, sem til eru komin vegna löghaldanna, verði eigi látin ganga framar réttindum þeirra. Telja sóknaraðiljar ljóst, að með núverandi ástandi sé þeim bakað óverðskuldað tjón, ef þau þurfa að hlíta því, að löghöldin gangi framar afsalinu og að slíkt leiði til verulegrar röskunar á þinglýstum réttindum þeirra. Telja sóknaraðiljar ljóst, að tjón þeirra vegna hinnar röngu þinglýsingar bitni mun verr á þeim heldur en á varnaraðilja, þar sem þau hafi takmarkaða fjármuni milli handanna, en varnaraðli velti margfalt meiri fjármunum en felist í máli þessu, og að réttindi þeirra samkvæmt afsalinu raskist verulega, ef þau þurfa að þola tilvist umdeildra réttinda varnaraðilja. Þá telja sóknaraðiljar, að þar sem löghöld varnaraðilja hafi verið færð í þinglýsingabækur með ólögmætum og jafnvel refsiverðum hætti, þá beri varnaraðila að þola mistök vegna þinglýsingarinnar, þó með bótarétti, samkvæmt 49. gr. laga um þinglýsingar.

Sóknaraðiljar telja, að mál þetta snúist fyrst og fremst um það, hvort þau séu grandlaus um tilvist hinna umdeildu réttinda. Segjast þau hafa gætt allra venjulegra varúðarráðstafana, áður en þau rituðu undir afsal að eigninni sem kaupendur. Telja þau, að eftirlitsskylda þeirra sé ekki ríkari, þótt seljandi sé sonur þeirra, og að ekkert frekar hefði komið fram, þótt þau hefðu skoðað þinglýsingablað viðkomandi eignar.

Varnaraðili byggir sýknukröfu sína á því, að skilyrðum 18. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 sé ekki fullnægt. Telur hann, að þar sem sóknaraðiljar vissu um málaferli á hendur Jóhannesi, verði að draga grandleysi þeirra í efa. Í þessu sambandi telur varnaraðili það tortryggilegt, að 1½ ár leið frá því að sóknaraðiljar segjast hafa fengið vitneskju um löghöldin og þar til málsókn þessi hófst.

Þá leggur hann áherslu á, að sóknaraðiljar viti ekki um, hversu mikið tjón þeirra er.

Álit dómsins.

Í 15. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 segir, að forgangsáhrif þinglýsingar miðist við það, er skjal er afhent til þinglýsingar. Í máli þessu er óumdeilt, að löghöldin tvö frá 14. febrúar 1979 voru fyrr afhent til þinglýsingar heldur en afsal til handa sóknaraðiljum máls þessa. Einnig er óumdeilt, að löghöldin voru færð inn í þinglýsingabók, eftir að afsali frá Jóhannesi til sóknaraðilja var þinglýst.

Í 18. gr. þinglýsingalaga er dómstólum veitt heimild til að kveða svo á, að réttur, sem síðar er þinglýst, skuli ganga framar rétti, er fyrr barst til þinglýsingar, ef mistök hafa átt sér stað varðandi þinglýsingu á síðarnefnda réttinum. Samkvæmt þessari grein geta menn ekki fulltreyst því, að þinglýst

skjöl séu réttilega færð í þinglýsingabók. Ef mistök eiga sér stað, gildir sú aðalregla, að það er skjalið sem slíkt, en ekki greining þinglýsingardómara, sem sker úr um forgangsáhrif þinglýsingar.

Þar sem því er mótmælt, að skilyrði 18. gr. þinglýsingalaga séu til staðar, verður í máli þessu byggt á því, að sóknaraðiljar sanni málsástæður sínar.

Við mat á því, hvort sóknaraðiljar hafi verið grandlaus um eldri rétt, eru eftirfarandi atriði aðallega höfð í huga: Seljandi eignarinnar Eyjasel 4 er sonur sóknaraðilja og vitnið Sigríður fyrrverandi tengdadóttir þeirra. Sóknaraðiljum var kunnugt um málaferli varnaraðilja á hendur Jóhannesi. Að sögn sóknaraðilja hafði Jóhannes ekki skýrt þeim frá fógetagerðum þeim, sem veðbókarvottorð frá 22. nóvember 1979 ber með sér, áður en það var fengið. Formlegur kaupsamningur var ekki gerður, og ekki hefur tekist að fá fram upplýsingar um innihald hans að öðru leyti en því, sem fram kemur í afsali. Vitnið Helgi Ólafsson telur, að sóknaraðiljum hafi verið ókunnugt um löghöldin, er hann sagði þeim frá þeim sumarið 1980, og vitnin Jóhannes og Sigríður segjast ekki hafa skýrt sóknaraðiljum frá löghöldunum.

Með hliðsjón af framansögðu telur dómurinn ekki ástæðu til að ætla, að sóknaraðiljar hafi vitað um löghöldin frá 14. febrúar 1979, er þau gengu frá afsali, en að fullkomin ástæða hafi verið til að spyrja seljanda um frekari kvaðir á eigninni og að þau teljast því ekki hafa verið grandlaus um tilvist hinna umdeildu löghalda í skilningi 19. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Í máli þessu er tilgangur sóknaraðilja með kaupunum á Eyjaseli 4 og ástæður þess, að þau verða að selja eignina, ekki véfengdar.

Ekki verður talið, að sóknaraðiljar þurfi að hafa orðið fyrir tjóni, til að skilyrðum A liðs 18. gr. þinglýsingalaga teljist fullnægt, heldur sé nægjanlegt, að gert sé líklegt, að þau verði fyrir óverðskulduðu tjóni.

Kaup- og söluverð eignarinnar Eyjasel 4 var í báðum tilfellum, sem mál þetta fjallar um, gkr. 20.000.000. Þar sem kaupverð, þegar sóknaraðiljar keyptu eignina, var ákveðið samkvæmt því, sem þau og Jóhannes töldu gangverð, og að ekki liggja fyrir upplýsingar um greiðsluskilmála vegna kaupa þeirra á eigninni, verður að telja ósannað þrátt fyrir framburð vitnisins Helga Ólafssonar, að sóknaraðiljar hafi orðið fyrir tjóni vegna kaupanna og sölu á eigninni, sem rekja megi til hinna umdeildu löghalda. Jafnframt er ósannað, að þau hafi enn sem komið er orðið fyrir öðru tjóni vegna löghaldanna.

Fallast má á það sjónarmið, að ef sóknaraðiljar þurfa að greiða kröfur þær, sem löghöldin eiga að tryggja, verði greiðslubyrðin þeim erfiðari heldur en hagsmunir hreppsins að fá ekki umræddar fjárhæðir.

Fram hefur komið í máli þessu, að staðfestingarmálum vegna löghald-

anna er ekki lokið og því óljóst hvort gengið verði að eigninni til að knýja fram greiðslu á þeim kröfum, sem löghöldin eiga að tryggja.

Það er álit dómsins, að sú niðurstaða að sýkna varnaraðilja af kröfum sóknaraðilja hafi, eins og atvikum er hér háttað, minnsta röskun í för með sér fyrir aðilja málsins og með því verði hugsanlegu tjóni vegna mistakanna við þinglýsingu á löghöldum haldið í lágmarki.

Ekki er fallist á, að innfærsla löghaldanna í þinglýsingabók, eftir að afsali var þinglýst, hafi verið ólögmæt.

Með hliðsjón af framansögðu er varnaraðili sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðiljum að greiða varnaraðilja málskostnað, sem ákveðst kr. 7.000.

Með úrskurði, uppkveðnum 16. desember 1981, vék þáverandi reglulegur dómari, Páll Hallgrímsson, sæti í málinu. Hinn 3. febrúar 1982 var Þorsteinn A. Jónsson, fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, skipaður setudómari í máli þessu. Hefur hann farið með málið frá þeim tíma og kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Varnaraðili, hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, er sýknuð af kröfum sóknaraðilja, Reynis Ásmundssonar og Elísabetar Brynjólfsdóttur, í máli þessu. Sóknaraðiljar greiði varnaraðilja kr. 7.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desember 1984.

Nr. 37/1984. **Aða h/f**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Hilmari Ingimundarsyni
(sjálfur)

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 22. febrúar 1984. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur, en til vara, að synjað verði um framgang umbeðins fjárnáms. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur. Hann krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nafn áfrýjanda var áður Sportval h/f, en var breytt á hluthafafundi 15. ágúst 1983.

Með áskorunarstefnu, sem stefndi gaf út 21. júní 1983, höfðaði hann mál á hendur Sportvali h/f hér í borg og Mercury h/f, einnig hér í borg, til greiðslu in solidum á skuld samkvæmt tveimur víxlum, samtals að fjárhæð 47.000.00 krónur með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af 23.500.00 krónum frá 13. maí 1983 til 17. maí s.á., en af 47.000.00 krónum frá þeim degi til greiðsludags, 188.00 krónum í banka- og stimpilkostnað auk málskostnaðar. Var mál þetta þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 30. júní 1983.

Hinn 11. júlí 1983 greiddi nafngreindur lögmaður fyrir hönd áfrýjanda á skrifstofu stefnda víxilskuld þá, sem út af var stefnt, með 56.836.00 krónum. Samkvæmt kvittun, sem starfsmaður stefnda gaf, var greiðslan sundurliðuð þannig: Höfuðstóll 47.000.00 krónur, vextir og bankakostnaður 2.538.00 krónur og málskostnaður 7.298.00 krónur. Einnig ritaði starfsmaður stefnda greiðslukvittun á afrit áskorunarstefnunnar og fékk lögmanni áfrýjanda.

Stefndi ritaði lögmanni þeim, sem innt hafði greiðsluna af hendi, bréf hinn 20. júlí 1983 þess efnis, að ekki hefði verið um fullnaðargreiðslu að ræða, því að vextir hefðu verið vanreiknaðir um 2.350.00 krónur. Óskaði stefndi, að úr þessu yrði bætt. Bréfi þessu mun ekki hafa verið svarað.

Hinn 20. október 1983 var áskorunarstefnan árituð samkvæmt lögum nr. 97/1978 um, að stefnukröfur málsins auk 7.400.00 króna í málskostnað væru aðfararhæfar að öðru leyti en því, að stimpilkostnaður skyldi reiknast 120.00 krónur, en krafa um bankakostnað var ekki tekin til greina.

Með bréfi til yfirborgarfógetans í Reykjavík 9. nóvember 1983 beiddist stefndi þess, að gert yrði fjárnám í eignum dómþolanna til tryggingar dómskuldinni „að fjárhæð kr. 47.000.00 með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 23.500.00 frá 13. maí 1983 til 17. maí s.á., en af kr. 47.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 120.00 í stimpilkostnað, kr. 7.400.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð ef til kemur, allt að frádregnum kr. 56.836.00."

Af hálfu áfrýjanda var því mótmælt, að gerðin næði fram að ganga. Byggðust mótmælin á því, að áfrýjandi hefði greitt kröfuna að fullu með áðurgreindum 56.836.00 krónum.

Fógetinn, Ólafur Sigurgeirsson aðalfulltrúi, kvað upp svohljóðandi úrskurð án forsenda um ágreiningsefnið:

„Því úrskurðast að umbeðin gerð skal ná fram að ganga.

Gerðarþoli skal greiða gerðarbeiðanda kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum."

Áfrýjandi hefur skotið úrskurði þessum til Hæstaréttar, en eigi stefnuáritun þeirri, sem stefndi skírskotar til sem fjárnámsheimildar.

Krafa stefnda um frávísun málsins frá Hæstarétti er byggð á því, að eftirstöðvar kröfu þeirrar, sem fjárnáms sé krafist fyrir, nemi ekki áfrýjunarfjárhæð, svo sem fram komi í bréfi því, sem hann ritaði áfrýjanda 20. júlí 1983. Beri því að vísa málinu frá Hæstarétti samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt.

Dómsfjárhæð samkvæmt dómsígildi því, sem stefndi skírskotar til sem fjárnámsheimildar sem og samanlagðar fjárhæðir þær, sem

hann krefst fjárnáms fyrir, nema hvor um sig meiru en áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 13. gr. laga nr. 75/1973. Verður krafa stefnda um frávísun málsins frá Hæstarétti ekki til greina tekin.

Ómerkingarkrafa áfrýjanda er byggð á því, að fógeta hafi borið að láta forsendur fylgja ályktunarorði sínu samkvæmt 3. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 28/1981.

Fógetafulltrúa þeim, sem kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð, var að vísu ekki skylt samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981, að láta forsendur fylgja ályktunarorði sínu, þar sem hvorugur aðilja krafðist þess. Hins vegar bar honum að greina skýrlega í úrskurðinum, hverjar þær fjárhæðir væru, er hann heimilaði, að gert væri fjárnám fyrir að kröfu stefnda. Var þetta enn brýnna en ella, þar sem ekki var fullt samræmi milli hinnar skriflegu fjárnámsbeiðni stefnda og bréfs hans 20. júlí 1983, sem hann lagði fram í fógetaréttinum, er ágreiningur aðilja var tekinn til úrskurðar. Af þessari ástæðu ber að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er ómerktur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 25/1983. **Noah Samuel Hardy**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Garðari G. Viborg
(Gunnar Sólnes hrl.)
og dómsmálaráðherra
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Ættleiðing. Ógilding stjórnarathafnar. Alþjóðlegur einkamálaréttur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson og Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. sama mánaðar. Hann gerir þær kröfur á hendur dómsmálaráðaherra, að ógilt verði með dómi ættleiðingarleyfi það, sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið gaf út 11. maí 1977, þar sem stefnda Garðari G. Viborg var heimilað að ættleiða drenginn Njörð Má Noahson. Á hendur Garðari G. Viborg gerir áfrýjandi þær kröfur, að honum verði gert að þola dóm til ógildingar á fyrrgreindu ættleiðingarleyfi. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum frá stefndu in solidum.

Báðir stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Stefndi Garðar fékk gjafvörn í málinu með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 14. apríl 1983.

Áfrýjandi máls þessa er kynfaðir Njarðar Más, sem fæddist 10. febrúar 1971. Hefur áfrýjandi því hagsmuni að lögum af að fá dóm um það efni, sem mál þetta snýst um.

Móðir Njarðar Más, Fanný Jónsdóttir, giftist stefnda Garðari árið 1973. Í málinu hefur verið lagt fram samnorrænt flutningsvottorð, dagsett 12. ágúst 1975, þar sem segir, að Garðar, Fanný og Njörður Már, sem eigi „fullt lögheimil" að Laugarnesvegi 108 í Reykjavík, flytjist 16. ágúst þetta ár til Svíþjóðar og verði „fullt lögheimili" þar á tilteknum stað í Lundi. Undir vottorðið ritar starfsmaður Hagstofu Íslands vegna þess ráðuneytis.

Ekki hafa verið lögð fram skjöl, er sýni, að þessi fjölskylda hafi neitt aðhafst til að telja lögheimili sitt eftir þetta hérlendis eftir 1. mgr. 10. gr. laga um lögheimili nr. 35/1960, þar sem segir: „Rétt er þeim, sem dveljast erlendis við nám, að telja lögheimili sitt í sveitarfélagi, þar sem þeir áttu lögheimili, er þeir fóru af landi brott."

Lögð hefur verið fram í málinu flutningstilkynning undirrituð 25. febrúar 1977 af Fannýju Jónsdóttur, þar sem hún tilkynnir flutning frá Lundi að Goðabyggð 3 á Akureyri 27. sama mánaðar. Segist hún flytja ein, en eiginmaður og tveir synir hennar verði eftir í Lundi. Flutningsvottorð fyrir Fannýju, sem er í samræmi við þetta, hefur einnig verið lagt fram.

Stefndi Garðar sótti um ættleiðingu til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Umsóknin er ódagsett, en samþykki konu hans er dagsett 1. mars 1977. Í umsókninni segir, að heimili umsækjanda sé Goðabyggð 3 á Akureyri og sé það einnig heimili Fannýjar móður barnsins. Í umsókninni segir m.a.: „Það skal tekið fram, að við hjónin stundum nám í Svíþjóð, en hyggjum á heimkomu strax að því loknu."

Við úrlausn máls þessa koma til athugunar lög nr. 29/1931 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Í 11. gr. samningsins segir: „Vilji ríkisborgari einhvers samningsríkjanna, sem heimilisfesti á í einhverju þeirra, ættleiða mann, sem ríkisfesti á í einhverju ríkjanna, skal sækja um leyfi til þess í því ríki, er ættleiðandi á heimilisfesti í." Í 12. gr. segir síðan, að við úrskurð umsóknar skuli beitt lögum landsins, sem sótt er um leyfi í. Svo sem ráða má af framansögðu, voru sett sérstök lög um samning þennan, og segir í 1. gr. þeirra, að ríkisstjórninni sé „heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum" að samningurinn „skuli öðlast gildi." Með hliðsjón af því, að sérstök lög voru sett um samninginn, og eftir auglýsingu nr. 85/1931 tók hann gildi 1. janúar 1932, verður að telja, að hann hafi lagagildi hérlendis. Verður að skýra 11. gr. hans svo, að eftir íslenskum rétti megi handhafar íslensks framkvæmdavalds ekki veita ættleiðingarleyfi, sem íslenskur ríkisborgari sækir um, ef hann á heimilisfesti í öðru ríki á Norðurlöndum, og sá, sem ættleiða á, er ríkisborgari í einhverju

aðildarríkja samningsins. Verður því úr því að skera, hvort Garðar G. Viborg, stefndi í máli þessu, hafi átt heimilisfesti á Íslandi eða í Svíþjóð, þegar hann sótti um ættleiðingu, en byggja ber á því, að það hafi verið í mars 1977.

Sem fyrr segir, hafði Garðar ekkert gert, svo að fram sé komið, til að telja lögheimili sitt hér á landi eftir 10. gr. laga nr. 35/1960. Verður því ekki á því ákvæði byggt. Samkvæmt hinu samnorræna flutningsvottorði, sem fyrr er að vikið, flutti hann lögheimili sitt til Svíþjóðar 1975. Um þessi vottorð og tilkynningar þær, sem þau eru byggð á, er fjallað í lögum nr. 73/1952 um tilkynningar aðsetursskipta, 6. gr., sbr. lög nr. 16/1963, 2. gr. Í greininni segir m.a.: „Fjármálaráðherra er einnig heimilt að ákveða, að hver sá, sem flytur lögheimili sitt héðan til einhvers Norðurlandanna, skuli, um leið og hann fullnægir tilkynningarskyldu ..., fá afhent vottorð um flutninginn....“ Í 2. mgr. 5. gr. laganna segir: „Hver sá, sem fer til útlanda og hættir að eiga lögheimili hér á landi, skal tilkynna það....“ Ekki er fram komið, að fjármálaráðherra hafi gefið fyrirmæli þau, sem hér er að vikið, en með auglýsingum nr. 2/1969 og 13/1969 í C deild Stjórnartíðinda var birtur Norðurlandasamningur um almannaskráningu og skýrt frá gildistöku hans. Hver sem verið hefur lagagrundvöllur þeirrar skjalagerðar, sem lýst hefur verið og varðar flutning stefnda Garðars og fjölskyldu hans til Svíþjóðar 1975, er ljóst af þessum gögnum, að stefndi Garðar tilkynnti 1975, að hann og fjölskylda hans hefðu flutt lögheimili sitt frá Íslandi til Svíþjóðar, og var opinber skráning í samræmi við það. Flutningur konu hans til Íslands 1977 breytti ekki lögheimili hans í Svíþjóð, sbr. 7. gr. laga nr. 35/1960.

Samkvæmt framansögðu bar stefnda Garðari á árinu 1977 að sækja um ættleiðingu þá, sem hér er um fjallað, í Svíþjóð, og verður, eins og fyrr segir, að telja, að íslenskt stjórnvald hafi eigi að hérlandslögum mátt veita ættleiðingarleyfið. Ber því að fella úr gildi leyfi það, sem veitt var 11. maí 1977. Áfrýjandi hefur stefnt bæði dómsmálaráðherra, sem veitti ættleiðingarleyfið í umboði forseta Íslands eftir 1. gr. laga nr. 19/1953 um ættleiðingu, er giltu 1977, og Garðari G. Viborg, sem leyfið fékk. Bindur dómur þessi báða stefndu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndu greiði in solidum máls-

kostnað til áfrýjanda, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 40.000.00 krónur í héraði og fyrir Hæstarétti. Gjafvarnarkostnaður stefnda Garðars greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Gunnars Sólnes hrl., 14.000.00 krónur.

Dómsorð:

Framangreint ættleiðingarleyfi er ógilt.

Stefndu, dómsmálaráðherra og Garðar G. Viborg, greiði in solidum áfrýjanda, Noah Samuel Hardy, 40.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Allur gjafvarnarkostnaður stefnda Garðars G. Viborg fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Gunnars Sólnes hæstaréttarlögmanns, 14.000.00 krónur.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna
Guðmundar Skaftasonar og
Magnúsar Thoroddsen

Við erum ósammála atkvæði meirihlutans.

Áfrýjandi fékk tækifæri til að tala máli sínu gagnvart því stjórnvaldi, er veitir leyfi til ættleiðinga að íslenskum lögum, áður en ættleiðingaleyfi það var veitt, sem mál þetta snýst um.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Gjafvarnarkostnaður stefnda Garðars G. Viborg greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Gunnars Sólnes hæstaréttarlögmanns, 14.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. september 1982, er höfðað með stefnu, birtri 10. og 24. september 1981, af Noah Samuel Hardy, 4 rue de Circe, 75006 París, Frakklandi, gegn dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytisins, Arnarhvoli, Reykjavík, og Garðari G. Viborg, Skarpskyttevägen 2 D, Lundi, Svíþjóð.

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytis eru þær, að ógilt verði ættleiðingarleyfi það, sem ráðuneytið gaf út 11. maí 1977, þar sem Garðari G. Viborg, f. 10. apríl 1951, nú búsettum í Svíþjóð, var heimilað að ættleiða drenginn Njörð Má, f. 10. febrúar 1971, þá skráðan son Noah Samuel Hardy.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda Garðari G. Viborg eru þær, að honum verði gert að þola dóm til ógildingar á ættleiðingarleyfi því, sem dómsmálaráðuneytið gaf út Garðari til handa 11. maí 1977.

Þá krefst stefnandi alls málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum, þ.m.t. málflutningslaun skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sættir voru reyndar, en án árangurs.

Málsatvik í stuttu máli.

Vorið 1970 kynntust í Frakklandi stefnandi máls þessa, Noah Samuel Hardy, og Fanný Jónsdóttir. Samband þeirra varði í þrjár vikur, en þá flutti Fanný til Íslands. Hinn 10. febrúar 1971 ól Fanný son, sem gefið var nafnið Njörður Már og skráður Noahson. Um faðerni drengsins er ekki deilt og fyrir liggur faðernisviðurkenning stefnanda frá 30. apríl 1975. Talsverð samskipti voru á milli stefnanda og Fannýjar fram til ársins 1973, eða þar til Fanný kynntist stefnda Garðari G. Viborg. Þau Garðar og Fanný gengu í hjónaband í desembermánuði 1973. Árið 1975 fluttu þau til Svíþjóðar ásamt drengnum Nirði Má. Snemma árs 1977 sótti svo stefndi Garðar um leyfi til dómsmálaráðuneytisins um að mega ættleiða drenginn Njörð Má. Leyfi til ættleiðingar var honum veitt 11. maí 1977 þrátt fyrir mótmæli stefnanda. Mál þetta er höfðað til ógildingar á þessu leyfi.

Fyrri úrskurðir og dómar varðandi málsefnið.

Með úrskurði, uppkveðnum 26. febrúar 1982, var krafa stefnda dómsmálaráðherra þess efnis, að stefnanda yrði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu, a.m.k. að fjárhæð kr. 50.000.00, ekki tekin til greina.

Málsástæður og lagarök.

Krafa stefnanda um ógildingu ættleiðingarleyfisins er aðallega byggð á því, að leyfisins hafi verið aflað fyrir röngu stjórnvaldi. Samkvæmt 11. gr. laga nr. 29/1931 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Noregs, Finnlands og Svíþjóðar um hjúskap, ættleiðingu og lögráð skuli leita leyfis til ættleiðingar í því landi, sem ættleiðandi er heimilisfastur í. Stefndi Garðar hafi flust til Svíþjóðar ásamt eiginkonu sinni, Fannýju

Jónsdóttur, og barni hennar Nirði Má árið 1975. Hann hafi því búið í Svíþjóð í tæp tvö ár, þegar umsókn hans um leyfi til þess að mega ættleiða drenginn Njörð Má hafi borist dómsmálaráðuneytinu. Stefndi Garðar búi þar enn og ekki sé vitað, hvort og þá hvenær hann og fjölskylda hans snúi til Íslands aftur. Á umsókn Garðars hafi verið gefið upp sem heimilisfang Goðabyggð 3, Akureyri, sem verið hafi heimili fjölskyldunnar, meðan hún hafi búið á Íslandi. Hafi það greinilega verið rangt, þegar umsóknin var lögð inn til dómsmálaráðuneytisins svo og þegar leyfið sjálft var veitt.

Þar sem stefndi Garðar hafi sannanlega verið heimilisfastur í Lundi, Svíþjóð, þegar ættleiðingarleyfið var veitt, hafi ráðuneytið farið út fyrir valdsvið sitt með leyfisveitingunni. Því beri samkvæmt hljóðan 11. gr. laga nr. 29/1931 að ógilda umrætt leyfi. Með lögum nr. 29/1931 hafi Norðurlandasamningurinn um hjúskap, ættleiðingu og lögráð öðlast lagagildi hér á landi. Ákvæði fyrrgreindrar 11. gr. sé óundanþægt og meðan þau Garðar og Fanný séu búsett í Svíþjóð, verði Garðar samkvæmt nefndri grein að sækja um ættleiðingu á Nirði Má fyrir sænskum stjórnvöldum.

Eftirfarandi atriði kveður stefnandi ennfremur vera til stuðnings kröfum sínum: Í fyrsta lagi, að á umsókn Garðars hafi verið tekið fram, að þau hjón stundi nám í Svíþjóð, en hyggi á heimkomu strax að því loknu. Þar sem slíkt hafi verið tekið fram, hafi ráðuneytinu borið að kanna, hvernig búsetu þeirra hjóna hafi verið háttað, þótt gefið væri upp heimilisfang á Akureyri. Dómsmálaráðuneytið hafi ekki gætt þessarar ströngu rannsóknarskyldu sinnar. Í öðru lagi, að hagræðing stefnda Garðars á heimilisfangi sínu hafi augljóslega verið gerð til þess að blekkja dómsmálaráðuneytið. Ljóst sé, að þar sem reglum um ættleiðingu barna í Svíþjóð sé á annan veg háttað en hérlendis, þá hafi það verið eina von stefnda Garðars og konu hans, að ættleiðingarleyfið yrði veitt á Íslandi. Í þriðja lagi bendir stefnandi á það, að drengurinn Njörður Már hafi verið skráður Garðarsson við komu fjölskyldunnar til Svíþjóðar árið 1975. Þetta hafi augljóslega verið gert í þeim tilgangi að standa betur að vígi gagnvart félagslegri aðstoð í Svíþjóð, en ef drengurinn væri skráður Noahson. Skráning þessi sé ámælisverð. Loks megi benda á þær aðferðir, sem stefndi Garðar og kona hans hafi beitt stefnanda, þegar hann sótti um umgengnisrétt við barn sitt fyrir sænskum dómstólum, svo sem lög þar heimili. Þá hafi þau Garðar og Fanný brugðist við á þann veg, að Fanný hafi tilkynnt sig flutta til Íslands og farið þangað 27. febrúar 1977. Þar hafi hún síðan lagt inn ættleiðingarumsókn fyrir eiginmann sinn. Tilkynning Fannýjar um flutning til Íslands og ferð hennar hafi haft þann eina tilgang að koma í veg fyrir, að dómstólar í Svíþjóð gætu fjallað um beiðni stefnanda um umgengnisrétt við barn sitt. Fanný hafi svo flutt aftur til Svíþjóðar, þegar ættleiðingin var fengin. Því verði ekki annað séð en að hvatinn á bak við ættleiðinguna hafi verið sá

að koma í veg fyrir, að stefnandi gæti haldið sambandi við barn sitt. Gróflega hafi því verið gengið á rétt þeirra beggja, barnsins Njarðar Más og stefnanda.

Sýknukrafa stefnda dómsmálaráðherra er studd þeim rökum, að enginn vafi leiki á því, að íslensk stjórnvöld fari með vald í málefnum íslenskra ríkisborgara að því marki sem um löglegar valdheimildir sé að ræða. Skýr lagafyrirmæli þurfi til að koma til þess, að talið verði, að almennu úrskurðarvaldi íslenskra stjórnvalda verði ekki beitt gagnvart íslenskum ríkisborgurum. Dómsmálaráðherra fari með ættleiðingarvald skv. 1.mgr. 1. gr. laga nr. 19/1953, sem í gildi voru, þegar umrætt ættleiðingarleyfi var gefið út. Þeir, sem undir það vald séu settir, séu fyrst og fremst íslenskir ríkisborgarar. Valdinu verði því beitt að uppfylltum almennum skilyrðum laganna til að leyfa íslenskum ríkisborgara að ættleiða barn með íslenskan ríkisborgararétt. Í lögunum hafi hvergi verið að finna neitt skilyrði um búsetu eða heimilisfesti ættleiðanda.

Af hálfu stefnda dómsmálaráðherra er því mótmælt, að í 11. gr. fyrrgreinds samnings milli Norðurlanda felist undantekning frá framangreindri meginreglu, af eftirgreindum ástæðum:

Í fyrsta lagi hafi umræddur samningur milli Norðurlanda ekki lagagildi á Íslandi, þar sem Alþingi hafi átt þá aðild eina að gerð samningsins að heimila ríkisstjórninni með lögum nr. 29/1931 að ákveða með auglýsingu, að samningurinn skyldi öðlast gildi. Í þessu felist aðeins, að ríkisstjórninni hafi verið heimilað að gera samninginn gildan að þjóðarétti, þ.e. að skuldbinda íslenska ríkið gagnvart samningsríkjunum.

Í öðru lagi, að jafnvel þótt samningurinn verði talinn hafa gildi á Íslandi sem sett lög væru, verði ekki með nokkru móti lagður sá skilningur í 11. gr. hans, sem stefnandi vilji vera láta, þ.e. að ákvæðið hafi staðið því í vegi, að stefndi dómsmálaráðherra hefði vald til útgáfu ættleiðingarleyfis þess, sem um er deilt.

Þegar skoðuð séu einstök ákvæði umræddra samnings milli Norðurlandanna, verði að hafa í huga, að tilgangur hans hafi ekki verið sá að draga úr skyldu einstakra ríkja til að veita málefnum ríkisborgara sinna þá úrlausn, sem þeir hafi átt rétt á lögum samkvæmt. Og tilgangurinn hafi heldur ekki verið sá að takmarka valdheimildir einstakra ríkja gagnvart sínum eigin ríkisborgurum. Tilgangur samningsins sé sá einn að mæla fyrir um réttindi ríkisborgara einstakra samningsríkja í öðrum samningsríkjum, sem ekki hefði verið fyrir hendi án samningsins.

Þá er því ennfremur haldið fram af hálfu stefnda dómsmálaráðherra, að hugtakið „heimilisfesti" eigi ekki við um dvöl meðstefnda Garðars G. Viborg í Svíþjóð. Meðstefndi hafi dvalið í Svíþjóð vegna sálfræðináms síns og ávallt hafi komið fram, að ætlun hans og fjölskyldu sé sú að snúa aftur

heim til Íslands að náminu loknu. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili sé þeim, sem dvelja erlendis við nám, rétt að telja lögheimili sitt á Íslandi. Með hliðsjón af þessu svo og yfirlýsingu meðstefnda í ættleiðingarumsókninni hafi stefnda dómsmálaráðherra verið rétt að líta svo á, að í skilningi 11. gr. samningsins mætti telja umsækjandann eiga heimilisfesti á Íslandi.

Þær málsástæður, sem nú hafa verið greindar, telur stefndi, að leiði hver og ein til sýknu hans af kröfu stefnanda.

Í greinargerð stefnda Garðars er sýknukrafa hans byggð á því, að hann og drengurinn Njörður Már séu íslenskir ríkisborgarar með lögheimili að Goðabyggð 3, Akureyri, sbr. 10. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili. Af þeim sökum lúti þeir íslenskri lögsögu hvað varði ættleiðinguna.

Þá sé og rétt að geta þess, að við veitingu ættleiðingarleyfisins hafi ákvæðum laga nr. 19/1953 um ættleiðingu verið fylgt út í ystu æsar.

Loks bendir stefndi Garðar á, að svonefnt samnorrænt flutningsvottorð hafi ekki verið til staðar, þegar lög nr. 29/1931, sem stefnandi vitnar til, hafi verið samþykkt. Allt aðrar reglur gildi nú um heimilisfesti íslenskra námsmanna erlendis en á þeim tíma.

Að öðru leyti hefur stefndi Garðar tekið undir málsástæður meðstefnda dómsmálaráðherra til stuðnings kröfu sinni.

Niðurstaða.

Með lögum nr. 29 frá 8. september 1931 samþykkti Alþingi, að fullgiltur yrði samningur sá, sem undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Samþykki Alþingis til fullgildingar á samningi þessum, sem birtur var sem fylgiskjal með heimildarlögunum, felur það ekki í sér, að hann hafi öðlast lagagildi hér á landi. Samningurinn er hins vegar skuldbindandi fyrir íslenska ríkið að þjóðarétti.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1953 um ættleiðingu, sem í gildi voru, þegar umdeilt ættleiðingarleyfi var veitt, er dómsmálaráðherra í umboði forseta Íslands veitt vald til þess að veita ættleiðingarleyfi hér á landi. Í þessum lögum er ekki að finna neitt skilyrði um búsetu eða heimilisfesti ættleiðanda né heldur þess, sem ættleiddur er.

Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að 11. gr. ofangreinds samnings milli Norðurlandanna þrengi heimild dómsmálaráðherra til úgáfu ættleiðingarleyfis, þegar í hlut eiga íslenskir ríkisborgarar. Stefndi Garðar og drengurinn Njörður Már eru báðir íslenskir ríkisborgarar. Því er það álit dómararns, að stefndi dómsmálaráðherra hafi ekki farið út fyrir valdsvið

sitt við veitingu ættleiðingarleyfis 11. maí 1977 til handa meðstefnda Garðari G. Viborg.

Af þessum sökum ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Þórhildur Líndal, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytisins og Garðar G. Viborg, skulu vera sýknaðir af kröfu stefnanda, Noah Samuel Hardy, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 254/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Hirti Óskarssyni

Ómerking. Heimvísun. 183. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu hefur af hálfu ákæruvalds verið skotið til Hæstaréttar til ómerkingar með áfrýjunarstefnu 27. júní sl.

Í ákæruskjali, sem rakið er í héraðsdómi, er ákærða gefið að sök, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiða í tvö skipti, 29. október og 30. desember 1983. Héraðsdómari hefur einungis dæmt um fyrra tilvikið, en víkur ekki að hinu síðara. Vegna þessa galla á málsmeðferðinni verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Mál þetta er dæmt í Hæstarétti samkvæmt 183. gr. laga nr. 74/1974, án þess að málflutningur hafi farið fram.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar í héraði að nýju.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. febrúar 1984.

Ár 1984, föstudaginn 10. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 56/1984: Ákæruvaldið gegn Hirti Óskarssyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. janúar 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Hirti Óskarssyni, verkamanni, Skálagerði 7, Reykjavík, fæddum 2. október 1961 þar í borg, fyrir að aka, tvisvar sinnum á árinu 1983, undir áhrifum áfengis, eftirgreindum bifreiðum í Reykjavík, svo sem rakið verður:

1. Laugardaginn 29. október, bifreiðinni R-25536 frá veitingahúsinu Klúbbnum, Borgatúni 32, að Langholtsvegi 111, en þar hafði lögreglan afskipti af honum, að loknum akstri.

2. Föstudaginn 30. desember, bifreiðinni R-38945 frá sama veitingahúsi áleiðis að Stórholti 29, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Kringlumýrarbraut.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

— — —

Málavextir.

Laugardaginn 29. október 1983, klukkan 4:30, veittu lögreglumenn athygli bifreiðinni R-25536, þar sem hún var við hús nr. 111 við Langholtsveg. Bifreiðin var kyrrstæð og vél hennar í gangi. Áfengisþef lagði frá ákærða, sem var í bifreiðinni. Hann kvaðst hafa drukkið úr einu glasi af brennivíni fyrir akstur. Farið var með hann á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, þar sem honum var tekið blóð klukkan 04:59.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt sinn farið á veitingahúsið Klúbbinn. Þar drakk hann vín, en taldi sig ekki finna til áfengisáhrifa. Hann var á leið heim til sín, þegar lögreglan hafði afskipti af honum.

Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á blóðsýni því, er ákærða var tekið, reyndist magn alkóhóls í því vera 0.89‰.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali og þar er rétt heimfært til refsiákvæða.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 15.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 18 daga í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuleyfi. Þar sem um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, ber að svipta hann ökuleyfi ævilangt frá 10. janúar 1984 að telja, en þann dag var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabrigða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörtur Óskarsson, greiði 15.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 18 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 10. janúar 1984.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 87/1984. **Yngvi R. Loftsson og Hrefna Jakobsdóttir** (Haraldur Blöndal hrl.) gegn **Útgerðarfélagi Akureyringa h/f** (Gunnar Sólnes hrl.) **og Elíasi Elíassyni, skiptaráðanda á Akureyri, f.h. þrotabús Hafnarbúðarinnar h/f** (Enginn)

Fjárnámsgerð. 20. gr. laga nr. 20/1923.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 13. apríl 1984. Þeir krefjast þess, „að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda Útgerðarfélag Akureyringa h/f verði dæmt til að að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti."

Stefndi Útgerðarfélag Akureyringa h/f krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Af hálfu stefnda Elíasar Elíassonar, skiptaráðanda á Akureyri, f.h. þrotabús Hafnarbúðarinnar h/f, hefur ekki verið sótt þing fyrir Hæstarétti og engar kröfur gerðar.

Með stefnu, dags. 17. maí 1983 höfðaði stefndi Útgerðarfélag Akureyringa h/f mál á hendur Yngva R. Loftssyni f.h. Hafnarbúðarinnar h/f á Akureyri til greiðslu skuldar að fjárhæð 11.390.00 krónur með 4.5% mánaðarvöxtum frá 15. febrúar 1982 til 21. apríl s.á. með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar. Málið var rekið sem áskorunarmál samkvæmt lögum nr. 97/1978. Voru stefnukröfurnar, þar á meðal 4.070.00 krónur í málskostnað, gerðar aðfararhæfar með áritun á stefnuna 26. maí 1983.

Með bréfi 7. júlí 1983 til bæjarfógetans á Akureyri krafðist Árni Pálsson héraðsdómslögmaður þess, að gert yrði fjárnám hjá Hafnarbúðinni h/f til tryggingar dómskuldinni ásamt kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi.

Oddur Ólason, fulltrúi bæjarfógeta, tók fjárnámsbeiðnina fyrir í fógetarétti Akureyrar 19. júlí 1983 í skrifstofu bæjarfógetaembættisins í Hafnarstræti 107. Er skráð í fógetabók:

„Gerðarþoli er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Guðmundur Stefánsson, verslunarstjóri, sem starfar hér.

Áminntur um sannsögli kveðst mætti ekki geta greitt. Gætt er leiðbeiningarskyldu.

Mætti samþykkir fyrirtekt gerðarinnar hér.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, fasteigninni að Grænumýri 20, eign Yngva R. Loftssonar. Fallið er frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið."

Dómsígildinu 26. maí 1983 er ekki áfrýjað til Hæstaréttar, heldur framangreindri fjárnámsgerð.

Hafnarbúðin h/f var tekin til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaráðanda 16. mars 1984.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný gögn, og vitnamál var háð á bæjarþingi Akureyrar 28. nóvember sl. vegna hæstaréttarmáls þessa. Gáfu þá skýrslur annar áfrýjenda málsins Yngvi R. Loftsson, svo og Guðmundur Stefánsson, sá er mætt hafði við fjárnámsgerðina, en hann var hluthafi og stjórnarmaður í Hafnarbúðinni h/f

Áfrýjendur, sem eru í hjúskap, reisa kröfur sínar um, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi á því, að húseignin Grænamýri 20 sé eign þeirra samkvæmt eignarheimild þinglýstri á nafn áfrýjandans Yngva. Hafi ekki mátt gera fjárnám í henni til fullnustu dómi á hendur Hafnarbúðinni h/f, svo sem gert var. Er því mótmælt, að Guðmundur Stefánsson hafi vísað á eign þessa til fjárnáms með samþykki og að beiðni áfrýjandans Yngva, svo sem haldið er fram af hálfu stefnda Útgerðarfélags Akureyringa h/f.

Umboðsmaður stefnda hér fyrir dómi hefur staðhæft, að nokkru áður en hin áfrýjaða fjárnámsgerð fór fram, hafi áfrýjandinn Yngvi R. Loftsson beðið um, að fjárnámið yrði gert í Grænumýri 20, þar sem ekki hafi verið um aðrar eignir Hafnarbúðarinnar h/f að ræða en vörubirgðir hennar og ef fjárnám hefði verið gert í þeim, hefði það haft í för með sér lokun verslunarinnar.

Áfrýjandinn Yngvi var stjórnarformaður og aðalhluthafi í Hafnarbúðinni h/f. Hann hefur viðurkennt, að fasteignin Grænamýri 20 hafi verið notuð til tryggingar skuldum Hafnarbúðarinnar h/f í vissum tilvikum fyrri hluta ársins 1983. Að því hafa verið leiddar líkur, m.a. með skýrslu Guðmundar Stefánssonar í áðurgreindu vitnamáli, að á þeim tíma, er fjárnámið var gert, hafi Hafnarbúðin h/f ekki átt eignir, sem unnt hafi verið að vísa á til fjárnáms, aðrar en vörubirgðir verslunarinnar, svo sem stefndi hefur staðhæft. Það er og fram komið, að eftir að hið áfrýjaða fjárnám var gert, eða hinn 19. október 1983, veitti stefndi Útgerðarfélag Akureyringa h/f

áfrýjandanum Yngva leyfi að beiðni hans til að setja húseignina Grænumýri 20 að veði fyrir láni frá Stofnlánasjóði matvörukaupmanna með veðrétti, er gengi fyrir fjárnámi stefnda. Gerði Yngvi þá engan fyrirvara um, að hann teldi sig óbundinn af fjárnáminu, en lét þinglýsa veðleyfinu 21. október 1983.

Í skýrslu þeirri, er Guðmundur Stefánsson gaf í áðurgreindu vitnamáli, synjaði hann að vísu fyrir, að hann hefði mætt við fjárnámið að beiðni áfrýjandans Yngva eða hann beðið sig að benda á Grænumýri 20 til fjárnáms, og er þetta ekki sannað gegn andmælum áfrýjanda. Athafnir áfrýjandans Yngva, þær sem að framan eru greindar, verður þó að telja fela í sér slíka viðurkenningu hans á því, að fjárnámið hafi mátt gera í margnefndri eign hans, Grænumýri 20, að hann geti ekki fengið því hrundið með áfrýjun, eftir að eignir Hafnarbúðarinnar h/f höfðu verið teknar til gjaldþrotaskipta að löngu liðnum hinum almenna áfrýjunarfresti.

Kröfugerð áfrýjenda er enn fremur studd þeim rökum, að Grænamýri 20 hafi verið „hjúskapareign áfrýjenda." Geti stefndi því engan rétt byggt á fjárnáminu í Grænumýri 20, þar sem samþykkis áfrýjandans Hrefnu hafi ekki verið leitað, svo sem nauðsynlegt hefði verið vegna ákvæða 20. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. En þegar af þeirri ástæðu, að ætla verður af gögnum máls og málflutningi, að Grænamýri 20 hafi verið hjúskapareign áfrýjandans Yngva og hvorki hafi fjölskyldan búið á eigninni né heldur geti eignin talist hafa verið notuð til atvinnurekstrar beggja hjónanna eða áfrýjandans Hrefnu, þótt hún væri leigð út, sbr. áðurnefnda 20. gr., verður fjárnáminu ekki hrundið af þessari ástæðu.

Samkvæmt þessu verður hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfest.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 88/1984. **Yngvi R. Loftsson og**
Hrefna Jakobsdóttir
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Sanitas h/f
(Gunnar Sólnes hrl.)
og Elíasi Elíassyni, skiptaráðanda
á Akureyri, f.h. þrotabús
Hafnarbúðarinnar h/f
(Enginn)

Fjárnámsgerð. 20. gr. laga nr. 20/1923.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 17. apríl 1984. Þeir krefjast þess, „að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda Sanitas h/f verði dæmt til að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti."

Stefndi Sanitas h/f krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Af hálfu stefnda Elíasar Elíassonar, skiptaráðanda á Akureyri, f.h. þrotabús Hafnarbúðarinar h/f hefur ekki verið sótt þing fyrir Hæstarétti og engar kröfur gerðar.

Með stefnu, dags. 17. maí 1983, höfðaði Sana h/f á Akureyri, eins og segir í stefnunni, mál á hendur Yngva R. Loftssyni f.h. Hafnarbúðarinnar h/f á Akureyri til greiðslu fimm víxla, samtals að fjárhæð 130.021.18 krónur með 4% mánaðarvöxtum af 29.435.00 krónum frá 1. október 1982 til 1. nóvember s.á., en með 5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 10. mars 1983, af 51.002.08 krónum frá þeim degi til 22. mars s.á., af 77.341.78 krónum frá þeim degi til 30. mars s.á., af 103.681.48 krónum frá þeim degi til 15. apríl 1983, en af 130.021.18 krónum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar. Málið var rekið sem áskor-

unarmál samkvæmt lögum nr. 97/1978. Voru stefnukröfurnar, þar á meðal 17.940.00 krónur í málskostnað, gerðar aðfararhæfar með áritun á stefnuna 26. maí 1983.

Með bréfi 6. júlí 1983 til bæjarfógetans á Akureyri krafðist Árni Pálsson héraðsdómslögmaður þess, að gert yrði fjárnám hjá Hafnarbúðinni h/f til tryggingar dómskuldinni ásamt kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi.

Oddur Ólason, fulltrúi bæjarfógeta, tók fjárnámsbeiðnina fyrir í fógetarétti Akureyrar 19. júlí 1983 í skrifstofu bæjarfógetaembættisins í Hafnarstræti 107. Er skráð í fógetabók, að fyrir sé tekið málið nr. 335/1983: Sana h/f gegn Hafnarbúðinni h/f og Yngva R. Loftssyni. Er þó ljóst af hinni aðfararhæfu áskorunarstefnu og fjárnámsbeiðninni, að gerðin átti að beinast að Hafnarbúðinni h/f einni, þar sem Yngva R. Loftssyni hafði aðeins verið stefnt með áskorunarstefnunni sem fyrirsvarsmanni félagsins. Er því eigi heldur haldið fram í málinu, að fjárnámsgerðinni hafi verið ætlað að beinast að honum persónulega sem dómþola, er ábyrgð bæri á dómsskuldinni.

Þá segir í hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð:

„...Gerðarþoli starfar hér í bæ og er mættur fyrir hann Guðmundur Stefánsson, verslunarstjóri, sem starfar þar.

Áminntur um sannsögli kveðst mætti ekki geta greitt, en samþykkir fyrirtekt gerðarinnar hér. Gætt er leiðbeiningarskyldu.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, fasteigninni Grænumýri 20, eign Yngva R. Loftssonar. Fallið er frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið."

Dómsígildinu 26. maí 1983 er ekki áfrýjað til Hæstaréttar, heldur aðeins framangreindri fjárnámsgerð.

Hafnarbúðin h/f var tekin til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaráðanda 16. mars 1984.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný gögn, og vitnamál var háð á bæjarþingi Akureyrar 28. nóvember sl. vegna hæstaréttarmáls þessa. Gáfu þá skýrslur annar áfrýjenda málsins, Yngvi R. Loftsson, svo og Guðmundur Stefánsson, sá er mætt hafði við fjárnáms-

gerðina, en hann var hluthafi og stjórnarmaður í Hafnarbúðinni h/f.

Fyrir Hæstarétti er komið fram, að samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár voru hlutafélögin Sanitas h/f í Reykjavík og Sana h/f á Akureyri sameinuð í eitt félag, Sanitas h/f, frá 1. janúar 1979 að telja. Með sömu tilkynningu var beiðst skráningar á útibúi Sanitas h/f á Akureyri með nafninu: Sanitas h/f — Sanaverksmiðjan. Þá hefur og verið lagt fyrir Hæstarétt vottorð, dags. 4. þ.m., um að skráð sé í hlutafélagaskrá hlutafélagið Sanitas h/f með útibú á Akureyri og sé dagsetning samþykkta þess 18. desember 1982. Verður, eins og málið liggur fyrir Hæstarétti, við það að miða, að áfrýjunin hafi beinst að Sanitas h/f vegna útibús síns Sanaverksmiðjunnar á Akureyri, en ekki vegna Sana h/f, eins og í áfrýjunarstefnunni segir, svo og að þessi stefndi hér fyrir dómi hafi í raun réttri verið gerðarbeiðandi fyrir fógetaréttinum og dómhafi samkvæmt áskorunarstefnunni, þó að samkvæmt þeim réttargerðum sé Sana h/f, sem ekki var lengur sjálfstætt hlutafélag, sagt vera dómhafi og gerðarbeiðandi.

Áfrýjendur, sem eru í hjúskap, reisa kröfur sínar um, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi, á því, að húseignin Grænamýri 20 sé eign þeirra samkvæmt eignarheimild þinglýstri á nafn áfrýjandans Yngva. Hafi ekki mátt gera fjárnám í henni til fullnustu dómi á hendur Hafnarbúðinni h/f, svo sem gert var. Er því mótmælt, að Guðmundur Stefánsson hafi vísað á eign þessa til fjárnáms með samþykki og að beiðni áfrýjandans Yngva, svo sem haldið er fram af hálfu stefnda Sanitas h/f f.h. Sana h/f.

Umboðsmaður stefnda hér fyrir dómi hefur staðhæft, að nokkru áður en hin áfrýjaða fjárnámsgerð fór fram, hafi áfrýjandinn Yngvi R. Loftsson beðið um, að fjárnámið yrði gert í Grænumýri 20, þar sem ekki hafa verið um aðrar eignir Hafnarbúðarinnar h/f, að ræða en vörubirgðir hennar og ef fjárnám hefði verið gert í þeim, hefði það haft í för með sér lokun verslunarinnar.

Áfrýjandinn Yngvi var stjórnarformaður og aðalhluthafi í Hafnarbúðinni h/f. Hann hefur viðurkennt, að fasteignin Grænamýri 20 hafi verið notuð til tryggingar skuldum Hafnarbúðarinnar h/f í vissum tilvikum fyrri hluta ársins 1983. Að því hafa verið leiddar líkur, m.a. með skýrslu Guðmundar Stefánssonar í áðurgreindu vitnamáli,

að á þeim tíma, er fjárnámið var gert, hafi Hafnarbúðin h/f ekki átt eignir, sem unnt hafi verið að vísa á til fjárnáms, aðrar en vörubirgðir verslunarinnar, svo sem stefndi hefur staðhæft. Það er og fram komið, að eftir að hið áfrýjaða fjárnám var gert, eða hinn 19. október 1983, veitti stefndi áfrýjandanum Yngva leyfi að beiðni hans til að setja húseignina Grænumýri 20 að veði fyrir láni frá Stofnlánasjóði matvörukaupmanna með veðrétti, er gengi fyrir fjárnámi stefnda. Gerði Yngvi þá engan fyrirvara um, að hann teldi sig óbundinn af fjárnáminu, en lét þinglýsa veðleyfinu 21. október 1983.

Í skýrslu þeirri, er Guðmundur Stefánsson gaf í áðurgreindu vitnamáli, synjaði hann að vísu fyrir, að hann hefði mætt við fjárnámið að beiðni áfrýjandans Yngva eða hann beðið sig að benda á Grænumýri 20 til fjárnáms, og er þetta ekki sannað gegn andmælum áfrýjanda. Athafnir áfrýjandans Yngva, þær sem að framan eru greindar, verður þó að telja fela í sér slíka viðurkenningu hans á því, að fjárnámið hafi mátt gera í margnefndri eign hans Grænumýri 20, að hann geti ekki fengið því hrundið með áfrýjun, eftir að eignir Hafnarbúðarinnar h/f höfðu verið teknar til gjaldþrotaskipta að löngu liðnum hinum almenna áfrýjunarfresti.

Kröfugerð áfrýjenda er enn fremur studd þeim rökum, að Grænamýri 20 hafi verið „hjúskapareign áfrýjenda." Geti stefndi því engan rétt byggt á fjárnáminu í Grænumýri 20, þar sem samþykkis áfrýjandans Hrefnu hafi ekki verið leitað, svo sem nauðsynlegt hefði verið vegna ákvæða 20. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. En þegar af þeirri ástæðu, að ætla verður af gögnum máls og málflutningi, að Grænamýri 20 hafi verið hjúskapareign áfrýjandans Yngva og hvorki hafi fjölskyldan búið á eigninni né heldur geti eignin talist hafa verið notuð til atvinnurekstrar beggja hjónanna eða áfrýjandans Hrefnu, þótt hún væri leigð út, sbr. áðurnefnda 20. gr., verður fjárnáminu ekki hrundið af þessari ástæðu.

Samkvæmt þessu verður hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfest.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 1/1984 **Stefán Hjaltason**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Magnúsi Hanssyni
(Arnmundur Backmann hrl.)

Vinnusamningur. Lögskráning. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 3. janúar 1984. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar á meðal tryggingarskrá sjómanna frá Tryggingastofnun ríkisins um lögskráða skipverja á v/b Brimnesi í febrúar til maí 1982, bréf Tryggingamiðstöðvarinnar 16. nóvember 1983 og bréf Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 2. desember 1983, ásamt ljósritum af skipshafnarskrám v/b Brimness tímabilin 25. febrúar—31. mars, 1. apríl—27. apríl og 9. maí—23. maí 1982.

Fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda, að þegar v/b Brimnes brann og sökk í september 1983, hefðu skipsskjölin farið forgörðum, þar á meðal skipsáhafnarskráin.

Krafa áfrýjanda um ómerkingu héraðsdómsins og heimvísun málsins er byggð á því, að þeirri málsástæðu stefnda, að hann hefði ekki verið lögskráður á bátinn og því ekki slysatryggður, hafi verið mótmælt við aðalflutning málsins, en hún hafi þá fyrst komið fram. Hafi héraðsdómi borið að endurupptaka málið samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og gefa áfrýjanda kost á að afla gagna til að hnekkja umræddri staðhæfingu.

Áfrýjandi beiddist ekki frests til að afla gagna um framangreint atriði, og verður ómerkingarkrafan ekki tekin til greina, eins og hér hagar til.

Gögn þau, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, veita ekki sönnur fyrir því, að stefndi hafi verið lögskráður á v/b Brimnes með þeim hætti sem lög nr. 63/1961 áskilja. Má á það fallast, að hann hafi af þeirri ástæðu mátt slíta ráðningarsamningi aðilja, án þess að beitt verði hinu sérstæða ákvæði kjarasamnings þess, sem gilti um lögskipti aðilja og áfrýjandi skírskotar til. Og þar sem enginn tölulegur ágreiningur er í málinu, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stefán Hjaltason, greiði stefnda, Magnúsi Hanssyni, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 18. nóvember 1983.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. nóvember s.l., er höfðað með stefnu, birtri 7. febrúar 1983.

Stefnandi er Magnús Hansson, nnr. 6261-7748, Stekkjarholti 9, Ólafsvík.

Stefndi er Stefán Hjaltason, nnr. 8347-0399, Faxabraut 16, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 15.370.21 ásamt 34% ársvöxtum frá 1.5. 1982 til 1.11 1982, en 42% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags (16.2. 1983), en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í vátryggingarfé m.b. Brimness, SH-257, fyrir kröfunni samkvæmt 217. gr. laga nr. 66, 1963. (Skipið fórst í september sl.). Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnandi starfaði sem 1. vélstjóri á vetrarvertíð 1982 á m.b. Brimnesi, SH-257, sem stefndi gerði út frá Ólafsvík, og gegndi stefndi jafnframt starfi skipstjóra. Skriflegur ráðningarsamningur var ekki gerður, en fram hefur verið lagt vottorð samgönguráðuneytisins um, að stefnanda hafi verið veitt undanþága sem 1. vélstjóra á m.b. Brimnesi, SH-257, tímabilið 26. febrúar til 1. júní 1982 og að undanþágan hafi verið send sýslumanninum á Patreksfirði. Að sögn stefnda hafði verið unnið við bátinn í Hafnarfirði frá miðjum janúar.

Við lok vertíðar, upp úr 20. apríl 1982 tilkynnti stefnandi stefnda, að hann vildi hætta en hélt þó áfram störfum að tilmælum stefnda, er m.b. Brimnesi var haldið til botnvörpuveiða um 10. maí. Stefndi bar, að er hann hefði bent stefnanda á, að hann þyrfti að segja upp með þriggja mánaða fyrirvara hafi hann samþykkt að vinna út uppsagnarfrestinn.

Eftir tvær veiðiferðir með botnvörpu hætti stefnandi störfum án fyrirvara og án samþykkis stefnda, sem hins vegar aðvaraði stefnanda um, að hann yrði hýrudreginn. Stefnandi bar, að hann hefði sett matsveininn inn í starf vélstjóra og skýrt stefnda frá því, en sjálfur ráðist sem matsveinn á annað fiskiskip. Stefndi bar, að eftir vikutíma hafi orðið að láta matsveininn hætta vélstjórastörfum og hefði orðið að leggja bátnum, þar til vélstjóri hefði fengist, ef ekki hefði komið til leiga á bátnum á humarvertíð um 20. maí.

Krafa stefnanda er launakrafa, sem er í samræmi við uppgjör stefnda og sætir ekki tölulegum andmælum.

Málsástæður og lagarök stefnda eru þau, að hann hafi hýrudregið stefnanda, eins og hann hafði hótað honum, þar sem hann hafi horfið fyrirvaralaust úr skiprúmi, þrátt fyrir að uppsagnarfrestur vélstjóra sé þrír mánuðir samkvæmt 13. gr. sjómannalaga nr. 67, 1963. Samkvæmt 8. mgr. 22. gr. kjarasamnings milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna hafi stefnda verið heimilt að hýrudraga stefnanda um þriggja mánaða kaup. Stefndi hafi hýrudregið stefnanda um inneign hans hjá stefnda, sem sé tæplega hálf sú upphæð, sem heimildin náði til.

Stefnandi skýrði brotthvarf úr skiprúmi án lögmælts uppsagnarfrests einkum með því, að hann hefði ekki verið lögskráður, svo og, sem hann taldi af því leiða, að hann hefði ekki notið slysatryggingar. Hann kvað ítrekað hafa verið rætt um það á vertíðinni, að skráning væri ekki „fyrir hendi." Stefndi bar, að hann hefði keypt slysatryggingu áhöfninni til handa hjá Tryggingamiðstöðinni h.f. um mánaðamót febrúar-mars.

Af hálfu stefnanda var lagt fram vottorð Hafþórs Rósmundssonar,

starfsmanns Sjómannasambands Íslands, þess efnis, að dagana 3. og 4. maí 1982 hefði hann verið í Ólafsvík í þeim erindum að athuga framkvæmd lögskráningar. Í ljós hafi komið, að lögskráning var í megnasta ólestri. Engin skráningarskýrsla fyrir árið 1982 hafi fundist hjá skráningarstjóra fyrir v/b Brimnes, SH-257, og virðist því ekki hafa verið skráð á bátinn það ár, þó að honum hafi verið haldið til veiða. Stefndi hefur greint þannig frá atbeina sínum að lögskráningu," að hann hafi „tekið nöfn og tilheyrandi á miða um borð og farið með til hreppstjóra." Af framangreindu þykja sönnur að því færðar, að stefndi hafi eigi sinnt þeirri skyldu sinni að sjá um, að skipverjar, þ. á m. stefnandi væru lögskráðir í skiprúmi m/b Brimness, SH-257, eins og mælt er fyrir um í II. kafla, sbr. 15. og 16. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 63, 1961.

Þar sem stefnandi var ekki lögskráður eða hafði a.m.k. fullgilda ástæðu til að ætla, að svo væri ekki og að hann nyti þar af leiðandi ekki þeirrar tryggingar og þess sönnunarhagræðis um réttindi sín og lögkjör, sem lögskráningu er m.a. ætlað að veita sjómönnum, lítur dómurinn svo á, að stefnanda hafi verið heimilt að yfirgefa skiprúmið án lögmælts uppsagnarfrests og að af hálfu stefnda verði því ekki beitt framangreindu ákvæði 8. mgr. 22. gr. kjarasamnings aðiljanna um „hýrudrátt."

Niðurstaða máls þessa verður samkvæmt framangreindu sú, að dómkröfur stefnanda verða að fullu teknar til greina. Málskostnaður ákveðst kr. 9.000.00.

Dóminn kvað upp Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari ásamt meðdómendunum Árna Þorsteinssyni og Ingólfi Falssyni, fyrrum skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Stefán Hjaltason, greiði stefnanda, Magnúsi Hanssyni, kr. 15.370.21 ásamt 34% ársvöxtum frá 1.5. 1982 til 1.11. 1982, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 16.2. 1983 en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Einnig greiði stefndi stefnanda málskostnað, kr. 9.000.00.

Stefnandi á sjóveðrétt í vátryggingarfé m.b. Brimness, SH-257, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

